Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

	kr.
a) fyrir mæla til og með <sup>3</sup> / <sub>4</sub> " .....	270,00
b) fyrir mæla 1"—2" .....	543,00
c) fyrir mæla stærri en 2" .....	1 090,00

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæli-sálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 159,00.

## 6. gr.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

## 7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m <sup>3</sup>	31 100,00 kr.
300— 2 000 m <sup>3</sup>	31 100,00 kr. + 33,80 kr./m <sup>3</sup>
2 000— 6 000 m <sup>3</sup>	88 600,00 kr. + 27,90 kr./m <sup>3</sup>
6 000—10 000 m <sup>3</sup>	200 000,00 kr. + 20,60 kr./m <sup>3</sup>
Yfir 10 000 m <sup>3</sup>	282 000,00 kr. + 20,00 kr./m <sup>3</sup>

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstöku mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 110,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignaskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

## 8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkraft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjaldldaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## 9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 531,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjas greiðslu þessarar áður en opnað er.

## 10. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt gr. 7 eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1774 stig. Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1. eða samsvarandi taxta, en hann er nú 0,94 kr./kWst. Óniðurgreiddur auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu bygginarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

## III. KAFLI

## 11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er

húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 344/1983 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Íðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 565

30. júní 1983

## **GJALDSKRÁ**

### **Rafmagnsveitu Reykjavíkur.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

#### **Raforkugjöld.**

A. Almennir taxtar.

- A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:
- |                     |              |
|---------------------|--------------|
| Orkugjald .....     | 2,73 kr/kWh  |
| Lágmarksgjald ..... | 983,00 kr/ár |
- A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:
- |                  |                |
|------------------|----------------|
| Fast gjald ..... | 1 970,00 kr/ár |
| Orkugjald .....  | 4,10 kr/kWh    |

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

- |                 |                   |
|-----------------|-------------------|
| Aflgjald .....  | 3 260,00 kr/kW/ár |
| Orkugjald ..... | 0,65 kr/kWh       |
- Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki Rafmagnsveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:

- |                     |                    |
|---------------------|--------------------|
| Aflgjald .....      | 5 600,00 kr/kW/ár  |
| Viðhaldsgjald ..... | 5 900,00 kr/kWh    |
| Gjald samtals ..... | 11 500,00 kr/kW/ár |

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði Rafmagnsveitunnar.

## C Hitunartaxtar.

## C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Fast gjald	2 950,00 kr/ár
Orkugjald	1,61 kr/kWh

## C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

Fast gjald	1 970,00 kr/ár
Orkugjald	0,69 kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.

## C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Fast gjald	1 970,00 kr/ár
Orkugjald	0,41 kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

## 3. gr.

**Mælaleiga.**

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnþækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

	Kr.
Orkumælir, einfasa	184,00
Orkumælir, þrífasa	734,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	1 240,00
Aflmælir	1 190,00
Aflmælir með straumspennum	1 870,00
Tvígjaldsorkumælir	1 190,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	1 870,00
Móttökuliði, einpóla	826,00
Móttökuliði, þrípóla	1 190,00

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt liðum A.1, A.2, C1, C2 og C3.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

## 4. gr.

**Heimtaugagjöld.**

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðaltaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

## 4.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld	Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A 1-fasa	kr. 15 500,00	315 A 3-fasa	kr. 84 000,00
63 A 3-fasa	kr. 16 900,00	400 A 3-fasa	kr. 107 000,00
100 A 3-fasa	kr. 26 500,00	710 A 3-fasa	kr. 191 000,00
200 A 3-fasa	kr. 53 200,00	1 200 A 3-fasa	kr. 320 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

## 4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

		Lengdargjald	
Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	kr. 3 000,00	448,00	5 670,00
63 A 3-fasa	kr. 4 230,00	448,00	6 580,00
100 A 3-fasa	kr. 4 480,00	584,00	7 560,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

### Ýmis ákvæði.

#### 5. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennnt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

#### 6. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafl í ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

#### 7. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 214,00 kr.

#### 8. gr.

Fyrir tengingu ásamt afltengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 402,00 kr.

#### 9. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 402,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

## 10. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi poli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

## 11. gr.

Söluskattur 23,50% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C-liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

## 12. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

## 13. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 3. júní 1983, með tilvísun til auglýsingar nr. 344/1983 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 443 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

- Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar samkvæmt uppsettu afli:
 

Aflgjald .....	6 180,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald .....	6 500,00 kr/kW/ár
Gjald samtals .....	12 680,00 kr/kW/ár

Auk afl og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunnar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlun bæjarins. Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

- 3,04 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.

**B. Heimlisnotkun.**

1. 3,04 kr/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

**C. Vélar.**

1. 3,04 kr/kWh, til véla.
2. 0,72 kr/kWh, og 3 610,00 kr/kW/a, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW.
3. 4,57 kr/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósna og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Fast gjald ..... 2 190,00 kr/kWh

**D. Hitun.****D 1. Órofin hitun:**

Orkugjald ..... 1,80 kr/kWh  
Fast gjald ..... 3 260,00 kr/á

**D 3. Húshitun með rofi:**

Orkugjald ..... 0,66 kr/kWh  
Fast gjald ..... 2 190,00 kr/á

Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

**D.5. Næturhiti með rofi:**

Orkugjald ..... 0,41 kr/kWh  
Fast gjald ..... 2 190,00 kr/á

Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00 - 24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:*

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
- e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
- g) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breyta henni í hitaorku.
- h) Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olúkynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða loft-hitakerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B, C eða E, eftir því sem við á.

**E. Stórnotkun.**

- Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflnotkun minnst 200 kW. 0,51 kr/kWh og 4 570,00 kr/kW/a, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

**F. Önnur notkun.**

- Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

**G. Mælaleiga.**

	kr./mán.
1. Af einfasa mælum .....	26,50
2. Af þrífasa mælum til og með 80 A .....	74,90
3. Af þrífasa mælum yfir 80 A .....	110,00
4. Af mestumælum .....	275,00
5. Móttökuliði .....	59,70
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis. Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum C3, D1, D3 og D5.	

**II. HEIMTAUGAGJÖLD.**

- Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.
- Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- Aðalheimtaug. Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarð- strengsheimtaug kr.	Einfasaheim- taug 63 A aukin í 3×6 A kr.
220 V kerfi			
63 A 1-fasa .....	17 100,00	5 180,00	
63 A 3-fasa .....	18 400,00	6 450,00	3 370,00
100 A 3-fasa .....	25 200,00	8 120,00	
200 A 3-fasa .....	43 800,00		
300 A 3-fasa .....	62 400,00		
380 V kerfi			
63 A 1-fasa .....	17 100,00	5 180,00	
63 A 3-fasa .....	18 500,00	6 450,00	6 530,00
100 A 3-fasa .....	29 300,00	14 000,00	
200 A 3-fasa .....	58 800,00		
300 A 3-fasa .....	88 300,00		
400 A 3-fasa .....	117 000,00		
600 A 3-fasa .....	176 000,00		
900 A 3-fasa .....	264 000,00		
1 200 A 3-fasa .....	353 000,00		

- Gjald fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1 200 A heimtaug í 380 V kerfi.



- 2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.
- 2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef  $3 \times 220$  V notendakerfi er breytt í  $3 \times 380/220$  V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innan húss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

### 2.10 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Lengdargjald		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
	Stofngjald kr.			
63 A 1-fasa	3 330,00		494,00	6 260,00
63 A 3-fasa	4 680,00		494,00	7 270,00
100 A 3-fasa	4 940,00		646,00	8 330,00

- 2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útí tengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.
- 2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

### 2.20 Varðandi aðalheimtaug og bráðabirgðaheimtaugar.

- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Óski húseigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 535,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 1 160,00.

## III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 448,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 448,00 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 896,00.
- 3.4 Ef launafli nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fassviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. nóvember 1982 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að  $\frac{4}{5}$  af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
- 3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í húshitunartöxtum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 334/1983 um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 444 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Akraness.

#### Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
		Daggreiðslur	Ársgreiðslur
A-LÝSING			
A.1. Með fastagjaldi	3,49	0,15	58,90/m <sup>2</sup>
A.2. Án fastagjalds	9,24		
B-HEIMILISNOTKUN OG FL.			
B.1. Heimilisnotkun	2,63	0,59	220,00/herb.
B.2. Mannvirkjagerð Akraneshöfn	5,37		
C-VÉLANOTKUN			
C.1. Með fastagjaldi	3,49	2,00	734,00
C.2. Með rofi 1½ klst. á dag	2,63		
C.3. Stórnotkun (Afltaxti)	0,87	8,42	3 080,00

Númer Gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
		Daggreiðslur	Ársgreiðslur
D-HÚSHITUN			
D.1. Án rofs .....	1,48		
D.2. Með rofi 1 1/2 klst. á dag .....	0,80		
D.3. Með rofi 2 1/2 klst. á dag .....	0,73		
D.4. Með rofi 4 1/2 klst. á dag .....	0,58		
D.5. Með rofi 14 1/2 klst. á dag .....	0,42		
D.6. Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag .....	0,54		
E-ANNAÐ			
E.1. Sérsmningar .....			
E.2. Gatna- og hafnarlýsing .....			11 300,00
E.3. Lokun og endurofnun veitu .....		451,00	
MÆLA-OG ROFALEIGA			
10 Einfasa .....		0,48	178,00
11 Einfasa með rofa .....		2,56	938,00
20 Þrífasa .....		1,89	693,00
21 Þrífasa með rofa .....		3,97	1 460,00
24 Þrífasa með 2 rofum .....		4,95	1 800,00
30 Þrífasa með aflmæli .....		3,06	1 110,00

### Ákvæði og skýringar með töflu I.

#### A. Lýsing.

- A. 1 Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfplatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

#### B. Heimili og vinnuljós.

- B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m<sup>2</sup> reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25 m<sup>2</sup> skal reikna hverja byrjaða 25 m<sup>2</sup> sem herbergi.
- B. 2 Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×332 A. og 3×50 A. 220 V.

#### C. Vélar.

- C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.
- C. 2 Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.
- C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli í 15 mín.

**D. Hitun.**

- D. 3 Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- D. 6 Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

**E. Annað.**

- E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E. 2 Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitni rafveitunefndar.
- E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunnar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnst óleyfileg eða of stór vör í veitu henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrir en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
- Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð diselólú á hverjum tíma.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
- Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
- Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
- Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

**Mæla- og rofaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA). Við fasviksjöfnun skal viðhafa radtengingu (duo-tengingu) eða samhliða-tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

**Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).**

Gjaldskrárlíður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara KVá.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.01	2×35	1×35	7	7 220,00
2.02	2×60	1×60	13	8 650,00
2.03	3×60		22	10 800,00

Gjaldskrárlíður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr.
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.04	3×100	3×60	38	14 700,00
2.05		3×100	66	21 400,00
2.06	2×200		76	23 800,00
2.07	3×350	3×200	132	37 200,00
2.08		3×350	231	61 000,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1×35 Amp.			2 670,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3×35 Amp.			5 370,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3×60 Amp.			9 180,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			344,00

**Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).**

Gjaldskrárlíður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01	150	49 600,00
3.02	300	92 900,00
3.03	500	150 000,00
3.04	600	178 000,00
3.05	800	237 000,00

### Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig:  $Y_j = (327,00 + 0,33 \times kVA)$  kr/m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana  $Y_j = (219,00 + 0,22 \times kVA)$  kr/m að viðbættum kr. 3 880,00 á hvern stólpa í umframlínu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðuð við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

### Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnin gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 445 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.  
Frá og með 3. júní 1983. er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 2,56 kr.

#### Skammstafanir:

kw = kílóvatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílóvattstund orka, d = dagur, a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

### I. KAFLI RAFMAGNSSALA.

Gjaldskrárlíður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld		
	g/kwh	kr/kwh	g/a	kr/a	
A1 (Lýsing) .....	1	2,56	30	76,80	á fermetra, skilyrt notk.
A2 .....	2	5,12			lágmark 1200 kwh/a
A3 .....	3	7,68			
B1 (Heimili) .....	1	2,56	180	461,00	á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar) .....	1	2,56	600	1 540,00	á kw, ástimpluð
C2 .....	0,3	0,77	1600	4 100,00	á árskílóvatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh	
D1 Húshitun .....	0,603	1,54			Án rofs, 2,19 til annarra nota
D2 — .....	0,336	0,86	Rof	1,5 h/d	1,23 til annarra nota
D3 — .....	0,316	0,81	Rof	2,5 h/d	1,15 til annarra nota
D4 — .....	0,257	0,66	Rof	4,5 h/d	0,94 til annarra nota
D5 — .....	0,178	0,46	Rof	14,6 h/d	0,66 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxa D1—5, samtals 42.5%.

**E. Sérákvæði um rafmagnssölu.**

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 3,04 kr/kwh.

**F. Mæla- og rofagjöld.**

		Árgjöld	Daggjöld
	g/a	kr/a	kr/d
F10 Einfasa mælir .....	300	768,00	2,10
F11 Einfasa mælir m. rofa .....	900	2 300,00	6,30
F20 Þrífasa mælir .....	600	1 540,00	4,22
F21 Þrífasa mælir m. rofa .....	1200	3 070,00	8,41
F30 Aflmælir .....	2800	7 170,00	19,60

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

*Skýringar á töxtum:*

- A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólfflatar í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1 — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.
- A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.
- A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.
- B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m<sup>2</sup> reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrymis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxa A1.
- C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað raf afl, samanlagt reiknað í heilum kw.
- C2: Mesta ársalag mælt um mestafll-mæli.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6000 kwh. á ári.
- A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
- b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

- c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvorar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í árgreiðslur.
- d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

## II. KAFLI

### Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjald- skrár- liður	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVa	Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600$ $+ 130 \times \text{kVA}$	Tengigjald kr.	
	220 V kerfi A	380 V kerfi A				Gjaldstig g
T1	$2 \times 60$	$1 \times 60$	$0,22 \times 60$	= 13	5 360	13 700,00
T2	$3 \times 60$		$0,38 \times 60$	= 22	6 570	16 800,00
T3	$3 \times 100$	$3 \times 60$	$0,38 \times 100$	= 38	8 730	22 300,00
T4		$3 \times 100$	$0,66 \times 100$	= 66	12 510	32 000,00
T5	$3 \times 200$		$0,38 \times 200$	= 76	13 860	35 500,00
T6	$3 \times 350$	$3 \times 200$	$0,66 \times 200$	= 132	21 420	54 800,00
T7		$3 \times 350$	$0,66 \times 350$	= 231	34 780	89 000,00
T8				= 300	44 100	113 000,00
T9				= 500	71 100	182 000,00
T10				= 800	111 600	286 000,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

### Önnur ákvæði:

#### a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

**Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.**

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

**Y(L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra,** að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

#### b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

#### c) Almenn:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald



gjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

### III. KAFLI

#### Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

### IV. KAFLI

#### Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reikna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með tveimur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 446 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

#### I. SMÁSALA

#### Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A.1 Heimilisnotkun.

Orkugjald .....	3,04 kr/kWh
Fastagjald .....	1 480,00

**A.2 Vinnuljósanotkun.**

Öll skammtíma notkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald .....	4,56 kr/kWh
Fastagjald .....	1 480,00 kr/a

**A.3 Utanhússlýsing.**

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald .....	2,63 kr/kWh
Fastagjald .....	1 480,00

**A.4 Sumarbústaðanotkun.**

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald .....	1,03 kr/kWh
Fastagjald .....	5 920,00

**A.5 Markmæling.**

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	16 400,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW .....	2 270,00 kW/a
Orkugjald af allri notkun .....	0,52 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu .....	3,04 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

**A.6 Almenn notkun.**

Öll almenn notkun svo sem lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	3,94 kr/kWh
Fastagjald .....	1 480,00

**B.1 Aflmæling.**

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald 12 kW .....	48 480,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW .....	4 040,00 kr/kWh/a
Orkugjald .....	1,26

**C.1 Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,77 kr/kWh
Fastagjald .....	1 480,00

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

**C.2 Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,48 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

**D.1 Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	1,03 kr/kWh
Fastagjald .....	1 480,00
Roftími er allt að $2 \times 1\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.	

**D.2 Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,64 kr/kWh
Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.	

**Lokun.**

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 563,00.

**Skilgreiningar og ýmis ákvæði.****1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

**2. Sumarbústaðanotkun.**

Orkuverð A.4 fylgir orkuverði D.1.

**3. Markmæling.**

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgurrkun eða húshitun.

**4. Aflgjaldsmæling.**

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiski-bræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og við hliðstæða notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

**5. Véla- og tækjanotkun.**

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Rafmagnsveiturnar geta krafðið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos Ø undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfínnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

**6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.**

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár,

svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur Orkubúið sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

### 7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárlíðum nema orkugjöldum til húshitunar í líðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 og tilsvareandi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

## II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsóknum gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

### 2.1. Heimtaug.

Varstærð A	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd <sup>1)</sup> kr/m
63 þriggjafasa .....	22 700,00	522,00
100 þriggjafasa .....	35 000,00	650,00
200 þriggjafasa .....	70 000,00	760,00
315 þriggjafasa .....	111 000,00	960,00
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2) .....	4 060,00	

<sup>1)</sup>Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð.

2.2. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Pegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Pegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjolsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppstept hús — er lagt Orku-

búinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðanaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1. Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 2 440,00.

3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3. Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loft-línustaur í kerfi Orkubúsins, skal greiða eins og 2.1. segir til um miðað við 63 A stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

### III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM

#### 9. Heimtaugargjald í sveitum.

9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

9.2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 13 506,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 1 127 970,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 1 127 970,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 13 506,00 krónur sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum. Framangreint grunnjald kr. 13 506,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1482 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 620 371,00 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, veiðihúsa, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2) skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 447 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **Rafveitu Sauðárkróks.**

#### **I. RAFORKA.**

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1	Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum . . . . .	kr.	3,20 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW) . . . . .	—	9 420,00 árskW
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 511,00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 42.5% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds, nema hitatöxtum vegna húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 456 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Miðneshrepps.

### I. RAFORKA.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

- A—1. Um kWh-mæli á kr. 14,50 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2. Um kWh-mæli á kr. 6,01 hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 63,50 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 21,10 á ári af hverjum fermetra.

#### B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 3,68 hverja kWh.

#### C. Vélanotkun o. fl.

- C—1. Um kWh-mæli á kr. 8,11 hverja kWh. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 000,00
- C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWh-mæli á kr. 8,11 hverja kWh.
- C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:
  - a) Um kWh-mæli á kr. 1,17 hverja kWh auk fastagjalds kr. 4 000,00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
  - b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWh-mæli á kr. 1,17 hverja kWh auk fastagjalds kr. 3 790,00 hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlíð C—3, kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.
- C—4. Um afl- og orkumæla:
  - a) Af notuðu afl mælt í stundarfjórðung kr. 4 000,00 kW á ári.
  - b) Af allri notkun kr. 1,17 hverja kWh. Samkvæmt gjaldskrárlíð þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósa kr. 63,60 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 21,10 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 34,90 á hvern fermetra á ári.

#### D. Hitun.

- D—1. Um kWh-mæli á kr. 1,51 hverja kWh án rofs.
- D—2. Um kWh-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,85 hverja kWh.
- D—3. Um afl- og orkumæla:
  - a) á kr. 0,85 hverja kWh auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 758,00 hvert kW.
  - b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWh-mæli á kr. 0,43 hverja kWh með rofi frá kl. 08.00—23.00.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.*

- a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

**E. Önnur raforkusala.**

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 4,33 hverja kWh enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWh-mæli á kr. 7,99.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 1,29 hverja kWh ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 1,07 hver kWh á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 3,33 hver kWh frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 4,28 hverja kWh.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri, þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

**II. MÆLALEIGUR.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. .... kr. 21,10 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. .... kr. 25,20 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. .... kr. 63,70 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. .... kr. 95,30 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum .... kr. 95,30 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafli kVA	Heimtaugargjald kr.
1. ....	3 × 60	22	18 300,00
2. ....	3 × 100	38	26 600,00
3. ....	3 × 200	75 sp.	52 600,00
4. ....	3 × 350	132 sp.	87 300,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa .....	kr. 4 110,00
Fyrir 60 amp. þrífasa .....	kr. 4 110,00
Fyrir 100 amp. þrífasa .....	kr. 6 100,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útvinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduroppnun kr. 520,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 520,00 fyrir enduroppnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 457 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Gerðahrepps.

### I. RAFORKA.

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

- 1.1 Um kWh-mæli á 14,50 kr. hver kWh.
- 1.2 Um kWh-mæli á 6,01 kr. hver kWh, auk fastagjalds, er nemi kr. 62,20 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kWh-mæli á 3,68 kr. hver kWh.

#### C. Vélanothkun.

- 3.1 Um kWh-mæli á 8,11 kr. hver kWh. Hafi vélarnir mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 1 450,00 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 3,33 kr. hver kWh.
- 3.3 Ef uppsett rafvélaverð fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
  - a. Um kWh-mæli á 2,32 kr. hver kWh., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegisd og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
  - b. Um tvígjaldsmæli á 13,90 kr. hver kWh í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 2,58 kr. hver kWh utan þess tíma.
- 3.4 Um mæli á 2 990,00 kr. fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 1,59 kr. á notaða kWh.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:  
Um mæli á 1 950,00 kr. fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess 1,59 kr. á notaða kWh. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

#### D. Hitun.

- 4.1 Um kWh-mæli á 1,51 kr. hver kWh, án rofs.
- 4.2 Um kWh-mæli á 0,85 kr. hver kWh enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- 4.3 Um kWh-mæli á 0,42 kr. hver kWh, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

*Önnur skilyrði fyrir raforkunothkun til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.



**E. Önnur raforkusala.**

- 5.1 Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 4,35 kr. hver kWh, enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- 5.2 Til nota fyrir vinnuljósálagirnir meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á 7,40 kr. hver kWh.
- 5.3 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á 1,06 kr. hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 3,33 kr. hver kWh frá kl. 8.30 til 22.
- 5.4 Til gatnalýsingar á 3,33 kr. hver kWh.
- 5.5 Um kWh-mæli 6,54 kr. hver kWh fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds véla-notkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

**F. Mælaleigur.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 20,80 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	kr. 26,60 —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	kr. 62,20 —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	kr. 94,60 —
5. Af álagstýringarliðum .....	kr. 94,60 —

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 466,00 á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduroppnun kr. 371,00

**II. HEIMTAUGARGJALD.**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

**Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald	
		Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa .....	23 100,00	555,00	7 300,00
63 A 3-fasa .....	25 000,00	669,00	9 150,00
100 A 3-fasa .....	29 700,00	758,00	11 500,00
200 A 3-fasa .....	47 900,00	Samkv. kostn.	
315 A 3-fasa .....	100 000,00	—	
300 kVA 3-fasa .....	139 000,00	—	
500 kVA 3-fasa .....	235 000,00	—	
800 kVA 3-fasa .....	371 000,00	—	

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:  
Lengdargjald<sup>1)2)</sup>

Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur	Loflína
63 A 1-fasa .....	4 110,00	Sama og aðalheimtaugar	
63 A 3-fasa .....	5 760,00	Sama og aðalheimtaugar	
100 A 3-fasa .....	6 100,00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 458 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Rafveitu Keflavíkur.****I. RAFORKA.**

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1.1 Um kWh-mæli á 14,50 kr. hver kWh.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lagn frá úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 1.2 Um kWh-mæli á 6,01 kr. hver kWh, auk fastagjalds, er nemi kr. 62,20 á ári af hverri einingu gólfplatara í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

### **B. Almenn heimilisnotkun.**

- 2.1 Um kWh-mæli á 3,68 kr. hver kWh.

### **C. Vélanotkun.**

- 3.1 Um kWh-mæli á 8,11 kr. hver kWh. Hafi vélarnir mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 1 450,00 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 3,33 kr. hver kWh.
- 3.3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
- Um kWh-mæli á 2,32 kr. hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegis og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
  - Um tvígjaldsmæli á 13,90 kr. hver kWh í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 2,58 kr. hver kWh utan þess tíma.
- 3.4 Um mæli á 2 990,00 kr. fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 1,59 kr. á notaða kWh.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:  
Um mæli á 1 950,00 kr. fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess 1,59 kr. á notaða kWh. Ef fassviksstuðull er lægri en 0,85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkadur upp í það gildi.

### **D. Hitun.**

- 4.1 Um kWh-mæli á 1,51 kr. hver kWh, án rofs.
- 4.2 Um kWh-mæli á 0,80 kr hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- 4.3 Um kWh-mæli á 0,38 kr. hver kWh, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

### *Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.*

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

### **E. Önnur raforkusala.**

- 5.1 Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 4,35 kr. hver kWh, enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- 5.2 Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á 7,40 kr. hver kWh.
- 5.3 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á 1,06 kr. hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 3,33 kr. hver kWh frá kl. 8.30 til kl. 22.

5.4 Til gatnalýsingar á 3,33 kr. hver kWh.

5.5 Um kWh-mæli 6,54 kr. hver kWh fyrir lýsingu án fastagjalds og/eða aflgjalds véla-notkunar.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

### F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 20,80 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	kr. 26,60 —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	kr. 62,20 —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	kr. 94,60 —
5. Af álagsstýringarliðum .....	kr. 94,60 —

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 466,00 á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 371,00.

## II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

### Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald	
		Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stóipa
63 A 1-fasa .....	23 100,00	555,00	7 300,00
63 A 3-fasa .....	25 000,00	669,00	9 150,00
100 A 3-fasa .....	29 700,00	758,00	11 500,00
200 A 3-fasa .....	47 900,00	Samkv. kostn.	
315 A 3-fasa .....	100 000,00	—	
300 kVA 3-fasa .....	139 000,00	—	
500 kVA 3-fasa .....	235 000,00	—	
800 kVA 3-fasa .....	371 000,00	—	

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur	Lengdargjald <sup>1)2)</sup>	Loftlína
63 A 1-fasa .....	4 110,00	Sama og aðalheimtaugar		
63 A 3-fasa .....	5 760,00	Sama og aðalheimtaugar		
100 A 3-fasa .....	6 100,00	Sama og aðalheimtaugar		

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 459 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjá eigandi húsveitu um lög frá útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Njarðvíkur.

### Raforka:

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

### 1. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á kr. 14,50 hver kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 5,99 hver kWh auk fastagjalds er nemi kr. 63,60 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 21,20 af fermetra á ári.

### 2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 3,68 hver kWh.

### 3. Vélanotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 8,11 hver kWh. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 000,00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 6,49 hver kWh.
4. Um mæli á kr. 4 000,00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 1,17 á notaða kWh. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 59,20 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 21,10 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 34,90 annars staðar.

### 4. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 0,85 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWh-mæli á kr. 0,42 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWh-mæli á kr. 1,49 hver kWh án rofs.

*Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:*

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

### 5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 4,29 hverja kWh, enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar meðan á framkvæmdum stendur, um kWh-mæli á kr. 7,39 hver kWh.

3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 1,06 hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 3,32 hver kWh á tímanum frá kl. 8.30 til 22.
4. 17 100,00 kr/kWh á ári í uppsettu aflí úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal selja eftir gjaldskrárlíð 1—1.

### 6. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 28,40
Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	kr. 78,40
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp. ....	kr. 116,00
Af mestastraumsmæli .....	kr. 342,00
Af liða fyrir álagsstýringu .....	kr. 95,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### 7. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 358,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 358,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. líð nr. 2, nema þyngri refsing liggi við.

### 8. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, og jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum.

1. 63 A 1-fasa .....	kr. 23 100,00
2. 63 A 3-fasa .....	kr. 25 000,00
3. 100 A 3-fasa .....	kr. 29 700,00
4. 200 A 3-fasa .....	kr. 47 900,00
5. 300 kVA 3-fasa .....	kr. 139 000,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef  $3 \times 220$  V notendakerfi er breytt í  $380/220$  V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
63 A 1-fasa .....	4 110,00
63 A 3-fasa .....	5 750,00
100 A 3-fasa .....	6 100,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. til lengri tíma og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

### 9. Ýmis ákvæði.

23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru talin í upphæð þeirri, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema í töxtum 4.1, 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 460 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*



# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar.

### Raforka:

Rafveita Voga og Vatnsleysustrandar selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á kr. 14,50 hver kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 5,99 hver kWh auk fastagjalds er nemi kr. 63,60 af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 21,20 af fermetra á ári.

#### 2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 3,68 hver kWh.

#### 3. Vélnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 8,11 hver kWh. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 000,00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 6,49 hver kWh.
4. Um mæli á kr. 4 000,00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalág og auk þess kr. 1,17 á notaða kWh. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 59,20 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 21,10 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 34,90 annars staðar.

#### 4. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 0,85 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegisd og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1 1/2 klst. í senn.
2. Um kWh-mæli á kr. 0,42 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWh-mæli á kr. 1,49 hver kWh án rofs.

*Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:*

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

#### 5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 4,29 hverja kWh, enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á kr. 7,39 hver kWh.

3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 1,06 hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 3,32 hver kWh á tímanum frá kl. 8.30 til 22.
4. 17 100,00 kr/kWh á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárliði 1—1.

### 6. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 28,40
Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	kr. 78,40
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp. ....	kr. 116,00
Af mestastraumsmæli .....	kr. 342,00
Af liða fyrir álagsstýringu .....	kr. 95,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### 7. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 358,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 358,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvis að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggja við.

### 8. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum:

1. 63 A 1-fasa .....	kr. 23 100,00
2. 63 A 3-fasa .....	kr. 25 000,00
3. 100 A 3-fasa .....	kr. 29 700,00
4. 200 A 3-fasa .....	kr. 47 900,00
5. 300 kVA 3-fasa .....	kr. 139 000,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef  $3 \times 220$  V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur		Stofngjald
63 A	1-fasa	kr. 4 110,00
64 A	3-fasa	kr. 5 750,00
100 A	3-fasa	kr. 6 100,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. til lengri tíma og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

### 9. Ýmis ákvæði.

23,5% söluskattur og 19%, verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru talin í upphæð þeirri, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema í töxtum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 461 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Rafmagnsveitna ríkisins.****I. SMÁSALA.****GJALDSKRÁRLIÐIR.**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. 1. Almenn notkun.**

Öll almenn notkun, svo sem heimlisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	3,04 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1 .....	1 480,00 kr/a

**A. 2. Vinnuljósanotkun.**

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald .....	4,56 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1 .....	1 480,00 kr/a

**A. 3. Utanhússlýsing.**

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald .....	2,63 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1 .....	1 480,00 kr/a

**A. 4. Sumarbústaðanotkun.**

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald .....	1,40 kr/kWh
Fastagjald 4 × F1 .....	5 920,00 kr/a

**A. 5. Markmæling.**

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	16 400,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW ...	2 270,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun .....	0,52 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram afstillingu .....	3,04 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

**B. 1. Aflmæling.**

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald, 12 kW .....	43 680,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW .....	3 640,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	1,16 kr/kW

**B. 2. Súgurrkun.**

Til súgurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. okt.

Aflgjald .....	1 200,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	0,70 kr/kWh

**C. 1. Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,68 kr/kWh
Fastagjald 3 × F 1 .....	4 440,00 kr/a

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

**C. 2. Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,48 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

**D. 1. Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,94 kr/kWh
Fastagjald 3 × F 1 .....	4 440,00 kr/a

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

**D. 2. Hitun.**

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,64 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími allt að 15 klukkustundir á dag.  
Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 564,00

**SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.****1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

**2. Sumarbústaðanotkun.**

Orkuverð A. 4, fylgir orkuverði D. 1.

**3. Markmæling.**

Liður A. 5, er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgurrkun eða húshitun.

**4. Aflgjaldsmæling.**

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda en hjá fiskbræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði í fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt B. 1., enda greiði hann þá lágmarksafgljaldið.

### 5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

### 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

### 7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum, nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C. 1, C. 2, D. 1 og D. 2 og tilsvarendi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

## II. HEILDSALA.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaxsmánuðir og almanaxsár.

### 2. gr.

#### Rafmagnsgjald.

Aflgjald .....	2 483,78 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW .....	79,60 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .....	45,60 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW ..	23,20 aurar á kWh

### 3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

## 4. gr.

**Aflmæling.**

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálág á afhendingarstað.

## 5. gr.

**Ársnýting.**

Ársnýting í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

## 6. gr.

**Ákvörðun aflgjalds.**

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

## 7. gr.

**Fasviksstuðull.**

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

## 8. gr.

**Greiðsluskilmálar.**

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. orkulaga nr. 581, 1967.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD Í ÞÉTTBÝLI.**

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

- 1.0 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
- 2.0 Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
  - 2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd <sup>1)</sup> kr/m
63 einfasa	20 500,00	522,00
63 þriggjafasa	22 700,00	522,00
100 þriggjafasa	35 000,00	650,00
200 þriggjafasa	70 000,00	760,00
315 þriggjafasa	111 000,00	960,00
400 þriggjafasa	140 000,00	Samkv. kostn.
710 kVA spst.	249 000,00	—
1200 kVA spst.	419 000,00	—
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.3)	4 930,00	

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugargjaldstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frá-dregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkuunarhúsum, fiskmjólsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3.0 Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunn gjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 2 970,00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínu-staur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4.0 Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.



#### IV. HEIMTAUGAGJÖLD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu, Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 13 988,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 1 169 104,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 1 169 104,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 13 998,00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald, kr.13 998,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 1482 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 42 993,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 344/1983 um breytingar á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 462 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygning.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ OG REGLUR

### fyrir símapjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. ágúst 1983.

### I. KAFLI

#### Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

##### 1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 3 500,00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutað-eigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

##### 2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungs-  
gjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum  
ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að  
númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim  
tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 575,00 að viðbættum kr. 1,35  
fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir  
20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1 hér að framan, auk kr. 190,00 á  
ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald  
samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og  
símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4.

Sú breyting verður þó á frá og með 1. febrúar 1984 að sé um að ræða venjulegt  
símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en þess í stað greiðist fyrir viðgerðir  
samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin  
miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá  
hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar  
byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímannotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

		Kr.
a. Lengd línuleiðar .....	0.5—1.0 km	kr. 149,00
b. Lengd línuleiðar .....	1.0—2.0 km	kr. 224,00
c. Lengd línuleiðar .....	2.0—4.0 km	kr. 373,00
d. Lengd línuleiðar .....	4.0—8.0 km	kr. 894,00
e. Lengd línuleiðar .....	yfir 8.0 km	kr. 1 192,00

### 3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv.  
kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar  
miðstöðvar og fjarritvélur.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. Aukatalfæri með gaumskífu (blinker) .....	1 724,00	175,00
3.2. Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4) .....		178,00
3.3. Vatnspétt talfæri .....		207,00
3.4. Hátalarasími .....		713,00
3.5. 2ja línu talfæri Siemens .....	4 301,00 <sup>2)</sup>	369,00
3.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört) .....	2 165,00 <sup>2)</sup>	294,00
3.7. Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		307,00 <sup>3)</sup> 4) <sup>5)</sup>

#### Skýringar:

- Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með  
kostnaðargjaldi.
- Á hvert talfæri.
- Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.8. Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri . . . . .	3 847,00 <sup>2)3)</sup>	329,00 <sup>3)</sup>
3.9. Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri . . . . .	10 482,00 <sup>2)</sup>	883,00
3.10. Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	1 842,00 <sup>2)3)</sup>	195,00 <sup>3)</sup>
3.11. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri . . . . .		323,00 <sup>3)4)5)</sup>
3.12. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri . . . . .		385,00 <sup>3)4)5)</sup>
3.13. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri . . . . .		509,00 <sup>3)4)5)</sup>
3.14. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri . . . . .		621,00 <sup>3)4)5)</sup>
3.15. Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 2 til 3 talfæri . . . . .	7 329,00 <sup>2)3)</sup>	629,00 <sup>3)</sup>
3.16. Raðsímar, Reiha ⅓, 1 lína, 3 til 6 talfæri . . . . .	5 311,00 <sup>2)3)</sup>	452,00 <sup>3)</sup>
3.17. Raðsímar, Reipos ⅔, 2 línur, 3 til 6 talfæri . . . . .	4 969,00 <sup>2)3)</sup>	440,00 <sup>3)</sup>
3.18. Raðsímar, Reipos ⅔, 2 línur, 7 til 11 talfæri . . . . .	7 628,00 <sup>2)3)</sup>	662,00 <sup>3)</sup>
3.19. Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri . . . . .		1 107,00 <sup>3)</sup>
3.20. Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin . . . . .	2 650,00 <sup>2)</sup>	294,00
3.21. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin . . . . .	5 508,00 <sup>2)</sup>	642,00
3.22. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin . . . . .	5 508,00 <sup>2)</sup>	3 797,00
3.23. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin . . . . .	2 152,00 <sup>2)</sup>	270,00
3.24. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð . . .	5 508,00	1 561,00
3.25. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð . . . . .	5 508,00	4 708,00
3.26. Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 5 022,00		
3.27. Sjálfsalar, þriggja mynta. Árstekjutrygging kr. 7 323,00		
3.28. Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 153,00		
3.29. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 754,00		
3.30. Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

#### 4. Einkasímstöðvar.

##### 4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3 . . . . .	16 520,00	328,00
4.1.2. L.M.E. 2+6 . . . . .	26 539,00	656,00
4.1.3. L.M.E. 3+9 . . . . .	39 169,00	984,00

##### Skýringar:

- 2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- 3) Á hvert talfæri.
- 4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- 5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.4. L.M.E. 4+16 .....	61 739,00	1 640,00
4.1.5. L.M.E. 5+30 .....	63 188,00	2 870,00
4.1.6. L.M.E. 6+40 .....	70 105,00	3 772,00
4.1.7. E.B. 6+30 .....	64 347,00	2 952,00
4.1.8. ADG 101 8+40 .....	150 475,00	3 936,00
4.1.9. ADG 101 16+80 .....	198 017,00	7 872,00
<b>4.2. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).</b>		
Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrarargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.		
Uppsetningarkostnað símstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.		
4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum		231,00
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum		462,00
Greiða skal 1/3 hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð, 1/3 þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		
<b>4.3. Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2.</b>		
4.3.1. Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið ..		82,70
4.3.2. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið .....	969,00	120,00
4.3.3. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið .....	3 827,00	484,00
4.3.4. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið .....	3 827,00	3 640,00
4.3.5. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið .....	3 827,00	5 201,00
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	3 827,00	3 160,00
4.3.7. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	3 827,00	5 201,00
4.3.8. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	3 827,00	6 786,00

### 5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símkerfið.

	Kr.
5.1. Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris .....	2 860,00
5.2. Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.	
5.3. Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota .....	286,00
Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.	

### 6. Flutningsgjald.

	Kr.
6.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað . . . (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).	1 750,00
6.2. Milli stöðvargjaldsvæða .....	2 375,00
6.3. Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
6.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi. Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 900,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1 120,00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

### 7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 970,00.

Viðtökugjald lækkar í kr. 350,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 705,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf flutningsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

### 8. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

**9. Viðhald notendabúnaðar.**

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin lætur í té, er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um edlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4.

Annar viðhaldskostnaður en edlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

**II. KAFLI****Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.****1. Stofngjald.**

- |   | Kr.      |
|---|----------|
| 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu .....  | 2 770,00 |
| 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið. |          |
| 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.   |          |

**2. Afnotagjald á ársfjórðungi.**

- 2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
Stundir	kr.	kr.	kr.
2 .....	261,00	208,80	156,60
4 .....	343,00	274,40	205,80
6 .....	389,00	311,20	233,40
8 .....	435,00	348,00	261,00
10 .....	480,00	384,00	288,00
12 .....	489,00	391,20	293,40
14 .....	497,00	397,60	298,20
16 .....	505,00	404,00	303,00
24 .....	596,00	476,80	357,60

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

- 2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

## 2.3. Almenn ákvæði.

Áðurnefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer upphæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem bedið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbedna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

### 3. Flutningsgjald.

	Kr.
3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað . .	1 385,00
3.2. Milli stöðvargjaldsvæða . . . . .	1 920,00
3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjaldið skv. 3.1. niður í allt að kr. 705,00.

### 4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnótandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 525,00.

Viðtökugjald lækkar í kr. 350,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 705,00.

Viðtökugjald fyrir sérþúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnað sbr. 3.1. og 3.2. hér að framan.

### 5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.



## 6. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

### III. KAFLI

#### Notendasímar í sveitum.

##### 1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábyljisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

- 1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 1 865,00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
- 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.
- 1.3. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.
- 1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

##### 2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

Stundir	Kr.
2 .....	137,00
4 .....	152,00
6 .....	198,00
8 .....	234,00
10 .....	255,00
12 .....	261,00
14 .....	267,00
16 .....	277,00
24 .....	295,00

- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.
- 2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða

afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

### 3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.
- 3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigandur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
- 3.5. Símnótendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
- 3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

- 3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kaптúnunum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ávæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

## IV. KAFLI

### Símtalagjald.

#### 1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:

Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals  
 s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki  
 n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1, 2, 3, \dots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$$\frac{t - ns}{s} = \text{Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.}$$

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 19.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
0 bæjarsímtöl .....	360 sek.
1 .....	60 sek.
2 .....	18 sek.
3 .....	12 sek.

1.2. Nætur og helgartaxti er frá kl. 19.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 19.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
0 bæjarsímtöl .....	Öt. tími
1 .....	120 sek.
2 .....	36 sek.
3 .....	24 sek.

1.3. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 0 við símtöl til annarra notenda sömu símsstöðvar.

## 2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
2.1. Um 0— 10 km línulengd .....	8,85	2,95
— 10— 25 km línulengd .....	14,55	4,85
— 25—100 km línulengd .....	19,50	6,50
Yfir 100 km línulengd .....	23,40	7,80

Framan nefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning kr. 10,60. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 26,90 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.

2.6. Boðsending: kr. 17,20 á venjulegu útburðarsvæði símsstöðva, og kr. 17,20 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

### 3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 1,85 fyrir hvert teljaraskref.

### 4. Radió-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 14,10 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 4,70 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 30,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílu frá landi, en annars kr. 41,10 fyrir 3 mín. og kr. 10,00 eða kr. 13,70 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
- 4.5. Fyrir radiósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
  - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
  - b. Strandargjald.
  - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
  - d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV., kafla 2.

### 5. Bílasímaþjónusta.

Í bílasímaþjónustunni eru afgreidd samtöl til og frá bílastöðvum og handstöðvum með handvirkri afgreiðslu. Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald á ársfjórðungi og viðskiptagjöld.

- 5.1. Stofngjald er kr. 3 500,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun bílasímanúmers.
- 5.2. Afnotagjald er kr. 575,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldareikningi.
- 5.3. Viðskiptagjöld eru afgreiðslugjald og mínútagjald. Afgreiðslugjald er kr. 3,90 fyrir hvert samtal og mínútagjald er kr. 7,80 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

### 6. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

## V. KAFLI

### Símskeytagjald.

#### 1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnjald kr. 26,90 og kr. 1,70 fyrir hvert orð: Lágmarksorða-fjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 15,10 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 15,10 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
- 1.5. Samúðarskeyti: Grunnjald kr. 26,90. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landspítalásjóðs.
- 1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símsstöð. Í bæjum og kaптúnunum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 17,20 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirsögn í hvert skipti.

Pótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símsstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

- 1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkvæðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

## 2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

## 3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
  - 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
    - a. Grunn gjald fyrir hvert skeyti kr. 26,90.
    - b. Línugjald kr. 1,70 á hvert orð.
    - c. Strandargjald kr. 2,00 hvert orð.
    - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
    - e. Gjald fyrir aukapjónustu að beiðni sendanda.  
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
  - 3.2. Sérstök loftskeyti.
    - 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 15,10 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 10,00.
    - 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukapjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
    - 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

## VI. KAFLI

### Fjarritvélar.

#### 1. Stofngjald.

	Kr.
1.1. Númer í telexstöð .....	15 522,00
1.2. Bæjarlína .....	3 857,00
1.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð .....	23 021,00
Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
1.4. Innbyggður endurgati .....	4 096,00
1.5. Innbyggður vélsendir .....	4 096,00
1.6. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) .....	9 444,00
1.7. Afriðill .....	2 033,00
1.8. Tengipúlt .....	3 020,00
1.9. Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.10. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður .....	2 033,00
1.11. Breyting á telexheiti .....	1 077,00

**2. Afnotagjald á ársfjórðungi.**

	Kr.
2.1. Númer í telexstöð .....	5 591,00
2.2. Bæjarlína .....	1 077,00
2.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega .....	9 027,00
Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
2.4. Innbyggður endurgati .....	1 325,00
2.5. Innbyggður vélsendir .....	1 325,00
2.6. Morsetæki (vélsendir eða vélgata) .....	4 842,00
2.7. Afriðill .....	1 077,00
2.8. Tengipúlt .....	1 366,00
2.9. Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.10. Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11. Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

**3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.**

3.1. Milli húsa á svæði sömu símsstöðvar .....	3 847,00
3.2. Innanhúss .....	1 946,00
3.3. Frá húsi á svæði annarrar símsstöðvar .....	5 800,00

**4. Gjald fyrir telexritanir.**

- 4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 1,35 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 3,38 á mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

**5. Leiga, uppsögn o. fl.**

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

## VII. KAFLI

**Modem fyrir datasendingar.**

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjaldi, sem er 2,2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Viðhald utan dagvinnutíma, sé þess óskað, greiðist sérstaklega.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal  $\frac{1}{3}$  hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað,  $\frac{1}{3}$  þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

## VIII. KAFLI

**Sambönd og línur.****1. Stofngjald.**

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek, eða meira, er kr. 16 690,00.

**2. Afnotagjald.**

- 2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutadeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.
- 2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.
- 2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.
- 2.1.3. Fyrir samband í fjölsímakerfi milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem er notað eingöngu fyrir gæslu- og öryggismál en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti skal nota margföldunarstuðul 0,347. Þar að auki er veittur 30% afsláttur, ef sambandið er eingöngu í aðra áttina. Fyrir sams konar samband, sem ekki er komið á með fjölsímakerfi, vísast til 2.2.
- 2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.
- 2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum, en þó þannig að rásin beri aðeins eina sendingu í einu, gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:
- 2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.

- 2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12,5% ofan á viðskiptagjaldið. Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.
- 2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2., en með 50% afslætti.
- 2.2. Innan hvers gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjaldið reiknast í 500 m þrepum). Sama gildir um samband milli gjaldsvæða, þegar sambandi er ekki komið á með fjölsímakerfi og um er að ræða samband fyrir gæslu- og öryggismál. Á ársfjórðungi er afnotagjaldið:
- |   |        |
|---|--------|
|   | Kr.    |
| 2.2.1. Fyrir 2 víra tallínu í notendakerfi .....  | 242,00 |
| Fyrir 4 víra tallínu í notendakerfi .....   | 388,00 |
| 2.2.2. Fyrir 2 víra datalínu í notendakerfi .....   | 307,00 |
| Fyrir 4 víra datalínu í notendakerfi .....  | 490,00 |
| 2.2.3. Fyrir 2 víra tallínu í langlínakerfi .....   | 342,00 |
| Fyrir 4 víra tallínu í langlínakerfi .....  | 548,00 |
| 2.2.4. Fyrir 2 víra datalínu í langlínakerfi .....  | 432,00 |
| Fyrir 4 víra datalínu í langlínakerfi .....   | 691,00 |
| 2.2.5. Fyrir ritsímarás í tónritsíma .....  | 129,00 |
| 2.2.6. Skemmstur leigutími fyrir framangreindar línur er 6 mánuðir. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og er gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni. |        |

### 3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi afnotagjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ. e. a. s. í allt að 6 mánuði. Stofngjöld eru ekki tekin fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur milli gjaldsvæða. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila 360 upp í árgjald á viðkomandi leið. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta 3 dögum við vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.
- 3.1.2. Fyrir línur innan sama gjaldsvæðis. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila með 20 í ársfjórðungsgjaldið, sem gildir fyrir viðkomandi línu. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta við 15 dögum vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

## IX. KAFLI

### Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.



## X. KAFLI

### Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 317,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 63,70 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## XI. KAFLI

### 1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærrri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

### 2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 82,60. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 158,00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 153,00 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

### 3. Skrásetning í stafrófsskrána.

	Kr.
3.1. Breytt letur í skrá, hver lína .....	149,00
3.2. Aukanafn í skrá .....	158,00
3.3. Aukalína í skrá, hver lína .....	82,60
3.4. Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 149,00 + 158,00 .....	307,00

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 158,00 sem aukanafn.

### 4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og

símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

#### 4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 82,60. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 149,00. Auglýsingalína kostar kr. 82,60.

### 5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

## XII. KAFLI

### Radíótæki og þjónusta um radióstöðvar.

#### 1. Radióeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1. Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1. Leyfisbréfastgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	Kr. 385,00
1.1.2. Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	848,00
1.1.3. Leyfisbréfastgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	183,00
1.1.4. Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	559,00
1.2. Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1. Leyfisbréfastgjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	183,00
1.2.2. Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	231,00
1.3. Fyrir almenningsstaldöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1. Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	422,00
1.3.2. Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	340,00
1.3.3. Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	287,00
Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	199,00
1.3.4. Leyfisbréfastgjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	287,00
1.4. Önnur gjöld.	
1.4.1. Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	360,00
1.4.2. Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	183,00
1.4.3. Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	153,00
1.4.4. Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	82,60
1.4.5. Fyrir skírteini loftskýtamanns	299,00
1.4.6. Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	149,00
1.4.7. Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	199,00
1.4.8. Innsigliðgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	396,00

- 1.4.9. Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins Kr.  
296,00

## 2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

- |   | Kr.      |
|---|----------|
| 2.1. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt .....   | 2 862,00 |
| 2.2. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0,5 watt eða minna .....  | 1 431,00 |
| 2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radiótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.  |          |
| 2.4. Innflutningur erlendra radiótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru. |          |
| 2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radiótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.                           |          |
| 2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.  |          |

## 3. Viðskiptagjöld.

- 3.1. Radiósímtöl við skip og báta.  
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
- 3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.  
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
- 3.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum.  
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:
- |                              | Kr.    |
|------------------------------|--------|
| Fyrir 1—5 báta .....         | 82,60  |
| Fyrir 6—15 báta .....        | 153,00 |
| Fyrir 16—30 báta .....       | 216,00 |
| Fyrir 31 bát og fleiri ..... | 287,00 |
- Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.
- 3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 149,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
- 3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
- 3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 287,00.
- 3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 41,40.

## 4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó .....	153,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó .....	228,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó .....	307,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir .....	411,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

### 5. Sölu- og leigukjör á radiótækjum.

Fyrir þau radiótæki, sem Póst- og símamálastofnunin framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

Gerð	Tæki	Söluverð eða stofnverð (Ný tæki)		Leigukjör	
		kr.	kr.	Afgreiðslugj. kr.	Ársleiga kr.
5.1.	FF — 3	Talsendir/viðtæki .....		4 045,00	820,00
5.2.	FF — 5	Talsendir/viðtæki .....		4 045,00	1 185,00
5.3.	FF —10	Talsendir/viðtæki .....		3 172,00	820,00
5.4.	FVT—20	Talsendir/viðtæki .....		2 928,00	820,00
5.5.	FVT—30	Talsendir/viðtæki .....		3 172,00	871,00
5.6.	FVT—40	Talsendir/viðtæki .....		4 977,00	1 309,00
5.7.	FT	Talsendir .....		4 659,00	1 309,00
5.8.	VFT	Viðtæki .....	10 932,00	1 494,00	654,00
5.9.	VKT	Viðtæki .....	6 833,00	936,00	406,00
5.10.	VKT—74	Viðtæki .....	4 326,00	590,00	261,00
5.11.	VTS—12	.....	11 845,00	1 620,00	847,00

Notuð viðtæki í leigu fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1. til 5.7. að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarböndum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

### 6. Radiótæki á leigu.

- 6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálastofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki leyfðar eftir 1. jan. 1982, en þess í stað skal nota einhliðarbandstæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin leigir ekki út, en hefur eingöngu til sölu. Allar leigutalstöðvar nema þær, sem eingöngu eru notaðar á tíðninni 2182 KHz, verða nú kallaðar inn. Fyrir hinar síðastnefndu og önnur radiótæki, sem stofnunin leigir út, skulu gilda eftirfarandi reglur:
- 6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhirdu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.
- 6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

- 6.4. Öll radiótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera váttrygð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflytningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem Póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
- 6.5. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.
- 6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.
- 6.7. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
- 6.8. Séu ársleiga, váttryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:
  - 6.8.1. Innsiglað radiótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsíglun, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.
  - 6.8.2. Ef um ólögboðin tæki er að ræða, getur stofnunin tekið þau í sína vörslu án undangenginnar innsíglunar.

Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir endurofnun innsíglis greiðist innsíglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opunar innsíglis greiði leigutaki, auk innsíglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radiótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutadeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

- 6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radióstöðva á millibylgju á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símsstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

#### 7. Almenn ákvæði.

- 7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
- 7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- 7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutadeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé

þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

- 7.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 7.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 7.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.
- 7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 7.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaþrófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.
- 7.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnun leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

- 7.15. Póst- og síamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

**8. Reglur um starfrækslu talstöðva,  
sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.**

- 8.1. Póst- og síamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og síamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfir til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 8.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og síamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símkerfi.
- 8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og síamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og síamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 8.5. Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 8.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

**XIII. KAFLI**

**Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.**

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist  $\frac{1}{5}$  venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.  
Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.  
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

**XIV. KAFLI**

**1. Almennir skilmálar.**

- 1.1. Frádráttur vegna eldri búnaðar, sem Póst- og síamálastofnunin kann að endurkaupa.
- a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 10 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur stöðva, ár . . . . .	0—1	1—2	2—3	3—4	4—5	5—10
Frádráttur, % . . . . .	80	60	40	30	20	10

b) Telex- og fjarritvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 8 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur, búnaður, ár	0—1	1—2	2—3	3—5	5—8
Frádráttur, %	80	60	40	20	10

c) Ef nýr búnaður samkv. a) og b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt töflum í a) og b), og kemur sú upphæð til frádráttar kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef ádurnefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d)).

d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.

1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.

Par til gerð eyðublöð eru í símakránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvað stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnun.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærásnúður o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutadeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.7. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi



- fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.10. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.
  - 1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
  - 1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnuninnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
  - 1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
  - 1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

## 2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 200,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 85,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

## 3. Leigutími.

Pegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

## 4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

## 5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

## XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. ágúst 1983. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. ágúst 1983 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 279 9. maí 1983.

*Samgönguráðuneytið, 28. júlí 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Vestmannaeyja, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps og annarra rafveitna sveitarfélaga.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 1. ágúst 1983:

#### Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá 3. júní 1983.

Allir taxtar, að undanskildu orkugjaldi í töxtum A5, C1 og C2, hækki um . . . . .	26,6%
Taxti A5. Markmæling.	
Orkugjald, 0,52 kr/kWh, að viðbætti 0,18 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,34 kr/kWh.	
Taxti C1. Hitun íbúðarhúsnæðis.	
Orkugjald 0,68 kr/kWh, að viðbætti 0,26 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,48 kr/kWh.	
Taxti C2. Hitun íbúðarhúsnæðis.	
Orkugjald, 0,48 kr/kWh, að viðbætti 0,16 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,29 kr/kWh.	
Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um . . . . .	31,0%

#### Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, frá 3. júní 1983.

Allir taxtar, að undanskildu orkugjaldi í töxtum A.5, C.1. og C.2 hækki um . . .	26,6%
A.5 Markmæling.	
Orkugjald af allri notkun, 0,52 kr/kWh að viðbætti 0,18 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,34 kr/kWh.	
C.1. Húshitun. Íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald, 0,77 kr/kWh að viðbætti 0,26 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,48 kr/kWh.	
C.2 Húshitun. Íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald, 0,48 kr/kWh að viðbætti 0,16 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,29 kr/kWh.	

#### Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, frá 3. júní 1983.

Allir taxtar, að undanskildu gjaldi samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði, hækki um . . . . .	26,6%
Gjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr., 0,60 kr/kWh, að viðbætti 0,25 kr/kWh niðurgreiðslu, auk 7,60 kr/m <sup>3</sup> vatns, hækki um . . . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,46 kr/kWh.	

#### Rafveita Siglufjarðar, Rafveita Reyðarfjarðar og Rafveita Vestmannaeyja.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitnanna frá og með 1. ágúst 1983:

**Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar**, frá 3. júní 1983.

Allir taxtar, að undanskildum taxta 4.1 orka til íbúðarhúshitunar, hækki um . . .	26,6%
Taxti 4.1, orka til íbúðarhúshitunar, 0,80 kr/kWh, að viðbættri 0,15 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,37 kr/kWh.	

**Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar**, frá 3. júní 1983.

Allir taxtar, að undanskildum taxta 4.2. II og 4.3. II, hækki um . . . . .	27,2%
Taxti 4.2. II.	
Fastagjald hækki um . . . . .	26,6%
Orkugjald, 0,68 kr/kWh, að viðbættri 0,15 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . .	32,0%
og niðurgreiðsla verður 0,39 kr/kWh.	
Taxti 4.3. II.	
Orkugjald, 0,48 kr/kWh, að viðbættri 0,09 kr/kWh, niðurgreiðslu, hækki um . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,20 kr/kWh.	

**Rafveita Vestmannaeyja**, frá 3. júní 1983.

Allir taxtar, að undanskildum taxta D1, orkugjald (húshitun), C2 og F5 hækki um . . . . .	26,2%
Taxti D1, orkugjald 0,76 kr/kWh, að viðbættri 0,08 kr/kWh niðurgreiðslu, hækki um . . . . .	26,2%
og niðurgreiðsla verður 0,30 kr/kWh.	
Taxtar C2 og F5 hækki um . . . . .	31,0%

**Hitaveita Seyðisfjarðar og Hitaveita Hafnarhrepps.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám hitaveitnanna frá og með 1. ágúst 1983:

**Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar**, frá 3. júní 1983.

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 1. mgr. 3. gr. hækki um . . . . .	26,6%
Í 3. gr. hækkar gjald vegna hitunar íbúðarhúsnæðis 0,63 kr/kWh, að viðbættri 0,25 kr/kWh niðurgreiðslu, auk 6,48 kr/m <sup>3</sup> vatns, um . . . . .	26,6%
og niðurgreiðsla verður 0,46 kr/kWh.	
Gjald fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en í íbúðarhúsnæði skal vera gjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr., án niðurgreiðslu, nema heimild skv. 2. mgr. 3. gr. sé notuð.	

**Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps**, frá 3. júní 1983.

Allir gjaldskrárliðir hækki um . . . . .	26,6%
Niðurgreiðsla úr ríkissjóði vegna upphitunar íbúðarhúsnæðis hækkar úr 0,25 kr/kWh í 0,46 kr/kWh.	

*Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskráum hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskráum hitaveitna er gildir frá og með 1. ágúst 1983:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 413 30. maí 1983.	
Stofngjald hækki um .....	20,0%
Allir aðrir liðir hækki um .....	43,9%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 414 30. maí 1983, hækki um .....	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.	
Stofngjald hækki um .....	20,0%
Allir aðrir liðir hækki um .....	43,9%
Gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 428 14. ágúst 1980, með síðari breytingum.	
Heimæðagjöld hækki um .....	67,0%
Allir aðrir liðir hækki um .....	28,7%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 581 12. nóvember 1980, með síðari breytingum.	
Stofngjöld hækki um .....	16,7%
Allir aðrir liðir hækki um .....	27,2%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps, nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum hækki um .....	15,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember 1973, með síðari breytingum, hækki um .....	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, nr. 391 26. október 1977, með síðari breytingum hækki um .....	25,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113 3. apríl 1973, með síðari breytingum, hækki um .....	18,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 424 30. maí 1983, hækki um .....	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum, hækki um .....	24,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 284 11. desember 1970, með síðari breytingum.	
Vatnsgjöld hækki um .....	24,0%
Fastagjöld hækki um .....	25,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 429 30. maí 1983, hækki um .....	15,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum, hækki um .....	57,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum, hækki um .....	16,7%
nema gjöld samkvæmt 7. gr. sem verða óbreytt.	
Gjaldskrá Reykjahlíðar, nr. 430 30. maí 1983, hækki um .....	15,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 431 30. maí 1983, hækki um .....	10,0%
Gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja, nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum, hækki um .....	17,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, nr. 435 30. maí 1983, hækki um .....	17,0%

Gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 438 30. maí 1983, hækki um .....	17,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, nr. 306 9. október 1983, með síðari breytingum.	
Vatnsgjöld hækki um .....	16,7%
Heimæðagjöld verði óbreytt.	
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 441 30. maí 1983, hækki um .....	20,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum, hækki um .....	17,0%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, nr. 390 6. nóvember 1976, hækki um .....	17,0%

*Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskráum rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 19. apríl 1967 hefur ráuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum rafveitna frá og með 1. ágúst 1983:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	26,6%
Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	26,1%
Gjaldskrá Rafveitu Akraness, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	23,6%
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	26,0%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	31,4%
Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	20,2%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	25,4%
Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	35,2%
Gjaldskrá Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	35,2%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	29,5%

28. júlí 1983

981

Nr. 588.

Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	29,5%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	29,5%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	29,5%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	29,5%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um .....	29,5%

*Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

28. júlí 1983

Nr. 589

## REGLUGERÐ

**um bann við togveiðum á Strandagrunni.**

1. gr.

Frá birtingu reglugerðar þessarar uns annað verður ákveðið, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 66°30'48 N    21°17'46 V
2. 67°02'09 N    21°40'01 V
3. 67°05'12 N    20°39'59 V
4. 66°59'05 N    20°36'45 V.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júlí 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Siglufirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði.

1. Bannað er að leggja bifreiðum báðum megin Laugarvegjar frá gatnamótum við Suðurgötu suður að húsi nr. 5 við Laugarveg.
2. Bannað er að leggja bifreiðum við vesturbrún Laugarvegjar frá húsi nr. 5 að húsi nr. 28.
3. Bannað er að leggja bifreiðum við austurbrún Laugarvegjar frá húsi nr. 31 suður að gatnamótum við Hafnartún.
4. Bannað er að leggja bifreiðum við vesturbrún Túngötu.
5. Bannað er að leggja bifreiðum við austurbrún Lækjargötu, frá Aðalgötu norður að Eyrargötu.
6. Gránugata skal vera tvístefnuakstursgata frá Grundargötu austur að Tjarnargötu.
7. Hvanneyrarbraut og Hlíðarvegur skulu hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum með biðskyldu svo sem hér segir:  
biðskylda á Fossvegi við Hvanneyrarbraut,  
biðskylda á Hólavegi við Hvanneyrarbraut,  
biðskylda á botnlanga (gamla Hvanneyrarbraut) við Hlíðarveg.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn á Siglufirði, 19. júlí 1983.

**Erlingur Óskarsson.**

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978, um skírteini gefin út af flugmálastjórn.

1. gr.

Grein 1.2.4.5. orðist svo:

Sætti umsækjandi sig ekki við niðurstöðu læknisskoðunar getur hann áður en 14 dagar eru liðnir leitað úrskurðar þriggja manna nefndar sem í eiga sæti trúnaðarlæknar samgönguráðuneytis, hagsmunafélags umsækjanda eða læknir tilnefndur af honum sé téður umsækjandi ófélagsbundinn og læknir tilnefndur af landlækni.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 34. 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 27. júlí 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

21. júlí 1983

Nr. 592

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Á húsagötu vestan megin Grensásvegur verður einstefnuakstur til suðurs.
  2. Á húsagötu austan megin Grensásvegur verður einstefnuakstur til norðurs. Bifreiðastöður verða leyfðar þar beggja vegna akbrautar, skástæði að austanverðu en langstæði að vestanverðu.
  3. Á húsagötu meðfram Síðumúla verður einstefnuakstur til norðurs.
  4. Heimilt verður að aka frá bifreiðastæðinu Austurstræti 2 til norðurs um Aðalstræti.
  5. Bifreiðastöður verða leyfðar við Túngötu að sunnanverðu milli Hofsvallagötu og Hólavallagötu, að hluta til uppi á gangstétt.
  6. Einstefnuakstur verður á Ránargötu til austurs frá Ægisgötu að Garðastræti. Heimilt verður að leggja bifreiðum beggja vegna götunnar á sama kafla.
  7. Bifreiðastöður verða bannaðar á 12 m kafla á sunnanverðri Leifsgötu til austurs frá húsalínu Barónsstígs.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 5. ágúst n.k.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 21. júlí 1983.

**Sigurjón Sigurðsson.**



## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

#### 1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Útflutningur á vörum er háður leyfi viðskiptaráðuneytisins. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessari reglu. Ennfremur getur ráðuneytið sett það skilyrði, að heimild þess þurfi til að bjóða tilteknar vörur til sölu á erlendum markaði. Ekki þarf leyfi til að senda úr landi sýnishorn, sem ætluð eru til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að verðmæti inna við 4 000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt við setningu þessarar reglugerðar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 26. júlí 1983.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 313 13. maí 1983 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

## 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 3 200 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 800 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 800 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarendi undanþága er 2 400 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 3 200 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 800 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi héraðs og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki héraðs. Magn matvæla (þ. m. t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 1600 kr. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er með öllu óheimill. Eldsneyti þetta má að hámarki vera 200 lítrar.

## 2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín .....	85
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar .....	100
3. Íslenskar áfengistegundir .....	340
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a. ....	420

## B. Tóbak:

1. Reyktóbak .....	205 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar .....	265 kr./200 stk.
3. Smávindlar .....	35 kr./10 stk.
Meðalstærð .....	140 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir .....	185 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 8. ágúst 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

**REGLUGERÐ****um bann við togveiðum út af Húnaflóa.**

## 1. gr.

Frá og með 10. ágúst 1983, uns annað verður ákveðið, eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- |    |            |            |
|----|------------|------------|
| 1) | 66°22'22 N | 21°26'21 V |
| 2) | 66°55'32 N | 21°50'39 V |
| 3) | 66°59'37 N | 20°37'01 V |
| 4) | 66°33'19 N | 20°51'50 V |
| 5) | 66°19'55 N | 20°45'52 V |

Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er 12 sjómflur frá grunnlínu, sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 10. ágúst 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 589 28. júlí 1983, um bann við togveiðum á Strandagrunni.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar skal skipuð 9 (nínu) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Ísafjarðarkaupstað, og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B. lið, og ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.

2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Ennfremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því, sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum er um getur í 47. gr. og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður lóðaleigur, gjaldskrá bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

## II. KAFLI

**Fundarsköp bæjarstjórnar.**

## 3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meiri en helmings bæjarfulltrúa. Verði atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæðin jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti, eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa forseta í hans stað, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabils hans.

## 4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

## 5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn á sama fundi og forsetakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er fram fara atkvæðagreiðslur í bæjarstjórn.

## 6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðarbókar og hafa skrifarar í samráði við forseta, eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðarbók skal skráð, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð bæjarstjórnarfunda, svo og hver sé fundarritari, og einnig það, sem forseti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

## 7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi, fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar og skulu fundir að jafnaði hefjast kl. 20.00. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess.

## 8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 12.00 þriðjudag næstan fyrir bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og a. m. k. jafnmörgum varabæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir liggja, tillögur sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu afrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði bæjarfulltrúum og varafulltrúum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara, ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðun, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál af dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

## 9. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda skal auglýsa a. m. k. á fimm stöðum víðs vegar um bæinn.

## 10. gr.

Bæjarstjórnarfundir skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfríði, getur forseti látið vísa honum út.

## 11. gr.

Bæjarstjórn getur engan bindandi ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti þeirra, sem þátt taka í atkvæðagreiðslu hverju sinni ræður úrslitum mála, enda taki að minnsta kosti fimm bæjarfulltrúar þátt í atkvæðagreiðslu. Náist ekki fram þátttaka meirihluta bæjarfulltrúa skal atkvæðagreiðsla endurtekin, nafnakall viðhaft eða afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu,

frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningu, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

#### 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

#### 14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls á bæjarstjórnarfundi, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðréttu ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt þá hann talar, nema forseti ákveði, að hann skuli flytja ræðu sína úr ræðustóli.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef  $\frac{2}{3}$  bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

#### 15. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftár til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Bæjarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skal hafa málfrelsi í bæjarstjórnarfundum til jafns við bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum, nema forseti leyfi.

#### 16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að umræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skylt er bæjarfulltrúum að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli teknar á segulband, til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjöllum hennar.

### III. KAFLI

#### Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögleg forföll hamli. Honum er skylt að taka að sér störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma þrúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa og hafa í huga að heill bæjarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmálanna.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans. Með slík erindi skulu þeir snúa sér til bæjarstjóra og skal hann sjá um að umbeðnar upplýsingar verði veittar.



## 21. gr.

Hver bæjarstjórnarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn skv. ákvörðun hennar.

## 22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn, skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

**IV. KAFLI****Bæjarráð.**

## 24. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjorið. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarráðs. Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal það kjósa sér formann og varaformann. Þeir flokkar, sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði mega tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs, með málfrelsi og tillögurétt. Formaður bæjarráðs hefur á hendi undirbúning funda bæjarráðs í samráði við bæjarstjóra. Formaður bæjarráðs stýrir fundum þess. Bæjarráð getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar.

Bæjarráð skal halda fund í viku hverri, að jafnaði á mánudegi. Aukafundi skal halda ef formaður eða bæjarstjóri ákveða það eða ef bæjarráðsmaður óskar þess.

## 25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn Ísafjarðarkaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin, skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð getur þó tekið lokaákvörðun í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

## 26. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Ennfremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, lóða- og fasteignamálum, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnarinnar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

## 27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef það eða bæjarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

## V. KAFLI

### Um bæjarstjóra.

#### 28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma. Ráðningarsamningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningarkjörtímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í bæjarstjórn.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo og að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

#### 29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir og framkvæmd á málefnum bjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skýlt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur í skrifstofu bjarins.

#### 30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn, bæjarráði eða í fastanefndum, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

#### 31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

#### 32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísí því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

#### 33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt í samráði við bæjarráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma. Stendur sú ákvörðun óhögguð, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða, skal bæjarstjórn setja mann til að gegna starfi hans.

## VI. KAFLI

**Endurskoðendur.**

34. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d. liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

35. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 26. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

## VII. KAFLI

**Nefndir:**

36. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtalдар nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir um og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar, í upphafi hvers kjörtímabils.

A.

1. Byggingarnefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
2. Hafnarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. Félagsmálaráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
4. Íþrótt- og æskulýðsráð, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
5. Skólanefnd grunnskóla, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Skólanefnd Íðnskólans, tveir aðalmenn og tveir til vara.
7. Skólanefnd Húsmæðraskólans, tveir aðalmenn og tveir til vara.
8. Hollustunefnd, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
9. Áfengisvarnanefnd, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
10. Náttúru- og umhverfisverndarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
11. Menningarráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
12. Húsafríðunarnefnd, tveir aðalmenn og tveir til vara.
13. Brunamálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
14. Umferðarnefnd, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
15. Atvinnumálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
16. Landbúnaðarnefnd, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
17. Húsaleigunefnd, skv. lögum nr. 44/1979, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
18. Samninganefnd, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
19. Framtalsnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
20. Kjörskrárnefnd, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
21. Stjórn Fjórðungssjúkrahúss og elliheimilis, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.

22. Stjórn Hlífar — íbúða aldraðra —, þrír aðalmenn og þrír til vara.
23. Stjórn Sjúkrasamlags Ísafjarðar, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
24. Stjórn verkamannabústaða, skv. húsnæðislögum.
25. Bókasafnstjórn sem einnig fer með stjórn héraðsskjalasafnsins, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
26. Byggðasafnstjórn, einn aðalmaður og einn til vara.
27. Stjórn félagsheimilis, einn aðalmaður og einn til vara.
28. Stjórn Djúpbátsins hf., tveir aðalmenn og tveir til vara.
29. Kjörstjórnir við alþingis-, forseta- og bæjarstjórnarkosningar:
  - a) Yfirkjörstjórn, þrír aðalmenn og þrír til vara.
  - b) Undirkjörstjórnir, þrír aðalmenn og þrír til vara í hverri undirkjörstjórn.
30. Endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs, hafnarsjóðs, Fjórðungssjúkrahúss, heilsugæslustöðvar, vinnuvéla, vatnsveitu, Lífeyrissjóðs bæjarstarfsmanna, félagsheimilis, Byggingalánasjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, Skíðasvæðis á Seljalandsdal og sorpbrennslustöðvar á Skarfaskeri, tveir aðalmenn og tveir til vara.
31. Fulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn aðalmaður og einn til vara.
32. Fulltrúa í stjórn sorpeyðingarstöðvar, einn aðalmaður og einn til vara.
33. Fulltrúa á aðalfund Reiknistofu Vestfjarða, þrír aðalmenn og þrír til vara.
34. Fulltrúa á aðalfund Hótelis Ísafjarðar, þrír aðalmenn og þrír til vara.
35. Fulltrúa á aðalfund Átaks STÁ, þrír aðalmenn og þrír til vara.
36. Fulltrúa á aðalfund Ferðaskrifstofu Vestfjarða, þrír aðalmenn og þrír til vara.
37. Fulltrúa á aðalfund Íshússfélags Ísfirðinga hf., þrír aðalmenn og þrír til vara.
38. Fulltrúa á aðalfund Hraðfrystihússins hf. í Hnífsdal, þrír aðalmenn og þrír til vara.
39. Fulltrúa á aðalfund Togaraútgerðar Ísafjarðar hf., þrír aðalmenn og þrír til vara.
40. Fulltrúa á aðalfund Gests hf., einn aðalmaður og einn til vara.
41. Fulltrúa á fund Eigendafélags félagsheimilis, þrír aðalmenn og þrír til vara.
42. Fulltrúa í sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu er hafi, ásamt sýslunefndinni, umsjón með styrktarsjóði ekkna og barna þeirra Ísfirðinga sem í sjó drukkna, þrír aðalmenn og þrír til vara.

#### B. Aðrar nefndir skv. skrá.

Nefndir sem starfa á vegum bæjarstjórnar skulu kjósa sér formann. Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn, hið fæsta, óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina saman til fundar eins fljótt og auðið er.

Einnig getur bæjarstjóri boðað að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.

#### 37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verkvið fer eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er óákveðinn, skal litið svo á, að umbod nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórna er á enda, nema um sé að ræða nefnd sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt. Verði breytingar á meirihlutasamstarfi innan bæjarstjórnar getur bæjarstjórn samþykkt að umbod kjörinna nefnda falli niður enda fari fram nýtt nefndakjör innan 8 daga frá þeirri ákvörðun.

## 38. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda sem bæjarstjórn setur í einstök mál lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

## 39. gr.

Byggingarnefnd skipa fjórir menn auk bæjarstjóra sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Að minnsta kosti tveir hinna kjörnu fulltrúa nefndarinnar skulu vera bæjarfulltrúar.

Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingamálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

## 40. gr.

Í hafnarnefnd skulu kosnir fimm aðalmenn þar af tveir úr hópi bæjarfulltrúa og jafnmargir til vara valdir á sama hátt. Nefndin annast hafnarmálefni skv. hafnarlögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs og hefur umsjón með störfum starfsmanna hafnarinnar. Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

## 41. gr.

Í félagsmálaráð skulu kosnir fimm aðalmenn, þar af a. m. k. einn úr hópi bæjarfulltrúa og jafnmargir til vara valdir á sama hátt.

Ráðið skal fjalla um fjölskylduráðgjöf, heimilisþjónustu og heimaþjónustu, framfærslu, dagvistarmál, barna- og unglingavernd og áfengis- og fíkniefnamál, þau er ekki koma til meðferðar áfengisvarnanefndar, og hvers konar almenna félagslega þjónustu sem ekki er falin öðrum sérstaklega.

Félagsmálaráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Framfærslufulltrúi, bæjarstjóri, kveður ráðið saman til fundar um framfærslumál og skulu slíkir fundir skráðir í sérstaka gerðabók.

Félagsmálafulltrúi er starfsmaður ráðsins.

## 42. gr.

Íþrótt- og æskulýðsráð skal skipað fimm aðalmönnum, þar af a. m. k. einum úr hópi bæjarfulltrúa og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs þrjá menn og þrjá til vara en tveir skulu tilnefndir af Íþróttabandalagi Ísafjarðar og tveir til vara. Undir ráðið heyra íþrótt- og æskulýðsmál og starfar það eftir reglugerð sem bæjarstjórn setur.

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi er starfsmaður ráðsins.

## 43. gr.

Í skólanefnd grunnskóla skulu kosnir fimm aðalmenn, þar af a. m. k. einn úr hópi bæjarfulltrúa og jafnmargir til vara, valdir á sama hátt.

## 44. gr.

Hollustunefnd starfar skv. lögum nr. 50/1981. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Hreppsnefndir á starfssvæðinu koma sér saman um aðra tvo og tvo til vara.

## 45. gr.

Áfengisvarnanefnd starfar skv. reglugerð nr. 241/1970.

Áfengisvarnanefnd er skipuð sex mönnum, bæjarstjórn kýs fjóra aðalmenn og fjóra til vara og auk þess skulu formaður félagsmálaráðs og félagsmálafulltrúi eiga sæti í nefndinni.

## 46. gr.

Náttúru- og umhverfisverndarnefnd er bæjarstjórn til ráðuneytis um náttúru- og umhverfismál. Bæjarstjórn skal að jafnaði leita umsagnar nefndarinnar um náttúruverndar- og umhverfismálefni.

## 47. gr.

Í menningarráð skulu kosnir fimm aðalmenn, þar af a. m. k. einn úr hópi bæjarfulltrúa og jafnmargir til vara valdir á sama hátt.

## 48. gr.

Húsafríðunarnefnd skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Bæjarstjórn kýs tvo menn í nefndina og tvo til vara og Sögufélag Ísfirðinga tilnefnir einn mann og einn til vara.

Húsafríðunarnefnd er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun fornra minja og gamalla húsa og skal hún gera tillögur til bæjarstjórnar um þau mál. Húsafríðunarnefnd fer einnig með þau málefni kaupstaðarins sem, skv. lögum, falla undir embætti þjóðminjavarðar eða aðra aðila og lúta fyrrnefndu höfuðverkefni nefndarinnar.

## 49. gr.

Í umferðarnefnd skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin er ráðgefandi um umferðar- og umferðaröryggismál í kaupstaðnum. Forstöðumaður tæknideildar eða staðgengill hans skal að jafnaði sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

## 50. gr.

Í landbúnaðarnefnd skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara og skulu tveir aðalmenn og jafnmargir varamenn kosnir úr hópi starfandi bænda en hinir úr hópi bæjarfulltrúa.

Nefndin sé bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald og landbúnaðarmál. Hún skal einnig sjá um fjallskil og forðagæslu.

## 51. gr.

Samninganefnd um kjarasamninga skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Nefndina skulu skipa tveir bæjarfulltrúar og bæjarstjóri, sem aðalmenn og til vara tveir bæjarfulltrúar og staðgengill bæjarstjóra.

Nefndin kemur fram f. h. bæjarstjórnar í samningum við launþegasamtök og gerir tillögur um samninga til bæjarstjórnar.

Samninganefndarmanni skulu að jafnaði falin þau störf er tengjast samningagerðinni s. s. að vera fulltrúi í starfskjaranefnd og starfsmenntunarsjóði o. s. frv.

## 52. gr.

Í kjörskrárnefnd skulu kosnir þrír fulltrúar og þrír til vara. Nefndin sér um endurskoðun kjörskrárstofns í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar.

## 53. gr.

Stjórn Fjórðungssjúkrahússins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, skulu þrír fulltrúar kjörnir af bæjarstjórn og skal a. m. k. einn þeirra vera úr hópi bæjarfulltrúa og tveir fulltrúar kjörnir af starfsmannaráði sjúkrahússins. Þeir þrír fulltrúar er bæjarstjórn kýs í stjórn F.S.Í. skipa stjórn elliheimilisins.

## 54. gr.

Stjórn Hlífar — íbúða aldraðra — skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Stjórnin fer með stjórnun Hlífar — íbúða aldraðra — og er ábyrg gagnvart

bæjarstjórn um daglegan rekstur hússins og félagsstarf aldraðra. Stjórnin starfar að öðru leyti skv. reglugerð um Hlíf — íbúðir aldraðra — sem bæjarstjórn setur.

### VIII. KAFLI

#### Um starfsmenn bæjarins.

##### 55. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði og forstöðumönnum bæjarstofnana að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo sem sérskilyrði, er gilda skulu um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

### IX. KAFLI

##### 56. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 359 21. júlí 1975 um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31  
2. febrúar 1982.

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 6,45 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 12,90 fyrir hvern rúmmetra vatns. Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 130,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 260,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

26. júlí 1983

Nr. 598

## REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Selfossi.

I. KAFLI

**Gatnagerðargjöld A.**

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum á Selfossi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu lágmarksgjald reiknað af 450 m <sup>3</sup> .....	5,00%
Sama rými umfram 550 m <sup>3</sup> .....	7,00%
Bifreiðageymslur á einbýlishúsalóðum .....	2,50%
Raðhús og tvíbýlishús .....	2,50%
Fjölbýlishús .....	1,50%
Iðnaðarhús í skálabyggingum á einni hæð stærra en 2000 m <sup>3</sup> + kr. 9,60 pr. m <sup>2</sup> lóðar ..	1,75%
Sama, stærð undir 2000 m <sup>3</sup> + 9,60 pr. m <sup>2</sup> lóðar .....	2,00%
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús .....	3,00%
Opinberar byggingar .....	5,00%
Annað húsnæði .....	4,00%



Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta hæð undir þaki (ekki portbyggt íbúðarris) skal aldrei teljast minni að rúmmáli (við útreikning gjalda) en flatarmál hennar margfaldað með 3,30.

Af bifreiðageymslum og öðrum útihúsum á íbúðarlóðum öðrum en einbýlishúsalóðum skal greiða hálf t gjald þeirrar húsgerðar, sem á lóðinni er.

Af gluggalausum kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati bygginganefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

### 3. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð skal lækka gjald skv. 2. gr. vegna nýja hússins, um þá upphæð, sem svarar til rúmmáls hússins, sem rífið var. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 2. gr.

### 4. gr.

Gjald samkv. 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins eins og hann kann að vera þann dag er lóðarúthlutun fer fram og lágmarksgjald er reiknað út, og eins og hann kann að vera þegar teikning er endanlega samþykkt í byggingarnefnd og lokagjald reiknað út. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytingu.

### 5. gr.

Gjald skal miðað við stærð húss, samkv. samþykktum teikningum. Nú er ekki fyrirleggjandi teikning og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, sé slíkt ekki ákv. í skipulagi skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús .....	450 m <sup>3</sup>
Íbúðir í raðhúsum og tvíbýlishúsum .....	300 m <sup>3</sup>
Íbúðir í fjölbýlishúsum .....	180 m <sup>3</sup>

Aðrar byggingar skv. 2. gr. skal ákvarða til lágmarksstærðar af byggingafulltrúa í hverju tilviki fyrir sig.

Gjald skv. lágmarksstærðum, lágmarksgjald skal greiða innan eins mánaðar frá lóðarúthlutun.

Þegar teikning liggur fyrir og hlýtur samþykki í bygginganefnd, skal lokagjald reiknað út, og gjaldfellt og skal greiða það innan eins mánaðar frá gjaldþaga.

Með lokagjaldi er átt við endanlega m<sup>3</sup> stærð húsnæðis, m<sup>3</sup> stærð bifreiðageymslu og annars húsnæðis er ekki hefur áður verið greitt fyrir í lágmarksgjaldinu, einnig stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsis og byggingarleyfisgjald skv. gjaldskrá.

Með lágmarksgjaldi er átt við gjald miðað við m<sup>3</sup> stærð húsnæðis skv. ofanskráðum lágmarksstærðum.

Þegar byggt er á eignarlóð, eða eldra hús stækkað, skal greiða gjaldið áður en byggingarframkvæmdir hefjast.

Byggingarframkvæmdir verða ekki leyfðar nema fullnaðaruppgjör hafi farið fram.

Þeijarráði er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar og veita greiðslufrest, ef um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila.

## 6. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 5. gr. fellur lóðaúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarráð þá úthlutað lóðinni á ný.

## 7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi þ. e. þeim m<sup>3</sup> fjölda er áður hefur verið greiddur, á því rúmmetragjaldi er gildir sbr. 2. gr. Þegar lóð er skilað. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því lóðinni er skilað.

Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innistæðu hans, er ógreidd kann að vera 3 mánuði eða lengur. Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum skal sama gilda, utan að innistæða hans, verði heimild til frestunar greiðslu notuð, ber ekki vexti.

## 8. gr.

Gjöld samkv. 2. gr. breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins, eins og hún er reiknuð af Hagstofu Íslands.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar skal reikna gjaldið að nýju en áður greitt gjald kemur til frádráttar þ. e. sama rúmmetratala og greidd hafði verið.

Sé gjald ekki greitt innan eins mánaðar sbr. 5. gr. skal endurreikna það eftir þann tíma, til samræmis við hugsanlega breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins sbr. 2. gr.

Komi til að gjald sem greitt er skv. lágmarksstærðum, lágmarksgjald, reynist hærra í krónutölu en lokagjaldið skal endurgreiða mismuninn á raunvirði, vaxtalaust. Lokagjald vegna einbýlishúsa, verður þó aldrei reiknað lægra en af 450 m<sup>3</sup> sbr. 2. gr.

## II. KAFLI

**Gatnagerðargjöld B.**

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera bundið slitlag á götu.

## 9. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkun eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð á Selfossi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu .....	1,50%
Raðhús og tvíbýlishús .....	1,15%
Fjölbýlishús .....	0,75%
Atvinnuhúsnæði .....	0,75%
Opinberar byggingar .....	1,50%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og skv. 2. gr.

## 11. gr.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fer fram. Nú verður hús byggt við þegar

fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafli, öðrum en lagningu gangstétta, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða 66% gjaldsins með þremur jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu 3 ár á eftir, enda séu þá greiddir sömu vextir og af lánum Bygðasjóðs á hverjum tíma.

Heimilt er bæjarráði að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, seld skal bæjarráði heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

#### 12. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoskaupstaðar staðfestist hér með skv. lögum nr. 51 frá 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld nógildandi reglugerð nr. 626 frá 28. október 1981 um gatnagerðargjöld á Selfossi.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir heimaþjónustu aldraðra.**

### Heimilishjálp.

#### 1. gr.

Fyrir hverja unna vinnustund, sem aldraður fær í heimilishjálpi, skal greiða gjald sem nemur hálfu dagvinnutímakaupi í 4. launaflokki samkvæmt aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB frá 3. september 1982 (kr. 64,81 frá 1. júní 1983) að viðbættu orlofi.

Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða lægra gjald en 1. mgr. gerir ráð fyrir, enda beri sveitarsjóður að fullu þann kostnaðarauka sem því fylgir.

#### 2. gr.

Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, tekjutryggingu og aðrar uppbætur almannatrygginga.

## 3. gr.

Aldrei skal innheimta hærra gjald fyrir heimilishjálp en sem nemur 3/4 af tekjum umfram tekjulágmark 2. gr.

## 4. gr.

Að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra er rekstraraðila heimilt að gefa eftir að hluta greiðslu fyrir veitta heimilishjálp, enda sé heimilishjálpin veruleg. Skal þá tekið tillit til efnahags og annarra aðstæðna.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 27. gr. laga nr. 91/1982 um málefni aldraðra og öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. ágúst 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 600

## REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda, fyrir árið 1982.

**Tekju- og gjaldareikningur.**

Iðgjöld .....	kr.	56.586.344,53
Iðgjöld framleiðenda 1982 skv. áætl. ....	—	15.277.000,00
Iðgjöld neytenda 1982 .....	—	28.220.000,00
Iðgjöld framl. 1981, tilfærsla .....	—	÷ 23.770,55
Eldri iðgjöld .....	—	59.736,45
Iðgjöld launþega .....	—	51.052,49
Iðgjöld vinnuveitenda .....	—	79.973,51
Réttindaflutningur .....	—	÷ 24.709,20
Framlag Ríkissjóðs Íslands v/líf.gr. ....	—	8.090.981,34
Framlag Stofnlánadeildar landb. v/líf.gr. ....	—	4.856.080,49
Lífeyrisgreiðslur .....	kr.	36.194.907,49
Iðgjöld — lífeyrisgreiðslur .....	kr.	20.391.437,04
Framlag umsjónarnefndar eftirlauna .....	kr.	13.519.969,34
Framlag vegna eftirlauna .....	kr.	15.505.474,66
Endurgr. 5% iðgjaldaframlag 1981 .....	—	64.494,68
5% iðgjaldaframlag 1982, áætlað .....	—	÷ 2.050.000,00

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	kr.	343.798,00
Vaxtatekjur	kr.	11.123.157,24
Fjármagnsgjöld	—	÷ 31.689,24
Gjaldfærsla skv. 53. gr. skattalaga	—	÷ 10.747.670,00
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	kr.	÷ 770.913,66
Laun	kr.	÷ 364.066,53
Annar kostnaður	—	÷ 406.847,13
Afskriftir	kr.	÷ 2.387,53
Tekjur til ráðstöfunar	kr.	33.481.903,19
Iðgjöld sjóðfélaga skv. áætlun	kr.	15.277.000,00
Aðrar tekjur til ráðstöfunar	—	18.204.903,19

### Efnahagsreikningur 31. desember 1982.

#### Eignir:

Handbært fé, bankainnstæður	kr.	9.394.215,55
Skammtímakröfur	kr.	16.043.619,60
Útistandandi iðgjöld skv. áætlun	kr.	11.082.125,31
Ríkissjóður Íslands v/framl. neytenda	—	3.156.000,00
Umsjónarnefnd eftirlauna, viðsk.reikn.	—	1.254.177,95
Stofnlánadeild landbúnaðarins, hluti í eftirlaunum greiddum af Umsjónarnefnd eftirlauna		206.744,00
Ríkissjóður Íslands, hluti í eftirlaunum greiddum af Umsjónarnefnd eftirlauna		344.572,34
Veltufjármunir	kr.	25.437.835,15
Skuldabréf	kr.	249.247.849,89
Skuldabréf, vísitölutryggð	—	232.091.417,09
Spariskírteini ríkissjóðs	—	7.890.600,00
Skuldabréf, óverðtryggð	—	9.265.832,80
Skrifstofuáhöld og húsgögn	kr.	10.832,00
Fastafjármunir	kr.	249.258.681,89
Eignir samtals	kr.	274.696.517,04

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1982 og efnahagsreikning 31. desember 1982, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins.

Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 8. mars 1983.

Vígfús Gunnarsson, lögg. endurskoðandi. Einar Sverrisson.

### Skuldir og eigið fé 31. desember 1982.

Iðgjaldareikningar sjóðfélaga, staða við lok ársins 1981 .....	kr.	30.226.459,72
Iðgjaldasjóður sjóðfélaga 1982, innh. áætluð .....	—	15.277.000,00

#### Endurmatsreikningur:

Staða 1. jan. 1982 .....	kr.	90.705.632,19	
Endurmat 1982 .....	—	94.908.898,41	
			— 185.614.530,60

#### Óráðstafað eigið fé:

Staða 1. jan. 1982 .....	kr.	35.627.548,09	
Tekjur til ráðstöfunar 1982 .....	—	18.204.903,19	
÷ Hækkun iðgjaldareikninga sjóðfélaga vegna ársins 1981 .....	—	÷ 10.253.924,56	
			— 43.578.526,72

Eigið fé samtals Kr. 274.696.517,04

Reykjavík, 8. mars 1983.

Póroúlfur Kristján Beck,  
framkvæmdastjóri.

Stjórn:

Gunnar Guðbjartsson.  
Sigurður Jónsson.

Guðmundur Skaptason.

Guðjón Hansen.  
Ásgeir Bjarnason.

Nr. 601

## REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskípum fyrir árið 1982.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1982.

#### Iðgjöld

Iðgjöld ársins .....	kr.	79 780 071,63
Endurtryggingargjöld .....	—	(46 231 526,11)
		<u>Eigin iðgjöld</u> kr. 33 548 545,52

**Tjón**

Tjón ársins .....	kr.	(76 852 976,83)	
Hluti endurtryggienda í tjónum .....	—	44 609 838,30	
			<u>Eigið tjón</u> kr. (32 243 138,53)
			<u>Iðgjöld ÷ tjón</u> kr. 1 305 406,99

**Umboðslaun**

Fengin umboðslaun og ágóðahluti .....	kr.	4 440 653,13	
Greidd umboðslaun og ágóðahluti .....	—	(4 421 043,04)	
			<u>kr.</u> 19 610,09
			<u>Iðgjöld ÷ tjón ÷ umboðslaun</u> kr. 1 325 017,08

**Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður**

Laun og launatengd gjöld .....	kr.	(2 604 450,23)	
Annar kostnaður .....	—	(902 707,69)	
			<u>kr.</u> (3 507 157,92)
Aðstöðu- og kirkjugarðsgjald .....			<u>kr.</u> (1 202 673,00)
			<u>kr.</u> (3 384 813,84)

**Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)**

Vaxtatekjur og verðbætur .....	kr.	4 209 531,50	
Gengishagnaður .....	—	2 003 075,67	
Vaxtagjöld .....	—	(4 100,00)	
Rekstrarkostnaður fasteigna .....	—	(223 174,05)	
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	—	(291 280,00)	
			<u>Hreinar fjármunatekjur (gj)</u> kr. 5 694 053,12
			<u>Tekjur fyrir verðbreytingafærslu</u> kr. 2 309 239,28

**Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga**

	kr.	(5 346 173,00)
		<u>Rekstrarhalli ársins</u> kr. (3 036 933,72)

**Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1982.****Eignir:****Veltufjármunir****Bankainnstæður:**

Bankainnstæður á hlaupareikningum .....	kr.	102 225,97
Bankainnstæður á sparisjóðsbókum .....	—	3 042 233,11
		<u>Bankainnstæður</u> kr. 3 144 459,08

**Skammtímakröfur:**

Innlend váttryggingarfélag, geymslufé .....	kr.	32 839 738,45
Aðrir innlendir skuldunautar .....	—	10 068 144,61
Erlendir skuldunautar .....	—	97 021,00
Víxileignir .....	—	234 053,44
Fyrirfram greidd laun .....	—	31 571,00
	kr.	43 270 528,50
Áfallnir vextir og gjaldfallnir 31.12. 1982 .....	kr.	2 446 242,00
Skammtímakröfur	kr.	45 716 770,50
Veltufjármunir alls	kr.	48 861 229,58

**Fastafjármunir**

## Varanlegir rekstrarfjármunir:

Skrifstofuhúsgögn, vélar og áhöld .....	kr.	4 112 067,00
Bifreið .....	—	154 345,00
Fasteignir .....	—	876 777,00
Varanlegir rekstrarfjármunir	kr.	5 143 189,00

**Áhættufjármunir**

Innlend verðbréf .....	kr.	8 510 990,59
Hlutabréf innlend .....	—	4 750,00
Áhættufjármunir	kr.	8 515 740,59
Fastafjármunir alls	kr.	13 658 929,59

**Hluti endurtryggjenda í tryggingasjóði**

Iðgjaldasjóður .....	kr.	894 607,00
Bótasjóður .....	—	37 403 173,00
Hluti endurtr. í tryggingasjóði	kr.	38 297.780,00
Eignir alls	kr.	100 817 939,17

**Skuldir og eigið fé:****Skammtímaskuldir**

Sjávarútvegsráðuneytið .....	kr.	911 829,00
Innlend váttryggingarfélag, geymslufé .....	—	16 286 002,22
Aðrir innlendir skuldheimtumenn .....	—	956 504,90
Erlendir skuldheimtumenn .....	—	994 232,47
Ógreiddir skattar .....	—	1 346 013,94
Skammtímaskuldir alls	kr.	20 494 582,53



**Tryggingasjóður**

Iðgjaldasjóður .....	kr.	3 065 000,00
Bótasjóður .....	—	60 660 829,00
	Tryggingasjóður alls	kr. 63 725 829,00

**Áhættusjóður**

Áhættusjóður .....	kr.	755 584,60
	kr.	755 584,60

**Eigið fé**

Endurmatsreikningur .....	kr.	11 306 901,34
Óráðstafað eigið fé .....	—	4 535 041,70
	Eigið fé alls	kr. 15 841 943,04

Skuldir og eigið fé alls kr. 100 817 939,17

Reykjavík, 23. júní 1983.

Stjórn:

Matthías Bjarnason,  
Jón Sigurðsson, Egill Þorfinnsson.  
Ágúst Flygenring, Birgir Finnsson,

Forstjóri:

Páll Sigurðsson.

**REIKNINGUR**

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1982 (Aldurslagasjóður).

**Rekstrarreikningur fyrir árið 1982.****Árgjöld**

Árgjöld ársins .....	kr.	8 252 048,11
----------------------	-----	--------------

**Tjón og bætur**

Alskaðabætur v/úreldingar .....	kr.	(3 922 600,00)
Viðgerðarbætur .....	—	(31 006,00)

kr. (3 953 606,00)

Árgjöld ÷ tjón kr. 4 298 442,11

**Fjármunatekjur ÷ Fjármunagjöld**

Vaxtatekjur .....	kr.	4 243 250,73
Vextir v/bótagr. ....	—	0,00
	kr.	4 243 250,73

**Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður**

Pátttaka í kostnaði Samábyrgðar .....	kr.	(667 186,87)
Annar rekstrarkostnaður .....	—	(41 383,30)
	kr.	(708.570,17)

**Óregluleg gjöld**

Afskrifuð árgjöld .....	kr.	(1 114,79)
	kr.	(1 114,79)

Hagnaður til ráðstöfunar kr. 7 832 007,88

**Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1982.****Eignir:****Veltufjármunir**

Innstæða á hlaupareikningum .....	kr.	210 437,42
Innstæða á sparisjóðsbókum .....	—	7 440 777,31
Innstæða á vaxtaaukareikningum .....	—	2 187 252,58
Innstæða á verðtr.reikningum .....	—	5 423 455,73
	kr.	15 261 923,04

**Skammtímakröfur**

Útistandandi iðgjöld .....	kr.	3 858 179,01
Samábyrgð Íslands .....	—	845 199,00
Aðrir innlendir skuldunautar .....	—	15 938,42
Víxileign .....	—	0,00
	kr.	4 719 316,43

Veltufjármunir alls kr. 19 981 239,47

**Fastafjármunir**

Skrifstofuáhöld .....	kr.	113 322,00
Rakaeyðingartæki .....	—	499 842,00

Fyrningar pr. 31.12. 1982 kr. 613 164,00

— 551 847,00

**Áhættufjármunir og langtímakröfur**

Innlend verðbréf .....	kr.	700,00
------------------------	-----	--------

Fastafjármunir alls kr. 62 017,00

Eignir alls kr. 20 043 256,47

## Skuldir og eigið fé:

**Skammtímaskuldir**

Tryggingasjóður fiskiskipa .....	kr.	2 744 295,00
Samábyrgð Íslands .....	—	0,00
Aðrir innlendir skuldheimtumenn .....	—	73 497,62
Ógreiddar bætur .....	—	94 410,83
		<hr/>
Skammtímaskuldir alls	kr.	2 912 203,45

**Áhættusjóður**

Áhættusjóður .....	kr.	861 825,03
Lagt í áhættusjóð á árinu .....	—	783 200,00
		<hr/>
Áhættusjóður alls	kr.	1 645 025,03

**Eigið fé**

Endurmatsreikningur .....	kr.	60 681,60
Óráðstafað eigið fé .....	—	15 425 346,39
		<hr/>
Eigið fé alls	kr.	15 486 027,99

Skuldir og eigið fé alls	kr.	20 043 256,47
--------------------------	-----	---------------

---

Reykjavík, 27. júní 1983.

Í stjórn Aldurslagasjóðs:

Matthías Bjarnason,  
 Ágúst Flygenring, Bigir Finnsson,  
 Jón Sigurðsson, Egill Þorfinnsson.

**REIKNINGUR**

Útvegsbanka Íslands.

**REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 1982****Rekstartekjur:**

## Vaxtatekjur:

Vextir og verðbætur af útlánum .....	Kr.	375 075 222
Vextir af bundnu fé í Seðlabanka .....		80 402 287
Aðrar vaxtatekjur .....		122 092 921
		<hr/>
		577 092 921

## Aðrar tekjur:

Póknun og þjónusta .....	31 701 357
Ýmsar tekjur .....	9 488 615
	<hr/>
	41 189 972

Rekstrartekjur alls	618 760 402
---------------------	-------------

**Rekstrargjöld:**

## Vaxtagjöld:

Veltiinnlán .....	19 532 302
Spariinnlán .....	238 338 020
Seðlabankinn .....	151 096 632
Ýmis vaxtagjöld .....	76 355 961
	<hr/>
Vaxtagjöld alls	485 322 915

Hagnaður eftir rekstrartekjur og vaxtagjöld .....	133 322 487
Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga ársins .....	(33 333 000)
	<hr/>
	100 104 487

## Önnur rekstrargjöld:

Laun yfirstjórnar og starfsfólks .....	51 060 158
Launatengd gjöld .....	9 535 173
Rekstur fasteigna .....	8 387 906
Annar rekstrarkostnaður .....	23 255 752
Afskrifað af útlánum .....	62 900
Fyrning varanlegra rekstrarfjármuna .....	3 399 085
	<hr/>
Önnur rekstrargjöld samtals	95 700 974

## Skattar ársins:

Skattur af gjaldeyrissölu .....	10 744 100
Skattur á innlánsstofnanir .....	5 001 695
Landsútsvar .....	1 030 360
Sérstakur skattur á atvinnuhúsnaði .....	786 150
	<hr/>
Skattur ársins alls	17 562 305

Hagnaður (tap) til ráðstöfunar .....	(13 158 792)
--------------------------------------	--------------

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1982****Eignir:***Sjóður og bankainnstæður:*

Sjóður .....	Kr. 4 555 858
Viðskiptabankar .....	31 590
Seðlabanki, bundið fé .....	245 331 398
Seðlabanki, gjaldeyrisreikningur .....	110 602 362
Seðlabanki, viðskiptareikningur .....	
	<hr/>
Sjóður og bankainnstæður alls	360 521 208

*Erlendar eignir:*

Sjóður .....	6 732 026
Viðskiptabankar .....	101 759 943
Víxlar .....	515 385
	<hr/>
Erlendar eignir alls	109 007 354
	<hr/>

*Útlán:*

Innleystar ábyrgðir .....	18 465 238
Yfirdráttarlán .....	172 938 809
Afurða- og rekstrarlán .....	481 968 960
Víxillán .....	112 489 251
Verðtryggð lán .....	333 768 892
Skuldabréfalán .....	203 980 921
	<hr/>
Útlán alls	1 323 612 071
	<hr/>

*Ýmsir eignarliðir:*

Endurlánað erlent lánsfé .....	707 103 317
Áfallnir vextir og verðbætur .....	108 406 388
Langtímakostnaður .....	1 946 067
Hlutfé og stofnfé .....	1 863 220
Ýmsir eignarliðir .....	24 358 358
	<hr/>
Ýmsir eignarliðir alls	843 677 350
	<hr/>

*Varanlegir rekstrarfjármunir:*

Fasteignir .....	109 328 759
Áhöld og búnaður .....	15 614 429
	<hr/>
	124 943 188
Fyrningar alls .....	(6 592 685)
	<hr/>
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	118 350 503
	<hr/>

*Eignir alls* 2 755 168 486

**Skuldir og eigið fé:***Veltiinnlán:*

	Kr.
Hlaupareikningur .....	103 154 517
Ávísanareikningar .....	40 115 430
	<hr/>
Veltiinnlán alls	143 269 947
	<hr/>

*Spariinnlán:*

Almennar sparisjóðsbækur .....	346 823 219
Sparireikningar .....	91 082 526
Verðtryggðir reikningar .....	308 350 243
Spariinnlán alls	<u>746 255 988</u>
Gjaldeyrisinnlán .....	109 131 024
Innlán alls	<u>998 656 959</u>

*Seðlabanki Íslands:*

Viðskiptareikningur .....	56 973 499
Endurseld afurðalán .....	359 223 731
Víxlar og önnur endurseld lán .....	288 352 907
Seðlabankinn alls	<u>704 550 137</u>

*Erlendar skuldir:*

Viðskiptabankar .....	139 605 729
Erlent lánsfé endurlánað .....	678 139 534
Erlendar skuldir alls	<u>817 745 263</u>

*Ýmsir skuldaliðir:*

Innlent lánsfé, endurlánað .....	0
Viðskiptabankar .....	924 465
Innheimt fé fyrir aðra .....	2 700 366
Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir .....	13 873 674
Ýmsir skuldaliðir .....	20 814 353
Ýmsir skuldaliðir alls	<u>38 312 858</u>
Skuldir alls	<u>2 559 265 217</u>

*Eigið fé:*

Stofnfé .....	50 073 154
Varasjóður .....	12 575 980
Húsbyggingasjóður .....	0
Endurmatsreikningur .....	133 054 735
Óráðstafað 31/12 1982 .....	199 400
Eigið fé alls	<u>195 903 269</u>
<i>Skuldir og eigið fé alls</i>	<u>2 755 168 486</u>

Utan efnahags:

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	325 530 000
Seðlabanki Íslands. skuldbinding .....	47 725 000

Reykjavík, 10. febrúar 1983.

Bankastjórn:

**Jónas G. Rafnar**

**Ármann Jakobsson**

**Bjarni Guðbjörnsson**

*Sverrir Matthíasson, aðalbókari*

Með vísan til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda bankans samþykkir bankaráð ársreikninginn.

Reykjavík, 10. febrúar 1983.

Albert Guðmundsson

Guðmundur Karlsson

Alexander Stefánsson

Garðar Sigurðsson

Arnbjörn Kristinsson

Ársreikning þennan fyrir Útvegsbanka Íslands höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning 31. desember 1982, rekstrarreikning fyrir árið 1982, skýringar nr. 1 — 18 og sérgreindan efnahagsreikning fyrir aðalbanka og útibú.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri bankans á árinu 1982 og efnahag hans 31. desember 1982.

Reykjavík, 10. febrúar 1983.

*Haukur Harðarson*

*Ingi R. Jóhannsson*  
*Lögg. endurskoðandi*

Með skírskotun til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast ársreikningurinn réttur.

Reykjavík, 17. febrúar 1983.

*Tómas Árnason.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhapp-  
drætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmíða er kr. 1200,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 100,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 424 12. júlí 1982.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. ágúst 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

4. ágúst 1983

Nr. 605

## AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. ágúst 1983 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi fellt aðalskipulag Reyðarfjarðarhrepps sem staðfest var af félagsmálaráðherra 29. mars 1976 sbr. auglýsingu nr. 97/1976 í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

3. ágúst 1983

Nr. 606

## REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Húsavík.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.



## 2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsaloðnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna og holræsagerðar .....	80%
Til vatnsveitu .....	20%

## 3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	4,0%
Raðhús og keðjuhús .....	2,5%
Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum .....	2,0%
Fjölbýlishús með 5 íbúðum o. fl. ....	1,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar, opinberar byggingar .....	4,5%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur .....	1,5%
Gripahús .....	1,0%

Af kjöllumur og jarðhæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálf gjald. Gjald skal miða við stærð húsa skv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirbyggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, keðjuhús .....	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús .....	300 m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 m, nema uppdráttur sýni annað. Áætlað skal nýtingarhlutfall lóðar 0,1–0,5 eftir nánari ákvörðun bygginganefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda þegar hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

## 4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. grein skulu breytast til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu gefinni út af Hagstofu Íslands.

## 5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 70% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu verðtryggðar samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar og greiðast þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðarúthlutun.

## 6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbýggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

## 7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færast í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið

aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði á einum rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi.

## 8. gr.

Byggingarfrestur er 8 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest. Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu gatnagerðargjalds. Almennir innlánsvextir verða greiddir, frá greiðsludegi gatnagerðargjaldsins, til þess tíma er lóðin er endurgreidd.

## 9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu síðar vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

## 10. gr.

Bæjarráði er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjöld af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

## 11. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. grein, þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	2,25%
Raðhús, keðjuhús .....	1,75%
Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum .....	1,50%
Fjölbýlishús með 5 íbúðum og fleiri .....	0,60%
Verslunar-, skrifstofu- og opinberar byggingar .....	2,50%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur .....	1,00%
Gripahús .....	0,60%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 4,00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignaskráningu.

## 12. gr.

Gjöld samkvæmt 10. gr. skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu.

## 13. gr.

Ganga skal frá greiðslum á B-gatnagerðargjaldi samkvæmt 10. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðið. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags. 20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdarárinu. Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki. 80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með skuldabréfi, sem greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign og ákveður bæjarráð við hverja álagningu með hvaða lánskjörum skuldabréfin skulu vera. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila. Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna

innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það. Lokagreiðsla af skuldabréfunum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu sem viðkomandi fasteign er skráð við. Bæjarráð ákveður við hverja álagningu hver staðgreiðsluafsláttur skuli vera.

## 14. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

## 15. gr.

Bæjarráði er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 13. grein í eftirfarandi tilfellum:

- a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða að fullu.
- b. Þegar greiða skal á sama tíma A-gjald og B-gjald, sbr. 15. gr.
- c. Þegar í hlut eiga efnalitlir og/eða örorkulífeyrisþegar.

## 16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingafjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Bæjarráð sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 232 frá 26. maí 1978 um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu.

## 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Hofsóshreppi eftir því sem segir nánar í samþykkt þessari.

## 2. gr.

Gatnagerðargjald vegna undirbyggingar, varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, miða skal við utanmál húsa og lofthæð 2,70 m á íbúðarhúsum en 3,30 m í atvinnuhúsnæði, nema uppráttur sýni minna.

## 3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á m<sup>3</sup> eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús og raðhús .....	5,0%
Fjölbýlishús .....	3,5%
Verslanir og skrifstofuhúsnæði .....	5,0%
Iðnaðarhús, vörugymslur og atvinnuhúsnæði .....	3,5%
Opinberar byggingar .....	5,0%
Önnur hús skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar .....	3,0—5,0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m<sup>3</sup>.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 20,00 af hverjum fermetra lóðar.

## 4. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verk fer fram, skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

## 5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skal vera samkvæmt kjörum Bygðasjóðs í samræmi við kjör þau er hann veitir lán til varanlegrar gatnagerðar.

## 6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

## 7. gr.

Skuldabréfin sem gefin kunna að verða út vegna gatnagerðargjalda skulu vera með veði í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

## 8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gjalda af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóma að stríða. Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

## 9. gr.

Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hofsóshrepps í Skagafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. ágúst 1983 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hafnarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Höfn sem félagsmálaráðuneytið staðfesti 9. maí 1949.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. ágúst 1983.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 609

11. ágúst 1983

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

1. gr.

1. málsg. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 538 26. ágúst 1982, orðist svo:  
Verð hverrar getraunaraðar er kr. 2,50.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. ágúst 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 610

2. ágúst 1983

## REGLUGERÐ

### um bifreiðastöður í Mosfellshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Mosfellshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu:

Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum og vörubifreiðum, sendiferða- og fólksflutningabifreiðum, sem eru 2 ½ tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og

umráðamönnum þessara tækja er skylt að nota sérstaklega merkt bílastæði sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. ágúst 1983.

*Lögreglustjórinn í Kjósarsýslu, 2. ágúst 1983.*

**Einar Ingimundarson.**

Nr. 611

## REIKNINGUR

### Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1982.

#### A. Rekstrarreikningur.

Gjöld:	kr.
Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr. ....	314 249 650
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr. ....	15 227 000
Fólksfækkunarframlög til sveitarfél. skv. 16. gr. ....	3 352 400
Samband ísl. sveitarfélaga, framlag, 1% af alm.t. ....	3 704 957
Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag, 1% af alm.t. ....	3 704 957
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag, 5% af vergum tekjum ....	18 527 416
Húsfriðunarsjóður, framlag ....	556 699
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag ....	834 814
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga ....	173 920
Eftirlaunasjóður aldraðra í stéttarfélögum ....	5 729 745
Afgangur fluttur á höfuðstól ....	4 486 756
Alls kr.	<u>370 548 314</u>

Tekjur:	kr.
Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu ....	263 294 027
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu ....	63 622 204
Landsútsvör:	
Bankar ....	4 434 182
Aðrir ....	52 180 798
÷ hluti sveitarfélaga ....	13 035 471
Sérstakur tekjuskattur:	
Kísiliðjan h.f. og Johns Manville ....	1 677 426
÷ til Húsavíkurkaupstaðar ....	952 360
÷ til Skútustaðahrepps ....	725 066
Samtals kr.	<u>370 495 740</u>
Vaxtatekjur ....	52 574
Alls kr.	<u>370 548 314</u>

**B. Efnahagsreikningur.**

Eignir:		kr.
<b>Greiðslufjárreikningar:</b>		<b>60 433 453</b>
Óinnheimtar tekjur hjá gjaldendum ríkissjóðs .....		41 731 272
Ríkissjóður, viðskiptareikningur .....		18 312 895
Sveitarfélög, viðskiptareikningar .....		66 689
Gjaldendur landsútsvara .....		127 420
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík .....		195 177
<b>Lánareikningar:</b>		<b>38 804 858</b>
Innheimtustofnun sveitarfélaga .....		38 802 358
Skútustaðahreppur .....		2 500
	Alls kr.	<u>99 238 311</u>
Skuldir:		kr.
<b>Greiðslufjárreikningar:</b>		<b>84 301 755</b>
Samband íslenskra sveitarfélaga .....		167 741
Lánasjóður sveitarfélaga .....		397 446
Innheimtustofnun sveitarfélaga .....		834 814
Landshlutasamtök sveitarfélaga .....		191 741
Sveitarfélög, viðskiptareikningar .....		34 800
Ríkissjóður .....		194 024
<i>Framlagsfé til sveitarfélaga:</i>		
Af óinnheimtum tekjum:		
Í ársbyrjun .....	25 918 228	
Af rekstrarreikningi 1982 .....	15 813 044	41 731 272
Af innheimtum tekjum:		
Í ársbyrjun .....	32 241 172	
Af rekstrarreikningi 1982 .....	317 016 006	
	Samtals kr.	<u>349 257 178</u>
Úthlutað á árinu 1982 .....	308 507 261	40 749 917
<b>Eiginfjárreikningar:</b>		<b>14 936 556</b>
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		10 449 800
Endurmat vegna gjaldmiðilsbreytingar .....		—
Tekjuafgangur .....		4 486 756
	Alls kr.	<u>99 238 311</u>

Reykjavík, 10. ágúst 1983.

**Hallgrímur Dalberg.**Lára Hafliðadóttir.

## Auðlýsing

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. ágúst 1983 staðfest eftirtaldar breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1972—1993:

1. Breytt lega Skarðshlíðar í Hlíðahverfi.
2. Íþróttasvæði Þórs nánar afmarkað.
3. Stofnanasvæði við íþróttasvæðið og Skarðshlíð fellt niður.
4. Gróðrarstöð komi á svæði austan Hörgárbrautar, norðan Undirhlíðar í stað útivistarsvæðis og svæðis fyrir íbúðir og stofnanir.
5. Langholt framlengist til suðausturs og tengist Undirhlíð.
6. Íbúðasvæði meðfram Miðholti milli Stafholts og Krossanesbrautar falli niður.
7. Gróðrarstöð komi við Þrastarlund í stað áður ráðgerðs útivistarsvæðis og leikvallar.
8. Dælistöð Hitaveitu Akureyrar ætlaður staður sunnan við Dvalarheimilið Hlíð.
9. Tengibraut færast suður fyrir lóð Hitaveitu Akureyrar.
10. Einbýlishúshverfi komi sunnan Suðurbyggðar en norðan tengibrautar á svæði sem áður var merkt: „Skipulagi frestað.“
11. Verkmenntaskóli komi sunnan tengibrautar á svæði sem áður var merkt: „Skipulagi frestað.“

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um starfrækslu talstöðva í landfarstöðvafjónustu í metra- og desimetrabylgjusviðinu.

1. gr.

Póst- og símamálastofnunin (hér eftir skammstafað P og S) veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum heimild til að nota tíðnir í metra- og desimetrabylgjusviðinu fyrir landfarstöðvafjónustu.

Í landfarstöðvafjónustunni fara fram þráðlaus fjarskipti milli fastastöðva (móðurstöðva) og farstöðva eða milli farstöðva. Farstöðvar þær, sem hér um ræðir, eru í farartækjum á landi eða eru burðar- eða handstöðvar. Fjarskipti milli fastastöðva í tíðnisviðum farstöðvafjónustu eru óheimil.

Bylgjusvið þau, sem hér um ræðir, ná frá 153,5 til 174 og frá 453 til 470 MHz.

2. gr.

Í landfarstöðvafjónustunni má velja um þáttöku á bílasímapjónustu P og S eða uppsetningu eigin lokaðra farstöðvakerfa.



Í bílasímanum eru notaðar tíðnir í sviðinu 153,5 — 174 MHz. Gert er ráð fyrir samtímistali til þess að hægt sé að tengja farstöðvar við símakerfið um móðurstöðvar P og S og með aðstoð afgreiðslu, sem fyrst um sinn verður handvirk. Móðurstöðvarnar og farstöðvarnar nota mismunandi tíðnir fyrir sendingu og viðtöku og eru senditíðnir móðurstöðvanna milli 153,500 og 154,725 MHz en senditíðnir farstöðvanna milli 162,700 og 163,925 MHz.

Talstöðvareigendur sem ekki óska eftir tengingu við símakerfið eða umsvifa sinna vegna vilja reka eigið lokað farstöðvakerfi fá heimild til að nota fyrir starfsemi sína eina eða fleiri sértíðnir í metra- eða desimetrabylgjusviðinu.

Heimilt er að veita opinberum aðilum, sem gegna hlutverki á sviði löggæslu, sjúkraflutninga, almannavarna og vega- og rafmagnsþjónustu, undanþágu til að nota tíðnir bílasímabjónustu ásamt sértíðnum sínum. Þessi undanþága skal veitt til að koma í veg fyrir óþarfa fjárfestingu hins opinbera í móðurstöðvum víðs vegar um landið. Það er sett sem skilyrði að viðkomandi aðili hafi aðskildar sendi- og móttökutíðnir sem sértíðnir.

### 3. gr.

Væntanlegir notendur í bílasíma P og S og notendur sértíðna skulu fylla út umsóknar-eyðublöð P og S og senda stofnuninni. Á eyðublöðunum skulu vera reitir fyrir þær upplýsingar, sem umsækjendur verða að gefa til þess að hægt sé að gefa út leyfisbréf þeim til handa. Radióeftirlitið gefur út leyfisbréf fyrir hverja talstöð, þegar kannað hefur verið, hvort umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem sett eru í þessum reglum. Bílasímanúmeri er úthlutað um leið og leyfisbréf er gefið út. Útgáfa leyfisbréfs má ekki dragast að óþörfu eftir móttöku fullnægjandi umsóknar frá notanda. Bannað er að starfrækja far- og móðurstöðvar nema fengist hafi til þess leyfisbréf. Þeim, sem selja talstöðvar sínar, er bent á að þeir bera alla ábyrgð á notkun þeirra og gjöldum þar að lútandi uns radióeftirlitinu hefur verið tilkynnt um söluna og kaupanda stöðvarinnar.

### 4. gr.

Leyfisbréf til þátttöku í bílasíma P og S geta þeir fengið, sem eru íslenskir ríkisborgarar og náð hafa 17 ára aldri. Leyfisbréf til að nota sértíðnir geta þeir fengið sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa náð 20 ára aldri og hafa verslunarleyfi eða reka skráð fyrirtæki. Hægt er að veita útlendingum tímabundið leyfisbréf til að taka þátt í bílasíma P og S eða nota sértíðnir. Það skilyrði er sett fyrir slíkum leyfisveitingum að fyrir liggja skrifleg ábyrgð aðila með íslenskt lögheimili um greiðslu ófallinna gjalda vegna talstöðvanotkunar útlendingansins. Leyfisbréf útlendinga skulu aðeins gilda 1 ár í senn en önnur leyfisbréf að jafnaði í 5 ár. Verði breytingar á talstöðvarbúnaði notanda, eða sé skráningarnúmeri farartækis sem talstöð er í breytt, skal gefið út nýtt leyfisbréf. Gjald fyrir leyfisbréf greiðist samkvæmt gjaldskrá P og S.

### 5. gr.

Talstöðvar til notkunar í landfarstöðvaþjónustunni skulu hafa fengið viðurkenningu P og S. Prófun á talstöðvum fer fram hjá radióeftirlitinu. Þegar óskað er eftir að taka í notkun nýja tegund talstöðvar skal framleiðandi afhenda radióeftirlitinu eina stöð til prófunar. Sé talstöðin framleidd erlendis, heimilar P og S framleiðanda eða umboðsmanni hans innflutning einnar stöðvar með því skilyrði, að hún sé þegar í stað og án breytinga afhent radióeftirlitinu til prófunar. Með hverri stöð, sem sett er í prófun, skal fylgja handbók með lýsingu á notkunarreglum stöðvarinnar, upptalningu á helstu eiginleikum hennar og stillingaraðferðum og ennfremur teikningar af henni. Radióeftirlitinu er heimilt að halda eftir þessum gögnum. Tveir kristallar skulu fylgja með talstöðinni fyrir tíðnir í sitt hvorum enda þess tíðnisviðs, sem talstöðin nær yfir án stillingar samkvæmt upplýsingum fram-

leiðanda. Óski framleiðandi eftir að notaðir séu með stöðinni einhverjir fylgihlutir skulu þeir fylgja með henni í prófun og sömuleiðis til eignar nauðsynlegar mælisnúrur, sem ekki eru af almennri gerð.

## 6. gr.

Eiginleikar talstöðva eins og framleiðandi gefur upp í handbókum sínum og auglýsinga-bæklingum skulu mæta þeim kröfum, sem settar eru fram í viðauka A við þessar reglur. Þessar upplýsingar framleiðanda teljast jafngilda ábyrgðaryfirlýsingu af hálfu hans. Við tegundaprófun skal radióeftirlitið með mælingum sannreyna að prufueintakið standist framangreindar kröfur. Talstöðvar, sem nota á í bílasímabjónustunni, skulu jafnframt vera búnar þeim aukabúnaði, sem talinn er upp í viðauka B. Mæliaðferðir við tegundaprófun skulu vera hliðstæðar þeim aðferðum, sem notaðar eru hjá öðrum símastjórnnum V.-Evrópu.

Radióeftirlitið skal gera skýrslu um prófunina og á grundvelli hennar ákveður P og S hvort stöðin fái viðurkenningu og skal framleiðanda eða umboðsmanni hans tilkynnt skriflega um niðurstöðuna. Þær talstöðvar, sem ekki öðlast viðurkenningu, skulu að vali framleiðanda eða umboðsmanns hans sendar úr landi eða afhentar P og S til ráðstöfunar. Sé fyrri kosturinn valinn skal P og S innan mánaðar frá því að tilkynnt var um niðurstöðu prófunarinnar afhent ljósrit af innflutningsskýrslu fyrir stöðina. Sé seinni kosturinn valinn skal P og S geyma talstöðina í 2 ár, ef framleiðandi eða umboðsmaður hans skyldi skipta um skoðun og vilja senda stöðina úr landi. Skal P og S þá eins og fyrr greinir afhent ljósrit af útflutningsskýrslu. Að þessum 2 árum liðnum skal stöðin eyðilögð. Gjald fyrir tegundaprófun á talstöðvum og fylgihlutum þeirra greiðist af framleiðanda eða umboðsmanni hans í samræmi við gjaldskrá P og S.

## 7. gr.

Framleiðendum, umboðsmönnum þeirra eða notendum er óheimilt að gera breytingar á viðurkenndum talstöðvum. Óski framleiðandi eða umboðsmaður hans að setja á markaðinn breytta tegund skal setja hana í prófun eins og um nýja stöð væri að ræða. Jafnframt skal breyta tegundarheiti stöðvarinnar til aðgreiningar frá upphaflegri tegund. Nú koma í ljós talstöðvar af viðurkenndri gerð, sem hefur verið breytt í heimildarleysi. Skal þá radióeftirlitið þegar í stað gera slíkar stöðvar upptækar og leyfisbréfið fellt úr gildi. Þyki hins vegar sannað að breytingar hafi verið gerðar hjá erlendum framleiðanda án vitundar umboðsmanns eða notenda, skal umboðsmanni heimilt að fá stöðvarnar afhentar til sendingar úr landi enda sé P og S afhent gögn þaraðlútandi. Sé um endurtekið brot að ræða, skal upphafleg viðurkenning falla úr gildi.

## 8. gr.

P og S skal heimila innflutning á viðurkenndum talstöðvum á vegum framleiðanda, umboðsmanns hans eða einstakra notenda með áritun á aðflutningsskýrslu. Þegar framleiðandi eða umboðsmaður hans flytur inn talstöðvar til ákveðinna kaupenda skal hann afhenda P og S umsóknir um starfræksluleyfi frá kaupanda um leið og áritunar er óskað á aðflutningsskýrslu. Liggi ekki fyrir, hverjir verða kaupendur stöðvanna skal framleiðandi eða umboðsmaður hans leggja fram umsókn um innflutning og komi þar fram upplýsingar um tegund stöðvanna, fjölda og framleiðslunúmer. Í þessu tilviki er framleiðandi eða umboðsmaður hans ábyrgur fyrir því að væntanlegir kaupendur fylli út umsóknir um starfræksluleyfi og að þær séu sendar P og S innan 10 daga frá því að sala hefur farið fram. Það er þó með öllu óheimilt að afhenda eða setja upp talstöðvar fyrir bílasíma nema kaupandi framvísi leyfisbréfi fyrir stöðinni með bílasímanúmeri því, sem honum hefur verið úthlutað.

Dragist á langinn hjá framleiðanda eða umboðsmanni hans að selja talstöðvar, sem hann er skráður fyrir, skal hann sýna þær starfsmönnum radióeftirlitsins, hvenær sem þess er óskað.

## 9. gr.

Framleiðandi skal setja á hverja talstöð skilti þar sem fram kemur nafn hans, tegundarheiti stöðvarinnar og framleiðslunúmer hennar. Þar að auki skal framleiðanda eða umboðsmanni hans skylt, sé þess óskað af hálfu P og S, að setja á hverja talstöð límmiða með raðnúmeri P og S og/eða öðrum upplýsingum frá stofnuninni. Skal límmiðinn afhentur um leið og aðflutningsskýrsla er árituð og skal honum komið fyrir á áberandi stað á talstöðinni.

## 10. gr.

Notendur í bílasíma P og S sbr. 2. grein skulu við úthlutun bílasímanúmers greiða stofngjald samkvæmt gjaldskrá P og S. Þegar uppsetningu stöðvarinnar er lokið, skal haft samband við bílasímaafgreiðsluna og beðið um prófun á uppkalli í báðar áttir. Ef prófunin er fullnægjandi telst notandinn orðin aðili í bílasímaþjónustunni og afnotagjald er reiknað frá þeim degi. Greiðslur notanda skulu að öðru leyti vera í samræmi við gjaldskrá P og S.

## 11. gr.

Í bílasímaþjónustunni fer fram handvirk afgreiðsla á samtölum milli farartækja og milli farartækis og fastra símnótenda. Stefnt er að því að veita þjónustu um byggð landsins og þjóðvegi. P og S ábyrgist ekki að alltaf sé hægt að afgreiða farstöðvar óháð staðsetningu þeirra innan framangreindra marka þar eð útbreiðsla á radióbylgjum er háð landslagi og að auki breytileg með tíma.

## 12. gr.

Leyfileg fjarskipti á sértíðnum eru tal og gagnasendingar (data). Fyrst um sinn er hámarkshraði gagnasendinga 1200 bit/s. Fyrir tal má nota fasamótun eða tíðnimótun. Fyrir gagnasendingar er leyfileg hamin tíðnimótun (TFM) og lágþlaupsmótun með Gauss-síu (GMSK), en ekki aðrar mótunaraðferðir, sem hætta er á að valdi grannrásartruflunum. Notendur, sem ætla að nota sértíðnir fyrir gagnasendingar, skulu fá viðurkenningu P og S á búnaðinum áður en starfræksla hans hefst.

## 13. gr.

Framleiðandi eða umboðsmaður skal sjá til þess að í bílasímatalstöð séu þær tíðnir, sem taldar eru upp í tíðnilista P og S fyrir bílasímaþjónustuna og engar aðrar, nema þess sé sérstaklega getið í leyfisbréfi notanda. Eigandi stöðvar ber þó alla ábyrgð á því að stöð, sem kominn er í notkun, hafi eingöngu tilskildar tíðnir.

Vilji eigandi stöðvar af einhverjum ástæðum breyta bílasímanúmeri sínu skal hann hafa samband við radióeftirlitið. Breyti eigandi stöðvar sjálfur númeri sínu eða fái einhvern annan aðila til þess án heimildar radióeftirlitsins, skal afgreiðslu við talstöðina hætt og leyfisbréfið afturkallað.

## 14. gr.

Umsækjendur um afnot af sértíðnum fyrir lokuð farstöðvakerfi skulu veita upplýsingar um svæði það, sem kerfi þeirra á að ná til og fyrirhugaða staðsetningu móðurstöðvar. Einnig skal taka fram, hvort óskað sé eftir einnar tíðni eða tveggja tíðna notkun. Þegar notuð er sama tíðni fyrir sendingu og móttöku í talstöðvunum verður að nota skiptital. Farstöðvar geta með þessari tilhögun haft samband sín á milli án afskipta móðurstöðvar. Þegar notaðar eru aðskildar sendi- og móttökutíðnir fara öll viðskipti í gegnum móðurstöð, sem hefur þá stjórn á farstöðvakerfinu. Umsækjandi skal einnig gefa upp fyrirhugaðan fjölda farstöðva í kerfi sínu og rökstyðja þá tölu.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum gerir P og S athugun og útreikninga á hugsanlegri truflanahættu gagnvart þeirri farstöðvastarfsemi, sem fyrir er á svæðinu svo og gagnvart hinni fyrirhuguðu starfsemi umsækjanda og velur tíðnir í metra- eða desimetrabylgjusviðinu

fyrir hann. Í sumum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að velja móðurstöð nýjan stað. Oft er hægt að heimila notkun tveggja tíðna kerfis þegar einnar tíðni notkun er útilokuð vegna truflanahættu.

## 15. gr.

Að jafnaði er aðeins veitt leyfi fyrir einni móðurstöð á hverri sértíðni. Undanþága er veitt fyrir fleiri móðurstöðvum, ef þær tengjast allar sömu afgreiðslu með símalínunum.

Í vissum tilvikum getur P og S heimilað rekstur móðurstöðvar með gegnumtali. Farstöðvar geta þá haft samband sín á milli um móðurstöð án afskipta afgreiðslu. Leyfi eru hins vegar ekki veitt til starfrækslu endurvarpsstöðva með aðgreindum tíðnipörum í sendingu og móttöku.

Opinberir aðilar, sem gegna hlutverki á sviði löggæslu, sjúkraflutninga, almannavarna og vega- og rafmagnsþjónustu, og fengið hafa leyfi til að starfrækja tveggja tíðna farstöðvakerfi geta fengið undanþágu til að nota senditíðni farstöðva sinna fyrir skiptital milli þeirra utan þéttbýlissvæða. Ekki er í þessum tilvikum heimilt að setja upp móðurstöðvar á senditíðnum farstöðvanna né heldur er heimilt að nota senditíðni móðurstöðvanna sem senditíðni í farstöðvunum.

Óheimilt er að flytja móðurstöðvar, nema að fenginni skriflegri heimild P og S.

## 16. gr.

Tenging lokaðra farstöðvakerfa á sértíðnum við símakerfið er ekki heimil. P og S er þó heimilt í tilraunaskyni að leyfa opinberum aðilum, sem taldir eru upp í 2. og 15. grein takmarkaða tengingu við símakerfið í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

1. Viðkomandi aðili skal hafa fengið úthlutun hjá P og S á tveggja tíðna rás í tíðnisviðinu 155 — 174 MHz og 450 — 470 MHz.
2. Notendur í farstöðvakerfi viðkomandi stofnunar mega eingöngu vera þeir, sem teljast starfsmenn hennar.
3. Eftirfarandi tengimöguleikar eru leyfðir:
  - a) Handvirk tenging í afgreiðsluborði milli talstöðvarnotanda og símnotanda.
  - b) Sjálfvirk tenging í afgreiðsluborði, þegar símnotandi hringir í símanúmer, sem tengt er afgreiðsluborðinu. Þetta símanúmer skal ekki vera skráð.
  - c) Sjálfvirk hringing frá afgreiðsluborði í eitt eða fleiri símanúmer allt að fimm númerum, sem valin eru fyrirfram. Í þessu tilviki skal hringing í símanúmer sett í gang með tónaröð, sem er í samræmi við 5-tóna kóða CCIR. Tónaröðin er ákveðin af radíóeftirlitinu.
4. Áður en tenging samkvæmt 3. grein er framkvæmd skal hinn sérstaki búnaður, sem til hennar þarf, afhentur tæknideild P og S til prófunar og viðurkenningar. Deild sjálfvirkra stöðva annast prófunina. Gjald fyrir prófunina er samkvæmt gjaldskrá P og S.
5. Til að koma sem best í veg fyrir að suð og truflanir berist frá talstöðvakerfinu inn á símakerfið, skal eigandi talstöðvakerfisins í samráði við starfsmenn P og S stilla suðloku ("Squelch") viðtækis í móðurstöðinni þannig að það opni ekki fyrr en við hæfilegan viðtökustyrk. Ef truflun frá talstöðvunum berst engu að síður inn í símakerfið áskilur P og S sér rétt til að fella niður heimild til tengingar við símakerfið.
6. Tenging sú við símakerfið, sem hér um ræðir skal gerð af P og S einni og er öðrum aðilum óheimilt að framkvæma hana.
7. Umsóknir um tengingu við símakerfið samkvæmt reglum þessum skulu sendar tæknideild P og S.
8. Heimildir, sem veittar eru samkvæmt þessum reglum, gilda til 31. desember 1985 en fyrir þann tíma verður ákveðið hvort þær verða framlengdar.

## 17. gr.

Vegna mikillar eftirspurnar á sértíðnum er nauðsynlegt að setja takmarkanir á úthlutun þeirra. Reiknað er með að hver sértíðni geti staðið undir notkun 40—100 farstöðva allt eftir eðli starfseminnar. Fyrst um sinn verður stuðst við eftirfarandi reglur við veitingu sértíðna:

- a) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 20 eða fleiri farstöðvar, skulu fá afnot af eigin sértíðni.
- b) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 60 eða fleiri farstöðvar, skulu fá afnot af allt að tveimur eigin sértíðnum.
- c) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 150 eða fleiri farstöðvar, skulu fá afnot af allt að þremur eigin sértíðnum.
- d) Umsækjendur, sem hafa færri en 20 farstöðvar á talstöðvakerfi sínu, verða að eiga von á því að deila sértíðni með öðrum. Þegar tveir eða fleiri notendur deila sértíðni, skulu talstöðvar þeirra búnar tóntækjum í samræmi við viðauka D svo að hægt sé að kalla í talstöð án þess að það heyrir í stöðvum annarra. Óheimilt er að hafa viðskipti milli móðurstöðva mismunandi notenda. P og S getur einnig áskilið að notendur sömu sértíðnar komi sér saman um sameiginlega móðurstöð.

## 18. gr.

Tónvalsbúnaður talstöðva í bílasímaþjónustunni og á sértíðnum þar sem tónval er notað skal uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í viðauka C. Tónvalsbúnaður skal ekki settur við talstöðvar nema viðurkenning á slíkri samtengingu frá P og S liggja fyrir.

Talstöðvar í bílasímaþjónustunni verða að geta skynjað eigið bílasímanúmer og hópkaallsnúmer, ef því hefur verið úthlutað. Bílasímanúmer byrja á tölustafnum 0 en hópkaallsnúmer á tölustafnum 9.

Notendur sértíðna, sem ekki deila þeim með öðrum, geta sjálfir ákveðið tónvalsnúmer sín en skulu tilkynna þau til radióeftirlitsins. Tónsendar talstöðva í bílasímaþjónustunni sbr. viðauka B skulu uppfylla kröfur í viðauka C að því er varðar sendingu bílasímanúmers.

## 19. gr.

Nothæf útbreiðsla radióbylgna í metra- og desimetrabylgjusviðunum er að mestu leyti takmörkuð við sjónlínu. Það er því eðlilegt að takmarka útgeislað sendiafl talstöðvanna, sérstaklega þar sem slík takmörkun dregur úr truflunum og eykur möguleika þess að finna tíðnir fyrir alla umsækjendur. Í tíðnisviðinu 153,5 — 174 MHz er mesta leyfilega útgeislað afl 25 wött en 15 wött í tíðnisviðinu 450 — 470 MHz. Með mestu útgeisluðu afl stöðvar er átt við útgeislað afl frá loftneti í þá stefnu, sem geislunin er mest. Útgeislað afl má finna með því að margfalda sendiafl talstöðvar með stefnuvirknisstuðli (mögnum) loftnets. Lýsing á mælingu sendiafls er að finna í viðauka A. Ef um verulegt tap er að ræða í fæðilínu frá sendi til loftnets er heimilt að taka tillit til þess við ákvörðun útgeislaðs afls.

## 20. gr.

Hafi umsækjandi um sértíðni ekki tekið hana í notkun innan 8 mánaða frá dagsetningu skriflegrar úthlutunar fellur hún sjálfkrafa niður.

Opinberir aðilar, sem fá í samræmi við 2. grein undanþágu til að nota sértíðnir, jafnframt því að vera þátttakendur í bílasímaþjónustu P og S skulu greiða leyfisbréfa- og starfrækslugjöld til viðbótar gjöldum fyrir bílasíma samkvæmt gjaldskrá P og S.

Sé starfsemi leyfishafa, sem fengið hefur heimild til að nota sértíðni, þannig háttáð að hann þurfi að flytja talstöðvar milli farartækja er radióeftirlitinu heimilt að gera við hann samkomulag um sérstakt fyrirkomulag leyfisbréfa.

## 21. gr.

Óheimilt er að hlusta á tíðnir í landfarstöðvaþjónustunni nema til þess hafi verið gefið leyfi í formi leyfisbréfs. Notendum í landfarstöðvaþjónustunni er þó bent á að erfitt er að koma alveg í veg fyrir slíka hlustun og getur P og S ekki tekið á sig ábyrgð um leynd þessara fjarskipta. P og S getur heimilað notendum að setja upp búnað, sem breytir sendingum í þeim tilgangi að halda efni þeirra leyndu fyrir öðrum. Búnaðinn skal afhenda radióeftirlitinu til athugunar og samþykktar áður en uppsetning hefst.

Notendur eru bundnir þagnarheiti um þau viðskipti annarra notenda, sem þeir verða áskynja um.

## 22. gr.

Notendum talstöðva er skylt að veita radióeftirlitsmönnum P og S aðgang að stöðvum sínum fyrirvaralaust, hvenær sem þess er óskað enda sýni radióeftirlitsmenn viðeigandi skilríki.

## 23. gr.

Notendur talstöðva, sem verða fyrir utanaðkomandi truflunum, skulu þegar í stað snúa sér til radióeftirlitsins, sem skal eins og fljótt og við verður komið koma í veg fyrir truflunina.

Verði truflun á fjarskipta- eða útvarpsþjónustu rekin til talstöðvar og starfsmenn radióeftirlitsins telja líkur fyrir því að stöðin sé biluð eða uppfylli ekki þær kröfur, sem gerðar eru, skal notandi þegar í stað taka hana úr notkun, afhenda hana radióeftirlitinu til athugunar og mælinga og láta síðan gera við hugsanlega bilun í samræmi við fyrirmæli radióeftirlitsins. Radióeftirlitið getur í ákveðnum tilvikum innsiglað talstöð til að tryggja að starfsrækslu hennar sé hætt. Ekki mega aðrir en starfsmenn radióeftirlitsins rjúfa innsiglið.

## 24. gr.

Réttindi til að setja upp talstöðvar og annast viðhald þeirra hafa, auk radiódeildar og radióverkstæða P og S, þeir sem hafa fengið viðurkenningu til reksturs talstöðvaverkstæða.

Við uppsetningu talstöðva skal ganga þannig frá búnaði og lögnum að dregið sé sem mest úr truflanahættu.

Eingöngu starfsmenn P og S mega ganga frá tengingu og stjórnborða við símalínur, sem P og S lætur á leigu. Þeir skulu tryggja að spennu- og aflmörk fyrir línurnar séu haldin.

Leyfisbréf eru ekki gefin út fyrir talstöðvar, sem settar eru upp af réttindalausum aðilum og telst starfræksla þeirra ólögleg. Slíkar stöðvar fá ekki afgreiðslu í bílasímaþjónustu P og S.

## 25. gr.

Innflutningur talstöðva, sem áður hafa fengið viðurkenningu en ekki uppfylla skilyrðin í viðauka A, verður heimilaður til 31. des. 1984. Starfsræksla hinna sömu talstöðva verður heimiluð til 31. des. 1993.

## 26. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

## 27. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 30 27. júní 1941, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 8. ágúst 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## VIÐAUKI A.

**Kröfur um tæknilega eiginleika talstöðva.**

## 1. gr.

Við prófun á metrabylgjugalstöðvum skal gengið úr skugga um að smíði stöðvanna sé nógu sterk til að þola þær aðstæður, sem bíla- og handstöðvar eru notaðar við. Það skal sérstaklega athugað, hvort hætta sé á sveigju á plötum, sem mismunandi hlutir talstöðvarinnar eru tengdir við eða hætta á að hlutir losni úr festingum við hristing.

Á forplötu skulu vera allir rofar, styrkstíllar og gaumljós, sem þarf til að notandi geti notað þá eiginleika stöðvarinnar, sem framleiðandi auglýsir. Allir þessir hlutir skulu merktir á þann hátt að starfræksla stöðvarinnar sé leikmönnum ljós. Séu táknotuð skal merking þeirra útskýrð í handbók með stöðinni.

## 2. gr.

Ekki seinna en einni mínútu eftir að talstöðin hefur verið tengd við ytri spennugjafa og kveikt á henni, skal hún vera tilbúin til notkunar og mælinga. Ef einhver hluti talstöðvar t.d. sveifluvaki getur ekki náð eðlilegri starfsemi á þessum tíma, skal þannig gengið frá þessum hluta að hann fái spennu um leið og talstöðin hefur verið tengd við ytri spennugjafa jafnvel þó að notandi hafi ekki kveikt á henni.

## 3. gr.

Þar eð talstöðvar eru starfræktar í mismunandi umhverfi eru skilgreindar mismunandi aðstæður. Venjulegar aðstæður eru þær, sem reikna má með á mælingastofu þar sem hitastig er milli 15 og 35 gráður á Celcius og rakastig milli 20 og 75%. Ef ekki er annars getið eru eiginleikar talstöðva mældir við þessi skilyrði. Einstakir eiginleikar talstöðva eru mjög háðir umhverfishitastigi og eru þeir mældir, ef ástæða þykir til, við sérstakar aðstæður þ. e. a. s. – 20 og + 55 gráður á Celcius.

## 4. gr.

Þegar mælingar eru gerðar á talstöðvum, sem tengjast við hið almenna rafnet, skal netspennan vera innan þeirra marka, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur telur eðlilega og með tíðni  $50 \text{ Hz} \pm 1 \text{ Hz}$ . Þegar talstöðvar eiga að tengjast rafgeymum farartækja skulu mælingar gerðar við geymisspennu sem er  $1,1 \times$  nafngildi rafgeymis.

Þegar talstöðvar eiga að ganga á öðrum spennugjöfum en að framan greinir eins og t. d. innbyggðum rafhlöðum, skal hafa hliðsjón af þeim spennugildum, sem framleiðandi gefur upp.

Við mælingar á eiginleikum talstöðva við sérstakar aðstæður sbr. 3. gr. þessa viðauka skulu þær gerðar innan eftirfarandi marka vinnuspennu:

Netspenna  $\pm 10\%$ .

Rafgeymar 0,9 til 1,3 sinnum nafngildi.

Purrar rafhlöður 0,6 til 1,0 sinnum nafngildi.

Kvikasilfuroxíðrafhlöður 0,9 til 1,0 sinnum nafngildi.

Fyrir aðra spennugjafa skal miða lægstu spennu við upplýsingar framleiðanda.

## 5. gr.

Við mælingar á eiginleikum talstöðvar við mismunandi hitastig skal þess gætt að umhverfishitastig sé orðið stöðugt áður en mæling er gerð. Slökkt skal á talstöðinni á meðan hitastig er að breytast. Þegar talstöðin inniheldur búnað til að jafna áhrif mismunandi hitastigs, skal samt kveikt á þeim búnaði en mælingin ekki gerð fyrir en að þeim tíma liðnum sem þarf samkvæmt upplýsingum framleiðanda til að ná stöðugu hitastigi.

## 6. gr.

Nú auglýsir framleiðandi að talstöðina megi nota í stöðugri sendingu og skal hún þá standast allar kröfur við hæstu hitastigsmörk eftir að sendirinn hefur verið í gangi í 30 mínútur og við lægstu hitastigsmörk eftir að hann hefur verið í viðbragðsstöðu í 1 mínútu.

Auglýsi framleiðandi að talstöðin þoli einungis slitrótta sendingu skal hún standast allar kröfur við hæstu hitastigsmörk eftir að sent hefur verið í 1 mínútu og stöðin síðan höfð í viðtökustöðu í 4 mínútur. Tíðniskekkja skal þó mæld strax eftir lok sendingar. Við lægstu hitastigsmörk skal talstöðin standast allar kröfur eftir að hafa verið látin vera í viðbragðsstöðu í 1 mínútu.

## 7. gr.

- 7.1 Við mælingar á viðtæki talstöðvar skal nota merkisgjafa tengda viðtækinu svo að riðstraumsviðnám mælt á inngangi viðtækis sé alltaf 50 ohm, jafnvel þó að um fleiri en einn merkisgjafa sé að ræða. Þegar mæling er gerð á inngangsstyrk viðtækis skal útkoman vera gefin sem frumspenna á þeim stað, sem tenging við viðtækið fer fram.
- 7.2 Suðlokar í talstöð skulu gerðir óvirkir á meðan mæling fer fram.
- 7.3 Við mælingu á látíðnistyrk viðtækis skal nota venjulega mótun, sbr. grein 7.4 og með viðnámi í útgangi, sem er jafnstórt því gildi, sem framleiðandi auglýsir fyrir viðtækið.
- 7.4 Þegar mæling inniber mótuð merki, skal mótunartónn vera 1 KHz og tíðnifrávik vera 60% mesta leyfilegs fráviks.
- 7.5 Gervíalag sendis í mælingu skal vera 50 ohm án launviðnáms. Álagsviðnámið má ekki vera geislandi.
- 7.6 Talstöðvar með síum fyrir samtímistal skulu mældar með tengingu við loftnetsúttak síunnar. Ef inngangur viðtækis og útgangur sendis hafa tengimöguleika, skal talstöðin einnig uppfylla allar kröfur án samtengingar við samtímistalssíuna.
- 7.7 Sófómælisía, sem notuð er í mælingum á talrás, skal vera í samræmi við staðal alþjóðafjarskiptastofnunarinnar, CCITT Recommendation P 53.

## 8. gr.

Tæknilegir eiginleikar sendis skulu á öllu tíðnisvæðinu 153,5 — 174 eða 453 — 470 MHz vera í samræmi við eftirfarandi:

- 8.1 Tíðniskekkja sendis er skilgreind sem mismunur á mældri tíðni og nafngildi burðartíðni sendisins. Hæsta leyfilega skekkja á metrabylgju er  $\pm 2$  KHz, en á desimetrabylgju  $\pm 2,5$  KHz.  
Mæliaðferð: Burðartíðni skal mæla án mótunar með sendinn tengdan við gervíalag. Mælinguna skal gera við venjulegar aðstæður og endurtaka við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.
- 8.2 Burðartíðniafl er meðalafli sent út í gervíalag án mótunar og yfir eina hátíðniperíóðu. Framleiðandi talstöðvar skal gefa upp nafngildi burðartíðniaflsins.  
Mesta leyfilega nafngildi burðartíðniafls á metrabylgjum er 25 wött, en 10 wött á desimetrabylgjum. Við mælingu er leyft 1 desibel frávik frá þessum gildum.  
Mæliaðferð: Ómótaður sendirinn er tengdur við gervíalag og aflið út í það mælt. Mælinguna skal gera við venjulegar aðstæður og endurtaka við sérstakar aðstæður, sbr. 3. grein.
- 8.3 Hámarkstíðnifrávik er mesti mismunur á augabragðstíðni mótaðrar burðarbylgju og tíðni ómótaðrar burðarbylgju. Hámarkstíðnifrávik skal ekki fara fram úr  $\pm 5$  KHz.  
Mæliaðferð: Sendirinn er tengdur við gervíalag og tíðnifrávikið mælt á útgangi hans með tíðnifráviksmæli. Við mælinguna eru yfir og aukasveiflupættir sendisins ekki skertir með síun. Mótunartíðni skal breyta frá lægsta tón, sem sendirinn á að geta



sent, upp í 3 KHz, en styrkur tónsins er stilltur á 20 desibel hærra gildi en notað er við venjulega mótun.

- 8.4 Við mótun með tón hærri en 3 KHz eru gerðar kröfur um lækkaða svörun sendis í formi tíðnisfráviks. Fyrir mótunartóna milli 3 og 6 KHz skal frávikíð ekki fara fram úr gildinu við 3 KHz mótunartón. Fyrir 6 KHz mótunartón skal tíðnifrávikíð ekki fara fram úr  $\pm 1,5$  KHz. Fyrir mótunartóna milli 6 og 25 KHz skal tíðnifrávikíð ekki fara fram úr gildi, sem ákveðst af línulegu falli um 14 desibel á hverja áttund reiknað frá KHz tóni og frávikí við þann tón, sem er 6 desibel minna en frávikíð við 1 KHz tón. Mæliaðferð: Sendirinn er tengdur við gervialag og mótaður í samræmi við gr. 7.4. Með óbreyttum mótunarstyrk skal breyta mótunartóninum frá 3 upp í 25 KHz og mæla tíðnifrávik með tíðnifráviksmæli.

- 8.5 Grannrásarafl er sá hluti sendiafls, sem við ákveðna mótun mælist í viðtæki, sem stillt er á grannrás öðru hvoru megin við sendirásina. Grannrásarafl er summa þess meðalaflls, sem fram kemur við mótun og þeirra aflþátta, sem stafa frá dúrri og suði í sendinum.

Hámarksafll í grannrás skal vera 70 desibel lægra en sendiafl talstöðvarinnar, en þarf þó ekki í neinu tilfalli að fara undir gildinu 0,2 mikróvatt.

Mæliaðferð: Við þessa mælingu skal sendirinn mótaður með 1250 Hz tón með styrk 20 desibel hærri en þarf til að fá  $\pm$  KHz frávik. Sendirinn er tengdur tíðnirófsgreini með deyfiliðum og aðlögunarliðum þannig að sendirinn hafi 50 ohma álag og tíðnirófsgreinirinn fái hæfilegt merki. Hann er stilltur, svo að tíðnisvið hans nái yfir hverja rás fyrir sig og hlutfallið milli sýnds afls í grannrás og aðalrás mælt. Þess verður að gæta að velja tíðnirófsgreini, sem ekki hefur áhrif á mæliniðurstöðu.

- 8.6 Óæskilegar útsendingar teljast þau merki, sem sendirinn gefur frá sér á öðrum tíðnum en burðarbylgjutíðni hans og hliðartíðnum, sem fram koma við mótun í samræmi við gr. 7.4.

Hámarksgildi óæskilegrar útsendingar á hverri einstakri tíðni skal ekki fara fram úr 0.25 mikróvatti (fram til 31. desember 1984 er þó heimilt að samþykkja talstöðvar með óæskilegum útsendingum allt að 2,5 mikróvatti).

Mæliaðferðir: Notaðar skulu mismunandi aðferðir til að mæla óæskilegar sendingar, sem sendirinn sendir út í loftnet og óæskilegar sendingar, sem sendirinn geislar út um kassa eða grind. Fyrri mælingin er gerð á útgangi sendis, sem mótaður er í samræmi við grein 7.4. Tíðnirófsgreinir eða stilltur voltmælir er tengdur við sendinn með deyfilið, en einnig má tengja sendinn við gervialag og taka út mælispennu. Mældir eru allir þættir sendingar frá 100 KHz upp í 2 GHz nema á rásinni, sem sendirinn vinnur á. Mælingin skal endurtekin án mótunar og einnig með sendinn í viðbragðsstöðu. Seinni mælingin er gerð með viðtæki og mæli loftneti, sem er haft í 3 m fjarlægð frá talstöðinni. Þessi mæling er notuð ein, þegar um er að ræða handstöðvar með innbyggðu loftneti, sem ekki verður frátengt.

#### 9. gr.

Tæknilegir eiginleikar viðtækja skulu á öllu tíðnisviðinu 153,5 — 174 eða 453 — 470 MHz vera í samræmi við eftirfarandi:

- 9.1 Næmi viðtækis er minnsta frumspenna hátíðnimerkis á réttri viðtökutíðni og með mótun í samræmi við gr. 7.4, sem tengd við inngang viðtækisins gerir því kleift að uppfylla eftirfarandi:
- gefur a. m. k. 50% af nafngildi útgangsafls.
  - gefur merkis/suðs hlutfall eigi minna en 20 desibel mælt á útgangi viðtækisins með sófómetriskri síu.

Merkis/suðs hlutfall er hér skilgreint sem  $S+B+D/B+D$  þar sem S táknar styrk merkisins, B suðstyrk og D yfirsveiflubjögun.

Næmi viðtækis skal eigi vera minni en 6 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu við venjulegar aðstæður og eigi minni en 12 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.

Mæliaðferð: Hátíðnimerki á sömu burðarbylgjutíðni og viðtækið er stillt á, er sett á inngang þess. Merkið skal vera mótað í samræmi við gr. 7.4. Útgangur viðtækisins skal tengjast álagi með sama gildi viðnáms og framleiðandi gefur upp og bjögunarmæli með 1 KHz bandstoppisú og sófómetriskri síu. Með styrkstílli viðtækisins er útgangsaflíð stillt í 50% af uppgefnu gildi. Styrkur hátíðnimerkisins er aukinn uns merkis/suðs hlutfallið er 20 desibel með útgangsaflíð óbreytt í 50% gildinu. Aflestur á styrk hátíðnimerkisins er jafnframt næmi viðtækisins. Mælingin er gerð við venjulegar aðstæður og endurtekin við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.

Þegar mæling er gerð við sérstakar aðstæður, er heimilt að leyfa breytingar á útgangsaflí um allt að  $\pm 3$  desibel. Fyrir stöðvar með samtímistali skal viðtækið standast þessar kröfur með sendingu og viðtöku í gangi samtímis.

- 9.2 Svörun styrktakmarkara viðtækis er skilgreind sem hlutfallið milli styrkgildis ákveðins mótaðs inngangsmerkis og styrkgildis á útgangi þess. Breyting á útgangsstyrkgildi má ekki vera meiri en 3 desibel, þó að inngangsstyrkur sé aukinn upp í 100 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu.

Mæliaðferð: Hátíðnimerki mótað í samræmi við gr. 7.4 og með styrk 6 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu er tengt við inngang viðtækisins. Útgangsstyrkur er minnkaður um 6 desibel frá venjulegu gildi. Styrkur hátíðnimerkisins er síðan aukinn upp í 100 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu og breyting útgangsstyrks mæld með afl- eða spennumæli.

- 9.3 Truflanavernd á samrás er mælikvarði á möguleika viðtækis til að taka á móti mótaðri sendingu þrátt fyrir truflun á sömu tíðni. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli truflunarstyrks og styrks þess merkis, sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðs hlutfalli frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal vera milli 0 og mínus 8 desibel.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er stillt á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði  $\pm 3$  KHz.

Í byrjun mælingar er slökkt á trufluninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við næmi viðtækisins sbr. 9.1. Kveikt er á truflunarvaka og tíðni hans stillt yfir  $\pm 3$  KHz svið miðað við burðarbylgjutíðni viðtækisins til að finna þá truflunartíðni, sem verst áhrif hefur á merkis/suðs hlutfall viðtækisins. Truflunarstyrkur er að lokum stilltur þannig, að merkis/suðs hlutfallið á útgangi viðtækisins hefur lækkað úr 20 í 14 desibel.

- 9.4 Truflanavernd á grannrás er mælikvarði á möguleika viðtækis til að taka á móti mótaðri sendingu þrátt fyrir truflun á grunnrás. Hún er skilgreind sem lægsta mælt hlutfall milli truflunarstyrks í efri og lægri grannrás og styrks þess merkis, sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðs hlutfallinu frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal eigi vera minna en 70 desibel mælt við venjulegar aðstæður og 60 desibel við sérstakar aðstæður sbr. 3. gr.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði  $\pm 3$  KHz og tíðni þess stillt á efri grannrás.

Í byrjun mælingar er slökkt á trufluninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við

næmi viðtækisins sbr. gr. 9.1. Kveikt er á truflunaryaka og styrkur hans stilltur þannig, að merkis/suðs hlutfallið lækki úr 20 í 14 desibel. Mælingin er endurtekin með truflanavakann stilltan á lægri grannrás. Mælingarnar eru endurteknar við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.

- 9.5 Almenn truflanavernd er mælikvarði á möguleika viðtækis til að greina á milli mótaðrar sendingar á gefinni tíðni og truflun á hvaða annarri tíðni, sem viðtækið gefur svörun við. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli truflanastyrks og styrks þess merkis, sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðs hlutfallinu frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal eigi vera lægra en 70 desibel á neinni tíðni. Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði  $\pm 3$  KHz. Í byrjun mælingar er slökkt á trufluninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við næmi viðtækisins sbr. gr. 9.1. Kveikt er á truflanavaka og styrkur hans hafður 86 desibel miðað við 1 mikróvolt, en tíðni hans síðan stillt yfir sviðið frá 100 KHz til 2 GHz. Á öllum tíðnum, þar sem einhver svörun fæst frá viðtækinu, er truflunarstyrkur stilltur þangað til að merkis/suðs hlutfallið er fallið í 14 desibel mælt gegnum sófómetriska síu.
- 9.6 Millimótunardeyfing er mælikvarði á möguleika viðtækisins að koma í veg fyrir myndun nýrra merkja í rásinni, sem verið er að taka á móti, vegna návistar tveggja eða fleiri merkja. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli styrks merkisgjafa, sem valda millimótun með merkis/suðs hlutfall jafnt 20 desibel sem afleiðingu og næmi viðtækisins. Millimótunardeyfing skal eigi vera minni en 70 desibel. Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja tvo merkisgjafa A og B við viðtækið. Í byrjun er slökkt á B. Merkið frá A er haft á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Styrkur A, mældur á inngangi viðtækisins, er hafður jafn næmi þess og talan skráð. Tíðni A er nú hækkuð um 50 KHz og kveikt á B, en hann ekki mótaður. Tíðni B skal vera 25 KHz lægri en tíðni A. Styrkur A og B er hafður jafnmikill og aukinn þangað til að merkis/suðs hlutfallið mælt gegnum sófómetriska síu er orðið 20 desibel. Tíðni A má stilla lítils háttar til að fá sem hæst gildi á merkis/suðs hlutfallinu. Mælingin er endurtekin með tíðni A lækkaða um 50 KHz og tíðni B 25 KHz ofar A.
- 9.7 Girði er breyting, venjulega lækkun, á útgangsstyrk viðtækis eða lækkun á merkis/suðs hlutfalli þess vegna návistar truflunarmerkis á annarri tíðni en viðtækið er stillt á. Girðisspenna viðtækisins er truflunarstyrkur mældur á inngangi þess, sem veldur annað hvort 3 desibel lækkun á útgangsstyrk eða lækkun á merkis/suðs hlutfalli úr 20 í 14 desibel. Gildi girðisspennu skal eigi vera lægra en 90 desibel miðað við 1 mikróvolt nema á þeim tíðnum, þar sem viðtækið er næmt fyrir truflunum sbr. gr. 9.5. Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Í byrjun er slökkt á trufluninni, frumspenna merkisins höfð 6 desibel miðað við 1 mikróvolt á inngangi viðtækisins og útgangsafl þess stillt á helming venjulegs gildis. Truflunarmerkið er ekki mótað, en tíðni þess breytt milli +1 og +10 MHz og -1 og -10 MHz, allt miðað við nafngildi viðtökutíðnarinnar.
- 9.8 Óaskileg geislun viðtækis telst vera öll sending eða geislun á radiótíðnum frá því. Hámark óaskilegrar geislunar er 2 nanóvött í tíðnisviðinu frá MHz til 2 GHz. Mæliaðferð: Sending radiótíðna frá viðtækinu er mæld á inngangi þess með tíðnirófsgreini með 50 ohma viðnámi og allir spennuþættir mældir í framangreindu tíðnisviði. Geislun er mæld með aðstoð mæli loftnets og tíðnirófsgreini. Loftnetið er haft í 3 m fjarlægð frá talstöðinni.

## 10. gr.

Talstöðvar, sem gerðar eru fyrir samtímistal (duplex) og útbúnaar eru með síu í þessum tilgangi, skulu á öllu tíðnisviðinu 153,5 — 174 og 453 — 470 MHz hafa eftirfarandi eiginleika:

- 10.1 Lækkun á næmi viðtækis við samtímis sendingu og viðtöku í talstöð stafar af leka á sendiafli inn á viðtæki. Lækkunin er skilgreind sem hlutfallið milli næmi viðtækisins með og án sendingar og skal eigi vera meiri en 3 desibel.

## VIÐAUKI B.

Talstöðvar, sem nota á í bílasímaþjónustunni, skulu hafa eiginleika í samræmi við reglur þessar og viðauka A, en jafnframt skulu þær útbúnaar sérstaklega á eftirfarandi hátt:

1. Talstöðvarnar skulu hafa möguleika á sendingu og viðtöku á minnst 20 rásum. Af þessum 20 rásum skulu 9 vera uppkallsrásir bílasímaþjónustunnar, sem eru nr. 33-41. Fyrst um sinn getur P og S þó heimilað notkun stöðva með allt niður í 9 rásir og skulu þær þá vera útbúnaar kallrásunum.
2. Talstöðvarnar skulu hafa innbyggðan rásaleitara á a. m. k. kallrásunum. Rásaleit skal alltaf vera í gangi, þegar ekki er verið að nota stöðina til samtals.
3. Talstöðvarnar skulu vera gerðar fyrir samtímistal.
4. Auk venjulegs talfæris skulu stöðvarnar hafa hátalara. Á stöðvunum skal vera sérstakur uppkallshnappur og skal talstöðin senda bílasímanúmer sitt, þegar þrýst er á hnappinn.
5. Tónsendir og viðtæki skulu fylgja með hverri talstöð til að geta sent og tekið á móti bílasímanúmeri stöðvarinnar og þar að auki tekið á móti minnst einu hópallsnúmeri, sem er þá 90 000. Óski eigandi talstöðvar eftir fleiri hópallsnúmerum, fær hann úthlutun hjá P og S. Ekki má senda úr talstöðinni á rásum bílasímaþjónustunnar annað bílasímanúmer en henni hefur verið úthlutað. Tónsendirinn skal senda sjálfvirkt bílasímanúmer sitt um leið og viðtæki talstöðvarinnar hefur skynjað uppkall frá afgreiðslu sem því er ætlað.
6. Talstöðin skal senda út sjálfvirkt ein-tóns merki með tíðni 2110 Hz og 1,2 sekúnda á lengd, þegar talfæri er sett í höldu að loknu samtali.
7. Sé talstöðin útbúin handvirkum rofa til að hlusta rás, skal vera tímastýring á rofanum, svo að lokað sé fyrir hlustun innan 30 sekúndna. Þessi tímastýring skal vera óvirk, þegar talstöðin hefur sent út eða tekið á móti bílasímanúmeri sínu.

## VIÐAUKI C

**Nauðsynlegir eiginleikar tónvalsúnaðar.**

## 1. gr.

- 1.1 Tónvalsmerkið skal vera röð 5 tóna, sem eru látnir móta sendinn í móðurstöð. Nota skal tíðnimótun með forbjögum sem nemur 6 desibel á áttund (óbein fasamótun). Frávikið fyrir töluna 6 (1540 Hz) skal vera 3 KHz.

## 1.2 Tölurnar eru táknaðar með tónum eins og sýnt er í töflunni

Tala	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Tónn (Hz)	1124	1197	1275	1358	1446	1540	1640	1747	1860
		0	Endurtekin						
		1981	tala						
			2110						

Sem dæmi er kallnúmerið 12133 táknað með tónröðinni 1124–1197–1124–1275–2110 Hz og kallnúmerið 22222 með 1197–2110–1197–2110–1197 Hz

1.3 Hver röð 5 tóna skal standa í 500 millisekúndur og er endurtekin eftir  $900 \pm 100$  millisekúndur.

## 2. gr.

- 2.1 Tónarnir skulu vera sem mest sínuslaga með yfirsveiflur innan við 2%.
- 2.2 Mismunur á toppgildi tóna í ákveðinni röð má ekki vera meira en 1 desibel.
- 2.3 Lengd tóns mæld við hálf tónsgildi tónsins skal vera  $100 \pm 10$  millisekúndur. Milli tóna skulu vera  $3 \pm 2$  millisekúndur mælt við sama styrk.
- 2.4 Ris- og falltími hvers tónpúlss miðað við 10% og 90% af toppgildi skal vera  $1,5 \pm 1$  millisekúnda.
- 2.5 Mesta leyfilega tíðniskekka tóns er  $\pm 4$  Hz.

## 3. gr.

- 3.1 Ekki er leyfilegt að endurtaka tónvalsmerki nema að 5 sekúndum liðnum.

## 4. gr.

- 4.1 Tónvalsskynjari viðtækis má vera annað hvort sérstök eining í tengslum við talstöð eða innbyggður í talstöðina. Ef hann er sérstök eining skal hann prófaður með öllum þeim talstöðvum, sem framleiðandi hans eða umboðsmaður, hyggst nota hann við.

## 5. gr.

- 5.1 Tónskynjarinn skal gefa svörun við tón í öllum tilfellum þó að tíðniskekka tónsins sé allt að  $\pm 0,5\%$  frá rétttri tíðni en skal ekki svara ef tíðniskekka er  $\pm 3\%$  eða meiri frá rétttri tíðni. Þetta skilyrði skal uppfyllt þó að innspenna hafi breyst um  $\pm 10$  desibel frá uppgefnu gildi.

## 6. gr.

- 6.1 Tónskynjarinn skal í innspennusviðinu skilgreint í 5. gr. gefa fullnægjandi svörun við merkis/suðs hlutfall jafnt 5 desibel og þar yfir mælt á inngangi tónskynjarans með suðbandbreidd 3 KHz.

## 7. gr.

- 7.1 Tónskynjarinn skal samþykkja tónpúlssa með allt að 25% bjögun.

## 8. gr.

- 8.1 Líði meira en  $250 \pm 40$  millisekúndur milli tónpúlssa, sem skynjarinn fær frá viðtækinu skal hann sjálfkrafa stillast í byrjunarstöðu á ný.

## 9. gr.

- 9.1 Þegar tónskynjarinn hefur mótttekið 5 tóna merki, sem samsvarar tónvalsnúmeri hans, skal hann gefa frá sér stutt hljóðmerki og kveikja á ljósi, sem á að lýsa þangað til að notandi stövarinnar slekkur á því.

## VIÐAUKI D.

Talstöðvar notenda á sértíðnum, þar sem fleiri en einn notar sömu tíðnina, skulu útbúa talstöðvar sínar tónsendi og sítonsloka. Hver talstöð sendir frá sér tón, þegar kveikt er á öllum sendinum. Sítonslokinn skynjar, þegar talstöðin tekur á móti réttum tón, og opnar viðtækið. Í stað sérstaks sítonsloka má nota suðloka viðtækisins, en þá skal hann stýrast bæði af tóninum og mældu suðgildi. Notandi heyrir með þessari tilhögun eingöngu þær sendingar, sem honum eru ætlaðar. Radióeftirlitið ákveður tóntíðni hvers notanda.

Tóngjafar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Tónarnir skulu vera sem mest sínuslaga með yfirsveiflu innan við 2%.
2. Mesta tíðniskekkja er  $\pm 4$  Hz.

Sítonslokar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Þeir skulu opna viðtækið í öllum tilfellum, þó að tíðniskekkja á mótteknum tón sé allt að  $\pm 0,5\%$ , en skulu ekki opna, ef tíðniskekkja er  $\pm 3\%$  eða meiri. Þessum skilyrðum skal fullnægt, þó að innspenna breytist um allt að  $\pm 10$  desibel miðað við venjulegt gildi.
2. Þeir skulu gefa fullnægjandi árangur svo framarlega sem merkis/suðs hlutfall á útgangi viðtækis sé yfir 5 desibel.

17. ágúst 1983

Nr. 614

## AUGLÝSING

**um sameiningu Dyrhóla- og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafells-  
sýslu.**

Samkvæmt samþykktum hreppsnefnda Dyrhólahrepps og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu og að fengnu álitu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu um að Dyrhólahreppur og Hvammshreppur verði sameinaðir, vill ráðuneytið samkvæmt lögum nr. 70 12. maí 1970 um sameiningu sveitarfélaga sbr. Sveitarstjórnarlög nr. 58 29. mars 1961 tilkynna eftirfarandi:

1. Dyrhólahreppur og Hvammshreppur í Vestur-Skaftafellssýslu skulu vera eitt sveitarfélag, sem heitir Mýrdalshreppur.
2. Mörk hins nýja sveitarfélags skulu vera hin sömu og núverandi mörk þessara sveitarfélaga.
3. Íbúar Dyrhólahrepps og Hvammshrepps skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags Mýrdalshrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi, sem tilheyra hvoru sveitarfélagi Dyrhólahreppi og Hvammshreppi skulu tilheyra hinu nýja sveitarfélagi Mýrdalshreppi. Allar ábyrgðir og fjárhagslegar skuldbindingar sem sveitarstjórnirnar hafa gert og ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þeirra fyrir yfirstandandi ár, skulu því aðeins vera bindandi fyrir hið nýja sveitarfélag að þær hafi hlotið samþykki beggja sveitarstjórnanna.
5. Þangað til settar hafa verið nýjar samþykktir og reglugerðir fyrir hið nýja sveitarfélag, skulu reglugerðir þær og samþykktir, sem nú eru í gildi í báðum sveitarfélögunum gilda, eftir því sem við á.
6. Gildistaka sameiningarinnar er ákveðin 1. janúar 1984.

7. Kosning til hreppsnefndar hins nýja Mýrdalshrepps skal fara fram 12. nóvember 1983 og er kjörtími hinnar nýju hreppsnefndar til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
8. Tala hreppsnefndarmanna í Mýrdalshreppi hinum nýja skal vera 7.
9. Sýslunefndarmenn skulu vera 2 í Mýrdalshreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. ágúst 1983.*

**Alexander Stefánsson.**

Hallgrímur Dalberg.

## AUGLÝSING

### um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari gjalddaga ársins 1983 hafa verið ákveðin sem hér segir:

	kr.
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit . . . . .	1 823
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu . . . . .	1 446
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu) . . . . .	456

*Menntamálaráðuneytið 18. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Knútur Hallson.**

Runólfur Þórarinnsson.

## AUGLÝSING

### um umferð á Suðureyri.

Að fengnum tillögum Suðureyrarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með seftar eftirfarandi reglur um umferð á Suðureyri:

1. Þar sem Súgandafjarðarvegur tengist Túngötu, skal vera biðskylda, og nýtur Túngata aðalbrautarréttar.
2. Eyrargata skal vera tvístefnuakstursgata.
3. Við Eyrargötu 12 er heimilt að aka út af Eyrargötu að söluskála Esso, og skal á þeim vegi vera biðskylda gagnvart Eyrargötu.

Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

*Lögreglustjórinn á Suðureyri, 10. ágúst 1983.*

**Pétur Kr. Hafstein.**

## G J A L D S K R Á fyrir pósthjónustu. Gildir frá 1. september 1983.

TEGUND SENDINGAR	Pyngd- armörk g	Innan- lands Burðar- gj. aur.	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
			Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.
<b>Hámark stærðar og þyngdar</b>								
<b>Bréf.</b>	20	650	650	<sup>2)</sup>	750	<sup>2)</sup>	750	1350
Hámarksstærð:	100	1300	1300		1800		1800	3850
Lengd + breidd	250	2600	2600		3550		3550	10600
+ þykkt 900 mm.	500	5200	5200		6800		6800	19750
Mesta lengd 600 mm.	1000	7800	9850		11850		11850	38350
Í ströngum:	2000	19250	19250		19250		19250	73100
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
<b>Póstkort.</b>				<sup>2)</sup>		<sup>2)</sup>		
Mest 105 × 148 mm.		600	600		600		600	650
Minnst 90 × 140 mm.								
<b>Prent.</b>								
Stærð sama og bréfa.	20	600	600	600	600	600	600	650
(Prentkort, sama stærð og póstkort).	100	750	750	1100	800	1100	800	1850
Hámarksþyngd 2 kg.	250	1350	1350	1850	1450	1850	1450	3800
Bækur þó 5 kg.	500	2400	2400	4150	2650	4150	2650	7600
Burðargjald fyrir prent yfir 1000 g til Norðurl.	1000	3800	3800	7450	4450	7450	4450	14500
er sama og fyrir „Önnur lönd.“	2000	5300	6200	13300	6200	13300	6200	29400
	3000	8450	9300	21050	9300	21050	9300	37400
	4000	10900	12400	28800	12400	28800	12400	45400
	5000	13500	15500	36550	15500	36550	15500	53400
<b>Smápakkar.</b>								
Stærð sama og bréfa.	100	750	750	1100	800	1100	800	1850
Hámarksþyngd 1 kg.	250	1350	1350	1850	1450	1850	1450	3800
	500	2400	2400	4150	2650	4150	2650	7600
	1000	3800	3800	7450	4450	7450	4450	14500
<b>Innrituð blöð og tímarit.</b>								
Innritunargjald 3823.00 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.	hver 500	346						
b) Til áskrifenda. Minnsta gjald: 200 eint. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.	100 200 300 400 500	136 269 389 483 884						
			Um afslátt af burð- argjaldi fyrir dag- blöð, landsmála- blöð og tímarit landssamtaka stétt- arfélagis og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstak- lega um bók- menntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir pósthjónustu nr. 138/1982, grein 14.4.1.		<sup>1)</sup> Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald. <sup>2)</sup> Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds. <sup>3)</sup> Umsókn um gjaldeyrisyfirfærslu (ebl. 509) útfyllist við allar greiðslur til útlanda. <sup>4)</sup> Til útlanda bætist við gjald fyrir símskeyti til viðkomandi lands. <sup>5)</sup> Póststöðvar gefa upplýsingar um þau lönd sem póstgírö og/eða póstaðvísanaviðskipti eru við.			

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -böggla: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir böggla: a. allt að 228 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 1138 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.



TEGUND SENDINGAR	Innanlands og til Norðurlanda	Önnur lönd <sup>2)</sup>	TEGUND SENDINGAR		Burðargjald aurar	
			Almennir böggjar (innanlands):	Þyngdar- mörk kg	Alm. böggjar aurar	Rúmfr. broth. aurar
<b>Póstgírþjónusta<sup>1)</sup></b> (hámarksupphæð ótakmörkuð)	Burðar- gjald aurar	Burðar- gjald aurar				
<b>Innborganir</b> (ókeypís á eigin reikning með notkun færsluseðils) .....	950	1200	Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	3400	5100
<b>Millifærslur</b> á milli póstgíróreikninga .....	ókeypís	ókeypís		3	3900	5900
<b>Útborganir</b> (ókeypís af eigin reikningi með notkun úttektarseðils) .....	1600	2000		5	6000	9000
<b>Póstávisanir<sup>3)</sup></b> (hámarksupphæð 30 000 kr. innanlands. Um hámarksupphæð póstávisana til útlanda veita póststöðvarnar upplýsingar				10	9400	14100
a) almennar póstávisanir .....	1600	2000		15	13600	20400
b) símapóstávisanir .....	7150	2000 <sup>4)</sup>		20	15200	22800
<b>Póstkröfur</b> Hámarksupphæð innanlands sama og póstávisana (30 000 kr.). Með innborgun á póstgíróreikning er hámarksupphæð ótakmörkuð. Burðargjald sendingar eftir tegund.			<b>Verðbréf og -böggjar.</b> Burðargjald sendingar eftir tegund. Skrásetningargjald .....			aurar
a) Með póstávisun .....	2950	3200	Tryggingargjald.			1400
b) Með innborgun á póstgíróreikning ... (aðeins innanlands)	2000		Fyrir hverjar 500 kr. eða minna .....			1400
			<b>Blindaprent:</b> Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.			
			<b>Loftbréf:</b> Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (750 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.			

**Ýmis önnur gjöld.**

Ábyrgðargjald .....

1400 aurar

**Talning í verðbréfi innanlands:** 1400 aurar hver sending.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 1350 aurar.

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirsöfnun um sendingu .....

1350 aurar

**Tollmeðferð bréfs, prents og smápakka:** 1300 aurar.

**Hraðboðagjald:** (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er .....

3200 aurar

**Tollmeðferð böggla:** 1700 aurar.

**Gjald fyrir að búa um böggla á ný:** 900 aurar.

**Móttökukvittun** .....

750 aurar

**Geymslugjald böggla:** 1700 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

**Alþjóða-svarmerki:** Söluverð 1400 aurar. Skiptiverð í frímerkjum 750 aurar.

**Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur:** Útanlands og innan 750 aurar.

**PÓSTFAX-ÞJÓNUSTA**

a) Frá póststöð til póststöðvar .....	9000 aurar fyrsta síða 6000 aurar hver viðbótarsíða
b) Frá einkateki til póststöðvar .....	5500 aurar fyrsta síða 3500 aurar hver viðbótarsíða
c) Frá póststöð til tækis í einkaeign .....	7500 aurar fyrsta síða 5000 aurar hver viðbótarsíða

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. september 1983. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthjónustu nr. 301 frá 11. maí 1983.

Samgönguráðuneytið, 25. ágúst 1983.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

## SAMÞYKKT

### um sorphreinsun fyrir Blönduós.

#### 1. gr.

Blönduóshreppur annast eða býður út sorphreinsun innan skipulagðra svæða sveitarfélagsins, sbr. þó 6. gr.

Sorphreinsun fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

#### 2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að hafa sorpgeymslu og sorphirðingu í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar og eftir nánari fyrirmælum er heilbrigðisnefnd kann að gefa.

#### 3. gr.

Allur kostnaður við almenna sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Hverjum húseiganda er þó skylt að greiða sérstakt sorphreinsunargjald, sem sveitarstjórn ákveður í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og innheimtist með fasteignagjöldum hvers árs.

#### 4. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum og líkum rekstri skal láta í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í þar til gerðum sorpskáp eða sérstakri grind, með viðeigandi frágangi og loki yfir. Húseigandi ber allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda og sorpskápa og ber að sjá um að grindur eða skápar séu í góðu ásigkomulagi.

Sorphirslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn. Húseigendum ber skylda til hreinsa snjó frá sorphirslum. Ef sorpgeymsla er innbyggð eða innandyra skal allur aðgangur að henni og frágangur vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar sbr. nánar 6. grein 8. tl. reglugerðar nr. 298/1978.

#### 5. gr.

Í sorppoka má setja venjulegt heimilissorp, en gæta skal þess sérstaklega að offylla þá ekki né ofþyngja á þann hátt að erfitt verði að loka þeim eða að hætta sé á að þeir rifni. Sorp skal láta vel ofan í poka, varast að það hangi yfir pokarönd eða dreifist á lok umhverfis sorphirslur og valdi óþrífum. Öllu blautu sorpi svo og oddhvössum hlutum skal pakkað vel inn áður en slíkt er sett í sorpílát. Mold, mól, grjót og svipuð efni má ekki setja í sorppoka en skal flytja til ákveðins svæðis, skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Á sama hátt má ekki setja eldfima vökva svo sem olíu og bensín í sorpílát, hvorki laust né í umbúðum. Sorphirðingarmönnum er heimilt að skilja eftir poka, sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

#### 6. gr.

Þeir aðilar, sem hafa með höndum starfsemi, sem krefst tíðari sorphirðingar, en um getur í 7. gr. að mati heilbrigðisnefndar, svo sem veitinga-, verslunar- og iðnaðarstöðvar, ber sjálfum að annast og kosta sína sorphirðu. Allt umfangsmeira sorp, svo sem frá byggingum

og málmíðnaði, bílhrae og allt brotajárn, skal hver hlutaðeigandi fjarlægja á eigin kostnað á afmarkað svæði, skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og bannað er að kasta slíkum efnum, svo sem öllu öðru sorpi í hvaða mynd sem er, í sjóinn eða í Blöndu. Skal slíku sorpi brennt eða því eytt á annan hátt, eftir því sem kostur er og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

## 7. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd vikulega og skal stefnt að því að hún fari fram á sama vikudegi við hvert hús.

Sorphirðing skal ekki framkvæmd á helgidögum eða eftir kl. 22 á virkum dögum. Hreppurinn leggur til og gengur frá í sorpskáp eða grind, einum plastpoka, eftir hverja hreinsun. Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíða eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, geta húseigendur fengið aukapoka í áhaldahúsi hreppsins. Sé slíku ekki til að dreifa þá geta húseigendur engu að síður fengið aukapoka eftir þörfum, en þá kemur sérstök greiðsla fyrir, er nemur andvirði þeirra. Á stóru heimili eða þar sem vænta má að einn poki nægi ekki til milli hreinsana getur viðkomandi valið milli þess, að hafa fleiri grindur eða að hafa geymslu fyrir fyllta sorppoka og skiptir þá sjálfur um, enda fær hann þá ókeypis nægilega marga poka. Ef um óvenjulega notkun poka er að ræða, t. d. hjá veitingastöðum, verslunum o. s. frv. getur sveitarsjóður lagt á aukagjald vegna sorphreinsunar eða látið greiða fyrir aukapoka.

## 8. gr.

Allur flutningur á vegum einstaklinga, fyrirtækja eða aðila, sem annast sorphreinsun á vegum sveitarfélagsins á sorphauga, eða á þau afmörkuðu svæði, sem sveitarstjórn gefur fyrirmæli um, skal gerður eftir ströngustu fyrirmælum og þrífnaður allur í hávegum hafður. Sömuleiðis skal umgangur og frágangur á sorpi á sorphaugastað uppfylla þær kröfur, sem reglur um þá staði kveða á um t. d. um losunartíma sorps og umgengishætti alla.

## 9. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal komið skriflega til sveitarstjórnar eða heilbrigðisnefndar.

## 10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

## 11. gr.

Um mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

## 12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Blönduósshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# SAMÞYKKT

## um hundahald í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Suðureyrarhreppi, nema á lögbýlum.

2. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. gr., um bann við hundahaldi, í eftirtöldum tilvikum:

- a) Þegar lögregluþyriföld sækja um leyfi til að halda hund vegna löggæslustarfa.
- b) Þegar blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
- c) Þegar sótt er um leyfi til að halda hund fyrir fólk með sálræn vandamál, en þá skal liggja fyrir umsögn læknis og félagsráðgjafa.
- d) Þegar sótt er um leyfi fyrir minkahunda.

3. gr.

Þeim, sem fá leyfi skv. 2. gr., ber að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

- a) Skrá skal hund á skrifstofu hreppsins.
- b) Greiða skal skráningargjald, sem sveitarstjórn ákveður í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.
- c) Ábyrgðartryggja skal hunda hjá viðurkenndu tryggingafélagi og leggja fram skírteini því til sönnunar við skráningu.
- d) Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í samkomuhús, skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hunda varða, þ. á m. reglum um hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.
- f) Skyld er að færa sönnur á að ábyrgðartrygging sé í gildi, hvenær sem slíks er krafist af sveitarstjórn.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum og geta leitt til leyfissviptingar. Um brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI. og VII. kafla.

5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Suðureyrarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. ágúst 1983.*

F.h.r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Kristján Á. Ásgeirsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. ágúst 1983.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Kristján Á. Ásgeirsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður um Kristján Á. Ásgeirsson“. Hann er stofnaður af ekkju Kristjáns, Sigrúnu Arnbjarnardóttur, til heimilis að Miðvangi 121, Hafnarfirði. Heimili sjóðsins er á Taugalækningadeild Landspítalans, Reykjavík. Varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5 000 kr. — fimm þúsund krónur.

3. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að taka á móti gjöfum, framlögum, áheimum o. s. frv.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla hjálpar- og afþreyingatækja fyrir sjúklinga og hjúkrunarfólk á Taugalækningadeild Landspítalans. Þetta skal gert á hvern þann hátt, sem sjóðstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðstjórnar. Sjóðstjórnina skipa yfirlæknir Taugalækningadeildar Landspítalans, hjúkrunarforstjóri sömu deildar og stofnandi, eða einhver er hún kynni að tilnefna í sinn stað.

6. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistrygðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum eða á annan tryggilegan hátt.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi reikningsskil hans og heldur sömuleiðis gjörðabók um úthlutanir. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af endurskoðanda.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins, sem er stofnframlag kr. 5 000 — fimm þúsund krónur — má aldrei skerða. Ráðastafa má öllum tekjum sjóðsins að öðru leyti.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef meirihluti sjóðstjórnar óskar eftir því.

9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins, þá skulu allar eigur hans og eignir renna til Taugalækningadeildar Landspítalans.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar  
nr. 151 4. mars 1975.

1. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggt með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sanningsveðskuldum. Hæstu lögleyfðir dráttarvextir á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 25. ágúst 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## SAMÞYKKT

um stjórn hreppsmálefna Blönduóshrepps.

I. KAFLI

Um skipun hreppsnefndar og verkefna hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Blönduóshrepps skal skipuð sjö hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Hreppsnefnd er almennt í fyrirsvari fyrir Blönduóshrepp og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hreppsins, til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hreppsnefndar eru þessi:

a. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.

- 1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. b-lið og ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
- 2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun hreppsins og/eða hreppsstofnana eða með annarri ákvörðun hreppsins. Ennfremur að eignir hreppsins séu tryggilega varðveittar.

- 3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga hreppsins eigi síðar en 31. maí ár hvert.
- b. Hreppsnefnd hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda hreppsins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og einstök verk eftir því sem ástæða þykir til.
- c. Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra og kýs hreppsráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga hreppsins. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn samkvæmt þeim reglum, sem um getur í 39. gr. og semur um laun þeirra.
- d. Hreppsnefnd setur reglur um stjórn hreppsmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna hreppsins, ákveður lóðaleigu, gjaldskrá hreppsfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

## II. KAFLI

### Fundarsköp hreppsnefndar.

#### 3. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum, kýs hún sér oddvita og varaoddvita og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum.

#### 4. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðarbók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Oddvitinn sér um að allt fari löglega fram og skipulega á fundum hreppsins. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn hreppsnefndar ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd ræður sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar, sem sér um færslu gerðabókar og hefur oddvitinn eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð hreppsnefndarfunda, svo og hver sé fundarritari og einnig það sem oddvitinn vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana. Hver hreppsnefndarmaður, sem eigi er sammála hinum á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina. Heimilt er að fresta lestri gerðabókar til næsta fundar hreppsnefndar, en þá skal afrit fundargerðar sent hreppsnefndarmönnum innan viku og þeir fá viku frest til að koma á framfæri athugasemdum.

#### 6. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi að jafnaði tvisvar í mánuði. Heimilt er hreppsnefnd að fækka fundum í júlí og ágúst. Reglulegir fundardagar og fundartími skal ákveðinn í byrjun hvers kjörtímabils.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun hreppsráðs, oddvita, sveitarstjóra eða ef teir hreppsnefndarmenn hið fæsta krefjast þess.

Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar.

## 7. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá skal taka:

- 1) Fundargerðir hreppsráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar hreppsnefndar á ályktunum sínum.
- 2) Hvert það mál, sem fellur undir verksvið hreppsnefndar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af hreppsnefnd, hreppsráði, lögmætri nefnd eða hreppsnefndarmanni, að málið sé á dagskrá tekið.
- 3) Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað sem hreppsnefnd á að fjalla um að lögum. Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 4 dögum fyrir hreppsnefndarfund. Sveitarstjóri skal í síðasta lagi 2 dögum fyrir boðaðan hreppsnefndarfund hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum og a. m. k. jafnmörgum varahreppsnefndarmönnum dagskrá næsta hreppsnefndarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 3. mgr. 6. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði hreppsnefndarmönnum og varahreppsnefndarmönnum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál biður afgreiðslu enda sé þess getið með fundarboðum, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema hreppsnefnd ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki meirihluti viðstaddra hreppsnefndarmanna þau afbrigði.

## 8. gr.

Hreppsnefndarfundi skal auglýst á skrifstofu sveitarfélagsins með a. m. k. 24 klst. fyrirvara.

## 9. gr.

Hreppsnefndarfundi skal halda í heyrandi hljóði. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna, eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á hreppsnefndarfundi raskar fundarfriði getur oddviti látið vísa honum út.

## 10. gr.

Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.



Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það nema við kosningu þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu sveitarstjóra, nefnda eða með því að fresta því.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skal hagað.

#### 11. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líði ein vika það skemmsta á milli umræðna.

#### 12. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall eða skriflega atkvæðagreiðslu skal viðhafa ef oddviti ákveður, sveitarstjóri óskar eða tveir hreppsnefndarmenn hið fæsta.

Við nafnakall greiða hreppsnefndarmenn atkvæði eftir skrá um hreppsnefndarmenn í stafrófsröð. Nöfnum varamanna skal bæta á skrána í réttari röð í stað nafna þeirra sem fjarstaddir eru.

Hlutkesti ræður á hverjum byrjað skal.

Við nafnakall er hreppsnefndarmanni skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er oddviti metur gild.

Ef hreppsnefndarmaður vill ekki una úrskurði oddvita má hann skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, sem sker úr án umræðna.

#### 13. gr.

Hver hreppsnefndarmaður sem vill taka til máls á hreppsnefndarfundi, skal óska heimildar oddvita.

Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumenn svo og hreppsnefndarmann sem gera vill stutta athugasemd eða leiðréttu ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

Hreppsnefnd getur heimilað, ef 4 hreppsnefndarmenn samþykkja að maður utan hreppsnefndar megi tala á hreppsnefndarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

#### 14. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir hreppsnefndarmenn tvisvar, er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Sveitarstjóri, sem ekki er jafnframt hreppsnefndarmaður, skal hafa málfrelsi á hreppsnefndarfundum til jafns við hreppsnefndarmenn.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita.

#### 15. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur oddviti, hvenær sem er, lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma meðan nokkur hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs.

Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver hreppsnefndarmaður getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eigi ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

#### 16. gr.

Skylt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við hreppsnefnd að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði hreppsnefndar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

#### 17. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að allar umræður í hreppsnefnd skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi hreppsnefndar, og handrit af umræðum bera með sér.

Engar breytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður skuli gefnar út á prenti ásamt því sem fært hefur verið í gerðabók, svo og önnur skjöl eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef hreppsnefnd ákveður slíka útgáfu skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja hreppsnefndarmanna til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundir séu teknir á segulband til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern hreppsnefndarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum hreppsnefndarmönnum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjöllum um hennar.

### III. KAFLI

#### Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

#### 18. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögleg forföll hamli. Honum er skylt að taka að sér störf sem hreppsnefnd felur honum, t. d. oddvitastörf, setu í hreppsráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið oddviti hreppsnefndar, setið í hreppsráði eða öðrum nefndum getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að koma þrúðmannlega fram á hreppsnefndarfundum, gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem hreppsnefndarmenn.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar hreppsins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli hreppsnefndarmanna.

#### 19. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

## 20. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar. Þóknun ákveðist í desember ár hvert.

## 21. gr.

Ef hreppsnefndarmaður, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda, eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn til að taka sæti hans á meðan enda hafi varamaður ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni, sem þess óskar, lausn frá hreppsnefndarmannsstarfi.

## IV. KAFLI

**Hreppsráð.**

## 23. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar í júní ár hvert skal kjósa þrjá menn í hreppsráð og þrjá til vara í hlutfallskosningu. Kosning hreppsráðs gildir uns nýtt hreppsráð hefur verið kjorið.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsráðs. Hreppsráð kys sér formann og ritara. Kjósa má sveitarstjóra formann þótt hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Hreppsráð skal halda fundi hálfsmánaðarlega. Fundardaga og fundartíma skal ákveða af hreppsnefnd í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri ákveður það eða ef hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið fundarritara utan hreppsráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu funda, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Listi, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki fulltrúa í hreppsráði, má tilnefna hreppsnefndarmann til að sitja fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sér um að fundarboð sé fært hreppsráðsmönnum.

## 24. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdarstjórn Blönduóshrepps að því leyti sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsráð skal gera tillögur til hreppsnefndar í þeim málum, sem fyrir hreppsráði kunna að liggja.

Hreppsráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem hreppsnefnd hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

## 25. gr.

Hreppsráð annast umsjón og stjórn á fjárhag hreppsins, undirbúning fjárhagsáætlana, gerir tillögur til úrskurðar á reikningum hreppsins og lætur semja skýrslu um eignir og skuldir hreppsins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda.

Ennfremur stjórn og umsjón með vegamálum hreppsins, vinnuvélum hreppsins, holræsum, götum, vatnsveitu, höfn, barnaleikvöllum og dagheimili, allt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum hreppsnefndar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal hreppsráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Hreppsráð leggur til við hreppsnefnd hvornig varið skuli fé til verklegra framkvæmda að því leyti sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

26. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef það eða sveitarstjóri óskar þess þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI

Um sveitarstjóra.

27. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar. Heimilt er þó að ráða sveitarstjóra til lengri tíma.

Ráðningarsamningur er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningartímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í hreppsnefnd. Líða skulu minnst 24 klst. milli umræðna.

Nú næst ekki meirihluti í hreppsnefnd fyrir ráðningu sveitarstjóra, svo að sveitarstjóri er í andstöðu við meirihluta hreppsnefndar, getur þá ráðherra ákveðið að hreppsnefndarkosningar skuli fara fram á ný.

28. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og framkvæmd á málefnum hreppsins yfirleitt að því leyti, sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál. Skylt er sveitarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu hreppsins.

29. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs, og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem hreppsnefndarmenn, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt. Hann á rétt til setu á fundum í nefndum hreppsnefndar og stjórnnum stofnana hreppsins og skylt er honum að sækja slíka fundi, sé þess óskað af viðkomandi nefndarformanni eða forstöðumanni stofnunar.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í hreppsnefnd, hreppsráði eða fastanefndum nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hreppsnefndar, hreppsráðs og nefnda.

30. gr.

Nú samþykkir hreppsnefnd ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun án þess að gera jafnframt fullnægjandi ráðstafanir til að afla fjár til að standast þennan kostnað og getur sveitarstjóri felld slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið. Sveitarstjóri skal senda hreppsnefnd afrit af skýrslunni svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðuneytisins. Þá getur sveitarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar hreppsnefndar ályktunum hreppsráðs sbr. 24. gr.

## 31. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt hreppsnefndar má ekki greiða nema til komi samþykkt hreppsnefndar.

Ekkert gjald má greiða úr hreppssjóði nema sveitarstjóri ávísir því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hreppsráðs til slíks.

## 32. gr.

Sveitarstjóra er heimilt í samráði við hreppsráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma. Stendur sú ákvörðun óhöggud nema hreppsráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða skal hreppsnefnd setja mann til að gegna starfi hans.

## VI. KAFLI

**Endurskoðendur.**

## 33. gr.

Hreppsnefnd kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga hreppsins og fyrirtækja hans.

Hreppsnefndarmenn eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðar 3. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. apríl ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun hreppsnefndar.

## 34. gr.

Hreppsráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga hreppsins og fyrirtækja hans sbr. 25. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann hreppsráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en hreppsráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til hreppsnefndar.

## VII. KAFLI

**Nefndir.**

## 35. gr.

Hreppsnefnd kýs hlutfallskosningu eftirtalдар nefndir og starfsmenn til að fara með mál eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt hreppsnefndar.

a) Til eins árs í júní ár hvert:

1. Þrjú menn í hreppsráð og þrjú til vara.
2. Þrjú menn í kjörstjórn og þrjú til vara.
3. Tvo endurskoðendur ársreikninga og tvo til vara.
4. Fulltrúa á aðalfund hafnasambands sveitarfélaga samkv. samþ. sambandsins.
5. Fulltrúa á aðalfund sambands ísl. hitaveitna samkv. samþ. sambandsins.
6. Fulltrúa á aðalfund hlutafélaga sem sveitarfélagið á hlutafé í.

b) Til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. Fimm menn í byggingarnefnd og fimm til vara.
2. Fimm menn í hafnarnefnd og fimm til vara.

3. Fimm menn í veitunefnd og fimm til vara.
  4. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
  5. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
  6. Fimm menn í ferðamála- og umhverfisnefnd.
  7. Fjóra menn í atvinnumálanefnd og fjóra til vara. Verkalýðsfélögin á Blönduósi tilnefna auk þess einn mann í nefndina og einn til vara.
  8. Tvo menn í áfengisvarnarnefnd og tvo til vara.
  9. Þrjá menn til setu í bókasafnsnefnd og þrjá til vara.
  10. Tvo menn til setu í stjórn bóklöðunnar og tvo til vara.
  11. Tvo menn til setu í stjórn brunavarna A-Hún. og tvo til vara.
  12. Tvo menn til setu í heilbrigðisnefnd A-Hún. og tvo til vara.
  13. Fulltrúa í rekstrarnefnd Félagsheimilisins á Blönduósi samkv. samþ. þess.
  14. Fulltrúa á fjórðungsþing Fjórðungssambands norðlendinga samkv. samþ. sambandsins.
  15. Fulltrúa á aðalfund Sambands ísl. sveitarfélaga samkv. samþ. sambandsins.
  16. Einn mann til forðagæslu og einn til vara.
  17. Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða á Blönduósi og þrjá til vara.
  18. Einn mann í skólanefnd Fjölbrautarskólans á Sauðárkróki og einn til vara.
- c) Aðrar nefndir og fulltrúa eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Í nefndum skv. b) 1 til 7 skal að minnsta kosti einn nefndarmanna vera úr hópi aðalmanna í hreppsnefnd.

### 36. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum hreppsnefndar. Þar sem ekki er um slíkar reglugerðir að ræða getur hreppsnefnd sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem hreppsnefnd er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími hreppsnefndar er á enda nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

### 37. gr.

Nú andast maður, sem kosinn hefur verið í nefnd, flyst á brott eða forfallast varanlega á annan hátt, og skal þá kjósa annan mann í hans stað það sem eftir er kjörtímans. Skyld er að gefa þeim flokki eða flokkum, sem kusu hinn forfallaða mann af lista við hlutfallskosningu, kost á að tilnefna eftirmanninn.

Þetta á þó ekki við um hreppsnefndarfulltrúa, þegar varahreppsnefndarfulltrúa ber að taka sæti hans.

### 38. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem hreppsnefnd setur í sérstök mál, lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

## VIII. KAFLI

**Um starfsmenn hreppsnefndar.**

39. gr.

Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinna stofnana.

Hreppsnefnd getur falið hreppsráði og forstöðumönnum hreppsstofnana, að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði vera auglýstar til umsóknar en heimilt er þó hreppsnefnd (hreppsráði) að skipa í stöður án slíkrar auglýsingar. Hreppsnefnd (eða hreppsráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um skipan í stöður hjá hreppnum svo og sérskilyrði er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna hreppsnefndar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum hreppsnefndar.

Sveitarstjóri f. h. hreppsnefndar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er mönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

## IX. KAFLI

**Breytingar á samþykktinni.**

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í hreppsnefnd, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar sem 5 menn skipa nú hreppsnefnd Blönduóshrepps tekur ákvæði 1. gr. um sjö hreppsnefndarmenn ekki gildi fyrir en að loknum næstu kosningum til sveitarstjórnar Blönduóshrepps, enda hafi þá verið aflað tilskilinna heimilda til fjölgunar hreppsnefndarfulltrúa.

Sama gildir um ákvæði IV. kafla um hreppsráð, svo og þau önnur ákvæði þessarar samþykktar sem af þessu leiðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Blönduóshrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

---

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**GJALDSKRÁ**

vegna geislavarnaeftirlits á vegum Hollustuverndar ríkisins fyrir árið  
1983.

1. gr.

Skoðunargjöld fyrir árið 1983, sem Hollustuvernd ríkisins innheimtir og gjaldfalla þegar að lokinni skoðun verða sem hér segir:

	<i>1. Röntgenskoðunartæki (diagnostik)</i>	kr.
a.	Föst tæki .....	1 500,00
b.	Aukalampar .....	450,00
c.	Móbíltæki .....	1 150,00
d.	Tannröntgentæki .....	1 150,00
	<i>2. Röntgenlækningatæki (terapi)</i>	
	Geislalækningatæki .....	3 400,00
	<i>3. Röntgentæki í iðnaði</i>	
	Iðnaðartæki .....	1 500,00
	<i>4. Geislavirk efni</i>	
	Fyrir hvern stað, þar sem slík efni eru notuð .....	1 150,00
	<i>5. Önnur tæki</i>	
	Tæki, sem ekki falla undir liði 1-4 .....	1 150,00
	<i>6. Mælingar á geislaskömmtum</i>	
a.	Filmmælingar vegna starfsfólks, fyrir hvern starfsmann .....	300,00
b.	TLD mælingar .....	600,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stöð í lögum nr. 95/1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum og geislatakjum sbr. lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 624

5. september 1983

**AUGLÝSING**

**um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr.  
25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.**

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:



Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum kr.
1. mars 1983 .....	242 247	726 743
1. júní 1983 .....	261 627	784 882

*Samgönguráðuneytið, 5. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 625

25. ágúst 1983

## REGLUGERÐ

**um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaakesturs í Norður-  
Múlasýslu.**

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Norðmýlinga.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaakesturs takmarkast við hámarkstöluna 12 sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Norðmýlinga og sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Í októbermánuði ár hvert veitir Vörubílstjórafélag Norðmýlinga viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflytninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 12 bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tímaröð.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og egi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 25. ágúst 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 38 — 1983

1057

Nr. 626

## REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Greiðslufirlit ársins 1982.

### Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1982:

Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands .....	kr. 9 539 806,31
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	— 1 587 170,00
Vaxtatekjur .....	— 346 429,38
Stjórnarlaun flutt af undirreikn. ....	— 43 919,00
Opinber gjöld flutt af undirreikn. ....	— 4 633,69

kr. 11 521 958,38

Gjöld:

Auglýsinga- og áskriftarkostn. ....	— 1 650,70
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum fluttur á undirreikn. ....	— 7 252 300,00
Stofnfé síldarafurða (mjöl og lýsi) flutt á hlr. 35233 .....	— 3 825 000,00

Eignir 31. des. 1982:

Innstæða á hlr. 35209 .....	— 443 007,68
-----------------------------	--------------

kr. 11 521 958,38

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

### Freðfiskur.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1982:

Innstæða á hlr. 35217 í Seðlabanka Íslands .....	kr. 225 379,09
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	— 172 830,00
Vaxtatekjur .....	— 32 210,97

kr. 430 420,06

Gjöld:

Stjórnarlaun .....	— 68 541,00
Opinber gjöld .....	— 4 014,57
Auglýsingakostnaður .....	— 8 462,00

Eignir 31. des. 1982:

Innstæða á hlr. 35217 .....	— 349 402,49
-----------------------------	--------------

kr. 430 420,06

B 134

**Rækja.****Tekjur:**

Eignir 1. jan. 1982:

Innstæða á hlr. 35276 í Seðlabanka Íslands .....	kr.	4 539 371,08
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	1 046 110,00
Vaxtatekjur .....	—	202 618,11
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum skv. lögum nr. 81/1981 .....	—	182 100,00
	kr.	5 970 199,19

**Gjöld:**

Auglýsingakostnaður .....	—	2 440,00
Greitt v/verðlækkana á rækju v/framl. frá 1. okt.-31. des. 1981 .....	kr.	3 976 462,00
v/framl. frá 1. jan.-31. maí 1982 .....	—	1 737 100,00
		5 713 562,00

Eignir 31. des. 1982:

Innstæða á hlr. 35276 .....	kr.	254 197,19
	kr.	5 970 199,99

**Humar.****Tekjur:**

Eignir 1. jan. 1982:

Innstæða á hlr. 35292 í Seðlabanka Íslands .....	kr.	17 162 059,88
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	15 162 990,00
Vaxtatekjur .....	—	2 785 756,42
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánun, skv. lögum nr. 81/1981 .....	—	319 100,00
	kr.	35 429 906,30

**Gjöld:**

Auglýsingakostnaður .....	—	1 702,00
Greitt v/verðlækkana á humri framleiddum árið 1981 .....	—	47 990,00
Eignir 31. des. 1982: Innstæða á hlr. 35292 .....	—	35 380 214,30
	kr.	35 429 906,30

**Hörpudiskur.****Tekjur:**

Eignir 1. jan. 1982:

Innstæða á hlr. 35314 í Seðlabanka Íslands .....	kr.	14 639 162,75
Hl. hörpudisks í gengismuni v/gengisbreytinga í ágúst 1981 .....	—	215 687,75
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	9 451 000,00
Vaxtatekjur .....	—	1 767 671,42
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánun, skv. lögum nr. 81/1981 .....	—	73 300,00
	kr.	26 146 821,92

## Gjöld:

Ferða- og upphaldskostnaður	kr.	4 100,00
Auglýsingakostnaður	—	1 566,00
Greitt v/verðlækkana á hörpuðiski		
v/framl. frá 1. júní-31. des. 1981	kr.	4 227 596,00
v/framl. frá 1. jan.-31. maí 1982	—	5 048 900,00
		<u>9 276 496,00</u>
Endurgr. ofreiknaðar verðhækkunatekjur v/framleiðslu fram til		
31. maí 1981	kr.	1 100 017,13
Eignir 31. des. 1982:		
Innstæða á hlr. 35314	—	15 764 642,79
		<u>kr. 26 146 821,92</u>

## Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

## Loðnumjöl.

## Tekjur:

Eignir 1. jan. 1982:		
Innstæða á hlr. 35225 í Seðlabanka Íslands	—	30 524 245,37
Greitt upp í inneign loðnumjöls og -lýsis í gengishagnaði v/gengisbr.		
í jan. 1982	—	7 500 000,00
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	8 623 890,00
Vaxtatekjur	—	1 101 169,73
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum,		
skv. lögum nr. 81/1981	—	24 100,00
Inneign loðnulýsis á hlr. 35233 millif.	—	4 826,61
		<u>kr. 47 778 231,71</u>

## Gjöld:

Stjórnarlaun	—	37 850,00
Opinber gjöld	—	2 269,03
Greitt v/verðlækkana á loðnumjöli og lýsi framl. frá 1. okt. til loka		
vetrarvertíðarinnar 1982	—	31 220 878,00
Lántökugjald	—	420 000,00
Greitt af láni teknu 1981 (skuld 31. des. 1982 kr. 73 202 425,00)	—	14 000 000,00
Eignir 31. des. 1982:		
Innstæða á hlr. 35225, (eign loðnumjöls og -lýsis)	—	2 097 234,68
		<u>kr. 47 778 231,71</u>

## Loðnulýsi.

## Tekjur:

Eignir 1. jan. 1982:		
Innstæða á hlr. 35233 í Seðlabanka Íslands	—	700 492,20
Uppfærsla v/gebnisbreytinga	—	48 520,00
Vaxtatekjur	—	480 664,41
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum, skv.		
lögum nr. 81/1981	—	249 600,00
		<u>kr. 1 479 276,61</u>

## G j ö l d :

Greitt v/verðlækkana á loðnulýsi framl. á vetrarvertíð 1981 .....	—	1 474 450,00
Inneign loðnulýsis flutt á hlr. 35225, loðnumjöl v/sameiningar .....	—	4 826,61
Eignir 7. okt. 1982:		
Innstæða á hlr. 35233 .....	—	0
		<hr/>
	kr.	1 479 276,61

## Síldarmjöl og -lýsi.

## T e k j u r :

Eignir 7. okt. 1982:		
Innstæða á hlr. 35233 í Seðlabanka Íslands .....	—	0
Stofnfé síldarmjöls og -lýsis flutt af stofnfjárdeild .....	—	3 825 000,00
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	326 920,00
Vaxtatekjur .....	—	78 370,99
		<hr/>
	kr.	4 230 290,99

## G j ö l d :

Greitt v/verðlækkana á síldarmjöli og -lýsi í framl. haustið 1981 .....	—	842 600,00
Eignir 31. des. 1982:		
Innstæða á hlr. 35233 .....	—	3 387 690,99
		<hr/>
	kr.	4 230 290,99

## Fiskmjöl.

## T e k j u r :

Eignir 1. jan. 1982:		
Innstæða á hlr. 35268 í Seðlabanka Íslands .....	—	2 903 587,40
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	604 500,00
Vaxtatekjur .....	—	101 761,57
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum, skv. lögum nr. 81/1981 .....	—	111 100,00
		<hr/>
	kr.	3 720 948,97

## G j ö l d :

Auglýsingakostnaður .....	—	384,00
Greitt v/verðlækkana á fiskmjöli framl. á árinu 1981 .....	—	3 658 540,00
Eignir 31. des. 1982:		
Innstæða á hlr. 35268 .....	—	62 024,97
		<hr/>
	kr.	3 720 948,97

## Kolmunna- og spærlingsmjöl.

## T e k j u r :

Eignir 1. jan. 1982:		
Innstæða á hlr. 35330 í Seðlabanka Íslands .....	—	323 509,52
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	285 810,00
Vaxtatekjur .....	—	52 526,36
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum, skv. lögum nr. 81/1981 .....	—	5 400,00
		<hr/>
	kr.	667 245,88

## Gjöld:

Eignir 31. des. 1982:

Innstæða á hlr. 35330 .....	—	667 245,88
		<hr/>
	kr.	667 245,88

## Deild fyrir saltsíldarafurðir.

## Tekjur:

Eignir 1. jan. 1982:

Innstæða á hlr. 35306 í Seðlabanka Íslands .....	—	2 009 783,20
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	705 010,00
Vaxtatekjur .....	—	144 237,63
Eftirst. gengismunar v/gengisbreytingar í ágúst 1981 .....	—	15 812,21
Framlag frá ríkinu, skv. sérst. ákv. sjávarútvegsráðh. ....	—	1 000 000,00
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum, skv. lögum nr. 81/1981 .....	—	100 800,00
		<hr/>
	kr.	3 975 643,04

## Gjöld:

Stjórnarlaun .....	—	32 821,00
Opinber gjöld .....	—	1 888,87
Auglýsingakostnaður .....	—	624,00
Greitt v/verðlækkana á saltsíld framl. haustið 1981 .....	—	3 650 000,00
Eignir 31. des. 1982:		
Innstæða á hlr. 35306 .....	—	290 309,17
		<hr/>
	kr.	3 975 643,04

## Deild fyrir saltfiskafurðir.

## Óverkaður saltfiskur og söltuð ufsaflök.

## Tekjur:

Eignir 1. jan. 1982:

Innstæða á hlr. 35241 í Seðlabanka Íslands .....	—	25 609 662,30
Innborgaðar verðhækkunatekjur af óverkuðum saltfiski framl. frá 1. jan. – 31. maí 1981 .....	—	340 000,00
Greitt upp í inneign óverkaðs saltfisks í gengishagnaði v/gengisbreytingar í ágúst 1981 .....	—	6 000 000,00
Greitt uppí inneign óverkaðs saltfisks í gengishagnaði v/gengisbreytingar í jan. 1982 .....	—	12 000 000,00
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	31 091 280,00
Vaxtatekjur .....	—	5 562 451,09
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum, skv. lögum nr. 81/1981 .....	—	2 545 800,00
		<hr/>
	kr.	83 149 193,39

## Gjöld:

Stjórnarlaun .....	—	39 403,00
Opinber gjöld .....	—	2 257,06
Auglýsingakostnaður .....	—	3 724,00
Greitt v/verðlækkana á óv. saltfiski		
v/framleiðslu frá 1. júní – 30. sept. 1981 .....	kr. 3 462 133,00	
v/framleiðslu frá 1. okt. – 31. des. 1981 .....	— 115 650,00	
		<u>3 577 783,00</u>
Greitt v/verðlækkana á söltuðum ufsaflökum		
v/framleiðslu frá 1. jan. – 31. maí 1981 .....	— 52 294,00	
v/framleiðslu frá 1. jan. – 31. maí 1982 .....	— 867 382,50	
		<u>919 676,50</u>
Eignir 31. des. 1982:		
Innstæða á hlr. 35241 .....	kr. 78 606 349,83	
		<u>kr. 83 149 193,39</u>

## Verkaður saltfiskur.

## Tekjur:

Eignir 1. jan. 1982:		
Innstæða á hlr. 35322 í Seðlabanka Íslands .....	—	10 780,17
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	—	9 340,00
Vaxtatekjur .....	—	1 721,76
		<u>kr. 21 841,93</u>

## Gjöld:

Eignir 31. des. 1982:		
Innstæða á hlr. 35322 .....	—	21 841,93
		<u>kr. 21 841,93</u>

## Deild fyrir skreiðarafurðir.

## Tekjur:

Eignir 1. jan. 1982:		
Innstæða á hlr. 35284 í Seðlabanka Íslands .....	—	39 229 211,14
Innborgaðar verðhækkunatekjur af skreið		
v/framl. ársins 1981 (Nígería) .....	kr. 28 113,15	
v/framl. ársins 1982 (Ítalía) .....	— 1 015 708,76	
		<u>1 043 821,91</u>
Greitt uppí inneign skreiðar í gengishagnaði		
v/gengisbr. í ágúst 1981 .....	kr. 12 000 000,00	
Greitt uppí inneign skreiðar í gengishagnaði		
v/gengisbr. í jan. 1982 .....	— 9 500 000,00	
Uppfærsla v/gengisbreytinga .....	— 48 296 910,00	
Vaxtatekjur .....	— 8 756 983,58	
Eftirgefinn gengism. af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum, skv. lögum nr. 81/1981 .....	— 3 641 000,00	
		<u>kr. 122 467 926,63</u>

## Gjöld:

Stjórnarlausn .....	—	35 902,00
Opinber gjöld .....	—	2 109,16
Auglýsingakostnaður .....	—	1 504,00
Eignir 31. des. 1982:		
Innstæða á hlr. 35284 .....	—	122 428 411,47
		<hr/>
		kr. 122 467 926,63

Reykjavík, 29. ágúst 1983.

**Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.**

Davíð Ólafsson, formaður.

Framanrituð greiðslufirlit 1982 höfum við endurskoðað. Innstæður sjóðsins í árslok 1982 höfum við sannreynt. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu.

Reykjavík, 19. ágúst 1983.

Stefán Svavarsson,  
lögg. endurskoðandi,  
kjörinn af bankaráði  
Seðlabanka Íslands

Gunnlaugur Arnórsson,  
aðalendurskoðandi,  
Seðlabanka Íslands.

7. september 1983

Nr. 627

## REGLUGERÐ

### um lágmarksbúnað loftfara

#### 1. Almenn.

- 1.1. *Orðskýringar.*  
 Aðflugshalla- og stefnuviðtæki — ILS-receiver.  
 Beygju- og skriðmælir — Turn and slip indicator.  
 Fjarlægðarmælir — DME.  
 Fjölstefnuviðtæki — VOR-receiver.  
 Flugriti — Flight recorder.  
 Priggja-ása sjálfstýring — Three axis autopilot.  
 Hljóðriti — Cockpit voice recorder.  
 Hvít leifturljós — Strobe lights.  
 Hæðarvari — Altitude alerter.  
 Merki og hættir — Codes and modes.  
 Jarðvari — Ground proximity warning system.  
 Klifurmælir — Vertical speed indicator.  
 Markviti — Marker beacon.  
 Radarsvari — Transponder.  
 Radíóáttaviti — ADF.  
 Rautt blikkandi varúðarljós — Anticollision light.  
 Siglingaljós — Navigation lights.  
 Stefnusnúður — Directional gyro.  
 Stöðuvísir — Attitude indicator.



- 1.2. Auk þess, sem almennt er krafist fyrir lofthæfi íslenskra loftfara, m. a. samkvæmt almennum ákvæðum ICAO Annex 6 (Operation of Aircraft), skulu flugvélar og þyrlur hafa búnað þann sem greinir í þessari reglugerð.
- 1.3. Mælitækjum og öðrum búnaði skal þannig komið fyrir að flugliðar geti úr sæti sínu auðveldlega lesið af þeim eða náð til þeirra, eftir því sem við á.

## 2. Búnaður í öllu flugi.

- 2.1. *Björgunarvesti og björgunarbátar.*
- 2.1.1. Björgunarvesti fyrir áhöfn og farþega skulu ávallt vera fyrir hendi.
- 2.1.2. Íslenskar flugvélar og þyrlur, eða slík loftför á vegum íslenskra aðila, skulu í flugi til eða frá Íslandi og fara fjær ströndu en 93 km (50 sjómílar), búin björgunarbátum er rúmi alla um borð. Sama krafa gildir fyrir loftför sem notuð eru í reglubundnu áætlunarflugi með farþega. Neyðarsendir sem getur sent á tíðni 121,5 og 243 MHz, og fullnægir kröfum flugmálastjórar um slíka senda, skal vera í eða festur við a. m. k. einn björgunarbát loftfarsins.
- 2.2. *Sjúkrakassar.*
- 2.2.1. Sjúkrakassar viðurkenndir af flugmálastjórn skulu ávallt vera um borð.
- 2.3. *Slökkvitæki.*
- 2.3.1. Slökkvitæki, viðurkennd af flugmálastjórn, skulu ávallt vera um borð.
- 2.4. *Ísvarntæki/ísbrotar.*
- 2.4.1. Flugvélar, sem notaðar eru til blindflugs í atvinnuskyni, og flugvélar sem flogið er í veðurfari þar sem tilkynnt hefur verið um ísingu eða búist er við henni, skulu búnar fullnægjandi ísvarntækjum, að mati flugmálastjórnar.
- 2.5. *Neyðarsendir.*
- 2.5.1. Flugvélar með leyfilegan hámarksflugtaks massa allt að 5 700 kg, svo og þyrlur, skulu búnar sjálfvirkum neyðarsendi sem getur sent á tíðni 121,5 og 243 MHz og fullnægir kröfum flugmálastjórnar um slíka senda.
- 2.5.2. Flugmálastjórn getur undanþegið loftför þessu ákvæði þegar þeim er flogið til staða þar sem setja á neyðarsenda í þau eða gera á við þá.
- 2.6. *Neyðarbúnaður.*
- 2.6.1. Í flugi einshreyfils loftfara skal hafa meðferðis búnað, sem tryggi öryggi áhafnar og farþega í a. m. k. sólarhring ef til nauðlendingar kæmi. Búnaður skal miðaður við aðstæður hverju sinni svo sem: varmpokar, skjólfatnaður og neyðarkostur. Í flugvélum með leyfilegan hámarks flugtaks massa allt að 5 700 kg, svo og í þyrlum, skulu vera álpokar fyrir alla um borð.
- 2.7. *Flug yfir sjó.*
- 2.7.1. EINHREYFILS landflugvélum skal ekki flogið lengra frá landi en svo, að hægt sé að ná til lands í renniflugi. Flugmálastjórn getur veitt sérstakar undanþágur til ferjuflugs.
- 2.8. *Jarðvari.*
- 2.8.1. Flugvélar, sem knúnar eru hverfilhreyflum og hafa leyfilegan hámarksflugtaks massa yfir 5 700 kg, skulu búnar jarðvara, sem viðurkenndur er af flugmálastjórn.
- 2.8.2. Jarðvarinn skal þannig gerður og fyrir komið að hann vari við hættulegri flugstefnu miðað við jörð í hæð sem er lægri en 760 m (2 500 fet) yfir jörðu.
- 2.8.3. Jarðvarinn skal gefa bæði sjáanleg og heyranleg hættumerki í stjórnklefa. Hættumerki skulu:
  - a) hefjast samtímis og vera auðgreind frá öðrum hættumerkjum í stjórnklefa.
  - b) vera stöðugt skynjanleg uns hættuástandið er liðið hjá og
  - c) hefjast sjálfkrafa án aðgerða áhafnarinnar.

- 2.8.4. Jarðvaranum skal ætíð haldið í lagi. Ef hann bilar má þó ljúka við hafið flug eða flugröð.
- 2.9. *Veðurradar.*
- 2.9.1. Flugvélar með jafnþrýstiklefa skulu búnar veðurradar, þegar flogið er í atvinnuflugi með farþega í nætur- eða blindflugi inn á svæði þar sem búast má við þrumuveðri eða öðrum hættulegum veðurskilyrðum, sem greina má í radar flugvéla.
- 2.10. *Hljóðriti og flugriti.*
- 2.10.1. Flugvélar, sem búnar eru hverfilhreyflum og hafa leyfilegan hámarksflugtaks- massa yfir 5 700 kg, skulu búnar hljóðrita og flugrita af gerðum sem hlotið hafa viðurkenningu flugmálastjórnar.
- 2.11. *Ljósabúnaður.*
- 2.11.1. Í næturflugi skal a. m. k. hafa eftirfarandi ljós:
- Siglingaljós og rautt blikkandi varúðarljós og/eða hvítleifturljós við væng- enda og stél eða komið fyrir á annan viðurkenndan hátt.
  - Tvö lendingarljós. Á einshreyfils loftförum nægir eitt lendingarljós.
  - Lýsingu fyrir öll mælitæki, svo og fyrir annan búnað sem þarf til öruggrar stjórnar loftfarsins, þ. á. m. við notkun flugkorta.
  - Vasaljós við hvert tæki flugliða.
- Eigi má nota blikkandi siglingaljós með blikkandi varúðarljósum.

### 3. Búnaður í einkaflugi og kennslu- og þjálfunarflugi.

- 3.1. *Flugmælitæki.*
- 3.1.1. Til sjónflugs þarf eftirfarandi búnað:
- Hraðamæli.
  - Hæðarmæli.
  - Seguláttavita.
- 3.1.2. Til blindflugs og næturflugs þarf eftirfarandi búnað:
- Hraðamæli tengdan kerfi sem hefur búnað til að hindra skekkju vegna ísmyndunar eða vatnspéttingar.
  - Hæðarmæli. Fjölhreyfla loftför, sem notuð eru í kennslu- og þjálfunarflugi, skulu búin tveim hæðarmælum.
  - Seguláttavita.
  - Klifurmæli.
  - Beygju- og skriðmæli. Aflgjafi skal vera annar en fyrir tæki í lið f) og g).
  - Stöðuvísi.
  - Stefnusnúðu.
  - Búnað sem sýnir hvort aflgjafi snúðumælitækjanna er í lagi, t. d. sogmæli fyrir loftknúin tæki og flögg fyrir rafknúin tæki.
  - Klukkan sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur.
  - Mæli sem sýnir hitastig utan loftfarsins.
- 3.2. *Fjarskipta- og leiðsögutæki.*
- 3.2.1. Til sjónflugs innan flugstjórnarsviðs þarf VHF-sendi og viðtæki til fjarskipta við hlutaðeigandi flugturn.
- 3.2.2. Til blindflugs, svo og næturflugs utan 28 km (15 sjómílna) frá lýstum flugvelli, þarf eftirfarandi tæki:
- VHF-sendi og viðtæki til fjarskipta við flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórn, flugturna og flugradióstöðvar.
  - Tvo radióáttavita, eða einn radióáttavita og eitt fjölstefnuviðtæki, svo og viðtæki fyrir markvita eða fjarlægðarmæli.

Fjarskiptatæki skulu þannig gerð að hægt sé að hlusta stöðugt á tiltekna tíðni og samtímis nota flugleiðsögutækin.

- 3.2.3. Til blindflugs þarf radarsvara fyrir 4096 merki og hætti A og C. Ekki er gerð krafa um tengingu radarsvara við hæðarmæli og sendingu hæðarupplýsinga.

#### 4. Búnaður í atvinnuflugi.

- 4.1. *Flugmælitæki.*  
Sami búnaður og getið er um í gr. 3.1.2. Í farþegaflutningum í blindflugi og/eða næturflugi skulu vera tveir hæðarmælur.
- 4.2. *Fjarskipta- og flugleiðsögutæki.*  
Sami búnaður og getið er um í gr. 3.2., að viðbættum eftirfarandi ákvæðum.
- 4.2.1. Í farþegaflutningum í blindflugi og/eða næturflugi þarf eftirfarandi búnað:
- Tvö VHF-sendi- og viðtæki til fjarskipta við flugstjórnarmiðstöð, aðflutningsstjórn, flugturna og flugradióstöðvar. Auk þess tvo hljóðnema og tvö heyrnartól, eða eitt heyrnartól og einn hátalara.
  - Tvo radióáttavita óháða hvor öðrum, eitt fjölstefnuviðtæki, viðtæki fyrir markvita og fjarlægðarmæli, svo og aðflugshalla- og stefnuviðtæki.
  - Radarsvara sem sendir 4096 merki og hætti A og C.
- Fjarskiptatækin skulu þannig gerð að hægt sé að hlusta stöðugt á tiltekna tíðni og samtímis nota flugleiðsögutækin.
- 4.2.2. Þar sem einn flugmaður er við stjórn flugvélar í blindflugi í farþegaflutningum, skal eftirtalinn búnaður vera fyrir hendi:
- Priggja-ása sjálfstýring.
  - Hæðarvari.
- 4.3. *Samræmdur tækjabúnaður.*  
Þegar um er að ræða rekstur fleiri en eins loftfars sömu eða svipaðrar gerðar hjá sama flugrekanda, er æskilegt að gerð og staðsetning tækja í stjórnklefa verði samræmd eftir því sem kostur er.

#### 5. Undanþágur.

- 5.1. Flugmálastjórn getur veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar er sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

#### 6. Refsiákvæði.

- 6.1. Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir.

#### 7. Gildistaka.

- 7.1. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, og tekur til íslenskra flugvéla og þyrlna, svo og annarra flugvéla og þyrlna, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1984. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um lágmarksbúnað loftfara til sjónflugs, næturflugs, blindflugs, óbyggðaflugs og flugs yfir sjó nr. 117 22. febrúar 1977, og reglugerð um jarðvara nr. 139 16. mars 1978.

*Samgönguráðuneytið, 7. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

#### 1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 25 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 50 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Par sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 79/1983 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknnum og röntgengreiningu.

#### 1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 100 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 100 hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 100 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. a. s. kr. 50 í hvert skipti.

#### 2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett saman með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 76/1983 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. janúar 1983 var framleiðsla forskriftarlyfsins

Tablettae betaini 250 mg, NORD

óheimil, en heimilt er að afgreiða það í smásölu til og með 30. júní 1983.

Frá og með 1. apríl 1983 var framleiðsa lyfsins

Compressi diazepami 10 mg

óheimil, en heimilt er að afgreiða það til sjúkrahúsa til og með 30. september 1983.

Frá og með 1. júlí 1983 var framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja og lyfja framleiddra skv. óstöðluðum forskriftum óheimil:

Compressi phenobarbitali 50 mg

Tablettae calcii lactatis 500 mg, NORD

Tablettae coffinautini, NORD

Tablettae ferrosi tartratis cum frangula, DAK 63

Tablettae phenemali 15 mg og 100 mg, NORD

Tablettae sulfadimidini 500 mg, NORD.

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. desember 1983.

Frá og með 1. október 1983 verður framleiðsla neðantalins forskriftarlyfs og lyfja framleiddra skv. óstöðluðum forskriftum óheimil.

Suppositoriae:

Codeini phosphas .....	10 mg
Phenemalum .....	25 mg
Coffeinum .....	50 mg
Phenacetinum .....	200 mg
Acidum acetylsalicylicum .....	200 mg

Tablettae B-combini, fortes, DAK 63

Tablettae furosemidi, NORD

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. mars 1984.

Frá og með 1. janúar 1984 verður framleiðsla neðantalinna forskriftarlyfja og lyfja framleiddra skv. óstöðluðum forskriftum óheimil:

Compressi benzhexoli, allir styrkleikar

Compressi ferrosi gluconatis, allir styrkleikar

Compressi sulfaguanidini, allir styrkleikar

Injectabile calcii borogluconatis vet., NORD

Tablettae chlórdiazepoxidi, allir styrkleikar, DAK 63

Tablettae ferrosi tartratis, 250 mg, NORD

Tablettae hydrochlorthiazidi 50 mg, NORD

Tablettae tetracyclini, allir styrkleikar, DAK 63

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. júní 1984.

Auglýsing þessi er birt með stöð í reglugerð um skáningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands  
nr. 70/ 1982, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

4. gr. orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 400 krónum en síðari ferðir að frádregnum 200 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 72/1983.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

14. september 1983

Nr. 632

**REGLUR****um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1983.**

## 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölu, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1983, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

	kr.
I. flokkur .....	9 670,00
II. flokkur .....	8 170,00
III. flokkur .....	6 800,00
IV. flokkur .....	4 800,00
V. flokkur .....	3 600,00

## 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:  
Keflavíkur Apótek  
Lyfjabúðin Iðunn  
Reykjavíkur Apótek

II. flokkur:  
Hafnarfjarðar Apótek  
Holts Apótek  
Ingólfs Apótek  
Laugavegs Apótek  
Stjörnu Apótek  
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:  
 Akureyrar Apótek  
 Apótek Austurbæjar  
 Borgar Apótek  
 Garðs Apótek  
 Háaleitis Apótek  
 Kópavogs Apótek  
 Lyfjabúð Breiðholts  
 Selfoss Apótek

IV. flokkur:  
 Akraness Apótek  
 Apótek Vestmannaeyja  
 Árbæjar Apótek  
 Húsavíkur Apótek  
 Ísafjarðar Apótek  
 Laugarness Apótek  
 Stykkishólms Apótek

V. flokkur:  
 Apótek Austurlands, Seyðisfirði  
 Apótek Blönduóss  
 Borgarness Apótek  
 Dalvíkur Apótek  
 Egilsstaða Apótek  
 Hafnar Apótek  
 Mosfells Apótek

Nes, Apótek, Neskaupstað  
 Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði  
 Patreks Apótek  
 Rangár Apótek, Hellu  
 Sauðárkróks Apótek  
 Siglufjarðar Apótek  
 Ölfus Apótek, Hveragerði

### 3. gr.

Lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur:  
 G. Ólafsson hf.  
 Lyfjaverslun ríkisins  
 Pharmaco hf.  
 Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur:  
 Ásgeir Sigurðsson hf.  
 Hermes hf.

III. flokkur:  
 Farmasía hf.  
 H. Ólafsson & Bernhöft  
 Lyf hf.

### 4. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu skv. 42. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

### 5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald skv. II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

### 6. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða til ríkisfóhirðis fyrir 15. október 1983. Gjaldið er lögtakskráft.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 og tekur gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Sigurðsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 320 22. desember 1969.

#### 1. gr.

Við 33. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra, að fenginni umsögn hreppsnefndar. Hreppsnefnd ákveður gjald fyrir leyfið, sem veitt skal til eins árs í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09.00 til kl. 23.30. Í rekstrarleyfi getur lögreglustjóri bannað aðgang barna yngri en 16 ára.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. september 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUR

### um tollfrjálsan innflutning á verðlitlum sýnishornum.

#### 1. gr.

Sýnishorn af verslunarvörum og auglýsingaefni sem innflutningur er leyfður á til landsins skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning, að því tilskildu að verðmæti þeirra sé óverulegt og þau verði aðeins notuð til að ákveða eftir þeim pantanir. Í þessu sambandi skulu eftirtaldar vörur skoðast óverulegar að verðmæti hvort heldur þær eru fluttar inn í farangri innflytjanda eða ekki:

1. Hráefni og vörur eins og garn, dúkar (metravarar), pappír, trjáviður, ódýrir málmar, marmari og aðrir minnismerkja- og byggingarsteinar, skornir í lengdir, arkir, klumpa, stykki o. s. frv., í þeim stærðum að varan sé ónothæf til annars en sem sýnishorn.
2. Naglar, stifti, lykkjur, kengir, sinklar, boltar og rær, fleinar, splitti og splittnaglar o. þ. h.; hnappar, smellur, ermahnappar, sylgjur, krókar og aðrir smáhlutir sem almennt eru notaðir til fata eða sem fataskraut, svo framarlega sem hlutir þessir séu úr ódýrum efnum og séu festir upp á spjöld eða lagðir fram sem sýnishorn á þann hátt sem venjulegt er í viðskiptum og ekki sé meira en eitt stykki af hverri stærð og tegund.
3. Hráefni og vörur eins og trjáviður, náttúrlegur eða pressaður korkur, pappír eða pappi, dúkar (metravarar), flóki, leður, steinn, gúmmí og plastefni svo og fatnaður, skófataður, höfuðfatnaður og aðrir hlutir úr þessum efnum eða vörum sem gerðir hafa verið



ónothæfir til annars en sýningarnota með gegnumskurði, götun, óafmáanlegum merkjum eða með öðrum haldbærum aðferðum. Þetta á m. a. við alls konar pappír í settum og vörur úr pappír (t. d. umslög og aðrar ritfangavörur úr pappír til bréfaskrifta og veggfóður) sem gerðar eru ónothæfar til annars en sýningar með því að líma þær saman eða líma þær á berandi hlut úr algengu efni.

4. Vörur sem ekki er hægt að útbúa sýnishorn af óverulegu verðmæti í samræmi við það sem lýst er í 1.–3. tl. og samanstanda af
- óneysluhæfum vörum (sem notaðar eru aðeins til sýningar, t. d. vindlingakveikjarar, skrufblýantar o. s. frv.) sem ekki eru að fob-verðmæti meira virði en USD 3, svo fremi að ekki sé meira en eitt sýnishorn af hverri vörugerð eða vörugæðum;
  - neysluvörum (matvörur, drykkjarvörur, ilmvötn, kemisk framleiðsla o. s. frv. sem eyðast eða eyðileggjast með því að vera neytt, prófaðar, efnagreindar o. s. frv. við sýningu) sem að fob-verðmæti eru ekki meira virði en USD 3, jafnvel þótt sýnishornin séu að nokkru eða öllu leyti af sömu gerð og gæðum, enda útiloki magn þeirra og framsetning að þær verði notaðar öðruvísi en sem sýnishorn.

Þegar notuð eru ákvæði um jafnvirði USD 3 í a- og b-lið hér að framan mega tollyfirvöld hafa fyrir reglu að láta þau ná til einstaks sýnishorns eða allra sýnishorna í heild, þó þannig að þau séu samtals að fob-verðmæti ekki meira virði en USD 15.

## 2. gr.

Komi vara til landsins án þess að hún teljist ónothæf til annarra nota en sem sýnishorn, þ. e. að hún hefur ekki verið gerð ónothæf með gegnumskurði, götun, óafmáanlegum merkjum eða með öðrum aðferðum, má heimila eyðileggingu viðkomandi vöru sem verslunarvöru í viðurvist tollvarða og afhendingu til innflytjanda án greiðslu gjalda til notkunar sem sýnishorn.

Það skilyrði er þó sett fyrir framgreindri ívilnun að greinilega komi fram á vörureikningi hins erlenda sendanda eða öðrum tollskjölum að um sýnishorn og óverulegt verðmæti sé að ræða, sbr. 1. gr.

## 3. gr.

Um ákvörðun tollverðs sýnishorna gilda ákvæði 5.–7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Sýnishornaafsláttur, veittur af sýnishornum sem heimilt er að selja að lokinni sýningu, er því ekki frádráttarbær við útreikning á tollskyldu verðmæti vöru.

Sé fob-verðmæti sýnishorna meira en um ræðir í 1. gr., en sýnishornin uppfylla að öðru leyti skilyrði þessara reglna, er heimilt að telja flutningsgjald 10% af fob-verðmæti þeirra þrátt fyrir að flutningsgjald samkvæmt reikningi farmflytjanda sé hærra.

## 4. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 49. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi fyrir mæli ráðuneytisins um sama efni frá 6. júlí 1971 og 14. mars 1975.

*Fjármálaráðuneytið, 28. ágúst 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

2. júní 1983

1073

Nr. 635

## REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

### HLUTI F<sub>3</sub>

Reglur um vélbúnað og rafbúnað vöruflutningaskipa og farþegaskipa.

### EFNISYFIRLIT

#### 1. HLUTI.

##### Almenn ákvæði

1. gr. Skilgreiningar
2. gr. Gildissvið
3. gr. Undanþágur
4. gr. Jafngildi

#### 2. HLUTI.

Reglur um vél- og rafbúnað vöruflutningaskipa.

#### 1. KAFLI

##### Almenn ákvæði

1. gr. Skilgreiningar

#### 2. KAFLI

##### Vélbúnaður

2. gr. Almenn ákvæði
3. gr. Vélbúnaður
4. gr. Sigling aftur á bak
5. gr. Stýrisbúnaður
6. gr. Sérkröfur fyrir raf- og rafvökvaknúnar stýrisvélar
7. gr. Stjórnun aðalvélbúnaðar
8. gr. Gufukatlar og fæðivatnsbúnaður
9. gr. Gufuleiðslur
10. gr. Prýstiloftsbúnaður
11. gr. Loftrástibúnaður vélarúms
12. gr. Vernd gegn hávaða
13. gr. Samband milli brúar og vélarúms
14. gr. Viðvörunarmerki fyrir vélstjóra
15. gr. Austurbúnaður

## 3. KAFLI.

**Rafbúnaður**

- 16. gr. Almenn
- 17. gr. Aðalraforkugjafi og ljósabúnaður
- 18. gr. Neyðarraforkugjafi
- 19. gr. Ræsibúnaður fyrir neyðarafstöðvar
- 20. gr. Varrúðarráðstafanir gegn raflosti, bruna og öðrum hættum af rafmagni

## 4. KAFLI.

**Vélarúm, sem eru tímabundið ómönnuð**

- 21. gr. Almenn
- 22. gr. Eldvarnir
- 23. gr. Varnir gegn flæði
- 24. gr. Stjórnun aðalvélar úr brú
- 25. gr. Kallkerfi
- 26. gr. Viðvörunarbúnaður
- 27. gr. Öryggisbúnaður
- 28. gr. Sérstök ákvæði varðandi katla, vél- og rafbúnað

## 1. HLUTI

**Almenn ákvæði**

## 1. gr.

**Skilgreiningar**

Í reglum þessum eru eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind sem hér segir:

- 1.1. SOLAS 74: Alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu, sem undirrituð var á fundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) 1. nóvember 1974 og sem gildi tók alþjóðlega þann 25. maí 1980. Samþykkt þessi leysti af hólmi hliðstæða samþykkt frá 1960. Frá undirritun SOLAS 74 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á samþykktinni, annars vegar viðbótarákvæði frá 1978, (SOLAS-protokoll 1978), sem gildi tók 1. maí 1981 og breytingar samfara endurskoðun á kafla II, sem samþykktar voru 20. nóvember 1981 og væntanlega munu taka gildi alþjóðlega 1. september 1984, (SOLAS-amendments 1981).
- 1.2. Nýtt skip: Skip, sem kjölur er lagður að eða er á svipuðu byggingastigi eftir 1. september 1984.
- 1.3. Gamalt skip: Skip, sem ekki er nýtt skip.
- 1.4. Farþegaskip: Skip, sem flytur fleiri en 12 farþega.
- 1.5. Farþegi: Hver sá, sem ekki er skráður eða ráðinn til starfa um borð og er eldri en eins árs.
- 1.6. Vöruflutningaskip: Öll skip, sem skráð eru sem vöruflutningaskip eða olíuskip.
- 1.7. Olíuflutningaskip: Vöruflutningaskip, sem sérstaklega eru gerð til flutninga á eldfimum vökvum.
- 1.8. Gasflutningaskip: Vöruflutningaskip, sem sérstaklega eru gerð til flutninga á lofttegundum og vökvum undir þrýstingi.

## 2. gr.

**Gildissvið.**

- 2.1. Reglur þessar ná til allra nýrra vöruflutningaskipa 500 — 10.000 brúttórúmllestir að stærð, annarra en olíu- og gasflutningaskipa.
- 2.2. Reglur þessar ná einnig, að svo miklu leyti sem því verður við komið, til nýrra vöruflutningaskipa undir 500 brúttórúmllestum að stærð, annarra en olíu- og gasflutningaskipa.
- 2.3. Gömul vöruflutningaskip, 500 — 10.000 brúttórúmllestir að stærð, sem kjölur var lagður að, eða voru á svipuðu byggingastigi eftir 25. maí 1980, skulu a. m. k. fullnægja viðeigandi ákvæðum SOLAS 74.  
Öll önnur gömul vöruflutningaskip 500 — 10.000 brúttórúmllestir að stærð skulu a. m. k. fullnægja viðeigandi ákvæðum SOLAS-samþykktarinnar frá 1960.
- 2.4. Þegar um er að ræða vöruflutningaskip 10.000 brúttórúmllestir að stærð og stærri, farþegaskip, olíu- og gasflutningaskip, metur Siglingamálastofnun ríkisins hverju sinni, með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum gildandi SOLAS-samþykktar, hvaða öryggiskröfur gera skuli til slíkra skipa. Skulu slík skip a. m. k. fullnægja ákvæðum þeirrar SOLAS-samþykktar, sem í gildi var þegar kjölur var lagður að skipinu eða hliðstæðu byggingastigi var náð.
- 2.5. Verði meiriháttar breytingar, þ. e. viðgerðir eða endurbætur, gerðar á gömlum vöruflutningaskipum, skal í þeim atriðum sem breytingarnar taka til fullnægja ákvæðum þessara reglna að svo miklu leyti sem slíkt að mati Siglingamálastofnunarinnar telst eðlilegt.
- 2.6. Varðandi þau atriði, sem ekki er getið um í reglum þessum og varðandi nánari ákvæði um einstök atriði þeirra, skal gildandi ákvæðum í reglum Siglingamálastofnunar ríkisins um raforku og raflagnir og ákvæðum í reglum hinna viðurkenndu flokkunarfélaga, ef viðkomandi skip er undir eftirliti einhvers þeirra, vera fullnægt.
- 2.7. Skip, sem fullnægja viðeigandi ákvæðum þessara reglna, fullnægja ákvæðum kafla II-1 í SOLAS 74 og viðeigandi viðbótarákvæðum SOLAS-amendments 1981.

## 3. gr.

**Undanþágur**

- 3.1. Heimilt er að veita skipum, sem einungis hafa heimild til strandsiglinga, undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna, ef umrædd ákvæði teljast vera óeðlileg og ónauðsynleg og öryggi skips og áhafnar að mati Siglingamálastofnunarinnar telst eftir sem áður óskert.
- 3.2. Heimilt er að veita skipum, sem eru af sérstakri gerð, undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna ef þau ákvæði koma í veg fyrir eðlilega þróun í gerð slíkra skipa. Sérhvert slíkt skip skal eftir sem áður fullnægja þeim öryggisákvæðum sem Siglingamálastofnunin telur nauðsynlegt að gera kröfu um miðað við þá notkun, sem skipinu er atlað.

## 4. gr.

**Jafngildi**

- 4.1. Heimilt er að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna, ef fyrirhugað fyrirkomulag, efni eða búnaður, að mati Siglingamálastofnunarinnar, telst jafngildi þess að viðkomandi ákvæðum sé fullnægt.

## 2. HLUTI

**Reglur um vél- og rafbúnað vöruflutningaskipa.**

## 1. KAFLI

**Almenn ákvæði**

## 1. gr.

**Skilgreiningar**

- 1.1.0. Þar sem eftirtalin orð eða orðasambönd koma fyrir í reglunum, þá er skilgreining þeirra sem hér segir:
- 1.1.1. **Eðlileg starfræksla skips** eru þær aðstæður og þau skilyrði, sem fyrir hendi þurfa að vera og þær athafnir sem þarf til að skipið, sem heild, allar vélar þess, stjórn- og tækjabúnaður, sem þarf til að knýja skipið og stýra því, til að tryggja öruggar siglingar, til að takmarka hættu á bruna og flæði inn í skipið, til að starfrækja kallkerfi, fjarskiptatæki, viðvörunarkerfi og tæki til merkjagjafa, og vindur fyrir björgunarbáta og neyðarútgönguleiðir, séu í nothæfu ástandi og starfi eðlilega.
- 1.1.2. **Neyðartilvik** eru þær aðstæður, sem skapast þegar einhver búnaður sem tryggja skal öryggi skips, eðlilega starfrækslu þess eða líðan og öryggi áhafnar, er ekki í nothæfu ástandi vegna bilunar í aðalorkugjafa skipsins.
- 1.1.3. **Aðalraforkugjafi** er sá raforkugjafi, sem ætlað er að veita raforku til tækja og búnaðar sem nauðsynlegur er eðlilegri starfrækslu skips, öryggi þess og áhafnar.
- 1.1.4. **Dautt skip** er það ástand skips þegar aðalvélbúnaður, katlar og allar hjálparvélar þess hafa stöðvast og orka til gangsetningar búnaðarins er ekki fyrir hendi.
- 1.1.5. **Aðalrafstöðvarklefi** er það rými, sem aðalraforkugjafinn er staðsettur í.
- 1.1.6. **Aðaltafla** er rafmagnstafla tengd aðalraforkugjafanum og stofngreinum raflagna.
- 1.1.7. **Neyðarraforkugjafi** er sá orkugjafi, sem ætlað er að veita raforku til nauðsynlegs viðvörunarbúnaðar, tækja og ljósa, ef aðalraforkugjafinn bilar.
- 1.1.8. **Aðalstýrisbúnaður** er stýrisvél ásamt aflvél og öðrum tilheyrandi stýrisbúnaði, sem þarf til að yfirfæra nauðsynlegt snúningsálag á stýrisásinn svo hægt sé að stýra skipinu við eðlilegar aðstæður.
- 1.1.9. **Varastýrisbúnaður** er sá búnaður, sem ætlaður er til að stýra skipinu (stýrisblað og stýrisás undanskilin), ef aðalstýrisbúnaður bilar.
- 1.1.10. **Stýrisbúnaður er:**
1. rafmótor og tilheyrandi rafbúnaður ef stýrisvél er rafknúin.
  2. rafmótor og tilheyrandi rafbúnaður ásamt vökvadælu, ef stýrisvél er rafvökvaknúin.
  3. aflvél og vökvadæla, ef stýrisvél er vökvaknúin.
- 1.1.11. **Mesti hraði áfram** er sá mesti hraði, sem skipinu er ætlað að ná í almennri notkun við mestu leyfilega djúpristu.
- 1.1.12. **Mesti hraði aftur á bak** er sá hraði, sem ætla má að skipið geti náð með mesta nýtilega vélarafli aftur á bak og við mestu leyfilega djúpristu.
- 1.1.13. **Vélarúm** eru öll vélarúm í flokki A og öll önnur rúm, þar sem í eru aflvélar, katlar, eldsneytisolíubúnaður, gufu- og brennsluvélar, rafalar og aðal rafvélar, olíuáfyllisstöðvar, kælivélar, loftræsti- og hitajöfnunarbúnaður, og önnur svipuð rými svo og stigagöng og önnur göng að slíkum rýmum.
- 1.1.14. **Vélarúm í flokki A** eru þau vélarúm, sem í eru brennsluvélar, sem ætlaðar eru annað hvort:
1. til að knýja skipið, eða
  2. til annarra nota, þegar afl þeirra er ekki minna en 375 KW (500 b.h.ö.).
- Einnig þau rúm, sem í eru olíukyntir katlar, eldsneytisolíubúnaður og göng að slíkum rýmum.

- 1.1.15. **Stjórnstöðvar** skips eru þau rými, sem í eru:  
 — fjarskiptabúnaður  
 — siglingatæki  
 — neyðarorkugjafi  
 — stjórnæki eldvarnarbúðar  
 — stjórnúnaður aðalvélar, ef hann er staðsettur utan vélarúms.
- 1.1.16. **Aðalvél** er brennsluvél, gufuvél eða annar vélbúnaður, sem aðallega er ætlaður til að knýja skipið.
- 1.1.17. **Aðalvélbúnaður** er aðalvél, skrúfa, skrúfubúnaður, stjórnæki og annar búnaður, sem þarf til að yfirfæra afl aðalvélar til skrúfu, eða á annan hátt til að knýja skipið.
- 1.1.18. **Lengd skips** er mesta lengd milli lóðlína, sem ákvarðast af skurði sjólínu við stefni og skut við mestu leyfilegu djúpristu skipsins.
- 1.1.19. **Breidd skips** er mesta breidd skips á ytri brún banda við eða undir mestu leyfilegu djúpristu skipsins.

## 2. KAFLI

### Vélbúnaður

#### 2. gr.

#### Almenn ákvæði

- 2.1. Allan vélbúnað, svo og katla og aðra þrýstikúta, ásamt tilheyrandi röralögnum, skal hanna og smíða með hliðsjón af fyrirhugaðri notkun þeirra. Pennan búnað skal setja niður og verja á þann hátt, að hreyfanlegir hlutir, heitir fletir og aðrir varasamir hlutar búnaðarins skapi sem minnsta hættu fyrir áhöfnina.
- 2.2. Sérstaka athygli skal veita áreiðanleika einstakra nauðsynlegra hluta aðalvélbúnaðarins.
- 2.3. Aðalvélbúnaðinn skal vera unnt að gangsetja og nota, jafnvel þótt einhver mikilvægur hluti hans bili. Sérstaka athygli skal í þessu sambandi veita:
- 2.3.1. rafstöðvum, sem gegna hlutverki aðalraforkugjafa;
- 2.3.2. kötlum til notkunar við gufuframleiðslu;
- 2.3.3. fæðivatnsbúnaði katla;
- 2.3.4. fæðibúnaði eldsneytis til katla og véla;
- 2.3.5. fæðibúnaði smurolú;
- 2.3.6. fæðibúnaði kælivatns;
- 2.3.7. dælu og búnaði til að viðhalda lofttæmi í þéttum;
- 2.3.8. loftblásurum fyrir katla;
- 2.3.9. loftþjöppum og loftkútum til gangsetningar eða stjórnunar;
- 2.3.10. vökva-, þrýstilofts- eða rafbúnaði til stjórnunar á aðalvélbúnaði, þar með talið skiptiskrúfu.
- Siglingamálastofnunin getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt tilslakanir á möguleikum á fullri starfrækslu aðalvélbúnaðar, að því tilskildu, að það rýri ekki verulega öryggi skipsins.
- 2.4. Mögulegt skal vera að gangsetja vélar í dauðu skipi án utanaðkomandi aðstoðar.
- 2.5. Allir katlar og vélahlutar, allur gufu-, vökva- og þrýtiloftsbúnaður og annar búnaður, sem starfar undir þrýstingi, skal þrýstiprófaður, áður en hann er tekinn í notkun í fyrsta sinn.
- 2.6. Aðalvélbúnaður og allur hjáiparvélabúnaður, sem nauðsynlegur er öryggi skipsins og til að knýja það, skal þannig úr garði gerður, að hann komi að fullum notum, þótt skipið hafi allt að 15° stöðugan halla, þótt skipið í veltingi halli allt að 22½° og

stafnhalli þess sé samtímis  $7\frac{1}{2}^\circ$  í skut eða stefni. Siglingamálastofnun getur vikið frá þessum ákvæðum með hliðsjón af tegund, stærð og notkun skipsins.

- 2.7. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að auðvelda hreinsun, skoðun og viðhald á hjálpar- og aðalvélbúnaði.
- 2.8. Við hönnun, smíði og niðursetningu á aðalvélbúnaði, skal leggja sérstaka áherslu á, að titringur frá honum valdi ekki óhóflegri spennu í búnaðinum við venjulega notkun hans.

### 3. gr.

#### Vélbúnaður.

- 3.1. Þegar hætta er á yfirsúningshraða á vél, skal gera ráðstafanir til að tryggja, að snúningshraðinn haldist innan öruggra marka.
- 3.2. Í aðalvélum, hjálparvélum, þrýstikútum og öðrum hlutum vélbúnaðarins, sem starfa undir þrýstingi, skal gera ráðstafanir til varnar yfirþrýstingi.
- 3.3. Við smíði og hönnun gíra, öxla og tengja, sem yfirfæra afl til búnaðar, sem nauðsynlegur er öryggi og edlilegri starfrækslu skipsins eða öryggi áhafnar, skal taka mið af því mesta álagi, sem gera má ráð fyrir að geti orðið við edlilega notkun þeirra.
- 3.4. Brennsluvélar með stimpilþvermál 200 mm og stærra, eða með rúmmál sveifarhúss 0.6 m<sup>3</sup> og stærra, skulu búnar öryggislokum af viðurkenndri gerð og með nægjanlega stórum útblástursopum. Lokarnir skulu staðsetjast þannig, að mönnum stafi lítil hætta af útblástri frá þeim.
- 3.5. Aðalvél, og ef við á, hjálparvélar, skulu búnar sjálfvirkum stöðvunarbúnaði til að koma í veg fyrir, að bilanir, t. d. í smurolúkerfi, valdi skemmdum, algerrri stöðvun eða sprengingu. Heimilt er að hafa handvirka yfirstjórnun, sem afléttir sjálfvirkri stöðvun.

### 4. gr.

#### Sigling aftur á bak.

- 4.1. Skip skulu hafa nægilegt afl við siglingu aftur á bak til að skipið láti vél að stjórn við allar venjulegar aðstæður.
- 4.2. Sýna skal fram á með prófunum, að hæfni vélbúnaðarins til að breyta fljótt átaksstefnu skráfunnar, sé fullnægjandi og að stöðvunarvegalengd skipsins, eftir að því hefur verið siglt á fullri ferð áfram, sé hæfileg.
- 4.3. Skýrsla skal vera um borð, aðgengileg fyrir skipstjóra og aðra yfirmenn, þar sem fram koma upplýsingar um stöðvunartíma, stöðvunarstefnu skipsins og stöðvunarvegalengd ásamt upplýsingum um hæfileika skips, sem hefur fleiri en eina skráfu, til siglingar og stjórnunar, ef ein eða fleiri skráfur bila.
- 4.4. Ef skip hefur varabúnað til stjórnunar og stöðvunar, þá skal hann prófaður í samræmi við ákvæði gr. 4.2. og 4.3.

### 5. gr.

#### Stýrisbúnaður.

- 5.1. Nema annað sé tekið fram, skulu öll skip hafa fullnægjandi aðal- og varastýrisbúnað. Aðal- og varastýrisbúnaðinum skal þannig fyrir komið, að bilun í öðrum búnaðinum geri hinn ekki óstarfhæfan. Allir hlutar stýrisbúnaðarins og stýrisásinn skulu vera traustlega byggðir. Sérstaka athygli skal veita mikilvægum og nauðsynlegum hlutum stýrisbúnaðarins, sem ekki hafa annan til vara. Þeir skulu, þar sem við á, búnir kúlulegum, rúllulegum eða fódringum með smurningu.
- 5.2. Við hönnun á vökvalögnum og stýrisvélum, skal hafa til viðmiðunar þrýsting, sem er a. m. k. 25 prósent meiri en mesti vinnuþrýstingur, við þá notkun, sem nefnd er í

grein 5.3.2. Taka skal jafnframt tillit til þess þrýstings, sem myndast í soghlið búnaðarins. Setja skal öryggisloka við þá hluta vökvabúnaðar, sem geta einangrast og orðið fyrir þrýstingsaukningu frá aflagjafa eða ytri kröftum. Öryggislokarnir skulu stillir þannig, að þeir opnast við þrýsting, sem ekki er hærri en hönnunarþrýstingurinn. Lokarnir skulu vera af fullnægjandi stærð og staðsettir þannig, að þrýstingur í búnaðinum geti ekki orðið meiri en hönnunarþrýstingurinn.

- 5.3. Aðalstýrisbúnaðurinn og stýrisásinn skulu;
- 5.3.1. hafa fullnægjandi styrkleika og gefa skipinu viðunandi stýriseiginleika, þegar því er siglt á fullri ferð, og skal það prófað;
  - 5.3.2. vera færir um að snúa stýrinu frá borði í borð, 35° í hvort borð, meðan skipið siglir fulla ferð við mestu leyfilegu djúpristu, og við sama ástand að snúa stýrinu frá 35° í öðru borðinu og 30° yfir í hitt borðið á 28 sek;
  - 5.3.3. vera vélknúinir, þegar það er nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum gr. 5.3.2 og í þeim tilvikum, þegar farið er fram á stærra þvermál stýrisáss við stýrissveif en 120 mm án ísstyrkingar;
  - 5.3.4. þola fulla ferð aftur á bak með stýrið í annað borðið. Ekki er nauðsynlegt að prófa það.
- 5.4. Varastýrisbúnaðurinn skal;
- 5.4.1. hafa nægan styrk, vera fær um að stýra skipinu á sjófærum hraða og vera fljótlega tiltækur til notkunar í neyðartilvikum.
  - 5.4.2. vera fær um að snúa stýrinu frá borði í borð, 15° í hvort borð, á 60 sek. meðan skipið siglir hálfu ferð við mestu djúpristu, eða 7 hnúta, hvort sem meira er.
  - 5.4.3. vera vélknúinn, þegar það er nauðsynlegt til þess að fullnægja ákvæðum gr. 5.4.2 og þegar þvermál stýrisáss við stýrissveif er meiri en 230 mm, án ísstyrkingar;
- 5.5. Aflagjafar aðal- og varastýrisbúnaðar skulu;
- 5.5.1. fara sjálfvirkt í gang, eftir að afli hefur verið náð upp eftir aflrof;
  - 5.5.2. vera stjórnanlegir úr brú. Ljós- og hljóðviðvörðun skulu fara í gang, ef aflrof verður á einhverjum aflagjafa stýrisbúnaðarins.
- 5.6. Ekki þarf varastýrisbúnað, þegar aðalstýrisbúnaður er drifinn af tveimur samskonar aflagjöfum, að því tilskildu að:
- 5.6.1. aðalstýrisbúnaðurinn sé fær um að snúa stýrinu eins og krafist er í gr. 5.3.2, þegar báðir aflagjafar eru í notkun;
  - 5.6.2. ákvæðum greinar 5.4 sé fullnægt, þó svo að einhver ein bilun verði í röralögnum eða annar aflagjafinn verði ónothæfur.
- Ákvæði þessi gilda einnig um stýrisvélar sem ekki eru vökvaknúnar.
- 5.7. Stjórnkerfi stýrisbúnaðarins skal vera sem hér segir:
- 5.7.1. Aðalstýrisbúnaði skal vera hægt að stjórna bæði úr brú og stýrisvélarrrými.
  - 5.7.2. Þegar aðalstýrisbúnaður er búinn tveimur aflagjöfum og tveimur óháðum stjórnkerfum í samræmi við ákvæði gr. 5.6, skal vera hægt að stjórna þeim báðum úr brú. Ekki er þó þörf á tveimur stýrishjólum eða tveimur settum af stjórnhöldum í brú. Sé vökvadæla (hydraulic telemotor) tengd stýrishjól í brú, er ekki þörf fyrir sjálfstætt varastjórnkerfi.
  - 5.7.3. Varastýrisbúnaði skal stjórnað úr stýrisvélarrrými. Ef hann er vélknúinn, þá skal einnig vera hægt að stjórna honum úr brú. Stjórnkerfi varastýrisbúnaðar skal vera óháð stjórnkerfi aðalstýrisbúnaðarins.



- 5.8. Stjórnkerfi fyrir stjórnun aðal- og varastýrisbúnaðar úr brú, skulu fullnægja eftirfarandi ákvæðum:
- 5.8.1. Ef stjórnkerfið er rafdrifið, þá skal það fá rafmagn frá aðgreindum straumrásum og tengjast aðalstraumrás stýrisbúnaðarins;
1. innan stýrisvélarýmisins, eða
  2. í aðaltöflu á sömu skinnur eða nálægt grein aðalstraumrásarinnar.
- 5.8.2. Í stýrisvélarýminu skal vera mögulegt að rjúfa straum til stjórnkerfis stýrisbúnaðarins.
- 5.8.3. Í brú skal vera mögulegt að setja stjórnkerfið aftur í samband eftir straumrof.
- 5.8.4. Aðeins skammhlaupsvörn skal vera á raflögn stjórnkerfisins.
- 5.9. Frá brú og að stýrisvélarými skulu rafstrengir og rörlagnir fyrir stjórnkerfi aðalstýrisbúnaðar liggja eins fjarri lögnum fyrir stjórnkerfi varastýrisbúnaðar og mögulegt er.
- 5.10. Talsamband skal vera milli brúar og stýrisvélarýmis
- 5.11. Stýrisvísir, er sýnir legu stýrisblads í gráðum, skal vera:
- 5.11.1. í stýrisvélarýminu;
  - 5.11.2. í brú, ef aðalstýrisbúnaðurinn er vélknúinn, og skal hann vera óháður stjórnkerfi stýrisbúnaðarins.
- 5.12. Vökvaknúinn stýrisbúnaður skal útbúinn á eftirfarandi hátt:
- 5.12.1. Ráðstafanir skulu gerðar til að halda vökvamum hreinum.
  - 5.12.2. Á sérhverjum vökvageymi skal vera hæðarviðvörðun, sem gefur samstundis til kynna, ef leki kemur að vökvabúnaðinum. Þetta skal gefið til kynna með greinilegum hljóð- og ljósmerkjum í brú og vélarúmi.
  - 5.12.3. Í skipum skal vera varavökvageymir, sem rúmar a. m. k. það vökvamagn, sem þarf til að fylla vökvabúnaðinn og aðalvökvageyminn. Geymirinn skal varanlega tengdur við vökvabúnaðinn á þann hátt, að úr stýrisvélarýminu sé unnt á skömmum tíma að endurnýja vökvann í stýrisbúnaðinum. Varavökvageymirinn skal búinn mæliglasi.
- 5.13. Stýrisvélarýmið skal vera:
- 5.13.1. vel aðgengilegt og svo framfarlega, sem unnt er, aðskilið frá vélarúmum;
  - 5.13.2. útbúið þannig, að viðunandi vinnuaðstaða við stýrisvélar og stjórnubúnað sé tryggð. Rýmið skal búið handriðum svo og grindum í gólfi eða á annan hátt til að koma í veg fyrir, að gólfið sé hált, þó vökvi leki niður.
- 5.14. Þegar krafist er stærra þvermáls stýrisáss við stýrissveif en 230 mm, án ísstyrkingar, þá skal stýrisbúnaðurinn, ef aflrof verður í aðalorkugjafanum, tengjast neyðarorkugjafa eða öðrum óháðum orkugjafa, sem staðsettur er í stýrisvélarýminu, sjálfvirkt innan 45 sek. Þessi varaorka skal vera nægileg til að stýrisvélin fullnægi ákvæðum gr. 5.4.2 og til að sinna þörfum stjórnkerfisins og stýrisvísisins. Ef um óháðan orkugjafa í stýrisvélarýminu er að ræða, þá skal hann eingöngu ætlaður til þessara nota.

## 6. gr.

### Sérkröfur fyrir raf- og rafvökvaknúna stýrisvélar.

- 6.1. Setja skal upp á heppilegum stað í brú og vélarúmi, mæla eða annan búnað, sem sýnir, hvort og hvaða rafmótorar fyrir raf- og rafvökvaknúna stýrisvélar, séu í notkun.
- 6.2. Raf- eða rafvökvaknúnum stýrisvélum skal séð fyrir raforku frá a. m. k. tveimur greinum frá aðaltöflu. Önnur greinin má þó vera frá neyðartöflu. Hvor grein skal þola álag frá öllum mótorum, sem tengdir eru greininni, og sem í notkun geta verið samtímis.

- 6.3. Skammhlaupsvörn og yfirálagsviðvörn, skulu vera fyrir þessar greinar. Ef yfirstraumliðar eru á þessum greinum þá skulu þeir stilltir á tvöfaldan mótstraum mótorsins eða greinarinnar, jafnframt því, sem tekið er tillit til ræsistraums mótorsins. Viðvörn skal vera fyrir þriggja fasa kerfi, er gefur til kynna bilun í sérhverjum fasa. Framangreindar viðvaranir skulu vera bæði hljóð- og ljósmerki, sem auðveldlega er tekið eftir í stjórnklefa vélarúms, og þar sem þess er krafist í 26. gr.
- 6.4. Í skipum undir 1600 Brl. má aðalstýrisbúnaðurinn fá raforku frá einni grein frá aðaltöflu ef varastýrisbúnaðurinn;
- 6.4.1. smbr. ákvæði gr. 5.4.3 er ekki rafdrifinn, eða
- 6.4.2. er drifinn af rafmótor, sem aðallega er ætlaður til annarra nota.
- 6.5. Þegar varastýrisbúnaðurinn er drifinn af rafmótor, sem aðallega er ætlaður til annarra nota, getur Siglingamálastofnunin fallið frá ákvæðum í lið 6.3, ef hún telur öryggisbúnaðinn að öðru leyti vera fullnægjandi, og að kröfum gr. 5.5.1, og 5.5.2 og 5.7.3 sé fullnægt.

7. gr.

#### Stjórnun aðalvélbúnaðar.

- 7.1. Aðal- og hjálparvélbúnaður, sem nauðsynlegur er til að knýja skipið og fyrir öryggi þess, skal ávallt vera í nothæfu og góðu ástandi.
- 7.2. Þegar aðalvélbúnaði er fjarstýrt úr brú, og vélarúmið er stödugt mannað, skal eftirfarandi ákvæðum fullnægt:
- 7.2.1. Úr brú skipsins skal ávallt vera mögulegt að hafa fullkomna stjórnun á aðalvélbúnaði skipsins, þ. e. hraða vélar, átaksstefnu, og ef við á, skurði skráfunnar.
- 7.2.2. Fjarstýringin skal þannig úr garði gerð, að hún stjórn einnig öðrum þeim búnaði vélarinnar sem nauðsynlegur er til að vélin láti eðlilega að stjórn. Stjórna má fleiri skráfum með sameiginlegum stjórnubúnaði, ef þeim er ætlað að starfa samtímis.
- 7.2.3. Í brú skal vera neyðarstöðvun fyrir aðalvélinu, og skal hún vera óháð öðru stjórnkerfi í brú skipsins.
- 7.2.4. Úr stjórnklefa vélarúms eða við stjórnstöð aðalvélar, skal vera hægt að fylgjast með öllum fyrirmælum úr brú skipsins varðandi stjórnun aðalvélbúnaðar.
- 7.2.5. Aðeins skal vera hægt að fjarstýra aðalvélbúnaði frá einum stað í einu. Leyfilegt er að samtengja stjórnþæki í einni stjórnstöð. Á sérhverjum stjórnstað skal vera hægt að sjá, hvaðan aðalvélbúnaði er stjórnað. Færsla stjórnunar milli brúar og vélarúms, skal aðeins vera möguleg úr vélarúmi eða stjórnklefa þess. Fjarstýribúnaður skal þannig gerður, að verulegar breytingar geti ekki orðið á stillingu stjórnþækja á meðan stjórnunin er flutt milli stjórnstöðva.
- 7.2.6. Jafnvel þótt bilun verði í einum eða fleiri hlutum fjarstýribúnaðar, skal vera unnt að stjórna öllum vélbúnaði, sem nauðsynlegur er til öruggrar siglingar, á staðnum.
- 7.2.7. Viðvörn skal fara í gang, ef bilun verður í fjarstýribúnaðinum. Hraði skráfu og átaksstefna skráfu skulu í slíkum tilvikum haldast óbreytt, þar til neyðarstjórnun er komið á, nema Siglingamálastofnun telji slíkt fyrirkomulag óframkvæmanlegt.
- 7.2.8. Í brú skulu vera mælar sem sýna;
- 7.2.8.1. skráfuhraða og snúningsátt, ef um fasta skráfu er að ræða;
- 7.2.8.2. skráfuhraða og skurð, ef um skiptiskráfu er að ræða.

- 7.2.9. Viðvörunarkerfi skal vera í brú og í vélarúmi, sem er þannig stillt, að það gefi viðvörun við lágan ræsiloftþrýsting, en þó nægilegan til að ræsing aðalvélar sé enn möguleg. Ef ræsing aðalvélar er fjarstýrð, skal takmarka fjölda misheppnaðra ræsitrauna á þann hátt, að þeim verði hætt, þegar ræsiloftþrýstingur hefur náð ákveðnu lágmarki, þó þannig, að eftir að því marki er náð, sé enn nóg loft til gangsetningar á staðnum.
- 7.3. Þegar aðalvél og tilheyrandi vélbúnaður, þar með talið aðalraforkugjafar, eru búnir mismikilli sjálfvirkni og fjarstýringu og eru undir eftirliti frá stjórnklefa, þá skal stjórnklefinn þannig búinn, að öryggi skipsins sé ekki lakara, en ef búnaðurinn væri undir beinu eftirliti. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ákvæða greina 21 og 25, að svo miklu leyti, sem við á. Skal í þeim tilvikum gera viðeigandi ráðstafanir gegn eldi og flæði.
- 7.4. Að jafnaði skal vera mögulegt að aflétta sjálfstýringu hins sjálfvirka stjórnbúnaðar. Bilun í einhverjum hluta sjálfvirkni- og fjarstýribúnaðarins skal ekki koma í veg fyrir að unnt sé að beita handstýringu.

#### 8. gr.

##### **Gufukatlar og fæðivatnsbúnaður.**

- 8.1. Á sérhverjum gufukatli og gufuaflgjafa skulu ekki vera færri en tveir öryggislokar af fullnægjandi stærð. Siglingamálastofnun getur þó leyft aðeins einn öryggisloka, ef hún telur að öryggi gegn yfirþrýstingi sé fullnægjandi.
- 8.2. Sérhver olíukynntur gufuketill, sem við notkun er ekki undir stöðugu eftirliti, skal búinn öryggisbúnaði, sem lokar fyrir eldsneytisolíu og gefur viðvörun, ef vatnshæð er of lítil, ef lofttilfærsla er ófullnægjandi eða ef eldur deyr út.
- 8.3. Vatnspípukatlar fyrir túrbínaflvél, skulu hafa viðvörun fyrir háa vatnshæð.
- 8.4. Sérhver gufuaflstöð, tengd starfsemi sem nauðsynleg er öryggi skipsins, eða sem hætta getur stafað af, ef bilun verður í fæðivatnsbúnaði, skal búin a. m. k. tveim aðskildum fæðivatnslögnum og fæðivatnsdælum. Ráðstafanir skal gera til að koma í veg fyrir yfirþrýsting í búnaðinum.
- 8.5. Katlarnir skulu þannig útbúnir, að hægt sé að skoða og prófa gæði fæðivatnsins. Ráðstafanir skulu gerðar til að hindra að olía eða önnur efni, sem skaðað geta ketilinn, komist inn í hann.
- 8.6. Sérhver ketill, sem nauðsynlegur er öryggi skipsins, skal búinn tveim óháðum möguleikum til ákvörðunar á vatnshæð. Annar þeirra skal vera mæliglas.
- 8.7. Sérhver ketill skal búinn nægilegum fjölda opa til hreinsunar og eftirlits ásamt þrýstimæli og hitamæli.

#### 9. gr.

##### **Gufuleiðslur.**

- 9.1. Gufuleiðslur, búnaður tengdur þeim og samskeyti, skulu þannig gerð og fyrir komið, að þau þoli þann mesta gufuþrýsting, sem myndast getur í þeim.
- 9.2. Afrennsli skal vera á gufuleiðslunum á þeim stöðum, þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir.
- 9.3. Setja skal þrýstiminnkara, öryggisloka og þrýstimæli á gufuleiðslur, ef þrýstingur þeirrar gufu, sem leidd er til hennar, er meiri en leiðslan er hönnuð fyrir.

## 10. gr.

**Þrýstiloftsbúnaður.**

- 10.1. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að of mikill loftþrýstingur geti myndast í sérhverjum hluta þrýstiloftsbúnaðar. Þetta á einnig við um vatnskápur, loftþjöppu- eða kælahús, þar sem hættulega mikill þrýstingur getur myndast við leka í þrýstiloftsbúnaði. Öryggisloki skal vera á slíkum búnaði.
- 10.2. Aðalræsiloftbúnað fyrir aðalvélar, sem eru brennsluvélar, skal verja gegn áhrifum baksprenginga og sprenginga í ræsiloftslögnum.
- 10.3. Allar þrýstiloftslagnir frá loftkútum að þjöppum og allar ræsiloftslagnir frá loftkútum að aðal- eða hjálparvélum, skulu vera algerlega aðskildar.
- 10.4. Gera skal ráðstafanir, sem tryggja, að sem minnst olía komist í þrýstiloftsbúnaðinn og að mögulegt sé að tappa vatni og olíu af búnaðinum.

## 11. gr.

**Loftræstibúnaður vélarúma.**

- 11.1. Afköst loftræstibúnaðar vélarúma í flokki A, skulu við öll veðurskilyrði fullnægja loftþörf allra véla og katla við fullt álag þeirra og tryggja viðunandi öryggi og þægindi fyrir þá, sem þar eru, þegar lúgur og hurðir að vélarúminu eru lokaðar. Öll önnur vélarúm skulu vera nægilega vel loftræst.

## 12. gr.

**Vernd gegn hávaða.**

- 12.1. Gera skal þær ráðstafanir til að draga úr hávaða í vélarúmum, sem fullnægjandi teljast að mati Siglingamálastofnunar. Ef ekki reynist unnt að minnka þennan hávaða nægilega í rúmum, sem eru undir mönnum eftirliti, skal hávaðavaldurinn hljóðeinangraður, afskermaður eða aðrar ráðstafanir gerðar til að draga enn frekar úr áhrifum hávaðans. Eynarhlífar skulu vera tiltækar fyrir þá, sem þurfa að fara inn í þessi rými.\*

## 13. gr.

**Samband milli brúar og vélarúms.**

- 13.1. Tveir óháðir möguleikar skulu vera á talsambandi milli brúar og vélarúms eða stjórnklefa vélarúms. Annar þeirra skal vera vélsími, sem birtir á sýnilegan hátt skipanir og svör, bæði í vélarúmi og í brú. Tilsvarandi ráðstafanir skulu gerðar varðandi samband til annarra stöðva, þar sem vélstjórnun fer fram.

## 14. gr.

**Viðvörunarmerki fyrir vélstjóra.**

- 14.1. Viðvörunarhljóðmerki, sem stjórnað er frá stjórnklefa eða stjórnborði vélarúms, skal vera auðheyrilegt í vistarverum vélstjórnarmanna.

## 15. gr.

**Austurbúnaður.**

- 15.1. Um borð í skipum skulu vera öflugar austurdælur, sem geta dælt frá og tæmt öll vatnspétt rými, þ. á m. einangruð lestarrými. Þar sem nauðsyn krefur, skulu sogrör staðsetjast út í síðum. Sleppa má austurlögnum frá geymum fyrir ferskvatn, sjókjölfestu, olíu og fljótandi farm, einnig öðrum einstökum rýmum, ef öryggi skipsins, að mati Siglingamálastofnunar ríkisins, helst óskert.
- 15.2. A. m. k. tvær vélknúnar austurdælur skulu vera um borð, og má önnur þeirra vera drifin af aðalvél.

---

\* Sjá ályktun IMO A.468 (XII) Code on Noise Levels on Board Ships.

- 15.3. Skólþ-, kjölfestudælu, eða aðra almenna dælu má nota sem sérdrifna austurdælu, ef hún að öðru leyti fullnægir ákvæðum þessarar greinar.
- 15.4. Í stað annarrar vélknúnu austurdælu má nota sogdælu (ejektör), sem drifin er af öflugri sérdrifinni sjódælu.
- 15.5. Austurdælu skulu tengdar aðalausturlögninni, en auk þess skal hvor um sig tengd beinni sogleiðslu frá sitt hvorum enda vélarúmsins.
- 15.6. Sérhver austurdæla skal hafa nægileg afköst, til þess að dæla austri með ekki minni hraða en 2 m/s í gegnum aðalausturlögnina.
- 15.7. Innra þvermál aðalausturlagnar skipsins, skal reiknað út frá eftirfarandi jöfnu. Velja má næstu staðalstærð röra öðru hvoru megin við hið útreiknaða þvermál, sé það fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunar.
- $$d = 1.68 L(B+D) + 25 \text{ mm.}$$
- Hér er d innra þvermál aðalausturlagnarinnar og L og B eru lengd og breidd skipsins, eins og skilgreint er í 1. gr. D er mótuð dýpt að aðalþilfari.
- 15.8. Allar austurlagnir, skulu vera úr stáli eða öðru sambærilegu efni.
- 15.9. Fordast skal að leggja austurrör í gegnum botngeyma. Ef því verður ekki við komið, þá skal auka efnisþykt röranna í samræmi við kröfur Siglingamálastofnunarinnar.
- 15.10. Ganga skal þannig frá austur- og sjókjölfestubúnaði, að sjór geti ekki streymt inn í skipið, eða úr sjókjölfestugeymum í vélarúm eða lestar, eða milli vatnspéttra rýma.
- 15.11. Allar lokakistur og handstýrðir lokar í austurkerfinu, skulu vera aðgengilegir.
- 15.12. Austurleiðslur, sem leiddar eru í gegnum stafnþil, skulu ávallt búnar loka á þilinu, sem hægt er að stjórna frá næsta heila þilfari ofan við stafnþil.

### 3. KAFLI

#### Rafbúnaður.

##### 16. gr.

##### Almennt.

- 16.1. Rafbúnaður þeirra skipa, sem reglur þessar ná til, skal þannig úr garði gerður, að:
- 16.1.1. Öll nauðsynleg starfsemi vegna siglingar, stjórnunar og öryggis skipsins og vegna aðbúnaðar áhafnar, verði tryggð á viðunandi hátt, án þess að neyðarorkugjafa þurfi til;
- 16.1.2. starfsemi nauðsynlegs öryggisbúnaðar við þau mismunandi neyðartilvik, sem upp kunna að koma, verði tryggð; og
- 16.1.3. öryggi farþega, áhafnar og skips gegn hættu frá rafmagni, verði tryggð á viðunandi hátt.

##### 17. gr.

##### Aðalraforkugjafi og ljósabúnaður.

- 17.1. Í öllum skipum, sem reglur þessar ná til, skal vera aðalraforkugjafi með nægileg afköst til að fullnægja orkuþörf þeirrar starfsemi sem krafist er í gr. 16.1.1. Aðalraforkugjafinn skal vera, að minnsta kosti, tveir rafalar óháðir hvor öðrum.
- 17.2. Afköst þessara rafala, skulu vera nægileg, til að fullnægja orkuþörf þeirrar starfsemi, sem nauðsynleg er fyrir öryggi skipsins og áhafnar og til að knýja það, jafnvel þótt einn (annar) rafalinn stöðvist. Orkuþörf til lágmarks þæginda, þ. e. til eldunar, upphitunar, matvælakælingar, loftræstingar, hreinlætisbúnaðar og lýsingar skal einnig tryggð á viðunandi hátt.
- 17.3. Fyrirkomulag á aðalraforkugjafa skipsins skal vera þannig, að sú raforkuframléiðsla, sem krafist er samkvæmt ákvæðum greinar 16.1.1, sé óháð snúningshraða og snúningsátt aðalvéla eða skrúfuása.

- 17.4. Rafalarnir, skulu auk þess, geta fullnægt orkuþörf þess rafbúnaðar, sem nauðsynlegur er til gangsetningar aðalvélar í dauðu skipi, þrátt fyrir að einn rafali sé ekki nothæfur. Nota má neyðarrafbúnað til að gangsetja vélar í dauðu skipi, ef hann einn, eða ásamt sérhverjum öðrum tiltækum rafbúnaði, hefur jafnframt nægilega orku til að fullnægja orkuþörf þess búnaðar, sem krafist er samkv. greinum 18.2.1, 18.2.2 og 18.2.3.
- 17.5. Þegar spennar eru nauðsynlegir hlutar þess rafkerfis, sem krafist er í þessari grein, skal rafkerfið þannig hannað, að raforka verði samfelld.
- 17.6. Aðalljósabúnaður, sem ætlaður er til að lýsa upp þá hluta skipsins, sem notaðir eru af áhöfn og farþegum, skal fá straum frá aðalraforkugjafanum.
- 17.7. Fyrirkomulag á aðalljósabúnaði skal vera þannig, að eldur eða annað óhapp í rými eða rýmum, þar sem aðalraforkugjafinn, spennar, aðaltafla og aðalljósatafla eru staðsett, geti ekki valdið því, að neyðarljósabúnaðurinn, sem nefndur er í gr. 18.2.1 og 18.2.2 verði óvirkur.
- 17.8. Fyrirkomulag á neyðarljósabúnaði skal vera þannig, að eldur eða annað óhapp í rými eða rýmum, þar sem neyðartafla og neyðarljósatafla eru staðsett, geti ekki valdið því, að aðalljósabúnaðurinn verði óvirkur.
- 17.9. Ef unnt er, þá skal raforkuframléiðslan aðeins skerðast af eldi eða öðrum óhöppum í einu rými. Aðaltöfluna skal staðsetja með hliðsjón af staðsetningu rafalasalastæðna, þannig að þessu markmiði sé náð.  
Þó aðaltafla sé í lokuðu rými, svo sem stjórnklefa vélarúmsins, þá skoðast hún ekki sem aðskilin frá rafölunum.

#### 18. gr.

##### **Neyðarraforkugjafi.**

- 18.1. Öll skip, sem reglur þessar ná til, skulu búnin sérstökum neyðarraforkugjafa.
- 18.2. Neyðarraforkugjafann, ásamt neyðarrafmagnstöflum, spennum og öðrum tilheyrandi búnaði, skal staðsetja ofan efsta heila þilfars og utan vélareisna. Það rými, sem hefur að geyma neyðarraforkugjafann, skal vera vel aðgengilegt frá opnu þilfari, og skal ekki vera framan við stafnskilju.
- 18.3. Eldur eða annað óhapp í vélarúmi í flokki A, eða í því rými, sem hefur að geyma aðalrafala, spenna og aðaltöflu, skal ekki geta haft áhrif á neyðarraforkuframléiðsluna, stjórnun hennar né dreyfingu. Neyðarraforkubúnaðurinn skal staðsetja þannig, að þessu markmiði sé náð. Skal neyðarraforkuframléiðslan ekki vera í rými, sem liggur að vélarúmi í flokki A.
- 18.4. Í undantekningartilvikum og í stuttan tíma má nota neyðarafala til að framleiða raforku til annarra nota en neyðarbúnaðar, að því tilskildu, að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að tryggja óháða og fullnægjandi neyðarraforkuframléiðslu á annan hátt.
- 18.5. Afköst neyðarraforkugjafans skulu vera nægjanleg fyrir alla nauðsynlega öryggisstarfsemi í neyðartilvikum, þegar tillit er tekið til þeirra raforkuneytenda, sem hugsanlega þarf að sinna samtímis. Afköstin skulu, þegar tillit er tekið til ræstraums og skammvinnns eðlis annars álags, vera nægileg til að sinna samtímis eftirtöldum raforkuneytendum í þann tíma, sem tiltekinn er:
- 18.5.1. Neyðarlýsingu á þilfar og útfyrir borðstokk við alla björgunarbáta í þrjár klst., sjá nánar 19. gr. III. kafla SOLAS 74.
- 18.5.2. Neyðarlýsingu í 18 klst:
1. í öllum stigum, göngum og útgöngum vinnurýma og vistarvera;
  2. í vélarúmunum og við aðalrafala og stjórnstað þeirra;

3. í stjórnstöðvum, stjórnklefum vélarúma og við aðal- og neyðartöflu;
  4. við stjórnstöð eldvarnarbúnaðar
  5. við stýrisvél; og
  6. við eldvarnardælu þá, sem nefnd er í gr. 18.5.5, við dælu ýringarbúnaðar og neyðarausturdælu, ef þær eru til staðar og við stjórnstað þeirra.
- 18.5.3. Siglingaljósum og öðrum ljósum, sem krafist er í gildandi alþjóðasiglingareglum í 18 klst.
- 18.5.4. Í 18 klukkustundir til að sinna:
1. öllum kallkerfum til notkunar í neyðartilvikum.
  2. siglingatækjum, sem krafist er í 12. gr. V. kafla SOLAS 74. Víkja má frá þessu í skipum minni en 5000 brl., ef Siglingamálastofnun telur það óraunhæft eða óframkvæmanlegt;
  3. eldskynjunar- og eldviðvörunarbúnaði; og
  4. merkjalömpum, skipsflautu, viðvörunarbjöllum og öðrum merkjagjöfum, sem krafist er í neyðartilvikum.
- Raforkunotendur þessir þurfa ekki að tengjast neyðarraforkukerfi skipsins, ef þeir hafa sjálfstæðan orkugjafa, svo sem rafhlöðu, sem endist í minnst 18 klst..
5. eldvarnardælu, sem krafist er í gr. 4.3.1. í II. kafla SOLAS 74, ef notkun hennar er háð neyðarorkugjafa.
- 18.5.5. Stýrisvél til notkunar í minnst 10 mínútur í senn, til að fullnægja ákvæðum gr. 5.14.
- 18.5.6. Siglingamálastofnun getur, þegar um er að ræða skip, sem sigla á stuttum afmörkuðum siglingaleiðum, samþykkt, að neyðarorkugjafinn fullnægi orkuþörf þeirra raforkuneytenda, sem greint er frá í gr. 18.5 í minnst 12 klst. í stað 18 klst.
- 18.6. Neyðarorkugjafinn má vera annað hvort rafali eða rafhlöður, sem fullnægja eftirtöldum ákvæðum:
- 18.6.1. Þegar neyðarorkugjafinn er rafali, þá skal hann útbúinn á eftirfarandi hátt:
1. Hann skal vera knúinn af hæfilegri aflvél, sem hefur óháðan eldsneytisbúnað og notar eldsneyti með íkveikjumark 43° C og herra.
  2. Hann skal fara sjálfvirkt í gang, ef bilun verður í aðalraforkugjafanum, nema til staðar sé auka neyðarorkugjafi, sbr. gr. 18.6.1.3.. Ef neyðarrafallinn hefur sjálfvirka gangsetningu, þá skal hann tengjast sjálfvirkt inn á neyðartöfluna og þeim raforkuneytendum, sem greint er frá í grein 18.7. Koma skal í veg fyrir, að orkugjafi, sem ætlaður er til gangsetningar neyðarrafala, tæmist vegna misheppnaðra sjálfvirkra gangsetningartilrauna, nema til staðar sé annar óháður búnaður til að gangsetja neyðarrafala.
  3. Hann skal tengjast auka neyðarorkugjafa, sbr. gr. 18.7, nema hann sé einn fær um að sinna orkuþörf þeirra raforkuneytenda, sem greint er frá í þeirri grein. Sé svo, skal neyðarrafallinn auk þess búinn sjálfvirkum gangsetningarbúnaði og ná upp hinu tilskilda álagi, svo fljótt sem mögulegt er, en þó aldrei síðar en 45 sek. eftir gangsetningu.

- 18.6.2. Þegar neyðarorkugjafinn er rafhlaða, þá skal hann vera fær um eftirfarandi:
1. Hann skal, á hinum tilskilda tíma, þola neyðarálagið án endurhleðslu og samtímis halda spennunni þannig, að frávik frá málspennu verði aldrei meira en 12%.
  2. Hann skal sjálfvirkt tengjast neyðartöflu, ef bilun verður í aðalraforkugjafanum.
  3. Hann skal samstundis tengjast þeim raforkuneytendum, sem getið er um í gr. 18.7.
- 18.7. Auka neyðarorkugjafinn, sem gefið er um í gr. 18.6.1.3, skal vera rafhlöður. Þær skulu vera vel staðsettar með tilliti til notkunar í neyðartilvikum. Þær skulu þola álag, vegna þeirra raforkuneytenda, sem greint er frá í gr. 18.7.1 og 18.7.2, án endurhleðslu og geta samtímis haldið spennunni þannig, að frávik frá málspennu verði aldrei meira en 12%. Rafhlöðurnar skulu tengjast eftirfarandi raforkuneytendum sjálfvirkt og hafa nægilega rýmd til að fullnægja orkuþörf þeirra í a. m. k. hálfu klukkustund:
- 18.7.1. Til lýsingar, eins og krafist er í gr. 18.5.1, 18.5.2 og 18.5.3. Í vélarúmum, vistarverum og vinnurýmum, má í þessum tilgangi nota varanlega fest rafhlöðuljós, sem búin eru sjálfvirkri hleðslu.
- 18.7.2. Til þeirra raforkuneytenda, sem krafist er í gr. 18.5.4.1, 18.5.4.3 og 18.5.4.4, nema til staðar séu rafhlöður, vel staðsettar til notkunar í neyðartilfellum, sem geta óháð fullnægt raforkuþörfinni í tilskilinn tíma.
- 18.8. Neyðartafla skal staðsett eins nálægt neyðarraforkugjafanum og mögulegt er.
- 18.9. Ef neyðarraforkugjafinn er rafali, þá skal neyðartaflan staðsett í sama rými, nema það hafi truflandi áhrif á rafkerfi skipsins.
- 18.10. Rafhlöður þær, sem fyrir hendi skulu vera skv. ákvæðum 18. greinar, skal ekki staðsetja í sama rými og neyðartöflurnar. Á hentugum stað í aðaltöflu eða í stjórnklefa vélarúms, skal vera mælir, sem gefur til kynna, hvenær rafhlöður fyrir neyðarraforku og auka neyðarorku, sbr. gr. 18.6.2 og 18.7, eru vanhlaðnar.
- 18.11. Við edlilegar aðstæður skal neyðartaflan fá raforku eftir sérstakri grein frá aðaltöflu. Greinin skal, í aðaltöflunni, búin yfirálagsvörn og skammhlaupsvörn. Greinin skal sjálfvirkt slá út í neyðartöflunni, ef bilun verður í aðalraforkugjafanum. Ef greininni er ætlað að flytja raforku báðar leiðir, þá skal hún útbúin a. m. k. skammhlaupsvörn í neyðartöflunni.
- 18.12. Ef í neyðartöflunni eru greinar, sem ekki eru fyrir neyðarstarfsemi, þá skal þeim, í neyðartilvikum, slá sjálfvirkt út, þannig að tryggt sé, að öll neyðarraforkan komi neyðarstarfseminni að notum.
- 18.13. Neyðarraföllum, ásamt aflvél og sérhverri neyðarrafhleðdu, skal þannig fyrir komið, að öruggt sé, að búnaður þessi komi að fullum notum, þótt skipið halli allt að  $22\frac{1}{2}^\circ$  á annað hvert borð og stafnhalli þess sé jafnframt allt að  $10^\circ$  á stafn eða skut.
- 18.14. Reglulegar prófanir skulu gerðar á öllu neyðarkerfinu, þar á meðal sjálfvirka ræsikerfinu.

#### 19. gr.

##### **Ræsibúnaður fyrir neyðarrafstöðvar.**

- 19.1. Neyðarrafstöðvar skal vera unnt að gangsetja viðstöðulaust við  $0^\circ\text{C}$  og lægra hitastig, ef það, að mati Siglingamálastofnunarinnar er talið nauðsynlegt.
- 19.2. Sérhver neyðarrafstöð, sem búin er sjálfvirkri gangsetningu, skal hafa viðurkenndan ræsibúnað með nægilega orku fyrir a. m. k. þrjár ræsitraunir ¼ röð. Annar orkugjafi skal vera til staðar, sem innan 30 mín. gerir mögulegt að framkvæma aðrar þrjár ræsitraunir, nema handgangsetning sé möguleg og örugg.



- 19.3. Viðhald ræsiorku skal vera sem hér segir:
- 19.3.1. Ræsiorku rafmagns- og vökvaræsiþúnaðar skal haldið við frá neyðartöflu;
- 19.3.2. Ræsiorku þrýstiloftsbúnaðar skal haldið við af aðal- og vara loftkútum um einstefnuloka eða með loftþjöppu, sem tengd er neyðartöflu, ef hún er rafknúin.
- 19.3.3. Annan ræsi-, hleðslu- og orkugeymslubúnað fyrir ræsiþúnað neyðarrafstöðva, skal staðsetja í neyðarrafstöðvarrymi. Þennan búnað má aðeins nota fyrir neyðarrafstöðvarnar. Þetta á þó ekki við um hleðslu þrýsti-loftkúta frá aðal- eða varakútum, sbr. gr. 19.3.2, ef einstefnulokinn er innan neyðarrafstöðvarrymisins.
- 19.4. Gangsetning með handafli er leyfileg, ef sjálfvirkar gangsetningar er ekki krafist og skal sannreynt með skoðun, að slík gangsetning sé virk. Með gangsetningu með handafli er átt við, að vél sé snúid í gang með handafli, eða að startari sé trekkur upp með handafli, eða að vökvaþrýstikerfi til gangsetningar sé hlaðið með handdælu, eða að notaðar séu sprengifilmur.
- 19.5. Þegar gangsetningu með handafli verður ekki komið við, skal viðeigandi ákvæðum greina 19.2 og 19.3 fullnægt með handstýrðum stjórnþúnaði.

## 20. gr.

**Varúðarráðstafanir gegn raflosti, bruna og öðrum hættum af rafmagni.**

- 20.1. Allir óvarðir málmhlutar rafþúnaðar, sem ekki eru spennuhafa en geta orðið það vegna bilunar eða mistaka, skulu jarðtengdir nema reglur Siglingamálastofnunarinnar um raforku og raflagnir leyfi annað.
- 20.2. Siglingamálastofnunin getur krafist ýtarlegra varúðarráðstafana fyrir rafmagnshandlampa, verkfæri eða önnur svipuð tæki, sem eru notuð í óvenjulega rökum rýmum eða þar sem leiðni getur skapað sérstakar hættur.
- 20.3. Smíði og niðursetning raftækja skal þannig háttáð, að þau valdi ekki slysi við venjulega meðferð og notkun.
- 20.4. Fyrirkomulag á aðal- og neyðartöflum skal vera þannig, að aðgangur að tækjum og þúnaði sé auðveldur og hættulaus. Hliðar, bök og, ef nauðsynlegt er talið, framhliðar taflnanna, skulu varðar á viðeigandi hátt. Hlutir, sem geta leitt straum, skulu ekki vera á framhlið taflnanna. Einangrunarmottur eða grindur, skulu vera á gólfi framan og aftan við töflur, ef það er talið nauðsynlegt.
- 20.5. Óheimilt er að hafa í skipum rafkerfi, þar sem skipsbolurinn er annar leiðarinn. Siglingamálastofnunin getur þó, í sérstökum tilvikum, leyft slíkt fyrirkomulag, þegar um er að ræða:
1. tæringarvarnabúnað;
  2. tæki, sem hafa eftirlit með einangrun, þó að því tilskildu, að straumurinn geti aldrei farið yfir 30 milliamper.
- 20.6. Sé dreifikerfi fyrir orku til hitunar eða lýsingar ójarðtengt, skal koma fyrir tæki, sem hefur stöðugt eftirlit með einangrun kerfisins og gefur heyranlegt eða sjáanlegt merki, ef einangrunargildi verður óeðlilega lágt.
- 20.7. Málmkápur og hlifar á rafstrengjum skulu vera samfelldar og jarðtengdar. Siglingamálastofnunin getur þó í sérstökum tilvikum leyft annað.
- 20.8. Allir rafstrengir skulu vera a. m. k. af eldtefjandi gerð og skulu þannig lagðir, að slíkir eiginleikar þeirra haldist óskertir. Siglingamálastofnunin getur þó, ef nauðsyn krefur, leyft notkun á sérstökum gerðum strengja, sem ekki uppfylla ofangreind ákvæði, til dæmis tíðnitaugar senditækja.

- 20.9. Raflagnir að og frá mikilvægum tækjum og öðrum raforkuneytendum, þar meðtalin lýsing, kallkerfi og merkjagjöf, skal leggja, svo framarlega sem unnt er, utan og fjarri eldhúsum, þvottaklefum, vélarúmum í flokki A og vélareisnum og öðrum rýmum, sem mikil eldhætta er í. Rafstrengir, sem tengja slökkvidælur við neyðartöflu, skulu vera af eldþolinni gerð, ef þeir liggja um rými, þar sem eldhætta er mikil. Þar sem því verður við komið, skulu strengir lagðir þannig, að þeir verði ekki ónothæfir þótt eldur verði laus í aðliggjandi rými.
- 20.10. Ef raflagnir eru í rými, þar sem bilun í rafkerfi getur valdið eld- og sprengihættu, skal gera sérstakar varúðarráðstafanir samkvæmt ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins, hverju sinni.
- 20.11. Við frágang á raflögnum skal sjá til þess, að rafstrengir skaðist ekki t. d. sökum núnings og egghvassra brúna.
- 20.12. Ganga skal frá endum allra leiðara þannig, að upphaflegir eiginleikar þeirra haldist, svo sem rafleiðni, og þar, sem nauðsynlegt er, óbrennanleiki.
- 20.13. Sérhver grein skal búin skammhlaupsvörn. Einnig skal sérhver grein búin yfirálagsvörn, nema greinar að rafmótorum stýrsvéla, sbr. ákvæði 5. og 6. gr.. Siglingamálastofnunin getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum í sérstökum tilvikum.
- 20.14. Straumálag og stærð strengs hverrar greinar ásamt stillingu yfirstraumliða, skal merkja með varanlegri áletrun.
- 20.15. Fyrirkomulag og frágangur ljósa og ljósabúnaðar skal ekki vera með þeim hætti, að rafstrengir skemmist sökum hita eða að aðliggjandi efni geti hitnað óhóflega.
- 20.16. Allar ljósa- og orkugreinar, sem leiddar eru um lestarrými, skal búa margpóla einangrunarrofum utan rýmisins.
- 20.17. Rafhlöður skulu vera vel varðar og rými, skápar eða kassar, fyrir rafhlöður, skulu vera vel gerðir og vel loftræstir.
- 20.18. Ekki má koma fyrir rafbúnaði eða öðrum tækjum, sem valdið geta íkveikju í eldfimri gufu, í því rými eða skáp, sem hefur að geyma rafhlöður, nema í þeim tilvikum, sem greint er frá í grein 20.20.
- 20.19. Rafhlöður er óheimilt að staðsetja í vistarverum, nema sérstaklega standi á og þá að því tilskildu, að þær séu í loftþéttum skáp.
- 20.20. Í rýmum, þar sem eldfimar loftblöndur geta myndast eða safnast fyrir í, og í sérhverju rými, sem notað er til geymslu á rafhlöðum, er óheimilt að koma fyrir rafbúnaði, nema Siglingamálastofnunin telji:
- 20.10.1. að hann sé nauðsynlegur;
- 20.20.2. að hann sé af þeirri gerð, sem ekki veldur íkveikju í viðkomandi loftblöndu;
- 20.20.3. að hann tilheyri viðkomandi rými; og
- 20.20.4. að vottað sé á videigandi hátt, að notkun hans sé hættulaus þeim lofttegundum, ryki og gufum, sem líklegt er að séu til staðar.

#### 4. KAFLI

##### Vélarúm, sem eru tímabundið ómönnuð.

21. gr.

##### Almennt.

- 21.1. Skip, sem heimild hafa til að láta vélarúm vera tímabundið ómannað, skulu fullnægja ákvæðum þessa kafla.
- 21.2. Fyrirkomulag rafbúnaðar og vélbúnaðar í skipum, sem heimild hafa til að láta vélarúm vera tímabundið ómannað, skal vera þannig, að öryggi við siglingu og stjórnun viðkomandi skips sé ekki minna en ef vélarúmið væri stöðugt mannað.

- 21.3. Reglulegar skoðanir og prófanir skulu fara fram á umræddum búnaði, í þeim tilgangi að ganga úr skugga um, að hann sé í lagi og starfi eðlilega. Komi í ljós, að búnaðinum sé að einhverju leyti áfátt, skulu gerðar ráðstafanir til að fá úr því bætt.
- 21.4. Um borð í þeim skipum, sem hér um ræðir skal vera skírteini, útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins, eða aðilum, sem hún hefur viðurkennt sem eftirlitsaðila, þar sem fram kemur, að skipið sé útbúið og hafi heimild til að láta vélarúm vera tímabundið ómannað.

## 22. gr.

**Eldvarnir.**

- 22.1. Gera skal videigandi ráðstafanir, til þess að viðvörðun um eldsupptök eða lausan eld, verði gefin eins fljótt og við verður komið, þegar um er að ræða eld í loftrásum katla, afgangslögnum og í skolloftsbúnaði aðalvélar. Siglingamálastofnun getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef slík viðvörðun er talin ónaudsynleg.
- 22.2. Aðalvélar, sem eru 2250 kW og stærri eða hafa stærra stimpilþvermál en 300 mm, skulu búnar skynjara fyrir olíuúða í sveifarhúsi, hitamæli til mælingar á hitastigi í vélarlegum eða annan jafngildan búnað.

## 23. gr.

**Varnir gegn flæði.**

- 23.1. Austurbrunnar í þeim vélarúmum, sem heimilt er að séu tímabundið ómönnuð, skal staðsetja og útbúa þannig, að auðveldlega megi, við venjulegan stafnhalla og legu skips, fylgjast með því, hvort vökvi safnast fyrir í þeim. Skulu brunnarnir vera nægilega stórir til þess að taka við því lekavatni, sem gera má ráð fyrir að falli til, á þeim tíma, sem vélarúmið er ómannað.
- 23.2. Ef austurdælur eru þannig gerðar, að ræsing þeirra er sjálfvirk, skal koma fyrir búnaði, sem gefur til kynna með viðvörðun, hvenær aðstreymi vökva í austurbrunn er meira en sem nemur afköstum austurdællunnar, eða þegar dælan fer oftast í gang en eðlilegt getur talist. Sé slíkur búnaður fyrir hendi, má samþykkja minni austurbrunna til söfnunar á lekavatni, sem þó skulu duga í hæfilegan tíma. Þegar austurdælur eru sjálfvirkar, skal gera sérstakar ráðstafanir vegna olíumengunarvarna, í samræmi við reglur, sem settar hafa verið um varnir gegn mengun sjávar frá skipum.
- 23.3. Staðsetja skal stjórnubúnað allra sjóinntaksloka, allra frárennslisloka undir sjólinu, og allra loka austurkerfis þannig, að nægur tími gefist til að grípa til videigandi ráðstafana, ef vatn streymir inn í skipið. Skal í því sambandi miða við þann tíma, sem tekur að ná fram til stjórnubúnaðarins og þess vatnsmagns, sem þá má gera ráð fyrir að komið sé í skipið.

## 24. gr.

**Stjórnun aðalvélar úr brú.**

- 24.1. Úr brú skipsins skal ávallt vera mögulegt að hafa, fullkomna stjórnun á aðalvélbúnaði skips, þ. e. hraða aðalvélar, átakstefnu, og ef við á, skurði skrufunnar.
  - 24.1.1. Til stjórnunar á aðalvélbúnaði skips skal vera sérstakur fjarstýribúnaður fyrir hverja skipskrúfu, sem tryggir að öll sjálfvirk starfsemi tengd aðalvélbúnaði, þar með talin yfirálagsvörn aðalvélar, starfi eðlilega.
  - 24.1.2. Í brú skal vera neyðarstöðvun fyrir aðalvél, og skal hún vera óháð öðru stjórnkerfi í brú skipsins.
- 24.2. Úr stjórnklefa vélarúms eða við stjórnstöð aðalvélar, skal vera hægt að fylgjast með öllum fyrimælum frá brú skipsins, varðandi stjórnun aðalvélbúnaðar.

- 24.3. Aðeins skal vera hægt að fjarstýra aðalvélbúnaði frá einum stað í einu. Leyfilegt er að samtengja stjórnþæki á einni stjórnstöð. Á sérhverjum stjórnstað skal vera hægt að sjá, hvaðan aðalvélbúnaði er stjórnað. Færsla stjórnunar milli brúar og vélarúms, skal aðeins vera möguleg úr vélarúmi eða stjórnklefa þess. Fjarstýribúnaður skal þannig gerður, að verulegar breytingar geti ekki orðið á stillingu stjórnþækja meðan stjórnunin er flutt á milli stjórnstöðva.
- 24.4. Jafnvel þótt bilun verði í einum eða fleiri hlutum fjarstýribúnaðar, skal vera unnt að stjórna öllum vélbúnaði, sem nauðsynlegur er til öruggrar siglingar skipsins, á staðnum.
- 24.5. Viðvörunarkerfi skal fara í gang, ef bilun verður í fjarstýribúnaði aðalvélbúnaðar. Hraði skráfu og átakstefna skráfu skal haldast óbreytt, þar til neyðarstjórnun er komið á, nema Siglingamálastofnun telji slíkt fyrirkomulag óframkvæmanlegt.
- 24.6. Í brú skulu vera mælar fyrir:
- 24.6.1. skráfuhraða og snúningsátt, ef um fasta skráfu er að ræða;
- 24.6.2. skráfuhraða og skurð, ef um skiptiskráfu er að ræða.
- 24.7. Fjöldi fjarstýrðra ræsiltírauna aðalvélar, hverri á eftir annarri, skal takmarka á þann hátt, að þeim verði hætt, þegar ræsiloftsþrýstingur hefur náð ákveðnu lágmarki, þó þannig, að eftir að því marki er náð, sé enn nóg loft til gangsetningar á staðnum. Í brú og í vélarúmi skal vera viðvörunarkerfi, sem gefur viðvörun við lágan ræsiloftsþrýsting.

25. gr.

**Kallkerfi.**

- 25.1. Öruggt talsamband skal vera milli stjórnklefa vélarúms eða stjórnstöðvar aðalvélar, brúar og íbúðar yfirvélstjóra.

26. gr.

**Viðvörunarbúnaður.**

- 26.1. Viðvörunarbúnaður, sem gefur til kynna sérhverja bilun í aðalvélbúnaði, sem þarf athugunar við, skal vera fyrir hendi. Hann skal:
- 26.1.1. gefa frá sér vel merkjanlegt hljóðmerki í stjórnklefa eða við stjórnstað aðalvélar, og einnig ljósmerki á videigandi stað, sem gefur til kynna, hvar og hvers eðlis bilunin sé eftir því sem við á.
- 26.1.2. tengjast setustofu vélstjóra og sérhverjum svefnklefa þeirra með valrofa, til að tryggja samband við a. m. k. einn þessara klefa. Unnt er að fallast á annað jafn öruggt fyrirkomulag;
- 26.1.3. setja í gang hljóð- og ljósmerki í brú við sérhverjar þær aðstæður, sem krefjast viðbragða eða athygli yfirmanna á vakt;
- 26.1.4. gefa til kynna með ljós- eða hljóðmerki, ef bilun verður í viðvörunarbúnaðinum.
- 26.1.5. setja vélstjóráviðvörun í gang innan ákveðins tíma, ef viðvörun hefur ekki verið svarað, sbr. gr. 14.
- 26.2. Viðvörunarbúnaðurinn skal ætíð vera í lagi. Skal hann búinn sjálfvirkri skiptingu yfir á varaorkugjafa, ef bilun á sér stað í aðalorkugjafa.
- 26.3. Bilun í aðalorkugjafa viðvörunarbúnaðarins, skal gefin til kynna með viðvörun.
- 26.4. Viðvörunarbúnaðurinn skal geta gefið til kynna fleiri en eina bilun samtímis og móttaka einnar viðvörunar, skal ekki koma í veg fyrir, að viðvörun um aðra bilun verði gefin.
- 26.5. Á þeim stað, þar sem viðvörunarkerfi er gefið, skal vera unnt að gefa til kynna, að viðvörun sé móttækin. Viðvörunarhljóðmerki skulu gefin, þar til þau hafa verið móttækin, og ljósmerki skulu loga, þar til bilunin hefur verið lagfærð. Allar viðvaranir skulu hætta, þegar bilunin hefur verið lagfærð.

## 27. gr.

**Öryggisbúnaður.**

- 27.1. Setja skal upp öryggisbúnað, sem gerir það að verkum, að búnaður stöðvast eða fer úr sambandi, ef alvarleg bilun verður. Skal öryggisbúnaður gefa viðvörðun um bilunina. Stöðvun á aðalvélbúnaði skal þó ekki vera sjálfvirk, nema í þeim tilvikum, þegar bilunin getur leitt til alvarlegra skemmda, algerrar bilunar eða sprengingar. Þegar unnt er með stjórn tökum að koma í veg fyrir sjálfvirka neyðarstöðvun aðalvélar, skal óviljandi stöðvun ekki geta átt sér stað. Ljósmerki skulu gefa til kynna, að sjálfvirkri neyðarstöðvun hafi verið aflétt.

## 28. gr.

**Sérstök ákvæði varðandi katla, véla- og rafbúnað.**

- 28.1. Aðalraforkugjafinn skal, auk annarra ákvæða, sem Siglingamálastofnun ríkisins kann að setja, uppfylla eftirtalin ákvæði:
- 28.1.1. Ef einn rafali getur annað raforkuþörfinni, skal álagsdreifingu eða orkuskerðingu þannig háttáð, að tryggð sé raforka til búnaðar, sem nauðsynlegur er til að sigla og stjórna skipinu og til annars þess, er varðar öryggi skipsins. Ef bilun í rafali á sér stað, skal vera unnt að gangsetja vararafal sjálfvirkt og tengja hann við aðaltöflu. Hann skal vera nægilega afkastamikill, til þess að hægt sé að sigla og stjórna skipinu og tryggja öryggi þess, t. d. með sjálfvirkum gangsetningum á nauðsynlegum hjálparvélum. Siglingamálastofnunin getur í sérstökum tilvikum veitt skipum undir 1600 brl. undanþágu frá þessum ákvæðum.
- 28.1.2. Ef nauðsynlegt er vegna rafmagnsþarfar að hafa fleiri en einn rafala í gangi samtímis, og ef þeir vinna saman, skal gera ráðstafanir til álagsjöfnunar. Þó einn (annar) rafall verði óvirkur, þá skulu þeir (sá), sem eftir eru, geta, án yfirálags, annað orkuþörf vegna siglinga skipsins og öryggis þess.
- 28.2. Þegar varavélbúnaður í neyðartilvikum kemur í stað hjálparvéla þeirra, sem nauðsynlegar eru við siglingar og stjórnun skips, skal gangsetning varavélbúnaðar og aðrar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til þess að sá búnaður geti gegnt hlutverki hjálparvéla, vera sjálfvirkur.
- 28.3. Sjálfvirk stjórnun og viðvörðunarbúnaður.
- 28.3.1. Allur stjórnubúnaður skal þannig úr garði gerður að eðlileg starfræksla aðalvélbúnaðar sé tryggð þó svo bilanir verði í einhverjum hluta hans.
- 28.3.2. Viðvörðunarkerki skal gefið, þegar sjálfvirkur stjórnubúnaður tekur við stjórn aðalvélbúnaðar.
- 28.3.3. Viðvörðunarbúnaður sá, sem getið er um í grein 26, skal vera á öllum mælistöðum, þar sem upplýsingar um þrýsting, hitastig, vökvahæðir o. fl., eða breytingar á þessum mælistærðum eru nauðsynlegar eða mikilvægar.
- 28.3.4. Setja skal upp stjórnstöð með nauðsynlegum viðvörðunartöflum og búnaði til að greina, hvar bilun hefur átt sér stað.
- 28.3.5. Koma skal fyrir búnaði til að viðhalda nauðsynlegum ræsiloftsþrýstingi, þegar brennsluvélar eru notaðar sem aðalvélar.

## Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 52, 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 2. júní 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUR****um smíði og búnað íslenskra skipa.**HLUTI K<sub>2</sub>

Reglur um eldvarnir í vöruflutningaskipum.

## EFNISYFIRLIT

## 1. HLUTI

**Almenn ákvæði**

1. gr. Skilgreiningar
2. gr. Gildissvið
3. gr. Undanþágur
4. gr. Almenn ákvæði
5. gr. Teikningar
6. gr. Eldvarnaræfingar

## 2. HLUTI

**Fyrirkomulag og efnisval**

7. gr. Bolur, yfirbyggingar, þöf, meginþil o. fl.
8. gr. Fyrirkomulag og efnisval í vistarverum og vinnurýmum
9. gr. Neyðarútgangar
10. gr. Stigar og lyftugöng í vistarverum, vinnurýmum og stjórnstöðvum
11. gr. Hurðir í eldtraustum þiljum
12. gr. Loftræsting og loftræstibúnaður
13. gr. Fyrirkomulag vélarúms
14. gr. Eldsneytisólur, smurólur og aðrir eldfimir vökvar
15. gr. Eldvarnir við flutning á hættulegum varningi

## 3. HLUTI

**Slökkvibúnaður**

16. gr. Dælur, slökkvileiðslur, brunahanar, slöngur o. fl.
17. gr. Slökkvibúnaður vélarúms
18. gr. Glasslökkvibúnaður

- 19. gr. Háþennslufroðubúnaður til slökkvistarfa í vélarúmi
- 20. gr. Prýstivatnsúðunarbúnaður í vélarúmi
- 21. gr. Slökkvibúnaður í farmrymum
- 22. gr. Slökkvibúnaður í vistarverum og vinnurýmum
- 23. gr. Sjálfvirkur ýringarbúnaður
- 24. gr. Handslökkvitæki
- 25. gr. Búnaður til slökkvistarfa

#### 4. HLUTI

##### **Viðvörunarbúnaður**

- 26. gr. Eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaður

#### 1. HLUTI

##### **Almenn ákvæði**

##### 1. gr.

##### **Skilgreiningar.**

- Í reglum þessum eru eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind sem hér segir:
- 1.1. SOLAS 74: Alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu, sem undirrituð var á fundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) 1. nóvember 1974, og sem tók gildi alþjóðlega þann 25. maí 1980. Samþykkt þessi leysti af hólmi hliðstæða samþykkt frá 1960. Frá undirritun SOLAS 74 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á samþykktinni, annars vegar viðbótarákvæði frá 1978 (SOLAS-protocol 1978), sem tóku gildi 1. maí 1981, og breytingar samfara endurskoðun á kafla II, sem samþykktar voru 20. nóvember 1981 og væntanlega munu taka gildi alþjóðlega 1. september 1984, (SOLAS-amendments 1981).
  - 1.2. Nýtt skip: Skip, sem skjölur er lagður að eða er á svipuðu byggingastigi eftir 1. september 1984.
  - 1.3. Gamalt skip: Skip, sem ekki er nýtt.
  - 1.4. Óbrennanlegt efni: Efni, sem hvorki brennur né gefur frá sér brennanlegar lofttegundir, þó efnið sé hitað upp í allt að 750°C.
  - 1.5. Brennanlegt efni: Efni, sem ekki er óbrennanlegt.
  - 1.6. Brunaprófun: Stöðluð aðferð við brunaprófanir eins og greint er frá í SOLAS 74.
  - 1.7. A-flokkur þilja: Skilrúm, hvort heldur eru þil eða þilför, gerð úr stáli eða öðru sambærilegu efni, styrkt með stífum eins og reglur segja til um og að öðru leyti þannig úr garði gerð að þau hindri útbreiðslu reyks og elds í minnst eina klukkustund við brunaprófun. A-flokk þilja skal einangra með viðurkenndu óbrennanlegu efni, þannig að meðalhiti þeirrar hliðar, sem snýr frá eldinum við brunaprófun, sé ekki meiri en 139°C yfir meðal umhverfishita og hitastig þiljunnar sé hvergi meira en 180°C yfir umhverfishita, hvort tveggja að liðnum þeim tíma, sem einkennir gæði þiljunnar, t. d.:
    - Flokkur A-60 eftir 60 mínútur
    - Flokkur A-30 eftir 30 mínútur
    - Flokkur A-15 eftir 15 mínútur
    - Flokkur A-0 eftir 0 mínútur

Siglingamálastofnunin getur farið fram á brunaprófun á sérstökum gerðum skilrúma í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að viðeigandi kröfum sé fullnægt.\*

\* Sjá leiðbeiningar um brunaprófanir þilja af flokki A og B í ályktun IMO, A 163(ES IV) og A 215 (VII).

- 1.8. B-flokkur þilja: Skilrúm, hvort heldur eru þil eða þilför, þannig úr garði gerð, að þau hindri útbreiðslu elds í 30 mínútur við brunaprófun. B-flokk þilja skal einangra þannig að meðalhiti þeirrar hliðar, sem snýr frá eldinum við brunaprófun, sé ekki meiri en 139°C yfir meðal umhverfishita og hitastig þiljunnar sé hvergi meira en 225°C yfir umhverfishita, hvort tveggja að liðnum þeim tíma, sem einkennir gæði þiljunnar, t. d.:
- Flokkur B-15 eftir 15 mínútur  
Flokkur B-0 eftir 0 mínútur
- B-flokkur þilja skal gerður úr viðurkenndu óbrennanlegu efni, og allt efni, sem notað er til að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til þiljunnar, skal vera óbrennanlegt. Klæðning þiljunnar þarf ekki að vera óbrennanleg, ef hún að öðru leyti fullnægir þeim kröfum, sem fram koma í reglum þessum.
- Siglingamálastofnunin getur farið fram á brunaprófun á sérstökum gerðum skilrúma í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að viðeigandi kröfum sé fullnægt.\*
- 1.9. C-flokkur þilja: Skilrúm, gerð úr viðurkenndum óbrennanlegum efnum. Þau þurfa ekki að hindra útbreiðslu elds og reyks né eru þau háð ákvæðum um hitastig. Klæðning þarf ekki að vera óbrennanleg, ef hún að öðru leyti fullnægir þeim kröfum, sem fram koma í reglum þessum.
- 1.10. Samfelld innsúð eða loft í B-fl.: Innsúð eða loft í B-flokki, sem liggur að þiljum úr A- eða B-flokki.
- 1.11. Vistarverur: Þau rými, sem notuð eru sem almenningar, gangar, salerni, svefnklefar, skrifstofur, búr án eldunaraðstöðu og önnur álíka rými. Almenningar eru þeir hlutar vistarvera, sem notaðir eru fyrir borðsal, dagstofu, veitingasal og önnur álíka rými.
- 1.12. Vinnurými: Þau rými, sem notuð eru sem eldhús, búr með eldunaraðstöðu, geymslur, verkstæði, sem ekki eru hluti vélarúms, og önnur álíka rými eða gangar að slíkum rýmum.
- 1.13. Farmrými: Rými fyrir hvers konar farm, þar með talið farmolíugeyma, ásamt göngum eða reisnum að slíkum rýmum.
- 1.14. Ekjufarmrými: Farmrými, sem þannig er fyrir komið og útbúið að farminum megi aka inn og út úr skipinu.
- 1.15. Veðurþilfar: Hæsta heila og vatnspétta þilfar skips.
- 1.16. Vélarúm í flokki A: Vélarúm, þar sem í eru:
- brennsluvél ætluð til að knýja skip áfram, eða
  - brennsluvél, ein eða fleiri, sem notuð er í öðrum tilgangi en að knýja skip áfram, þegar heildarafköst hennar eru 375 kW eða meir, eða
  - brennsluolíukatlar eða brennsluolíubúnaður eins og hann er skilgreindur í grein 1.18.
- 1.17. Vélarúm: Hvers kyns vélarými, þar sem í eru aflvélar skips, katlar, eldsneytisbúnaður, rafalar, rafmótorar, frystivélabúnaður, blásarar fyrir vélarúm og loftræstingu vistarvera og önnur hliðstæð rými og sérstakar aðkomuleiðir að þeim.
- 1.18. Brennsluolíubúnaður: Búnaður, sem notaður er til hreinsunar, upphitunar og hliðstæðrar meðhöndlunar á brennsluolíu, svo og dælur, síur og annar búnaður fyrir olíu undir þrýstingi.

\* Sjá leiðbeiningar um brunaprófanir þilja af flokki A og B í ályktun IMO, A 163(ES IV) og A 215 (VII).



- 1.19. Stjórnstöðvar: Þau rými í skipi, þar sem komið er fyrir:  
 — fjarskiptabúnaði  
 — siglingatækjum  
 — neyðarorkugjafa  
 — stjórn tækjum eldvarnarbúnaðar  
 — stjórn búnaði aðalvélbúnaðar, ef hann er staðsettur utan vélarúms.
- 1.20. Vöruflutningaskip: Öll skip, sem skráð eru sem vöruflutningaskip eða olfuskip.
- 1.21. Olíuflutningaskip: Vöruflutningaskip, sem sérstaklega eru gerð til flutninga á eldfimum vökvum.
- 1.22. Gasflutningaskip: Vöruflutningaskip, sem sérstaklega eru gerð til flutninga á lofttegundum og vökvum undir þrýstingi.

## 2. gr.

**Gildissvið**

- 2.1. Reglur þessar ná til allra nýrra vöruflutningaskipa 500 brúttórúmllestir að stærð og stærri, annarra en olíu- og gasflutningaskipa.
- 2.2. Reglur þessar ná einnig, að svo miklu leyti sem því verður við komið, til nýrra vöruflutningaskipa undir 500 brúttórúmllestum að stærð, annarra en olíu- og gasflutningaskipa.
- 2.3. Gömul vöruflutningaskip, 500 brúttórúmllestir að stærð og stærri, sem kjölur var lagður að eða voru á svipuðu byggingastigi eftir 25. maí 1980, skulu a. m. k. fullnægja viðeigandi ákvæðum SOLAS 74.  
 Öll önnur vöruflutningaskip, 500 brúttórúmllestir að stærð og stærri skulu a. m. k. fullnægja viðeigandi ákvæðum SOLAS-samþykktarinnar frá 1960.
- 2.4. Þegar um er að ræða olíu- og gasflutningaskip metur Siglingamálastofnunin hverju sinni, með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum SOLAS, hvaða öryggiskröfur, umfram þær sem reglur þessar kveða á um, gera skuli til slíkra skipa.  
 Skulu slík skip a. m. k. fullnægja ákvæðum þeirrar SOLAS-samþykktar, sem í gildi var þegar kjölur var lagður að skipinu eða hliðstæðu byggingastigi var náð.
- 2.5. Verði meiriháttar breytingar, þ. e. viðgerðir eða endurbætur gerðar á gömlum vöruflutningaskipum, skal í þeim atriðum, sem breytingarnar taka til, fullnægja ákvæðum þessara reglna, að svo miklu leyti sem slíkt að mati Siglingamálastofnunarinnar telst eðlilegt.
- 2.2.6. Öll skip, 500 brúttórúmllestir að stærð og stærri, sem fullnægja ákvæðum þessara reglna, fullnægja ákvæðum kafla II-2 í SOLAS 74 og viðeigandi viðbótarákvæðum SOLAS-amendments 1981.

## 3. gr.

**Undanþágur.**

- 3.1. Heimilt er að veita vöruflutningaskipum, sem einungis hafa heimild til strandsiglinga, undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna, ef umrædd ákvæði teljast vera óeðlileg og ónauðsynleg og öryggi skipsins og áhafnar er, að mati Siglingamálastofnunarinnar, eftir sem áður óskert.
- 3.2. Heimilt er að veita skipum, sem eru af sérstakri gerð, undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna, ef þau ákvæði koma í veg fyrir eðlilega þróun í gerð slíkra skipa. Sérhvert slíkt skip skal eftir sem áður fullnægja þeim öryggisákvæðum, sem Siglingamálastofnunin telur nauðsynlegt að gera kröfu um miðað við þá notkun, sem skipinu er ætlað.
- 3.3. Heimilt er að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna, ef fyrirhugað fyrirkomulag, efni eða búnaður að mati Siglingamálastofnunarinnar telst jafngildi þess að viðkomandi ákvæðum sé fullnægt.

## 4. gr.

**Almenn ákvæði.**

- 4.1. Við hönnun og nýsmíði skipa, eða við breytingar og endurbætur á þeim síðar, skal leitast við að tryggja sem best öryggi skips og áhafnar með tilliti til eldvarna. Skal í þeim tilgangi taka mið af eftirfarandi:
- 4.1.1. Sérhverju skipi skal skipt niður í svæði og svæðin aðskilin með eldtraustum þiljum.
- 4.1.2. Vistarverur skal aðskilja frá öðrum hlutum skipsins með eldtraustum þiljum.
- 4.1.3. Notkun brennanlegra efna og efna, sem gefa frá sér mikinn reyk eða eittraðar lofttegundir, skal takmarka eftir föngum.
- 4.1.4. Skip skulu hafa um borð búnað, sem gerir viðvart, ef eldur verður laus, heftir útbreiðslu hans og gerir mögulegt að ráða niðurlögum hans fljótt og örugglega í því rými, sem hann á upptök sín í.
- 4.1.5. Neyðarútgangar skulu vera öryggir, eldvarðir og veita greiðan aðgang að opnum þilförum.
- 4.1.6. Slökkvibúnaður skipa skal ávallt vera í lagi.
- 4.1.7. Takmarka skal eftir föngum hættu á íkveikju í eldfimum efnum.

## 5. gr.

**Teikningar.**

- 5.1. Teikningar af eldvarnarbúnaði skips skulu sendar Siglingamálastofnun ríkisins til samþykktar í 3 eintökum. Á teikningunum skal sýna allt það, sem við kemur brunavörnum skipsins. Teikningarnar skulu sýna fyrir hvert þilfar um sig:
- 5.1.1. Skiptingu skips í svæði með þiljum í flokki A og B.
- 5.1.2. Þiljur, sem aðgreina vistarverur frá öðrum hlutum skipsins.
- 5.1.3. Staðsetningu viðvörðunarbúnaðar.
- 5.1.4. Staðsetningu stjórnstöðva fyrir innbyggðan slökkvibúnað og fyrir hraðloka eldsneytisgeyma.
- 5.1.5. Staðsetningu stöðvunarrofa fyrir loftræstibúnað og staðsetningu loftopa.
- 5.1.6. Staðsetningu brunahana, slöngusamstæðna, handslökkvitækja, brunaaxa og annars búnaðar til slökkvistarfa.
- 5.1.7. Staðsetningu neyðarútganga.
- 5.1.8. Staðsetningu alþjóðlegu slöngutengjanna.
- 5.1.9. Aðrar upplýsingar, sem að gagni mega koma, ef eldsvoða ber að höndum.
- 5.2. Innrammaðri fyrirkomulagsteikningu af eldvarnarbúnaði skipsins og öðru því, er lýtur að eldvörnum, skal festa upp á áberandi stað í vistarverum. Teikningin skal ávallt vera í fullu samræmi við eldvarnarbúnað skipsins. Skýringartexti slíkra teikninga skal vera á ensku eða frönsku auk íslensku. Þá skal einnig koma fyrir í sérstakri möppu upplýsingum um viðhald og notkun alls eldvarnarbúnaðar. Skal sú mappa geymd á vísun stað þar sem áhöfnin getur kynnt sér innihald hennar.
- 5.3. Til glöggvunar fyrir þá, sem kynnu að koma til aðstoðar við slökkvistörfin, skal aukaeintaki af teikningu þeirri, sem greint er frá í grein 5.2. komið fyrir í vatnspéttum umbúðum í sérstöku hólfi á aðgengilegum stað á opnu þilfari.

## 6. gr.

**Eldvarnaræfingar**

- 6.1. Æfingar í notkun eldvarnarbúnaðar skulu fara fram a. m. k. tvisvar á ári. Skulu brunadælur, slöngur og stútar prófaðir, öryggisviðvörðunarbúnaður í vistarverum og

fyrir fastan slökkvibúnað vélarúms prófaður ásamt reykköfunartækjum. Skal færa inn í dagbók skipsins hvenær slíkar æfingar eru haldnar og greina jafnframt frá þeim búnaði sem prófaður var. Skulu eldvarnaræfingar hafa það markmið að gefa áhöfninni tækifæri til að kynna sér eldvarnarbúnað skipsins, veita henni þjálfun í meðferð og notkun búnaðarins og því hvernig bregðast skuli við, ef eldsvoða ber að höndum.

## 2. HLUTI.

### Fyrirkomulag og efnisval

#### 7. gr.

#### **Bolur, yfirbyggingar, þilför, meginþil o. fl.**

##### 7.1. **Almenn ákvæði.**

- 7.1.1. Bolur, yfirbyggingar, meginþil, þilför og þilfarshús skulu smíðuð úr stáli eða öðru sambærilegu efni.
- 7.1.2. Einangrun á ál-hlutum þilja í flokki A eða B, nema á skipshlutum, sem ekki eru undir álagi, skal vera þannig að hækkun á hitastigi í kjarna skipshlutans sé aldrei meiri en 200°C yfir umhverfishita við brunaprófun.
- 7.1.3. Sérstaka athygli skal veita einangrun á ál-hlutum allra stöða og annarra styrktarhluta, sem notaðir eru í sæti björgunarbáta og sjósetningabúnað þeirra, og einangrun þilja í flokki A og B, þannig að tryggt sé að hitastig þeirra verði ekki hærra en þau mörk, sem greint er frá í grein 7.1.2. og greinum 1.7 og 1.8 í 1. hluta þessara reglna.  
Fyrir þá hluta, sem bera uppi björgunarbáta og styrkja þiljur í flokki A, gilda mörkin að einni klukkustund liðinni og að hálfri klukkustund liðinni fyrir þá hluta, sem styrkja þiljur í flokki B.
- 7.1.4. Þök og reisnir vélarúma í flokki A skulu smíðuð úr stáli og vera vel einangruð. Öll op að þeim skal staðsetja og verja með tilliti til að hindra útbreiðslu elds.
- 7.1.5. Fyrirkomulag vistarvera og vinnurýma skal, með tilliti til eldvarna, vera í samræmi við þær aðferðir sem hér greinir:
  1. Aðferð IC: Öll millipil skulu vera óbrennanleg og í flokki B eða C. Ýringarbúnaður og búnaður til eldskynjunar og eldviðvörunar er ekki nauðsynlegur, nema hans sé krafist samkvæmt ákvæðum greinar 22.
  2. Aðferð IIC: Öll rými, þar sem eldsupptök geta orðið og í eru brennanleg efni, skulu búin ýringarbúnaði og búnaði til eldskynjunar og eldviðvörunar í samræmi við ákvæði greinar 22. Engar takmarkanir eru á gerð millipila.
  3. Aðferð IIIC: Öll rými, þar sem eldsupptök geta orðið og í eru brennanleg efni, skulu búin föstum búnaði til eldskynjunar og eldviðvörunar í samræmi við ákvæði greinar 22. Engar takmarkanir eru á gerð innri skilrúma, svo fremi sem slík rúm í vistarverum og rúm, sem umlukin eru skilrúmum af flokki A og B, eru minni að flatarmáli en 50 m<sup>2</sup>. Heimilt er að auka þetta flatarmál í borðsólum og setustofum að fengnu samþykki Siglingamálastofnunar.
- 7.1.6. Kröfur um notkun óbrennanlegra efna í þiljum og einangrun, sem umlykja vélarúm, stjórnstöðvar, vinnurými o. s. fr. skulu vera hinar sömu og greint er frá í grein 7.1.5. Sama gildir um stigaop og ganga.

## 7.2. Þil í vistarverum og vinnurýmum.

- 7.2.1. Öll þil í vistarverum og vinnurýmum, sem krafist er að séu í B-flokki, skulu ná milli þilfara og að byrðing eða öðrum takmörkunum, en mega enda á samfelldri innsúð eða loftklæðningu í B-flokki, ef slík innsúð eða loftklæðning er beggja vegna þilsins.
- 7.2.2. Aðferð IC: Ef þess er ekki krafist í reglum þessum að þil séu í A- eða B-flokki, þá skulu þau a. m. k. vera í C-flokki.
- 7.2.3. Aðferð IIC: Ef þess er ekki krafist í reglum þessum að þil séu í A- eða B-flokki, þá skulu engar takmarkanir vera í gerð þeirra, nema þegar farið er fram á þil í C-flokki í töflu 1.
- 7.2.4. Aðferð IIIC: Ef þess er ekki krafist í reglum þessum að þil séu í A- eða B-flokki, þá skulu engar takmarkanir vera á gerð þeirra, nema þegar farið er fram á að þil séu í flokki C í töflu 1. Flatarmál vistarvera eða rýma, sem umlukin eru A- eða B-flokki þilja, má þó ekki vera stærra en 50 m<sup>2</sup>. Þó er heimilt að auka þetta flatarmál í borðsölum og setustofum að fengnu samþykki Siglingamálastofnunar.

## 7.3. Eldtraustleiki þila og þilfara.

- 7.3.1. Þegar ýmis sérákvæði þessara reglna ekki geta til um gerð þila og þilfara, skal lágmarks eldtraustleiki þeirra vera eins og kveðið er á um í töflu 1 og 2.
- 7.3.2. Eftirfarandi ákvæði gilda um notkun taflnanna:
1. Tafla 1 og 2 eiga við þil og þilför, sem aðskilja aðliggjandi rými.
  2. Til að ákveða, hvaða stig eldtraustleika skuli vera á skilrúmum milli aðliggjandi rýma, eru slík rými flokkuð eftir eldhættu í þeim á eftirfarandi hátt:
    - 1) **Stjórnstöðvar:** Rými, sem samkvæmt skilgreiningu greinar 1.19 eru stjórnstöðvar.
    - 2) **Gangar:** Gangar og forstofur.
    - 3) **Vistarverur:** Rými, sem samkvæmt skilgreiningu greinar 1.11 eru vistarverur, að göngum undanskildum.
    - 4) **Stigar:** Stigar, lyftur og rennistigar, aðrir en þeir, sem eru að öllu leyti innan vélarúms, stigaop, stigapallar og lyftugöng. Í þessu sambandi skal líta á stiga, ef hann er umlukinn aðeins á einni hæð, sem hluta þess rýmis, sem hann er ekki skilinn frá með eldvarnarhurð.
    - 5) **Vinnurými, þar sem eldhætta er lítil:** Skápar og geymslur, sem að flatarmáli eru minni en 2 m<sup>2</sup>, þvotta- og þurrkherbergi.
    - 6) **Vélarúm í flokki A:** Rými, sem samkvæmt skilgreiningu greinar 1.16 eru vélarúm í flokki A.
    - 7) **Önnur vélarúm:** Rými, sem samkvæmt skilgreiningu greinar 1.17 eru vélarúm, að undanskildum vélarúmum í flokki A.
    - 8) **Farmrými:** Rými, sem samkvæmt skilgreiningu greinar 1.13 eru farmrými.
    - 9) **Vinnurými, þar sem eldhætta er mikil:** Eldhús, búr, sem í eru eldunartæki, málningargeymslur, lampageymslur, skápar, geymslur 2m<sup>2</sup> og stærrí og verkstæði önnur en þau, sem eru hluti vélarúma.

- 10) **Opin þilför:** Svæði á opnum þilförum og rými í lokuðum göngum, þar sem mjög lítil eldhætta er, og svæði utan yfirbygginga og þilfarshúsa.
- 11) **Ekjufarmrými:** Rými, sem samkvæmt skilgreiningu greinar 1.14 eru ekjufarmrými ásamt farmrýmum, sem ætluð eru til flutnings á farartækjum með eldsneyti til eigin afnota á eldsneytisgeymum.
3. Heiti hvers flokks er ætlað að vera dæmigert en ekki takmarkandi. Tala innan sviga fremst í hverjum flokki vísar til viðeigandi dálks í töflunum og til flokkunarinnar hér að ofan.

TAFLA 1: GERÐ ÞILA, SEM AÐSKILJA AÐLIGGJANDI RÝMI.

Flokkur	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
(1) Stjórnstöðvar	A-O <sup>c</sup>	A-O	A-60	A-O	A-15	A-60	A-15	A-60	A-60	*	A-60
(2) Gangar		C	B-O	B-O	B-O	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-30
(3) Vistarverur			C <sup>a,b</sup>	B-O	B-O	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-30
(4) Stigar				A-O <sup>c</sup>	B-O	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-30
(5) Vinnurými lítil eldhætta					A-O <sup>c</sup>						
(6) Vélarúm A					C	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-O
(7) Önnur vélarúm						*	A-O	A-O <sup>g</sup>	A-60	*	A-60 <sup>f</sup>
(8) Farmrými							A-O <sup>d</sup>	A-o	A-O	*	A-O
(9) Vinnurými mikil eldhætta								*	A-O	*	A-O
(10) Opín þilför									A-O <sup>d</sup>	*	A-30
(11) Ekjufarmrými										—	A-O
											* <sup>h</sup>

TAFLA 2: GERÐ ÞILFARA, SEM AÐSKILJA AÐLIGGJANDI RÝMI.

Rými undir/Rými yfir	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
(1) Stjórnstöðvar	A-O	A-O	A-O	A-O	A-O	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-60
(2) Gangar	A-O	*	*	A-O	*	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-30
(3) Vistarverur	A-60	A-O	*	A-O	*	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-30
(4) Stigar	A-O	A-O	A-O	*	A-O	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-30
(5) Vinnurými, lítil eldhætta											
(6) Vélarúm A	A-15	A-O	A-O	A-O	*	A-60	A-O	A-O	A-O	*	A-O
(7) Önnur vélarúm	A-60	A-60	A-60	A-60	A-60	*	A-60 <sup>e</sup>	A-30	A-60	*	A-60
(8) Farmrými	A-15	A-O	A-O	A-O	A-O	A-O	*	A-O	A-O	*	A-O
(9) Farmrými	A-60	A-O	A-O	A-O	A-O	A-O	A-O	*	A-O	*	A-O
(10) Opín þilför											
(11) Ekjufarmrými	A-60	A-O	A-O	A-O	A-O	A-60	A-O	A-O	A-O <sup>d</sup>	*	A-30
	*	*	*	*	*	*	*	*	*	—	*
	A-60	A-30	A-30	A-30	A-O	A-60	A-O	A-O	A-30	*	* <sup>h</sup>

Skýringar: Gilda fyrir töflu 1 og 2, eftir því sem við á.

- a) Engin sérstök ákvæði gilda um þessi þil með tilliti til eldvarna, ef um aðferðir II C og III C er að ræða.

\* Þar, sem stjarna er í töflunum, skal skilrúm vera úr stáli eða öðru sambærilegu efni, en þarf ekki að vera í A-flokki.

- b) Ef aðferð III C er notuð, skal hafa þil í flokki B og af traustleikagráðu B-O milli einstakra rýma og milli svæða, ef svæði eru 50 fermetrar eða stærri að flatarmáli.
  - c) Til frekari skýringa, sjá gr. 7.2 og gr. 10.
  - d) Ef rými eru í sama eldhættuflokki og þjóna sitt hvorum tilgangi, skal þil eða þilfar vera af þeirri traustleikagráðu, sem krafist er í töflunni. Sem dæmi má nefna að á milli eldhúsa, sem liggja saman, þarf ekki að vera þil, en á milli eldhúss og málningargeymslu, sem liggja saman, skal vera þil af traustleika gráðu A-O.
  - e) Þil milli brúar, kortaklefa og fjarskiptaklefa, mega vera af traustleikagráðu B-O.
  - f) Heimilt er að nota A-O skilrúm, ef ekki er um að ræða flutning á hættulegum varningi eða ef slíkum varningi er ekki hlaðið nær slíku þili eða þilfari en 3 metra.
  - g) Sé gert ráð fyrir flutningi á hættulegum efnum, skal fara eftir ákvæðum greinar 15.
  - h) Þilförom og þilum, sem aðskilja ekjufarmrými, skal vera hægt að loka loftþétt og skulu vera í flokki A.
  - i) Brunaeinangrun þarf ekki að vera fyrir hendi í vélarúmi, þar sem eldhætta er lítil.
- 7.3.3. Heimilt er að taka tillit til samfellds lofts eða innsúðar í B-flokki og tilheyrandi þilfars eða þila við mat á einangrunargildi og eldtraustleika skilrúma.
- 7.3.4. Í úthliðar, sem samkvæmt gr. 7.1.1. skulu vera úr stáli eða öðru sambærilegu efni, má setja glugga og kýraugu, ef ekki er annars staðar í reglum þessum kveðið svo á um að slíkar úthliðar skuli vera í A-flokki. Á sama hátt skulu dyr í slíkum úthliðum vera úr efni, sem Siglingamálastofnunin telur fullnægjandi.
- 7.3.5. Þegar raflagnir, röralagnir, loftræsírásir og aðrar lagnir liggja í gegnum þil í A-flokki, styrktarbyta eða þilfö, skulu videigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja, að eldtraustleikinn haldist óbreyttur.
- 7.3.6. Þegar raflagnir, loftrásir og hliðstæðir hlutir liggja í gegnum þil í B-flokki, skal tryggja að eldtraustleiki bilsins sé ekki skertur.

#### 8. gr.

##### **Fyrirkomulag og efnisval í vistarverum og vinnurýmum.**

- 8.1. Fyrirkomulag, efnisval og frágangur á þiljum í vistarverum og vinnurýmum skal fullnægja ákvæðum greinar 7.
- 8.2. Klæðning og einangrun vistarvera og vinnurýma skal fullnægja eftirfarandi kröfum:
  - 8.2.1. Aðferð IC: Í vistarverum, vinnurýmum og stjórnstöðvum skal öll klæðning á veggjum og í lofti og allar dragsúgshindranir vera úr óbrennanlegum efnum.
  - 8.2.2. Aðferðir IIC og IIIC: Í göngum og stigaopum, sem opna að vistarverum, vinnurýmum og stjórnstöðvum, skal öll klæðning í loftum og á veggjum og allar dragsúgshindranir vera úr óbrennanlegum efnum.
  - 8.2.3. Aðferðir IC, IIC og IIIC: Annars staðar en í farmrýmum og kæliklefum innan vinnurýma skulu einangrunarefni vera óbrennanleg. Rakaeinangrun, lím og annað efni sem notað er við einangrun, svo og einangrun á köldum lögnum, þarf ekki að vera úr óbrennanlegu efni, ef um takmarkað magn þeirra er að ræða og óvarið yfirborð þeirra að mati Siglingamálastofnunarinnar hindrar útbreiðslu elds á fullnægjandi hátt.

- 8.3. Þegar þil og klæðning í lofti og á veggjum vistarvera og vinnurýma skulu vera óbrennanleg, má til klæðningar nota brennanlegan spón, allt að 2 mm þykk. Sama gildir um stigaop og stjórnstöðvar, en þykktin skal þó í slíkum rýmum ekki vera meiri en 1,5 mm.
- 8.4. Öll loftrými bak við loftklæðningar, þiljur eða innsúð skal hólfa niður með dragsúgshindrunum. Skal fjarlægð milli dragsúgshindrana hvergi vera meiri en 14 metrar. Í lóðréttu átt skulu slík loftrými, að meðtöldum rýmum bak við klæðningar í stigum og göngum vera lokað við hvert þilfar.
- 8.5. Allir óvarðir fletir á göngum og í stigaopum, svo og loftklæðningar í vistarverum, vinnurýmum og stjórnstöðvum og allir fletir, sem erfitt er að komast að, skulu vera eldtefjandi. (Sjá leiðbeiningar um mat á brunaeiginleikum efna í IMO-ályktun A166 (ES.IV)).
- 8.6. Málning, lökk eða önnur hliðstæð efni, sem notað eru til að þekja opna fleti, skulu ekki leiða til aukinnar eldhættu í viðkomandi rými, né heldur skulu þau mynda óhóflegt magn reyks eða eitradra lofttegunda.
- 8.7. Gólfklæðningar í vistarverum, vinnurýmum og stjórnstöðvum skulu vera úr viðurkenndu efni. (Sjá leiðbeiningar um prófanir á þilfarsklæðningu í IMO-ályktun A 214 (VII)).
- 8.8. Notkun brennanlegra efna í skólþ- og hreinlætislögnum og öðrum hliðstæðum lögnum er óheimil, ef þær við bruna skapa hættu á flæði inn í eða um skipið.
- 8.9. Eldsneytislagnir má ekki leggja um vistarverur og vinnurými, nema með samþykki Siglingamálastofnunarinnar.
- 8.10. Rafmagnsofnar skulu festir tryggilega og þeir staðsettir þannig að ekki stafi af þeim eldhætta. Hitafloður slíkra ofna skal vera varinn þannig, að ekki sé hætta á íkveikju í gluggatjöldum, fatnaði o. s. frv.
- 8.11. Þegar gas er notað um borð í skipum til almennra þarfa, skal fyrirkomulag búnaðar, geymsla og notkun þess vera þannig, að öryggi skips og áhafnar sé ekki stefnt í hættu.
- 8.12. Kvikmyndafilmur úr sellulosanítrati má ekki varðveita um borð í skipum.
- 8.13. Öll sorpilát skulu vera úr óbrennanlegum efnum. Engin op skulu vera í hliðum þeirra eða botni.

## 9. gr.

**Neyðarútgangar.**

- 9.1. Neyðarútgangar, þ. e. hurðir, tröppur eða stigar, skulu vera frá öllum vistarverum og rýmum, þar sem áhöfnin er venjulega við vinnu. Skal þeim þannig komið fyrir, að ávallt sé greiður útgangur að opnu þilfari og þaðan til björgunartækja.
- 9.2. Neyðarútgangar frá vistarverum og vinnurýmum, skulu fullnægja eftirfarandi ákvæðum:
  - 9.2.1. Á öllum hæðum, þar sem vistarverur eru, skulu vera minnst tveir vel aðskildir útgangar frá sérhverju afmörkuðu rými eða svæði. Neðan veðurþilfars skal aðalútgangurinn vera tröppur, en hinn má vera göng eða stigi. Ofan veðurþilfars skal útgangurinn vera tröppur eða hurðir að opnu þilfari eða hvort tveggja.
  - 9.2.2. Í undantekningartilvikum getur Siglingamálastofnunin leyft aðeins einn útgang, þegar tillit er tekið til edlis og staðsetningar rýmisins og þess fjölda manna, sem venjulega eru þar vistaðir eða við vinnu.
  - 9.2.3. Blindgangur er gangur eða hluti gangs, sem aðeins einn útgangur er frá. Blindgangar mega hvergi vera lengri en 3 metrar. Sjá jafnframt ákvæði í reglum um vistarverur áhafna flutningaskipa og farþegaskipa.

- 9.2.4. Fyrirkomulag, breidd og samfelldni útganga er háð samþykki Siglingamálastofnunarinnar.
- 9.2.5. Ef ekki er hurð úr loftsklyttaklefa út á opið þilfar, skulu a. m. k. tvær aðkomu- og undankomuleiðir vera úr klefanum. Annar þeirra má vera kýrauga eða gluggi af fullnægjandi stærð eða önnur neyðarútgönguleið, sem Siglingamálastofnunin telur fullnægjandi.
- 9.3. Fjöldi og staðsetning neyðarútganga úr ekjufarmrýmum skal vera fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunarinnar. Neyðarútgangarnir skulu þó aldrei vera færri en tveir og skulu þeir vera vel aðskildir.
- 9.4. Tveir útgangar skulu vera úr sérhverju vélarúmi í flokki A á annanhvorn eftirfarandi hátt;
- 9.4.1. Tveir stálstigir, eins langt frá hvor öðrum og unnt er, sem liggja að tveim aðskildum dyrum í efri hluta vélarúmsins. Frá dyrunum skal vera greiður aðgangur út á opið þilfar. Almennt skal annar þessara stiga veita samfellda vörn gegn eldi frá neðri hluta rýmisins að öruggum stað utan þess. Þessi vörn skal vera úr stáli og einangruð, þar sem nauðsynlegt er þannig, að fullnægjandi sé, að mati Siglingamálastofnunar. Sjálflokandi stálhurð skal vera við neðri enda hennar. Slík vörn er ekki nauðsynleg, ef neyðaruppgangur úr neðri hluta vélarúmsins er talinn öruggur, þegar tillit er tekið til fyrirkomulags og stærðar vélarúmsins;
- 9.4.2. Einn stálstigi, sem liggur að dyrum í efri hluta rúmsins og veitir aðgang út á opið þilfar. Auk þess skal í neðri hluta rúmsins, á stað vel aðskildum frá hinum fyrrnefnda stiga, vera stálhurð, sem hægt er að opna og loka báðum megin frá, og sem veitir aðgang að öruggum neyðaruppgangi frá neðri hluta rúmsins til opins þilfars.
- 9.5. Meta skal þörf fyrir útganga frá öðrum vélarúmum en þeim, sem eru í flokki A, með hliðsjón eðli og staðsetningu rýmisins og þess, hvort menn séu þar að jafnaði við vinnu.
- 9.6. Lyftur koma ekki í stað neyðarútganga.
- 9.7. Óheimilt er að leggja röralagnir, loftrásir og raflagnir um göng, sem gegna hlutverki neyðarútganga, ef af þeim getur stafað hætta.

#### 10. gr.

##### **Stigar og lyftugöng í vistarverum, vinnurýmum og stjórnstöðvum.**

- 10.1. Stigar, sem aðeins ná í gegnum eitt þilfar, skulu umluktir í a. m. k. einni hæð með skilrúmum, sem a. m. k. eru í flokki B-O og með sjálflokandi hurðum. Lyftugöng, sem liggja aðeins í gegnum eitt þilfar, skal umlykja með skilrúmum í flokki A-O með stálhurðum á báðum hæðum. Stiga og lyftugöng, sem liggja í gegnum fleiri en eitt þilfar, skal umlykja skilrúmum, sem a. m. k. eru í flokki A-O og verja með sjálflokandi hurðum á öllum hæðum.
- 10.2. Á skipum, sem hafa vistarverur fyrir 12 menn eða færri, mega skilrúm, sem umlykja stiga er liggja í gegnum fleiri en eitt þilfar, vera í flokki B-O, ef tvær útgönguleiðir eru á hverri hæð, beint út á opið þilfar.
- 10.3. Allar tröppur og allir stigar skulu smíðaðir úr stáli eða öðru sambærilegu efni.

#### 11. gr.

##### **Hurðir í eldtraustum þiljum.**

- 11.1. Hurðir skulu veita eldi viðnám að sama marki og skilrúmin, sem þær eru í, eftir því sem mögulegt er. Hurðir og karmar í skilrúmum í A-flokki, skal smíða úr stáli. Hurðir í skilrúmum í B-flokki, skulu vera úr óbrennanlegu efni. Hurðir í þiljum, sem



- afmarka vélarúm í flokki A, skulu vera sjálflokandi og loftþéttar, eftir því sem við verður komið. Siglingamálastofnunin getur leyft notkun á brennanlegum efnum í hurðum, sem aðskilja svefnklefa frá einstökum innri snyrtiherbergjum t. d. böðum, þó svo fyrirkomulag vistarvera með tilliti til eldvarna, sé samkvæmt aðferð IC.
- 11.2. Hurðir, sem eiga að vera sjálflokandi, mega ekki hafa búnað, sem heldur þeim opnum, nema hann sé með fjarstýringu og öryggi gegn bilun.
- 11.3. Loftræstiop má hafa í og undir hurðum í þeim þilum, sem umlykja ganga. Þó skulu slík op ekki leyfð í og undir hurðum að umluktum stigum. Op má aðeins hafa í neðri hluta hurðar. Þar sem slíkt op er í eða undir hurð, skal nettó flatarmál ops eða opa ekki vera meira en 0.05 m<sup>2</sup>. Þegar slíkt op er skorið úr hurð, skal setja í það rist úr óbrennanlegu efni.
- 11.4. Vatnsþéttar hurðir þarf ekki að einangra.

## 12. gr.

**Loftræsting og loftræstibúnaður.**

- 12.1. Loftrásir skulu vera úr óbrennanlegu efni.
- 12.2. Þar sem loftrásir ganga í gegnum þil og þilför í A-flokki, skal setja upp stálstokk utanum loftrásina. Stálstokkurinn skal vera a. m. k. 3 mm á þykkt og minnst 900 mm langur. Ef farið er í gegnum þil, þá skal lengdin, eftir því sem aðstæður leyfa, vera 450 mm sitt hvoru megin þilsins. Loftrásin skal einangruð gegn eldi. Einangrunin skal a. m. k. vera af sama eldraustleika og þilið eða þilfarið, sem loftrásin liggur í gegnum. Siglingamálastofnun getur þó leyft annan frágang, ef hann, að hennar mati er jafn traustur með tilliti til eldvarna. Ekki er nauðsynlegt að setja upp stálstokka, ef sjálf loftrásin fullnægir ofangreindum kröfum.
- 12.3. Loftrásir með nettó þverskurðarflatarmál yfir 0.075 m<sup>2</sup>, skulu, auk ákvæða hér að framan, búnar eldgleypi. Eldgleypirinn skal vera sjálfvirkur, en einnig skal vera hægt að loka honum með handafla báðum megin þils eða þilfars. Eldgleypirinn skal búinn vísi, sem sýnir hvort hann er opinn eða lokaður. Eldgleypi þarf ekki að hafa á loftrásum, sem ganga í gegnum rúm, sem umlukin eru þilum í A-flokki, að því tilskildu, að loftrásin opnist ekki inn í rýmið, og að loftrásir þessar hafi sama eldraustleika og þilin, sem þær liggja í gegnum.
- 12.4. Loftrásir fyrir vélarúm í flokki A., eldhús, ekjufarmrými og öll önnur rými, þar sem eldhætta er mikil, má ekki leggja í gegnum vistarverur, vinnurými eða stjórnstöðvar, nema að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:
- 12.4.1. Loftrásir skulu gerðar úr stálplötum með þeirri efnisþykkt sem hér greinir:
- Pvermál loftrásar 0 — 300 mm; efnisþykkt 3 mm
- Pvermál loftrásar 301 — 500 mm; efnisþykkt 4 mm
- Pvermál loftrásar 501 og stærri efnisþykkt 5 mm
- 12.4.2. Loftrásirnar skulu hafa fullnægjandi styrkleika og þeim fest á tilhlýðilegan hátt.
- 12.4.3. Loftrásirnar skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til þilja í flokki A-60, þar sem þær liggja um vistarverur, vinnurými og stjórnstöðvar.
- 12.5. Loftrásir fyrir vistarverur, vinnurými og stjórnstöðvar má ekki leggja um vélarúm í flokki A, eldhús, ekjufarmrými eða önnur rými, þar sem eldhætta er mikil, nema að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:
- 12.5.1. Loftrásirnar skulu, að því er varðar efnisþykkt og styrkleika, fullnægja ákvæðum greinar 12.4.1 og 12.4.2.
- 12.5.2. Loftrásirnar skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til þilja í flokki A-60, þar sem þær liggja um þau rými, sem að ofan greinir.

- 12.6. Þar sem loftrásir, með nettó þverskurðarflatarmál 0.02 m<sup>2</sup> og meira, ganga í gegn um þil í flokki B, skal ákvæðum greinar 12.2 vera fullnægt, nema hvað þykkt stálstokka þarf ekki að vera meiri en 3 mm.
- 12.7. Í stjórnstöðvum utan vélarúma skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja góða loftræstingu svo unnt sé að fylgjast með véla- og tækjabúnaði í þeim og að búnaðurinn geti starfað áfram á eðlilegan hátt, ef eldsvoða ber að höndum. Slík rými skulu hafa tvær eða fleiri aðskildar loftrásir. Loftrásirnar skal staðsetja þannig, að sem minnst hætta sé á að báðar dragi reyk inn samtímis. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessum, ef viðkomandi stjórnstöðvar eru staðsettar á og aðgangur er að þeim frá opnu þilfari eða ef loftrásirnar eru búnar tryggtum lokunarþúnaði.
- 12.8. Ef loftrásir frá gufugleypum yfir eldavélum, liggja í gegnum vistarverur eða rými, sem hafa að geyma eldfim efni, þá skulu loftrásirnar þannig gerðar, að þær fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til þilja í flokki A. Sérhver slík loftrás skal búin:
- Fiturist, sem auðvelt er að taka niður til hreinsunar;
  - Eldgleypi, sem staðsettur er á neðri enda loftrásar;
  - Búnaði, sem stjórnað er úr eldhúsi, til stöðvunar á viftu; og
  - Tæki til að slökkva eld, sem upp kann að koma í loftrásinni.
- 12.9. Mögulegt skal vera að loka öllum opum fyrir allan loftræstibúnað utan þess rýmis, sem loftræst er. Mögulegt skal vera að stöðva loftblásara fyrir vistarverur, vinnurými, stjórnstöðvar og vélarúm frá aðgengilegum stað utan viðkomandi rýmis. Skal stöðvunarrofi staðsettur þannig, að hann lokist ekki af, þó eldur komi upp í rými því, sem um ræðir. Búnaður til að stöðva loftblásara vélarúma, skal vera algerlega óháður þeim búnaði, sem er til að stöðva loftblásara annarra rýma.
- 12.10. Loftræsting og loftræstibúnaður ekjufarmrýma skal fullnægja ákvæðum greinar 21.

## 13. gr.

**Fyrirkomulag vélarúms.**

- 13.1. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um öll vélarúm nema þar sem eldhætta, að mati Siglingamálastofnunar, er talin óveruleg.
- 13.2. Í lofti vélarúms eða vélareisna skulu vera op til að hleypa út reyk við bruna.
- 13.3. Fjöldi háglugga, hurða, loftræstiopa og annarra opa að skorsteinshúsi, vélarreisn og vélarúmi skal takmarka eins og kostur er.
- 13.4. Hágluggar vélarúms skulu vera úr stáli. Glerrúður eða önnur hliðstæð efni má ekki nota í háglugga né í útþil vélarúms. Þetta gildir þó ekki um glerrúður inni í vélarúmi t. d. í stjórnklefum innan vélarúms.
- 13.5. Á öruggum og aðgengilegum stað utan vélarúms, sem ekki auðveldlega lokast af við eldsvoða, skal koma fyrir:
- 13.5.1. stjórnþúnaði fyrir lokunarþúnað allra loftinntaka og loftræstiopa að vélarúmi.
  - 13.5.2. þúnaði til lokunar á þeim hurðum vélarúms, sem loka skal við eldsvoða;
  - 13.5.3. rofum fyrir loftræstibúnað vélarúms.
  - 13.5.4. rofum fyrir allar eldsneytsdætur.
- 13.6. Í öllum vélarúmum í flokki A og öðrum vélarúmum, sem eru tímabundið ómönnuð, skal koma fyrir sjálfvirkum eldskynjunar- og eldviðvörðunarbúnaði, sem fullnægir ákvæðum greinar 26. Siglingamálastofnun getur gert kröfu um að slíkum búnaði sé komið fyrir í öðrum vélarúmum ef þurfa þykir.

- 13.7. Þegar opið er um skrófuásgöng að vélarúmi í flokki A, skal koma fyrir léttri eldvarnarhurð vélarúmsmegin við hina vatnsheldu hurð, sem þar er. Hurðina skal vera hægt að opna og loka frá báðum hliðum.
- 13.8. Í vélarúmum, sem heimilt er að hafa tímabundið ómönnuð, skal koma fyrir búnaði þeim, sem getið er um í grein 14 og grein 26.

## 14. gr.

**Eldsneytisolíur, smurolíur og aðrir eldfimrir vökvar.**14.1. **Blossamark eldsneytisolíu.**

- 14.1.1. Ekki má nota eldsneytisolíu með lægra blossamark en 60°C, nema þar sem öðruvísi er kveðið á um hér á eftir.
- 14.1.2. Nota má eldsneytisolíu með lægra blossamark fyrir neyðarorkugjafa. Blossamarkið skal þó aldrei vera lægra en 43°C.
- 14.1.3. Siglingamálastofnunin getur leyft almenna notkun á eldsneytisólíum með lægra blossamark en 60°C að því tilskyldu að gerðar séu sérstakar varúðarráðstafanir. Hitinn í því rými, sem eldsneytið er geymt eða notað í, skal ávalt vera a. m. k. 10°C lægra en blossamark eldsneytisins. Blossamarkið má þó aldrei vera lægra en 43°C.
- 14.1.4. Siglingamálastofnunin getur heimilað notkun eldsneytis með lægra blossamark en 60°C að því tilskyldu að eldsneytið sé ekki geymt í vélarúmi og að allur eldsneytisbúnaður hafi hlotið sérstakt samþykki Siglingamálastofnunar.
- 14.1.5. Blossamark eldsneytis skal ákveðið í viðurkenndu lokuðu tæki, (Closed cup method).

14.2. **Eldsneytisbúnaður**

- 14.2.1. Búnaður til geymslu, dreifingar og notkun á eldsneytisólíu skal vera með þeim hætti, að öryggi skips og áhafnar sé tryggt. Búnaðurinn skal a. m. k. uppfylla eftirtalin ákvæði:
1. Að svo miklu leyti sem mögulegt er, skal staðsetja eldsneytisbúnað, sem hefur að geyma upphitaða olíu undir þrýstingi, þannig að bilana eða leka verði umsvifalaust vart. Skal vélarúmið vera sérstaklega vel lýst á þeim stöðum sem slíkum búnaði er komið fyrir.
  2. Loftræsting vélarúms skal við allar venjulegar aðstæður vera svo góð, að eldfimar gufur safnist ekki fyrir í því eða einstökum hlutum þess.
  3. Eldsneytisgeymar skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, vera sambyggðir skipinu og staðsettir utan vélarúma í flokki A. Þegar nauðsynlegt er að koma eldsneytisgeymum, öðrum en botngeymum, fyrir við eða í vélarúmi í flokki A, skal a. m. k. ein lóðrétt hlið þeirra vera vélarúmsþil og æskilegt er að þeir hafi sameiginlegan flöt við botngeyma. Yfirborðsflötur geymanna, sem snýr inn í vélarúmið, skal vera eins lítill og mögulegt er. Ef geymarnir eru staðsettir innan vélarúms í flokki A, skulu þeir ekki notaðir fyrir eldsneyti með lægra blossamark en 60°C. Almennt skal forðast að hafa frístandandi eldsneytisgeyma á svæðum þar sem eldhætta er mikil og sérstaklega í vélarúmi í flokki A. Ef slíkir geymar eru leyfðir, þá skal hafa undir þeim olíuþéttan lekabakka af fullnægjandi stærð. Niðurfall skal vera frá bakknum að lekaolíugeymi af viðeigandi stærð.
  4. Ekki skal staðsetja olíugeymi þannig að leki, sem að honum kemur, geti valdið eldsvoða við það að olían drýpur á heitan flöt. Gera skal

nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að olíuleki við dælur, síur eða hitara komist í snertingu við heita fleti.

5. Á olíulögnum allra geyma í vélarúmi, ásgangi, röragangi og öðrum slíkum stöðum skal koma fyrir loka, sem kemur beint á geyminn. Mögulegt skal vera að stjórna (loka) þessum lokum á aðgengilegum stað utan þess rýmis sem þeir eru í. Þegar um er að ræða geyma í ásgangi eða röragangi, skulu lokar vera við geymana en hinum fjarstýrðu lokum skal komið fyrir á lögnunum utan ganganna eins nálægt geymunum og mögulegt er. Séu slíkir stjórnlokar staðsettir í vélarúmi, skulu þeir einnig vera stjórnanlegir frá öruggum stað utan vélarúms.
6. Allir olíugeymar skulu búnir þælibúnaði. Nota má mælirör með tappa eða öðrum hentugum lokunarbúnaði ef efri endi rörsins liggur að opnu þilfari eða rými utan vistarvera þar sem eldhætta er óveruleg. Sívöl sjónglös má ekki nota við eldsneytisgeyma og olíugeyma, en nota má flöt sjónglös, sem sérstaklega eru viðurkennd til þeirra nota, ef þau eru búin sjálflokandi lokum við báða enda.
7. Yfirfallslagnir skulu vera frá öllum eldsneytisgeymum. Í öðrum hlutum eldsneytisbúnaðar skal koma í veg fyrir yfirþrýsting með öryggislokum eða framhjálaupi, þar sem slíkar öryggisráðstafanir eru taldar nauðsynlegar. Afrennsli frá öryggislokum, loft- eða yfirfallslögnum skal vera að yfirfallsgeymi af fullnægjandi stærð. Yfirfallsgeymir skal búinn viðvörðun við 70—80% fyllingu.
8. Séu daggeymar eða setgeymar búnir hitunarbúnaði, skal tryggja á viðunandi hátt, að hitastig geymisins verði aldrei hærra en blossa-mark olíunnar.
9. Allur hitunarbúnaður til upphitunar á eldsneyti skal búinn hitaviðvörðun og öryggisloka.
10. Eldsneytislagningar ásamt lokum og öðrum tilheyrandi búnaði skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni. Siglingamálastofnunin getur þó leyft takmarkaða notkun á sveigjanlegum lögnum og tengja úr viðurkenndu eldþolnu, sterklegu efni. Skal staðsetning og gerð slíkra lagna vera háð samþykki stofnunarinnar.
11. Eldsneytis- og smurolíuskilvindur skulu vera búnar viðvörðun, sem gefur til kynna ef skilvinda kastar yfir.

#### 14.3. Smurolíubúnaður.

- 14.3.1. Búnaður til geymslu, dreifingar og notkunar á smurolíu undir þrýstingi skal vera þannig að öryggi skips og áhafnar sé tryggt. Slíkur búnaður í vélarúmum í flokki A skal fullnægja ákvæðum liða 1, 4, 5, 6, 7, 10 og 11 í grein 14.2.1. Þetta gildir einnig um önnur vélarúm, ef það er talið framkvæmanlegt.

#### 14.4. Búnaður fyrir aðrar eldfimar olíur.

- 14.4.1. Búnaður til geymslu, dreifingar og notkunar á öðrum eldfimum olíum, sem notaðar eru undir þrýstingi til affærslu og í stjórn- og hitabúnaði, skal þannig úr garði gerður að öryggi skips og áhafnar sé tryggt. Þar sem hætta á íkveikju er fyrir hendi, skal þessi búnaður a. m. k. fullnægja ákvæðum liða 4 og 6 í grein 14.2.1. og liða 7 og 10 sömu greinar hvað gerð og styrkleika varðar.

14.5. **Tímabundið ómönnuð vélarúm.**

14.5.1. Í skipum, sem heimild hafa til að láta vélarúm vera tímabundið ómannað, skal til viðbótar ákvæðum hér að ofan fullnægja eftirfarandi ákvæðum:

1. Lagnir fyrir eldsneytisólur og smuroólur skulu búnar hlífum til að hindra að olíuleki eða olíuúði, sem frá slíkum lögnum kann að koma, hæfi heita vélarhluta eða loftinntök véla. Fjölda samskeyta á slíkum lögnum skal takmarka eftir föngum. Leka frá háþrýstum eldsneytis-lögnum skal safna saman í leakageymi. Í leakageyminum skal vera búnaður, sem gefur viðvörðun ef streymi til hans verður óeðlilega mikið eða ef hann er nær því að fyllast.
2. Daggeymar, sem búnir eru sjálfvirkri áfyllingu, skulu búnir sérstakri viðvörðun, sem gefur til kynna þegar olía rennur um yfirfallslögn í yfirfallsgeymi.

Þá skal einnig tryggja að allur annar sjálfvirkur búnaður til notkunar við meðhöndlun eldfimra vökva, t. d. skilvindur, sé þannig gerður að olía, sem frá honum kemur, leki í lekabakka og þaðan í lekaolíugeymi. Lekaolíugeymirinn skal búinn viðvörðun.

3. Ef daggeymar, setgeymar eða aðrir geymar fyrir olíur eru búnir hitunarbúnaði, skulu geymarnir búnir hitaviðvörðun sem tryggir að hitastig olíunnar geti ekki orðið hærra en blossomark olíunnar.

## 15. gr.

**Eldvarnir við flutning á hættulegum varningi.**15.1. **Almenn ákvæði.**

15.1.1. Til viðbótar þeim ákvæðum, sem fram koma í reglum þessum, skulu skip, sem flytja hættulegan varning, fullnægja viðeigandi ákvæðum þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar skulu þó ekki ná til þeirra skipa, sem flytja mjög takmarkað magn slíkra efna.

15.1.2. Skip, sem ákvæði þessarar greinar ná til, skulu vera búin í samræmi við töflu 3, 4 og 5 og viðeigandi ákvæði þessarar greinar, hvort heldur hinum hættulega varningi er komið fyrir á eða undir þilfari.

15.1.3. Hættulegur varningur er sá varningur, sem getið er um í IMDG-Code, International Maritime Dangerous Goods Code.

15.1.4. Skipum og þeim farmrýmum, sem flytja hættulegan varning, er skipt niður í 5 flokka eftir skipsgerðum og flutningahætti.

## 1. flokkur:

Skip og farmrými, sem ekki eru sérstaklega hönnuð og búin til gámaflutninga en sem notuð eru til flutninga á hættulegum varningi, hvort heldur er í sérstökum pakkningum, gámum eða farmgeymum.

## 2. flokkur:

Skip og farmrými sérstaklega hönnuð og búin til flutninga á hættulegum varningi í gámum eða farmgeymum.

## 3. flokkur:

Ekjuskip og ekjufarmrými, sem notuð eru til flutninga á hættulegum varningi.

## 4. flokkur:

Skip og farmrými, sem notuð eru til flutninga á föstum hættulegum varningi í lest, t. d. kolum, járnbendi o. sl.fr.

## 5. flokkur:

Skip og farmrými notuð til flutninga á lektum, sem flytja hættulegan varning, annan en vökva og lofttegundir.

## 15.1.5. Hættulegum efnum er skipt niður í eftirfarandi flokka eftir gerð, eiginleikum og þeirri hættu, sem þeim er samfara:

Flokkur 1 : Sprengiefni.

Flokkur 2 : Gastegundir, þjappaðar, þéttar eða í upplausn undir þrýstingi.

Flokkur 3 : Eldfimir vökvar.

Flokkur 4a : Eldfim föst efni.

Flokkur 4b : Eldfim föst efni, sem hætt er við sjálfsíkviknun.

Flokkur 4c : Eldfim föst efni, sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir, ef þau komast í snertingu við vatn.

Flokkur 5a : Oxiderandi efni.

Flokkur 5b : Lífræn peroxíð.

Flokkur 6 : Eiturefni.

Flokkur 7 : Geislavirk efni.

Flokkur 8 : Ætandi eða tærandi efni.

Flokkur 9 : Önnur hættuleg efni, sem reynast hafa eða reyna kunnast hættuleg og falla því undir ákvæði reglna um flutning á hættulegum varningi.

15.2. **Brunavarnir.**15.2.1. **Slökkvibúnaður.**

1. Fyrirkomulag slökkvibúnaðar skal vera þannig að unnt sé að ná fullum þrýstingi á slökkvilögn um leið og gripið er til brunaslöngu, annað hvort með fjarstýrðri gangsetningu brunadælu eða með því að brunadæla heldur sjálfvirk og stöðugt fullum þrýstingi í slökkvilögn.
2. Afköst slökkvidælu skulu vera svo mikil að fullur þrýstingur haldist á slökkvilögn þó 4 slökkvistútar séu í notkun samtímis. Sjá jafnframt ákvæði greinar 16.2.3. Fyrirkomulag slöngusamstæðna skal vera þannig að unnt sé að koma fjórum vatnsbunum að, frá fjórum aðskildum brunahönum, hvar sem er í farmrýminu þegar það er tómt.
3. Koma skal fyrir vatnsúðunarbúnaði í farmrýmum undir þilfari, þannig að unnt sé að tryggja fullnægjandi kælingu á farminum. Einnig er heimilt að útbúa farmrýmið þannig að það megi fylla með vatni. Skal í báðum tilvikum gæta sérstaklega að því að austurbúnaður frá slíkum rýmum sé fullnægjandi og að fullt tillit hafi verið tekið til þeirra áhrifa sem aukin þyngd og óheft yfirborð vatns hefur á stöðugleika skipsins.  
(Sjá: Recommendation on Fixed Fire-Extinguishing Systems for Special Category Spaces, A 123 (V).)
4. Í stað þess að fylla farmrými með vatni má fylla rýmið með öðrum viðurkenndum slökkvimiðli.

15.2.2. **Hætta á íkveikju.**

Rafbúnaður og raflagnir skulu ekki liggja um umlukt farmrými og lokuð og opin farmrými, sem sérstaklega eru ætluð til flutninga á farartækjum. Þó er heimilt að leggja raflagnir að rafbúnaði í slíkum rýmum ef rafbúnaðurinn er af gerð, sem viðurkennd hefur verið til notkunar í snertingu við eldfimar lofttegundir og vökva.

Sjá: IEC — publication 92, Electrical Installations in Ships.

- 15.2.3. **Viðvörðunarbúnaður.**  
Í öllum umluktum farmrýmum og lokuðum farmrýmum, sem ætluð eru til flutninga á farartækjum, skal koma fyrir eldviðvörðunar- og eldskynjunarbúnaði af viðurkenndri gerð. Sé skynjunarbúnaðurinn þannig gerður að hann dragi loft frá slíkum rýmum, skal gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að eldfimar lofttegundir komast inn í önnur rými.
- 15.2.4. **Loftræsting.**  
Í umluktum farmrýmum skal koma fyrir fullnægjandi loftræstibúnaði. Afköst loftræstibúnaðar skulu tryggja a. m. k. 6 loftskipti á klukkustund þegar miðað er við heildarrúmtak farmrýmis. Þá skal loftræstibúnaðurinn þannig gerður að eldfimar lofttegundir geti ekki safnast fyrir í lokuðum hlutum farmrýmisins. Vírnet skulu vera fyrir báðum endum loftræstirása. Loftblásararnir skulu ekki geta valdið íkveikju í eldfimum lofttegundum.
- 15.2.5. **Austurbúnaður.**  
Þegar eldfimir eða eitradir vökvar eru fluttir í umluktum farmrýmum, skal ganga þannig frá austurbúnaði að austur frá farmrýminu geti ekki farið um austurbúnað vélarúms. Sé um verulegt magn slíkra vökva að ræða skal koma fyrir sérstökum austurbúnaði í slíkum farmrýmum.
- 15.2.6. **Búnaður til slökkvistarfa.**  
4 sett hlífðarfatnaðar, sem nota má í rúmum sem hafa að geyma eitradar lofttegundir skulu vera um borð auk þess búnaðar sem krafist er samkvæmt ákvæðum greinar 25. Hlífðarfatnaðurinn skal verja allt hörund manna og skal enginn hluti óvarinn. Að auki skulu vera um borð a. m. k. tvö reykköfunartæki til viðbótar þeim sem krafist er í grein 25.
- 15.2.7. **Handslökkvitæki.**  
Í hverju farmrými sem í eru hættuleg efni skal koma fyrir 12 kg þurrduftshandslökkvitæki, eða öðru sambærilegu tæki til viðbótar þeim sem krafist er í grein 24.
- 15.2.8. **Hitaainangrun í skilrúmum vélarúma.**  
Þil sem mynda skilrúm milli farmrýma og vélarúma af gerð A skulu vera af eldtraustleika A-60. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef hinum hættulegu efnum er komið fyrir í meira en þriggja metra fjarlægð frá slíkum skilrúmum.
- 15.2.9. **Vatnsúðunarbúnaður.**  
Sérhvert opið ekjufarmrými sem staðsett er undir þilfari og öll rými sem líta má á sem lokuð ekjufarmrými, en sem ekki er unnt að loka loftþétt, skulu búin viðurkenndum vatnsúðunarbúnaði, sem nær um allt viðkomandi rými. Heimilt er þó að samþykkja aðra gerð búnaðar ef sýnt hefur verið fram á með tilraunum að búnaður sá sé ekki lakari. Skal taka fullt tillit til þeirra áhrifa sem aukinn þungi og óheft yfirborð vökva hefur á stöðugleika skipsins.  
Sjá: Recommendation on Fixed Fire-Extinguishing Systems for Special Category Spaces, A 123 (v).
- 15.3. **Viðurkenningarskírteini.**  
Skip, sem eru hönnuð og búin í samræmi við þessar reglur skulu því til staðfestingar hafa um borð skírteini útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins.

TAFLA 3: BÚNAÐUR SKIPA, SEM FLYTJA HÆTTULEGAN VARNING.

Grein/Flokkur skipa	1	2	3a	3b	3c	4	5
15.2.1.1.	X	X	X	X	X	*	X
15.2.1.2.	X	X	X	X	X	*	—
15.2.1.3.	X	X	X	X	—	*	X
15.2.1.4.	X	X <sup>a</sup>	X	X	—	*	X
15.2.2.	X	X	X	X	—	*	X
15.2.3.	X	X	X	—	—	*	X
15.2.4.	X	X	X	—	—	*	X
15.2.5.	X	X	X	—	—	*	—
15.2.6.	X	X	X	X	X	*	—
15.2.7.	X	—	—	X	X	*	—
15.2.8.	X	X <sup>b</sup>	X	X	X	*	—
15.2.9.	—	—	X <sup>c</sup>	X	—	*	—

\* Um búnað skipa í flokki 4, sjá töflu 4.

### Skýringar við töflu 3:

- Dálkur 3a á við lokuð ekjufarmrými.  
Dálkur 3b á við opin ekjufarmrými.  
Dálur 3c á við opin þilför.
- „X“ merkir að skip í viðkomandi flokki skuli fullnægja ákvæðum viðkomandi greinar í reglum um eldvarnir við flutning á hættulegum varningi.
- a) Gildir ekki þegar um er að ræða flutning á eldfimum föstum efnum eða oxiderandi efnum í lokuðum gámum. Þegar um er að ræða flutning á gastegundum, eldfimum vökvum, eiturefnum og ætandi og tærandi efnum, er heimilt að fallast á minni afköst, en þó aldrei minna en 2 loftskipti á klukkustund.  
b) Gildir einungis um þilför.  
c) Gildir einungis um lokuð ekjufarmrými, sem ekki er unnt að loka loftþétt.

TAFLA 4: BÚNAÐUR SKIPA Í FLOKKI 4 VIÐ FLUTNING Á MISMUNANDI TEGUNDUM FASTRA HÆTTULEGRA EFNA.

Grein/Flokkur efna	4a	4b	4c	5a	6	8	9
15.2.1.1.	X	X	—	X	X <sup>g</sup>	X <sup>g</sup>	X
15.2.1.2. <sup>e</sup>	X	X	—	X	—	—	X
15.2.2.	X	X <sup>g</sup>	X	X <sup>g</sup>	—	—	X <sup>g</sup>
15.2.4. <sup>h</sup>	X <sup>g</sup>	X <sup>g</sup>	X	X <sup>g</sup>	—	—	X <sup>g</sup>
15.2.6.	X	X	X	X	X	X	X
15.2.8.	X	X	X	X <sup>g</sup>	X <sup>g</sup>	X <sup>g</sup>	X

### Skýringar við töflu 4.

- „X“ merkir að skip í flokki 4, sem flytur viðeigandi gerð hættulegs efnis, skuli fullnægja viðeigandi ákvæðum reglna um eldvarnir við flutning á hættulegum varningi.
- e) Gildir aðeins um þau tilvik þegar eðli efnisins krefst verulegs vatnsmagns við eldsvoða.  
g) Sjá IMDG-code, Resolution A.81 (IV) og Resolution A. 434 (XI).  
h) Í sérstökum tilvikum má veita undanþágu frá ákvæðum greinarinnar, (sjá Resolution A. 434 (XI)).



TAFLA 5. BÚNAÐUR SKIPA VIÐ FLUTNING Á MISMUNANDI TEGUNDUM HÆTTULEGRA EFNA, ANNARRA EN FASTRA EFNA.

Grein/Flokkur efna	1	2	3	4	5a	5b	6	8
15.2.1.1.	X	X	X	X <sup>p</sup>	X	X <sup>p</sup>	X	X
15.2.1.2.	X	X	X	X <sup>p</sup>	X	X <sup>p</sup>	—	—
15.2.1.3.	X <sup>k</sup>	—	—	—	—	—	—	—
15.2.1.4.	X <sup>k</sup>	—	—	—	—	—	—	—
15.2.2.	X <sup>k</sup>	X <sup>i</sup>	X <sup>m</sup>	—	—	—	X <sup>m,p</sup>	X <sup>m,p</sup>
15.2.3.	X	X	X	X	X	—	X	X
15.2.4.	—	X <sup>i</sup>	X <sup>m</sup>	X <sup>p</sup>	X <sup>p</sup>	—	X <sup>m,p</sup>	X <sup>m,p</sup>
15.2.5.	—	—	X <sup>m</sup>	—	—	—	X <sup>n</sup>	X <sup>m</sup>
15.2.6.	—	X	X	X	X	X <sup>p</sup>	X	X
15.2.7.	—	—	X	X	X	X <sup>p</sup>	X <sup>p</sup>	X <sup>p</sup>
15.2.8.	X <sup>k,o</sup>	X	X	X	X <sup>p</sup>	—	X <sup>p</sup>	X <sup>p</sup>
15.2.9.	X	X	X <sup>m</sup>	X <sup>p</sup>	X	—	X <sup>m</sup>	X <sup>m</sup>

## Skýringar við töflu 5.

1. „X“ merkir að skip, sem flytur viðkomandi gerð hættulegs varnings, skuli fullnægja viðeigandi ákvæðum reglna um eldvarnir við flutning á hættulegum varningi.
2. j) Gildir aðeins um eldfimar og eitraðar lofttegundir
  - k) Gildir ekki um efni í flokki 1, sem auðkennd eru með 1.4S, (sjá nánar í IMDG-code).
  - m) Gildir um alla vökva, sem hafa blossamark undir 23°C.
  - n) Gildir aðeins um vökva.
  - o) Efni í flokki 1 skulu ekki staðsetjast nær vélarúmsþili en 3,0 metra.
  - p) Sjá IMDG-code, Resolution A.81 (IV) og Resolution A. 434 (XI).

### 3. HLUTI Slökkvibúnaður.

## 16. gr.

**Dælur, slökkvileiðslur, brunahanar, slöngur o. fl.**16.1. **Almenn ákvæði.**

16.1.1. Öll vöruflutningaskip skulu búin slökkvidælum, slökkvileiðslum og öðrum slökkvibúnaði í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

16.2. **Slökkvidælur.**

16.2.1. Vöruflutningaskip skulu búin að minnsta kosti 2 slökkvidælum, sem knúðar eru óháð hvor annarri. Skip, 1000 brl. og stærri, skulu einnig búin sérstakri neyðarslökkvidælu, sem fullnægir ákvæðum gr. 16.3. Slökkvidælnar, að neyðardælunni undanskilinni, skulu við þrýsting þann, sem reglur þessar segja til um, geta samanlagt afkastað fjórum þriðju af afkastagetu hvernar austurdælu, eins og hún er ákvörðuð í reglum um vélbúnað og rafbúnað farþega- og vöruflutningaskipa. Slökkvidælnar skulu, hvor um sig, geta afkastað að minnsta kosti 40% af hinum fyrirskipuðu sameiginlegu afköstum og þó aldrei minna en 25 m<sup>3</sup>/klst. við þrýsting þann, sem reglur þessar segja til um.

16.2.3. Slökkvidælnar, að neyðardælunni meðtaldri, skulu að minnsta kosti hafa 60 m þrýstihæð við hina fyrirskipuðu afkastagetu. Fyrirkomulag slökkvilagna skal vera þannig, að þrýstingur, hvar sem er í lögnunum, verði aldrei minni en 0.4 N/mm<sup>2</sup> þegar tveir 12 mm (½“) slöngustútar eru í notkun samtímis.

- 16.2.4. Séu slökkvidæurnar að neyðardælnni undanskilinni, fleiri en 2, skulu afköst þeirra vera fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunarinnar.
- 16.2.5. Heimilt er að nota sjókjölfestu-, austur-, sjó- eða skolpdælu, sem slökkvidælu, aðra en neyðardælu, að því tilskildu, að olíumengað vatn komist ekki í slökkvileiðslur.
- 16.2.6. Slökkvidælur skulu vera tengdar slökkvileiðslum skipsins.
- 16.2.7. Séu miðflótttaflsdælur notaðar sem slökkvidælur, skal einstefnuloki með lausri keilu vera við þær. Þetta á einnig við um neyðarslökkvidæluna.
- 16.2.8. Allar slökkvidælur, að neyðarslökkvidælu meðtaldri, skulu búnar öryggislokum, ef þrýstingur getur orðið meiri en slökkvilagnir, brunahanar og slöngur þola. Lokunum skal þannig komið fyrir og þeir þannig stilltir, að of mikill þrýstingur geti ekki myndast í slökkvilögnum.
- 16.2.9. Sjóinntök fyrir slökkvidælur og neyðardælu skulu staðsett þannig, að slökkvibúnaður sé virkur, þó svo að skipið án farms og vista, hafi 45° halla.
- 16.2.10. Í skipum, sem hafa heimild til að láta vélarúm vera tímabundið ómannað eða þar sem aðeins einn maður er að staðaldri á vakt, skulu slökkvidælur þannig útbúnar, að unnt sé úr brú og stjórnstöðvum að ræsa þær og ná upp fullum þrýstingi í slökkvilögn. Heimilt er að veita skipum undir 1600 brl. undanþágu frá þessu ákvæði, ef slíkum búnaði verður ekki með góðu móti við komið.

### 16.3. **Neyðarslökkvidæla.**

- 16.3.1. Neyðardælu þeirri, sem getið er um í grein 16.2.1, skal valin öruggur staður frá eldvarnasjónarmiði, utan vélarúms.
- 16.3.2. Neyðardælan skal vera sjálfsgandi, ef hún er staðsett ofar sjóinntakinu.
- 16.3.3. Neyðarslökkvidælan skal vera knúin af sérstökum aflgjafa, annað hvort af:
- dieselvél, beint,
  - dieselvél með vökva-, loft- eða hliðstæðu afltengi, eða
  - rafmotor.
- Aflgjafi neyðardælnnar skal staðsettur utan vélarúms.
- 16.3.4. Aflgjafa neyðardælnnar skal vera unnt að gangsetja með handafli fljótt og örugglega þó svo að hitastig umhverfis sé 0°C. Sé hætta á að umhverfishitastig fari undir 0°C, skal koma fyrir búnaði til upphitunar á aflgjafa neyðardælnnar. Aflgjafar, 15 kW og stærri, skulu auk þess búnir vararæsimöguleika, sem leyfir minnst 6 ræsutilraunir innan 30 mínútna.
- 16.3.5. Eldsneytisgeymir fyrir aflgjafa brunadælu skal vera nægilega stór til að tryggja aflgjafanum eldsneyti í minnst 3 tíma samfelld. Varaeldsneytisgeymir skal vera á aðgengilegum og eldvörðum stað nærri aflgjafanum, sem hefur að geyma eldsneyti til minnst 15 tíma notkunar.
- 16.3.6. Sjóinntak neyðardælnnar skal, ef mögulegt er, staðsetja utan vélarúms og skal vera hægt að stjórna botnlokanum frá stað nærri neyðardælnni. Sjá jafnframt ákvæði greinar 16.2.9.
- 16.3.7. Rými það, sem aflgjafi neyðardælu er staðsettur í, skal vera fullkomlega aðskilið frá vélarúmum og vel loftræst. Veggir þess, loft og gólf skulu vera hitaeinangruð í samræmi við reglur þessar.
- 16.3.8. Neyðardælan skal vera tengd slökkvileiðslu skipsins ofan aðalþilfars.
- 16.3.9. Afköst neyðardælnnar skulu ekki vera minni en 40% af sameiginlegum afköstum hinna fyrirskipuðu austurdælna og aldrei minni en 25 m<sup>3</sup>/klst. miðað við 60 metra þrýstihæð. Sjá jafnframt ákvæði greinar 16.2.3.

- 16.3.10. Eftir að uppsetningu neyðardæluunar er lokið, skal dælan prófuð með því að láta hana vinna undir fullu álagi í minnst 4 klukkustundir. Samtímis skal þrýstingur í slökkvileiðslum athugaðar og gengið úr skugga um, að vatn komi úr öllum brunahönum.
- 16.3.11. Neyðardælan skal staðsett þannig, að söghæð hennar þurfi aldrei að vera meiri en 4.5 m.
- 16.4. **Slökkvileiðslur.**
- 16.4.1. Slökkvileiðslur skulu vera úr óbrennanlegu og hitaþolnu efni.
- 16.4.2. Þvermál slökkvileiðsla skal vera þannig að jafnt rennsli og jafn þrýstingur haldist í leiðslunum miðað við samanlögð afköst slökkvidælnanna.
- 16.4.3. Slökkvilögnin skal búin loka á aðgengilegum stað utan vélarúms, sem tengir lögnina innan vélarúms við hinn hluta lagnarinnar. Þegar loki þessi er lokaður, skal slökkvidæla, sem staðsett er utan vélarúms, geta haldið uppi fullnægjandi þrýstingi í þeim hluta lagnarinnar, sem liggur utan vélarúmsins.
- 16.4.9. Slökkvileiðslur skal leggja þannig, að þær skaðist ekki við meðhöndun farms, vegna ágangs sjávar eða frosts.
- 16.5. **Brunahanar.**
- 16.5.1. Fjöldi og staðsetning brunahana skal vera þannig, að unnt sé að koma tveim vatnsbunum að, frá tveim brunahönum, hvar sem er á skipinu. Skal miða við eina slöngulengd frá öðrum hananum og í mesta lagi þrjár frá hinum, nema í farmrýmum. Þar skal miða við eina slöngulengd frá sitt hvorum hananum og að rýmið sé tómt.
- 16.5.2. Að minnsta kosti 2 brunahanar skulu vera í vélarúmi.
- 16.5.3. Brunahönum skal þannig fyrir komið að auðvelt sé að tengja slöngur við þá. Á skipum, sem ætla má að flytja þilfarsfarm, skal í öllum tilvikum vera auðvelt að komast að brunahönum.
- 16.5.4. Brunahanar skulu að minnsta kosti vera 51 mm að þvermáli. Öll slöngutengi og stútar skulu vera af sömu gerð og eiga saman.
- 16.5.5. Á brunahönum skal vera loki, þannig að hægt sé að losa slöngurnar frá brunahönum, þótt slökkvidælurnar séu í gangi.
- 16.6. **Brunaslöngur/Slöngusamstæður.**
- 16.6.1. Slöngusamstæða samanstendur af brunahana, slöngu með tilheyrandi stút, tengjum og slönguskáp.
- 16.6.2. Fjöldi og staðsetning slöngusamstæðna er háð samþykki Siglingamálastofnunar. Fjöldi slöngusamstæðna utan vélarúms og íbúða skal að minnsta kosti vera:
- $$\frac{\text{lengd skips milli lóðlína í metrum}}{30} + 1$$
- Fjöldinn skal þó aldrei vera minni en:
- 5 í skipum yfir 1000 brl.
- 4 í skipum 500 — 1000 brl.
- 16.6.3. Í íbúðum og vélarúmum skal slöngusamstæðum þannig fyrir komið, að ákvæðum greinar 16.5.1 sé fullnægt, þegar hurðir að vatnspéttum skilrúmum eru lokaðar.
- 16.6.4. Allar slöngusamstæður skulu búnar stútum, sem gefa frá sér bæði úða og bunu.
- 16.6.5. Brunaslöngur skulu vera úr eldtefjandi, viðurkenndu efni.


- 16.6.6. Brunaslöngur skulu vera minnst 10 metra langar en þó aldrei lengri en 20 metrar.
- 16.6.7. Brunaslöngur skulu vera að minnsta kosti 51 mm að þvermáli. Í íbúðum má nota slöngur með minna þvermál, en þvermál þeirra skal þó aldrei vera minna en 38 mm.
- 16.6.8. Brunaslöngunum með tilheyrandi búnaði, skal fyrir komið á aðgengilegum og áberandi stöðum í námunda við brunahana og skulu þær ávallt vera tilbúnar til notkunar. Slöngurnar með tilheyrandi búnaði skulu hafðar í þar til gerðum skápum, sem á er letrað „Brunaslanga“. Skulu hurðir skápanna vera jafn háar og breiðar þeim. Slöngurnar skulu gerðar upp í skápunum frá annarri hlið þeirra þannig að stúturinn, sem skal vera skrúfaður á slönguna, komi efst. Í íbúðum má hafa annað fyrirkomulag, t. d. slöngurúllur.
- 16.6.9. Aðeins má nota brunaslöngur til slökkvistarfa, brunaæfinga og þegar skoðun fer fram á þeim.
- 16.7. **Slöngustútar.**
- 16.7.1. Stærð stúta skal vera 12, 16 eða 18 mm (þvermál á minna opi).
- 16.7.2. Ekki má nota stærri stúta en 12 mm í vistarverum og vinnurýmum.
- 16.7.3. Hinir fyrirskipuðu stútar, sem bæði gefa frá sér úða og bunu, skulu vera af viðurkenndri gerð. Skulu þeir geta gefið frá sér jafnan og fingerðan úða og á þeim skal vera stillir, þannig að með einu handtaki sé hægt að stilla frá úða á samfellda bunu.
- 16.8. **Alþjóðlegt slöngutengi.**
- 16.8.1. A. m. k. eitt alþjóðlegt slöngutengi skal vera í hverju skipi.
- 16.8.2. Alþjóðlega slöngutengið skal vera sem hér segir (sjá mynd nr. 1.)
- Ytra þvermál: 178 mm  
 Innra þvermál: 64 mm  
 Þvermál hringis í miðju á boltagötum: 132 mm.  
 Boltagöt: 4 boltagöt 19 mm að þvermáli. Skulu þau vera með jöfnu millibili innbyrðis og skorin út úr ytri brún flansins.  
 Flansþykkt: 14.5 mm að minnsta kosti.  
 Boltar: 4. stk., 16 mm að þvermáli og 50 mm að lengd  
 Slutskífur: 8 stk., 16 mm.  
 Yfirborð flans: Slétt.  
 Efni: Skal þola 100 metra þrýstihæð. 1,0 N/mm<sup>2</sup>  
 Pétti: Skal þola sama þrýsting.
- Flansinn skal vera sléttur á annarri hlið, á hinni skal vera fast tengi, sem á saman við tengi brunahana og slangna um borð. Tengid með tilheyrandi búnaði skal geymt á aðgengilegum stað í skáp, eða þar til gerðri festingu.

## 17. gr.

**Slökkvibúnaður vélarúms.**

- 17.1. **Rými, þar sem í eru oliukatlar og brennsluoliubúnaður, skulu búin sem hér segir:**
- 17.1.1. Vélarúm í flokki A, þar sem í eru oliukatlar og brennsluoliubúnaður skulu búin einni gerð eftirfarandi slökkvibúnaðar:
1. Gasslökkvibúnaði í samræmi við ákvæði greinar 18, eða
  2. Háþennslufroðubúnaði í samræmi við ákvæði greinar 19, eða
  3. Þrýstivatnsbúnaði í samræmi við ákvæði greinar 20.

Mynd nr. 1  
 Alþjóðlegt slöngutengi



- 17.1.2. Í sérhverju ketilrúmi skal koma fyrir:
1. a. m. k. einu froðuhandtæki, sem fullnægir ákvæðum greinar 24.
  2. a. m. k. einu 135 lítra froðutæki, (a foam type extinguisher), eða öðrum jafngildum búnaði. Skal froðutækið búið slöngu, sem nær um allt rýmið. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar um er að ræða olíukatla 175 kW og minni.
- 17.1.3. Fyrir sérhvert brunahólf ketilrúms og í sérhverju rými, þar sem brennslu-olíubúnaði er komið fyrir, skal koma fyrir a. m. k. tveim froðuhandslökkvitækjum, sem fullnægja ákvæðum greinar 24.
- 17.1.4. Við hvert brunahólf skal koma fyrir kassa eða íláti, sem rúmar a. m. k. 50 kg. af sandi. Í stað sands má nota önnur efni, ef þau koma að sömu notum, eða handslökkvitæki.
- 17.1.5. Ef rými fyrir vélar og katla eru ekki fullkomlega aðskilin eða ef brennsluóla getur runnið frá ketilrými inn í vélarúm, skulu rými þessi skoðast sem eitt rými.
- 17.2. **Rými, þar sem í eru brennsluvélar.**
- 17.2.1. Vélarúm í flokki A, þar sem í er brennsluvél, ein eða fleiri, skulu búin;
1. einni gerð þess slökkvibúnaðar, sem krafist er samkvæmt ákvæðum greinar 17.1.1.
  2. a. m. k. einu froðuhandtæki, sem fullnægir ákvæðum greinar 24.
  3. Svo mörgum 45 l froðutækjum, sem Siglingamálastofnunin telur fullnægjandi. Skulu þau vera svo mörg, að a. m. k. eitt tæki nái til sérhvers hluta brennsluolíu- og smurolíubúnaðarins og annarra staða, þar sem hættu er á, að eldur geti komið upp.
  4. Svo mörg froðuhandslökkvitækjum, að eitt slíkt tæki sé alls staðar innan 10 metra fjarlægðar. Þau skulu þó aldrei vera færri en 2.
- 17.2.2. Í öðrum vélarúmum en vélarúmum í flokki A metur Siglingamálastofnun hverju sinni þörf fyrir slökkvibúnað með hliðsjón af ákvæðum greinar 17.2.1.
- 17.3. **Rými, þar sem í eru gufuvélar og gufuverflar.**
- 17.3.1. Í rýmum, þar sem í eru gufuvélar eða gufuverflar með afköst 375 kW eða meira, skal koma fyrir:
1. einni gerð þess slökkvibúnaðar, sem getið er um í grein 17.1.1, ef heimilt er að hafa rýmið tímabundið ómannað.
  2. svo mörgum 45 l froðutækjum, sem Siglingamálastofnunin telur fullnægjandi. Skulu þau vera svo mörg, að a. m. k. eitt tæki nái til sérhvers hluta brennsluolíu- og smurolíubúnaðarins og annarra staða, þar sem hættu er á, að eldur geti komið upp. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef rýmið, sem um ræðir, er búið einni gerð þess búnaðar, sem getið er um í grein 17.1.1.
  3. svo mörgum froðuhandslökkvitækjum, að eitt slíkt tæki sé alls staðar innan 10 metra fjarlægðar. Þau skulu þó aldrei vera færri en 2. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði þessu, ef búnaður sá, sem getið er um í greinum 17.1.2.2 og 17.1.2 er fyrir hendi.
- 17.4. **Önnur vélarúm.**
- 17.4.1. Siglingamálastofnun metur hverju sinni þörf fyrir slökkvibúnað í öðrum vélarúmum með hliðsjón af þeirri eldhættu, sem til staðar er og ákvæðum þessarrar greinar.

## 18. gr.

**Gasslökkvibúnaður.****18.1. Almenn ákvæði.**

- 18.1.1. Gasslökkvibúnaður, sem komið er fyrir í skipum, skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 18.1.2. Lagnir gasslökkvimiðils frá geymsluhylkjum að rými því, sem gasið skal eldverja, skulu búnar stjórnloka. Lokinn skal vera handstýrður og greinilega merktur viðkomandi rými. Sjálfvirk stjórnun stjórnlokans er óheimil. Ganga skal þannig frá lokanum og öðrum búnaði, að gasslökkvimiðillinn geti ekki vegna mistaka komist úr geymsluhylkjum.
- 18.1.3. Þegar rými, sem búið er gasslökkvibúnaði, er notað sem farþegarými eða til afnota fyrir áhöfn, eða þegar um er að ræða slík afnot af rými, sem ekki er loftþétt einangrað frá rými sem búið er gasslökkvibúnaði, skal gasslökkvibúnaðurinn aftengdur, svo lengi sem slíkt ástand varir.
- 18.1.4. Fyrirkomulag lagna og stúta skal vera þannig, að dreyfing gassins um rýmið við notkun, verði sem jöfnust og áhrifamest.
- 18.1.5. Öll op að rými því, sem búið er gasslökkvibúnaði, skulu vera búin tryggum og handhægum lokunarbúnaði. Lokunarbúnaðurinn skal vera fjarstýrður, ef lokunin, að mati Siglingamálastofnunarinnar, að öðrum kosti er of seinvirk.
- 18.1.6. Öll rými, sem búin eru gasslökkvibúnaði, skulu búin aðvörunarsírenu, nema slík rými séu varanlega lokað og ómönnuð. Aðvörunarsírenan skal gefa viðvörun í nokkurn tíma, minnst eina mínútu, áður en unnt er að opna stjórnlokann og hleypa gasinu inn í viðkomandi rými. Hljómur sírenunnar skal vera bæði auðgreinanlegur og auðheyrnlegur, hvar sem er í rýminu, þó svo allur vélbúnaður þess sé samtímis í gangi. Sé sírenan rafknúin, skal hún vera tengd neyðarraforkugjafa skipsins.
- 18.1.7. Stjórnúnaður gasslökkvibúnaðarinn skal staðsettur á aðgengilegum stað utan viðkomandi rýmis og utan þess svæðis, sem lokast getur af, ef eldsvoða ber að höndum, en þó eins nærri rýminu og unnt er. Staðsetning og fyrirkomulag stjórnúnaðar skal vera háð samþykki Siglingamálastofnunarinnar.
- 18.1.8. Stjórnúnaðurinn skal vera einfaldur og öruggur í notkun. Skal við stjórnlokann setja upp leiðbeiningar um notkun búnaðarinnar.
- 18.1.9. Sé gasslökkvibúnaður ætlaður til notkunar í meira en einu rými, þarf heildarmagn gasslökkvimiðilsins ekki að vera meira en svo, að fullnægjandi sé fyrir það rými, sem stærst er.
- 18.1.10. Geymsluhylki undir gasslökkvimiðil skal geyma í sérstöku rými utan viðkomandi rýmis, á öruggum og aðgengilegum stað. Rýmið skal vera vel einangrað og loftræst. Öll op að slíku rými skulu vera frá opnu þilfari. Hurðir að rýminu skulu opnast út. Hurðir og önnur op að rýminu skulu búin loftþéttum lokunarbúnaði, jafnframt því, sem að öll þil og þilför, sem liggja að vistarverum, vinnurýmum og lestum, skulu vera loftþétt. Rými, sem hafa að geyma geymsluhylki undir gasslökkvimiðil, skulu, með tilliti til ákvæða greinar 7, skoðast sem stjórnstöðvar.
- 18.1.11. Geymsluhylki skulu þannig útbúin, að auðvelt sé fyrir skipverja að ganga úr skugga um, hversu mikið magn slökkvimiðils sé á einstökum hylkjum. Hylkjunum skal koma tryggilega fyrir í lóðréttri stöðu.

- 18.1.12. Geymsluhylkin skulu smíðuð undir eftirliti viðurkenndra aðila, og bera áletrun þeirra. Hylkin skal auðkenna með nafni framleiðanda og framleiðslunúmeri.
- 18.2. **CO<sub>2</sub> slökkvibúnaður (Total flooding).**
- 18.2.1. CO<sub>2</sub> slökkvibúnað er því aðeins heimilt að nota í skipum, að hann fullnægi ákvæðum þessara reglna. CO<sub>2</sub> slökkvibúnað má einungis nota í vélarúmum og farmrýmum skipa.
- 18.2.2. Magn CO<sub>2</sub> slökkvimiðils í farmrýmum, skal við eðlilegan loftþrýsting aldrei vera minna en 30 prósent af heildarrúmtaki þess farmrýmis, sem stærst er.  
Þegar op eru á milli þilfara eða í þilum og þessi op þurfa nauðsynlega ekki að vera lokuð, þegar skipið er á ferð, skulu þau rými, sem eru sitt hvoru megin við opið, skodast sem eitt rými, nema slík op séu búin fjarstýrðum og loftþéttum lokunarþúnaði.
- 18.2.3. Magn CO<sub>2</sub> slökkvimiðils í vélarúmi, skal við eðlilegan loftþrýsting aldrei vera minna en 35 prósent af heildarrúmtaki stærsta vélarýmis. Skal við útreikning á rúmtaki rýmisins taka með rúmtak reisna, loftstokka, ganga og annarra hluta rýmisins, sem ekki eru aðskildir frá því með þéttum lokunarþúnaði.
- 18.2.4. Fyrirkomulag CO<sub>2</sub> - slökkvibúnaðar vélarúma skal vera þannig, að tilskilið magn CO<sub>2</sub> geti fyllt vélarúmið á minna en 2 mínútum.
- 18.2.5. Við rúmmálsútreikninga má miða við, að rúmstuðull CO<sub>2</sub> sé 0.56 m<sup>3</sup>/kg.
- 18.2.6. Lagnir fyrir CO<sub>2</sub> slökkvimiðil skulu vera úr stáli eða öðru sambærilegu efni. Efnismál þeirra skulu ekki vera minni en sýnt er í töflu 6 og 7 hér að neðan.

TAFLA 6: ÞVERMÁL LAGNA FYRIR CO<sub>2</sub>.

Magn (kg)	Þvermál (mm)
45	13
100	19
135	25
275	32
450	38
1100	50
2000	76
3250	89
4750	101
6800	114
9500	127
15250	152



TAFLA 7: EFNISPYKKT LAGNA FYRIR CO<sub>2</sub>.

Ytra þvermál D (mm)	Lagnir frá CO <sub>2</sub> hylkjum að stjórnloka	Lagnir frá stjórnloka að stútum.
21,3 — 26,9	3,2	2,6
30,0 — 48,3	4,0	3,2
51,0 — 60,3	4,5	3,6
63,5 — 76,1	5,0	3,6
82,5 — 88,9	5,6	4,0
101,6	6,3	4,0
108,0 — 114,3	7,1	4,5
127,0	8,0	4,5
133,0 — 139,7	8,0	5,0
152,4 — 168,3	8,8	5,6

- 18.2.7. Lagnir skal leggja þannig, að þær verði ekki fyrir hnjaski. Skulu þær vera úr heildregnu viðurkenndu efni og ryðvarðar. Þegar uppsetningu búnaðarins er lokið, skulu lagnirnar þrýstiprófaðar. Skal sá hluti lagnarinnar, sem stöðugur þrýstingur er á, prófast við 13 N/mm<sup>2</sup> þrýsting og hinn hluti lagnanna við 2.5 N/mm<sup>2</sup>.
- 18.2.8. Hæfilegur fjöldi stúta skal vera undir gólfi vélarúms.
- 18.2.9. Einstefnuloki skal vera við hvert hylki, þannig að unnt sé að aftengja þau, án þess að búnaðurinn við það verði óstarfhæfur eða að CO<sub>2</sub> leki út.
- 18.2.10. Unnt skal vera að prófa búnaðinn með lofti, án þess að CO<sub>2</sub> leki út úr lögnum eða hylkjum.
- 18.3. **HALON slökkvibúnaður (Total flooding).**
- 18.3.1. HALON slökkvibúnað má einungis nota í vélarúmum og dælirýmum eða í farmrýmum, sem eingöngu eru ætluð til flutnings á farartækjum, sem ekki flytja neinn varning.
- 18.3.2. Í skipum má einungis koma fyrir viðurkenndum tegundum HALON slökkvimiðils og skal allur búnaður og frágangur vera í samræmi við ákvæði þessara reglna.
- 18.3.3. Unnt skal vera að loka öllum opum að því rými, sem um ræðir.
- 18.3.4. Loftblásarar skulu þannig útbúnir, að þeir stöðvist sjálfkrafa, áður en stjórnloki fyrir slökkvimiðilinn er opnaður.
- 18.3.5. Magn HALON slökkvimiðils skal, þegar um farmrými fyrir farartæki er að ræða, vera eins og greint er hér í töflu 8.

TAFLA 8: HLUTFALLSLEGT RÚMMÁL HALONS Í HEILDARRÚMMÁLI FARMRÝMIS VIÐ EDLILEGAN LOFTÞRÝSTING OG UMHVERFISHITA:

Tegund	minnst	mest
1301	5 prósent	7 prósent
1211	5 prósent	5,5 prósent
2402	0.23 kg/m <sup>3</sup>	0.30 kg/m <sup>3</sup>

- 18.3.6. Magn HALON slökkvimiðils skal, þegar um vélarúm er að ræða, vera eins og greint er frá í töflu 9.

TAFLA 9: HLUTFALLSLEGT RÚMMÁL HALONS Í HEILDARRÚMMÁLI VÉLARÝMIS VIÐ EDLILEGAN LOFTÞRÝSTING OG UMHVERFISHITA.

Tegund	minnst	mest
1301	4,25 prósent	7 prósent
1211	4,25 prósent	5,5 prósent
2402	0.20 kg/m <sup>3</sup>	0.30 kg/m <sup>3</sup>

- 18.3.7. Við útreikning á rúmtaki rýmanna hér að ofan, skal taka með rúmtak reisna, loftstokka, ganga og annarra hluta rýmisins, sem ekki eru aðskildir frá rýminu með loftþéttum lokunarbúnaði. Skal við útreikninga gera ráð fyrir, að rúmmálsstuðull HALON 1301 sé 0.16 m<sup>3</sup>/kg og HALON 1211, 0.14 m<sup>3</sup>/kg.
- 18.3.8. Fyrirkomulag HALON slökkvibúnaðar skal vera þannig, að hið tilskilda magn slökkvimiðils geti fyllt vélarúmið á minna en 20 sek.
- 18.3.9. Hæfilegan fjöldi stúta fyrir HALON slökkvimiðil skal staðsetja undir gólfi vélarúms.
- 18.3.10. Siglingamálastofnunin getur veitt undanþágu frá ákvæðum greinar 18.1.10, þegar um HALON 1301 slökkvimiðil er að ræða. Skal í þeim tilvikum taka mið af ákvæðum SOLAS-samþykktarinnar.
- 18.3.11. Eftir að uppsetningu búnaðarins er lokið, skal búnaðurinn skoðaður og prófaður í viðurvist eftirlitsmanns stofnunarinnar.

## 19. gr.

**Hápenslufroðubúnaður til slökkvistarfa í vélarúmi.**

- 19.1. Hápenslufroðubúnaður, sem komið er fyrir í skipum, skal vera fastur búnaður, hafa hlotið viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins og vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
- 19.2. Búnaðurinn skal vera tilbúinn til notkunar eigi síðar en 2 mín. eftir að viðvörðun um lausan eld hefur verið gefin.
- 19.3. Froðugjafa ásamt aflgjafa og tilskildu magni froðuefnis skal koma fyrir í sérstöku rými utan vélarúms. Búnaðurinn skal vera aðgengilegur og auðveldur og öruggur í notkun. Eldur í vélarúmi skal ekki koma í veg fyrir, að búnaðurinn starfi eðlilega.
- 19.4. Stjórnubúnað hápenslufroðubúnaðar skal staðsetja á aðgengilegum stað utan vélarúms og utan þess svæðis, sem auðveldlega getur lokast af, ef eldsvoða ber að höndum, en þó eins nærri vélarúminu og unnt er. Staðsetningin er háð samþykki Siglingamálastofnunarinnar.
- 19.5. Stjórnubúnaður skal vera einfaldur og öruggur í notkun. Skal við stjórnubúnaðinn setja upp leiðbeiningar um notkun búnaðarins. Frágangur skal vera þannig, að froðuframléiðslu geti ekki hafist óviljandi.
- 19.6. Afköst froðugjafa skulu vera svo mikil, að það stærsta rými, sem gjafanum er ætlað að þjóna, fyllist af froðu með hraða, sem nemur 1.0 hæðarmetra á mínútu. Til að tryggja fullnægjandi afköst í stærri rýmum, kann að vera nauðsynlegt að hafa tvo eða fleiri froðugjafa. Magn froðuvökva skal vera svo mikið, að dugi til að framleiða froðu, sem fyllir vélarúmið minnst 5 sinnum.
- 19.7. Penslustuðull froðunnar skal ekki vera meiri en 1000:1.
- 19.8. Nægilegt vatn skal vera í nálægum vatnsgeymi, þannig að það dugi til froðuframléiðslu í minnst 7 mínútur. Jafnframt skal tengja neyðarbrunadælu við froðubúnaðinn og skal dælan vera nægilega öflug til að tryggja fullnægjandi afköst hans.

- 19.9. Sé froðubúnaður rafdrifinn, skal hann vera tengdur neyðarorkugjafa skipsins.
- 19.10. Lagnir fyrir froðu frá froðugjafa að stútum í vélarúmi, skulu vera úr stáli eða öðru sambærilegu efni. Þær skulu vera vel festar og ryðvarðar. Efnismál röranna skulu vera háð afköstum froðugjafa.

## 20. gr.

**Þrýstivatnsúðunarbúnaður í vélarúmi.**

- 20.1. Þrýstivatnsúðunarbúnaður, sem komið er fyrir í skipum, skal hafa hlotið viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins og vera í samræmi við reglur þessar.
- 20.2. Búnaðurinn skal tryggja góða og jafna dreifingu vatns um vélarúmið. Skal fjöldi og staðsetning stúta vera þannig, að dreyfing vatns um rýmið verði hvergi minna en 5 lítrar/mín. á hvern fermeter rýmisins. Heimilt er að krefjast meiri afkasta, ef það, að mati Siglingamálastofnunar, er talið nauðsynlegt. Stútum skal m. a. koma fyrir yfir austurbrunnnum og annars staðar, þar sem olía getur lekið um, og við allan vélbúnað, sem eldhætta stafar af.
- 20.3. Búnaðinum skal skipta niður í greinar og skulu stjórnlokar greinanna staðsettir á tryggum og aðgengilegum stað utan viðkomandi rýmis og utan þess svæðis, sem auðveldlega getur lokast af, ef eldsvoða ber að höndum, en þó eins nærri vélarúminu og mögulegt er. Staðsetningin er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 20.4. Stjórnúðunarbúnaður skal vera einfaldur og öruggur í notkun. Við stjórnlokann skal setja upp leiðbeiningar um notkun búnaðarins. Frágangur skal vera þannig, að ekki sé óviljandi hægt að opna fyrir stjórnlokann.
- 20.6. Dælan, aflgjafi hennar og stjórnúðunarbúnaður, skulu staðsett utan vélarúms og skal eldur, sem upp kemur í vélarúmi ekki geta haft áhrif á notkun búnaðarins.
- 20.7. Dælan má vera knúin af sjálfstæðri brennsluvél, sem staðsett er utan vélarúms. Sé hún hins vegar knúin af neyðarrafal í samræmi við ákvæði reglna um rafbúnað flutningaskipa, skal rafallinn fara sjálfvirk í gang við straumrof.
- 20.8. Allar lagnir skulu vera úr stáli eða sambærilegu efni. Lagnirnar skulu varðar gegn tæringu. Skal miða efnismál lagnanna við fjölda stúta og afköst búnaðarins.
- 20.9. Hæfilegur fjöldi stúta skal vera undir gólfi vélarúms.
- 20.10. Eftir að uppsetningu búnaðarins er lokið, skal hann skoðaður og prófaður í viðurvist fulltrúa Siglingamálastofnunar. Skulu lagnir, sem liggja að stjórnloka greinanna þrýstiprófaðar við þrýsting, sem er a. m. k. 1.5 faldur hönnunarþrýstingur.

## 21. gr.

**Slökkvibúnaður í farmrýmum**

- 21.1. **Almenn ákvæði.**
- 21.1.1. Öll farmrými þeirra vöruflutningaskipa, sem mælast 2000 brúttórúmllestir að stærð eða stærri, nema ekjufarmrými og rými, sem ætluð eru til flutninga á farartækjum með eldsneyti til eigin afnota, skulu búin föstum gasslökkvibúnaði í samræmi við ákvæði greinar 18, eða öðrum jafngóðum búnaði.
- 21.1.2. Heimilt er að veita skipum, sem eingöngu eru gerð og útbúin til flutninga á málmgrýti, kolum, korni, óbrennanlegum efnum eða efnum, sem lítil eldhætta stafar af, undanþágu frá ákvæðum greinar 21.1.1. að því tilskildu, að farmrými slíkra skipa séu búin lestarlúgum úr stáli og góðum og öruggum búnaði til lokunar á öllum loftræstiopum og öðrum opum að farmrýmum.

21.1.3. Skip, sem flytja hættulegan varning, sbr. reglur þar að lútandi, skulu í farmrýmum hafa gasslökkvibúnað eða annan búnað, sem er honum jafngildur. Sjá jafnframt ákvæði greinar 15.

## 21.2. Ekjufarmrými.

21.2.1. Lokanleg ekjufarmrými skipa skulu búin gasslökkvibúnaði í samræmi við ákvæði greinar 18. Þó skal:

1. magn CO<sub>2</sub> slökkvimiðils vera a. m. k. nægilegt til að fylla 45 prósent af heildarrúmtaki stærsta farmrýmisins, sem unnt er að loka loftþétt. Skal jafnframt tryggja, að tveir þriðju hlutar hins tilskilda magns séu til staðar 10 mín eftir að stjórnlokinn er opnaður.
2. einungis nota Halon slökkvimiðil, þegar um er að ræða flutning á farartækjum, sem ekki flytja neinn varning.
3. heimilt að nota annan gasslökkvibúnað eða hápenslufroðubúnað, ef slíkur búnaður, að mati Siglingamálastofnunar telst fullnægjandi.

21.2.2. Ekjufarmrými, sem ekki er unnt að loka gasþétt, skulu búin þrýstivatnsúðunarbúnaði, sem fullnægir ákvæðum greinar 20. Skulu slík farmrými jafnframt búin austurbrunnum og austurbúnaði, sem í það minnsta afkastar fjórðungi meira en mestu afköst þrýstivatnsúðunarbúnaðarins.

21.2.3. Ekjufarmrými skulu búin eins mörgum handslökkvitækjum og Siglingamálastofnunin telur nauðsynlegt í hverju einstöku tilviki. Skal staðsetja minnst eitt handslökkvitæki við hvern inngang að slíku rými.

21.2.4. Þegar ekjufarmrými eru útbúin til flutninga á farartækjum með eldsneyti til eigin afnota, skal hvert þeirra búið:

1. a. m. k. þremur vatnsúðunartækjum af viðurkenndri gerð, (water fog applicators).
2. einu froðuhandtæki, sem fullnægir ákvæðum greinar 24.

Froðuhandtækin skulu þó í hverju skipi aldrei vera færri en 2 samtals.

21.2.5. Loftræstibúnaður ekjufarmrýma skal fullnægja eftirfarandi ákvæðum:

1. Loftræstibúnaður ekjufarmrýma skal vera fullkomlega aðskilinn frá öðrum loftræstibúnaði skipsins. Þá skal og loftræstibúnaður aðskildra ekjufarmrýma vera fullkomlega aðskilinn, þegar þil á milli farmrýma eru loftþétt.
2. Lokuð ekjufarmrými skulu búin vélknúnum loftræstibúnaði, sem hefur nægileg afköst til a. m. k. sex loftskipta á klukkustund, þegar miðað er við tómt farmrými. Loftræstibúnaður skal ávallt hafður í gangi þegar unnið er að lestun og losun. Sé ekki unnt að koma slíku við, skal loftræsta lestina eins lengi og eins oft og mögulegt er. Losun farms má ekki hefjast fyrr en tryggt er að magn eldfimra gastegunda í farmrýmum sé innan hættumarka. Í þessu skyni skulu vera um borð tveir gasmælar, sem hægt er að flytja á milli farmrýma, ef nauðsyn krefur.
3. Heimilt er að krefjast aukinna loftskipta við lestun og losun ekjufarmrýma.
4. Loftræstibúnaðinum skal þannig fyrir komið að eldfimar lofttegundir safnist ekki fyrir í farmrýmum eða einstökum hlutum þeirra. Skal stjórnstöð loftræstibúnaðarins staðsett utan farmrýmanna.

5. Í brú skipsins skal koma fyrir búnaði sem gefur til kynna ef afköst loftræstibúnaðarins fara undir þau mörk sem reglur þessar segja til um.
  6. Ef eldsvoða ber að höndum skal vera mögulegt að stoppa loftræstibúnaðinn og loka loftræstiopum, án tillits til veðurs eða sjólags.
  7. Fyrirkomulag loftræstiopa og eldgleypa skal vera háð samþykki Siglingamálastofnunar.
- 21.2.6. Ekjufarmrými skulu búin sjálfvirkum eldskynjunar- og eldviðvörunar-búnaði sem fullnægir ákvæðum greinar 26.
- 21.2.7. Í lokudum ekjufarmrýmum, sem notuð eru til flutninga á farartækjum með eldsneyti til eigin afnota, skal:
1. Allur rafbúnaður og allar raflagnir vera af þeirri gerð, sem viðurkennd hefur verið til notkunar í snertingu við eldfima vökva og lofttegundir. Þó er heimilt að nota rafbúnað, sem er fullkomlega lokaður og þéttur þannig að neistar komist ekki út í viðkomandi rými, að því tilskildu að búnaðurinn sé meira en 450 mm yfir þilfar, og að loftræstibúnaður sem afkastar a. m. k. 10 loftskiptum á klukkustund sé stöðugt í gangi meðan að farartæki eru um borð.
  2. Óheimilt að nota hvers kyns búnað sem valdið getur íkveikju í eldfimum lofttegundum.
  3. Rafbúnaður og raflagnir í loftræstirásum skulu vera viðurkenndar til notkunar í snertingu við eldfima vökva og lofttegundir. Skal útstreymisop loftræstirása staðsett þannig að ekki sé hætt á íkveikju frá ytra umhverfi.
  4. Niðurföll eða önnur op skulu ekki liggja að vélarúmi eða öðrum rýmum, þar sem hætt á íkveikju er fyrir hendi.
- 21.3. **Farmrými, önnur en ekjufarmrými, sem notuð eru til flutninga á farartækjum með eldsneyti til eigin afnota.**
- 21.3.1. Farmrými, önnur en ekjufarmrými, sem notuð eru til flutninga á farartækjum með eldsneyti til eigin afnota, skulu fullnægja ákvæðum greinar 21.2 nema 21.2.4.

## 22. gr.

**Slökkvibúnaður í vistarverum og vinnurýmum**

- 22.1. Í vistarverum og vinnurýmum skal koma fyrir sjálfvirkum ýringarbúnaði og eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaði sem hér segir:
- Aðferð IC: Í öllum göngum, stigum, stigapöllum og neyðarútgöngum innan vistarvera skal koma fyrir reykskynjunarbúnaði í samræmi við ákvæði greinar 26.
- Aðferð IIC: Í vistarverum, eldhúsi og öðrum vinnusvæðum nema þar sem eldhætta er lítil t. d. snyrtingu, skal koma fyrir sjálfvirkum ýringarbúnaði í samræmi við ákvæði greinar 23 og eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaði í samræmi við ákvæði greinar 26. Auk þess skal í göngum, stigum, stigapöllum og neyðarútgöngum innan vistarvera koma fyrir reykskynjunarbúnaði í samræmi við ákvæði greinar 26.
- Aðferð IIIC: Í vistarverum og vinnurýmum nema þar sem eldhætta er lítil skal koma fyrir eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaði í samræmi við ákvæði greinar 26.

- 22.2. Fjöldi og staðsetning handslökkvitækja í vistarverum skal vera fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunarinnar, en þó aldrei færri en fimm samtals. Handslökkvitækin skulu fullnægja ákvæðum greinar 24.

## 23. gr.

**Sjálfvirkur ýringarbúnaður.**

- 23.1. Sjálfvirkur ýringarbúnaður til notkunar í skipum, skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins og fullnægja ákvæðum þessara reglna. Ýringarbúnaðurinn skal tengdur sjálfvirkum eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaði í samræmi við ákvæði greinar 26.
- 23.2. Sjálfvirkur ýringarbúnaður ásamt tilheyrandi eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaði, skal þannig úr garði gerður, að hann taki til starfa um leið og brunaviðvörðun er gefin, án aðgerða af hálfu áhafnar.
- 23.3. Tryggja skal að ávallt sé vatn undir fullnægjandi þrýstingi á öllum lögnum. Þó mega stuttar óvarðar lagnir vera tómar, ef það, að mati Siglingamálastofnunar er talið vera nauðsynleg varúðarráðstöfun. Gera skal viðeigandi ráðstafanir, þar sem hættu er á að vatn frjósi í lögnum.
- 23.4. Hver sjálfstæð ýringargrein skal sjálfvirkri gefa til kynna með ljós- og hljóðmerkjum í brú og á einum eða fleiri stjórnstöðvum, að ýringarbúnaður hafi tekið til starfa. Slík viðvörðun skal sýna, þá grein búnaðarins, sem í notkun er. Viðvörðunarbúnaður skal gefa viðvörðun ef bilun verður í einhverjum hluta hans.
- 23.5. Ekki skulu vera fleiri en 200 ýringarhausar á hverri ýringargrein. Hverri grein skal vera hægt að loka með aðeins einum loka. Lokar hverrar greinar skulu vera aðgengilegir og staðsetning þeirra greinilega merkt. Ekki skal óviljandi vera hægt að opna fyrir lokann. Á lokanum skal vera vísir, sem sýnir hvenær hann er opin og hvenær lokaður.
- 23.6. Þrýstimæli skal koma fyrir við loka hverrar greinar og við stjórnstöðvar.
- 23.7. Ýringarhausar skulu varðir gegn tæringu sjávarlofts. Í vistarverum skulu ýringarhausar opnast við hitastig á bilinu 68—79°C, nema ef um er að ræða staði eins og þurrkklefa, þar sem búast má við háu hitastigi. Þar er heimilt að hækka opnunarhitastigið um allt að 30°C yfir hámarks umhverfishitastig.
- 23.8. Í hverri stjórnstöð skal hengja upp lista eða teikningu, sem sýnir það svæði, sem hinar einstöku greinar ýringarkerfisins ná til og mörk hinna einstöku svæða. Þá skal þar einnig vera að finna nauðsynlegar leiðbeiningar til prófunar og viðhalds búnaðarins.
- 23.9. Staðsetja skal ýringarhousa ofar mannhæð og ráða þeim þannig, að meðalútreymi sé ekki undir 5 lítrum á fermetra á mínútu yfir það svæði, sem ýringarhausunum er ætlað að ýða yfir. Þó er heimilt að nota ýringarhousa, er dreifa því magni af vatni, sem Siglingamálastofnun telur að ekki geri minna gagn, en að framan greinir.
- 23.10. Koma skal fyrir þrýstigeymi, sem rúmar minnst tvöfalt það vatnsmagn, sem dælt er út á einni mínútu með þeim afköstum, sem reglur þessar gera ráð fyrir. Skal geymirinn stöðugt vera fullur af fersku vatni. Þrýstigeymirinn skal þannig gerður, að unnt sé að viðhalda fullum þrýstingi í geyminum, þ. e. vinnuþrýstingi, að viðbættum þeim þrýstingi, sem vatnssúla frá botni geymisins að hæsta ýringarhausveldur, þegar ferskvatnshleðsla geymisins hefur verið notuð. Viðeigandi búnaður skal vera til að bæta við þrýstilofti og endurnýja ferskvatn geymisins. Geymirinn skal búinn sjónglasi.
- 23.11. Gera skal ráðstafanir, sem koma í veg fyrir, að sjór komist í geyminn.
- 23.12. Við geyminn skal tengja sérdrífna dælu, sem eingöngu hefur það hlutverk að sjá sjálfvirkri fyrir stöðugu aðstreymi vatns að ýringarhausunum. Dælan skal fara

- sjálfvirkt í gang, ef þrýstingur í lögnum fellur, en þó töluvert áður en þrýstigeymirinn tæmist.
- 23.13. Afköst dælnnar skulu vera a. m. k. svo mikil, að hún geti við þann ýringarhaus, sem hæst liggur, tryggt stöðugt og nægilegt aðstreymi vatns til að þekja samtímis a. m. k. 280 m<sup>2</sup> við þann vatnshraða, sem getið er um í 8. lið þessarar greinar.
- 23.14. Á þrýstihlið dælnnar skal vera opið frárennsliörör til notkunar við prófun á dælnni. Flatarmál lokans og rörsins skal vera nægilegt til að fullum afköstum dælnnar við þrýsting þann, sem tilgreindur er í 10. lið verði náð.
- 23.15. Ef unnt er að koma því við, skal sjóinntak dælnnar vera í því rúmi, sem dælan er í. Það skal staðsett þannig, að óþarft sé að loka fyrir sjó til dælnnar, þegar skipið er á floti, nema vegna skoðunar eða viðgerðar á dælnni.
- 23.16. Ýringardæluna og geyminn skal staðsetja í hæfilegri fjarlægð frá vélarúmi í flokki A og ekki í rými, sem varið er af ýringarbúnaðinum.
- 23.17. Sjódælan og sjálfvirki eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaðurinn skulu tengd a. m. k. tveim aðskildum og óháðum orkugjöfum.
- 23.18. Ekki skal leggja raflagnir í gegnum eldhús, vélarúm og önnur lokuð rými, þar sem eldhætta er mikil, nema ef það er nauðsynlegt til að komast að viðeigandi töflu. Annar orkugjafanna fyrir eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaðinn, skal vera neyðarorkugjafinn. Ef annar orkugjafinn er vélknúinn, skal hann vera staðsettur þannig, að eldur í því rúmi, sem eldverja skal, hafi ekki áhrif á gang vélarinnar.
- 23.19. Ýringarlagnir skulu vera tengdar aðalbrunalögn skipsins um lokanlegan einstefnuloka. Einstefnulokinn skal koma í veg fyrir bakstreymi frá ýringarlögnum til aðalbrunalagnarinnar.
- 23.20. Við hverja grein ýringarhousa skal koma fyrir prufulokum, þannig að unnt sé að prófa sjálfvirka viðvörarkerfið með vatnsrennsli, sem jafngildir því, að einn ýringarhaus sé í notkun. Prufuloka hverrar greinar skal staðsetja nálægt viðkomandi stjórnloka. Þá skal verja hægt; að prófa sjálfvirknibúnað dælnnar með því að láta þrýsting í lögnum falla.
- 23.21. Í einni þeirri stjórnstöðva, sem getið er um í 3. lið. skulu vera rofar til prófunar á viðvörunarhljóð- og ljósmerkjum hverrar ýringargreinar.
- 23.22. Varðandi frekari ákvæði um eldviðvörunarúnað og eldskynjunarbúnað vísast til ákvæða greinar 26.

## 24. gr.

**Handslökkvitæki.**

- 24.1. Öll handslökkvitæki, sem ætluð eru til notkunar í skipum, skulu vera af gerð, sem viðurkennd hefur verið af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 24.2. Vatns- og froðuhandslökkvitæki skulu ekki vera stærri en 13.5 lítra og ekki minni en 9.0 lítra. Önnur handslökkvitæki skulu vera eins handhæg og auðveld í meðförum og 13.5 lítra tækin og ekki hafa minni afköst (slökkvigeitu) en 9.0 lítra tækin.
- 24.3. Ein varahláða, að minnsta kosti, skal fylgja hverju tæki. Sé ekki unnt að endurhláða handslökkvitækið um borð, skulu tvö tæki vera í stað eins.
- 24.4. Handslökkvitæki, sem innihalda efni, sem gefa frá sér skaðlegar lofttegundir, má ekki nota í skipum. Í þessu sambandi telst CO<sub>2</sub> ekki skaðlegt.
- 24.5. Handslökkvitæki skulu skoðuð árlega.
- 24.6. Froðuhandtæki, (portable foam applicator unit), sem notuð eru í vélarúmum, skulu þannig búin, að unnt sé að tengja þau við slökkvilagnir skipsins með brunaslöngu. Tækjunum skal tilheyra 20 lítra geymir undir froðuvökva og einn varageymir. Með þessum búnaði skal vera unnt að framleiða froðu með afköstum, sem nema a. m. k. 1.5 m<sup>3</sup>/mín.
- 24.7. Handslökkvitækjum skal koma fyrir á aðgengilegum stöðum nálægt útgöngudyrum.

## 25. gr.

**Búnaður til slökkvistarfa**

- 25.1. Í öllum skipum, sem reglur þessar ná til skal vera búnaður sá, er hér greinir og viðurkenndur hefur verið af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 25.1.1. Tveir hitastakkar þ. e. hlífðarfatnaður úr efni, sem veitir vörn gegn hita og gufu. Efni þetta skal vera vatnsþolið.
- 25.1.2. Tvö pör af stígvélum og hönskum úr gúmmí eða öðru efni sem ekki leiðir rafstraum.
- 25.1.3. Tvo hjálma úr hörðu efni með kverkól.
- 25.1.4. Tvo öryggislampar (vasaljós) af viðurkenndri gerð, sem lifir á í a. m. k. 3 klukkustundir.
- 25.1.5. Tvö reykköfunartæki með þrýstiloftskútum sem hver um sig hefur að geyma loft til tveggja klukkustunda notkunar að varakútum meðtöldum, þegar miðað er við 30 lítra loftnotkun á klukkustund. Hverju tæki skal fylgja líflína af fullnægjandi lengd og styrkleika, búin patent-krók, sem á handhægan hátt má krækja í beltisól reykköfunartækjanna.
- 25.2. Siglingamálastofnunin getur krafist þess, að í skipum sem flytja farþega séu aukalega eitt eða fleiri sett þess búnaðar sem greint er frá í 1. grein.
- 25.3. Brunaaxir skal staðsetja á aðgengilegum stöðum, sem ekki auðveldlega lokast af við eldsvoða. Fjöldi og staðsetning brunaaxa er háð samþykki Siglingamálastofnunar.
- 25.4. Búnaði þeim, sem getið er um í 1. lið, skal koma fyrir á aðgengilegum og öruggum stað, sem ekki auðveldlega lokast af við eldsvoða. Skal búnaðinum komið fyrir á tveim aðskildum stöðum þannig að eitt sett sé á hverjum stað. Skal þar jafnframt koma fyrir leiðbeiningum um meðferð og notkun öndunartækja. Eitt eintak slíkra leiðbeininga skal vera í möppu þeirri, sem getið er um í 5. grein.

## 4. HLUTI

**Viðvörunarbúnaður.**

## 26. gr.

**Eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaður.**

- 26.1. **Almenn ákvæði**
- 26.1.1. Eldviðvörunar- eða eldskynjunarbúnaður, hvort heldur sjálfvirkur eða handvirkur, sem notaður er í skipum, skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 26.1.2. Rafbúnaður, sem nauðsynlegur er til að tryggja starfsemi búnaðarins, skal þannig gerður, að spennufall og bilanir í rafbúnaði skipsins, hafi ekki áhrif á notkun hans. Bilun í búnaðinum skal gefin til kynna með ljós- og hljóðmerkjum í stjórnstöð, og skulu slík merki vera frábrugðin öllum öðrum viðvörunarmerkjum.
- 26.1.3. Rafbúnaðurinn skal tengdur a. m. k. tveim aðgreindum og óháðum orku-gjöfum. Annar þeirra skal vera neyðarorkugjafi skipsins. Raflagnir, sem flytja eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaðinum raforku, skulu ekki þjóna neinum öðrum tilgangi. Raflagnirnar frá báðum orkugjöfum skulu liggja að sjálfvirkum skiptirofa í stjórnstöð búnaðarins.
- 26.1.4. Ekki skal leggja raflagnir um eldhús, vélarúm eða önnur rými, þar sem eldhætta er mikil, ef hjá því verður komist.



- 26.1.5. Skynjara og viðvöunarrofa (manually operated call points) skal greina sundur eftir svæðum og skipshlutum. Viðvörun, sem gefin er af skynjara eða viðvöunarrofa, skal gefin til kynna með hljóðmerkjum og ljósmerkjum í stjórnstöðvum, og á því svæði þaðan sem viðvöunarmerkið er gefið. Hafi móttaka slíkra viðvöunarmerkja ekki átt sér stað innan 2 mínútna, skulu brunabjöllur í öllum vistarverum, vinnusvæðum, stjórnstöðum og vélarúmum í flokki A gefa viðvörun.
  - 26.1.6. Stjórnbúnaði eldviðvöunar- og eldskynjunarbúnaðarins skal komið fyrir í brú eða við stjórnstöð eldvarnarbúnaðar.
  - 26.1.7. Í stjórnstöðinni skal koma greinilega fram, hvaðan viðvörunin er gefin.
  - 26.1.8. Hver grein skynjara og viðvöunarrofa skal ná til hvers þilfars og aldrei skulu fleiri en 50 skynjarar og rofar vera tengdir sömu grein. Siglingamálastofnunin getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum í minni skipum.
  - 26.1.9. Skynjarar og viðvöunarrofar fyrir vistarverur, vinnusvæði og stjórnstöðvar skulu ekki tengjast tilsvareandi búnaði fyrir vélarúm í flokki A.
  - 26.1.10. Eldskynjarar, (fire detectors), skulu vara við óeðlilega háu lofthitastigi, (heat detectors), óeðlilegu reykmagni, (smoke detectors), eða lausum eldi (flame detectors). Heimila má notkun skynjara, sem á annan hátt gefa vísbendingu um eldsupptök, ef þeir eru nægilega næmir. Eldskynjarar (flame detectors), skulu aðeins notaðir, þar sem reyk- eða hitaskynjarar eru jafnframt til staðar.
  - 26.1.11. Leiðbeiningar um notkun, prófun og viðhald búnaðarins skal komið fyrir á áberandi stað í skipinu.
  - 26.1.12. Eldskynjunarbúnaður skal prófaður reglulega af Siglingamálastofnun ríkisins eða af öðrum aðilum, sem fengið hafa sérstaka heimild til þess. Skal með heitu lofti, með réttu hitastigi, með reyk eða á annan videigandi hátt, kanna viðbrögð skynjaranna. Búnaður skal þannig gerður, að ekki sé nauðsynlegt að endurnýja hluta hans, eftir að slíkar prófanir hafa verið gerðar.
- 26.2. **Fyrirkomulag.**
- 26.2.1. Viðvöunarrofum, (handboða), (Manual call points), skal komið fyrir í vistarverum, vinnurýmum og stjórnstöðvum. Skal a. m. k. einn rofi vera við hvern útgang. Auk þess skal staðsetja viðvöunarrofa á göngum og vinnurýmum, þannig að einn slíkur rofi sé ávallt innan 20 metra fjarlægðar. Siglingamálastofnunin getur gert kröfu um fleiri viðvöunarrofa, ef slíkt er talið nauðsynlegt.
  - 26.2.2. Reykskynjurum skal komið fyrir í öllum stigaopum, göngum og neyðarútgöngum í vistarverum. Þá skal koma fyrir reykskynjara í loftræstirásum, ef slíkt er talið nauðsynlegt.
  - 26.2.3. Sé talið nauðsynlegt að koma fyrir eldskynjurum og eldviðvöunarbúnaði á stöðum utan vistarvera, skal þar koma fyrir minnst einum skynjara, sem fullnægir ákvæðum greinar 26.1.10.
  - 26.2.4. Skynjarar skulu staðsettir í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og þannig, að áhrif vegna eldsvoða gæti sem fyrst. Varast ber að staðsetja skynjara nálægt loftræstilögnum og annars staðar, þar sem loftstreymi getur haft þau áhrif, að viðvörun verði ekki gefin eins fljótt og ætla mætti, og þar sem hætta er á, að þeir verði fyrir skemmdum. Skynjarar, sem staðsettir eru undir lofti, skal aldrei hafa nær þilum en 0.5 metra.

26.2.5. Mesta fjarlægð milli skynjara skal vera sem hér segir:

Tegund	Mesta gólfflatarmál fyrir hvern skynjara	Mesta beina fjarlægð	Mesta fjarlægð frá þili.
Hitaskynjarar	37 m <sup>2</sup>	9 m	4.5 m
Reykskynjarar	74 m <sup>2</sup>	11 m	5.5 m

26.2.6. Raflagnir eldskynjunarbúnaðar skal leggja utan eldhúsa, vélarúma í flokki A og annarra rýma, þar sem eldhætta er mikil.

### 26.3. **Hitamörk.**

26.3.1. Eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaður skal þannig gerður, að breyting á hitastigi og spennu, titringur, raki, högg og tæring hafi ekki áhrif á starfsemi hans.

26.3.2. Reykskynjarar, sem krafist er í grein 26.2.2., skulu gefa viðvörðun, ef reyk magn er meira en svo, að birta eða ljósmagn minnkar um 12.5 prósent fyrir hvern metra. Skynjarinn skal þó ekki gefa viðvörðun fyrr en sú minnkun er meiri en 2.0 prósent. Á öðrum stöðum skulu ljósmörkin ákveðin af Siglingamálastofnuninni.

26.3.3. Hitaskynjarar skulu gefa viðvörðun áður en lofthitastig verður 78°C en þó aldrei áður en lofthitastigið nær 54°C. Þessi mörk miðast við einnar gráðu hitaaukningu á hverri mínútu. Siglingamálastofnun setur nánari reglur um hitastigsmörk, þegar vænta má hraðari hitaaukningar.

26.3.4. Þar sem hitastig er hátt, er heimilt að leyfa hækkun á því hitastigi, sem hitaskynjarar skulu gefa viðvörðun við, þó aldrei meiri en svo, að slíkt hitastig sé hærra en 30°C yfir mesta herbergishita.

### 26.4. **Eldskynjarar og eldviðvörunarbúnaður í tímabundið ómönnuðu vélarúmi.**

26.4.1. Vélarúm, sem eru tímabundið ómönnuð, skulu búin eldskynjunar- og eldviðvörunarbúnaði í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

26.4.2. Eldskynjunarbúnaðurinn skal þannig gerður og skynjurum þannig fyrir komið, að umsvifalaust verði vart við eldsvoða, án tillits til þess, hvar eða við hvaða aðstæður og lofthitastig hann ber að höndum. Óheimilt er að hafa einungis hitaskynjara í slíkum vélarúmum. Skynjararnir skulu tengjast viðvörunarbúnaði, sem gefi frá sér auðgreinanleg hljóð- og ljósmerki. Skulu hljóð- og ljósmerki þessi vera frábrugðin öllum öðrum viðvörunarmerkjum og skulu þau heyrast og sjást í brú skipsins og klefa vélstjóra.

26.4.3. Eftir að uppsetningu búnaðarins er lokið, skal hann prófaður við þær fjölbreyttu aðstæður, sem ætla má að upp kunnir að koma.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 52, 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 2. júní 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*

# REGLUR

## um smíði og búnað íslenskra skipa

### HLUTI T

#### Reglur um flutning á korni

##### 1. KAFLI

###### Almenn ákvæði

1. Gildissvið
2. Skilgreiningar
3. Jöfnun kornfarms
4. Stöðugleikakröfur
5. Langskipsskilrúm og skálar
6. Vanfyllt rými
7. Lestarreisnir og fæðirásir
8. Lestun í rými, men mynda eina heild
9. Undanþágur frá einstökum ákvæðum í köflum 2 og 3
10. Viðurkenningarskírteini
11. Upplýsingar varðandi flutning á korni og fyrirkomulag í lest
12. Undanþágur

##### 2. KAFLI

###### Útreikningur á hallavergi

##### 3. KAFLI

###### Fyrirkomulag og frágangur kornfarms

##### 1. KAFLI

###### Almenn ákvæði.

1. **Gildissvið**
  - 1.1. Reglur þessar ná til allra íslenskra skipa, sem flytja laust korn.
  - 1.2. Skip, sem fullnægja viðeigandi ákvæðum þessara reglna, fullnægja einnig viðeigandi ákvæðum SOLAS 1974.
2. **Skilgreiningar.**
  - 2.1. Í reglum þessum er:
    - 2.1.1. „**Korn**“ skilgreint sem hveiti, maís, hafrar, rúgur bygg, hrísgrjón og annar sá varningur, sem, að því er varðar eiginleika og hegðun í flutningi, líkist korni, þegar það er í sínu upprunalegu formi.
    - 2.1.2. „**Fyllt rými**“ skilgreint semhvert það rými, sem eftir þær ráðstafanir, sem lýst er í 3. grein um lestun og jöfnun á lausu korni, fyllt hefur verið upp að efstu brún, eða eins mikið og með nokkru móti verður við komið.
    - 2.1.3. „**Vanfyllt rými**“ skilgreint sem hvert það rými, þar sem lausu korni er ekki lestað eða jafnað samkvæmt ákvæðum greinar 2.1.2 hér að ofan.

- 2.1.4. „**Fleytihorn**“ skilgreint sem það hallahorn skips, þegar op á skipsbol, yfirbyggingu eða þilfarshúsum, sem ekki eru búin vatnspéttum lokunarbúnaði, nema við sjólinu. Lítil op skulu þó vera álitin lokuð, þótt þau fari í kaf, ef þau valda óverulegu flæði inn í skipið.
- 2.1.5. „**SOLAS 1974**“: skilgreint sem alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu, sem undirrituð var á fundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í nóvember 1974 og gildi tók alþjóðlega þann 25. maí 1980.
- 2.1.6. „Nýtt skip“ skip, sem kjölur er lagður að eða var á svipuðu byggingastigi eftir 25. maí 1980.
- 2.1.7. „Gamalt skip“ skip, sem ekki er nýtt.

### 3. **Jöfnun kornfarms.**

- 3.1. Við lestun á lausu korni skal gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að jafna yfirborð kornsins og takmarka þau áhrif, sem skrið kornsins getur haft í för með sér.
- 3.2. Rými telst ekki vera fyllt, nema lausu korni hafi verið jafnað, þannig að öll tómarými undir þilfari og lestarlúgum, hafi verið fyllt, að svo miklu leyti, sem slíkt er mögulegt.
- 3.3. Þegar lestun korns í vanfyllt rými er lokið, skal yfirborð þess jafnað. Þó er heimilt að veita undanþágu frá kröfunni um jöfnun kornfarms í vanfylltum rýmum, ef skipið, eftir sem áður, telst fullnægja ákvæðum greinar 4, þegar hallavægi viðkomandi rýma hefur verið ákveðið á grundvelli ákvæða greina 1.1.1.2 og 4.1 í kafla 2.
- 3.4. Þá er einnig heimilt að veita undanþágu frá kröfunni um jöfnun farms ef viðkomandi rými er þannig útbúið, (gataplötur, fæðirásir), að tómarými undir þilfari og í lestarreisnum verði óverulegt. Skal slíkar undanþágu getið í skírteini því, sem getið er um í 10. grein.

### 4. **Stöðugleikakröfur.**

- 4.1. Útreikningar þeir, sem krafist er hér að neðan, skulu byggðir á stöðugleikagögnum þeim, sem um getur í 19. grein, kafla II-1, SOLAS-1974 og þeim stöðugleikagögnum, sem krafist er samkvæmt ákvæðum 11. greinar þessa kafla.
- 4.2. Sýna skal fram á, að stöðugleiki skips, sem flytur laust korn, uppfylli, meðan á ferð skipsins stendur, eftirtalin skilyrði, þegar tillit er tekið til þess korns, sem, samkvæmt ákvæðum í kafla 2, hefur skriðið eða runnið til í lestum skipsins.
  - 4.2.1. Hallahorn skips vegna skriðs kornsins skal ekki vera meira en 12 gráður. Siglingamálastofnun ríkisins getur gert kröfu um minna hallahorn, ef slíkt, að hennar mati, er talið nauðsynlegt.
  - 4.2.2. Við útreikninga á réttiarmsboglínum skal mismunur á flatarmáli undir ferli þeim, sem sýnir vægisarm hallavægis, og þeim sem sýnir réttiarm skipsins við mismunandi hallahorn, ekki vera minna en 0.075 metraradianar, þegar flatarmálið er reiknað að því hallahorni, sem ákvarðast af eftirfarandi:
    1. Hallahorn, þar sem mismunur á vægisarmi hallavægis og réttiarmi er stærstur, ef það er minna en fleytihorn.
    2. Fleytihorni, ef það er minna en hallahorn ákvarðað samkvæmt 4.2.2.1 hér að ofan.
    3. 40 gráður, ef hallahorn samkvæmt 4.2.2.1 og 4.2.2.2 eru stærri.
  - 4.2.3. Byrjunarmetasenterhæð skal, eftir leiðréttingu fyrir áhrifum óhefts yfirborðs í geymum, ekki vera minni en 0.30 metrar.

- 4.3. Áður en laust korn er lestað um borð í skip, skal skipstjóri skipsins, ef þess er krafist af fulltrúum stjórnvalda þess lands, þar sem skipið bíður lestunar, sýna fram á, að skip hans, á sérhverjum tíma á meðan á för skipsins stendur, uppfylli stöðugleikakröfur hér að ofan. Skal hann, í þeim tilgangi, notast við gögn þau og aðrar þær upplýsingar, sem getið er um í 10. og 11. grein þessa kafla og hlotið hafa samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 4.4. Þegar lestun er lokið, en áður en skipið lætur úr höfn, skal skipstjóri skipsins ganga úr skugga um, að skipið hafi ekki slagsíðu.

### 5. Langskipsskilrúm og skálar (saucers).

- 5.1. Í bæði fylltum rýmum og vanfylltum rýmum er heimilt að koma fyrir langskipsskilrúmum, annað hvort í þeim tilgangi að draga úr þeim áhrifum, sem skrið kornsins ella hefði í för með sér, eða til að takmarka hleðsluhæð þeirrar vöru, sem lögð er ofan á kornið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skrið þess. Slík langskipsskilrúm skulu vera kornþétt og fullnægja ákvæðum 1. hluta kafla 3, hvað styrkleika og fyrirkomulag varðar.
- 5.2. Sé skilrúm sett upp í fylltu rými í þeim tilgangi að draga úr þeim áhrifum, sem skrið kornsins ella hefði í för með sér, skal:
- 5.2.1. skilrúmið, ef það er í millipilfarsrými, ná frá þilfari til þilfars;
- 5.2.2. skilrúmið, ef það er í lest, ná frá neðri brún þilfars eða lestarlúgu eins langt niður í lest, og kveðið er á um í 2. hluta kafla 2.
- Þegar sú korntegund, sem tekin er til flutnings er ekki hörfræ eða önnur með hliðstæða hegðun og eiginleika, má í stað langskipsskilrúms, koma fyrir skál þeirri, sem lýst er í 1. hluta kafla 3.
- 5.3. Skilrúmum í vanfylltum rýmum skal þannig fyrir komið, að hæð þeirra niður fyrir og upp fyrir jafnað og lárétt yfirborð kornsins, sé minnst  $\frac{1}{8}$  af mestu breidd rýmisins. Þegar skilrúmið er sett upp í þeim tilgangi, að takmarka hleðsluhæð þeirrar vöru, sem leggja þarf ofan á kornið, skal hæð skilrúmsins, upp fyrir jafnað og lárétt yfirborð kornsins, vera minnst 0.60 metrar.
- 5.4. Sé sekkjuðu korni eða annarri hentugri vöru komið fyrir á tryggilegan hátt við hliðar og enda einstakra hleðslurýma, er heimilt að taka tillit til þeirra áhrifa, sem slíkur búnaður getur haft á áætlað hallavægi viðkomandi rýmis, samkvæmt nánari ákvörðun Siglingamálastofnunarinnar.

### 6. Vanfyllt rými.

- 6.1. Við lestun á lausu korni, skal eftir því sem við verður komið, leitast við að takmarka fjölda og breidd vanfylltra farmrýma. Skal yfirborð slíkra rýma jafnað í samræmi við ákvæði gr. 3.3.
- 6.2. Við útreikninga á hallavægi vanfylltra rýma er ekki nauðsynlegt að taka tillit til ákvæða 4. hluta kafla 2, ef eftirfarandi ráðstafanir hafa verið gerðar í samræmi við reglur þessar, til þess að hindra skrið kornsins:
- 6.2.1. Yfirborð kornsins í vanfylltu rými, skal jafnað í láréttum fleti og ofan á það lagt vel skorðað sekkjað korn í hæð, sem nemur minnst  $\frac{1}{16}$  af mestu breidd rýmisins, þó aldrei lægra en sem nemur 1.2 metrum. Í stað sekkjaðs korns má nota annan varning, ef tryggt er, að hann gefi í það minnsta jafn mikinn flatarþrýsting.
- 6.2.2. Frágangur á sekkjuðu korni og þeim vörum, sem notaðar eru í þess stað, skal vera í samræmi við ákvæði 2. hluta kafla 3.

**7. Lestarreisnir og fæðirásir.**

7.1. Við útreikning á hallavægi hleðslurýma í kafla 2, skal taka tillit til þeirra áhrifa, sem lestarreisnir og fæðirásir hafa á hallavægi viðkomandi rýma. Styrkleiki þila fæðirása skal vera í samræmi við ákvæði 1. hluta kafla 3.

**8. Lestun í rými, sem mynda eina heild.**

8.1. Lestun korns í skip með lest og millipilfarsrými, sem eitt og sama rými, er því aðeins heimil, að fullt tillit sé tekið til tómarýma undir þilförum og breytinga á þeim í samræmi við ákvæði 3. hluta kafla 2.

**9. Undanþágur frá einstökum ákvæðum í köflun 2 og 3.**

9.1. Heimilt er að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum í köflum 2 og 3, ef öryggi skips, að mati Siglingamálastofnunar ríkisins er óskert, og að því tilskildu, að stöðugleikaákvæðum greinar 4.2 sé fullnægt. Þegar slík undanþága er veitt, skulu nákvæmar upplýsingar þar að lúandi og um hleðslu og frágang kornsins, koma fram á viðurkenningarskjali því, er um getur í 10. grein.

**10. Viðurkenningarskírteini.**

10.1. Sérhvert skip, sem flytur laust korn, skal hafa um borð viðurkenningarskírteini útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins. Viðurkenningarskírteinið skal vera fullnægjandi staðfesting þess, að skipið geti fullnægt þeim ákvæðum, sem reglur þessar kveða á um. Gömul skip, sem fullnægja ákvæðum greinar 5.2 í kafla 2, þurfa þó ekki að hafa um borð viðurkenningarskírteini, ef þau fullnægja ákvæðum greinar 5.3 í kafla 2.

10.2. Með skírteinum skulu fylgja þeir stöðugleikaútreikningar fyrir flutning á korni, sem getið er um á skírteininu og sem notast skulu af skipstjóra við útreikninga þá, sem krafist er samkvæmt ákvæðum 4. greinar. Stöðugleikagögnin skulu fullnægja ákvæðum 11. greinar.

10.3. Viðurkenningarskírteinið og þau stöðugleikagögn, sem því fylgja, skulu vera í enskri eða franskri þýðingu, séu þau ekki rituð á öðru þessara tungumála.

10.4. Eitt eintak viðurkenningarskírteinis og stöðugleikagagna skulu varðveitast um borð í skipinu. Skipstjóri skipsins skal, þegar þess er óskað af fulltrúa stjórnvalda þess lands, sem lestað er í, leggja fram gögn þessi til skoðunar.

10.5. Hafi skip ekki viðurkenningarskírteini og önnur tilskilin gögn um borð, skal óheimilt að lesta skipið korni, fyrir en;

10.5.1. skipstjóri hefur sýnt fram á, á þann hátt sem fullnægjandi getur talist, að skipið, í þeim hleðslutilvikum, sem upp geta komið á fyrirhugaðri ferð skipsins, uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru samkvæmt reglum þessum.

10.5.2. Siglingamálastofnun ríkisins eða viðeigandi stjórnvöld erlendis hafa staðfest, að stöðugleikakröfum þessara reglna sé fullnægt.

**11. Upplýsingar varðandi flutning á korni og fyrirkomulag í lest.**

11.1. Heimild til flutnings á lausu korni skal því aðeins veita, að Siglingamálastofnun ríkisins hafi borist gögn þau og upplýsingar, sem um getur hér að neðan. Skulu upplýsingarnar vera svo ítarlegar og auðskiljanlegar, að skipstjóri geti ákvarðað hallavægi vegna skriðs kornsins samkvæmt ákvæðum kafla 2 við öll hugsanleg hleðslutilvik. Skulu gögn þessi hafa hlotið samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins og bera áletrun hennar.

11.1.1. Línurit eða töflur, sem sýna hallavægi kornsins í hverju einstöku rými, annað hvort sem fyllt, vanfyllt eða hvort tveggja. Þá skulu einnig koma fram þau áhrif, sem ráðstafanir til þess að draga úr áhrifum frá skriði kornsins, hafa á hallavægið.

- 11.1.2. Töflur, sem sýna mesta leyfilega hallavægi, eða aðrar sambærilegar upplýsingar, sem gera skipstjóra mögulegt að sýna fram á, að ákvæðum greinar 4.3 sé fullnægt.
- 11.1.3. Upplýsingar um efni, efnisstærðir og gæði í þeim skilrúmunum og tilheyrandi styrktareiningum, sem sett eru upp vegna kornflutninga. Jafnframt nákvæmar upplýsingar um þær ráðstafanir, sem gera þarf til þess að uppfylla ákvæði 1. hluta kafla 3, þegar þau eiga við.
- 11.1.4. Yfirlit yfir nokkur algeng hleðslutilvik við komu og brottför skips og einnig yfirlit yfir óhagstæð hleðslutilvik þess á milli, sé þess talin þörf.
- 11.1.5. Greinargóðar leiðbeiningar til skipstjórnarmanna um notkun greindra upplýsinga og útreikninga.
- 11.1.6. Leiðbeiningar um, hvernig haga beri hleðslu skipsins, í formi stutts yfirlits yfir ákvæði þessara reglna.
- 11.1.7. Jafnframt upplýsingar um:
  - 1. Aðalmál skipsins.
  - 2. Léttskipsþyngd og lóðréttu staðsetningu á þyngdarpunkti léttskips.
  - 3. Tafla yfir leiðréttingar vegna áhrifa óhefts yfirborðs geyma.
  - 4. Rúmmál og þyngdarpunkta geyma og hleðslurýma.

Gögn þessi og upplýsingar, ásamt teikningum og fyrirkomulagi lestar, skilrúmunum, stöðum, festingum o. fl., skal senda Siglingamálastofnun í 2 eintökum. Annað eintakið skal stofnunin árita og skal því komið um borð og varðveitt í viðkomandi skipi.

## 12. Undanþágur.

- 12.1. Heimilt er að veita einstökum skipum eða gerðum skipa undanþágu frá reglum þessum, þegar ástæður eru þess eðlis, að ákvæði þeirra teljast vera óeðlileg eða ónaúðsynleg og öryggi skipsins eftir sem áður, er talið óskert.
- 12.2. Þá er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna, ef fyrirkomulag, styrkleiki og búnaður að mati Siglingamálastofnunar, telst jafngildi þess, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

## 2. KAFLI

### Útreikningur á hallavægi.

#### 1. hluti. Lýsing á áætluðum tómarýmum - Stöðugleikaútreikningar.

- 1.1. Tómarými
- 1.2. Stöðugleikaútreikningar

#### 2. hluti. Áætlað hallavægi fylltra rýma.

- 2.1. Almenn ákvæði
- 2.2. Forsendur
- 2.3. Lestun í rými, sem mynda eina heild

#### 3. hluti. Áætlað hallavægi í lestum búnum fæðirásum eða lestarreisnum milli þilfara.

- 3.1. Fyrirkomulag fæðirása
- 3.2. Lestarreisnir, sem ná milli þilfara

#### 4. hluti. Áætlað hallavægi vanfylltra rýma.

- 4.1. Almenn ákvæði
- 4.2. Ósamfelld langskipsskilrúm

**5. hluti. Fyrirkomulag í lestum eldri skipa.**

- 5.1. Almenn ákvæði
- 5.2. Lestun korns í skip með sérstakt lestarfyrirkomulag.
- 5.3. Skip án viðurkenningarskirteinis

## 1. hluti

**Lýsing á áætluðum tómarýmum - stöðugleikaútreikningar.**1.1. **Tómarými.**

1.1.1. Við útreikninga á breytilegu hallavægi vegna korns, sem skriðið eða runnið hefur til í lestum, skal gera ráð fyrir eftirfarandi:

1. Í fylltum rýmum, þar sem kornið hefur verið jafnað í samræmi við ákvæði 3. greinar í 1. kafla, skal gera ráð fyrir, að tómarými séu undir öllum þilförum eða flötum, sem mynda minna en 30 gráða horn við láréttan flöt.

Dýpt tómarýmis skal alls staðar, innan hvers rýmis vera álitin jafn mikil, og ákvarðast hún af eftirfarandi jöfnu:

$$D = D_s + 0.75 (d-600) \text{ (mm).}$$

þar sem:

D er dýpt tómarýmis í mm

$D_s$  er stöðluð dýpt tómarýmis samkvæmt töflu 1.

d er hæð langskipsbjálka í skipi því, sem um ræðir í mm.

D skal aldrei vera minni en 100 mm.

TAFLA 1.

Fjarlægð frá lúgukarmsenda eða lúgukarmssíðu að ytri mörkum hleðslurýmis. (metrar)	Stöðluð dýpt tómarýmis, $D_s$ . (mm)
0.5	570
1.0	530
1.5	500
2.0	480
2.5	450
3.0	440
3.5	430
4.0	430
4.5	430
5.0	430
5.5	450
6.0	470
6.5	490
7.0	520
7.5	550
8.0	590

Skýringar við töflu 1.:

Fyrir hvern metra umfram 8.0 metra, skal dýpt tómarýmis aukin um 80 mm. Þegar mismunur er á dýpt langskipsbjálka undir lúgukarmi eða framlengingar hans og bita undir lúgukarmsenda, skal miða stærð




tómarýmis við þá dýpt (d) sem meiri er, nema í þeim tilvikum, sem hér greinir:

- Þegar dýpt langskipsbita undir lúgukarmi eða framlengingar hans er minni en dýpt bita undir lúgukarmsenda, má við ákvörðun tómarýma, sem myndast á móts við og sitt hvorum megin við lestarop, nota það gildi á d, sem lægra er.
  - Þegar dýpt langskipsbita undir lúgukarmi eða framlengingar hans er minni en dýpt bita undir lúgukarmsenda, má við ákvörðun á stærð tómarýma, sem myndast milli langskipsbjálkanna, framan og aftan við lestarop, nota það gildi á d, sem lægra er.
  - Þegar þilfari utan við lúguop er lyft, skal dýpt dómarýmsi (D) undir þeim hluta þilfarsins fundin með því að nota staðlaða dýpt (D<sub>s</sub>) tómarýmis og dýpt þverbíta undir lúgukarmsenda að viðbætti þeirri hæð, sem svarar til lyftingu þilfarsins.
2. Þegar korni hefur **ekki** verið jafnað í samræmi við ákvæði 3. greinar 1. kafla, og skilrúm mynda minna en 30 gráðu horn við láréttan flöt, skal líta svo á, að yfirborðsflötur kornsins myndi 30 gráðu halla miðað við láréttan flöt, eftir að lestun er lokið.
  3. Til viðbótar öðru tómarými, skal meðaldýpt tómarýmis innan fylltra lestarreisna talið vera 150 mm, þegar mælt er á milli yfirborðs kornsins og lægsta hluta lestarlúgu eða efri brún lúgukarms, eftir því hvort lægra er.
  4. Varðandi tómarými í vanfylltum rýmum, vísast til ákvæða greinar 4.1..

## 1.2. Stöðugleikaútreikningar.

- 1.2.1. Samanlagt hallavægi vegna þverskipsskriðs kornsins skal fundið með því að leggja saman hallavægi einstakra rýma í samræmi við ákvæði hluta 2,3 og 4 í kafla þessum.
- 1.2.2. Þegar sýna skal fram á, að stöðugleikakröfum greinar 4.2 í kafla 1, sé fullnægt (sjá mynd 1), skal að jafnaði gera ráð fyrir, að þyngdarpunktur farms í fylltu rými sé í miðju rýmisins. Heimilt er þó að taka tillit til þeirra áhrifa, sem álitin tómarými undir þilfari hafa á lóðrétta staðsetningu þyngdarpunkts farmsins, en þá skal reiknað þverskips hallavægi vegna skriðs kornsins, aukið um 6 prósent.  
Í öllum tilvikum skal þungi farms í fylltu rými fundinn með því að deila hleðslustuðlinum („stowage factor“) í rúmtak rýmisins.



Mynd 1.

Skýringar við mynd 1.:

$$R_0 = \frac{\text{áætlað hallavægi vegna þverskipsskriðs kornsins}}{\text{hleðslustuðull (stowage factor) } \times \text{ særými}}$$

$$R_{40} = 0.8 \times R_0$$

hleðslustuðull =  $1/\text{eðlisþyngd farms}$

særými = þyngd skips með vistum og farmi.

- 1.2.3. Ferill réttiarms skal fundinn með notkun jafnhallaboglína, og skal fjöldi reiknaðra gilda vera nægilegur til að tryggja viðhlítandi nákvæmni. Skal á línuriti yfir jafnhallaboglínur sýna ferla fyrir 12 og 40 gráðu halla.

## 2. hluti

### Áætlað hallavægi fylltra rýma

#### 2.1. Almenn ákvæði.

- 2.1.1. Breytingar á yfirborði korns samfara skriði þess ákvarðast af þverskurði þess rýmis, sem um ræðir. Hallavægi hvers rýmis finnst með því að margfalda reiknað þverskurðarhallavægi með lengd rýmisins.
- 2.1.2. Áætlað þverskipshallavægi rýmis vegna skriðs kornsins er afleiðing endanlegra breytinga í lögum og staðsetningu tómarýma við það að kornid rennur úr hærri hlið skipsins til þeirrar lægri.
- 2.1.3. Við útreikninga skal gera ráð fyrir, að yfirborðsflötur kornsins eftir skrið þess, myndi 15 gráðu horn við láréttan flöt.
- 2.1.4. Við útreikninga á mesta tómarými, sem myndast getur við langskipsskilrúm og langskipsbjálka, skal ekki taka tillit til láréttra hluta þeirra, t. d. flanga.
- 2.1.5. Þverskurðarflatarmál tómarýma, fyrir og eftir skrið kornsins, skulu vera jöfn.
- 2.1.6. Ósamfelld langskipsskilrúm, þ. e. skilrúm, sem ná ekki samfelld milli þverskipsskilrúma, skulu álitin hindra skrið korns á fullnægjandi hátt, í þeim hluta rýmisins, þar sem þau eru til staðar, ef þau fullnægja viðeigandi ákvæðum um styrkleika í kafla 3.


2.2. **Forsendur.**

2.2.1. Heildarhallavægi hvers rýmis fæst með því, að leggja saman áhrif einstakra þátta samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

1. Tómarými framan við og aftan við lestalúgur.

Þegar tvær eða fleiri lestarlúgur, sem notaðir eru til lestunar, eru að sama rými, skal dýpt tómarýmis undir þilfari milli lúguopanna, ákvarðast af helmingi langskipsskilrúms milli opanna.

Eftir að kornið hefur skriðið til, skal gera ráð fyrir, að lögun tómarýma sé eins og sýnt er á mynd 2. hér að neðan.



Mynd 2.


Skýringar við mynd 2.:

Ef mesta tómarými, sem myndast getur við bitann b er minna að rúmtaki en upphaflegt tómarými undir ab, þ. e. a. s.  $ab \times D$ , þá skal það tómarými, sem umfram er, flytjast til og bætast við það tómarými, sem myndast hefur hægra megin við bitann.

Hafi langskipsskilrúm í c verið sett upp í samræmi við ákvæði greinar 5.2 í kafla 1, skal það ná minnst 0.6 metra undir D, eða e, ef e nær dýpra en D.

2. Tómarými í og á mótis við lestarreisnir:

Eftir skrið kornsins skal gera ráð fyrir, að fyrirkomulag tómarýma sé eins og sýnt er á myndum 3 og 4.




Mynd 3.

Skýringar við mynd 3.

Sé tómarými undir ab stærra en það, sem myndast getur við bitann b, skal það sem umfram er leggjast við tómarými lestarreisnar.

Sé tómarými lestarreisnar, að viðbættu því sem leggst við frá ab, stærra en það sem myndast getur við bitann e, skal það sem umfram er leggjast við tómarými undir ef.



Mynd 4.

Skýringar við mynd 4.

Ef miðskilrúmið hefur verið sett upp og frá því gengið í samræmi við ákvæði greinar 5.2 í 1. kafla, skal neðri brún þess ná minnst 0.6 metra niður fyrir h eða j eftir því, hvort lægra er.

Það tómarými undir ab, sem er umfram það, sem myndast getur við bitann b, skal leggja við tómarými lestarreisnar handan við b.

Sé skál (saucer) gerð í eða undir lestarreisn, skal við útreikning á hallavægi, gera ráð fyrir, að slíkt fyrirkomulag sé í það minnsta jafngildi miðskilrúms.

### 2.3. Lestun í rými, sem mynda eina heild.

#### 2.3.1. Rými án fullnægjandi miðskilrúms;

1. Undir efra þilfari skulu gilda þau sömu ákvæði og getið er um í lið 2.2.1. hér að framan.
2. Undir 2. þilfari (second deck) skulu tómarými, sem flust geta frá lægri hlið, þ. e. upphafleg tómarými að frádregnu því tómarými, sem myndast getur við lestarlúgubita, álitin vera eins og hér greinir:  
Helmingur leggst við tómarými lestarlúgu efra þilfars, og sinn fjórðungur hvor við tómarými hærri hliðar efra og neðra þilfars.
3. Tómarými undir 3. þilfari og lægri þilförum, sem flust geta frá lægri hlið, skulu álitin leggjast við tómarými undir þilförum hærri hliðar og lestarlúgu í jöfnum hlutföllum.

#### 2.3.2. Rými búin fullnægjandi miðskilrúmi, þegar efri brún þess nær að lestarlúgu efsta þilfars.

1. Tómarými undir öllum þilförum ofan við neðri brún skilrúms, sem flust geta frá lægri hlið, skulu álitin leggjast við tómarými lægri hliðar lestarlúgu efsta þilfars.
2. Á næsta þilfari undir neðri brún miðskilrúms, skulu tómarými, sem flust geta frá lægri hlið, álitin leggjast við önnur tómarými á eftirfarandi hátt:  
Helmingur tómarýmisins leggst við tómarými lægri hliðar lestarlúgu efsta þilfars. Hinn helmingurinn dreifist í jöfnum hlutföllum á tómarými undir hærri þilförum hærri hliðar.
3. Á þilförum, sem liggja lægra en þau, sem greint er frá í lið 1. og 2. hér að ofan, skulu tómarými einstakra þilfara, sem flust geta frá lægri hlið, álitin leggjast við tómarými lestarlúgu beggja vegna miðskilrúms, og tómarými undir hærri þilförum hærri hliðar, í jöfnum hlutföllum.

- 2.3.3. Rými búin fullnægjandi miðskilrúmi, þegar efri brún þess nær ekki að lestarlúgu efsta þilfars.
1. Þar sem ekki er ástæða til að ætla, að um láréttan flutning tómarýma undir þeim þilföllum, sem standa í sömu hæð og miðskilrúmið, geti verið að ræða, skulu þau tómarými, sem flust geta frá lægri hlið þessara þilfara, leggjast við tómarými hærri hliðar, í samræmi við ákvæði greina 2.3.1 og 2.3.2.


### 3. hluti

#### Áætlað hallavægi í lestum búnum fæðirásum eða lestarreisnum milli þilfara.

##### 3.1. Fyrirkomulag fæðirása.


3.1.1. Sé langskips fæðirásur komið fyrir í báðum hliðum lestarrymis, má gera ráð fyrir, að tómarými undir þilfari muni, vegna hreyfinga skipsins, að verulegu leyti fyllast, að því tilskildu, að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. Fæðirásir nái milli þverskipþilja og að fjöldi og staðsetning opa sé fullnægjandi.
2. Rúmmál hvernar fæðirásar sé jafn stórt rúmmáli þess tómarýmis, sem myndast utan við langbita lestartarms og framhald hans.



##### 3.2. Lestarreisnir, sem ná milli þilfara.

3.2.1. Gera skal ráð fyrir, að fyrirkomulag tómarýma eftir skrið kornsins, verði eins og mynd 6 sýnir.



Mynd 6.

Skýringar við mynd 6.

Sé ekki unnt að jafna korni í rýmum til hliðar við reisnina á þann hátt, sem um getur í 3. grein 1. kafla, skal gera ráð fyrir, að yfirborð korns í þeim rýmum myndi 25° horn við láréttan flöt.

## 4. hluti

**Áætlað hallavægi vanfylltra rýma.**4.1. **Almenn ákvæði.**

Þegar ekki eru gerðar þær ráðstafanir, sem um getur í 6. grein 1. kafla til þess að koma í veg fyrir skrið korns í vanfylltum rýmum, skal við útreikninga á hallavægi þeirra gera ráð fyrir, að yfirborðsflötur kornsins í þeim rýmum, myndi 25° horn við láréttan flöt, eftir að það hefur runnið til. Jafnframt skal auka reiknað hallavægi hvers rýmis um 12% vegna þeirra áhrifa, sem skrið kornsins hefur á hallavægið.

4.2. **Ósamfelld langskipsskilrúm.**

Í þeim rýmum, þar sem langskipsskilrúm ná ekki samfelld milli þverskipsskilrúma, skulu lengdir þeirra, í þeim tilvikum þegar langskipsskilrúmin teljast vera fullnægjandi til að hindra skrið kornsins í allri breidd rýmisins, talin vera raunveruleg lengd að frádregnum  $\frac{2}{7}$  hlutum þverskipsfjarlægðar milli langskipsskilrúma, eða langskipsskilrúms og síðu, ef sú fjarlægð er stærri.

Sú leiðrétting, sem hér um ræðir, nær ekki til tómarýma í undirlestum þegar fleiri lestarrými mynda eina heild, hvort heldur sem efra rýmið er fyllt eða vanfyllt. Um meðferð slíkra tómarýma skal fara eftir ákvæðum greinar 2.3.1.

## 5. hluti

**Fyrirkomulag í lestum eldri skipa.**5.1. **Almenn ákvæði.**

5.1.1. Heimilt er að veita skipum, sem kjölur var lagður að fyrir 25. maí 1980, undanþágu frá ákvæðum hluta 1.2.3 og 4, ef ákvæðum þessa hluta 2. kafla er fullnægt.

5.1.2. Stöðugleiki þeirra skipa, sem lestur eru í samræmi við ákvæði greina 5.2 og 5.3 hér að neðan, skal að minnsta kosti talinn jafngildi þess, að ákvæðum greinar 4.2 í 1. kafla sé fullnægt.

Viðurkenningarskírteini, sem heimila hleðslu samkvæmt ákvæðum greina 5.2 og 5.3, skulu, með hliðsjón af ákvæðum 10. gr. 1. kafla, teljast fullnægjandi.

5.2. **Lestun korns í skip með sérstakt lestarfyrirkomulag.**

5.2.1. Skipum, sem búin eru tveim eða fleiri lóðréttum eða skásettum kornþéttum langskipsskilrúmum, er, án tillits til ákvæða annarra hluta þessa kafla, heimilt að flytja laust korn að því tilskildu, að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:

1. Langskipsskilrúm skulu staðsett þannig, að þau dragi verulega úr þeim áhrifum, sem skrið kornsins ella hefði í för með sér.
2. Hleðslurými og önnur rými hlaðin lausu korni, skulu, að svo miklu leyti, sem því verður með nokkru móti við komið, vera full og yfirborð þeirra jafnað.
3. Skipið skal, á meðan á ferð þess stendur, ekki hafa meiri slagsíðu en 5° í neinum tilteknum hleðslutilvikum, þegar:
  - Jafnað yfirborð korns í fylltum hleðslurýmum eða öðrum rýmum lækkar vegna 2% rúmmálsrýrnunar kornsins og yfirborðið myndar, vegna skriðs, 12° horn við upphaflegt yfirborð innan þeirra skilrúma, sem mynda minna en 30° horn við láréttan flöt.
  - Óheft yfirborð vanfylltra hleðslurýma og annarra rýma, lækkar og skriður á sama hátt og um getur hér að ofan. Heimilt er þó að gera kröfu um meira en 12° skriðhalla, ef slíkt, að mati Siglingamálastofnunar er talið eðlilegt.

— Yfirborð korns, sem varningur hfur verið lagður yfir skriður til og myndar 8° horn við upphaflega legu.

Líta ber svo á, að kornskilrúm takmarki skrið korns, sé því komið fyrir á fullnægjandi hátt.

4. Skipstjóri skal hafa í vörslu sinni kornhleðsluleiðbeiningar, þar sem í er að finna viðurkennd hleðslutilvik, hleðslufyrirkomulag og leiðbeiningar um frágang á kornfarmi. Leiðbeiningarnar skulu, auk kornstöðugleikaútreikninga og teikninga af fyrirkomulagi lestarbúnaðar, hafa hlotið samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Stöðugleikaútreikningarnir skulu gera fullnægjandi grein fyrir þeim tilteknu hleðslutilvikum, sem útreikningar, vegna ákvæða 5.2.1.3, byggjast á.

### 5.3. Skip án viðurkenningarskírteinis.

5.3.1. Skip, sem ekki geta framvísað viðurkenningarskírteini útgefnu samkvæmt ákvæðum 4. og 10. greinar kafla 1., hafa heimild til að flytja laust korn, ef það er gert í fullu samræmi við ákvæði greinar 5.2, hér að ofan, eða að því tilskildu að:

1. Öll fyllt rými séu búin miðskilrúmum, sem nái milli endaskilrúma frá neðri brún efra þilfars eða lestarlúgu niður í kornfarminn, sem nemur 1/8 hluta af mestu breidd rýmisins eða 2.4 metrum, allt eftir því, hvort dýpra er. Skálar, sem útbúnar eru í samræmi við ákvæði kafla 4 í hluta C, má samþykkja í stað miðskilrúms í og undir lestarreisnum.
2. Allar lúgur að fylltum rýmum séu lokaðar og skálkaðar.
3. Óheft yfirborðs korns í vanfylltum rýmum sé jafnað og frá því gengið í samræmi við ákvæði 2. hluta í kafla 3.
4. Að metasenter hæð skipsins, á meðan á ferð skipsins stendur, sé við hin ýmsu hleðslutilvik, eftir að hún hefur verið leiðrétt vegna áhrifa óhefts yfirborðs vökva í geymum, hvergi minni en það gildi, sem fæst út úr eftirfarandi jöfnu:

$$GM_R = \frac{L \times B \times D(0.25B - 0.645 \sqrt{D \times B})}{HS \times \Delta \times 0.0876}$$

þegar:

— L er samanlögð heildarlengd allra fylltra rýma.

— B er breidd skips að ytri brún banda.

— HS er hleðslustuðull (stowage factor).

— D er reiknuð meðaldýpt tómarýma í samræmi við ákvæði 1. hluta þessa kafla.

— Δ er særými skips við hin ýmsu hleðslutilvik.

GM<sub>R</sub> skal þó aldrei vera minni en 0.3 metrar.

## 3. KAFLI

### Fyrirkomulag og frágangur kornfarms.

#### 1. hluti: Styrkleiki og frágangur lestarbúnaðar.

1. Almenn ákvæði.
2. Skilrúm fyrir tvíhliða álag.
3. Skilrúm fyrir einhliða álag.
4. Skálar (saucers).
5. Frágangur á lestarlúgum fylltra rýma.

#### 2. hluti: Frágangur vanfylltra rýma.

6. Afstífungur með surringum.
7. Yfirhleðsla.
8. Sekkjað korn.

## 1. hluti

**Styrkleiki og frágangur lestarbúnaðar.**1. **Almenn ákvæði.**1.1. **Tréviður.**

1.1.1. Allur viður, sem nota skal við kornflutninga, skal vera heill og góður og af tegund og gæðaflokk, sem viðurkenndur er sem fullnægjandi í þeim tilgangi. Efnismál viðarins skulu, eftir að hann hefur verið unninn í rétt mál, ekki vera minni en þau efnismál, sem krafist er samkvæmt reglum þessum.

Unnt er að fallast á notkun vatnshelds krossviðar, sem límdur hefur verið saman með vatnsþolnu lími, að því tilskyldu, að styrkur hans sé ekki minni en reglur þessar kveða á um. Skal krossviðnum þannig fyrir komið, að lega viðarins í ystu lögum hans sé hornrétt á uppistöður.

1.2. **Hönnunarálag.**

1.2.1. Þegar ákvarða skal efnisþykktir skilrúma, sem ætluð eru fyrir einhliða álag, með hliðsjón af töflum í 3. hluta þessa kafla, skal miða við eftirfarandi hönnunarálag:

Skilrúm gerð úr stáli: 2000 kg/cm<sup>2</sup>

Skilrúm gerð úr tré: 160 kg/cm<sup>2</sup>

1.3. **Önnur efni.**

1.3.1. Heimilt er að nota önnur efni en stál og tré til notkunar í skilrúm að því tilskildu, að fullt tillit sé tekið til efniseiginleika þeirra.

1.4. **Uppistöður (Uprights).**

1.4.1. Hverja uppistöðu skal festa tryggilega í báða enda. Skal dýpt endafestinga vera minnst 75 mm, nema þær séu þannig úr garði gerðar, að endar uppistöðu geti alls ekki losnað úr sæti sínu. Ef ekki er unnt að festa efri enda uppistöðu á tilhlýðilegan hátt, skal hún fest með stagi eða skástífu eins nærri efri brún uppistöðu og mögulegt er.

1.4.2. Sé fyrirkomulag kornskilrúms þannig, að fjarlægja þurfi hluta af uppistöðu, til að geta komið kornskilrúminu fyrir, skal tryggja að spenna í efninu verði hvergi óhóflega mikil.

1.4.3. Við útreikninga á þeirri mestu beygjuspennu, sem myndast getur í uppistöðu á skilrúmi með einhliða álag, skal að jafnaði gera ráð fyrir, að uppistöðurnar séu laust bundnar til endanna.

Leiði tiltekinn frágangur á endafestingu uppistöðu í reynd til fastari endabindingar, má í útreikningum taka tillit til þeirra áhrifa, sem endabindingin hefur á beygjuspennu uppistöðunnar.

1.5. **Samsett skilrúm.**

1.5.1. Í þeim tilvikum, þegar uppistöður, bitar og aðrar styrktareiningar eru myndaðar úr samsettum einingum, einni á hverri hlið skilrúms og einingarnar eru bundnar saman með gegnumgangandi boltum með hæfilegu millibili, telst mótstöðuvægi þeirra vera samanlagt mótstöðuvægi hverrar einingar fyrir sig.

1.6. **Rofin skilrúm.**

1.6.1. Í þeim tilvikum, þegar neðri brún skilrúms nær ekki niður að botni lestar, skulu skilrúmin og uppistöðurnar styrktar þannig, að þær hafi jafnan styrk á við skilrúm, sem nær að botni lestar.



## 2. Skilrúm fyrir tvíhliða álag.

### 2.1. Kornskilrúm.

- 2.1.1. Kornskilrúm skulu vera minnst 50 mm að þykkt, kornþétt og styrkt með uppistöðum, sé slíkt álitid nauðsynlegt.
- 2.1.2. Mesta óstudda haf milli styrktarstoða á kornskilrúmi skal vera sem hér segir:

Þykkt skilrúms	Mesta leyfilega fjarlægð milli styrktarstoða
50 mm	2.5 m
60 mm	3.0 m
70 mm	3.5 m
80 mm	4.0 m

Sé þykkt skilrúms meiri en 80 mm, skal auka mestu leyfilegu fjarlægð milli styrktarstoða í réttu hlutfalli við þykktaraukninguna.

- 2.1.3. Endar allar kornskilrúma skulu hvíla á minnst 75 mm djúpum burðarfleti.

### 2.2. Önnur efni.

- 2.2.1. Skilrúm úr öðru efni en tré, skulu hafa styrkleika til jafns á við styrkleika tréskilrúma, eins og greint er frá í grein 1.2.1.

### 2.3. Uppistöður (Uprights)

- 2.3.1. Mótstöðuvægi stáluppistaða, sem notaðar eru til styrkingar á kornskilrúmum gerðum yfir tvíhliða álag, skal ekki vera minna en;

$$W = a \times W_1$$

$$W = \text{mótstöðuvægi í cm}^3$$

$a$  = lárétt fjarlægð milli uppistaða í metrum.

$W_1$  = mótstöðuvægi pr. metra.

Mótstöðuvægi kornskilrúmsins pr. metra þess, skal ekki vera minna en eftirfarandi jafna segir til um:

$$W_1 = 14.8 (h_1 - 1.20) \text{ cm}^3 \text{ pr. metra}$$

þar sem

$h_1$  er lóðrétt óstutt haf uppistöðu í metrum, þ. e. annað hvort fjarlægðir milli tveggja staga eða milli stags og endafestingar.  $h$  skal aldrei vera minna en 2.4 metrar.

- 2.3.2. Minnsta mótstöðuvægi tréuppistaða skal fundið með því að margfalda tilskilið mótstöðuvægi stáluppistaða með 12.5, séu önnur efni notuð í uppistöður, skal mótstöðuvægi þeirra vera að minnsta kosti það, sem krafist er fyrir stál margfaldað með hlutfallinu milli mestu leyfilegu spennu í stáli og spennu í því efni, sem notað er. Í þeim tilvikum skal einnig taka tillit til stífleika efnisins í þeim tilgangi að tryggja, að sveigja (deflection), verði ekki of stór.

- 2.3.3. Mesta lárétta fjarlægð milli uppistaða, skal ekki vera meiri en mesta leyfilega fjarlægð milli styrktarstoða, eins og hún er tilgreind í grein 2.1.2.

### 2.4. Skástífur (Shores).

- 2.4.1. Skástífur úr tré skulu vera í einum hluta og gerðar úr góðum efniviði. Þeim skal fest tryggilega í báða enda og skorða við fasta hluta skipsins, aðra en byrðingsplötur þess.

- 2.4.2. Minnstu efnismál skástífa úr tré skulu, ef ekki er gerð krafa um annað í ákvæðum greina 2.4.3 og 2.4.4, vera sem hér segir:

Lengd skástífu (metrar)	Rétthyrnt þversnið mm	Hringlaga þversnið. þvermál mm
undir 3 m	150 × 100	140
3 — 5 m	150 × 150	165
5 — 6 m	150 × 150	180
6 — 7 m	200 × 150	190
7 — 8 m	200 × 150	200
8 m og meira	200 × 150	215

Séu skástífur 7 metrar að lengd eða lengri, skal tengja þær saman með langbandi við miðja lengd á þann hátt, sem fullnægjandi getur talist.

2.4.3. Ákvæði greinar 2.4.2. gilda um skástífur, þar sem lárétt fjarlægð á milli uppistaða er minni en 4 metrar. Sé fjarlægð milli uppistaða meiri en 4 metrar, skal auka tregðuvægi skástífaflanna hlutfallslega.

2.4.4. Þegar halli skástífu, miðað við láréttan flöt, er meiri en 10°, skal auka efnismál hennar upp í næstu stærð samkvæmt grein 2.4.2. Skástífa skal aldrei mynda meira en 45° halla við láréttan flöt.

## 2.5. Stög (Stays).

2.5.1. Í þeim tilvikum, þegar stög eru notuð til að styrkja og afstífa skilrúm, sem gerð eru fyrir tvíhliða álag, skulu stögin vera lárétt eða eins lárétt og við verður komið. Stögin skulu vera úr stálvír, sem tryggilega er fest í báða enda. Sverleiki vírsins ákvarðast með því að gera ráð fyrir, að þilin og uppistöðurnar, sem stögin stífa af, verði fyrir jöfnu álagi, sem nemi 500 kg/m<sup>2</sup>. Við þetta álag skal spenna í stöginu ekki vera meiri en sem nemur 1/3 af brotþoli vírsins.

## 3. Skilrúm fyrir einhliða álag.

### 3.1. Langskipsskilrúm.

3.1.1. Við útreikninga á styrkleika langskipsskilrúms, skal gera ráð fyrir eftirfarandi álagi í kg fyrir hvern lengdarmetra skilrúms:

TAFLA I.  
B (m)

h (m)	2	3	4	5	6	7	8	10
1.5	850	900	1010	1225	1500	1770	2060	2645
2.0	1390	1505	1710	1985	2296	2605	2930	3590
2.5	1985	2160	2430	2740	3090	3435	3800	4535
3.0	2615	2845	3140	3500	3885	4270	4670	5480
3.5	3245	3525	3870	4255	4680	5100	5540	6425
4.0	3890	4210	4590	5051	5475	5935	6410	7370
4.5	4535	4890	5310	5770	6270	6765	7280	8315
5.0	5185	5570	6030	6530	7065	7600	8150	9260
6.0	6475	6935	7470	8045	8655	9265	9890	11150
7.0	7765	8300	8910	9560	10245	10930	11630	13040
8.0	9055	9665	10350	11075	11835	12595	13370	14930
9.0	10345	11030	11790	12590	13425	14260	15110	16820
10.0	11635	12395	13230	14105	15015	15925	16850	18710

$h$  = hæð kornfarms frá neðri brún skilrúms í metrum.

$B$  = breidd viðkomandi rýmis í metrum.

Fyrir önnur gildi á  $h$  og  $B$ , skal álagið fundið með línulegri nálgun.

- 3.1.2. Þegar fjarlægð frá skilrúmi að fæðirás eða lestarreisin er 1 meter eða minna, skal hæðin  $h$  mælast að yfirborði kornsins inn í dreifirásinni eða lestarreisininni. Í öllum öðrum tilvikum skal hæðin mælast að næsta þilfari ofan við skilrúmið.

### 3.2. Þverskipsskilrúm.

- 3.2.1. Við útreikninga á styrkleika þverskipsskilrúms, skal gera ráð fyrir eftirfarandi álagi í kg. fyrir hvern lengdarmeter skilrúms.

TAFLA II.

L (m)

$h$ (m)	2	3	4	5	6	7	8	10	12	14	16
1.5	670	690	730	780	835	890	935	1000	1040	1050	1050
2.0	1040	1100	1170	1245	1325	1400	1470	1575	1640	1660	1660
2.5	1460	1565	1675	1780	1880	1980	2075	2210	2285	2305	2305
3.0	1925	2065	2205	2350	2470	2590	2695	2845	2925	2950	2950
3.5	2425	2605	2770	2930	3075	3205	3320	3480	3570	3595	3595
4.0	2950	3160	3355	3535	3690	3830	3950	4120	4210	4235	4240
4.5	3495	3725	3940	4130	4295	4440	4565	4750	4850	4880	4885
5.0	4050	4305	4535	4735	4910	5060	5190	5385	5490	5525	5530
6.0	5175	5465	5720	5945	6135	6300	6445	6655	6775	6815	6825
7.0	6300	6620	6905	7150	7365	7445	7700	7930	8055	8105	8115
8.0	7425	7780	8090	8360	8590	8685	8950	9200	9340	9395	9410
9.0	8550	8935	9275	9565	9820	9930	10205	10475	10620	10685	10705
10.0	9680	10095	10460	10770	11045	11270	11460	11745	11905	11975	11997

$h$  = hæð kornfarms frá neðri brún skilrúms í metrum.

$L$  = lengd viðkomandi rýmis í metrum.

Fyrir önnur gildi á  $h$  og  $L$ , skal álagið fundið með línulegri nálgun.

- 3.2.2. Sjá grein 3.1.2.

### 3.3. Lóðrétt álagsdreifing.

- 3.3.1. Ef nauðsynlegt þykir, má líta svo á, að álag á lengdareiningu skilrúms, samkvæmt töflum I og II hér að framan, hafi lóðrétta álagsdreifingu, sem sé trapisulöguð. Í slíkum tilvikum eru tengikraftar, (reaction loads), við efri og neðri enda þilsins ekki jafnir. Gera skal ráð fyrir, að tengikraftur í efri enda þilsins sé ákveðið hlutfall af því heildarálagi, sem hvílir á skilrúminu, eins og sýnt er í töflum III og IV hér að neðan.

TAFLA III. LANGSKIPSSKILRÚM FYRIR EINHLIÐA ÁLAG.  
B (m)

h	2	3	4	5	6	7	8	10
1.5	43.3	45.1	45.9	46.2	46.2	46.2	46.2	46.2
2	44.5	46.7	47.6	47.8	47.8	47.8	47.8	47.8
2.5	45.4	47.6	48.6	48.6	48.6	48.6	48.6	48.6
3	46.0	48.3	49.2	49.4	49.4	49.4	49.4	49.4
3.5	46.5	48.8	49.7	49.8	49.8	49.8	49.8	49.8
4	47.0	49.1	49.9	50.1	50.1	50.1	50.1	50.1
4.5	47.4	49.4	50.1	50.2	50.2	50.2	50.2	50.2
5	47.7	49.4	50.1	50.2	50.2	50.2	50.2	50.2
6	47.9	49.5	50.1	50.2	50.2	50.2	50.2	50.2
7	47.9	49.5	50.1	50.2	50.2	50.2	50.2	50.2
8	47.9	49.5	50.1	50.2	50.2	50.2	50.2	50.2
9	47.9	49.5	50.1	50.2	50.2	50.2	50.2	50.2
10	47.9	49.5	50.1	50.2	50.2	50.2	50.2	50.2

B = Breidd viðkomandi rýmis.

Fyrir önnur gildi á h og B, skal álagið fundið með línulegri nálgun.

TAFLA IV. ÞVERSKIPSSKILRÚM FYRIR EINHLIÐA ÁLAG.  
Tengikraftar efri enda, sem hlutfall af álagi (frá töflu II.) í prósentum.  
L(m)

h (m)	2	3	4	5	6	7	8	10	12	14	16
1.5	37.3	38.7	39.7	40.6	41.4	42.1	42.6	43.3	44.3	44.8	45.0
2	39.6	40.6	41.4	42.1	42.7	43.1	43.6	44.3	44.7	45.0	45.2
2.5	41.0	41.8	42.5	43.0	43.5	43.8	44.2	44.7	45.0	45.2	45.2
3	42.1	42.8	43.3	43.8	44.2	44.5	44.7	45.0	45.2	45.3	45.3
3.5	42.9	43.5	43.9	44.3	44.6	44.8	45.0	45.2	45.3	45.3	45.3
4	43.5	44.0	44.4	44.7	44.9	45.0	45.2	45.4	45.4	45.4	45.4
5	43.9	44.3	44.6	44.8	45.0	45.2	45.3	45.5	45.5	45.5	45.5
6	44.2	44.5	44.8	45.0	45.2	45.3	45.4	45.6	45.6	45.6	45.6
7	44.3	44.6	44.9	45.1	45.3	45.4	45.5	45.6	45.6	45.6	45.6
8	44.3	44.6	44.9	45.1	45.3	45.4	45.5	45.6	45.6	45.6	45.6
9	44.3	44.6	44.9	45.1	45.3	45.4	45.5	45.6	45.6	45.6	45.6
10	44.3	44.6	44.9	45.1	45.3	45.4	45.5	45.6	45.6	45.6	45.6

L = lengd viðkomandi rýmis.

Fyrir önnur gildi á h og L, skal álagið fundið með línulegri nálgun.

- 3.3.2. Styrkur endasamskeyta á lóðréttum skilrúmunum og uppistöðum, skal vera fullnægjandi til að þola það hámarksálag, sem ætla má, að upp kunnir að koma við endana. Þetta álag er sem hér segir:

**Langskipsskilrúm:**

Mesta álag við efri enda: 50% af því heildarálagi, sem um ræðir samkvæmt töflu I.

Mesta álag við neðri enda: 55% af því heildarálagi, sem um ræðir samkvæmt töflu I.

**Þverskipsskilrúm:**

Mesta álag við efri enda: 45% af því heildarálagi, sem um ræðir samkvæmt töflu II.

Mesta álag við neðri enda: 60% af því h eildarálagi, sem um ræðir samkvmt töflu II.

Þykkt láréttra tréborða má einnig finna með því að taka tillit til hinnar lóðréttu álagsdreifingar frá töflum III og IV og skal hún þá ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast af eftirfarandi jöfnu:

$$t = 10 a \sqrt{\frac{p \times k}{h \times 213.3}}$$

þar sem:

t = borðþykkt í mm

a = lárétt óstutt haf borðsins, þ. e. fjarlægðin á milli uppistaða í metrum.

h = hæð korns frá neðri brún skilrúms.

p = heildarálag í kg/meter frá töflum I og II.

k = stuðull, sem háður er álagsdreifingunni.

Þegar gera má ráð fyrir, að lóðrétt álagsdreifing sé jöfn, þ. e. a. s. réttthyrnd, skal k álitid vera 1.0.

Þegar gera má ráð fyrir, að álagsdreifingin sé trapisulaga, skal k fá eftirfarandi gildi:

$$k = 1.0 + 0.06 (50 - R).$$

þar sem:

R er efri tengikraftur frá töflu III eða IV.

### 3.4. Stög og skástífur.

3.4.1. Efnisstærðir staga og skástífa skulu valdar þannig, að það álag, sem fundið hefur verið í töflum I og II, sé minna en þriðjungur af brotþoli þeirra.

### 4. Skálar (Saucers).

4.1. Þegar skálar eru notaðar til að minnka hallavægi fylltra rýma, skal dýpt skálarinnar vera minnst sem hér greinir:

Skip með breidd milli ytri brúna banda allt að 9.1 metra: 1.2 metrar

Skip með breidd milli ytri brúna banda yfir 18.3 metra: 1.8 metrar

Fyrir skip með breidd milli ytri brúna banda milli 9.1 og 18.3 metra, skal dýpt skálar fundin með línulegri nálgun.

4.2. Op skálarinnar skal mynduð af skipshlutum undir þilfari við lúguop þ. e. a. s. langbitum, körmum og lúguendabítum. Skálina og lestarreism skal fylla með sekkjuðu korni eða öðrum nothæfum farmi. Undir farminn skal leggja segldúk til aðgreiningar frá lausa korninu og skoða farminn vel milli einstakra skipshluta og skerstockanna, séu þeir til staðar.

### 5. Frágangur á lestarlúgum fylltra rýma.

5.1. Sé ekki sekkjað korn eða annar farmur settur ofan á laust korn í fylltu rými, skal lestarlúgum fest tryggilega með þeim hætti, sem Siglingamálastofnunin telur fullnægjandi. Við viðurkenningu á slíkum festibúnaði, skal taka tillit til þunga og gerðar þess búnaðar, sem nota á í þeim tilgangi. Í slíkum tilvikum skal í viðurkenningarskjali því, sem getið er um í grein 10 í 1. kafla, greina frá því með hvaða hætti gengið skuli frá lestarlúgunum.

## 2. hluti

**Frágangur vanfylltra rýma.****6. Afstífungar með surringum.**

6.1. Þegar surringarbúnaður er notaður í vanfylltum rýmum til þess að koma í veg fyrir skrið korns í lestum skipa, skal fyrirkomulag og frágangur farmsins vera sem hér segir:

- 6.1.1. Yfirborðsflötur kornsins skal jafnaður og segldúkur eða önnur ábreiða, sem fullnægjandi getur talist, lögð yfir.
- 6.1.2. Sé ábreiðan ekki nógu stór til að þekja allt yfirborð kornsins, má nota fleiri ábreiður. Skulu jaðrar ábreiðanna þá leggjast yfir hvor aðra, skarast, í breidd sem nemur minnst 1.8 metrum.
- 6.1.3. Yfir ábreiðuna skal síðan leggja tvö þétt lög af góðum borðvið. Skulu borðin vera a. m. k. 25 mm þykk og 150 — 300 mm breið. Efra lagið skal leggja í langskipsstefnu og neгла við neðra lagið, sem lagt er í þverskipsstefnu. Í stað þessa fyrirkomulags má leggja eitt lag 50 mm borðviðar í langskipsstefnu sem negl er við 50 mm breiða og 150 mm djúpa þverskipsbita. Þverskipsbitarnir skulu vera heilir yfir fulla breidd rýmisins og skal fjarlægð milli þeirra hvergi vera meiri en 2.4 metrar. Notkun annarra efna en viðar er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 6.1.4. Í surringar má nota 19 mm stálvír, tvöföld stálbönd með minnst 5000 kg brotþol eða keðju með hliðstæðan styrkleika. Surringarbúnaður skal strekktur með 32 mm skrúfuþvingu. Sérstaka vindustrekkjara með stopparmi má nota til trekkinga á stálböndum, ef unnt er að herða á böndunum eftir þörfum. Endafestingum stálbanda skal fest við böndin með a. m. k. 3 hnoðum (crip seats) í hverjum enda. Lykkjur á stálvírum skulu útbúnar með a. m. k. 3 víralásur í hvorum enda.
- 6.1.5. Surringarbúnaðinn skal festa tryggilega við bönd eða þil skipsins með 25 mm lás eða öðrum tilsvareandi búnaði. Skal festibúnaðinum komið fyrir 450 mm undir væntanlegu yfirborði kornsins eftir að lestun er lokið.
- 6.1.6. Mesta fjarlægð milli surringa skal ekki vera meira en 2.4 metrar.
- 6.1.7. Surringar skulu athugaðar reglulega meðan á ferð skipsins stendur og strekktar ef þess gerist þörf.

**7. Yfirhleðsla.**

7.1. Þegar sekkjuðu korni eða öðrum hentugum farmi er komið fyrir ofan á lausu korni í vanfylltu rými í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skrið kornsins, skal yfirborð kornsins jafnað og yfir það breiddur segldúkur eða önnur ábreiða, sem fullnægjandi getur talist. Í stað segldúks má nota fleka, sem gerðir eru úr bitum með 1.2 metra millibili og 25 mm borðviði með 100 mm millibili. Nota má önnur efni með sérstöku samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

**8. Sekkjað korn.**

8.1. Sekkjað korn skal vera í góðum og traustum sekkjum. Sekkirnir skulu vera fullir og tryggilega gengið frá opi þeirra.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 52 frá 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 2. júní 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*

# REGLUR

## um smíði og búnað íslenskra skipa.

### HLUTI C

Reglur um skoðun vöruflutningaskipa og útgáfu öryggisskírteina.

#### EFNISYFIRLIT

1. gr. Gildissvið
2. gr. Skilgreiningar
3. gr. Skoðanir
4. gr. Útgáfa skírteina
5. gr. Eftirlit
6. gr. Gildistaka

#### 1. gr.

##### Gildissvið

- 1.1. Nema annað sé skýrt tekið fram, skulu reglur þessar ná til allra vöruflutningaskipa 500 brl. og stærri, sem sigla á alþjóðasiglingaleiðum.
- 1.2. Ákvæði í reglum þessum, sem varða útgáfu öryggisskírteinis um smíði vöruflutningaskipa og viðeigandi skoðanir, skulu einnig ná til skjólþílfarsvöruflutningaskipa, sem hafa tvöfalt mælibréf og mælast meira en 500 brl. lokuð, ef kjölur hefur verið lagður að þeim eftir 26. maí 1965.

#### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í reglum þessum eru eftirfarandi orð og hugtök skilgreind sem hér segir:

- 2.1. SOLAS 74: Alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafninu, sem undirrituð var á fundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) 1. nóvember 1974 og sem gildi tók alþjóðlega þann 25. maí 1980. Samþykkt þessi leysti af hólmi hliðstæða samþykkt frá 1960. Ákvæði samþykktarinnar hafa síðan tvívegis verið endurskoðuð, annars vegar SOLAS-protocol 1978, sem tók gildi 1. maí 1981 og hins vegar SOLAS-amendments 1981, sem væntanlega munu taka gildi 1. september 1984.
- 2.2. Nýtt skip: Skip, sem kjölur er lagður að eða var á svipuðu byggingastigi eftir 25. maí 1980.
- 2.3. Gamalt skip: Skip, sem ekki er nýtt.
- 2.4. Vöruflutningaskip: Öll skip, sem skráð eru sem vöruflutningaskip eða olíuskip.

#### 3. gr.

##### Skoðanir

- 3.1. Við skoðun vöruflutningaskipa skal sjá til þess að öllum viðeigandi ákvæðum SOLAS 74 og viðeigandi ákvæðum í reglum um smíði og búnað íslenskra skipa sé fullnægt.
- 3.2. Auk þess sem skoðun skal fara fram þegar nýtt skip er tekið í notkun, skal árleg skylduskoðun til endurnýjunar á skírteinum þeim, sem getið er um í greinum 4.1.2 og 4.1.3. fara fram áður en viðkomandi öryggisskírteini falla úr gildi.

- 3.3. Skoðanir til endurnýjunar á öryggisskírteini um smíði vöruflutningaskipa skulu gerðar eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.
- 3.4. Skoðanir til endurnýjunar á öryggisskírteinum þeim, sem getið er um í greinum 4.1.1, 4.1.2 og 4.1.3., skulu gerðar af starfsmönnum Siglingamálastofnunar ríkisins eða öðrum þeim, sem til þess hafa fengið sérstakt umboð siglingamálastjóra.
- 3.5. Verði eftirlitsmaður var við að skip fullnægi ekki settum reglum, skal hann rita athugasemd þar um í eftirlitsbók skipsins, auk þess sem yfirmanni á vakt skal gert viðvart, sé hann til staðar. Sé álitnið að skipi eða áhöfn sé af þeim orsökum hættu búin, skal nýtt öryggisskírteini ekki gefið út fyrir en gerðar hafa verið þær ráðstafanir sem tryggja öryggi skips og áhafnar á viðunandi hátt.
- 3.6. Eftir að skip hefur verið skoðað samkvæmt reglum þessum, má engar breytingar á því gera, sem varða öryggi skips og áhafnar, nema með samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 3.7. Skipstjóri skal sjá til þess að öryggisbúnaði skipsins sé ávallt vel við haldið milli skoðana, að fyrirskipaðar skoðanir séu gerðar og æfingar haldnar, þannig að tryggt sé að búnaður þess sé ávallt í fullkomnu lagi.
- 3.8. Verði skip fyrir óhappi eða komi í ljós galli, sem áhrif hefur á öryggi skips eða áhafnar, skal skipstjóri tilkynna Siglingamálastofnuninni um atvikið eins fljótt og mögulegt er.

#### 4. gr.

#### Útgáfa skírteina

- 4.1. Vöruflutningaskip, sem reglur þessar ná til, skulu hafa um borð eftirfarandi skírteini útgefin samkvæmt ákvæðum SOLAS 74:
  - 4.1.1. **Öryggisskírteini um smíði vöruflutningaskips**  
(Cargo Ship Safety Construction Certificate)  
Öryggisskírteini þetta má því aðeins gefa út og láta af hendi, að viðkomandi skip fullnægi öllum viðeigandi ákvæðum í kafla II-1 og II-2 í SOLAS 74, ef undan eru skilin ákvæði um lausan slökkvibúnað. Skírteinið má gefa út til 5 ára hið mesta.
  - 4.1.2. **Skírteini fyrir öryggisbúnað vöruflutningaskips**  
(Cargo Ship Safety Equipment Certificate)  
Öryggisskírteini þetta má því aðeins gefa út og láta af hendi, að viðkomandi skip fullnægi öllum viðeigandi ákvæðum III. kafla SOLAS 74, ákvæðum um lausan slökkvibúnað og ákvæðum um siglingatæki og siglingamerki. Skírteinið má aðeins gefa út til eins árs í senn.
  - 4.1.3. **Öryggisskírteini fyrir loftskæptastöðvar vöruflutningaskips**  
(Cargo Ship Safety Radiotelegraphy Certificate)  
**Öryggisskírteini fyrir talstöðvar vöruflutningaskips**  
(Cargo Ship Radiotelephony Certificate)  
Öryggisskírteini þessi má því aðeins gefa út og láta af hendi, að viðkomandi skip fullnægi öllum viðeigandi ákvæðum IV. kafla SOLAS 74. Skírteinið má aðeins gefa út til eins árs í senn.
- 4.2. Gildistíma þeirra skírteina sem getið er um í greinum 4.1.2 og 4.1.3. má framlengja, ef viðkomandi skip er staðsett erlendis þegar gildistími þeirra rennur út og skoðun á því þar verður ekki við komið. Gildistímann má þó aðeins framlengja til þess tíma sem nauðsynlegur er til að skipið komist til hafnar þar sem skoðun getur farið fram. Gildistíma þessara skírteina má þó aldrei framlengja til lengri tíma en þriggja mánaða. Gildistíma skírteinis þess, sem getið er um í grein 4.1.1. má aldrei



- framlengja til lengri tíma en svo að meira en 5 ár líði milli skoðana. Hafi gildistími skírteinis verið framlengdur, má viðkomandi skip ekki láta úr íslenskri höfn fyrir en skírteinið hefur verið endurnýjað.
- 4.3. Hafi skip, sem reglur þessar ná til, ekki eitthvert þeirra skírteina er að ofan greinir, eða sé eitthvert þeirra fallið úr gildi, skal líta svo á að haffærisskírteini viðkomandi skips sé úr gildi fallið.
- 4.4. Hafi Siglingamálastofnun ríkisins á grundvelli heimildar í ákvæðum SOLAS 74 veitt vöruflutningaskipi undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar, sem fullnægja þarf til að öðlast áður nefnd öryggisskírteini, skal stofnunin gefa út sérstakt undanþáguskírteini, (Exemption Certificate).  
Undanþáguskírteinið skal bera með sér í hverju undanþágan sé fólgin og til hve langs tíma hún sé veitt. Skírteinið má ekki gilda til lengri tíma en viðkomandi öryggisskírteini.
- 4.5. Skírteini þau er að ofan greinir skulu gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins eða öðrum þeim, sem til þess hefur fengið sérstakt umboð siglingamálastjóra.
- 4.6. Skírteini, sem gefin hafa verið út samkvæmt ákvæðum SOLAS 1960 og í gildi eru við gildistöku þessara reglna, skulu halda gildi sínu, þar til gildistími þeirra rennur út.
- 4.7. Öll öryggisskírteini og undanþáguskírteini, ef einhver eru, skal ramma inn á áberandi og aðgengilegum stað í skipinu.

#### 5. gr.

##### Eftirlit

- 5.1. Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins geta hvenær sem er farið um borð í íslensk og erlend skip í íslenskri lögsögu og krafist þess að fá að sjá öryggisskírteini þau, sem getið er um í 4. grein.
- 5.2. Séu öll skírteini viðkomandi skipa í gildi, skulu þau talin fullnægjandi staðfesting þess að skipið og búnaður þess fullnægi viðeigandi ákvæðum SOLAS 74, nema ástæða sé til að ætla, að svo sé ekki.
- 5.3. Séu skírteinin, eitt eða fleiri, úr gildi fallin eða ástæða til að ætla, að viðkomandi skip fullnægi ekki viðeigandi ákvæðum SOLAS 74, skal lagt bann við að skipið sé í förum þar til skoðun hefur verið gerð á skipinu. Sé um erlent skip að ræða, skal jafnframt tilkynna yfirvöldum þess lands, sem skipið er skráð í, um atburðinn.

#### 6. gr.

##### Gildistaka

- 6.1. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 52, 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur um útgáfu öryggisskírteina um smíði vöruflutningaskipa nr. 4, 11. janúar 1967.

*Samgönguráðuneytið, 2. júní 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUR

### um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar\*

1. gr. Gildissvið
2. gr. Um hafis, reköld og annað, sem hættulegt getur verið skipum á siglingu þeirra
3. gr. Veðurathuganir
4. gr. Um aðstoð við nauðstadda
5. gr. Merkjagjafir við björgun úr sjávarháska
6. gr. Lóðsstigi
7. gr. Um notkun sjálfstýringar og prófun stýrisbúnaðar
8. gr. Gildistaka

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

- 1.1. Sé ekki annað skýrt tekið fram, gilda reglur þessar um öll skip á öllum siglingaleiðum, nema um herskip og um skip, sem sigla á vötnum Norður-Ameríku.

#### 2. gr.

##### Um hafis, reköld og annað, sem hættulegt getur verið skipum á siglingu þeirra.

#### 2.1. Skyldur skipstjórnarmanna.

- 2.1.1. Sérhver skipstjórnarmaður, sem verður var við hafis, rekald eða annað, sem hættulegt getur verið siglingu skipa (þar með talið gallar á vitum eða siglingamerkjum) og ekki hefur verið gert viðvart um, skal strax beita öllum tiltækum ráðum til að koma skilaboðum um slíka hættu, annað hvort beint eða með milligöngu annarra til hlutaðeigandi yfirvalda á næsta stað í landi, sem til næst. Þetta gildir einnig um fellibylji, ísingu eða vindhraða, sem nemur 10 vindstigum (Beaufort) eða meira, þegar sérstök tilkynning eða viðvörðun þar að lútandi, hefur ekki verið gefin út.
- 2.1.2. Sérhver skipstjórnarmaður, sem fengið hefur tilkynningu um hafis á eða nálægt fyrirhugaðri siglingaleið, skal, meðan dimmt er af nóttu, draga verulega úr ferð skips og sigla því með fyllstu varúð, eða að öðrum kosti breyta stefnu skipsins þannig að tryggt sé, að skipið sigli vel utan hættusvæðisins. Skulu skipstjórnarmenn sýna sérstaka varúð á siglingu við strendur Nýfundnaland norðan 43° norðlægrar breiddar.

#### 2.2. Tilkynning um hættu.

- 2.2.1. Tilkynningar um hættu þær, sem getið er um í grein 2.1.1., skal senda á mæltu máli, á íslensku og helst einnig á ensku. Tilkynningarnar má einnig senda út samkvæmt alþjóðlegri merkjabók, International Code of Signals. Nánari leiðbeiningar um hvernig tilkynna skuli um slíkar hættu er að finna í 1. viðauka við reglur þessar.
- 2.2.2. Þegar tilkynningarnar eru sendar sem loftskeyti, skulu þær hefjast með öryggismerkinu TTT, en með SECURITE, þegar talstöð er notuð, (sjá aðferð I og II í 1. viðauka). Öryggismerkið og öryggiskallið er að öllu jöfnu sent á einni eða fleiri hinna alþjóðlegu neyðartíðna (500kHz, 2182kHz eða 156,8MHz), en öryggiskeytið á þeirri vinnutíðni, sem skipið tilkynnir. Sendandi öryggiskeytis skal fullvissa sig um að næsta

\*) Reglur þessar fela í sér ýmis ákvæði V. kafla Alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS 1974) með þeim breytingum, sem gerðar voru á þeim við endurskoðun samþykktarinnar 1978 og 1981.

strandstöð hafi mótttekið skeytið. Öryggiskeyti skal senda eins fljótt og auðið er til annarra skipa í nágrenninu (Cq) og til viðkomandi stofnana í landi.

2.2.3. Strandstöðvar, sem mótttekið hafa frá skipi úti á rúmsjó tilkynningu um einhverja þá hættu, sem ákvæði greinar 2.7.1. ná til, skulu senda hana víðeigandi stofnunum. Tilkynningar um vindhraða, hafís og ísingu skal senda Veðurstofu Íslands eða veðurstofu þess ríkis sem næst liggur. Tilkynningar um gölluð sjómerki, reköld o. s. frv. skal senda til Vita- og hafnarmálaskrifstofunnar eða hliðstæðum yfirvöldum þess ríkis, sem næst liggur. Sendingu og móttöku tilkynninga frá skipum um hættur, sem ákvæði greinar 2.1.1. ná til, skal afgreiða endurgjaldslaust.

2.2.4. Tilkynningum um hættu skal þegar það á við útvarpa um sendistöðvar ríkisútvarpsins, strandstöðina í Reykjavíkurradio/Tfa og einnig um aðrar strandstöðvar þegar ástæða þykir til.

### 2.3. Efni tilkynninga um hættur.

2.3.1. Tilkynningar um hættur, sem gefnar eru af skipum samkvæmt ákvæðum 2. greinar, skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar; eftir því sem tók eru á:

1. Þegar um er að ræða ís, reköld eða aðra hluti, sem hættulegir geta verið skipum eða villt um fyrir stjórnendum þeirra:

- upplýsingar um hvers konar hlut sé að ræða.
- upplýsingar um staðsetningu hlutarins, þegar síðast sást til hans.
- upplýsingar um, hvenær hans var síðast vart.

2. Þegar um fellibylji\* er að ræða:

— tilkynningu um fellibyl eða að fellibylur sé yfirvofandi (Skipstjórar skulu gefa út slíka tilkynningu strax og sýnt þykir, að fellibylur sé í aðsigi);

— upplýsingar um dagsetningu, tíma, tímaviðmiðun og staðsetningu skipsins;

— upplýsingar um eins mörg af eftirfarandi atriðum og tók eru á:

- loftþrýsting, í millibörum (helst með leiðréttingu og geta þess, ef svo er ekki);
- breytingu á loftþrýstingi síðustu 3 tíma;
- vindátt (réttvísandi);
- vindhraði (Beaufort).
- sjólag;
- ölduhæð og stefnu (réttvísandi);
- hraða skips og stefnu (réttvísandi).

2.3.2. Hafi skip tilkynnt um fellibyl, er æskilegt, en ekki skylda, að frekari upplýsingar berist, ef mögulegt er á klukkutíma fresti, en þó aldrei meira en með 3 tíma millibili svo lengi sem þörf er á, eða þar til veðrið hefur gengið niður.

2.3.4. Þegar um er að ræða 10 vindstiga vindhraða (Beaufort) eða meir án þess að tilkynning, þar að lútandi, hafi verið gefin út, og er þá átt við annað en fellibyl skulu tilkynningar hafa að geyma í megin dráttum þær sömu upplýsingar og senda skal samkvæmt grein 2.3.1.2.

2.3.5. Við ísingu eða hættu á ísingu skal senda upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- staðsetningu skips, tíma og tímaviðmiðun;
- lofthitastig og sjóhitastig;
- vindhraða og vindátt.

\* Fellibylur: hitabeltisstormur „hurricane“.

## 3. gr.

**Veðurathuganir.**

- 3.1. Sú skylda hvílir á skipstjóra hvers þess skips, sem til þess er valið af Veðurstofu Íslands, að gera veðurathuganir á ákveðnum tímum sólarhringsins og sjá um, að þær séu sendar út sem loftskeyti til viðkomandi veðurstofu eftir þeim reglum, sem gilda um slíka veðurþjónustu, og jafnvel að endurtaka þær, svo að önnur skip geti haft not af þeim.
- Skip, sem ekki geta haft loftskeytasamband við strandstöð, ættu að láta veðurathugunarskip eða önnur skip, sem náð geta sambandi við strandstöðvar framsenda veðurathuganirnar.
- 3.2. Til þess að allar stöðvar, sem þess óska, geti tekið á móti tilkynningum um veður, sem sendar eru „til allra stöðva“ (CQ), mega engar skipsstöðvar senda loftskeyti, eða viðhafa þráðlaust tal, meðan á sendingu tilkynninganna stendur, ef nokkur hætta er á því, að það truflfi móttöku tilkynninganna. Þær veðurathuganir, sem sendar eru frá skipum til hinna ýmsu veðurstofa, skulu fluttar með þeim forgangsrétti, sem kveðið er á um í þeirri alþjóðaradióreglugerð sem í gildi er á hverjum tíma.

## 4. gr.

**Um aðstoð við nauðstadda.**

- 4.1. Skipstjóri á hvaða skipi sem er, sem fær vitneskju um, að skip, flugvél eða björgunarbátur sé í nauðum statt, ber skylda til, sé hann þess megnugur án alvarlegrar hættu fyrir skip sitt, skipshöfn og farþega, að hraða för skipsins hinu nauðstadda fólki til hjálpar, og ef hægt er, láta það vita, af ferðum sínum.
- Sé hann ekki megnugur að koma hinu nauðstadda fólki til hjálpar eða séu sérstakar ástæður fyrir hendi, svo að hvorki sanngirni né nauðsyn sé til að veita hjálpina, skal hann geta þess í dagbók skipsins, af hvaða ástæðum hann ekki veitti hina umbeðnu hjálp.
- 4.2. Skipstjóri þess skips, sem í neyð er statt, getur krafist aðstoðar frá einu eða fleiri þeirra skipa, sem svarað hafa beiðni hans og sem hann álitur best til þess fallið að veita hjálpina, skal þetta gert að svo miklu leyti sem unnt er í samráði við hlutadeigandi skipstjóra.
- Skipstjórinn eða skipstjórnir, sem beðnir hafa verið um hjálp, skulu fara hinum nauðstöddu til hjálpar eins fljótt og unnt er.
- 4.3. Skipstjóri er laus við skyldur þær, sem á honum hvíla samkv. gr. 4.1, þegar hann fær tilkynningu um það, að annað skip en hans hafi samkvæmt gr. 4.2. verið valið til þess að veita hina umbeðnu hjálp, og veitt hana.
- Ennfremur er hann laus við skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt gr. 4.2, þegar hann fær tilkynningu um það frá hinu nauðstadda fólki eða skipstjóra á öðru skipi, sem komið er til fólksins, að hjálpar sé ekki lengur þörf.
- 4.4. Hafi skip sent út neyðarkall, en skipstjóri þess lítur síðar svo á, að hjálpar sé ekki lengur þörf, skal hann tafarlaust láta allar stöðvar, er hlut eiga að máli, vita um það, á þann hátt, sem greint er í alþjóðaradióreglugerðinni.
- Hafi skipstjóri sent neyðarmerki á annan hátt, en að ofan greinir, skal hann, sé hjálpar ekki lengur þörf, tilkynna það tafarlaust hlutadeigandi yfirvaldi í landi, sem fyrst næst til.
- 4.5. Framangreind ákvæði um að hjálpa þeim, sem í neyð eru staddir á sjónum, skerða ekki ákvæði siglingalaganna í þessu efni.

## 5. gr.

**Merkjagjafir við björgun úr sjávarháska.**

- 5.1. Við björgun úr sjávarháska skal koma boðum milli björgunarsveita eða — stöðva og þeirra, sem í nauðum eru staddir, á þann hátt sem greint er frá í 2. viðauka við reglur þessar.
- 5.2. Minnst einu innrömmuðu eintaki af leiðbeiningum þessum skal koma fyrir á áberandi stað í brú eða stýrishúsi skips.
- 5.3. Notkun neyðarblysa, flugelda eða ljósa, í öðrum tilgangi en þeim að gefa til kynna, að skip, flugvél eða björgunarbátur sé í nauðum statt, er stranglega bönnuð. Sama gildir um ljósmerki, sem líkjast neyðarljósmerkjum.

## 6. gr.

**Lóðsstigi.**

- 6.1. Öll skip, sem sigla milli landa skulu búnin lóðsstiga, sem koma má fyrir á báðum hliðum skipsins. Skal lóðsstiginn og annar búnaður, sem notaður er til að auðvelda leiðsögumönnum og öðrum sem eiga erindi að gegna um borð að komast til og frá borði, fullnægja ákvæðum 17. gr. V. kafla alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannlífa á hafinu. (SOLAS 74).

## 7. gr.

**Um notkun sjálfstýringar og prófun stýrisbúnaðar.**7.1. **Um notkun sjálfstýringar.**

- 7.1.1. Þegar skip á leið um hafsvæði, þar sem umferð skipa er mikil eða skyggni takmarkað og sjálfstýring skipsins er notuð, skal ávallt vera hægt að grípa til handstýringar fyrirvaralaust, ef nauðsyn krefur.
- 7.1.2. Við þau skilyrði, sem nefnd eru í grein 7.1.1 skal skipstjórnarmaður ávallt hafa sér til aðstoðar reyndan rormann, sem tekið getur við stýri skipsins fyrirvaralaust.
- 7.1.3. Sjálfstýring skal aðeins sett á eða henni aflétt af yfirmanni þeim, sem er á vakt, eða undir umsjón hans.
- 7.1.4. Áður en siglt er inn á hafsvæði, þar sem umferð skipa er mikil og stöku sinnum milli þess, sem sjálfstýring er notuð, skal prófa handstýringu skipsins.

7.2. **Prófun stýrisbúnaðar.**

- 7.2.1. Innan 12 tíma frá því skip lætur úr höfn, skal stýrisbúnaður skipsins athugaður og prófaður eftir tilsögn stýrimanns. Við prófunina skal, eftir því sem við á, athuga hvort eftirfarandi búnaður starfi eðlilega:
  - aðalstýrisbúnaður
  - varastýrisbúnaður
  - stjórnþúnaður stýrisvélar
  - stjórnhöld stýrisbúnaðar í brú.
  - neyðarorka stýrisbúnaðar.
  - stýrisvísir með tilliti til stöðu stýrisblaðs.
  - viðvörðun við aflrof stjórnþúnaðar.
  - viðvörðun við aflrof stýrisbúnaðar.
  - annar stjórnþúnaður.

Athuga skal, hvort stýrisvél snúi stýrinu nógu mikið og nógu hratt, hvort vart sé við leka eða bilanir í stýrisvélarými, og hvort talsamband milli brúar og stýrisvélarýmis sé í lagi.

- 7.2.2. Í stýrisvélarými og í brú, skal hengja upp lýsingu á því, hvernig stjórnun á sjálfvirkum stjórnbúnaði stýrisvélar og á aflgjafa stýrisbúnaðar er aflétt og komið á. Skulu allir yfirmenn skipsins hafa kynnt sér og tileinkað sér þau handtök, sem nauðsynleg eru til að stjórna stýrisbúnaði skipsins og aflétta eða koma á sjálfstýringu.
- 7.2.3. Til viðbótar þeim prófunum, sem getið er í grein 7.2.1, skal neyðarstýrisbúnaður skipsins prófaður a. m. k. á 3 mánaða fresti í þeim tilgangi að æfa neyðarstjórnun skipsins. Við þessar prófanir skal stjórna skipinu úr stýrisvélarými með boðum milli þess og brúar, með þeim mismunandi aflgjöfum, sem tiltækir eru. Þegar um er að ræða skip, sem eru í reglubundnum siglingum á stuttum siglingaleiðum, skulu slíkar prófanir gerðar vikulega.
- 7.2.4. Upplýsingar um prófanir þessar, þ. e. hvenær og hvernig þær fóru fram, skal færa inn í dagbók skipsins.
- 7.2.5. Ákvæði greina 7.2.1, 7.2.2, 7.2.3 og 7.2.4 gilda ekki um fiskiskip, skemmtibáta og önnur minni skip, sem eingöngu sigla við strendur landsins.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 56, 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 172, 13. september 1965, um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar.

*Samgönguráðuneytið, 2. júní 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## 1. VIÐAUKI

**Leiðbeiningar um, hvernig tilkynnt skuli um hafis, reköld, stórviðri og aðrar yfirvofandi hættur fyrir sjófarendur.**

I. Aðferð, þegar loftskeyti eru notuð:

- Öryggiskallið:  $\left\{ \begin{array}{l} \text{TTT TTT TTT} \\ \text{Cq Cq Cq DE} \\ \text{Kallmerki loftskeytastöðvarinnar (3 sinnum).} \end{array} \right.$
- Tilkynning um færslu á vinnutíðni.
- $\left. \begin{array}{l} \text{TTT Hvers konar hætta} \\ \text{Efni tilkynningarinnar} \end{array} \right\} \text{ endurtekið oft}$

II. Aðferð, þegar talstöð er notuð:

- Öryggiskallið:  $\left\{ \begin{array}{l} \text{Sécurité Sécurité Sécurité} \\ \text{(framburður: se-ky-ri-te)} \\ \text{Nafn skipsins (3 sinnum)} \end{array} \right.$
- Tilkynning um færslu á vinnutíðni
- Þetta er (this is) SECURITE  $\left. \begin{array}{l} \text{Hvers konar hætta} \\ \text{Efni tilkynningarinnar} \end{array} \right\} \text{ endurtekið oft.}$

Æskilegt er, að í tilkynningum um hættur sé eftirfarandi tekið fram (tíminn er í öllum tilfellum Greenwich- meðaltími):

1. Hafís, reköld og önnur bein siglingahætta fyrir sjófarendur:
  - a. Hvers konar hafís, rekald eða siglingahætta hafi sést.
  - b. Staða hættunnar, þegar hún sást.
  - c. Hvenær hennar var vart.
2. Fellibyljir eða stórviðri:
  - a. Tekið sé fram, að skipið hafi lent í óveðri. Kvöð þessi skal skilin í víðri merkingu, þannig að senda skal tilkynningu um óveðrið, hvenær sem skipstjórinn telur sig hafa gilda ástæðu til að halda, að óveður sé í aðsigi.
  - b. Upplýsingar um veðrið. Sérhver skipstjóri skal senda, ásamt tilkynningunni um hættuna, þær af eftirfarandi upplýsingum um veðrið, sem hann telur ástæðu til:
    - Greenwich-meðaltíma, dag og stað skipsins, þegar athuganirnar voru gerðar.
    - Loftvægið (í millibörum, enskum þumlungum eða millimetrum. Þess skal jafnframt getið, hvort loftvægið er tekið óleiðrétt eftir álestur á loftvogina eða hvort það sé leiðrétt).
    - Breytingu á loftvæginu (breytingu þá á loftvæginu, sem átt hefur sér stað síðustu, 3 klukkustundir)
    - Vindátt, réttvísandi.
    - Veðurhæð (Beaufort).
    - Sjógang (sléttur sjór (smooth), nokkur sjór (moderate), úfinn sjór (rough), ósjór (high)).
    - Unduröldu (lítil, nokkur, þung) og hvaðan hún kemur, réttvísandi. Upplýsingar um lengd öldunnar (stutt, meðallöng, löng) kæmu og að gagni.
    - Stefnu skipsins réttvísandi og hraða þess.
3. Síðari athuganir. Eftir að skipstjóri hefur sent upplýsingar um óveður í hitabeltinu eða annars staðar, er æskilegt, þótt ekki sé það skylda, að athuganir séu gerðar og sendar á klukkutíma fresti, ef ástæða þykir til, og í öllu falli ekki með lengra en þriggja klukkutíma millibili meðan skipið er innan þess svæðis, sem óveður geisar á.
4. Vindhraði sem nemur 10 Beaufortsstigum eða meiru, og hefur ekki verið varað við.
 

Þessi kvöð tekur til annarra stórviðra en fellibylja sem getur í lið 2. Þegar vart verður við slík stórviðri, skulu tilkynningar um þau vera með svipuðu sniði og segir í lið 2., nema upplýsingum um sjólag skal sleppt.
5. Hitastig undir frostmarki, sem í sambandi við kul veldur mikilli ísingu.
  - a. Dagur og stund.
  - b. Lofthiti.
  - c. Sjávarhiti (sé það mögulegt)
  - d. Veðurhæð og vindátt.

#### DÆMI:

Ice:

TTT Ice. Large berg sighted in 4605. N., 4410 W., at 0800 GMT May 15.

TTT Derelict. Observed derelict almost submerged in 4006 N., 1243 W., at 1630 GMT April 21.

Danger to navigation:

TTT Navigation. Alpha lightship not on station. 1800 GMT January 3.

Tropical Storm:

TTT Storm 0030 GMT August 18. 2204 N., 11354. W. Barometer corrected 994 millibars, tendency down 6 millibars. Wind NW., force 9, heavy squalls. Heavy easterly swell. Course 067, 5 knots.

TTT Storm. Appearances indicate approach of hurricane. 1300 GMT. September 14. 2200N., 7236 W. Barometer corrected 29.64 inches, tendency down 0.15 inches. Wind NE., force 8, frequent rain squalls. Course 035, 9 knots.

TTT Storm Condition indicate intense cyclone has formed 0200 GMT May 4 1620 N., 9203 E. Barometer uncorrected 753 millimeters, tendency down 5 millimeters, Wind S. by W., force 5, Course 300, 8 knots.

TTT Storm. Typhoon to southeast. 0300 Gmt. June 12. 1812 N., 12605 E. Barometer falling rapidly. Wind increasing from N.

TTT Storm Wind force 11, no stormwarning received. 0300 GMT. May 4. 4830 N., 30 W. Barometer corrected 983 millibars tendency down 4 millibars. Wind SW., force 11 veering. Course 260, 6 knots.

**Icing:**

TTT Experiencing severe icing. 1400 GMT. March 2. 69 N., 10 W. Air temperature minus 8. Sea temperature minus 1.5 Wind NE., force 8.



(Til notkunar um borð í skipum).





**2. Viðauki.**

**Merkgjagjafir við björgun úr sjávarháska**




Merkgjagjafir leitar- og björgunarflugvélar til þess að leiðbeina skipum á slysstað.

TILBURÐIR FLUGVÉLAR, Í ÞEIRRI RÖÐ, SEM HÉR FER Á EFTIR:

Þ Ý Ð A









<p><b>1.</b></p>  <p>1 Flýgur einn hring, að minnsta kosti yfir skipinu</p>	 <p>2 Flýgur lágt rétt fyrir fram- aði stetni skipsins, eykur og minnkar á vixl hljóðið í hreyflunum með mismun- andi benzínjöf eða skurði á skrófum.</p>	 <p>3 Flýgur í þá ott frá skipinu, sem hún ættlast til að það fari í.</p>	<p>Flugvélin vill leiðbeina skipinu á slysstað.</p> <p>Endurtekning þessara tilburða hefur sömu þýðingu.</p>
			<p>Bending til skipsins um, að hjálpar sé ekki lengur þörf.</p> <p>Endurtekning þessara tilburða hefur sömu þýðingu.</p>
<p>Flugið er lágt rétt <b>eftan</b> við skut skipsins, hljóð hreyflanna auðið og minnkað á vixl með benzínjöf eða skurði á skrófum.</p>			

Svar björgunarmanna við neyðarmerkjum manna í sjávarháska.

	HANDBENDINGAR	LJÓSMERKI	ÖNNUR MERKI	Þ Ý Ð I N G
Að degi		 <p>Rauðgull reykerki</p>	 <p>eða þrjú ljósmarki og hvell- merki, gefin með u. þ. b. einnar mínútu millibili.</p>	<p>Við höfum séð ykkur, hjálpar verður veitt eins fljótt og unnt er.</p>
Að nóttu		 <p>Þrem hvítum stjörnuflugeldum skotið upp með u. þ. b. einnar mínútu millibili.</p>		<p>Endurtekning þessara tilburða hefur sömu þýðingu.</p>

Ef nauðsynlegt þykir, má gefa dagmerkin að nóttu eða næturmerkin að degi.




Merki sem nota skal í sambandi við björgunartæki í landi.

Að degi	 <p>Hvítu flaggi eða örmunum veifað í lóðréttum fleti</p>	 <p>eða grænni stjörnu skotið</p>		<p>Almennt: „Játandi“. Sérmerking: „Línan hefir náðst“. „Steri-blökkin er föst“. „Líflínan er föst“. „Maðurinn er kominn í björgunarstólinn“. „Dragið stólinn í land“.</p>
Að nóttu	 <p>Hvítu ljósi veifað í lóðréttum fleti</p>	 <p>eða grænni stjörnu skotið</p>		
Að degi	 <p>Hvítu flaggi veifað í láréttum fleti eða örmunum haldið út lárétt til hliðanna.</p>	 <p>eða rauðri stjörnu skotið</p>		<p>Almennt: „Neitandi“. Sérmerking: „Slakið“. „Hættið að draga“.</p>
Að nóttu	 <p>Hvítu ljósi veifað í láréttum fleti</p>	 <p>eða rauðri stjörnu skotið</p>		

(Til notkunar á björgunarbátum).







## Merkjagjafir við björgun úr sjávarháska

Svar björgunarmanna við neyðarmerkjum manna í sjávarháska.











	HANDBENDINGAR	LJÓSMERKI	ÖNNUR MERKI	ÞÝÐING
<b>2.</b> Að degi		 Rauðgult røykmerki	 eða þrjú ljósmarki og hvellmerki, gefin með u. þ. b. einnar mínútu millibili.	Við höfum séð ykkur, hjálp verður veitt eins fljótt og unnt er.  Endurtekening þessara tilburða hefur sömu þýðingu.
Að nóttu		 Þrem hvítum stjörnuflugeldum skotið upp með u. þ. b. einnar mínútu millibili.		

Ef nauðsynlegt þykir, má gefa dagmerkin að nóttu eða næturmerkin að degi.

Merki til leiðbeiningar um lendingu til skipbrotsmanna.

Að degi	 Hvítu flaggi eða örmunum veifað í lóðréttum fleti	 eða grænni stjörnu skotið signal	 eða stafurinn K með ljósi eða hljóði	Hér er best best að lenda.
Að nóttu	 Hvítu ljósi veifað í lóðréttum fleti	 eða grænni stjörnu skotið	 eða stafurinn K með ljósi eða hljóði	

Setja má upp mið, með því að koma fyrir hvítu ljósi eða blysi fyrir neðan manninn, sem merkin gefur. Skal þá farið í miðinu: Maðurinn ≠ Ljósið.

Að degi	 Hvítu flaggi veifað í láréttum fleti eða örmunum haldið út lárétt til hliðanna.	 eða rauðri stjörnu skotið signal	 eða stafurinn S með ljósi eða hljóði	Lending hér mjög hættuleg.
Að nóttu	 Hvítu ljósi veifað í láréttum fleti	 eða rauðri stjörnu skotið signal	 eða stafurinn S með ljósi eða hljóði	
Að degi	 1 Hvítu flaggi veifað í láréttum fleti, 2 er því síðan stungið í jörðina 3 og annað hvitt flagg borið í áttina til betri lendingar.	 1 eða rauðri stjörnu skotið lóðrétt upp 2 og hvítri í áttina til betri lendingar.	1 eða stafurinn S (...) á undan stafnum R (- - -), ef betri lending er til hægri séð frá sjó 2 eða S (...) og síðan L (- - -), ef betri lending er til vinstri séð frá sjó.	Lending hér mjög hættuleg. Hagstæðari lending til þeirrar handar, sem bent er á.
Að nóttu	 1 Hvítu ljósi eða blysi veifað í láréttum fleti, 2 sem síðan er sett á jörðina 3 og annað hvitt ljós eða blys er borið í áttina til betri lendingar.	 1 eða rauðri stjörnu skotið lóðrétt upp 2 og hvítri í áttina til betri lendingar.	1 eða stafurinn S (...) á undan stafnum R (- - -), ef betri lending er til hægri séð frá sjó 2 eða S (...) og síðan L (- - -), ef betri lending er til vinstri séð frá sjó.	

# REGLUGERÐ

## um viðvörunarmerki almannavarna.

### 1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda þar sem gerðar eru ráðstafanir til almannavarna samkvæmt 7. og 9. gr. laga um almannavarnir.

### 2. gr.

Með viðvörun er hér átt við að almenningur fái vitneskju um yfirvofandi hættu af völdum hernaðaraðgerða eða náttúruhamfara. Viðvörun skal framkvæma þannig að tryggt sé, svo sem framast er unnt, að allir íbúar svæðis séu varaðir við hættunni.

### 3. gr.

Til viðvörunar í kaupstöðum og kauptúnum með 2000 íbúa eða fleiri, skal nota handknúin tæki eða aðrar aðferðir. Leita skal samþykkis almannavarnaráðs um gerð búnaðar eða aðferð, sem notuð er til viðvörunar.

### 4. gr.

Viðvörun skal, svo sem aðstæður framast leyfa, framkvæma með samsvarandi hljóðmerkjum um land allt. Hljóðmerki skulu vera þrenns konar.

a) Merki um áriðandi tilkynningu í útvarpi: Langt hljóð með tveim stuttum á eftir a. m. k. þrítekið.

b) Merki um yfirvofandi hættu: Stutt hljóð í sífellu í minnst eina mínútu.

c) Merki um að hætta sé liðin hjá: Langt hljóð, einstakt, í minnst hálfa mínútu.

Langt hljóð standi í 6,5 sekúndur og stutt hljóð í 1,5 sekúndu, nema annað sé tiltekið. Bil milli hljóða í merki sé 2 sekúndur og milli merkjanna sjálfra minnst 6,5 sekúndur.

Þegar gefin eru hljóðmerki um áriðandi tilkynningu eða yfirvofandi hættu er öll óþarfa notkun síma bönnuð.

### 5. gr.

Til að tryggja að viðvörunarbúnaður sé ætíð virkur, skal hann reyndur reglulega. Viðvörunarkerfið skal reynt á hádegi fyrsta miðvikudag hvers ársfjórðungs, sem ekki ber upp á almennan frídag, og skal það tilkynnt almenningi með nægum fyrirvara í útvarpi.

Tæknilegan búnað viðvörunarkerfisins skal reyna einu sinni í mánuði, án þess að hljóðmerki sé gefið.

### 6. gr.

Hljóðmerki samkvæmt a og b lið 4. gr. má eigi nota í öðru skyni en þar segir.

Eigi má heldur nota viðvörunarbúnaðinn til annarra merkjasendinga, nema með samþykki almannavarnaráðs.

### 7. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 106 25. apríl 1969 um viðvörunarmerki almannavarna, sbr. reglugerð nr. 37 23. febrúar 1971.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. september 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

### um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

#### 1. gr.

Skipulagsnefnd fólksflutninga, sbr. 4. gr. laga nr. 29/1983, er samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur mál, er varða fólksflutninga á landi eftir því sem ákveðið er í reglugerð þessari eða ráðherra óskar. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hópferðaleyfishafa, tveimur fulltrúum tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmann skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Hún kys sér varaformann og ritara.

Umferðarmáladeild er ríkisstofnun undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins. Deildin hefur með höndum yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd laga um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum. Hún skal starfa í samráði og samvinnu við skipulagsnefnd fólksflutninga, undirbúa fundi nefndarinnar og annast afgreiðslu fundarályktana og annarra mála, er lög in varða. Forstöðumaður umferðamáladeildar skal ráðinn af samgönguráðherra að fengnu áliti skipulagsnefndar.

#### 2. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

- a. Að sérleyfið gildi í 5 ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.
- b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á viðkomandi leið.
- c. Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

Áður en samgönguráðuneytið veitir sérleyfi er því skylt að leita umsagnar skipulagsnefndar fólksflutninga um málið. Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum skv. a. lið, séu til þess rökstuddar ástæður að mati skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytis, sömuleiðis að endurskoða ákvæði b. og c. liðar þegar ástæða þykir til.

Nú er veitt sérleyfi fyrir ákveðna leið og er þá öðrum en þeim, er sérleyfið hefur fengið óheimilt að halda uppi fólksflutningum á leiðinni eða hluta hennar eftir föstum áætlunum. Sérleyfishafa er óheimilt að leggja niður ferðir á sérleyfisleið eða fækka þeim nema með samþykki samgönguráðuneytisins að fengnum meðmælum umferðarmáladeildar og skipulagsnefndar fólksflutninga.

Sérleyfishafi, sem haft hefur sérleyfi á ákveðinni leið skal að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfis á sömu leið, sæki hann um hana og hafi að undanfögnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

Sé ekki um endurveitingu sérleyfisins að ræða hafa viðkomandi sveitarfélög forgangsrétt til sérleyfisins enda standi meirihluti sveitarstjórnar þeirra sveitarfélaga, sem sérleyfisleiðin aðallega þjónar, að umsókninni og hafi lagt fram umsókn sína sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

#### 3. gr.

Umferðarmáladeild setur sérleyfishöfum ferðaáætlanir og gjaldskrár á sérleyfisleiðum að fengnu áliti skipulagsnefndar fólksflutninga og með samþykki samgönguráðuneytis. Við gerð ferðaáætlana skal hafa hliðsjón af rökstuddum upplýsingum og tillögum frá hlutaðeigandi sveitarfélögum og viðkomandi sérleyfishöfum.

Umferðarmáladeild er skylt að gefa árlega út leiðabók í samvinnu við sérleyfishafa þar sem skipulega og skýrt er tekið fram um brottfarar- og komutíma sérleyfisbíla á öllum sérleyfisleiðum landsins, svo og upphæð fargjalda. Sérleyfishafa er skylt að fylgja áætlun um brottfarar- og komutíma.

Óski sérleyfishafi eftir breytingu á ferðaáætlun eða gjaldskrá skal hann senda umferðarmáladeild skriflega beiðni um það, sé þess nokkur kostur. Umferðarmáladeild getur breytt ferðaáætlun ef sérstök ástæða er til að áliti skipulagsnefndar fólksflutninga og/ eða viðkomandi sérleyfishafa. Seinki sérleyfisferðum eða falli þær niður af óviðráðanlegum ástæðum, skal sérleyfishafi þegar tilkynna það umferðarmáladeild og tilgreina ástæður.

Nú vill sérleyfishafi ekki hlíta ákvörðun umferðarmáladeildar um ferðaáætlun og sker þá samgönguráðherra úr, en leita skal þó áður álits skipulagsnefndar fólksflutninga. Sérleyfishafa er skylt að hlíta ákvörðuninni, þar til úrskurður ráðherra liggur fyrir.

#### 4. gr.

Sérleyfishafa er skylt að fullnægja flutningaþörf á þeirri leið, sem sérleyfi hans tekur til, eftir því sem fram er tekið í sérleyfi hans. Þar sem fleirum en einum er veitt sérleyfi til fólksflutninga á sömu leið má ákveða, að einn þeirra eða fleiri sé aðalsérleyfishafi og ber hann eða þeir þá ábyrgð á að flutningsþörfinni sé fullnægt, en hinir hafa aðeins þann takmarkaða rétt til ferða, sem ákveðinn er í sérleyfinu.

Sérleyfishafa er ekki skylt að leggja til aukabifreið fyrir færri farþega en fimm nema farþegi hafi pantað far minnst einni klukkustund áður en áætlunarferðin hefst.

Farþega er heimilt að hafa með sér án sérstakrar greiðslu farangur allt að 20 kg að þyngd.

Sérleyfishöfum er skylt að láta afhenda farþegum kvittun með réttu verði fyrir farinu, sé þess óskað.

#### 5. gr.

Sérleyfis- og hópferðaleyfishöfum er skylt að láta umferðarmáladeild í té upplýsingar um tölu farþega, ferðafjölda, rekstrarreikninga og annað, er máli skiptir varðandi leyfissskyldan akstur, eftir óskum umferðarmáladeildar á hverjum tíma, enda er umferðarmáladeild skylt að safna slíkum gögnum og vinna úr þeim svo að á hverjum tíma liggi fyrir sem gleggstar og áreiðanlegastar upplýsingar um fólksflutninga með sérleyfis- og hópferðabifreiðum.

Umferðarmáladeild skal veita viðtöku rökstuddum kvörtunum frá leyfishöfum, farþegum þeirra og öðrum hagsmunaaðilum, enda séu þær skriflegar.

Sé um að ræða meint brot á lögum um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum eða reglugerðum, sendir umferðarmáladeild málið til viðkomandi yfirvalda.

Skylt er leyfishafa, ef bifreið hans bílar, að útvega aðra í hennar stað, eftir því sem við verður komið hverju sinni.

Sérleyfishafa ber að hafa framan á bifreiðum sínum, í föstum áætlunarferðum, greinilega merkt nafn leiðar sem bifreiðin ekur.

#### 6. gr.

Skipulagsnefnd fólksflutninga skal gera tillögur til samgönguráðherra um veitingu réttinda til hópferðaakesturs. Slík réttindi fela í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga með tilteknum bifreiðum, þar sem greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækisins án tillits til nýtingar þess.

Umsækjandi um leyfi til hópferðaréttinda skal í umsókn skýra frá bifreiðakosti sínum, þ. e. fjölda, stærð, gerð, aldri og skrásetningarnúmerum þeirra bifreiða, er hann ætlar að nota til flutninganna.

Hópfarðaréttindi skulu hljóða á nafn eiganda bifreiðar eða bifreiða. Tilgreina skal skráningarnúmer, stærð, gerð og aldur bifreiðar. Bifreið, sem hópfarðaleyfi hefur verið gefið út fyrir, má eingöngu nota til fólksflutninga meðan leyfið gildir.

Við veitingu hópfarðaréttinda í fyrsta sinn skulu þau eigi gilda lengur en eitt ár. Heimilt er samgönguráðherra að fengnu álitu umferðarmáladeildar og skipulagsnefndar fólksflutninga að veita hópfarðaréttindi til fólksflutninga aðeins hluta úr ári hverju sinni.

Hópfarðaleyfishafar, sem hafa haft hópfarðaleyfi, skulu sitja fyrir um endurveitingu, sæki þeir um hana og hafa rækt starfið vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

#### 7. gr.

Skipulagsnefnd fólksflutninga skal við umsögn um umsóknir um hópfarðaréttindi gera sér grein fyrir hver sé nauðsynleg bifreiðapörf til að annast flutningapörf en varast offjölgun. Liggja fyrir rökstutt álit skipulagsnefndar fólksflutninga og umferðarmáladeildar að nauðsyn sé að ákveða hámarksfjölda bifreiða, sem fái heimild til hópfarðaaaksturs, er samgönguráðuneytinu heimilt að ákveða slíkt samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a) Sérleyfishafar skulu njóta hópfarðaréttinda fyrir allt að þeirri tölu sæta, sem nemur sætafjölda sérleyfisins.
- b) Jafnmörgum sætum og sérleyfishafar fá hópfarðaréttindi fyrir skal skipt milli hópfarðaréttindahafa, sem ekki hafa sérleyfisréttindi.
- c) Sé þörf fyrir meiri hópfarðapjónustu en um ræðir í a) og b) lið, skal samgönguráðuneytið að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga og umferðarmáladeildar veita hópfarðaréttindahöfum og sérleyfishöfum hópfarðaréttindi fyrir þá tölu sæta.

Samningsbundinn flutningur starfsfólks á vinnustað fyrirtækis eða með farþega að og frá flugvelli með bifreiðum, sem viðkomandi fyrirtæki á ekki sjálft, skal talin með hópfarðapjónustu. Hafi sérleyfishafi þurft fleiri sæti til að veita slíka þjónustu, sem hér um ræðir, en nemur fjöldi sæta í sérleyfi hans, er skylt að endurveita honum hópfarðaréttindi fyrir þá tölu hópfarðasæta meðan samningurinn er í gildi. Við veitingu hópfarðaleyfa almennt skal jafnan fylgja þeirri reglu að þeir sitji fyrir réttindum, sem hafa hópfarðaaakstur að aðalatvinnu og jafnan fremur veita nýjum einstaklingum leyfi en fjölga bifreiðum í hópfarðaflutningum hjá þeim, sem þegar hafa rétt fyrir eina eða fleiri bifreiðar.

#### 8. gr.

Að fengnum meðmælum skipulagsnefndar getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum, afgreiðslum sérleyfishafa og viðurkenndum hópfarðaaafgreiðslum leyfi til að auglýsa og starfrækja sætaferðir, þar sem seld eru einstök sæti í alla ferðina eða meginhluta hennar, þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Gildistími slíkra leyfa skal eigi vera lengri en eitt ár í senn og skal ráðuneytið veita þau í samráði við Skipulagsnefnd. Umsóknir um slík leyfi skulu vera skriflegar, þar sem tilgreind er starfsemi þess, sem sækir um leyfið, og rökstudd nauðsyn slíkra ferða í tengslum við hana. Ennfremur skal tilgreina fyrirhugaðar leiðir, brottfararstaði, brottfarartíma, ferðatíðni og annað er máli skiptir.

Skipulagsnefnd fólksflutninga setur reglur um hvaða skyldur slíkir leyfishafar skulu uppfylla.

Við umfjöllun beiðnanna skal skipulagsnefnd eftir föngum meta áhrif þessarar starfsemi á sérleyfisferðir um sömu svæði.

Auk ofangreindra sætaferða er heimilt að veita leyfi til einstakra ferða, og gilda sömu reglur um slíkar leyfisveitingar, eftir því sem við á. Þessi leyfi skulu veitt af umferðarmála-deild.

## 9. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutadeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, að binda einkaleyfið því skilyrði, að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði, sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

## 10. gr.

Leyfishafar, bifreiðastjórar þeirra og afgreiðslumenn skulu gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni. Þeir skulu halda bifreiðum sínum þrifalegum að utan og innan eftir því sem við verður komið. Einnig skal hafa áletrun á skráningarkerki bifreiða ætíð vel læsilega, þegar aðstæður leyfa. Umferðarmáladeild skal láta útbúa rúðumerki fyrir sérleyfis- og hópferðabifreiðar og ber leyfishöfum að setja rúðumerki þessi á bifreiðar sínar, er sýni hvort um sérleyfis- eða hópferðabifreið er að ræða.

## 11. gr.

Leyfishafa er óheimilt að nota aðrar bifreiðar en þær, sem leyfi hafa, til sérleyfis- og hópferðaaksturs.

Nú treystir leyfishafi sér ekki lengur til að hlíta skilmálum laga og reglugerðar um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum og ber honum þá að tilkynna það þegar í stað skriflega til umferðarmáladeildar, en brjóti leyfishafar ákvæði laga nr. 29/1983 eða þessarar reglugerðar, er ráðherra heimilt samkvæmt tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga að svipta þá viðkomandi réttindum þegar í stað.

## 12. gr.

Umferðarmáladeild er skylt að hafa sem best eftirlit með því að leyfishafar til fólksflutninga fari að lögum og reglum í hvívetna. Telji skipulagsnefnd og umferðarmáladeild nauðsynlegt að ráða sérstakan eftirlitsmann eða trúnaðarmenn á nokkrum stöðum á landinu er slíkt heimilt með samþykki samgönguráðherra.

## 13. gr.

Til að standa straum af kostnaði við starfsemi umferðarmáladeildar og skipulagsnefndar fólksflutninga er leyfishöfum skylt að greiða árlegt gjald til umferðarmáladeildar af hverju farþegasæti í leyfisskyldum bifreiðum. Umferðarmáladeild innheimtir gjaldið. Fjárhæð þess er kr. 170,00 á hvert sæti miðað við byggingarvísitölu 1774 stig. Gjaldldagi þess er 1. júní ár hvert, þó fyrir árið 1983 1. október. Sé gjaldið eigi greitt innan eins mánaðar er heimilt að reikna dráttarvexti frá gjaldldaga og þar til greiðsla gjaldsins fer fram.

Við álagningu gjaldsins skal hverju sinni miða fjárhæð þess við byggingarvísitölu þá, sem gildir á gjaldldaga. Lögtaksréttur fylgir gjaldinu. Sé gjaldið eigi greitt innan þriggja mánaða frá gjaldldaga er Umferðarmáladeild heimilt að svipta hlutadeigandi leyfishafa leyfi sínu, þar til gjaldið hefur verið að fullu greitt.

Við ákvörðun gjaldsins skal umferðarmáladeild leggja fyrir skipulagsnefnd fólksflutninga sundurliðaðan rekstursreikning sl. árs ásamt fjárhagsáætlun fyrir gjaldárið.

Óheimilt er að nota tekjur af gjaldi því, er um ræðir í þessari grein, til annars en reglugerð þessi ákveður. Tekjuafgangur færist milli ára, en komi í ljós að gjaldið megi lækka eða nauðsyn sé að hækka það getur samgönguráðherra breytt ákvæðum um fjárhæð gjaldsins í grein þessari að fenginni umsögn skipulagsnefndar fólksflutninga og umferðar-máladeildar.

## 14. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggja við lögum samkvæmt. Skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 29 frá 23. mars 1983 um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 321 frá 5. júlí 1979 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, með síðari breytingum nr. 74/1982.

*Samgönguráðuneytið, 31. ágúst 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfja-kostnaði.

## 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögum svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 50 kr., en sjúkrasamalagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 100 kr. en sjúkrasamalagið það sem vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. kr. 25 og kr. 50 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 78/1983 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*



## **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu um niðurfellingu manntalsþinga í Vestur-Skaftafellssýslu.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 1. september sl., varðandi tillögu yðar ásamt samþykkt sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu um að leggja niður manntalsþing í Vestur-Skaftafellssýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28/1981 um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið, að manntalsþing í Vestur-Skaftafellssýslu verði lögð niður.“

Nr. 644

22. september 1983

## **REGLUGERÐ**

### **um breyting á reglugerð nr. 320 2. júlí 1981, um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.**

#### 1. gr.

Aftan við 20. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Hver söltunarstöð skal hafa löggiltar vogir til að vigta hráefni og salt.

#### 2. gr.

28. gr. orðist svo:

Eftirfarandi grein á eingöngu við um harðsaltaða síld og millisaltaða síld (sykursaltaða og kryddsaltaða).

Sé ofangreind síld söltuð að hausti eða vetri, þá skulu tunnurnar fluttar í geymsluhús að lokinni söltun, þar sem haldið er +8 °C til +10 °C hitastigi, sbr. 22. gr.

Eftir 20. september verður að flytja þessa síld strax að loknum tilsætti í slíka geymslu og geyma hana þar, þar til hún er verkuð, eða a. m. k. 4 vikur.

#### 3. gr.

1. tl. 33. gr. orðist svo:

Heilsöltuð-, kverkuð-, hausskorin og slógdregin, hreinsuð síld, (split):

Síldin skal vera vel verkuð, snyrtilega hreinsuð og unnin, raðað eða sléttlögð (plattað) í tunnur. Síldinni hafi verið vel vöðlað upp úr salti og verkunarefnum, ekki átutærð, kviðgölluð eða kviðlin, roðtærð eða samlímd, og hæfilega söltuð.

Harðsöltuð síld skal vera með minnst 24° Be þækli. Ekki skal vera áberandi magn af óbráðnu salti í tunnunum.

Léttisaltaða síld með þækli sem er veikari en 20° Be skal merkja á efri botn tunnu: Léttisöltuð (Mild cure) eða öðrum orðum, er tákna það sama.

Séu notuð verkunarefni með saltinu s. s. krydd, sykur o. s. frv., skal nota blöndu af salti og tilheyrandi verkunarefnum og skulu þau vandlega blönduð saltinu.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1983.*

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

29. september 1983

1169

Nr. 645

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt  
með síðari breytingum.

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 27. tl., svohljóðandi:  
Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá  
o. fl., með síðari breytingum:

84.11.41	Heyblásarar
úr 84.17.22	Mjólkurkælar
úr 84.20.10	Fjárvogir
84.22.31	Heyblásarar (til að færa hey)
84.23.61	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar
84.24.10	Plógar
úr 84.24.20	Áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar
84.24.31	Herfi
úr 84.24.40	Valtarar og flagjafnarar
84.25.31	Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar
84.25.32	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
84.25.33	Rakstrar- og snúningsvélar
úr 84.25.39	Múgavélar, rúllubindivélar og heybindivélar
84.25.41	Flokkunarvélar
84.26.10	Mjaltavélar
85.07.01	Fjárklippur
87.14.21	Vagnar búnir tækjum til losunar og/eða lestunar á heyi
87.14.22	Vagnar búnir tækjum til áburðardreifingar
87.14.23	Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1961 um söluskatt með  
áorðnum breytingum, öðlast gildi frá og með 1. október 1983.

*Fjármálaráðuneytið, 29. september 1983.*

F. h. r.  
**Höskuldur Jónsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*  
B 148

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis,  
nr. 436, 30. maí 1983.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 30% hækkun á gjaldskránni frá og með 1. október 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## AUGLÝSING

### um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

I. Hljóðvarp	(Miðað er við krónur fyrir hvert orð).	
	<i>Flokkur 1.</i>	kr.
	Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur, góðgerðarstarfsemi, tapað — fundið .....	30,00
	<i>Flokkur 2.</i>	
	Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09.30 og kl. 16.00 .....	50,00
	<i>Flokkur 3.</i>	
	Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir kvöldfréttir .....	60,00
	<i>Flokkur 4.</i>	
	Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir og auglýsingar um verslun og viðskipti lesnar á samtengdum rásum ....	120,00
II. Sjónvarp	(Miðað er við krónur fyrir sekúndur).	
	7 sek .....	4 060,00
	10 sek .....	6 290,00
	15 sek .....	7 880,00
	20 sek .....	9 760,00
	25 sek .....	11 000,00
	30 sek .....	12 260,00
	35 sek .....	14 300,00
	40 sek .....	15 600,00
	45 sek .....	16 730,00
	50 sek .....	18 560,00
	55 sek .....	20 440,00
	60 sek .....	22 310,00

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. október 1983 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 29. september 1983,*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Runólfur Þórarinsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Stöðvarfjarðarkauptúni, Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Stöðvarhrepps hefur verið ákveðið, að umferð um Fjarðarbraut hafi forgangsrétt fyrir öllum aðliggjandi akstursleiðum.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 16. september 1983.*

**Bogi Nilsson.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Keflavík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Keflavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga er hér með ákveðið, að frá 1. nóv. 1983 verði biðskylda samkv. 3. mgr. 48. gr. nefndra laga á Hringbraut við Flugvallarveg. Fellur núgildandi gagnstæð regla þá úr gildi.

*Lögreglustjórinn í Keflavík, 29. september 1983.*

**Jón Eysteinnsson.**

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 449/1982, um innflutning á geisla- tækjum, er framleiða útfjólubláa geisla.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Innflutningur og sala á geislatækjum, er framleiða útfjólubláa geisla (solarium) er háður leyfi ráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 58/1982, um breyting á lögum nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1983

10. október 1983

1173

Nr. 651

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Húnaflóa.

1. gr.

Frá og með 11. október 1983, uns annað verður ákveðið eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði sem afmarkast af línunum sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1.	66°48'47 N	21°00'09 V
2.	66°19'55 N	20°45'52 V
3.	66°22'22 N	21°26'21 V
4.	66°30'18 N	21°31'25 V.

Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er 12 sjómíllur frá grunnlínu, sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 11. október 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 595 9. ágúst 1983 um bann við togveiðum út af Húnaflóa.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 10. október 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eypórsson.*

16. september 1983

Nr. 652

## AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri  
o. fl. nr. 307 2. júlí 1975.

Á eftir 3. mgr. 2. gr. komi ný mgr.

Á fimmtudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00 eða næsta virkan dag á undan, sé fimmtudagur helgidagur.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokun sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*

## AUGLÝSING

**um umferð á Akureyri.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Tvístefnuakstur verður á Skipagötu milli Kaupvangsstrætis og Strandgötu og skal umferð um Skipagötuna njóta aðalbrautarréttar á milli áðurnefndra gatna. Jafnframt eru bifreiðastöður bannaðar beggja vegna á Skipagötu, nema vestan götunnar við Ráðhústorg.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

*Bæjarfógetinn á Akureyri, 26. september 1983.*

**Eliás I. Eliasson.**

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.**

1. gr.

Við lista B á fylgiskjali I (efni, sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og jafnframt eru eftirritunarskyld) bætist.

B. 22 Buprenorphinum . . . . . INN

Efni merkt B. 22 verði B. 23 o. s. frv.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

5. september 1983

1175

Nr. 655

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Reykjavíkur.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 12,00 fyrir hvern rúmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 3 140,00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

##### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- |   |            |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 108,00 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" .....                   | kr. 236,00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....            | kr. 465,00 |



## 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánadarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánadamót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 317,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m <sup>3</sup>	Heimæðargjald	
Allt að 400	38 800,00 kr.	
400— 2 000	38 800,00 kr. fyrir	400 m <sup>3</sup> + 32,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2 000— 6 000	90 000,00 kr. fyrir	2 000 m <sup>3</sup> + 27,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
6 000—10 000	198 000,00 kr. fyrir	6 000 m <sup>3</sup> + 24,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 10 000	294 000,00 kr. fyrir	10 000 m <sup>3</sup> + 21,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 760,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olúkyndingu.

## 9. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðargjalds þegar hafin er lagning dreifiaða og götuæða veitukerfis sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar heimæð hefur verið lögð inn fyrir húsvegg. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafmagnsgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins ef hitunarkerfi hússins brett og tengt hitaveitu inna 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið. Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir tilsvarendi húsnæði samkvæmt b lið 7. gr.

Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% heimæðargjalds við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis. Eftirstöðvar skal greiða við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrár á þeim tíma. Gjaldfrestur eftirstöðva verði þó ekki lengri en tvö ár frá útgáfu byggingarleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðargjöld vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðargjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

## 9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný sem svarar orkugjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

## 10. gr.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

## 11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í júlí 1983 2076 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af Iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Hafnarhrepps.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli fyrir hverja kílóvattstund. Jafnframt skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er einnig heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Taxti I skal gilda fyrir annað en íbúðarhúsnæði.

Taxti II skal gilda fyrir íbúðarhúsnæði eingöngu.

Taxti I.  
kr.

Fyrir hverja kWst ..... 0,91

Fyrir hvern m<sup>3</sup> vatns ..... 11,20

Fyrir vatnsm. eingöngu: hver m<sup>3</sup> vatns ..... 58,40

Framantaldir taxtar eru án niðurgreiðslu.

Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,46 fyrir hverja kWst, sem kemur fram sem frádráttartala á viðkomandi reikningi.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té auka mæla, ef þess er óskað.

#### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

kr.

a) fyrir mæla til og með <sup>3</sup>/<sub>4</sub>" ..... 342,00

b) fyrir mæla 1"—2" ..... 687,00

c) fyrir mæla stærri en 2" ..... 1 380,00

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæli-sálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 201,00.

#### 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.



## 7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m <sup>3</sup>	36 200,00 kr.
300— 2 000 m <sup>3</sup>	36 200,00 kr. + 39,50 kr./m <sup>3</sup>
2 000— 6 000 m <sup>3</sup>	103 400,00 kr. + 32,50 kr./m <sup>3</sup>
6 000—10 000 m <sup>3</sup>	234 000,00 kr. + 28,90 kr./m <sup>3</sup>
Yfir 10 000 m <sup>3</sup>	350 000,00 kr. + 24,30 kr./m <sup>3</sup>

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstöku mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 110,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignaskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

## 8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## 9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 672,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

## 10. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt gr. 7 eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 2076 stig. Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1. eða samsvarandi taxa, en hann er nú 1,19 kr./kWst. Óniður-greiddur auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu bygginarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

## III. KAFLI

## 11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 586/1983 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979,  
með síðari breytingum.

### II. KAFLI

3. gr. 1. málsg. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 30,50 fyrir hvern rúm-  
metra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 0,67 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

- |  |            |
|--|------------|
| a. fyrir mæla allt að 3/4" .....                   | kr. 173,00 |
| b. fyrir mæla allt að 2" .....                     | kr. 346,00 |
| c. fyrir mæla allt að 3" .....                     | kr. 691,00 |
| d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald. |            |

### III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimædagjald, sem skal vera sem  
hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m <sup>3</sup>	Heimæðargjald
Allt að 400kr.	28,400,00.
400— 2 000kr.	28 400,00 fyrir 400 m <sup>3</sup> + 22,60 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.
2 000— 6 000kr.	64 600,00 fyrir 2 000 m <sup>3</sup> + 19,20 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.
6 000—10 000kr.	141 000,00 fyrir 6 000 m <sup>3</sup> + 17,10 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.
meira en 10 000kr.	209 000,00 fyrir 10 000 m <sup>3</sup> + 14,90 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli  
umfram þann fyrsta.

- |                                    |               |
|------------------------------------|---------------|
| a. fyrir mæli allt að 3/4" .....   | kr. 4 270,00  |
| b. fyrir mæli allt að 1 1/2" ..... | kr. 8 540,00  |
| c. fyrir mæli allt að 3" .....     | kr. 17 100,00 |

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 2076 stig.

13. gr. 3. málsg. orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá er vanskilum veldur og er gjaldið kr.  
346,00 fyrir hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **Hitaveitu Rangæinga.**

#### 1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja rennismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Óski húseigandi þess getur hann fengið keypt vatn samkvæmt hámarksrennsli um hemil.

#### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Eft selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

#### 4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennismæli kr. 33,90 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnsta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofu- húsnæði 0,7 l/mín fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>.

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast kr. 772,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framan- greindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) Fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " .....	132,00
b) Fyrir mæla 1" til 2" .....	264,00
c) Fyrir mæla 3" eða stærri .....	530,00

#### 6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álestrum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 156,00.

#### 7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp- hæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

#### 8. gr.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 53 700,00.

Fyrir hús stærri en 400 m<sup>3</sup> kr. 53 700,00 að viðbættum kr. 41,10 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Hús, sem eru með kynditæki, þegar hitaveitan tekur til starfa og tengjast hitaveitunni fyrir árslok 1983 fá afslátt af heimædagjöldum, sem hér segir:

a) Fyrir hús með vatnshitakerfum er veittur 20% afsláttur, þ. e. greiða skal kr. 42 900,00 fyrir hvert hús auk kr. 33,00 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

b) Fyrir rafhituð hús með rafmagnsofnum er veittur 50% afsláttur þ. e. greiða skal kr. 26 800,00 fyrir hvert hús auk kr. 20,60 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimædagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimædagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 120,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða kr. 780,00 fyrir breytinguna.

#### 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## 10. gr.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 234,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

## 11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1983 (2076 stig).

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 435 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Eyra.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 28,20 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

## 4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald:

- |  |            |
|--|------------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 198,00 |
| b) fyrir mæla 1" til 2" .....                  | kr. 393,00 |
| c) fyrir mæla 3" eða stærri .....              | kr. 787,00 |

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 142,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimædagjald	
Allt að 500 m <sup>3</sup>	kr. 21 100,00	+ 42,10 kr/m <sup>3</sup>
500—2 000 m <sup>3</sup>	kr. 42 200,00 fyrir	500 m <sup>3</sup> + 28,20 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.
2 000—6 000 m <sup>3</sup>	kr. 84 500,00 fyrir	2 000 m <sup>3</sup> + 21,20 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.
Meira en 6 000 m <sup>3</sup>	kr. 169 000,00 fyrir	6 000 m <sup>3</sup> + 16,80 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 930,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1983 (2076 stig).

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI.

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 280,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 438 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**Guðrún Skúladóttir.**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Selfoss.****I Heitt vatn.**

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 10,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 2 840,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

**II Mælaleiga.**

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- |   |              |
|---|--------------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að <sup>3</sup> / <sub>4</sub> " | kr. 1 320,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2"                             | kr. 1 860,00 |

**III Heimæðargjald.**

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m<sup>3</sup>, kr. 26 800,00

400 til 2 000 m<sup>3</sup>, kr. 26 800,00 af 400 m<sup>3</sup> + kr. 22,60 á m<sup>3</sup> þar yfir að 2 000 m<sup>3</sup>.

2 000 m<sup>3</sup> kr. 63 000,00 + kr. 18,40 á m<sup>3</sup> þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 4 580,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

**IV Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 277,00

**V Ýmis ákvæði.**

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísan til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 440 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974,  
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m<sup>2</sup> og stærri, kr. 265,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 105,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 61,70 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 176,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> kr. 21 400,00,

Hús 300—2 000 m<sup>3</sup> kr. 21 400,00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 15,80 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m<sup>3</sup> kr. 48 300,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> og kr. 13,20 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 2 150,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 2076 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Porlákshafnar nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 755,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 37,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:  
$$H = 26\,700,00 + 29,10 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:  
$$H = 40\,100,00 + 43,50 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976,  
með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 589,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli kr. 29,50 pr. tonn.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- |   |            |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 107,40 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" .....                   | kr. 215,00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....            | kr. 428,00 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 34 000,00.

400— 2 000 m<sup>3</sup> kr. 34 000,00 + kr. 27,30 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

2 000— 6 000 m<sup>3</sup> kr. 77 700,00 + kr. 23,40 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

6 000—10 000 m<sup>3</sup> kr. 171 000,00 + kr. 20,40 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

Meira en 10 000 m<sup>3</sup> kr. 253 000,00 + kr. 17,70 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 100,00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 213,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mái.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

### Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar.

- A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:
- |                     |                |
|---------------------|----------------|
| Orkugjald .....     | 3,46 kr/kWh    |
| Lágmarksgjald ..... | 1 250,00 kr/ár |
- A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:
- |                  |                |
|------------------|----------------|
| Fast gjald ..... | 2 500,00 kr/ár |
| Orkugjald .....  | 5,19 kr/kWh    |

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Aflgjald .....	4 130,00 kr/kWh/ár
Orkugjald .....	0,82 kr/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki Rafmagnsveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald .....	7 110,00 kr/kWh/ár
Viðhaldsgjald .....	7 490,00 kr/kWh/ár
Gjald samtals .....	14 600,00 kr/kWh/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.  
Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði Rafmagnsveitunnar.

C. Hitunartaxtar.

C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Fast gjald .....	3 750,00 kr/ár
Orkugjald .....	2,04 kr/kWh

C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

Fast gjald .....	2 500,00 kr/ár
Orkugjald .....	0,87 kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.

C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Fast gjald .....	2 500,00 kr/ár
Orkugjald .....	0,52 kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

## 3. gr.

**Mælaleiga.**

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

	Kr.
Orkumælir, einfasa .....	233,00
Orkumælir, þrífasa .....	929,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	1 570,00
Aflmælir .....	1 510,00
Aflmælir með straumspennum .....	2 370,00
Tvígjaldsorkumælir .....	1 510,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum .....	2 370,00
Móttökuliði, einpóla .....	1 050,00
Móttökuliði, þrípóla .....	1 510,00

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt liðum A.1, A.2, C1, C2 og C3.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

## 4. gr.

**Heimtauggjöld.**

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðaltaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

## 4.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtauggjöld	Málstraumur	Heimtauggjöld
63 A 1-fasa	kr. 19 600,00	315 A 3-fasa	kr. 106 000,00
63 A 3-fasa	kr. 21 400,00	400 A 3-fasa	kr. 135 000,00
100 A 3-fasa	kr. 33 500,00	710 A 3-fasa	kr. 242 000,00
200 A 3-fasa	kr. 67 400,00	1 200 A 3-fasa	kr. 405 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Lengdargjald			
Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
		kr/m	kr/stólpa
63 A 1-fasa	kr. 3 800,00	567,00	7 180,00
63 A 3-fasa	kr. 5 360,00	567,00	8 330,00
100 A 3-fasa	kr. 5 670,00	739,00	9 570,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

### Ýmis ákvæði.

5. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

6. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

7. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 271,00 kr.

8. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 509,00 kr.

9. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 509,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

10. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

11. gr.

Söluskattur 23,50% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C-liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

12. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

13. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 1. ágúst 1983, með tilvísun til auglýsingar nr. 588/1983 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 565 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Akraness.

**Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.**

Númer Gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
		Daggreiðslur	Ársgreiðslur
<b>A-LÝSING</b>			
A.1. Með fastagjaldi .....	4,31	0,19	72,80/m <sup>2</sup>
A.2. Án fastagjalds .....	11,40		
<b>B-HEIMILISNOTKUN OG FL.</b>			
B.1. Heimilisnotkun .....	3,25	0,73	272,00/herb.
B.2. Mannvirkjagerð Akraneshöfn .....	6,64		
<b>C-VÉLANOTKUN</b>			
C.1. Með fastagjaldi .....	4,31	2,47	907,00
C.2. Með rofi 1 1/2 klst. á dag .....	3,25		
C.3. Stórnotkun (Afltaxti) .....	1,08	10,40	3 810,00
<b>D-HÚSHITUN</b>			
D.1. Án rofs .....	1,83		
D.2. Með rofi 1 1/2 klst. á dag .....	0,99		
D.3. Með rofi 2 1/2 klst. á dag .....	0,90		
D.4. Með rofi 4 1/2 klst. á dag .....	0,72		
D.5. Með rofi 14 1/2 klst. á dag .....	0,52		
D.6. Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag .....	0,67		
<b>E-ANNAÐ</b>			
E.1. Sérsmáningar .....			
E.2. Gatna- og hafnarlýsing .....			14 000,00
E.3. Lokun og enduropnun veitu .....		557,00	
<b>MÆLA-OG ROFALEIGA</b>			
10 Einfasa .....		0,59	220,00
11 Einfasa með rofa .....		3,16	1 160,00
20 Þrífasa .....		2,34	857,00
21 Þrífasa með rofa .....		4,91	1 800,00
24 Þrífasa með 2 rofum .....		6,12	2 200,00
30 Þrífasa með aflmæli .....		3,78	1 370,00

## Ákvæði og skýringar með töflu I.

### A. Lýsing.

- A. 1 Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

### B. Heimili og vinnuljós.

- B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m<sup>2</sup> reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25 m<sup>2</sup> skal reikna hverja byrjaða 25 m<sup>2</sup> sem herbergi.
- B. 2 Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×332 A. og 3×50 A. 220 V.

### C. Vélar.

- C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.
- C. 2 Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsudu málma.
- C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli í 15 mín.

### D. Hitun.

- D. 3 Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið. Heimilt er einnig að áætla hlutdeild næturhitunar í heildar notkun og lækka verð í hlutfalli við það, ef hlutdeild næturhitunar er minni en 15% af heildarmælingu.
- D. 6 Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

### E. Annað.

- E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E. 2 Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.
- E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunnar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrir en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

E. 4 Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
- Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð diselolíu á hverjum tíma.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
- Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
- Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
- Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

### Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA). Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða-tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

**Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).**

Gjaldskrárlíður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara KVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.01	2×35	1×35	7	8 920,00
2.02	2×60	1×60	13	10 700,00
2.03	3×60		22	13 300,00
2.04	3×100	3×60	38	18 200,00
2.05		3×100	66	26 500,00
2.06	2×200		76	29 400,00
2.07	3×350	3×200	132	46 000,00
2.08		3×350	231	75 400,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1×35 Amp.			3 300,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3×35 Amp.			6 640,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3×60 Amp.			11 300,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			425,00



**Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).**

Gjaldskrárlíður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01 .....	150	61 300,00
3.02 .....	300	115 000,00
3.03 .....	500	185 000,00
3.04 .....	600	220 000,00
3.05 .....	800	293 000,00

**Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.**

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfara leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig:  $Y_j = (404,00 + 0,41 \times kVA)$  kr/m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana  $Y_j = (271,00 + 0,27 \times kVA)$  kr/m að viðbættum kr. 4 800,00 á hvern stólpa í umframlínu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

**Ýmis ákvæði.**

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnin gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 567 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Rafveitu Borgarness.**

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.  
Frá og með 1. ágúst 1983. er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 3,23 kr.

**Skammstafanir:**

kw = kílóvatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílóvattstund orka, d = dagur, a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

**I. KAFLI****RAFMAGNSSALA.**

Gjaldskráliður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld	
	g/kwh	kr/kwh	Ársgreiðslur	
			g/a	kr/a
A1 (Lýsing) .....	1	3,23	30	96,90 á fermetra, skilyrt notk.
A2 .....	2	6,46		lágmark 1200 kwh/a
A3 .....	3	9,69		
B1 (Heimili) .....	1	3,23	180	581,00 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar) .....	1	3,23	600	1 940,00 á kw, ástimpluð
C2 .....	0,3	0,97	1600	5 170,00 á árskílóvatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun .....	0,603	1,95		Án rofs, 2,78 til annarra nota
D2 — .....	0,336	1,09	Rof 1,5 h/d	1,55 til annarra nota
D3 — .....	0,316	1,02	Rof 2,5 h/d	1,45 til annarra nota
D4 — .....	0,257	0,83	Rof 4,5 h/d	1,18 til annarra nota
D5 — .....	0,178	0,57	Rof 14,6 h/d	0,81 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxa D1—5, samtals 42.5%.

**E. Sérákvæði um rafmagnssölu.**

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitufnndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 3,04 kr/kwh.

**F. Mæla- og rofagjöld.**

	g/a	Árgjöld	Daggjöld
		kr/a	kr/d
F10 Einfasa mælir .....	300	969,00	2,65
F11 Einfasa mælir m. rofa .....	900	2 910,00	7,97
F20 Þrífasa mælir .....	600	1 940,00	5,32
F21 Þrífasa mælir m. rofa .....	1200	3 880,00	10,60
F30 Aflmælir .....	2800	9 040,00	24,80

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

**Skýringar á töxtum:**

A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólfplatá í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1 — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.

A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.

A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.

B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m<sup>2</sup> reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrymis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxa A1.

C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.

C2: Mesta ársálag mælt um mestafli-mæli.

### Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.  
 b) að vélaafli, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.  
 c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.  
 d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.  
 e) að notkun sé minnst 6000 kwh. á ári.
- A-E: a) Ef faskviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.  
 b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinnar tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.  
 c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjú aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvorar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í ársgreiðslur.  
 d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

## II. KAFLI

### Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrárlíður	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVa	Tengigjald skv. jöfnu g = 3600 + 130 × kVA	Tengigjald Gjaldstig g	Tengigjald kr.
	220 V kerfi A	380 V kerfi A				
T1	2 × 60	1 × 60	0,22 × 60 = 13	5 360	17 300,00	
T2	3 × 60		0,38 × 60 = 22	6 570	21 200,00	
T3	3 × 100	3 × 60	0,38 × 100 = 38	8 730	28 200,00	
T4		3 × 100	0,66 × 100 = 66	12 510	40 400,00	
T5	3 × 200		0,38 × 200 = 76	13 860	44 800,00	
T6	3 × 350	3 × 200	0,66 × 200 = 132	21 420	69 200,00	
T7		3 × 350	0,66 × 350 = 231	34 780	112 000,00	
T8			= 300	44 100	142 000,00	
T9			= 500	71 100	230 000,00	
T10			= 800	111 600	360 000,00	

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

### Önnur ákvæði:

#### a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

**Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.**

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

**Y(L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra,** að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

#### b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

#### c) Almenn:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

## III. KAFLI

### Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

## IV. KAFLI

### Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reikna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með tveimur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 568 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

#### I. SMÁSALA

##### Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A.1 Heimilisnotkun.

Orkugjald .....	3,85 kr/kWh
Fastagjald .....	1 870,00

#### A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtíma notkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald .....	5,77 kr/kWh
Fastagjald .....	1 870,00 kr/a

#### A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald .....	3,33 kr/kWh
Fastagjald .....	1 870,00

#### A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald .....	1,30 kr/kWh
Fastagjald .....	7 480,00

#### A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	20 800,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW ....	2 870,00 kW/a
Orkugjald af allri notkun .....	0,55 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu .....	3,85 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

**A.6 Almenn notkun.**

Öll almenn notkun svo sem lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	4,99 kr/kWh
Fastagjald .....	1 870,00

**B.1 Afmæling.**

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald 12 kW .....	61 320,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW .....	5 110,00 kr/kWh/a
Orkugjald .....	1,60

**C.1 Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,82 kr/kWh
Fastagjald .....	1 870,00

Roftími er allt að  $2 \times 1\frac{1}{2}$  klukkustund á dag.

**C.2 Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,52 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

**D.1 Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	1,30 kr/kWh
Fastagjald .....	1 870,00

Roftími er allt að  $2 \times 1\frac{1}{2}$  klukkustund á dag.

**D.2 Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,81 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

**Lokun.**

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 713,00.

**Skilgreiningar og ýmis ákvæði.****1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

**2. Sumarbústaðanotkun.**

Orkuverð A.4 fylgir orkuverði D.1.

### 3. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

### 4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiski-bræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og við hliðstæða notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

### 5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Rafmagnsveiturnar geta krafðið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos Ø undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfínanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

### 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilur Orkubúíð sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

### 7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 og tilsvarendi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

## II. HEIMTAUGARGJALD Í PÉTTBÝLI

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kaupúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsóknum gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

## 2.1. Heimtaug.

Varstærð A	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd <sup>1)</sup> kr/m
63 þriggjafasa .....	28 700,00	661,00
100 þriggjafasa .....	44 300,00	823,00
200 þriggjafasa .....	88 600,00	962,00
315 þriggjafasa .....	141 000,00	1 220,00
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2) .....	5 140,00	

<sup>1)</sup>Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð.

2.2. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1. Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 3 090,00.

3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3. Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Orkubúsins, skal greiða eins og 2.1. segir til um miðað við 63 A stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kaupþúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

## III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM

## 9. Heimtaugargjald í sveitum.

9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.



9.2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 13 506,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 1 127 970,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 1 127 970,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 13 506,00 krónur sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum. Framangreint grunngjald kr. 13 506,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1482 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 620 371,00 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, veiðihúsa, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2) skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu nr. 586/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 569 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Sauðárkróks.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

- Taxti A—1 Orka til lýsingar og véla, í verslun,  
iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum ..... kr. 4,10 kWh  
Mælaleiga samkv. kafla II.
- A—2 Orka til lýsingar þar sem ekki verður  
mælingu við komið (lágmark 2 kW) ..... — 12 400,00 árskW

Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	—	4,10 kWh
	Lágmarksgjald	—	63,20 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.		
Taxti C—1	Orka til mannvirkjagerðar	—	6,15 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalaflsmælingu	—	1,38 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW)	—	5 380,00 árskW
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.		
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag án söluskatts	—	1,01 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	—	1,38 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring	—	1,06 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:  
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWh.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveittunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

## II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 A og minna ..... kr. 20,90 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 A og minna ..... — 34,60 á mán.
- Af þrífasa mælum 50—100 A ..... — 48,50 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 1,5 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	21 000,00	669,00
63 A 3-fasa	24 800,00	669,00
100 A 3-fasa	32 300,00	921,00
125 A 3-fasa	40 500,00	1 030,00
200 A 3-fasa	63 300,00	1 390,00
300 A 3-fasa	91 500,00	2 520,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteyppt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 281,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 281,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 570 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Siglufjarðar.

### I. RAFORKA.

#### 1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar ..... kr. 3,85 á kwh

#### 2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana ..... kr. 3,85 á kwh

#### 3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar ..... kr. 3,85 á kwh

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafflsmælingu, lágmark 20 kw ..... kr. 1,34 á kwh  
Aflgjald með lýsingu ..... kr. 5 580,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:  
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 3,85 hverja kwh  
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 2,89 hverja kwh  
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 2,65 hverja kwh

#### 4. Hitun.

4.1 Orka til íbúðarhúshitunar, roftími  $2 \times 1,5$  klst. á dag ..... kr. 0,83 á kwh

4.2 Orka til atvinnuhúshitunar, roftími  $2 \times 1,5$  klst. á dag ..... kr. 1,20 á kwh

4.3 Orka til hitunar í iðnaði, roftími  $2 \times 1,5$  klst. á dag ..... kr. 1,71 á kwh

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrimælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

### II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa .....	kr. 15 700,00	893,00
63 A 3-fasa .....	kr. 15 700,00	893,00
100 A 3-fasa .....	kr. 21 300,00	1 010,00
125 A 3-fasa .....	kr. 26 100,00	1 150,00
200 A 3-fasa .....	kr. 34 400,00	1 560,00
300 A 3-fasa .....	kr. 59 500,00	1 810,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimaugina samkv. reikningi. Pau hús, sem áður hafa greitt heimaugagjöld, greiði aðeins hálf tveggja heimaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimaugina.

### III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 149,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 149,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

### IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 586/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 571 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Akureyrar.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

##### A. Lýsing.

A—1 Kr. 3,80 hver kWh til lýsingar.

A—2 Kr. 2,75 hver kWh til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 1 410,00 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 42,60 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

B—1 Kr. 3,20 hver kWh til heimilisnotkunar.

**C. Vélanotkun.**

C—1 Kr. 3,80 hver kWh til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 4 240/kW/ár og kr. 0,95 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlíð verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

C—3 Kr. 3,80 hver kWh ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 0,54/0,47 hver kWh og kr. 4 330,00 hvert kW.

C—5 Kr. 5,84 hver kWh til nýbygginga.

**D. Hitun.**

D—1 Kr. 0,87 hver kWh til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 0,64 hver kWh til upphitunar (næturhitun), ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

**E. Hitun í iðnaði.**

E—1 Kr. 1,91 hver kWh til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWh á ári.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 1,30 hver kWh til iðnaðar.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir og hitastillar notaðir.

**Önnur notkun.**

- Rafveitustjórn, getur með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

**II. MÆLALEIGUR.**

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal árleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 222,00
Orkumælir, þrífasa .....	kr. 888,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	kr. 1 500,00
Aflmælir .....	kr. 1 440,00
Aflmælir með straumspennum .....	kr. 2 270,00
Móttökuliði, einpóla .....	kr. 998,00
Móttökuliði, þrípóla .....	kr. 1 440,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjald
63 A	1-fasa	kr. 18 900,00
63 A	3-fasa	kr. 20 400,00
100 A	3-fasa	kr. 32 200,00
160 A	3-fasa	kr. 51 600,00
200 A	3-fasa	kr. 64 500,00
315 A	3-fasa	kr. 102 000,00
400 A	3-fasa	kr. 129 000,00
715 A	3-fasa	kr. 230 000,00
1 200 A	3-fasa	kr. 387 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Lengdargjald		
		Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stóipi
63 A	1-fasa	3 680,00	541,00	6 890,00
63 A	3-fasa	5 110,00	541,00	7 960,00
100 A	3-fasa	5 420,00	712,00	9 140,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

**IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.**

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 400,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 400,00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreynti öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 572 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

**GJALDSKRÁ****Rafveitu Húsavíkur.****I. RAFORKA.**

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. Lýsing.**

- 1.1 Um kWh-mæli á kr. 15,70.
- 1.2 Um kWh-mæli á kr. 6,62 á hverja kWh, auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 5,30 á ferm., á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 2,80 á ferm., á mánuði.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

- 2.1 Um kWh-mæli kr. 3,91 á hverja kWh, auk fastagjalds er nemi kr. 28,70 á mánuði, af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol eða eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

**C. Vélanotkun.**

- 3.1 Um einn kWh-mæli þannig: á kr. 10,70 á hverja kWh.
- 3.2 Kr. 3,32 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.



- 3.3 Kr. 4,31 hver kWh, án skilyrða um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafli fasttengdra véla er yfir 20 kW.
- 3.4 Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:  
Aflgjald af notuðu afli kr. 4 060,00 kW/ári.  
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1,43 hver kWh.
- 3.5 Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja það þannig:  
Um kWh-mæli á kr. 1,43 á hverja kWh, auk fastgjalds kr. 3 210,00 á ári, fyrir hvert kW í málraun véla.

#### D. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 1,76 hver kWh.
- 4.2 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 0,90 hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:

- Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

#### E. Önnur raforkunotkun.

- 5.1 Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli kr. 6,62. Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.
- 5.2 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 2,16. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

### II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |                                   |                   |
|-----------------------------------|-------------------|
| 1. Af einfasa mælum               | kr. 28,70 á mán.  |
| 2. Af þrífasa mælum allt að 100 A | kr. 37,40 á mán.  |
| 3. Af þrífasa mælum yfir 100 A    | kr. 91,70 á mán.  |
| 4. Af mestaafismælum              | kr. 168,00 á mán. |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan inniheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

#### Stofngjald:

- |                  |                                    |
|------------------|------------------------------------|
| 1. 60 A 1-fasa   | kr. 26 800,00 innif. allt að 40 m. |
| 2. 60 A 3-fasa   | kr. 40 300,00 innif. allt að 40 m. |
| 3. 100 A 3-fasa  | kr. 51 800,00 innif. allt að 40 m. |
| 4. 2000 A 3-fasa | kr. 71 200,00 innif. allt að 40 m. |

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

#### IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 396,00.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 396,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 573 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Reyðarfjarðar.

#### I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

##### 1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1 Fast gjald	.....	F1
Orkugjald	.....	11,00 kr. á kWh
1.2 Fast gjald	.....	F1 + F2
Orkugjald	.....	5,11 kr. á kWh

##### 2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1 Fast gjald	.....	F1 + F3
Orkugjald	.....	3,27 kr. á kWh

**3. Vélanotkun.**

3.1 Fast gjald .....	F1 + F2
Orkugjald .....	6,31 kr. á kWh
Lágmarksgjald .....	18 × F1 á ári
3.2 Aflgjald lágmark 3 kW .....	13 700,00 kr. á ári.
Aflgjald frá 3—5 kW .....	4 630,00 kr. á kW
Fast gjald .....	F1 + F3
Orkugjald .....	1,59 kr. á kWh
3.3 Aflgjald umfram 5 kW .....	4 110,00 kr. á kW á ári.
Fast gjald .....	F1 + F3
Orkugjald .....	1,31 kr. á kWh
3.4 Til súgþurrkunar .....	
Fast gjald .....	F1
Orkugjald .....	1,46 kr. á kWh

**4. Húshitun.**

4.1 Fast gjald .....	F1 + F4	
Orkugjald .....	2,48 kr. á kWh	
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
	Taxti I	Taxti II
	til hitunar á öðru	til hitunar á
	en íbúðarhúsnæði	íbúðarhúsnæði
4.2 Fast gjald .....	357,00 kr/kWh/ári	5 610,00 kr/ári
Orkugjald .....	1,06 kr/kWh	0,71 kr/kWh
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3 Orkugjald .....	0,81 kr/kWh	0,52 kr/kWh
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

**5. Utanhússlýsing.**

5.1 Fast gjald .....	F1
Orkugjald .....	3,27 kr. á kWh

**Skilgreiningar og ýmis ákvæði.****Föst gjöld.**

F1 .....	77,50 kr. á mán.
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	2,44 kr. á m <sup>2</sup> mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h. ....	1,44 kr. á m <sup>2</sup> mán.
F3 .....	24,80 kr. á gj.e. mán.

**Gjaldeiningar eru:**

a) Fyrir fjölskylduheimili.

Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu. Herbergi 5 m<sup>2</sup> eða minna reiknast hálf, 25 m<sup>2</sup> eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m<sup>2</sup> mælt innan útveggja.

c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m<sup>2</sup> fyrir vinnslurúm, 40 m<sup>2</sup> fyrir geymslurúm.

d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m<sup>2</sup> eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m<sup>2</sup> ein gjaldeining.

F4 Hvert uppsett kW .....	323,00 kr. kW á ári.
---------------------------	----------------------

**6. Hitun.**

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir herra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

**II. OPNUNARGJÖLD.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 659,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 347,00 á skrifstofu rafveitunnar.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 136,00  
 Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að ..... kr. 9 770,00  
 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70q$ , skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 586/1983, um breytingu á gjaldskrár rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 574 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Vestmannaeyja.

### 1. RAFORKA.

**Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:**

#### A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald 3,76 kr/kWh.

Fastagjald 1 360,00 kr/a.

Þessi liður kemur í stað liða A1, A2, A3, A6, B1, C1 og F1 í fyrri gjaldskrá, og getur verið skráður þannig á reikningum.

#### C. Afl og orkumæling.

C2 Um kW-kWh — mæli, enda sé máltraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald 6 500,00 kr/kW/a.

Orkugjald:

0—2500 kWh/kW 2,08 kr/kWh

2500—4000 kWh/kW 1,19 kr/kWh

Yfir 4000 kWh/kW 0,61 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20%, án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki verðjöfnunargjald og sölu-gjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé ávallt 40%. Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

#### D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án sölu- og verðjöfnunargjalds).

Orkugjald 0,76 kr/kWh

Fastagjald 1 360,00 kr/a

D3 Iðnaðarhitun.

Orkugjald 1,46 kr/kWh

Fastagjald 1 360,00 kr/a

D4 Til hitunar á húsnæði öðru en íbúðarhúsnæði (án sölu- og verðjöfnunargjalds).

Orkugjald 1,06 kr/kWh

Fastagjald 1 360,00 kr/a

#### F. Önnur raforkunotkun.

F2 Orkugjald 5,44 kr/kWh.

Fastagjald 1 360,00 kr/a

til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

## F5 Aflgjald 13 000,00 kr/kW/a

af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxta C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar 13 000,00 kr/kW/a fyrir þá þjónustu.

**II. MÆLALEIGA.**

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1. Einfasa kWh-mælir .....	268,00 kr/a
2. Þrífasa kWh-mælir .....	1 020,00 kr/a
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennum .....	1 720,00 kr/a
4. Þrífasa kW-kWh-mælir .....	1 720,00 kr/a
5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum .....	2 730,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

**Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald <sup>1)</sup>
Málraun	kr.	kr/m
63 A einfasa .....	22 300,00	689,00
63 A þrífasa .....	24 600,00	689,00
100 A þrífasa .....	39 100,00	844,00
200 A þrífasa .....	80 900,00	1 020
315 A þrífasa .....	122 000,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa .....	154 000,00	—
710 A þrífasa .....	280 000,00	—
1200 A þrífasa .....	476 000,00	—

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald <sup>1)2)</sup>
		Jarðstrengur
		kr/m
63 A einfasa .....	4 400,00	689,00
63 A þrífasa .....	6 130,00	689,00
100 A þrífasa .....	6 510,00	844,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

- 1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
- 2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt út loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduroppnun kr. 548,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 548,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald, kr. 548,00.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. 23.5% sölugjald, ásamt 19.0% verðjöfnunargjaldi er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema orku til húshitunar, D liðum.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskráum um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmanneyja takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 sbr. auglýsingu ráuneytisins nr. 586/1983 um breytingu á gjaldskráum rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 575 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Selfoss.

### I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### 1. Lýsing o. fl.

- 1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.  
Orkugjald 5,10 kr/kWh.
- 1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.  
Orkugjald 6,35 kr/kWh.

#### 2. Heimili o. fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald 4,65 kr/kWh.

#### 3. Vélar o. fl.

- 3.1 Til vélanotkunar.  
Orkugjald 5,10 kr/kWh.
- 3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskilyft afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.  
Orkugjald 1,60 kr/kWh.  
Aflgjald 4 840,00 kr/kW á ári.

#### 4. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag:  
Orkugjald 2,31 kr/kWh.
- 4.2 Til húshitunar, roftími  $2 \times 1\frac{1}{2}$  klst. á dag.  
Orkugjald 0,88 kr/kWh.
- 4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.  
Orkugjald 3,33 kr/kWh.
- 4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.  
Orkugjald 1,03 kr/kWh.  
Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.



**II. MÆLALEIGA.**

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 372,00
Orkumælir, þrífasa .....	kr. 877,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	kr. 1 500,00
Aflmælir .....	kr. 1 430,00
Aflmælir með straumspennum .....	kr. 2 270,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

**III. HEIMTAUGARGJALD.**

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	22 800,00	742,00	6 080,00
3 × 63	24 700,00	742,00	10 500,00
3 × 100	39 200,00	1 140,00	13 300,00
3 × 200	77 500,00	1 880,00	
3 × 315	123 000,00	2 190,00	
3 × 400	157 000,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	279 000,00	—	
3 × 1200	469 000,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofngengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekens notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunnar að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

### 9. Ýmis ákvæði.

23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru talin í upphæð þeirri, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema í töxtum 4.1, 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 582 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar.

### RAFORKA:

Rafveita Voga og Vatnsleysustrandar selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á kr. 18,80 hver kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 7,76 hver kWh auk fastagjalds er nemi kr. 82,40 af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 27,50 af fermetra á ári.

#### 2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 4,77 hver kWh.

#### 3. Vélnotkun.

1. Um kWh-mæli á kr. 10,50 hver kWh. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 5 180,00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 8,40 hver kWh.
4. Um mæli á kr. 5 180,00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalág og auk þess kr. 1,52 á notaða kWh. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 76,70 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 27,30 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 45,20 annars staðar.

#### 4. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 1,10 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWh-mæli á kr. 0,54 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWh-mæli á kr. 1,93 hver kWh án rofs.

#### *Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:*

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

#### 5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 5,56 hverja kWh, enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli á kr. 9,57 hver kWh.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 1,37 hver kWh á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 4,30 hver kWh á tímanum frá kl. 8.30 til 22.

4. 22 100,00 kr/kW á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal setja eftir gjaldskrárlíði 1—1.

### 6. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 36,80
Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	kr. 102,40
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp. ....	kr. 150,00
Af mestastraumsmæli .....	kr. 443,00
Af liða fyrir álagsstýringu .....	kr. 123,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### 7. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 464,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrir en notandinn hefur greitt kr. 464,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggji við.

### 8. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum:

1. 63 A 1-fasa .....	kr. 29 900,00
2. 63 A 3-fasa .....	kr. 32 400,00
3. 100 A 3-fasa .....	kr. 38 500,00
4. 200 A 3-fasa .....	kr. 62 000,00
5. 300 kVA 3-fasa .....	kr. 180 000,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka

á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef  $3 \times 220$  V notendakerfi er breytt í  $380/220$  V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur		Stofngjald
63 A	1-fasa	kr. 5 320,00
64 A	3-fasa	kr. 7 450,00
100 A	3-fasa	kr. 7 900,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. til lengri tíma og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

### 9. Ýmis ákvæði.

23,5% söluskattur og 19%, verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru talin í upphæð þeirri, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema í töxtum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 583 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

1. Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	7 790,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	8 210,00 kr/kW/ár
Gjald samtals	16 000,00 kr/kW/ár

Auk afl og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.



Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunnar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlun bæjarins. Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

2. 3,83 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.

### B. Heimlisnotkun.

1. 3,83 kr/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

### C. Vélar.

1. 3,83 kr/kWh, til véla.
2. 0,91 kr/kWh, og 4 550,00 kr/kW/a, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.
3. 5,76 kr/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Fast gjald ..... 2 760,00 kr/kWh

### D 1. Órofin hitun:

### D. Hitun.

Orkugjald ..... 2,27 kr/kWh

Fast gjald ..... 4 110,00 kr/á

### D 3. Húshitun með rofi:

Orkugjald ..... 0,83 kr/kWh

Fast gjald ..... 2 760,00 kr/á

Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

### D.5. Næturhiti með rofi:

Orkugjald ..... 0,52 kr/kWh

Fast gjald ..... 2 760,00 kr/á

Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00 - 24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

### Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
- e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
- g) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breyta henni í hitaorku.
- h) Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við raffhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða loft-hitakerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B, C eða E, eftir því sem við á.

**E. Stórnotkun.**

- Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksafnotkun minnst 200 kW. 0,64 kr/kWh og 5 760,00 kr/kW/a, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

**F. Önnur notkun.**

- Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

**G. Mælaleiga.**

- |   |          |
|---|----------|
|   | kr./mán. |
| 1. Af einfasa mælum .....   | 33,40    |
| 2. Af þrífasa mælum til og með 80 A .....   | 94,40    |
| 3. Af þrífasa mælum yfir 80 A .....   | 139,00   |
| 4. Af mestumælum .....  | 347,00   |
| 5. Móttökuliði .....  | 75,30    |
| 6. Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.<br>Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum C3, D1, D3 og D5. |          |

**II. HEIMTAUGAGJÖLD.**

- Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.
- Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- Aðalheimtaug. Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loflínuheimtaug breytt í jarð- strengsheimtaug kr.	Einfasaheim- taug 63 A aukin í 3×6 A kr.
220 V kerfi			
63 A 1-fasa .....	21 600,00	6 530,00	
63 A 3-fasa .....	23 200,00	8 130,00	4 250,00
100 A 3-fasa .....	31 800,00	10 200,00	
200 A 3-fasa .....	55 200,00		
300 A 3-fasa .....	78 700,00		
380 V kerfi			
63 A 1-fasa .....	21 600,00	6 530,00	
63 A 3-fasa .....	23 300,00	8 130,00	8 230,00
100 A 3-fasa .....	36 900,00	17 700,00	
200 A 3-fasa .....	74 100,00		
300 A 3-fasa .....	111 000,00		
400 A 3-fasa .....	148 000,00		
600 A 3-fasa .....	222 000,00		
900 A 3-fasa .....	333 000,00		
1 200 A 3-fasa .....	445 000,00		

- 2.4 Gjald fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1 200 A heimtaug í 380 V kerfi.
- 2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrir heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.
- 2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef  $3 \times 220$  V notendakerfi er breytt í  $3 \times 380/220$  V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innan húss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

### 2.10 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Lengdargjald Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa . . . . .	4 200,00	623,00	7 890,00
63 A 3-fasa . . . . .	5 900,00	623,00	9 170,00
100 A 3-fasa . . . . .	6 230,00	815,00	10 500,00

- 2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.
- 2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

### 2.20 Varðandi aðalheimtaug og bráðabirgðaheimtaugar.

- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Óski húseigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 675,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 1 460,00.

**III. ÝMIS ÁKVÆÐI.**

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 565,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 565,00 og sett víðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 130,00.
- 3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. nóvember 1982 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að  $\frac{4}{5}$  af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum líð er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
- 3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í húshitunartöxtum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 566 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Rafmagnsveitna ríkisins.****I. SMÁSALA.****GJALDSKRÁRLÍÐIR.**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. 1. Almenn notkun.**

Öll almenn notkun, svo sem heimlisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	3,85 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1 .....	1 870,00 kr/a

**A. 2. Vinnuljósanotkun.**

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald .....	5,78 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1 .....	1 870,00 kr/a

**A. 3. Utanhússlýsing.**

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald .....	3,33 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1 .....	1 870,00 kr/a

**A. 4. Sumarbústaðanotkun.**

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald .....	1,77 kr/kWh
Fastagjald 4 × F1 .....	7 480,00 kr/a

**A. 5. Markmæling.**

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	20 800,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW ...	2 870,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun .....	0,55 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu .....	3,85 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

**B. 1. Aflmæling.**

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald, 12 kW .....	55 320,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW .....	4 610,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	1,47 kr/kW/a

**B. 2. Súgþurrkun.**

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. okt.

Aflgjald .....	1 520,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	0,89 kr/kWh

**C. 1. Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,71 kr/kWh
Fastagjald 3 × F1 .....	5 610,00 kr/a

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

**C. 2. Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,52 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

**D. 1. Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	1,19 kr/kWh
Fastagjald $3 \times F 1$ .....	5 610,00 kr/a

Roftími er allt að  $2 \times 1\frac{1}{2}$  klukkustund á dag.

**D. 2. Hitun.**

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,81 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími allt að 15 klukkustundir á dag.  
Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 710,00

**SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.****1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

**2. Sumarbústaðanotkun.**

Orkuverð A. 4, fylgir orkuverði D. 1.

**3. Markmæling.**

Liður A. 5, er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgurrkun eða húshitun.

**4. Aflgjaldsmæling.**

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda en hjá fiskbræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði í fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarsaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt B. 1., enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

**5. Véla- og tækjanotkun.**

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafðið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

**6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.**

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár,

svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

### 7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum, nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C. 1, C. 2, D. 1 og D. 2 og tilsvareandi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

## II. HEILDSALA.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaxsmánuðir og almanaxsár.

### 2. gr.

#### Rafmagnsgjald.

Aflgjald .....	3 253,75 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW .....	104,30 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .....	59,70 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW ..	30,40 aurar á kWh

### 3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarsþennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

### 4. gr.

#### Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálág á afhendingarstað.

### 5. gr.

#### Ársnýting.

Ársnýting í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaxsárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

### 6. gr.

#### Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

### 7. gr.

#### Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

## 8. gr.

**Greiðsluskilmálar.**

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. orkulaga nr. 581, 1967.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD Í PÉTTBÝLI.**

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.0 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2.0 Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Varstaerð Amp.	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd <sup>1)</sup> kr/m
63 einfasa . . . . .	26 000,00	661,00
63 þriggjafasa . . . . .	28 700,00	661,00
100 þriggjafasa . . . . .	44 300,00	823,00
200 þriggjafasa . . . . .	88 500,00	962,00
315 þriggjafasa . . . . .	141 000,00	1 220,00
400 þriggjafasa . . . . .	177 000,00	Samkv. kostn.
710 kVA spst. . . . .	315,000,00	—
1200 kVA spst. . . . .	532 000,00	—
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.3) . . . . .	6 240,00	

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugastrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frá-dregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.



- 2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkuunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

- 2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.
- 3.0 Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
- 3.1 Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 2 970,00.
- 3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
- 3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínu-staur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.
- 4.0 Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

#### IV. HEIMTAUGAGJÖLD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu, Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
  2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatssverði. Grunnjald skal vera kr. 13 988,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatssverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 1 169 104,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatssverðs, sem er fram yfir kr. 1 169 104,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 13 998,00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.
- Framangreint grunnjald, kr.13 998,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 1482 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.
- Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat

ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 642 993,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingar á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 584 30. júní 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

23. september 1983

Nr. 703

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið  
frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984.

	U.S. \$ pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur .....	3,40
Blokkfrystur hörpudiskur .....	3,20
Rauður hörpudiskur .....	1,90

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. september 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Dvalarheimili aldraðra í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. september 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Dvalarheimili aldraðra í Eyrarsveit.

Neðanskráð félög, söfnuður og einstaklingar stofna hér með **Sjálfsseignarstofnun** sem heitir Dvalarheimili aldraðra í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

Eyrarsveit,  
Lionsklúbbur Grundarfjarðar,  
Kvenfélagið Gleym-mér-ei, Grundarfirði,  
Verkalýðsfélagið Stjarnan, Grundarfirði,  
Söfnuður Setbergssóknar,  
Hesteigandafélag Eyrarsveitar,  
Sjómannadagsráð Grundarfjarðar,  
Rauðakrossdeild Grundarfjarðar,  
Búnaðarfélag Eyrarsveitar,  
Leikklúbburinn Grundarfirði.

Eignir stofnunarinnar er fé, er þegar hefur safnast til öldrunarmála í Eyrarsveit, ennfremur framlög stofnenda í peningum og stofnfjárlofordum, svo og stofnframlög almennings sbr. 9. gr. skipulagsskrá þessarar. Eignir stofnunarinnar eru nú í peningum samtals kr. 80 000,00 auk stofnfjárloforða.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfsseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða, samkvæmt framangreindu. Þó má sveitarfélagið, er gerist stofnaðili að stofnuninni ganga í ábyrgð fyrir fjárhagslegum skuldbindingum stofnunarinnar ef þurfa þykir.

Söfnun stofnfjár er haldið áfram.

Samkvæmt framangreindu setja stofnendur, stofnun þessari eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita öldruðum heimilisvist og aðhlyningu og svo góða umönnun sem frekast er unnt. Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé, öldruðum til aðhlyningar.

2. gr.

Eigi má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar, fastar eða lausar, nema andvirðið renni beinlínis til þess að halda dvalarheimili eða sinna umönnun aldraðra í Eyrarsveit sbr. 8. gr. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum, eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Hvert stofnfélag ásamt hreppsnefnd Eyrarsveitar kýs einn fulltrúa í fulltrúaráð stofnunarinnar og einn til vara. Kosning fer fram á aðalfundi eða aukafundi, sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur, enda er þess getið í fundarboði, að kjósa eigi fulltrúa þess. Kosning gildir í 4 ár eða til þess tíma, að fulltrúinn óskar þess að láta af störfum, eða hættir sannanlega að sinna þeim. Helmingur fulltrúa skal ganga úr fulltrúaráðinu eftir 2 ár samkvæmt hlutkesti. Þau félög er ekki auglýsa fundi, kjósa fulltrúa sína, eða skipa á sama

hátt og kosið er til eða skipað í fastanefndir. Fulltrúi Setbergssóknar skal kosinn á almennum safnaðarfundum. Fulltrúaráð skal kvatt saman minnst tvisvar á ári. Það kýs stjórn, samkvæmt 4. gr., er tengiliður stjórnar og stofnenda og fær skýrslu um rekstur liðins árs. Fundi skal boða á tryggilegan hátt, með nægum fyrirvara.

## 4. gr.

Stjórn dvalarheimilis skal skipuð af 5 — fimm — mönnum, auk þess þremur til vara, búsettum í Eyrarsveit. Skulu þeir allir boðaðir á stjórnarfundum. Á stjórnarfundum hafa varamenn ekki atkvæðisrétt, heldur málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmannaráð tilnefni einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar, með sama rétti og varamenn. Sama gildir um vistmannaráð. Sóknarprestur Setbergssóknar skal eiga sæti á hverjum tíma með sama rétti og varamenn, sé hann ekki aðalmaður.

Kjörtímabil stjórnarmanna er 4 ár. Kjósa skal stjórnarmenn saman. Kjósa skal hlutbundinni kosningu, ef tveir fulltrúaráðsmanna óska þess. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs, og kveður það saman.

Stjórnin skal skipta með sér störfum. Stjórnin fer með öll fjármál og yfirumsjón framkvæmda. Ber henni að gera sér allt far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum og auka hana og stækka ef þörf krefur og aðstæður leyfa.

## 5. gr.

Stjórnin ræður sér starfsfólk eftir þörfum. Þó skal hún sjálf hafa yfirumsjón fjármála og starfsfólk bundna prókúru, sbr. 7. gr.

Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag dvalarheimilisins. Skal reikningurinn endurskoðaður af tveimur mönnum, báðum tilnefndum af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Stjórnin leggur síðan reikninginn endurskoðaðan fyrir fulltrúaráðið til afgreiðslu. Reikninginn skal síðan senda samþykktan til sýslunefndar til kynningar, en reikningurinn skal síðan birtur í sýslunefndargerð Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

## 6. gr.

Peningar þeir, sem dvalarheimilið kann að eignast, skulu jafnan ávaxtaðir í bönkum, eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

## 7. gr.

Fulltrúaráðið setur reglur fyrir dvalarheimilið.

## 8. gr.

Komi að því, að fulltrúaráðið, eða stjórnin, sbr. 10. gr., sjái sér ekki fært að reka dvalarheimilið áfram, gefi hún hreppsnefnd Eyrarsveitar kost á því að taka að sér heimilið og allan rekstur þess, og yrði það rekið með svipuðu sniði og áður, en hafni hreppsnefnd því boði, fellur dvalarheimilið með öllum eignum þess til opinberra aðila, er sinnt getur þjónustu við aldraða í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

## 9. gr.

Gefa skal almenningi kost á að gerast stofnfélagar í Dvalarheimili aldraðra í Eyrarsveit. Í þeim tilgangi skulu gefin út stofnskrteini er hljóða á nafn stofnfélaga og upphæð stofnframlags hans.

Stofnskrteinum fylgir ekki atkvæðisréttur til fulltrúaráðs eða stjórnar.

## 10. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef  $\frac{2}{3}$  fulltrúaráðsmanna samþykkja það.

Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður), fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi þegar kjörtímabili lýkur.

Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni þrjú eða færri, eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni, fellur fulltrúaráð niður, en stjórnin endurnýjar sig sjálf, þannig að 4 stjórnarmenn velja fimmta mann í stjórn með sér.

Verði aðeins einn aðalmaður eftir í stjórn, taka varamenn þátt í vali nýrra aðalmanna í stjórn.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráð ekki breytt, nema með  $\frac{2}{3}$  atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Ef fulltrúaráðið hefur lagt niður samkvæmt ákvæðum 10. gr. kemur stjórn félagsins í stað þess varðandi þau málefni, sem 1. mgr. þessarar greinar fjallar um.

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

### fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

#### I. KAFLI

#### Um stjórn fjallskilamála.

## 1. gr.

Vestur-Ísafjarðarsýsla er eitt fjallskilaumdæmi og skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum.

## 2. gr.

Sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar. Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum.

Allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál heyra undir sýslunefnd. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

## 3. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum hver í sínum hreppi eða í samlögum ef svo hagar til. Hreppsnefndir geta tekið nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum hver á sínu fjallskilasvæði, enda brjóti ákvarðanir hreppsnefndar eigi í bága við reglugerð þessa.

## 4. gr.

Land, sem fjallskilaf framkvæmd undir umsjón hreppsnefndar tekur til, eru beitolönd þau, sem nýttuð eru sem sumarhagar fyrir sauðfé.

## II. KAFLI

### Um mörk og markaskrár.

#### 5. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu eða annað ótvírætt einkenni. Séu notaðar eyrnplötur, ber að skrá á þær númerstölu bæjar og hrepps eins og segir í reglugerð um litarmerkingu sauðfjár.

#### 6. gr.

Heimilt er sýslunefnd að skipa svo fyrir, að sauðfé veturgamalt og eldra sé merkt brennimarki sýslu, hrepps og bæjar á vinstra horn, en á plötu í vinstra eyra, ef kindin er kollótt.

#### 7. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar svo sem lög mæla fyrir og skal útsendingu hennar lokið fyrir 30. ágúst það ár sem skráin kemur út.

Hreppsnefndir annast söfnun marka hver í sínum hreppi og skal henni lokið fyrir 1. janúar þess árs.

Hverjum fjáreiganda er skylt að koma mörkum sínum í markaskrá gegn ákveðnu gjaldi.

#### 8. gr.

Sýslunefnd ræður markavörð er sér um mörk í sýslunni og útgáfu markaskrár. Skal hann gæta þess við upptöku nýrra marka að ekki sé sammerkt innan sýslu, né utan hennar svo að bagi sé að og hafa um þetta samráð við aðra markaverði á Vestfjörðum.

#### 9. gr.

Heimilt er að nota eftirtalin mörk: Biti, blaðstýft, boðbúdur, bragð, fjöður, gagnbitað, gagnfjæðrað, gagnhangfjæðrað, gagnhófað, gagnstigað, geirstýft, hamrað, hangfjöður, hálf taf, heilhamrað, heilrifað, hófur, hvatrifað, hvatt, lögg, miðhlutað, oddfjæðrað, sneitt, sneiðrifað, stig, stúfrifað, stýft, stýft hálf taf, sýlhamrað, sýlt, tvíbitað, tvífjæðrað, tvístigað, tvístýft, vaglskora.

#### 10. gr.

Nú flyst maður inn í sýsluna og skal hann þá tilkynna markaverði sýslunnar mark sitt og fá samþykki hans.

Vanræki nokkur fjáreigandi að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar má hann búast við að með fé hans verði farið sem óskilafé.

#### 11. gr.

Brennimörk og plötumerki hreppanna eru þessi:  
Auðkúluhreppur VÍ 1, Þingeyrarhreppur VÍ 2, Mýrahreppu VÍ 3, Mosvallahreppur VÍ 4, Flateyrarhreppur VÍ 5, Suðureyrarhreppur VÍ 6.

## III. KAFLI

### Um fjallskil o. fl.

#### 12. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, og leggur hann til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður. Skyldur er húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, sem eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað. Fyrir sauðlausar jarðir skal gera fjallskil eftir ákvörðun hreppsnefndar.

## 13. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður á fénaðareigendur eftir fjártölu- og jarðeignum. Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, skal hann bera fram skriflega kvörtun við oddvita fyrir 20. október.

## 14. gr.

Niðurföfnun samkvæmt 7. grein skal birta fjáreigendum nokkru fyrir leitir. Skal þar taka fram, hvað hver og einn á að leggja til, tilnefndir leitarstjórar og skýrt frá tilhögun leita.

## 15. gr.

Hreppsnefnd skipar svo marga leitarstjóra, sem henni þykir hæfa, og ákveður svæði hvers þeirra. Hver leitarstjóri kveður með nægum fyrirvara gangnamenn sína saman á ákveðinn stað að morgni gangnadagsins. Skipar hann svo fyrir, hvar hver skuli ganga og hvernig göngum í heild verði hagað. Hafi leitarstjóra verið falið að senda menn af sínum flokki til að fara í utansveitarréttir, tiltekur hann þá í tæka tíð.

## 16. gr.

Leitarstjórar sjá til þess, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi. Þeir líta eftir því, að gangnamenn séu fullgildir og vel útbúnir. Skulu gangnamenn allir skyldir að hlýða forsögn leitarstjóra.

## 17. gr.

Reglulegar leitir skulu vera tvennar á hverju hausti, fyrst mánudaginn í 22. viku sumars og auk þess eftirleit, þegar hreppsnefnd ákveður. Breyta má þessu, ef það reynist nauðsynlegt vegna hagsmuna meiri hluta fjáreigenda. Breytingar á fyrirkomulagi leita skal tilkynna aðliggjandi fjallskiladeildum.

## 18. gr.

Hver bóndi er skyldur að hirða fé, er finnst í heimalöndum eftir að almennum fjallskilum er lokið og greiða fyrir því, að það komist til réttra eigenda.

## IV. KAFLI

**Um réttir.**

## 19. gr.

Hreppsnefndir ákveða hver í sínum hreppi, hvar réttir skulu vera og hvaða lönd skulu ganga til hvernar réttar. Þær geta leyft að fé úr heimalandi einstakra jarða sé rekið þar inn. Aðkomufé skal síðan flutt til næstu réttar.

## 20. gr.

Hreppsnefnd skipar einn réttarbónda við hverja rétt, og má réttarstjórnin teljast með fjallskilum. Réttarbóndi stjórnar fjárdrátti og leggur áherslu á að fljótt gangi og skipulega. Hann gætir þess, að misdráttur eigi sér ekki stað. Enginn má hleypa út úr dilk fyrir en réttarbóndi leyfir og búið er að athuga féð. Kvatt getur hann menn sér til aðstoðar og eftirlits.

## 21. gr.

Réttarbóndi sér um að mæður helgi sér ómerkinga eftir því, sem kostur er, og má enginn marka kind á rétt nema með leyfi réttarbónda.

## 22. gr.

Réttarbóndi sér um að úrtíningur sér rekinn eða fluttur eða geymdur, eftir því sem hreppsnefnd hefur ákveðið. Úrtíningur telst það fé, sem ekki á heima á svæði því, sem smalað er til réttarinnar.

23. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem á kind í réttum, að vera þar staddur til að hirða fé sitt eða fá annan til þess.

**V. KAFLI****Önnur atriði.**

24. gr.

Um smalanir að vori skulu fjáreigendur vera frjálsir. Hreppsnefnd er þó skylt að samræma vorsmömun ef meiri hluti fjáreigenda á samliggjandi smölunarsvæði óskar eftir því.

25. gr.

Að öðru leyti en greint er í reglugerð þessari fer um fjallskilamálefni eftir því sem segir í lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl., einnig í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, svo og reglugerð samkvæmt þeim lögum.

26. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá kr. 5000–50000 sem renni í sveitarsjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið með sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

28. gr.

Fjallskilareglugerð þessi er fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 28, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42, 12. maí 1969 og breytingar á þeim lögum nr. 43/1976, til þess að öðlast gildi frá og með 15. sept. 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 13. september 1983.*

**Jón Helgason.**

*Haukur Jörundarson.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Hinn 7. september 1983 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að reitur sem afmarkast af lóðum við Fálkagötu, Tómasarhaga og Arnargötu og sýndur er í gildandi aðalskipulagi sem útivistarsvæði verði framvegis ætlaður að hluta til íbúðar.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*



## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 21. september 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, að svæði beggja vegna Vatnagarða að götunni Sægörðum, vestan Kleppsspítala, sem sýnt er í gildandi aðalskipulagi sem útivistarsvæði, verði framvegis ætlað fyrir iðnað og vörugæymslur.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. október 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón S. Ólafsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. janúar 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984.

#### Vélskeflett rækja:

##### Færri en 350 st. í lb.:

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst .....	2,800
5 × 2 kg og 4 × 2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,800
5 × 2 kg og 4 × 2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,935
500 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,261
200 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,419

##### Fleiri er 350 st. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst .....	2,676
5 × 2 kg og 4 × 2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,676
5 × 2 kg og 4 × 2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,800
500 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,104
200 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,261

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. september 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Mosfellshrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 28. september 1983 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Mosfellshrepps.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg**

Jón Sigurpálsson.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af miðbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 19. september 1983 staðfest skipulagsuppdrátt af miðbæ Hafnarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur sá af miðbæ Hafnarfjarðar, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 17. apríl 1967.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1983.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

Jón Sigurpálsson.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1983 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur sá af aðalskipulagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 2. nóvember 1973.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1983.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

Jón Sigurpálsson.

## REIKNINGUR

## Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1981.

	Gjöld		
	Kr.	Kr.	Kr.
Launakostnaður .....	60 920,00		
Annar kostnaður .....	36 080,36	97 000,36	
<hr/>			
<b>Vextir af innstæðufé:</b>			
Aðaldeild .....	345 756,21		
Erfingjarentudeild .....	38 712,05		
Útborgunardeild .....	40 989,02	425 457,28	
<hr/>			
Afskrifað v/skrifst.búnaðar .....		320,70	522 778,34
Tekjuafgangur til varasjóðs .....			3 712,94
			<hr/>
			526 491,28

	Tekjur		
	Kr.	Kr.	Kr.
Dráttarvextir .....	23 142,49		
Lántökugjöld o. fl. ....	22 306,75		
Bankavextir .....	150 537,86	195 987,10	
<hr/>			
<b>Vaxtatekjur af lánnum:</b>			
Ógreiddir vextir í árslok 1981 .....	192 029,77		
Ógreiddir vextir í árslok 1980 .....	154 510,11		
<hr/>			
	37 519,66		
Innborgaðir vextir á árinu 1981 .....	292 984,52	330 504,18	526 491,28
			<hr/>
			526 491,28

## Efnahagsfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1981

	Eignir		
	Kr.		Kr.
Veðskuldabréf .....	900 441,29		
Vaxtabréf .....	26 250,00		
Verðtr. sparireikningar .....	535 296,60		
Bankainnstæður .....	104 989,82	aðrar 1 566 977,71	
<hr/>			
Óinnheimtir vextir .....	192 029,77		
Skrifstofugögn .....	14 000,00		
Sjóðseign .....	10 259,19		216 288,96
			<hr/>
			1 783 266,67

## Skuldir:

**Innstæður í deildum:**

Aðaldeild .....	1 341 216,49	
Erfingarengud. ....	137 097,55	1 640 013,08
Útborgunardeild .....	161 699,04	
	<hr/>	
Vextir, geymdir til útborgunar 1982 .....		58 170,00
Geymslufé .....		6 601,06
Varasjóður 31. des. 1980 .....	74 769,63	
Tekjuafgangur 1981 .....	3 712,90	78 482,53
	<hr/>	
		1 783 266,67

Með tilvísun til skýrslu endurskoðanda staðfestir stjórn Söfnunarsjóðs reikninginn.

Reykjavík, 25. febrúar 1982.

**Sigurður J. Briem**  
framkvæmdastjóri

---

Jóna Guðjónsdóttir

---

Gunnlaugur J. Briem

**REIKNINGUR**

Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1982.

## Gjöld

Launakostnaður .....	Kr. 102 073,00	Kr.
Annar kostnaður .....	43 117,40	145 190,40
	<hr/>	
<b>Vextir af innstæðufé:</b>		
Aðaldeild .....	Kr. 538 762,88	Kr.
Erfingjarentudeild .....	55 061,61	
Útborgunardeild .....	65 120,78	658 945,27
	<hr/>	
Afskriftir af skrifstofubúnaði .....		1 000,00
Tekjuafgangur til varasjóðs .....		6 559,46
		<hr/>
		811 659,13

Tekjur		Kr.	Kr.
Dráttarvextir .....		21 311,60	
Lántökugjöld o. fl. ....		6 422,20	
Bankavextir .....		33 779,55	61 513,35
<b>Vaxtatekjur af lánnum:</b>			
Ógreiddir vextir í árslok 1981 .....		209 803,75	
Ógreiddir vextir í árslok 1982 .....		192 029,77	
		17 773,98	
Innborgaðir vextir á árinu 1982 .....		732 407,80	750 181,78
			811 695,13

### Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1982

Eignir		Kr.	Kr.
Veðskuldabréf .....		960 483,60	
Vaxtabréf .....		19 850,00	980 333,60
Verðtr. sparireikn. ....		1 063 889,70	
Bankainnstæður .....		131 509,60	
Óinnheimtir vextir .....		209 803,75	
Skrifstofugögn .....		13 000,00	
Sjóðseign .....		9 729,60	1 427 932,65
			2 408 266,25
Skuldir		Kr.	Kr.
<b>Innstæður í deildum:</b>			
Aðaldeild .....		1 829 153,43	
Erfingjarentudeild .....		172 858,16	
Útborgunardeild .....		228 143,82	2 230 155,41
Vextir, geymdir til útborgunar .....			85 719,00
Geymslufé .....			7 347,80
Varasjóður 31. des. '81 .....		78 484,58	
Tekjuafgangur 1982 .....		6 559,46	85 044,04
			2 408 266,25

Reykjavík, 28. febrúar 1983.

Með tilvísun til skýrslu endurskoðanda staðfestist reikningurinn.

**Sigurður J. Briem**  
framkvæmdastjóri

*Gunnl. J. Briem*  
bókari

*Halldór S. Kristjánsson*  
gjaldkeri

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu  
lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Við 6. grein, a-staflið bætist eftirfarandi:

„Buprenorphinum (t. d. Temgesic).“

2. gr.

Við 6. grein, b-staflið bætist eftirfarandi töluliður:

„XIV. Flurnitrazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 60 mg. (Dæmi: Rohypnol 1 mg 60 töflur).“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**Ingolf J. Petersen.

5. október 1983

**REGLUGERÐ**

Nr. 715

um breyting á reglugerð nr. 261/1983 um fæðingarorlof.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Til atvinnuþátttöku telst sá tími, sem foreldri hefur sannanlega notið atvinnuleysisbóta.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. október 1983.***Matthías Bjarnason.**Jón Ingimarsson.

10. október 1983

**REGLUGERÐ**

Nr. 716

um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972,  
með síðari breytingum.

1. gr.

Við 166 gr. bætist nýr töluliður er verði 4. töluliður og orðist svo:

176.4. Í kaupstöðum og kaupúnum er óheimilt að slátra búfé utan sláturhúsa, enda þótt afurðir séu ætlaðar til heimilisnota eingöngu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildir þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. október 1983.***Matthías Bjarnason.**Ingimar Sigurðsson.

# AUGLÝSING

## um mat og flokkun á kartöflum.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 473/1982 um Grænmetisverslun landbúnaðarins og mat og flokkun kartaflna og annarra garðávaxta, skulu gilda eftirfarandi reglur um mat og flokkun á kartöflum:

Kartöflur og aðra garðávexti skal ekki meta né heimila dreifingu á, þegar varan getur talist miður hæf til neyslu vegna alvarlegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum s. s. vegna frosta og spíruskemmda (sbr. reglugerð nr. 250/1976 um dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara o. s. frv.).

Fyrir pokaumbúðir skal sauma þétt. Merkja skal með þar til gerðum spjöldum (11×6 cm). Á spjöldin skal letra öðru megin nafn afbrigðis, stærð og sendingardag, en hinu megin nafn og/eða númer og heimili eiganda (innleggjanda).

Kartöflur verða þar til annað verður ákveðið aðgreindar í 7 flokka: Úrvalsflokk. 1. flokk, 2. flokk, 3. flokk, bökunarkartöflur, perlukartöflur, og parísarkartöflur.

Eftirfarandi afbrigði af kartöflum eru tekin með í úrvalsflokk, 1. flokk og perlukartöflur: Rauðar íslenskar, Gullauga, Helga, Mandla og Bintje. Í alla flokka má taka önnur afbrigði ef þau eru talin til þess hæf, að dómi jarðræktarnefndar Tilraunaráðs landbúnaðarins. Undirmálskartöflur mega ekki vera meira en 3% úr hverjum flokki við endurtekna hörpun á netsigti.

### Úrvalsflokkur:

Stærð: 35 mm til 50 mm.

Útlit: Heilbrigðar, án aukabragðs, hýðið heilt að mestu, kartöflurnar því næst lausar við óhreinindi, vel útlítandi. Stöngulsýki og frostskaði er útilokað í þessum flokki.

### 1. flokkur:

Stærð: 35 mm til 50 mm.

Útlit: Heilbrigðar og gallalitrar.

### 2. flokkur:

Stærð: 30 mm og þar yfir.

Útlit: Kartöflurnar skulu vera þurrar og vel útlítandi. Smávegis skemmdir og gallar leyfilegir.

### 3. flokkur:

Stærð: 30 mm og þar yfir.

Útlit: Nokkrar skemmdir og gallar leyfilegir.

### Bökunarkartöflur:

Stærð: 50 mm og þar yfir af hnöttóttum afbrigðum, en 45 mm af flöngum.

Útlit: Gallalausar að mestu, þurrar og vel útlítandi.

### Perlukartöflur:

Stærð: 33 mm til 35 mm.

Útlit: Þurrar og vel útlítandi, gallalausar að mestu.

### Parísarkartöflur:

Stærð: 30 mm til 33 mm.

Útlit: Þurrar og vel útlítandi, gallalausar að mestu.

**Skýringar á göllum og skemmdum í kartöflum.****Votrotnun:**

Kartöflur sýktar af stöngulsýki. Það teljast skemmdir og flokkast sem slíkar, ef vottar fyrir votrotnun í hnýði.

**Frostskaði:**

Kartaflan er blaut og lin. Votrotnun fylgir oft í kjölfarið.

**Purrotnun:**

Kartöflur sem sýktar eru af Fusarium, myglu, Phoma og öðrum áþekktum þurrotnunarsjúkdómum. Purrotnun telst það vera ef vottur finnst á kartöflunum af áðurnefndum sjúkdómum.

**Grænar kartöflur:**

Kartöflur teljast grænar ef meira en 10% af yfirborði hnýða er hulið greinilegum grænum lit.

**Sár og sprungur (grunnar):**

Sár eða sprungur sem myndast hafa við upptöku eða rögun. Ennfremur vaxtasprungur 0–3 mm.

**Yfirborðslýti:**

Hér er aðallega átt við hýðisflögnun, hrjúft hýði, blöðrukláða og silfurkláða. Leyfileg yfirborðspekja þessara ágalla við flokkun er allt að 40%.

**Innri skemmdir:**

Vægar frostsKemmdir, þeim fylgir oftast dökkur litur í æðastrengjum, ryðlitur. Kartöflur holar að innan (hjartaskemmd).

**Kláði:**

Þegar 10% af yfirborði hnýðis er þakið vörtukláða eða/og 50% þakið flat- eða netkláða. Kvillar þessir lýta fyrst og fremst hýði kartaflna og skaða áferð þeirra.

**Vanskapaðar kartöflur:**

Hnýði sem víkja frá eðlilegri lögun viðkomandi afbrigðis þannig, að það geti flokkast undir misvöxt, teljast vansköpuð.

**Jarðvegur á kartöflum:**

Hér er átt við jarðagnir sem loða við hnýði og vega meira en 1% af þunga kartaflna.

**Spíraðar kartöflur:**

Kartöflur með spírur, sem náð hafa 2 mm lengd.

**Sár og sprungur (djúpar):**

Sár og opnar sprungur sem eru dýpri en 3 mm og þekja meira en 5% af yfirborði hnýðis.



**Kröfur um gæði:**

Vegna skemmda eða galla á/eða í kartöflum skal nota eftirfarandi margföldunarstuðul. Þetta gildir fyrir alla flokka:

Votrotnun	5,00
Frostskemmdir	5,00
Purrotnun	3,00
Grænar kartöflur	2,00
Spiraðar	0,50
Sár og sprungur (grunnt)	0,25
Sár og sprungur (djúpt)	3,00
Yfirborðslýti	0,25
Vanskaðar	0,50
Innri skemmdir	1,00
Önnur afbrigði	0,50
Kláði	1,00
Jarðvegur á kartöflum	0,50

Samanlagður stigafjöldi fyrir hvern flokk má ekki vera meira en eftirfarandi:

Útvalsflokk	8 stig
1. flokk	24 stig
2. flokk	30 stig
3. flokk	34 stig
Bökunarkartöflur	24 stig
Perlukartöflur	24 stig
Parísarkartöflur	24 stig

**Úrvalsflokkur – sýnataka – bragðprófun og suðuprófun.**

Taka skal sýni minnst 1,0 kg fyrir hver 1000 kg. Aldrei skal þó taka minna sýni en 2,0 kg. Af sýninu skal taka minnst 20 kartöflur til suðu – bragðprófana. Í % má fjöldi kartaflna ekki vera meiri með eftirfarandi tíðni galla, ef kartöflurnar eiga að flokkast í **úrvalsflokka**:

Þetta í sundur við suðu	5,0%
Dökkna fljótlega eftir suðu (10 mín)	2,0%
Taka aðeins litarbreytingum	12,0%

Séu kartöflurnar án aukabragðs, má mest vera 15% með ofangreindum göllum, en ef aukabragð finnst af kartöflunum, mega gallaðar kartöflur ekki vera meira en 10% af sýninu.

Matsreglur þessar öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. október 1983.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigbórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 44 — 1983

---

---

13. október 1983

1289

Nr. 718

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. reglugerð nr. 540 10. september 1982, reglugerð nr. 66 28. febrúar 1983, reglugerð nr. 69 1. mars 1983 og reglugerð nr. 497 1. júlí 1983 um breyting á henni.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. reglugerðarinnar: 92.12.19 og 92.12.29.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 13. október 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

10. október 1983

Nr. 719

## AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsuppdrætti Varmahlíðar í Skagafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. október 1983 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Varmahlíð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Seyluhrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1983.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Hveragerði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hveragerðis, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hveragerði.

- 1) Grænamörk hefur aðalbrautarrétt gagnvart Heiðmörk, Þelamörk, Austurmörk og Heiðarbrún og er biðskylda á götum þessum sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
  - 2) Umferð um Grænumörk vikur fyrir umferð um Suðurlandsveg og er þar um stöðvunar-skyldu að ræða sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- Reglur þessar taka gildi 1. nóvember næstkomandi.

*Lögreglustjórinn í Árnessýslu, 5. október 1983.*

**Andrés Valdimarsson.**

18. október 1983

1291

Nr. 721

## REGLUGERÐ

### um bensíngjald

#### 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 20. október 1983 skal gjald þetta nema kr. 5,08 af hverjum lítra.

#### 2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 20. október 1983. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 490/1983 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 20. október 1983 skal greiða kr. 0,31 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 20. október 1983 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 20. október 1983.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 490/1983 úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. október 1983.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Grindavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirtalдар reglur um umferð í Grindavík:

1. Hámarkshraði í Grindavík verður 50 km. m. v. klst.
2. Biðskylda verður á Marargötu, Mánasundi og Mánagerði við Mánagötu.
3. Biðskylda verður á Bakkalág og vegi frá hesthúsum við Austurveg.
4. Biðskylda verður á Mánagötu við Hafnargötu.

Reglur þessar taka þegar gildi.

*Lögreglustjórinn í Grindavík, 12. október 1983.*

**Jón Eysteinnsson.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1983.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 10 000,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 1 000,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 20 000,00 á rúmlest á 5 ára gömlu skipi.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 3 000 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 320,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 160,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en kr. 47 900,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. til 3. gr. gilda frá 1. október 1983.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. október 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*

13. október 1983

1293

Nr. 724

## SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 320 18.  
júli 1979.

1. gr.

47. gr. sbr. samþykkt nr. 86 8. mars 1982, orðist svo:

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka kl. 23.30 til kl. 07.00. Leiktækjastofum skal loka kl. 22.00 til kl. 07.00. Allir gestir, sem eigi hafa náttstað á ofantöldum stöðum, skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað í veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim sem hefur veitingastofuleyfi, skv. l. 53/1963. Börnum innan 12 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Ákvæði 45. og 46. gr. taka til þeirra eftir því sem við á. Ef leyfishafi brýtur gegn ákv. greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum laga og reglna um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, samanber nú lög nr. 120/1947 og reglugerðir nr. 87/1976 og nr. 280/1979. Eigi skemmtun að standa lengur en til kl. 23.30 þarf leyfi lögreglustjóra, og honum er heimilt að skipa svo fyrir að hífýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23.30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til kl. 02.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Heimilt er þó með leyfi lögreglustjóra, að hafa opið á föstudögum og laugardögum til kl. 02.30.

Lögreglustjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. október 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Seltjarnarkeppstað.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Seltjarnarness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Seltjarnarkeppstað:

1. Umferð um **Eiðisgranda** nýtur forgangs fyrir umferð um Eiðistorg (biðskylda).
2. Umferð um **Norðurströnd** nýtur forgangs fyrir umferð um Austurströnd (biðskylda).
3. Umferð um **Suðurströnd** nýtur forgangs fyrir umferð út úr aðkeyrslu að heilsugæslustöð og félagsheimili (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 10. okt. 1983.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Seltjarnarkeppstað, 7. okt. 1983.*

**Einar Ingimundarson.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verð- grundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984:

#### Þorskur:

U.S. cent pr. lb. cif.

4 × 14 m/r 5—8 oz. ....	84,89
4 × 14 m/r 8—12 oz. ....	86,92
4 × 14 m/r 12—16 oz. ....	88,52
4 × 14 m/r 1—3 lbs. ....	89,59
1 × 35 m/r 250—750 gr. ....	90,13
4 × 14 r/l 8—12 oz. ....	96,43
4 × 14 r/l 12—16 oz. ....	98,46
4 × 14 r/l 1—3 lbs. ....	99,53
10 × 5 (S.Í.S) ....	150,30
10 × 5, 3 × 18 og 6 × 5 ....	159,31
5 × 8 og 6 × 8 hnakkast. (S.Í.S.) ....	172,81
5 × 8 og 6 × 8 hnakkast. ....	159,31
4 × 10, 5 × 10 og 6 × 10 ....	159,31
4 × 12 og 4 × 13 ....	159,31
4 × 15 og 3 × 20 (S.Í.S.) ....	163,81
4 × 15 og 3 × 20 ....	159,31
Blokk reg. ....	116,00
Blokk m/punnildum U.S.A. ....	111,00
Blokk m/punnildum Evrópa ....	98,22
Blokk O.R. ....	106,20
Blokk m/beinagarði ....	84,57
Þunnildablokk Evrópa ....	90,00
Marningsblokk ....	45,00

**Ýsa:**

	U.S. cent pr. lb. cif.
4 × 14 m/r 4—8 oz. ....	76,44
4 × 14 m/r 8—12 oz. ....	81,68
4 × 14 m/r 12—16 oz. ....	83,82
4 × 14 m/r 1—3 lbs. ....	85,42
4 × 14 r/l 5—8 oz. ....	98,49
4 × 14 r/l 8—12 oz. ....	100,58
4 × 14 r/l 12—16 oz. ....	102,67
4 × 14 r/l 1—3 lbs. ....	103,72
10 × 5 .....	159,31
3 × 18, 4 × 13 og 4 × 12 .....	159,31
4 × 12 m/r .....	80,85
12 × 1 .....	159,32
Blokk reg. ....	118,00
Blokk O.R. ....	106,20
Punnildablokk Evrópa .....	59,11
Marningsblokk .....	45,00
Marningsblokk (punnildi) .....	27,82

**Steinbítur:**

8 × 7 r/l .....	77,11
10 × 5 .....	184,00
Blokk reg. ....	125,00
Hökkuð blokk .....	40,00

**Karfi:**

8 × 7 m/r .....	77,11
10 × 5 m/r og 6 × 5 m/r .....	84,61
10 × 5 r/l og 4 × 13 r/l .....	91,81
10 × 5 Sea Star .....	80,11
4 × 10 m/r flokkað (S.Í.S.) .....	93,35
5 × 8 m/r og b/l 4—8 oz. ....	96,31
5 × 8 m/r og b/l 8 oz. og yfir .....	96,31
1 × 35 m/r að 150 gr. ....	86,00
4 × 6 kg r/l lagp. ....	73,75
12 × 1 r/l .....	94,59
Blokk reg. ....	80,00
Marningsblokk .....	25,00

**Ufsi:**

8 × 7 r/l .....	64,41
10 × 5,4 × 12 og 4 × 13 .....	86,41
4 × 15 og 3 × 20 r/l (JUMBO) .....	96,63
Blokk reg. ....	60,00
Blokk (punnildi) .....	45,00
Marningsblokk .....	35,00

**Langa:**

8 × 7 r/l .....	77,11
10 × 5 .....	125,50
Blokk reg. ....	75,00
Marningsblokk .....	20,00



	U.S. cent pr. lb. cif.
<b>Keila:</b>	
8 × 7 r/l .....	77,11
Blokk reg. ....	65,00
<b>Lýsa:</b>	
Blokk reg. ....	90,00
<b>Grálúða:</b>	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg. ....	55,74
Heilfr. hausuð yfir 2 kg. ....	48,26
Heilfr. hausuð 1—2 kg. ....	35,01
Heilfr. m/h U.S.S.R. ....	34,47
4 × 10 r/l 4—8 oz. ....	112,00
4 × 10 r/l 8—32 oz. ....	116,50
4 × 12 4—8 oz. lagp. ....	112,00
4 × 12 8—32 oz. lagp. ....	116,50
4 × 6 .....	110,00
Blokk U.S.S.R. ....	77,11
Blokk U.S.A. (S.Í.S.) ....	75,00
Blokk U.S.A. ....	70,00
Heilfrystur fiskur 3 × 9 kg. ....	34,47

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. október 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*

## GJALDSKRÁ

**yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins  
annast.**

1. gr.

Gjöld fyrir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast skulu vera sem hér segir:

<b>Fiskmjöl:</b>	<b>Efnagreiningar</b>	<b>Kr.</b>
Vatn .....		85
Salt .....		110
Prótein (Kjeldahl) .....		250

	Kr.
Fita .....	180
Aska .....	155
Ammoniak .....	95
Sandur .....	160
Kalcium .....	160
Fosfór .....	260
Meltanlegt prótein .....	365
Lysin, nýanlegt .....	735
DMNA gasgreining .....	680
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu .....	260
<b>Lýsi og harðfeiti:</b>	
Vítamín A, bein mæling .....	180
Vítamín A, með sápun .....	525
Óbundnar fitusýrur .....	95
Sýrutala .....	95
Joðtala .....	190
Sáputala .....	160
Eðlisþyngd (pyknometer) .....	105
Slip-point .....	210
Mæling á vítamín D <sub>3</sub> í lýsi .....	1575—2100
Ósápanlegt .....	260
Peroxydtala .....	155
Litarmæling (Lovibond) .....	105
Vatnsmæling með toluol .....	155
Vatn og óhreinindi (skilv. aðferð) .....	105
Ljósbrott við 20°C .....	95
Natriumsápa .....	130
Dilatation uppsetning .....	210
Dilatation hvert hitastig .....	210
Fitusýrugreining .....	840—1680
<b>Salt:</b>	
Klórið (titer) .....	110
Kalcium .....	160
Magníum .....	160
Súlfat .....	160
Óleysanlegt í vatni .....	160
Raki og bundið vatn .....	135
Járn .....	140
Kopar .....	180
<b>Síld:</b>	
Undirbúningsvinna:	
Síld, lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð .....	440

Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 sílda sýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðast 3/4 gjalds.

Efnagreiningar séu samkvæmt gjaldskrá.

<b>Aðrar efnagreiningar:</b>	Kr.
Vatn, salt fita, prótein o. fl. samkv. gjaldskrá fyrir mjöl	
Trimethylamin (TMA) .....	225
TVB .....	225
Kvikasilfur í matvælum .....	295
Ákvörðun á málmum með atom absorption .....	315
Frítt klór í vatni .....	60
Skyndmat .....	195
Rotvarnarefni m. gasgreiningu .....	420—735
Skordýraefni m. gasgreiningu .....	1260—2100
Thiamin (B <sub>1</sub> vítamín) .....	525—840
Riboflavin (B <sub>2</sub> vítamín) .....	525—840
Niacin .....	840—1575
C-vítamín í matvælum .....	525—1050
Drop (drip) .....	210
Nítrat í matvælum .....	525
Nítrít í matvælum og fóðri .....	630
Hexametylentetramín í lagmeti .....	420
Vigtun og talning á rækju ofl. ....	160
Mæling á sykrum í síld .....	260—475
Sýrustig pH .....	105
Arsen .....	370
Histamín .....	400
 <b>Gerlarannsóknir o. fl.:</b>	
Undirbúningur sýnis .....	140
Talning við ræktun, eins konar .....	90
Talning við ræktun, tvö konar .....	180
Kólígerlar, MPN, forpróf .....	80
Kólígerlar, MPN, staðfestingarpróf .....	45
Staphylococcus aureus, forpróf .....	80
Staphylococcus aureus, staðfestingarpróf .....	80
Ger- og myglusveppir .....	70
Sulfit afoxandi Clostridia/hitað .....	80
Clostridium perfringens .....	115
Salmonella, forpróf .....	125
Salmonella, staðfestingarpróf .....	150
Roðagerlar .....	65
Ræktun fyrir niðursuðuvörur .....	80
 <b>Lagmeti:</b>	
Framleiðslusýni (vatn, salt, pH, vigt o. fl.) .....	210
Geymsluþol (pH, vigt, dós, o. fl.) .....	60

2. gr.

Fyrir vottorð um framleiðslusýni o. fl. skal greiða kr. 90 og fyrir útflutningsvottorð kr. 115.

## 3. gr.

Þar sem í framangreindri gjaldskrá fyrir efnagreiningar er tilgreint verðbil, gildir hærri talan þegar um 1 eða 2 sýni samtímis er að ræða frá sama aðila til sömu rannsókna, en lægri talan þegar um er að ræða 3 sýni eða fleiri frá sama aðila.

Í öðrum tilvikum má veita 20% afslátt frá gjaldskrá fyrir efnagreiningar fyrir fyrirtæki í fiskiðnaði, t. d. þegar um 3 sýni og fleiri er að ræða frá sama aðila samtímis til sömu mælinga.

## 4. gr.

Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari gjaldskrá skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.

Gjaldskrá þessi er við það miðuð að rannsókn fari fram á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða útibúum hennar án óeðlilegs undirbúnings. Óeðlilegan undirbúning skal reikna sérstaklega.

## 5. gr.

Þegar tekið er sýni af útfluttu mjöli eða lýsi á vegum framleiðslueftirlits sjávarafurða skal greiða kr. 200 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmanns, sem annast sýnatökuna.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða annast þessa sýnatöku samkvæmt leiðbeiningum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með tækjum sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

## 6. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

## 7. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	Dagvinna kr/klst
Sérfræðingur með reynslu .....	325
Rannsóknamaður með háskólapróf .....	280
Rannsóknamaður án háskólaprófs með starfsreynslu .....	250
Rannsóknamaður án háskólaprófs með litla starfsreynslu .....	200

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast nr. 492/1983.

*Sjávarútvegráðuneytið, 17. október 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

Ingimar Einarsson.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Ríkisútvarp nr. 260 1. nóvember 1972,  
sbr. reglugerð nr. 431 15. ágúst 1980.

### 1. gr.

1. mgr. 24. gr. orðist svo:

Innheimta skal árlegt afnotagjald Ríkisútvarpsins hjá þeim, sem hagnýta sér útsendingar þess. Gjald þetta skal greiða af hverju sjónvarpsviðtæki og vera mismunandi hátt eftir því hvort tæki er gert fyrir móttöku sjónvarps í lit eða eingöngu í svart/hvítu. Þó skal aðeins greiða afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki á hverju heimili eins og það er skýgreint í 1. tl. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar þessarar.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 13. október 1983.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Knútur Hallsson.*

## SAMÞYKKT

um hundahald í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur.

### 1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur.

### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágur frá banni við hundahaldi:

- a) Ef eigandi lögbýlis sækir um leyfi til að halda hund vegna búreksturs.
- b) Ef lögreglustjóri og/eða hjálparsevitir sækja um að halda hund vegna gæslu- og/eða björgunarstarfa.
- c) Ef blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
- d) Ef minkaveiðimaður, sem starfar fyrir bæjarfélagið sækir um leyfi til að halda minkaveiðihund sér til aðstoðar í því starfi.

### 3. gr.

Undanþágur skv. 2. gr. má aðeins veita með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður hjá heilbrigðisnefnd og merktur á þann hátt sem hún ákveður.
- b) Að minkaveiðihundur sé ávallt í öruggri gæslu.
- c) Að hundeigandi hafi hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns, er dýr hans kynni að valda á mönnum og munum.

- d) Að hundeigandi standi straum af öllum kostnaði sem bæjarfélagið kann að verða fyrir vegna hundsins.
- e) Hundeigandi skal koma með hund sinn í árlega hreinsun á auglýstum tíma hverju sinni. Skal hann þá framvísa vottorði um að hundurinn sé tryggður.
- f) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, íþróttahús, sundstaði, almenningsfarartæki og barnaleikvelli né í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd.
- g) Leyfi fyrir einstökum hundum er háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum sem um bæinn fara til óþæginda, t. d. með slyshættu og hávaða.
- h) Ef breyting verður á eignarhaldi hunds fellur undanþáguleyfið úr gildi og ber að færa hundinn til eftirlitsmanns.
- j) Hundeiganda ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunds síns, þar á meðal að þrifa eftir dýrið.
- k) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

## 4. gr.

Eftir því sem þörf kann að verða á hverju sinni skal ráðinn starfsmaður til að tryggja árangursríka framkvæmd þessarar samþykktar. Skal þá og leita aðstoðar lögregluyfirvalda ef og hvenær sem þörf verður á því.

## 5. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er bæjarstjórn heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum.

Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla öll leyfi, telji hún þess þörf.

Verði leyfi fyrir hund afturkallað og hann ekki fjarlægður úr lögsagnarumdæmum Bolungarvíkur, skal fara með hann samkvæmt 6. gr. þessarar samþykktar.

## 6. gr.

Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 10 daga, meðan eigandanum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan lögsagnarumdæmis Bolungarvíkur.

Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Bolungarvíkur innan 10 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflifaðir.

## 7. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI. og VII. kafla.

## 8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Bolungarvíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. lög nr. 7/1953, um varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt sama efnis frá 8. október 1963, og ákvæði 67. gr. lögreglusamþykktar fyrir Bolungarvíkurkaupstað frá 18. desember 1975.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Um hunda sem nú eru í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur skulu gilda eftirfarandi bráðabirgðaákvæði:

- a. Allir óleyfilegir hundar sem voru í lögsagnarumdæmi Bolungarvík 18. ágúst 1983, skulu fá að vera áfram í allt að 1 ár, enda skal færa þá alla til skráningar strax og eigi síðar en mánuði eftir að samþykkt þessi tekur gildi og hefur verið auglýst með venjulegum hætti. Að þeim tíma liðnum verður farið með alla óskráða hunda skv. 6. gr. samþykktarinnar.
- b. Skulu þessir hundar þá skráðir og merktir sérstaklega og skulu eigendur þeirra einnig skráðir, en einungis einstaklingar með fullt lögræði geta verið skráðir eigendur hunda.
- c. Við fyrstu skráningu verða allir hundar hreinsaðir, nema eigendur framvísi vottorði um að slíkt hafi þegar verið gert og skulu allar tíkur gerðar varanlega ófrjóar, hvort tveggja á kostnað eigenda. Skulu eigendur síðan eftirleiðis koma með hunda sína í árlega hreinsun, þegar slík hreinsun verður auglýst.
- d. Árlega skal greiða gjald af þessum hundum og bæjarstjórn ákveður upphæð þess hverju sinni í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt fyrirfram og gjalddagi þess skal vera 1. mars ár hvert og eindagi 1. apríl.
- e. Skráðir eigendur hunda eru ábyrgir fyrir greiðslu hundagjalds og hvers kyns sektum vegna brots á bráðabirgðaákvæðum þessum. Verði vanskil á þessum greiðslum skal heimilt að innheimta þær samkvæmt lögum og þessari samþykkt. Jafnframt verður farið með hundinn samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar.
- f. Hundeigendum er skylt að hafa hunda sína ábyrgðartryggða fyrir hugsanlegu tjóni á mönnum og munum hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Skal framvísa gögnum þar um við skráningu og síðan árlega þegar hundagjald er greitt. Vanræki hundeigandi að ábyrgðartryggja hund sinn, skal fara með hundinn samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar.
- g. Til að tryggja sem árangursríkasta framkvæmd þessara bráðabirgðaákvæða verði ráðinn sérstakur starfsmaður eftir þörfum til þess að annast framkvæmdina og skal þá leita aðstoðar lögregluvalda í Bolungarvík ef og hvenær sem þörf verður á því.
- h. Ákvæði 3. greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um hunda er falla undir þessi ákvæði til bráðabirgða.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. október 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ****um búfjárhald í Höfðahreppi A-Húnavatnssýslu.**

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa,- hrossa,- svína,- geita,- fiðurfjár,- og sauðfjárhald, svo og alifuglarækt) er heimilt í landi Höfðahrepps að fengnu sérstöku leyfi og með skilmálum sem hreppsnefnd setur.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárens, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og hirðingu.

## 3. gr.

Nú telur hreppsnefnd að skilyrði til búfjárhaldsins séu fyrir hendi og skal þá veita leyfið, og er heimilt að binda það við tiltekinn hámarksfjölda. Veitt leyfi skuldbindur hreppinn ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfénu, né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Leyfið skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma og er það uppsegjanlegt með 1 árs fyrirvara miðað við áramót. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

## 4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar og samþykkt þessi tekur til þess, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því.

## 5. gr.

Hross, að fráskildum brúkunarhestum, og kindur skulu rekin og höfð á afréttarlandi Höfðahrepps yfir sumarið.

Ef hætta er á örtröð eða um of mikinn búfénað er að ræða í högunum að dómi hreppsnefndar, getur hún takmarkað fjölda þess og sett skammtímareglur þar um.

## 6. gr.

Þegar hross og kindur eru ekki á afréttarlandi hreppsins skulu þau vera í heldum girðingum. Er öll lausaganga kinda og hrossa í landi hreppsins, sem ekki er ætluð þeim eða á götum eða opnum svæðum í kaптúninu stranglega bönnuð. Þar sem kaптúnið er afgirt girðingum og hliðum skal líta svo á, að búfénaður sem gengur laus í kaптúninu, sé þar algerlega á ábyrgð eiganda, enda ber að líta svo á, að búfénaður sem er í kaптúninu séu skepnur, sem fari yfir eða í gegnum venjulegar girðingar og hlið.

## 7. gr.

Hross og kindur sem eru á flækingsi á götum kaптúnsins eða ganga laus í landi hreppsins þar sem þau eiga ekki að vera, skulu handsömuð og sett í örugga vörslu. Eigendur fá þau afhent gegn greiðslu raunverulegs kostnaðar við töku þeirra og tjóns ef orðið hefur, annars verða þau seld á uppboði og gangi uppboðsandrviðið til greiðslu kostnaðar, en eigandi, finnist hann, fær afganginn. Innlausnarfrestur fjallskilareglugerðar og laga um afréttarmál gildi um sölu þessa búfénaðar.

## 8. gr.

Að vetrinum þegar snjór gerir girðingar gagnslitlar, skulu menn taka hross sín í hús eða aðra örugga vörslu, svo að þau valdi ekki ágangi.

## 9. gr.

Ákvæði 6., 7. og 8. gr. gilda einnig um búfénað sem er eign annarra en íbúa Höfðahrepps.

## 10. gr.

Hest- og fjárhús skulu vera rúmgóð og þrifaleg. Dimm og rök hús eða þau sem dýralæknir telur óhæf, skulu rifin á kostnað eiganda, enda hafi hann ekki bætt úr eftir hæfilegan frest.

Haugar við hest- og fjárhús skulu fjarlægðir vor hvert, svo tímanlega sem tíðarfar leyfi og í síðasta lagi 25. maí.



## 11. gr.

Allir þeir sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir reglugerðina, skulu innan 4ra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt, og sótt um leyfi, ella skoðast búfjárhald þeirra óheimilt.

## 12. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps staðfestist hér með samkvæmt heimild í lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 og lögum nr. 38 frá 23. maí 1980, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1983.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 27. janúar 1930.**

## 1. gr.

2. mgr. 81. gr. sbr. samþykkt nr. 219 2 apríl 1980, orðist svo:

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn borgarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim, sem hefur veitingaleyfi skv. l. 53/1963. Leyfi skal ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09.00 til 23.30. Þó getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opin. Ákvæði 77. og 78. gr. taka til þeirra eftir því sem við á. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1980 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. október 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

24. október 1983

1305

Nr. 732

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31  
2. febrúar 1982, með síðari breytingum, síðast 26. júlí 1983.**

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 6,90 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 13,80 fyrir hvern rúmmetra vatns. Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 138,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 276,00, ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1983.*

F. h. r.  
**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

19. október 1983

Nr. 733

## REGLUGERÐ

**um starfrækslu talstöðva í landfarstöðvaþjónustu í metra- og  
desimetrabylgjusviðinu.**

1. gr.

Póst- og símamálastofnunin (hér eftir skammstafað P og S) veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum heimild til að nota tíðnir í metra- og desimetrabylgjusviðinu fyrir landfarstöðvaþjónustu.

Í landfarstöðvaþjónustunni fara fram þráðlaus fjarskipti milli fastastöðva (módurstöðva) og farstöðva eða milli farstöðva. Farstöðvar þær, sem hér um ræðir, eru í farartækjum á landi eða eru burðar- eða handstöðvar. Fjarskipti milli fastastöðva í tíðnisviðum farstöðvaþjónustu eru óheimil.

Bylgjusvið þau, sem hér um ræðir, ná frá 153,5 til 174 og frá 453 til 470 MHz.

2. gr.

Í landfarstöðvaþjónustunni má velja um þáttöku á bílasímaþjónustu P og S eða uppsetningu eigin lokaðra farstöðvakerfa.

B 165

Í bílasímanum eru notaðar tíðnir í sviðinu 153,5 — 174 MHz. Gert er ráð fyrir samtímistali til þess að hægt sé að tengja farstöðvar við símakerfið um móðurstöðvar P og S og með aðstoð afgreiðslu, sem fyrst um sinn verður handvirk. Móðurstöðvarnar og farstöðvarnar nota mismunandi tíðnir fyrir sendingu og viðtöku og eru senditíðnir móðurstöðvanna milli 153,500 og 154,725 MHz en senditíðnir farstöðvanna milli 162,700 og 163,925 MHz.

Talstöðvareigendur sem ekki óska eftir tengingu við símakerfið eða umsvifa sinna vegna vilja reka eigið lokað farstöðvakerfi fá heimild til að nota fyrir starfsemi sína eina eða fleiri sértíðnir í metra- eða desimetrabylgjusviðinu.

Heimilt er að veita opinberum aðilum, sem gegna hlutverki á sviði löggæslu, sjúkraflutninga, almannavarna og vega- og rafmagnsþjónustu, undanþágu til að nota tíðnir bílasímabjónustu ásamt sértíðnum sínum. Þessi undanþága skal veitt til að koma í veg fyrir óþarfa fjárfestingu hins opinbera í móðurstöðvum víðs vegar um landið. Það er sett sem skilyrði að viðkomandi aðili hafi aðskildar sendi- og móttökutíðnir sem sértíðnir.

### 3. gr.

Væntanlegir notendur í bílasíma P og S og notendur sértíðna skulu fylla út umsóknar-eyðublöð P og S og senda stofnuninni. Á eyðublöðunum skulu vera reitir fyrir þær upplýsingar, sem umsækjendur verða að gefa til þess að hægt sé að gefa út leyfisbréf þeim til handa. Radióeftirlitið gefur út leyfisbréf fyrir hverja talstöð, þegar kannað hefur verið, hvort umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem sett eru í þessum reglum. Bílasímanúmeri er úthlutað um leið og leyfisbréf er gefið út. Útgáfa leyfisbréfs má ekki dragast að óþörfu eftir móttöku fullnægjandi umsóknar frá notanda. Bannað er að starfrækja far- og móðurstöðvar nema fengist hafi til þess leyfisbréf. Þeim, sem selja talstöðvar sínar, er bent á að þeir bera alla ábyrgð á notkun þeirra og gjöldum þar að lútandi uns radióeftirlitinu hefur verið tilkynnt um söluna og kaupanda stöðvarinnar.

### 4. gr.

Leyfisbréf til þátttöku í bílasíma P og S geta þeir fengið, sem eru íslenskir ríkisborgarar og náð hafa 17 ára aldri. Leyfisbréf til að nota sértíðnir geta þeir fengið sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa náð 20 ára aldri og hafa verslunarleyfi eða reka skráð fyrirtæki. Hægt er að veita útlendingum tímabundið leyfisbréf til að taka þátt í bílasíma P og S eða nota sértíðnir. Það skilyrði er sett fyrir slíkum leyfisveitingum að fyrir liggja skrifleg ábyrgð aðila með íslenskt lögheimili um greiðslu ófallinna gjalda vegna talstöðvanotkunar útlendingansins. Leyfisbréf útlendinga skulu aðeins gilda 1 ár í senn en önnur leyfisbréf að jafnaði í 5 ár. Verði breytingar á talstöðvarbúnaði notanda, eða sé skráningarnúmeri farartækis sem talstöð er í breytt, skal gefið út nýtt leyfisbréf. Gjald fyrir leyfisbréf greiðist samkvæmt gjaldskrá P og S.

### 5. gr.

Talstöðvar til notkunar í landfarstöðvabjónustunni skulu hafa fengið viðurkenningu P og S. Prófun á talstöðvum fer fram hjá radióeftirlitinu. Þegar óskað er eftir að taka í notkun nýja tegund talstöðvar skal framleiðandi afhenda radióeftirlitinu eina stöð til prófunar. Sé talstöðin framleidd erlendis, heimilar P og S framleiðanda eða umboðsmanni hans innflutning einnar stöðvar með því skilyrði, að hún sé þegar í stað og án breytinga afhent radióeftirlitinu til prófunar. Með hverri stöð, sem sett er í prófun, skal fylgja handbók með lýsingu á notkunareglum stöðvarinnar, upptalningu á helstu eiginleikum hennar og stillingaraðferðum og ennfremur teikningar af henni. Radióeftirlitinu er heimilt að halda eftir þessum gögnum. Tveir kristallar skulu fylgja með talstöðinni fyrir tíðnir í sitt hvorum enda þess tíðnisviðs, sem talstöðin nær yfir án stillingar samkvæmt upplýsingum fram-

leiðanda. Óski framleiðandi eftir að notaðir séu með stöðinni einhverjir fylgihlutir skulu þeir fylgja með henni í prófun og sömuleiðis til eignar nauðsynlegar mælisnúrur, sem ekki eru af almennri gerð.

## 6. gr.

Eiginleikar talstöðva eins og framleiðandi gefur upp í handbókum sínum og auglýsinga-bæklingum skulu mæta þeim kröfum, sem settar eru fram í viðauka A við þessar reglur. Þessar upplýsingar framleiðanda teljast jafngilda ábyrgðaryfirlýsingu af hálfu hans. Við tegundaprófun skal radióeftirlitið með mælingum sannreyna að prufueintakið standist framangreindar kröfur. Talstöðvar, sem nota á í bílasímaþjónustunni, skulu jafnframt vera búnar þeim aukabúnaði, sem talinn er upp í viðauka B. Mæliaðferðir við tegundaprófun skulu vera hliðstæðar þeim aðferðum, sem notaðar eru hjá öðrum símastjórnnum V.-Evrópu.

Radióeftirlitið skal gera skýrslu um prófunina og á grundvelli hennar ákveður P og S hvort stöðin fái viðurkenningu og skal framleiðanda eða umboðsmanni hans tilkynnt skriflega um niðurstöðuna. Þær talstöðvar, sem ekki öðlast viðurkenningu, skulu að vali framleiðanda eða umboðsmanns hans sendar úr landi eða afhentar P og S til ráðstöfunar. Sé fyrri kosturinn valinn skal P og S innan mánaðar frá því að tilkynnt var um niðurstöðu prófunarinnar afhent ljósrit af útflutningsskýrslu fyrir stöðina. Sé seinni kosturinn valinn skal P og S geyma talstöðina í 2 ár, ef framleiðandi eða umboðsmaður hans skyldi skipta um skoðun og vilja senda stöðina úr landi. Skal P og S þá eins og fyrir greinir afhent ljósrit af útflutningsskýrslu. Að þessum 2 árum liðnum skal stöðin eyðilögð. Gjald fyrir tegundaprófun á talstöðvum og fylgihlutum þeirra greiðist af framleiðanda eða umboðsmanni hans í samræmi við gjaldskrá P og S.

## 7. gr.

Framleiðendum, umboðsmönnum þeirra eða notendum er óheimilt að gera breytingar á viðurkenndum talstöðvum. Óski framleiðandi eða umboðsmaður hans að setja á markaðinn breytta tegund skal setja hana í prófun eins og um nýja stöð væri að ræða. Jafnframt skal breyta tegundarheiti stöðvarinnar til aðgreiningar frá upphaflegri tegund. Nú koma í ljós talstöðvar af viðurkenndri gerð, sem hefur verið breytt í heimildarleysi. Skal þá radióeftirlitið þegar í stað gera slíkar stöðvar upptækar og leyfisbréfið fellt úr gildi. Þyki hins vegar sannað að breytingar hafi verið gerðar hjá erlendum framleiðanda án vitundar umboðsmanns eða notenda, skal umboðsmanni heimilt að fá stöðvarnar afhentar til sendingar úr landi enda sé P og S afhent gögn þaraðlútandi. Sé um endurtekið brot að ræða, skal upphafleg viðurkenning falla úr gildi.

## 8. gr.

P og S skal heimila innflutning á viðurkenndum talstöðvum á vegum framleiðanda, umboðsmanns hans eða einstakra notenda með áritun á aðflutningsskýrslu. Þegar framleiðandi eða umboðsmaður hans flytur inn talstöðvar til ákveðinna kaupenda skal hann afhenda P og S umsóknir um starfræksluleyfi frá kaupanda um leið og áritunar er óskað á aðflutningsskýrslu. Liggi ekki fyrir, hverjir verða kaupendur stöðvanna skal framleiðandi eða umboðsmaður hans leggja fram umsókn um innflutning og komi þar fram upplýsingar um tegund stöðvanna, fjölda og framleiðslunúmer. Í þessu tilviki er framleiðandi eða umboðsmaður hans ábyrgur fyrir því að væntanlegir kaupendur fylli út umsóknir um starfræksluleyfi og að þær séu sendar P og S innan 10 daga frá því að sala hefur farið fram. Það er þó með öllu óheimilt að afhenda eða setja upp talstöðvar fyrir bílasíma nema kaupandi framvísi leyfisbréfi fyrir stöðinni með bílasímanúmeri því, sem honum hefur verið úthlutað.

Dragist á langinn hjá framleiðanda eða umboðsmanni hans að selja talstöðvar, sem hann er skráður fyrir, skal hann sýna þær starfsmönnum radióeftirlitsins, hvenær sem þess er óskað.

## 9. gr.

Framleiðandi skal setja á hverja talstöð skilti þar sem fram kemur nafn hans, tegundarheiti stöðvarinnar og framleiðslunúmer hennar. Þar að auki skal framleiðanda eða umbodsmanni hans skylt, sé þess óskað af hálfu P og S, að setja á hverja talstöð límmiða með raðnúmeri P og S og/eða öðrum upplýsingum frá stofnuninni. Skal límmiðinn afhentur um leið og aðflutningsskýrsla er árituð og skal honum komið fyrir á áberandi stað á talstöðinni.

## 10. gr.

Notendur í bílasíma P og S sbr. 2. grein skulu við úthlutun bílasímanúmers greiða stofngjald samkvæmt gjaldskrá P og S. Þegar uppsetningu stöðvarinnar er lokið, skal haft samband við bílasímaafgreiðsluna og beðið um prófun á uppkalli í báðar áttir. Ef prófunin er fullnægjandi telst notandinn orðin aðili í bílasímaþjónustunni og afnotagjald er reiknað frá þeim degi. Greiðslur notanda skulu að öðru leyti vera í samræmi við gjaldskrá P og S.

## 11. gr.

Í bílasímaþjónustunni fer fram handvirk afgreiðsla á samtölum milli farartækja og milli farartækis og fastra símnótenda. Stefnt er að því að veita þjónustu um byggð landsins og þjóðvegi. P og S ábyrgist ekki að alltaf sé hægt að afgreiða farstöðvar óháð staðsetningu þeirra innan framangreindra marka þar eð útbreiðsla á radíóbylgjum er háð landslagi og að auki breytileg með tíma.

## 12. gr.

Leyfileg fjarskipti á sértíðnum eru tal og gagnasendingar (data). Fyrst um sinn er hámarkshraði gagnasendinga 1200 bit/s. Fyrir tal má nota fasamótun eða tíðnimótun. Fyrir gagnasendingar er leyfileg hamin tíðnimótun (TFM) og lágþlaupsmótun með Gauss-síu (GMSK), en ekki aðrar mótunaraðferðir, sem hætta er á að valdi grannrásartruflunum. Notendur, sem ætla að nota sértíðnir fyrir gagnasendingar, skulu fá viðurkenningu P og S á búnaðinum áður en starfræksla hans hefst.

## 13. gr.

Framleiðandi eða umbodsmáður skal sjá til þess að í bílasímatalstöð séu þær tíðnir, sem taldar eru upp í tíðnilista P og S fyrir bílasímaþjónustuna og engar aðrar, nema þess sé sérstaklega getið í leyfisbréfi notanda. Eigandi stöðvar ber þó alla ábyrgð á því að stöð, sem kominn er í notkun, hafi eingöngu tilskildar tíðnir.

Vilji eigandi stöðvar af einhverjum ástæðum breyta bílasímanúmeri sínu skal hann hafa samband við radíóeftirlitið. Breyti eigandi stöðvar sjálfur númeri sínu eða fái einhvern annan aðila til þess án heimildar radíóeftirlitsins, skal afgreiðslu við talstöðina hætt og leyfisbréfið afturkallað.

## 14. gr.

Umsækjendur um afnot af sértíðnum fyrir lokuð farstöðvakerfi skulu veita upplýsingar um svæði það, sem kerfi þeirra á að ná til og fyrirhugaða staðsetningu móðurstöðvar. Einnig skal taka fram, hvort óskað sé eftir einnar tíðni eða tveggja tíðna notkun. Þegar notuð er sama tíðni fyrir sendingu og móttöku í talstöðvunum verður að nota skiptital. Farstöðvar geta með þessari tilhögun haft samband sín á milli án afskipta móðurstöðvar. Þegar notaðar eru aðskildar sendi- og móttökutíðnir fara öll viðskipti í gegnum móðurstöð, sem hefur þá stjórn á farstöðvakerfinu. Umsækjandi skal einnig gefa upp fyrirhugaðan fjölda farstöðva í kerfi sínu og rökstyðja þá tölu.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum gerir P og S athugun og útreikninga á hugsanlegri truflanahættu gagnvart þeirri farstöðvastarfsemi, sem fyrir er á svæðinu svo og gagnvart hinni fyrirhuguðu starfsemi umsækjanda og velur tíðnir í metra- eða desimetrabylgjusviðinu

fyrir hann. Í sumum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að velja móðurstöð nýjan stað. Oft er hægt að heimila notkun tveggja tíðna kerfis þegar einnar tíðni notkun er útilokuð vegna truflanahættu.

## 15. gr.

Að jafnaði er aðeins veitt leyfi fyrir einni móðurstöð á hverri sértíðni. Undanþága er veitt fyrir fleiri móðurstöðvum, ef þær tengjast allar sömu afgreiðslu með símalínnum.

Í vissum tilvikum getur P og S heimilað rekstur móðurstöðvar með gegnumtali. Farstöðvar geta þá haft samband sín á milli um móðurstöð án afskipta afgreiðslu. Leyfi eru hins vegar ekki veitt til starfrækslu endurvarpsstöðva með aðgreindum tíðnipörum í sendingu og móttöku.

Opinberir aðilar, sem gegna hlutverki á sviði löggæslu, sjúkraflutninga, almannavarna og vega- og rafmagnsþjónustu, og fengið hafa leyfi til að starfrækja tveggja tíðna farstöðvakerfi geta fengið undanþágu til að nota senditíðni farstöðva sinna fyrir skiptital milli þeirra utan þéttbýlissvæða. Ekki er í þessum tilvikum heimilt að setja upp móðurstöðvar á senditíðnum farstöðvanna né heldur er heimilt að nota senditíðni móðurstöðvanna sem senditíðni í farstöðvunum.

Óheimilt er að flytja móðurstöðvar, nema að fenginni skriflegri heimild P og S.

## 16. gr.

Tenging lokaðra farstöðvakerfa á sértíðnum við símakerfið er ekki heimil. P og S er þó heimilt í tilraunaskyni að leyfa opinberum aðilum, sem taldir eru upp í 2. og 15. grein takmarkaða tengingu við símakerfið í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

1. Viðkomandi aðili skal hafa fengið úthlutun hjá P og S á tveggja tíðna rás í tíðnisviðinu 155 — 174 MHz og 450 — 470 MHz.
2. Notendur í farstöðvakerfi viðkomandi stofnunar mega eingöngu vera þeir, sem teljast starfsmenn hennar.
3. Eftirfarandi tengimöguleikar eru leyfðir:
  - a) Handvirk tenging í afgreiðsluborði milli talstöðvarnotanda og símnotanda.
  - b) Sjálfvirk tenging í afgreiðsluborði, þegar símnotandi hringir í símanúmer, sem tengt er afgreiðsluborðinu. Þetta símanúmer skal ekki vera skráð.
  - c) Sjálfvirk hringing frá afgreiðsluborði í eitt eða fleiri símanúmer allt að fimm númerum, sem valin eru fyrirfram. Í þessu tilviki skal hringing í símanúmer sett í gang með tónaröð, sem er í samræmi við 5-tóna kóða CCIR. Tónaröðin er ákveðin af radióeftirlitinu.
4. Áður en tenging samkvæmt 3. grein er framkvæmd skal hinn sérstaki búnaður, sem til hennar þarf, afhentur tæknideild P og S til prófunar og viðurkenningar. Deild sjálfvirkra stöðva annast prófunina. Gjald fyrir prófunina er samkvæmt gjaldskrá P og S.
5. Til að koma sem best í veg fyrir að suð og truflanir berist frá talstöðvakerfinu inn á símakerfið, skal eigandi talstöðvakerfisins í samráði við starfsmenn P og S stilla suðloku ("Squelch") viðtækis í móðurstöðinni þannig að það opni ekki fyrr en við hæfilegan viðtökustyrk. Ef truflun frá talstöðvunum berst engu að síður inn í símakerfið áskilur P og S sér rétt til að fella niður heimild til tengingar við símakerfið.
6. Tenging sú við símakerfið, sem hér um ræðir skal gerð af P og S einni og er öðrum aðilum óheimilt að framkvæma hana.
7. Umsóknir um tengingu við símakerfið samkvæmt reglum þessum skulu sendar tæknideild P og S.
8. Heimildir, sem veittar eru samkvæmt þessum reglum, gilda til 31. desember 1985 en fyrir þann tíma verður ákveðið hvort þær verða framlengdar.

## 17. gr.

Vegna mikillar eftirspurnar á sértíðnum er nauðsynlegt að setja takmarkanir á úthlutun þeirra. Reiknað er með að hver sértíðni geti staðið undir notkun 40—100 farstöðva allt eftir eðli starfseminnar. Fyrst um sinn verður stuðst við eftirfarandi reglur við veitingu sértíðna:

- a) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 20 eða fleiri farstöðvar, skulu fá afnot af eigin sértíðni.
- b) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 60 eða fleiri farstöðvar, skulu fá afnot af allt að tveimur eigin sértíðnum.
- c) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 150 eða fleiri farstöðvar, skulu fá afnot af allt að þremur eigin sértíðnum.
- d) Umsækjendur, sem hafa færri en 20 farstöðvar á talstöðvakerfi sínu, verða að eiga von á því að deila sértíðni með öðrum. Þegar tveir eða fleiri notendur deila sértíðni, skulu talstöðvar þeirra búnar tóntækjum í samræmi við viðauka D svo að hægt sé að kalla í talstöð án þess að það heyrst í stöðvum annarra. Óheimilt er að hafa viðskipti milli móðurstöðva mismunandi notenda. P og S getur einnig áskilið að notendur sömu sértíðnar komi sér saman um sameiginlega móðurstöð.

## 18. gr.

Tónvalsbúnaður talstöðva í bílasímaþjónustunni og á sértíðnum þar sem tónval er notað skal uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í viðauka C. Tónvalsbúnaður skal ekki settur við talstöðvar nema viðurkenning á slíkri samtengingu frá P og S liggi fyrir.

Talstöðvar í bílasímaþjónustunni verða að geta skynjað eigið bílasímanúmer og hópallsnúmer, ef því hefur verið úthlutað. Bílasímanúmer byrja á tölustafnum 0 en hópallsnúmer á tölustafnum 9.

Notendur sértíðna, sem ekki deila þeim með öðrum, geta sjálfir ákveðið tónvalsnúmer sín en skulu tilkynna þau til radióeftirlitsins. Tónsendar talstöðva í bílasímaþjónustunni sbr. viðauka B skulu uppfylla kröfur í viðauka C að því er varðar sendingu bílasímanúmers.

## 19. gr.

Nothæf útbreiðsla radióbylgna í metra- og desimetrabylgjusviðunum er að mestu leyti takmörkuð við sjónlínu. Það er því eðlilegt að takmarka útgeislað sendiafl talstöðvanna, sérstaklega þar sem slík takmörkun dregur úr truflunum og eykur möguleika þess að finna tíðnir fyrir alla umsækjendur. Í tíðnisviðinu 153,5 — 174 MHz er mesta leyfilega útgeislað afl 25 wött en 15 wött í tíðnisviðinu 450 — 470 MHz. Með mestu útgeisluðu afli stöðvar er átt við útgeislað afl frá loftneti í þá stefnu, sem geislunin er mest. Útgeislað afl má finna með því að margfalda sendiafl talstöðvar með stefnuvirknisstuðli (mögnun) loftnets. Lýsing á mælingu sendiafls er að finna í viðauka A. Ef um verulegt tap er að ræða í fæðilínu frá sendi til loftnets er heimilt að taka tillit til þess við ákvörðun útgeislaðs afls.

## 20. gr.

Hafi umsækjandi um sértíðni ekki tekið hana í notkun innan 8 mánaða frá dagsetningu skriflegrar úthlutunar fellur hún sjálfkrafa niður.

Opinberir aðilar, sem fá í samræmi við 2. grein undanþágu til að nota sértíðnir, jafnframt því að vera þátttakendur í bílasímaþjónustu P og S skulu greiða leyfisbréfa- og starfrækslugjöld til viðbótar gjöldum fyrir bílasíma samkvæmt gjaldskrá P og S.

Sé starfsemi leyfishafa, sem fengið hefur heimild til að nota sértíðni, þannig háttað að hann þurfi að flytja talstöðvar milli farartækja er radióeftirlitinu heimilt að gera við hann samkomulag um sérstakt fyrirkomulag leyfisbréfa.

## 21. gr.

Óheimilt er að hlusta á tíðnir í landfarstöðvaþjónustunni nema til þess hafi verið gefið leyfi í formi leyfisbréfs. Notendum í landfarstöðvaþjónustunni er þó bent á að erfitt er að koma alveg í veg fyrir slíka hlustun og getur P og S ekki tekið á sig ábyrgð um leynd þessara fjarskipta. P og S getur heimilað notendum að setja upp búnað, sem breytir sendingum í þeim tilgangi að halda efni þeirra leyndu fyrir öðrum. Búnaðinn skal afhenda radióeftirlitinu til athugunar og samþykktar áður en uppsetning hefst.

Notendur eru bundnir þagnarheiti um þau viðskipti annarra notenda, sem þeir verða áskynja um.

## 22. gr.

Notendum talstöðva er skylt að veita radióeftirlitsmönnum P og S aðgang að stöðvum sínum fyrirvaralaust, hvenær sem þess er óskað enda sýni radióeftirlitsmenn víðeigandi skilríki.

## 23. gr.

Notendur talstöðva, sem verða fyrir utanaðkomandi truflunum, skulu þegar í stað snúa sér til radióeftirlitsins, sem skal eins og fljótt og við verður komið koma í veg fyrir truflunina.

Verði truflun á fjarskipta- eða útvarpsþjónustu rekin til talstöðvar og starfsmenn radióeftirlitsins telja líkur fyrir því að stöðin sé biluð eða uppfylli ekki þær kröfur, sem gerðar eru, skal notandi þegar í stað taka hana úr notkun, afhenda hana radióeftirlitinu til athugunar og mælinga og láta síðan gera við hugsanlega bilun í samræmi við fyrirmæli radióeftirlitsins. Radióeftirlitið getur í ákveðnum tilvikum innsiglað talstöð til að tryggja að starfsrækslu hennar sé hætt. Ekki mega aðrir en starfsmenn radióeftirlitsins rjúfa innsiglið.

## 24. gr.

Réttindi til að setja upp talstöðvar og annast viðhald þeirra hafa, auk radiódeildar og radióverkstæða P og S, þeir sem hafa fengið viðurkenningu til reksturs talstöðvaverkstæða.

Við uppsetningu talstöðva skal ganga þannig frá búnaði og lögnum að dregið sé sem mest úr truflanahættu.

Eingöngu starfsmenn P og S mega ganga frá tengingu og stjórnborða við símalínur, sem P og S lætur á leigu. Þeir skulu tryggja að spennu- og aflmörk fyrir línurnar séu haldin.

Leyfisbréf eru ekki gefin út fyrir talstöðvar, sem settar eru upp af réttindalausum aðilum og telst starfræksla þeirra ólögleg. Slíkar stöðvar fá ekki afgreiðslu í bílasímaþjónustu P og S.

## 25. gr.

Innflutningur talstöðva, sem áður hafa fengið viðurkenningu en ekki uppfylla skilyrðin í viðauka A, verður heimilaður til 31. des. 1984. Starfsræksla hinna sömu talstöðva verður heimiluð til 31. des. 1993.

## 26. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

## 27. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 30 27. júní 1941, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 613 8. ágúst 1983 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 19. október 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*



## VIÐAUKI A.

**Kröfur um tæknilega eiginleika talstöðva.**

## 1. gr.

Við prófun á metrabylgjutalstöðvum skal gengið úr skugga um að smíði stöðvanna sé nógu sterk til að þola þær aðstæður, sem bíla- og handstöðvar eru notaðar við. Það skal sérstaklega athugað, hvort hætta sé á sveigju á plötum, sem mismunandi hlutir talstöðvarinnar eru tengdir við eða hætta á að hlutir losni úr festingum við hristing.

Á forplötu skulu vera allir rofar, styrkstillar og gaumljós, sem þarf til að notandi geti notað þá eiginleika stöðvarinnar, sem framleiðandi auglýsir. Allir þessir hlutir skulu merktir á þann hátt að starfræksla stöðvarinnar sé leikmönnum ljós. Séu tákni notuð skal merking þeirra útskýrð í handbók með stöðinni.

## 2. gr.

Ekki seinna en einni mínútu eftir að talstöðin hefur verið tengd við ytri spennugjafa og kveikt á henni, skal hún vera tilbúin til notkunar og mælinga. Ef einhver hluti talstöðvar t.d. sveifluvaki getur ekki náð eðlilegri starfsemi á þessum tíma, skal þannig gengið frá þessum hluta að hann fái spennu um leið og talstöðin hefur verið tengd við ytri spennugjafa jafnvel þó að notandi hafi ekki kveikt á henni.

## 3. gr.

Þar eð talstöðvar eru starfræktar í mismunandi umhverfi eru skilgreindar mismunandi aðstæður. Venjulegar aðstæður eru þær, sem reikna má með á mælingastofu þar sem hitastig er milli 15 og 35 gráður á Celcius og rakastig milli 20 og 75%. Ef ekki er annars getið eru eiginleikar talstöðva mældir við þessi skilyrði. Einstakir eiginleikar talstöðva eru mjög háðir umhverfishitastigi og eru þeir mældir, ef ástæða þykir til, við sérstakar aðstæður þ. e. a. s. – 20 og + 55 gráður á Celcius.

## 4. gr.

Þegar mælingar eru gerðar á talstöðvum, sem tengjast við hið almenna rafnet, skal netspennan vera innan þeirra marka, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur telur eðlilega og með tíðni 50 Hz  $\pm$  1 Hz. Þegar talstöðvar eiga að tengjast rafgeymum farartækja skulu mælingar gerðar við geymisspennu sem er  $1,1 \times$  nafngildi rafgeymis.

Þegar talstöðvar eiga að ganga á öðrum spennugjöfum en að framan greinir eins og t. d. innbyggðum rafhlöðum, skal hafa hliðsjón af þeim spennugildum, sem framleiðandi gefur upp.

Við mælingar á eiginleikum talstöðva við sérstakar aðstæður sbr. 3. gr. þessa viðauka skulu þær gerðar innan eftirfarandi marka vinnuspennu:

Netspenna  $\pm$  10%.

Rafgeymar 0,9 til 1,3 sinnum nafngildi.

Purrar rafhlöður 0,6 til 1,0 sinnum nafngildi.

Kvikasilfuroxíðrafhlöður 0,9 til 1,0 sinnum nafngildi.

Fyrir aðra spennugjafa skal miða lægstu spennu við upplýsingar framleiðanda.

## 5. gr.

Við mælingar á eiginleikum talstöðvar við mismunandi hitastig skal þess gætt að umhverfishitastig sé orðið stöðugt áður en mæling er gerð. Slökkt skal á talstöðinni á meðan hitastig er að breytast. Þegar talstöðin inniheldur búnað til að jafna áhrif mismunandi hitastigs, skal samt kveikt á þeim búnaði en mælingin ekki gerð fyrir en að þeim tíma liðnum sem þarf samkvæmt upplýsingum framleiðanda til að ná stöðugu hitastigi.

## 6. gr.

Nú auglýsir framleiðandi að talstöðina megi nota í stöðugri sendingu og skal hún þá standast allar kröfur við hæstu hitastigsmörk eftir að sendirinn hefur verið í gangi í 30 mínútur og við lægstu hitastigsmörk eftir að hann hefur verið í viðbragðsstöðu í 1 mínútu.

Auglýsi framleiðandi að talstöðin þoli einungis slitrótta sendingu skal hún standast allar kröfur við hæstu hitastigsmörk eftir að sent hefur verið í 1 mínútu og stöðin síðan höfð í viðtökustöðu í 4 mínútur. Tíðniskekkja skal þó mæld strax eftir lok sendingar. Við lægstu hitastigsmörk skal talstöðin standast allar kröfur eftir að hafa verið látin vera í viðbragðsstöðu í 1 mínútu.

## 7. gr.

- 7.1 Við mælingar á viðtæki talstöðvar skal nota merkisgjafa tengda viðtækinu svo að riðstraumsviðnám mælt á inngangi viðtækis sé alltaf 50 ohm, jafnvel þó að um fleiri en einn merkisgjafa sé að ræða. Þegar mæling er gerð á inngangsstyrk viðtækis skal útkoman vera gefin sem frumspenna á þeim stað, sem tenging við viðtækið fer fram.
- 7.2 Suðlokar í talstöð skulu gerðir óvirkir á meðan mæling fer fram.
- 7.3 Við mælingu á látíðnistyrk viðtækis skal nota venjulega mótun, sbr. grein 7.4 og með viðnámi í útgangi, sem er jafnstórt því gildi, sem framleiðandi auglýsir fyrir viðtækið.
- 7.4 Þegar mæling inniber mótuð merki, skal mótunartónn vera 1 KHz og tíðnifrávik vera 60% mesta leyfilegs fráviks.
- 7.5 Gervialag sendis í mælingu skal vera 50 ohm án launviðnáms. Álagsviðnámið má ekki vera geislandi.
- 7.6 Talstöðvar með síum fyrir samtímistal skulu mældar með tengingu við loftnetsúttak síunnar. Ef inngangur viðtækis og útgangur sendis hafa tengimöguleika, skal talstöðin einnig uppfylla allar kröfur án samtengingar við samtímistalssíuna.
- 7.7 Sófómælisía, sem notuð er í mælingum á talrás, skal vera í samræmi við staðal alþjóðafjarskiptastofnunarinnar, CCITT Recommendation P 53.

## 8. gr.

Tæknilegir eiginleikar sendis skulu á öllu tíðnisvæðinu 153,5 — 174 eða 453 — 470 MHz vera í samræmi við eftirfarandi:

- 8.1 Tíðniskekkja sendis er skilgreind sem mismunur á mældri tíðni og nafngildi burðartíðni sendisins. Hæsta leyfilega skekkja á metrabylgju er  $\pm 2$  KHz, en á desimetrabylgju  $\pm 2,5$  KHz.  
Mæliaðferð: Burðartíðni skal mæla án mótunar með sendinn tengdan við gervialag. Mælinguna skal gera við venjulegar aðstæður og endurtaka við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.
- 8.2 Burðartíðniafl er meðalafli sent út í gervialag án mótunar og yfir eina hátíðniperíóðu. Framleiðandi talstöðvar skal gefa upp nafngildi burðartíðniaflsins.  
Mesta leyfilega nafngildi burðartíðniafls á metrabylgjum er 25 wött, en 10 wött á desimetrabylgjum. Við mælingu er leyft 1 desibel frávik frá þessum gildum.  
Mæliaðferð: Ómótaður sendirinn er tengdur við gervialag og aflið út í það mælt. Mælinguna skal gera við venjulegar aðstæður og endurtaka við sérstakar aðstæður, sbr. 3. grein.
- 8.3 Hámarkstíðnifrávik er mesti mismunur á augabragðstíðni mótaðrar burðarbylgju og tíðni ómótaðrar burðarbylgju. Hámarkstíðnifrávik skal ekki fara fram úr  $\pm 5$  KHz.  
Mæliaðferð: Sendirinn er tengdur við gervialag og tíðnifrávik mælt á útgangi hans með tíðnifráviksmæli. Við mælinguna eru yfir og aukasveifluþættir sendisins ekki skertir með síun. Mótunartíðni skal breyta frá lægsta tón, sem sendirinn á að geta

sent, upp í 3 KHz, en styrkur tónsins er stilltur á 20 desibel hærra gildi en notað er við venjulega mótun.

- 8.4 Við mótun með tón hærra en 3 KHz eru gerðar kröfur um lækkaða svörun sendis í formi tíðnisfráviks. Fyrir mótunartóna milli 3 og 6 KHz skal frávikíð ekki fara fram úr gildinu við 3 KHz mótunartón. Fyrir 6 KHz mótunartón skal tíðnifrávik eigi fara fram úr  $\pm 1,5$  KHz. Fyrir mótunartóna milli 6 og 25 KHz skal tíðnifrávikíð ekki fara fram úr gildi, sem ákveðst af línulegu falli um 14 desibel á hverja áttund reiknað frá 6 KHz tóni og frávikí við þann tón, sem er 6 desibel minna en frávikíð við 1 KHz tón. Mæliaðferð: Sendirinn er tengdur við gervialag og mótaður í samræmi við gr. 7.4. Með óbreyttum mótunarstyrk skal breyta mótunartóninum frá 3 upp í 25 KHz og mæla tíðnifrávik með tíðnifráviksmæli.

- 8.5 Grannrásarafl er sá hluti sendiafls, sem við ákveðna mótun mælist í viðtæki, sem stillt er á grannrás öðru hvoru megin við sendirásina. Grannrásarafl er summa þess meðalaflls, sem fram kemur við mótun og þeirra aflþátta, sem stafa frá dúrri og suði í sendinum.

Hámarksafl í grannrás skal vera 70 desibel lægra en sendiafl talstöðvarinnar, en þarf þó ekki í neinu tilfalli að fara undir gildinu 0,2 mikróvatt.

Mæliaðferð: Við þessa mælingu skal sendirinn mótaður með 1250 Hz tón með styrk 20 desibel hærra en þarf til að fá  $\pm$  KHz frávik. Sendirinn er tengdur tíðnirófsgreini með deyfiliðum og aðlögunarliðum þannig að sendirinn hafi 50 ohma álag og tíðnirófsgreinirinn fái hæfilegt merki. Hann er stilltur, svo að tíðnisvið hans nái yfir hverja rás fyrir sig og hlutfallið milli sýnds afls í grannrás og aðalrás mælt. Þess verður að gæta að velja tíðnirófsgreini, sem ekki hefur áhrif á mæliniðurstöðu.

- 8.6 Óæskilegar útsendingar teljast þau merki, sem sendirinn gefur frá sér á öðrum tíðnum en burðarbylgjutíðni hans og hliðartíðnum, sem fram koma við mótun í samræmi við gr. 7.4.

Hámarksgildi óæskilegrar útsendingar á hverri einstakri tíðni skal ekki fara fram úr 0,25 mikróvatti (fram til 31. desember 1984 er þó heimilt að samþykkja talstöðvar með óæskilegum útsendingum allt að 2,5 mikróvöttum).

Mæliaðferðir: Notaðar skulu mismunandi aðferðir til að mæla óæskilegar sendingar, sem sendirinn sendir út í loftnet og óæskilegar sendingar, sem sendirinn geislar út um kassa eða grind. Fyrri mælingin er gerð á útgangi sendis, sem mótaður er í samræmi við grein 7.4. Tíðnirófsgreinir eða stilltur voltmælir er tengdur við sendinn með deyfilið, en einnig má tengja sendinn við gervialag og taka út mælispennu. Mældir eru allir þættir sendingar frá 100 KHz upp í 2 GHz nema á rásinni, sem sendirinn vinnur á. Mælingin skal endurtekin án mótunar og einnig með sendinn í viðbragðsstöðu. Seinni mælingin er gerð með viðtæki og mæli loftneti, sem er haft í 3 m fjarlægð frá talstöðinni. Þessi mæling er notuð ein, þegar um er að ræða handstöðvar með innbyggðu loftneti, sem ekki verður frátengt.

#### 9. gr.

Tæknilegir eiginleikar viðtækja skulu á öllu tíðnisviðinu 153,5 — 174 eða 453 — 470 MHz vera í samræmi við eftirfarandi:

- 9.1 Næmni viðtækis er minnsta frumspenna há tíðnimerkis á réttri viðtökutíðni og með mótun í samræmi við gr. 7.4, sem tengd við inngang viðtækisins gerir því kleift að uppfylla eftirfarandi:

— gefa a. m. k. 50% af nafngildi útgangsafls.

— gefa merkis/suðs hlutfall eigi minna en 20 desibel mælt á útgangi viðtækisins með sófómetriskri síu.

Merkis/suðs hlutfall er hér skilgreint sem  $\frac{S+B+D}{B+D}$  þar sem S táknar styrk merkisins, B suðstyrk og D yfirsveiflubjögun.

Næmni viðtækis skal eigi vera minni en 6 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu við venjulegar aðstæður og eigi minni en 12 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.

Mæliaðferð: Hátíðnimerki á sömu burðarbylgjutíðni og viðtækið er stillt á, er sett á inngang þess. Merkið skal vera mótað í samræmi við gr. 7.4. Útgangur viðtækisins skal tengjast álagi með sama gildi viðnáms og framleiðandi gefur upp og bjögunarmæli með 1 KHz bandstoppsíu og sófómetriskri síu. Með styrkstílli viðtækisins er útgangsaflíð stillt í 50% af uppgefnu gildi. Styrkur hátíðnimerkisins er aukinn uns merkis/suðs hlutfallið er 20 desibel með útgangsaflíð óbreytt í 50% gildinu. Aflestur á styrk hátíðnimerkisins er jafnframt næmni viðtækisins. Mælingin er gerð við venjulegar aðstæður og endurtekin við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.

Þegar mæling er gerð við sérstakar aðstæður, er heimil að leyfa breytingar á útgangsaflinu um allt að  $\pm 3$  desibel. Fyrir stöðvar með samtímistali skal viðtækið standast þessar kröfur með sendingu og viðtöku í gangi samtímis.

- 9.2 Svörun styrktakmarkara viðtækis er skilgreind sem hlutfallið milli styrkgildis ákveðins mótaðs inngangsmerkis og styrkgildis á útgangi þess. Breyting á útgangsstyrkgildi má ekki vera meiri en 3 desibel, þó að inngangsstyrkur sé aukinn upp í 100 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu.

Mæliaðferð: Hátíðnimerki mótað í samræmi við gr. 7.4 og með styrk 6 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu er tengt við inngang viðtækisins. Útgangsstyrkur er minnkaður um 6 desibel frá venjulegu gildi. Styrkur hátíðnimerkisins er síðan aukinn upp í 100 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu og breyting útgangsstyrks mæld með afl- eða spennumæli.

- 9.3 Truflanavernd á samrás er mælikvarði á möguleika viðtækis til að taka á móti mótaðri sendingu þrátt fyrir truflun á sömu tíðni. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli truflunarstyrks og styrks þess merkis, sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðs hlutfalli frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal vera milli 0 og mínus 8 desibel.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er stillt á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði  $\pm 3$  KHz.

Í byrjun mælingar er slökkt á trufluninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við næmni viðtækisins sbr. 9.1. Kveikt er á truflunarvaka og tíðni hans stillt yfir  $\pm 3$  KHz svið miðað við burðarbylgjutíðni viðtækisins til að finna þá truflunartíðni, sem verst áhrif hefur á merkis/suðs hlutfall viðtækisins. Truflunarstyrkur er að lokum stilltur þannig, að merkis/suðs hlutfallið á útgangi viðtækisins hefur lækkað úr 20 í 14 desibel.

- 9.4 Truflanavernd á grannrás er mælikvarði á möguleika viðtækis til að taka á móti mótaðri sendingu þrátt fyrir truflun á grannrás. Hún er skilgreind sem lægsta mælt hlutfall milli truflunarstyrks í efri og lægri grannrás og styrks þess merkis, sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðs hlutfallinu frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal eigi vera minna en 70 desibel mælt við venjulegar aðstæður og 60 desibel við sérstakar aðstæður sbr. 3. gr.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði  $\pm 3$  KHz og tíðni þess stillt á efri grannrás.

- Í byrjun mælingar er slökkt á trufluninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við næmni viðtækisins sbr. gr. 9.1. Kveikt er á truflunarvaka og styrkur hans stilltur þannig, að merkis/suðs hlutfallið lækki úr 20 í 14 desibel. Mælingin er endurtekin með truflanavakann stilltan á lægri grannrás. Mælingarnar eru endurteknar við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.
- 9.5 Almenn truflanavernd er mælikvarði á möguleika viðtækis til að greina á milli mótaðrar sendingar á gefinni tíðni og truflun á hvaða annarri tíðni, sem viðtækið gefur svörun við. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli truflanastyrks og styrks þess merkis, sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðs hlutfallinu frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal eigi vera lægra en 70 desibel á neinni tíðni. Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði  $\pm 3$  KHz. Í byrjun mælingar er slökkt á trufluninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við næmni viðtækisins sbr. gr. 9.1. Kveikt er á truflanavaka og styrkur hans hafður 86 desibel miðað við 1 mikróvolt, en tíðni hans síðan stillt yfir sviðið frá 100 KHz til 2 GHz. Á öllum tíðnum, þar sem einhver svörun fæst frá viðtækinu, er truflunarstyrkur stilltur þangað til að merkis/suðs hlutfallið er fallið í 14 desibel mælt gegnum sófómetriska síu.
- 9.6 Millimótunardeyfung er mælikvarði á möguleika viðtækisins að koma í veg fyrir myndun nýrra merkja í rásinni, sem verið er að taka á móti, vegna návistar tveggja eða fleiri merkja. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli styrks merkisgjafa, sem valda millimótun með merkis/suðs hlutfall jafnt 20 desibel sem afleiðingu og næmni viðtækisins. Millimótunardeyfung skal eigi vera minni en 70 desibel. Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja tvo merkisgjafa A og B við viðtækið. Í byrjun er slökkt á B. Merkið frá A er haft á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Styrkur A, mældur á inngangi viðtækisins, er hafður jafn næmni þess og talan skráð. Tíðni A er nú hækkuð um 50 KHz og kveikt á B, en hann ekki mótaður. Tíðni B skal vera 25 KHz lægri en tíðni A. Styrkur A og B er hafður jafnmikill og aukinn þangað til að merkis/suðs hlutfallið mælt gegnum sófómetriska síu er orðið 20 desibel. Tíðni A má stilla lítils háttar til að fá sem hæst gildi á merkis/suðs hlutfallinu. Mælingin er endurtekin með tíðni A lækkaða um 50 KHz og tíðni B 25 KHz ofar A.
- 9.7 Girði er breyting, venjulega lækkun, á útgangsstyrk viðtækis eða lækkun á merkis/suðs hlutfalli þess vegna návistar truflunarmerkis á annarri tíðni en viðtækið er stillt á. Girðisspenna viðtækisins er truflunarstyrkur mældur á inngangi þess, sem veldur annað hvort 3 desibel lækkun á útgangsstyrk eða lækkun á merkis/suðs hlutfalli úr 20 í 14 desibel. Gildi girðisspennu skal eigi vera lægra en 90 desibel miðað við 1 mikróvolt nema á þeim tíðnum, þar sem viðtækið er næmt fyrir truflunum sbr. gr. 9.5. Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Í byrjun er slökkt á trufluninni, frumspenna merkisins höfð 6 desibel miðað við 1 mikróvolt á inngangi viðtækisins og útgangsafl þess stillt á helming venjulegs gildis. Truflunarmerkið er ekki mótað, en tíðni þess breytt milli +1 og +10 MHz og -1 og -10 MHz, allt miðað við nafngildi viðtökutíðnarinnar.
- 9.8 Óæskileg geislun viðtækis telst vera öll sending eða geislun á radiótíðnum frá því. Hámark óæskilegrar geislunar er 2 nanóvött í tíðnisviðinu frá 30 MHz til 2 GHz. Mæliaðferð: Sending radiótíðna frá viðtækinu er mæld á inngangi þess með tíðnirófsgreini með 50 ohma viðnámi og allir spennuþættir mældir í framangreindu tíðnisviði. Geislun er mæld með aðstoð mæli loftnets og tíðnirófsgreini. Loftnetið er haft í 3 m fjarlægð frá talstöðinni.

## 10. gr.

Talstöðvar, sem gerðar eru fyrir samtímistal (duplex) og útbúnar eru með síu í þessum tilgangi, skulu á öllu tíðnisviðinu 153,5 — 174 og 453 — 470 MHz hafa eftirfarandi eiginleika:

- 10.1 Lækkun á næmni viðtækis við samtímis sendingu og viðtöku í talstöð stafar af leka á sendiafli inn á viðtæki. Lækkunin er skilgreind sem hlutfallið milli næmni viðtækisins með og án sendingar og skal eigi vera meiri en 3 desibel.

## VIÐAUKI B.

Talstöðvar, sem nota á í bílasímaþjónustunni, skulu hafa eiginleika í samræmi við reglur þessar og viðauka A, en jafnframt skulu þær útbúnar sérstaklega á eftirfarandi hátt:

1. Talstöðvarnar skulu hafa möguleika á sendingu og viðtöku á minnst 20 rásum. Af þessum 20 rásum skulu 9 vera uppkallsrásir bílasímaþjónustunnar, sem eru nr. 33-41. Fyrst um sinn getur P og S þó heimilað notkun stöðva með allt niður í 9 rásir og skulu þær þá vera útbúnar kallrásunum.
2. Talstöðvarnar skulu hafa innbyggðan rásaleitara á a. m. k. kallrásunum. Rásaleit skal alltaf vera í gangi, þegar ekki er verið að nota stöðina til samtals.
3. Talstöðvarnar skulu vera gerðar fyrir samtímistal.
4. Auk venjulegs talfæris skulu stöðvarnar hafa hátalara. Á stöðvunum skal vera sérstakur uppkallshnappur og skal talstöðin senda bílasímanúmer sitt, þegar þrýst er á hnappinn.
5. Tónsendir og viðtæki skulu fylgja með hverri talstöð til að geta sent og tekið á móti bílasímanúmeri stöðvarinnar og þar að auki tekið á móti minnst einu hópallsnúmeri, sem er þá 90 000. Óski eigandi talstöðvar eftir fleiri hópallsnúmerum, fær hann úthlutun hjá P og S. Ekki má senda úr talstöðinni á rásum bílasímaþjónustunnar annað bílasímanúmer en henni hefur verið úthlutað. Tónsendirinn skal senda sjálfvirkt bílasímanúmer sitt um leið og viðtæki talstöðvarinnar hefur skynjað uppkall frá afgreiðslu sem því er ætlað.
6. Talstöðin skal senda út sjálfvirkt ein-tóns merki með tíðni 2110 Hz og 1,2 sekúndu á lengd, þegar talfæri er sett í höldu að loknu samtali.
7. Sé talstöðin útbúin handvirkum rofa til að hlusta rás, skal vera tímastýring á rofanum, svo að lokað sé fyrir hlustun innan 30 sekúndna. Þessi tímastýring skal vera óvirk, þegar talstöðin hefur rétt áður sent út eða tekið á móti bílasímanúmeri sínu.

## VIÐAUKI C

**Nauðsynlegir eiginleikar tónvalsbúnaðar.**

## 1. gr.

- 1.1 Tónvalsmerkið skal vera röð 5 tóna, sem eru látnir móta sendinn í móðurstöð. Nota skal tíðnimótun með forbjögun sem nemur 6 desibel á áttund (óbein fasamótun). Frávikid fyrir töluna 6 (1540 Hz) skal vera 3 KHz.

## 1.2 Tölurnar eru táknaðar með tónum eins og sýnt er í töflunni

Tala	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Tónn (Hz)	1124	1197	1275	1358	1446	1540	1640	1747	1860
		0	Endurtekin						
		1981	tala						
			2110						

Sem dæmi er kallnúmerið 12133 táknað með tónröðinni

1124–1197–1124–1275–2110 Hz og

kallnúmerið 22222 með 1197–2110–1197–2110–1197 Hz

1.3 Hver röð 5 tóna skal standa í 500 millisekúndur og er endurtekin eftir  $900 \pm 100$  millisekúndur.

## 2. gr.

- 2.1 Tónarnir skulu vera sem mest sínuslaga með yfirsveiflur innan við 2%.
- 2.2 Mismunur á toppgildi tóna í ákveðinni röð má ekki vera meira en 1 desibel.
- 2.3 Lengd tóns mæld við hálf tónsgildi tónsins skal vera  $100 \pm 10$  millisekúndur. Milli tóna skulu vera  $3 \pm 2$  millisekúndur mælt við sama styrk.
- 2.4 Ris- og falltími hvers tónpúlss miðað við 10% og 90% af toppgildi skal vera  $1,5 \pm 1$  millisekúnda.
- 2.5 Mesta leyfilega tíðniskekkja tóns er  $\pm 4$  Hz.

## 3. gr.

- 3.1 Ekki er leyfilegt að endurtaka tónvalsmerki nema að 5 sekúndum liðnum.

## 4. gr.

- 4.1 Tónvalsskynjari viðtækis má vera annað hvort sérstök eining í tengslum við talstöð eða innbyggður í talstöðina. Ef hann er sérstök eining skal hann prófaður með öllum þeim talstöðvum, sem framleiðandi hans eða umboðsmaður, hyggst nota hann við.

## 5. gr.

- 5.1 Tónskynjarinn skal gefa svörun við tón í öllum tilfellum þó að tíðniskekkja tónsins sé allt að  $\pm 0,5\%$  frá réttri tíðni en skal ekki svara ef tíðniskekkja er  $\pm 3\%$  eða meiri frá réttri tíðni. Þetta skilyrði skal uppfyllt þó að innspenna hafi breyst um  $\pm 10$  desibel frá uppgefnu gildi.

## 6. gr.

- 6.1 Tónskynjarinn skal í innspennusviðinu skilgreint í 5. gr. gefa fullnægjandi svörun við merkis/suðs hlutfall jafnt 5 desibel og þar yfir mælt á inngangi tónskynjarans með suðbandbreidd 3 KHz.

## 7. gr.

- 7.1 Tónskynjarinn skal samþykkja tónpúlssa með allt að 25% bjögun.

## 8. gr.

- 8.1 Líði meira en  $250 \pm 40$  millisekúndur milli tónpúlssa, sem skynjarinn fær frá viðtækinu skal hann sjálfkrafa stillast í byrjunarstöðu á ný.

## 9. gr.

- 9.1 Þegar tónskynjarinn hefur mótttekið 5 tóna merki, sem samsvarar tónvalsnumeri hans, skal hann gefa frá sér stutt hljóðmerki og kveikja á ljósi, sem á að lýsa þangað til að notandi stövarinnar slekkur á því.

## VIÐAUKI D.

Talstöðvar notenda á sértíðnum, þar sem fleiri en einn notar sömu tíðnina, skulu útbúa talstöðvar sínar tónsendi og sítonsloka. Hver talstöð sendir frá sér tón, þegar kveikt er á öllum sendinum. Sítonslokinn skynjar, þegar talstöðin tekur á móti réttum tón, og opnar viðtækið. Í stað sérstaks sítonsloka má nota suðloka viðtækisins, en þá skal hann stýrast bæði af tóninum og mældu suðgildi. Notandi heyrir með þessari tilhögun eingöngu þær sendingar, sem honum eru ætlaðar. Radíóeftirlitið ákveður tóntíðni hvers notanda.

Tóngjafar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Tónarnir skulu vera sem mest sínuslaga með yfirsveiflu innan við 2%.
2. Mesta tíðniskekkja er  $\pm 4$  Hz.

Sítonslokar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Þeir skulu opna viðtækið í öllum tilfellum, þó að tíðniskekkja á mótteknum tón sé allt að  $\pm 0,5\%$ , en skulu ekki opna, ef tíðniskekkja er  $\pm 3\%$  eða meiri. Þessum skilyrðum skal fullnægt, þó að innspenna breytist um allt að  $\pm 10$  desibel miðað við venjulegt gildi.
2. Þeir skulu gefa fullnægjandi árangur svo framarlega sem merkis/suðs hlutfall á útgangi viðtækis sé yfir 5 desibel.

19. október 1983

Nr. 734

## REGLUGERÐ

## um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

## 1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 5 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 2 500,00.

## 2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 1 250,00 er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 760/1982.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. október 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*



## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með áorðnum  
breytingum.

1. gr.

24. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirgreindar vélar, enda séu þær ætlaðar til notkunar við fiskvinnslu:

Flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettingarvélar, slægingar- og hausskurðarvélar, sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.15 svo og hakkavélar, marningsvélar, beinskurðarvélar, flokkunarvélar, fiskþvottavélar, mótunarvélar og hrognaskiljur sem falla undir tnr. 84.30.19.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 27. október 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi,  
Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi  
fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald fyrir árið 1983 skal vera kr. 1 500,00 fyrir hvern hund sbr. 2. gr. staflíð b, í samþykkt nr. 337/1983 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

2. gr.

Handtökugjald skv. 3. gr. samþykktar nr. 337/1983 skal vera kr. 2 000,00.

3. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar, Grindavíkurkaupstaðar, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1983.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Árnessýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur ráðuneytið ákveðið, að Laugarvatnsvegur frá stað vestan við vegamót við Gjabakkaveg að stað austan við þjónustumiðstöð á Laugarvatni skuli vera aðalbraut.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. ágúst 1983.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

27. október 1983

Nr. 738

## AUGLÝSING

### um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar á Gunnarsbraut, frá Karlsrauðatorgi að Brimnesá, bæði við austur- og vesturbrún götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn á Dalvík, 27. október 1983.*

**Elías I. Elíasson.**

18. október 1983

Nr. 739

## REGLUGERÐ

### um einkennisbúning starfsmanna flugmálastjórnar.

#### I. KAFLI

#### Gerð einkennisfatnaðar.

##### 1. gr.

Einkennisbúningur sem um getur í reglugerð þessari og hin ýmsu einkenni, sem á honum eru, er til að gefa til kynna að sá sem hann ber sé starfandi hjá flugmálastjórn og hvert starf hans er.

##### 2. gr.

Einkennisbúningur starfsmanna flugmálastjórnar skal vera sem hér segir:

- a) Húfa úr bláu ullarefni með 5 cm breiðri uppstandandi gjörð, 6 cm breiðri reisu, gljáleðurskyggni og hökuól. Á gjörð skal vera 4 cm breiður svartur borði.
- b) Jakki úr bláu ullarefni. Skal hann vera einhnepptur, með þremur hnöppum af stærri gerð og skal hneppt á þá alla. Á ermum skulu vera minni hnappar, tveir á hvorri. Hnappar skulu vera gylltir með merki flugmálastjórnar. Á ermum skulu vera einkenni er tákna stöðu viðkomandi starfsmanns, sem nánar er lýst í 4. gr. Á hægri brjósti skal borið merki flugmálastjórnar, ásamt nafni og stöðu viðkomandi.
- c) Buxur, án uppbrota eða pils úr sama efni og jakkinn.

## d) Yfirhafnir:

1. Frakki I, úr bláu efni, skal vera tvíhnepptur, með belti, án gylltra hnappa eða annarra einkenna.
2. Frakki II, vetrarfrakki skal vera með einkennum og gylltum hnöppum.
3. Nota má hlífðarúlpu með hettu.

Fatnað skv. þessum lið skal ekki afhenda oftar en á þriggja ára fresti.

- e) Við búninginn skal nota hvíta skyrtu og blátt einlitt hálsbindi. Hálsklútur dökkblár.
- f) Afgreiðslumenn flugvéla og aðrir sem gegna svipuðum störfum skulu klæðast bláleitum vinnufötum, með einkennum er síðar verða ákveðin.

## II. KAFLI

**Stöðueinkenni starfsmanna flugmálastjórnar.**

## 3. gr.

Eftirtaldir starfsmenn flugmálastjórnar skulu bera einkennisbúning við störf sín, þegar þess er óskað af næsta yfirmanni:

- a) Flugmálastjóri og fulltrúar hans.
- b) Á Reykjavíkflugvelli:  
Flugumferðarsjórar, slökkviliðsmenn, loftferðaefirlitsmenn og aðrir sem rétt hafa á einkennisbúningi skv. kjarasamningi.
- c) Á Keflavíkflugvelli:  
Allir starfsmenn flugmálastjórnar.

## 4. gr.

Einkennismerki skulu vera sem hér segir:

- a) Flugmálastjóri:  
Á húfuskyggni tveir gylltir, útsaumaðir borðar. Á ermum fjórir gylltir borðar, sá fjórði með slaufu.
- b) Framkvæmdastjórar, flugvallastjórar í Reykjavík og Keflavík og flugstjóri vélar flugmálastjórnar:  
Á húfuskyggni, gylltur útsaumaður borði. Á ermum fjórir gylltir borðar.
- c) Yfirflugumferðarsjóri, slökkviliðsstjóri, umdæmisstjórar og deildarstjórar:  
Á ermum þrjú gylltir borðar.
- d) Varðstjórar flugumferðarstjórnar og slökkviliðs, verkstjórar radiódeildar og eftirlitsmenn:  
Á ermum tveir gylltir borðar.
- e) Flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn og radiómenn:  
Á ermum einn gylltur borði.

## 5. gr.

Starfsmönnum er óheimilt að nota önnur einkenni en þau sem eiga við stöðu þeirra og lýst er hér að framan. Þó getur flugmálastjóri síðar sett ákvæði um merki sem starfsmenn bera, önnur en þau sem þegar eru talin.

## III. KAFLI

**Úthlutun einkennisfatnaðar.**

## 6. gr.

Framangreindir starfsmenn eiga rétt á einkennisbúningi, allt að þriðja hvert ár. Þess á milli eiga þeir rétt á vinnufatnaði.

## 7. gr.

Starfsmaður skal sjálfur kaupa fatnað tilheyrandi einkennisbúningi, s.s. skyrtu og skó. Þó skulu starfsmenn í slökkviliði Reykjavíkflugvallar og starfsmenn radiódeildar fá skyrtu og bindi árlega.

IV. KAFLI  
 Ýmis ákvæði.

8. gr.

Flugmálastjóri setur nánari reglur um framkomu og hegðun starfsmanna flugmála-  
 stjórnar, þegar þeir bera einkennisbúning.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, til að  
 öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr  
 gildi reglugerð nr. 204 16. október 1952 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 18. október 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

31. október 1983

Nr. 740

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuð-  
 um þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til  
 31. janúar 1984.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og  
 samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi  
 verðgrundvöll á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31.  
 janúar 1984:

<i>Söltuð þorsklök</i>	<i>U.S. \$ pr. lest cif.</i>
Flokkur A 700/up	3 550,00
Flokkur A 400/700	3 300,00
Flokkur A 200/400	2 950,00
Flokkur A 100/200	2 500,00
Flokkur B 700/up	3 150,00
Flokkur B 400/700	2 900,00
Flokkur B 200/400	2 550,00
Flokkur B 100/200	2 100,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að  
 viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*

**Endurprentað blað.**

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverk-  
uðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til  
31. janúar 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984:

<i>Óverkaður saltfiskur</i>	<i>U.S. \$ pr. lest fob.</i>
Stórfiskur nr. 1	2 500,00
Millifiskur nr. 1	2 300,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 000,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1983.*

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuð-  
um ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til  
31. janúar 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984:

<i>Söltuð ufsaflök</i>	<i>D.M. pr. lest cif.</i>
16/20 FF	5 550,00
21/25 FF	5 350,00
26/30 FF	5 150,00
31/35 FF	4 900,00
36/40 FF	4 400,00
41/45 FF	4 200,00
46/50 FF	3 900,00

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1983.*

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

*Kristín Magnússon.*

**REGLUGERÐ****um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.**

## 1. gr.

Frá 10. nóvember 1983 til 15. maí 1984, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta, að vestan markast svæðið 23°42'0 V og að norðan 64°20'0 N.

## 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. nóvember 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eypórsson.*

**REGLUGERÐ****um sérstakt línusvæði út af Melrakkaslétu.**

## 1. gr.

Á tímabilinu 10. nóvember 1983 til 31. janúar 1984, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Melrakkaslétu, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a. 66°59'6 N	15°53'5 V
b. 67°06'8 N	15°50'5 V
c. 67°00'4 N	15°37'5 V
d. 67°07'4 N	15°34'0 V

## 2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. nóvember 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eypórsson.*

# REGLUGERÐ

## um loðnuveiðar á haustvertíð 1983 og vetrarvertíð 1984.

### 1. gr.

Íslenskum skipum eru bannaðar allar loðnuveiðar. Þó er eftirgreindum skipum á tímabilinu frá og með 3. nóvember 1983 þar til annað verður ákveðið heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu í íslenskri fiskveiðilögsögu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipskr. nr.	Leyfilegt aflamagn. tonn
Albert GK:31	1046	6.900
Beitir NK:123	0226	9.300
Bergur VE:44	0968	6.600
Bjarni Ólafsson AK:70	1504	8.500
Börkur NK:122	1293	8.600
Dagfari ÞH:70	1073	6.600
Eldborg HF:13	1525	10.200
Erling KE:45	1361	6.300
Fífill GK:54	1048	7.000
Gígja RE:340	1011	7.300
Gísli Árni RE:375	1002	7.000
Grindvíkingur GK:606	1512	8.500
Guðmundur RE:29	1272	7.900
Guðmundur Ólafur ÓF:91	1020	6.800
Guðrún Porkelsdóttir SU:211	1076	7.300
Gullberg VE:292	1401	6.900
Harpa RE:342	1033	7.000
Hákon ÞH:250	1059	7.500
Heimaey VE:54	1035	6.600
Helga II RE:373	1018	6.700
Hilmir SU:171	1551	9.200
Hilmir II SU:177	1044	6.800
Hrafn GK:12	1006	7.100
Huginn VE:55	1411	6.900
Húnaröst ÁR:150	1070	7.000
Höfrungur AK:95	1413	7.800
Ísleifur VE:63	1610	7.200
Jón Finnsson RE:506	1283	6.900
Jón Kjartansson SU:111	0155	8.500
Júpiter RE:161	0130	9.200
Jöfur KE:17	0965	6.300
Kap II VE:4	1062	7.200
Keflvíkingur KE:100	0967	6.600
Ljósfari RE:102	0973	6.800
Magnús NK:72	1031	6.600
Óskar Halldórsson RE:157	0962	6.300
Pétur Jónsson RE:14	1069	7.600
Rauðsey AK:14	1030	6.800

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipskr. nr.	Leyfilegt aflamagn. tonn
Sighvatur Bjarnason VE:81 .....	1061	7.200
Sigurður RE:4 .....	0183	9.500
Skarðsvík SH:205 .....	1416	6.900
Skírnir AK:16 .....	0233	6.400
Súlan EA:300 .....	1060	7.500
Svanur RE:45 .....	1029	7.200
Sæberg SU:9 .....	0252	6.900
Sæbjörg VE:56 .....	0989	6.900
Víkingur AK:100 .....	0220	9.300
Víkurberg GK:1 .....	0979	6.700
Pórður Jónasson EA:350 .....	0264	6.500
Pórshamar GK:75 .....	1501	6.900
Örn KE:13 .....	1012	6.800

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

Framkvæmdastjóri bankans, sem nefnist bankastjóri, hefur á hendi daglega stjórn bankans, í samræmi við reglur þær, sem honum eru eða verða settar af bankaráði samkvæmt samþykktum þessum.

Bankastjóri má ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækis.

Hann má ekki vera skuldskeyttur Alþýðubankanum né útibúum hans eða umboðsskrifstofum, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður.

Bankastjóri ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða samkvæmt samþykktum bankans, og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Nú ákveður bankaráðið, að fleiri en einn bankastjóri skuli vera við bankann, og tiltekur bankaráðið þá verkaskiptingu milli þeirra.

#### 29. gr.

Bankaráðið, endurskoðendur, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn Alþýðubankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi bankans og viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu í þágu bankans.

Pagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

### V. KAFLI

#### Reikningsskil, endurskoðun.

#### Skipting tekjuafgangs og varasjóður.

#### 30. gr.

Reikningsár bankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir febrúarmánaðarlok en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega. Yfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja sex mánuði.

#### 31. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs tvo endurskoðendur eða fleiri til eins árs í senn, að viðhafðri bundinni kosningu og skal einn vera löggiltur endurskoðandi. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu bankans að öðru leyti.

Má kjósa þá jafnt úr hópi hluthafa sem utan hans. Þá tilnefnið viðskiptaráðherra einn endurskoðanda, að loknum aðalfundi ár hvert, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bóköm hans og skjölum. Fyrir lok febrúarmánaðar skulu þeir hafa lokið endurskoðun á ársreikningi bankans, og ber þeim þá að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund skal bankastjóri hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau liggja frammi hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

#### 32. gr.

Ársreikningurinn skal sýna skilmerkilega og ýtarlega tekjur og gjöld bankans, eignir hans og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum.

Áður en ársreikningur er gerður, skal bankaráð ákveða, hvað lagt skuli til hliðar á afskriftarreikningi vegna skulda, sem taldar eru tapaðar, og gera grein fyrir því á aðalfundi, sbr. b-lið 18. greinar.

## 33. gr.

Tekjuafgangi samkvæmt rekstursreikningi skal varið sem hér segir:

- a) Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
- b) Priðjungur tekjuafgangs skal ávallt leggjast í varasjóð.
- c) Til arðgreiðslu samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs, með þeim takmörkunum, sem hér segir: Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði á hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur innlánsvöxtum af sparifé á almennum bóköm uns innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemur 10% af innlánsfénu. Nú er tekjuafgangi óráðstafað vegna framangreindra takmarkana á arðgreiðslu, og skal hann þá renna óskiptur í varasjóð.
- d) Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

Varasjóð má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða annað tap er bankinn kann að verða fyrir.

## VI. KAFLI

**Um breytingar á samþykktum bankans.**

## 34. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi félagsins, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæða og sé breytingin samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða hið minnsta. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar en lagabreytingin er samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða hið minnsta, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað, á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrra fundi. Séu á þeim fundi  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

## VII. KAFLI

**Um félagsslit.**

## 35. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu eða sameina það öðru félagi og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um breytingar á samþykktum þessum að því tilskyldu, að ákvörðunin sé tekin af hluthöfum, er ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum af heildarhlutafé félagsins. Fundur sá, sem samþykkir á lögmatan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og um greiðslu skulda skv. 14. kafla laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Félagsstjórn er heimilt að breyta nafnverði hlutabréfa, sem gefin hafa verið út fyrir 31. desember 1980 í samræmi við gjaldmiðilsbreytinguna, sem öðlaðist lagagildi 1. janúar 1981.

Framanritaðar samþykktir, sem gerðar voru fyrir Alþýðubankann hf. á aðalfundi bankans 25. apríl 1981 með áorðnum breytingum á aðalfundi 24. apríl 1982 og 30. apríl 1983, staðfestast hér með og jafnframt falla úr gildi samþykktir nr. 329/1972 sem staðfestar voru 24. nóvember 1972.

*Viðskiptaráðuneytið, 26. október 1983.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Björn Líndal.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 208 4. maí 1979 um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa, sbr. reglugerð nr. 1 4. janúar 1980 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar (sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 1/1980) orðist svo:

Við próf skulu gefnar einkunnir eftir sama einkunnarstiga og notaður er í viðskiptadeild Háskóla Íslands, ein einkunn fyrir hverja prófun.

Til þess að standast próf þarf prófmaður að hljóta einkunnina 6 í hverri prófraun og ekki lægri meðaleinkunn en 6,5 úr öllum prófraununum, miðað við núgildandi einkunnarstiga (hæsta einkunn 10, lægsta einkunn 0), eða samsvarandi einkunnir eftir öðrum einkunnarstigum.

Nú stenst prófmaður eigi prófið og er honum þá heimilt að þreyta prófraun einu sinni til, og skal hann þá endurtaka prófið í heild.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 67/1976, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. nóvember 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

18. október 1983

Nr. 754

## AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Stöðubann skal vera á norðanverðum Digranesvegi á milli Skólatraðar og Álfraðar.
2. Stöðubann skal vera í Furugrund frá innkeyrslu íbúðarblokkar nr. 72, upp að Nýbýlavegi, beggja vegna götunnar.
3. Einstefna skal vera á norðurhluta Neðstuttraðar frá bílastæðum við félagsheimilið að Vallartröð, til austurs.
4. Akstursstefna á bílastæðum sunnan við húsin Hamraborg 7—11 skal vera frá austri til vesturs.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Lögreglustjórinn í Kópavogi, 18. október 1983.*

**Ásgeir Pétursson.**



## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir loðnuafurðir framleiddar á tímabilinu frá upphafi haustvertíðar 1983 til loka vetrarvertíðar 1984.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóð, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir loðnuafurðir framleiddar á tímabilinu frá upphafi haustvertíðar 1983 til loka vetrarvertíðar 1984:

Loðnumjöl, \$ 8,00 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 445,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 5% fyrir mjölið en 10% fyrir lýsið og miðast í báðum tilvikum eingöngu við verðhækkun.

Greiðslur í sjóðinn skulu nema 50% af verðhækkun að teknu tilliti til verðbils en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðlækkun án verðbils.

Verðið miðast við cif og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. nóvember 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um umferð á Akureyri.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Bifreiðastöður eru bannaðar við norðurbrún Strandgötu frá húsi nr. 9 og austur að mótum Glerárgötu og Strandgötu.
2. Tvístefnuakstur verður á Skólastíg frá Hrafnagilsstræti og að Laugargötu. Jafnframt eru bifreiðastöður bannaðar á Skólastíg við norður- og vesturbrún götunnar. Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn á Akureyri, 14. nóvember 1983.*

**Elías I. Elíasson.**

18. nóvember 1983

1353

Nr. 757

## AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík  
o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

2. gr. orðist svo:

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Mánudaga til föstudaga skal heimilt að opna sölustaði kl. 08.00 og lokað skal þeim eigi síðar en kl. 20.00. Föstudaga er þó heimilt að hafa þá opna til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að hafa sölustaði opna kl. 08.00 til kl. 16.00.

Í desember skal auk þess heimilt að halda sölubúðum opnum þannig:

Annar laugardag til kl. 18.00, þriðja laugardag til kl. 22.00 og 23. desember til kl. 23.00. Beri 23. desember upp á sunnudag, skal heimilt að hafa opnar verslanir til kl. 23.00 laugardaginn 22. desember.

Borgarráð getur að höfðu samráði við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannasamtök Íslands heimilað smásöluverslunum að halda vörusýningar á sölustað utan venjulegs afgreiðslutíma, enda fari engin sala fram.

Borgarráð getur að fenginni umsögn lögreglustjóra heimilað, að sölustaðir verði opnaðir fyrr en segir í grein þessari.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1983.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

15. nóvember 1983

## AUGLÝSING

Nr. 758

um umferð í Njarðvík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Njarðvíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið, að biðskylda samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga verði á Þórustíg gagnvart umferð eftir Brekkustíg í Njarðvík.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn í Njarðvík, 15. nóvember 1983.*

**Jón Eysteinnsson.**

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Þverál og Kögurgrunni.

### 1. gr.

Frá og með kl. 20,00 23. nóvember 1983 uns annað verður ákveðið eru allar veiðar með flot- og botnvörpu bannaðar á svæði sem afmarkast af línnum milli eftirgreindra punkta:

1. 67°01'01"	22°12'16"	7. 66°46'38"	23°27'08"
2. 66°53'57"	22°39'48"	8. 66°49'15"	23°30'55"
3. 66°52'54"	22°56'47"	9. 66°47'57"	23°50'07"
4. 66°51'36"	22°55'12"	10. 66°54'33"	24°00'57"
5. 66°50'55"	23°05'36"	11. 67°00'58"	23°27'10"
6. 66°48'19"	23°02'17"	12. 66°57'01"	23°21'36"

### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. nóvember 1983.*

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 51 — 1983

16. nóvember 1983

1355

Nr. 760

## REGLUGERÐ

fyrir Landsvirkjun.

### I. KAFLI.

1. gr.

#### Eigendur, stofnun.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Fyrirtækið var stofnsett hinn 1. júlí 1965 á grundvelli laga nr. 59 20. maí 1965 um Landsvirkjun, með sameignarsamningi dags. þann dag milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur, og voru ríkissjóður og Reykjavíkurborg stofnendur fyrirtækisins og eigendur þess að jöfnum hlutum.

Með sameignarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar dags. 27. febrúar 1981, er gekk í gildi hinn 1. júlí 1983 og kom í stað hins fyrri sameignarsamnings hefur virkjanafyrirtækið Laxárvirkjun, sem var eign Akureyrarbæjar og ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 60 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, verið sameinað Landsvirkjun ásamt ríkissjóði og Reykjavíkurborg.

Með samningi dags. 11. ágúst 1982 milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um yfirtöku á byggðalínum og um virkjunarheimildir norðanlands og austan, sem veittar voru Landsvirkjun á grundvelli laga nr. 60 4. júní 1981 um raforkuver, hefur orkusvæði Landsvirkjunar verið fært út þannig, að það nái til allra landshluta.

Þann 23. mars 1983 voru staðfest sem lög frá Alþingi lög nr. 42 1983 um Landsvirkjun. Lögin tóku gildi hinn 15. apríl 1983, og féllu lög nr. 59 20. maí 1965 um Landsvirkjun úr gildi sama dag og lög nr. 60 20. maí 1965 um Laxárvirkjun hinn 1. júlí 1983. Féllu þá einnig úr gildi önnur ákvæði í lögum og reglugerðum sem brjóta í bága við hin nýju lög, en Landsvirkjun er nú skipulögð og rekin í samræmi við ákvæði þeirra.

Landsvirkjun er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili fyrirtækisins og varnarþing er í Reykjavík. Aðalskrifstofa Landsvirkjunar er í Reykjavík, en svæðisskrifstofa fyrirtækisins vegna Norður- og Austurlands á Akureyri. Eignarhlutdeild eigenda í fyrirtækinu er þannig, frá og með 1. júlí 1983:

Ríkissjóður Íslands .....	50,000%
Reykjavíkurborg .....	44,525%
Akureyrarbær .....	5,475%

Hver eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins, en um innbyrðis ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum.

Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis meðeigendanna.

## 2. gr.

**Tilgangur og verkefni.**

Tilgangur og verkefni Landsvirkjunar eru:

1. Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu. Einnig að selja varmaorku frá aflstöðvum sínum þar sem hún fellur til.
2. Að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins.
3. Að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar.
4. Að vinna að því, í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt er talið.
5. Að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Landsvirkjun ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tilgangi fyrirtækisins verði náð.

Við áætlanagerð um nýjar aflstöðvar samkvæmt 3. tölul. hefur Landsvirkjun samvinnu við Orkustofnun, sem skal í aðalatriðum vera þannig að Orkustofnun annist grundvallarathuganir og almennar rannsóknir til undirbúnings ákvarðana um virkjunarstaði, en Landsvirkjun ákveður að fengnum nauðsynlegum heimildum hvar virkjað skuli og hvenær, og hún annast frekari rannsóknir á virkjunarstað, áætlanagerð og framkvæmdir.

Landsvirkjun ber að gera skammtíma- og langtímaáætlanir um virkjanaframkvæmdir sínar, fjármögnun þeirra og rekstur fyrirtækisins í heild.

## 3. gr.

**Orkusvæði.**

Orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt eftir því sem raforkuver hennar og stofnlínukerfi spanna.

Landsvirkjun annast alla raforkuvinnslu fyrir orkusvæði sitt að undanskilinni þeirri raforkuvinnslu, sem öðrum aðilum er heimiluð lögum samkvæmt.

Afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun eru þessir:

**a. Aflstöðvar fyrirtækisins:**

Ljósafofsstöð  
Búrfellsstöð  
Laxárvirkjun  
Gufustöðin í Bjarnarflagi.

**b. Eftirfarandi aðveitustöðvar, sem Landsvirkjun á og rekur að hluta eða öllu leyti:**

Aðveitustöð við Elliðaár í Reykjavík  
Aðveitustöð við Korpu hjá Reykjavík  
Aðveitustöð á Brennimeil í Hvalfirði  
Aðveitustöð að Vatnshömrum í Borgarfirði  
Aðveitustöð að Hrutatungu í Hrutafirði  
Aðveitustöð við Laxárvatn í Húnavatnssýslu  
Aðveitustöð við Varmahlíð í Skagafirði  
Aðveitustöð við Rangárvelli á Akureyri  
Aðveitustöð að Hryggstekk í Skriðdal  
Aðveitustöð að Hólum í Hornafirði  
Aðveitustöð að Glerárskógum í Dalasýslu  
Aðveitustöð að Geiradal í Austur-Barðastrandarsýslu  
Aðveitustöð við Mjólka í Arnarfirði.

- c. Aðveitustöð Rafmagnsveitna ríkisins að Teigarhorni við Berufjörð.
- d. Aðveitustöð ISAL í Straumsvík.  
Aðveitustöð Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga.
- e. Aðrir afhendingarstaðir, eftir því sem stjórn Landsvirkjunar ákveður.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður breytingar á afhendingarstöðum, og er Landsvirkjun heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja orkuver sín við landskerfið og bæta við þær eftir þörfum.

Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa raforkuver og stofnlínakerfi af öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirkir.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínakerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

4. gr.

#### **Eignir.**

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, stofnlína, annarra mannvirkja, vatnsréttinda, landsréttinda og búnaðar ýmiss konar, sem fyrirtækið hefur sjálft komið upp á starfsferli sínum eða eignast með eftirfarandi hætti fyrir tilhlutan eignaraðila eða með samningum við þá:

- a. Með yfirtöku á eignum Sogsvirkjunar, vatnsréttindum við Sog og í Þjórsá og Tungnaá og fleiri eignum, sem lagðar voru fram við stofnun fyrirtækisins og vegna virkjana í Tungnaá samkvæmt sameignarsamningi stofnenda frá 1. júlí 1965 og lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun.
- b. Við sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun samkvæmt sameignarsamningi frá 27. febrúar 1981 milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar.
- c. Við yfirtöku á byggðalínum, aðveitustöðvum og undirbúningi að virkjanaframkvæmdum samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar frá 11. ágúst 1982.
- d. Með framkvæmdum og kaupum eftir 1. júlí 1983.

5. gr.

#### **Leyfi ráðherra til framkvæmda**

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrætti af hinum fyrirhugaðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

## II. KAFLI

6. gr.

#### **Stjórn**

Stjórn Landsvirkjunar er skipuð níu mönnum. Sameinað Alþingi kýs fjóra stjórnarmenn hlutfallskosningu, borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjár stjórnarmenn og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Sameiginlega skipa eignaraðilar níunda manninn og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun formanns, skal hann skipaður af Hæstarétti.

Varamaður fyrir hvern stjórnarmann skal kosinn eða skipaður á sama hátt og aðalmaður. Tekur hann sæti aðalmanns í forföllum hans.

Ráðherra sá, sem fer með orkumál, tilnefndir einn mann ásamt varamanni til setu á fundum stjórnar og skal hann hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Frá 1. júlí 1983 að telja er kjörtímabil stjórnarinnar fjögur ár.

Stjórnarmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

#### 7. gr.

##### **Stjórnarfundir**

Stjórn Landsvirkjunar ákveður sjálf starfshætti sína eða fundarhöld. Hún skal þó ekki halda fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði að jafnaði. Skyld er að halda fund, þegar tveir stjórnarmenn eða einhver eignaraðila óskar þess. Stjórnarfundur er lögmætur, ef formaður sækir hann og fimm aðrir stjórnarmenn. Nú verður fundur ólögmætur og skal þá boða fund á ný innan 14 daga og geta þess í fundarboði, að hann verði haldinn í stað þess fundar, er áður var boðað til og eigi varð lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur og ályktunarfær um þau mál, er ræða átti í fyrri fundinum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum máls, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Forstjóri og aðstoðarforstjóri skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Halda skal sérstaka gerðabók um fundi stjórnar Landsvirkjunar og er heimilt að ráða sérstakan mann utan stjórnar til að færa gerðarbókina. Í gerðarbók skal getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn svo og hverjir sitji fundinn. Þar skal og greint í stuttu máli frá þeim málum, sem tekin eru fyrir á fundi og hverja afgreiðslu þau fá. Hver stjórnarmaður á rétt á því, að sérstaklega séu bókaðar eftir honum stuttar athugasemdir svo og forstjóri, aðstoðarforstjóri og fulltrúi ráðherra orkumála. Fundargerðir skulu bornar upp til samþykktar og undirritaðar af þeim stórnarmönnum, sem fund sitja.

Starfskjör stjórnarmanna ákveðast sameiginlega af ráðherra, borgarstjóra Reykjavíkur og bæjarstjóra Akureyrar að fengnum tillögum stjórnarinnar.

#### 8. gr.

##### **Verksvið stjórnar**

Stjórn Landsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á allri starfsemi Landsvirkjunar. Í því felst meðal annars:

1. Að gæta hagsmuna fyrirtækisins í hvívetna og marka heildarstefnu þess á hverjum tíma.
2. Að ákveða heildarskipulag Landsvirkjunar og ráða forstjóra hennar og aðra fyrirsvarsmenn fyrirtækisins, sbr. 9. gr. þessarar reglugerðar.
3. Að taka ákvarðanir um byggingu nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna og um aðrar framkvæmdir og starfsemi Landsvirkjunar.
4. Að taka lán og gefa út skuldabréf í innlendri og erlendri mynt og gefa út aðrar ábyrgðaryfirlýsingar í þágu fyrirtækisins og veðsetja eignir þess í sama skyni svo sem lög heimila hverju sinni.
5. Að marka fjármálastefnu Landsvirkjunar og ákveða heildsöluverð hennar á rafmagni, sbr. 13. gr. þessarar reglugerðar. Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá og almenna skilmála um sölu háspennnts rafmagns og gerir rafmagnssamninga við viðskiptavinum hennar, sbr. 16. gr. þessarar reglugerðar.

Til að skuldbinda fyrirtækið þarf undirskrift stjórnarformanns og fjögurra stjórnarmanna. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum svo og mönnum utan stjórnar umboð til að skuldbinda fyrirtækið, þegar sérstaklega stendur á.

Stjórn Landsvirkjunar veitir prókúruumboð fyrir Landsvirkjun. Forstjóri skal hafa slíkt umboð, en heimilt er einnig að veita öðrum starfsmönnum fyrirtækisins prókúruumboð ef þörf krefur að dómi stjórnarinnar. Prókúruumboð þessi skulu skráð.

## 9. gr.

**Fastráðnir starfsmenn**

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og setur honum erindisbréf. Hún ræður einnig aðstoðarforstjóra fyrirtækisins, svæðisstjóra fyrir Norður- og Austurland, skrifstofustjóra, rekstrarstjóra, byggingarstjóra og forstöðumann verkfræðideildar svo og aðra hliðstæða starfsmenn þess að fengnum tillögum forstjóra. Aðstoðarforstjóri er staðgengill forstjóra í forföllum hans.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn Landsvirkjunar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir starfsmenn að fengnum tillögum forstjóra og semur um starfskjör þeirra.

Fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar eiga rétt á aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé ekki um aðra lífeyrissjóðsaðild að ræða samkvæmt hlutadeigandi kjarasamningum. Þeir fastir starfsmenn, sem hinn 1. júlí 1983 eru aðilar að öðrum lífeyrissjóðum, eiga rétt á að velja á milli áframhaldandi aðildar þar og aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

## 10. gr.

**Verksvið forstjóra**

Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar Landsvirkjunar. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir þess og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald. Forstjóri skal ekki taka að sér störf í þágu annarra en Landsvirkjunar, nema með leyfi stjórnar. Hann getur falið öðrum aðilum framkvæmd tiltekinna verkefna í umboði sínu og í samræmi við þær reglur, sem stjórnin kann að setja um slíkt. Forstjórinn skal eiga sæti á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema tekin séu fyrir mál, sem varða hann persónulega. Forstjóri ræður starfsmenn Landsvirkjunar og segir þeim upp, sbr. 9. gr.

## 11. gr.

**Ársfundur**

Halda skal í aprílmánuði ár hvert ársfund Landsvirkjunar. Stjórn fyrirtækisins ákveður fundardag og fundarstað og boðar til fundarins með eigi minna en 30 daga fyrirvara, með bréfi eða skeyti til þeirra aðila, er skipa fulltrúa á fundinn.

Fulltrúar á ársfundi skulu vera fjórir menn tilnefndir af ráðherra orkumála, fjórir menn kosnir af Reykjavíkurborg, fjórir menn kosnir af Akureyrarbæ og fjórir kosnir á aðalfundi hverra hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga. Skal kosning eða tilnefning vera til eins árs og fara fram svo tímanlega, að unnt sé að tilkynna stjórn Landsvirkjunar nöfn fulltrúanna eigi síðar en 14 dögum fyrir fundinn.

Landsvirkjun greiðir kostnað við ársfundinn eftir nánari ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar.

Varamenn jafnmargir skulu skipaðir eða kosnir á sama hátt og aðalfulltrúar.

Stjórn Landsvirkjunar og forstjóri skulu sitja ársfundinn svo og þeir sem stjórnin býður sérstaklega til fundarins. Í þeim hópi skal vera a. m. k. einn fulltrúi frá hverjum þingflokki. Ennfremur skulu sitja ársfundinn þeir starfsmenn Landsvirkjunar sem forstjóri tilnefnir.

## 12. gr.

**Starfshættir ársfunda**

Á ársfundi skal leggja fram ársreikninga Landsvirkjunar fyrir liðið ár og kynna fjárhagsafkomu fyrirtækisins. Einnig skal gera grein fyrir framkvæmdum á næstliðnu og yfirstandandi ári og þeim framkvæmda- og markaðsáætlunum, sem unnið er eftir.

Senda skal eignaraðilum framangreindar áætlanir til kynningar a. m. k. einum mánuði fyrir ársfund.



Á fundinum skal ræða virkjun orkulinda landsins eða einstakra landshluta og um dreifingu og nýtingu raforkuframléiðslunnar.

Loks skal taka fyrir önnur mál.

Óski fulltrúi á ársfundi að taka til meðferðar sérstakt umræðuefni, undir dagskrárliðnum önnur mál, er varðar málefni Landsvirkjunar, skal hann tilkynna það skrifstofu Landsvirkjunar með minnst 1 viku fyrirvara og skal þá geta þess í dagskrá fundarins, sem dreifa skal á fundinum.

Ársfundur gerir ekki ályktanir.

Ársfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Stjórnarformaður setur fundinn og stýrir kjöri fundarstjóra og fundarritara. Halda skal gerðabók fyrir ársfundinn þar sem getið er hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann og greint í stuttu máli frá þeim umræðum, sem fara fram á fundinum.

### III. KAFLI

#### 13. gr.

#### **Fjármálaákvæði**

Stjórn Landsvirkjunar setur, að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar, gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáiast af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku. Sama gjaldskrá skal gilda um sölu rafmagns til almenningsrafveitna á öllum afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar tekur ákvörðun um ráðstöfun tekna samkvæmt rekstrarreikningi. Landsvirkjun greiðir eigendum sínum arð af sérstökum eiginfjárframlögum, sem þeir hafa lagt fram og munu leggja fram til fyrirtækisins, sbr. 5. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun og 14. gr. sameignarsamnings frá 27. febrúar 1981. Framlög þessi skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður stjórnin arðgreiðsluna sem hundraðshluta þeirrar fjárhæðar, með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður afskriftartíma eigna og er heimilt að ákveða afskriftir með hliðsjón af endurnýjunarverði og taka tillit til afborgana lána við ákvörðun heildsöluverðs á rafmagni frá Landsvirkjun, ef afborganir eru hærri en afskriftir. Við gjaldskrárákvarðanir og í samningum um raforkuverð ber stjórn Landsvirkjunar að reikna vexti af eigin fé fyrirtækisins. Forstjóri semur fyrir hvert reikningsár fjárhagsáætlun fyrir Landsvirkjun og leggur hana fyrir stjórnina til samþykktar eigi síðar en 1. nóvember árið áður, en stjórnin sendir samþykkt áætlun til eigenda Landsvirkjunar eigi síðar en 1. desember.

#### 14. gr.

#### **Lántökur**

Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni, sbr. 4. tölul. 8. gr. Að því leyti, sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila til að tryggja ábyrgð þeirra skv. 1. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun.

Af hálfu ríkisins þurfa ráðherrar orku- og fjármála að staðfesta slíkt samþykki.

#### 15. gr.

#### **Reikningshald og endurskoðun**

Reikningsár Landsvirkjunar skal vera almanaksárið. Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningar lagðir fyrir stjórn Landsvirkjunar eigi síðar en 15. mars árið eftir, ásamt umsögn endurskoðenda.

Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins, en einnig er hverjum eignaraðila heimilt að láta endurskoðanda, sem hann tilnefnir, endurskoða reikningana. Endurskoðaðir ársreikningar Landsvirkjunar skulu, auk umsagnar endurskoðenda, lagðir fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs, ásamt ársskýrslu fyrirtækisins.

#### IV. KAFLI

16. gr.

#### **Gjaldskrá, orkusölusamningar, samrekstrarsamningar og almennir skilmálar um sölu háspennts rafmagns**

Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá og almenna orkusöluskilmála fyrir fyrirtækið. Í orkusöluskilmála skal setja ákvæði um heimild Landsvirkjunar til almennra takmarkana á afhendingu rafmagns, um rekstrartruflanir og rekstrarstöðvanir og um skaðabótaskyldu og takmarkanir hennar.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver í samræmi við gjaldskrá sína (sbr. 13. gr.), almenna skilmála um sölu háspennts rafmagns og reglugerð þessa.

Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við raforkuframleiðendur, sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins.

17. gr.

#### **Opinber gjöld**

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána, sem fyrirtækið tekur, eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinberu gjöld sem gert er að greiða af húseignum Landsvirkjunar skv. öðrum lagafyrirmælum.

18. gr.

#### **Eignarnám**

Að fengnu leyfi ráðherra getur Landsvirkjun tekið eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

19. gr.

#### **Fjölgun eignaraðila**

Sýslufélögum, sveitarfélögum, samtökum þessara aðila og sameignarfélögum þeirra er heimilt að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun með tilteknum skilyrðum eins og á er kveðið í 17. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun. Komi til fjölgunar eignaraðila samkvæmt þeirri heimild eða með öðrum hætti, skal taka reglugerð þessa til endurskoðunar.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 20. gr. laga nr. 42 23. mars 1983 um Landsvirkjun og eigendur Landsvirkjunar hafa undirbúið í samráði við stjórn fyrirtækisins, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð fyrir Landsvirkjun nr. 115 frá 14. júní 1966, með áorðnum breytingum skv. reglugerð 202 frá 26. október 1971.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1983.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Páll Flygenring.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Tækjasjóð Landspítalans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. nóvember 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Tækjasjóð Landspítalans.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Tækjasjóður Landspítalans.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 000,00 og er framlag Búnaðarbanka Íslands í tilefni af því, að bankinn tók upp alhliða gjaldeyrisþjónustu.

Ávöxtun sjóðsins skal vera í samræmi við bestu ávöxtunarkjör bankans á hverjum tíma. Stofnfé sjóðsins skal haldast óskert.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og 50% af öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. 50% af gjafafé skal leggja við stofnfé.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita aðstoð við kaup á mikilvægum lækningatækjum til Landspítalans, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður, að jafnaði árlega.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna, formaður Læknaráðs Landspítalans og einn maður tilnefndur af bankastjórn Búnaðarbanka Íslands, og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar.

Varamenn í stjórn eru tilkvaddir með sama hætti.

### 6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega, og skulu þeir kynntir fyrir stjórnarnefnd ríkisspítalanna, Læknaráði Landspítalans og bankastjórn Búnaðarbankans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn fær ekki þóknun fyrir störf sín í stjórninni.

### 7. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett í samræmi við kröfu Búnaðarbankans í gjafabréfi. Henni má breyta með samhljóða samþykki sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn skal leita viðurkenningar fjármálaráðuneytis á því, að gjafir til sjóðsins njóti skattfrelsis í samræmi við heimild skattalaga um það efni, hverju sinni.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu — Rás 2.

1. Verð kr. 9 000,00 fyrir hverja mínútu eða kr. 150,00 fyrir hverja sekúndu.
2. Næturútvarp:  
Verð kr. 6 000,00 fyrir hverja mínútu eða kr. 100,00 fyrir hverja sekúndu.

Gjaldskrá þessi gildir frá fyrsta útsendingardegi Rásar 2 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 16. nóvember 1983.*

**Ragnildur Helgadóttir.**

*Runólfur Þórarinsson.*

5. apríl 1983

Nr. 763

## AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

- 1) Stöðvunarskylda skal vera á umferð suður tengiveg af Hafnarfjarðarvegi við Hamraborg.
- 2) Stöðvunarskylda skal vera á beygjurampa úr Skeljabrekku til hægri inn á Hamraborg.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. apríl 1983.*

**Ásgeir Pétursson.**

14. nóvember 1983

Nr. 764

## AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfjarðar-kaupstað:

1. Umferð um **Hjallahraun** nýtur forgangs fyrir umferð úr aðliggjandi götum (biðskylda).
2. Umferð um **Stakkahraun** nýtur á sama hátt forgangs fyrir umferð úr aðliggjandi götum (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 14. nóv. 1983.*

**Einar Ingimundarson.**

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 150/1983 um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

#### 1. gr.

Við 3. gr., staflið b, bætist eftirfarandi:

Starfsreynsla skal vera 12 mánuðir. Heimilt er að skipta starfsþjálfunartímabili þannig, að hluti þess sé unninn hjá Hollustuvernd ríkisins. Að öðru leyti fer starfsþjálfun fram hjá heilbrigðiseftirliti á svæði, þar sem starfa a. m. k. tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi með full starfsréttindi.

Heimilt er að viðurkenna skipulegt sérnám (bóklegt og/eða verklegt) við erlendar stofnanir. Hið sama gildir um innlend námskeið tengd heilbrigðiseftirliti. Skal hver mánuður í slíku sérnámi jafngilda tveggja mánaða starfsreynslu hjá heilbrigðiseftirliti hérlendis.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 26. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi 1. janúar 1984.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. nóvember 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur Yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaða-hreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi) hækki matsverð fasteigna um 57% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1,57.
2. Matsverð fasteigna utan höfuðborgarsvæðisins hækki um 47% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1,47.
3. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
4. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1982, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum ákveðnum af Yfirfasteignamatnefnd og Fasteignamati ríkisins.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreyting-

ar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mótum og vegna úrskurða á kærum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1983.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 634 frá 26. nóvember 1982.

*Fjármálaráðuneytið, 17. nóvember 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Gunnlaugur Claessen.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Hafnarhreppi.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í Hafnarhreppi.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágur frá banni við hundahaldi:

- Ef eigandi lögbýlis sækir um leyfi til að halda hund vegna búreksturs.
- Ef lögreglustjóri og/eða hjálparsveitir sækja um leyfi til að halda hund vegna gæslu- og eða björgunarstarfa.
- Ef blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
- Ef fyrir liggur umsögn heilsugæslulæknis í Hafnarhreppi og félagsráðgjafa Hafnarhrepps um það, að nauðsynlegt sé fyrir einstakling að halda hund vegna sérstakra læknisfræðilegra og félagslegra ástæðna.

#### 3. gr.

Undanþágur skv. 2. gr. má aðeins veita með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu Hafnarhrepps og þar fær eigandi merktá plötu, sem ávallt skal vera á ól um háls hundsins.
- Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Skal slík váttrygging ná til alls þess tjóns, er dýr hans kynni að valda á mönnum og munum.
- Árlega skal greiða leyfisgjald af hundum sem undanþága er veitt fyrir. Hreppsnefnd ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir, og miðist það við að standa straum af þeim kostnaði sem hreppurinn verður fyrir vegna þessara hunda. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars og hafi gjöldin eigi verið greidd innan 3ja mánaða frá gjalddaga skal hreppsnefnd afturkalla leyfið.

- d) Hund eigandi skal koma með hund sinn í árlega hreinsun þegar slík hreinsun verður auglýst. Skal hann þá framvísa vottorði um að hundurinn sé tryggður.
- e) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, íþróttahús, sundstaði, almenningsfarartæki og barnaleikvelli né í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- f) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum sem um bæinn fara til óþæginda, t. d. með slyshættu og hávaða.
- g) Ef breyting verður á eignarhaldi hunds fellur undanþáguleyfið úr gildi og ber að færa hundinn til eftirlitsmanns.
- h) Hund eiganda ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunds síns, þar á meðal að þrifa eftir dýrið.
- i) Hund eiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

#### 4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er hreppsnefnd heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum. Hreppsnefnd er heimilt að afturkalla öll leyfi, telji hún þess þörf. Verði leyfi fyrir hund afturkallað og hann ekki fjarlægður úr Hafnarhreppi skal fara með hann samkvæmt 5. gr. þessarar samþykktar.

#### 5. gr.

Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka geymslu, sem starfrækt er á vegum hreppsins, eða í samstarfi við nágranna sveitarfélög. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að því hálfan mánuð meðan eigendum er gefinn kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan Hafnarhrepps. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Hafnarhrepps innan hálf mánaðar frá því að þeir eru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífadír.

#### 6. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981 VI. og VII. kafla.

#### 7. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Hafnarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Um hunda sem nú eru í Hafnarhreppi skulu gilda eftirfarandi bráðabirgðaákvæði:

- a) Allir óleyfilegir hundar sem voru í Hafnarhreppi 1. september 1983, skulu fá að vera áfram svo lengi sem þeir lifa, enda skal færa þá alla til skráningar strax og eigi síðar en mánuði eftir að samþykkt þessi tekur gildi og hefur verið auglýst með venjulegum hætti. Að þeim tíma liðnum verður farið með alla óskráða hunda skv. 5. gr. samþykktarinnar.
- b) Skulu þessir hundar þá skráðir og merktir sérstaklega og skulu eigendur þeirra einnig skráðir, en einungis einstaklingar með fullt lögræði geta verið skráðir eigendur hunda.

- c) Við fyrstu skráningu verða allir hundar hreinsaðir, nema eigendur framvísi vottorði um að slíkt hafi þegar verið gert og skulu allar tíkur gerðar ófrjóar, hvort tveggja á kostnað eigenda. Skulu eigendur síðan eftirleiðis koma með hunda sína í árlega hreinsun þegar slík hreinsun verður auglýst.
- d) Árlega skal greiða gjald af þessum hundum og hreppsnefnd ákveður upphæð þess hverju sinni í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt fyrirfram og gjalddagi þess skal vera 1. mars ár hvert og eindagi 1. apríl.
- e) Skráðir eigendur hunda eru ábyrgir fyrir greiðslu hundagjalds og hvers kyns sektum vegna brots á bráðabirgðaákvæðum þessum. Verði vanskil á þessum greiðslum skal heimilt að innheimta þær samkvæmt lögum og þessari samþykkt. Jafnframt verður farið með hundinn samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar.
- f) Hundeigendum er skylt að hafa hunda sína ábyrgðartryggða fyrir hugsanlegu tjóni á mönnum og munum hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Skal framvísa gögnum þar um við skráningu og síðan árlega þegar hundagjald er greitt. Vanræki hundeigandi að ábyrgðartryggja hund sinn, skal fara með hundinn samkvæmt 5. gr. samþykktarinnar.
- g) Til þess að tryggja sem árangursríkasta framkvæmd þessara bráðabirgðaákvæða, verður leitað aðstoðar lögregluyfirvalda A-Skaftafellssýslu ef þörf krefur.
- h) Ákvæði 3. greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um hunda er falla undir þessi ákvæði til bráðabirgða.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. nóvember 1983.*

F.h.r.  
Páll Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hafnarhreppi fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds vegna hundahalds í Hafnarhreppi samanber samþykkt um hundahald í Hafnarhreppi dags. 16. nóvember 1983, fyrir árið 1983 er sem hér segir:

- a) Vegna 3. gr. samþykktar um hundahald sbr. c-lið, verði gjaldið kr. 300,00.  
b) Vegna ákvæða til bráðabirgða í samþykktinni sbr. d-lið, verði gjaldið kr. 3 500,00.

2. gr.

Framangreind gjaldskrá hreppsnefndar Hafnarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. nóvember 1983.*

F.h.r.  
Páll Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*



## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Biðskylda verður á Suðurhlíð gagnvart umferð um Bústaðaveg.
  2. Stöðvunarskylda verður á Bergstaðastræti gagnvart umferð um Njarðargötu í stað biðskyldu sem nú er.
  3. Stöður bifreiða verða bannaðar að austanverðu á Fríkirkjuvegi á 30 m. kafla til suðurs frá Skálholtsstíg.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 25. þ. m.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. nóvember 1983.*

**Sigurjón Sigurjónsson.**

## AUGLÝSING

### um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum, tímabilið 1. janúar 1984 til 31. desember 1984:

Akureyri — Siglufjörður — Akureyri

Akureyri — Grímsey — Akureyri

Akureyri — Kópasker — Akureyri

Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 17. nóvember 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

30. nóvember 1983

1369

Nr. 771

## AUGLÝSING

### um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi.

#### 1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Kópavogi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensín-afgreiðslur.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn það, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

#### 2. gr.

Afgreiðslutími skal vera frjáls, sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr.

#### 3. gr.

Þeir er vilja hafa verslanir sínar opnar á tímabilinu frá kl. 22.00 til kl. 07.00 að morgni skulu sækja um sérstakt leyfi til þess til bæjarráðs.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Til bæjarráðs skal sækja um sérstakt leyfi til að hafa opið þá daga sem um getur í b-lið 4. gr.

#### 4. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó ákvæði 3. og 8. gr.
- c) aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

#### 5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

#### 6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að það sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr. þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

## 7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

## 8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

## 9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarráð getur veitt aðila, er rekur biðskýli fyrir strætisvagnafarþega í sambandi við söluturn, undanþágu frá greiðslu gjalds, skv. 1. mgr.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og fyrstu málsgreinar 3. gr. er til 31. maí 1984 óheimilt að hafa verslanir opnar frá kl. 07.00 til 08.00 að morgni, eftir kl. 20.00 mánudaga til fimmtudaga og eftir kl. 16.00 á laugardögum, sbr. þó ákvæði b-liðar 4. gr.

Í desember er þó heimilt að hafa verslanir opnar sem hér segir:

a) annan laugardag til kl. 18.00.

b) þriðja laugardag til kl. 22.00.

c) síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla til kl. 23.00.

Miðvikudag í dymbilviku er heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 22.00.

Þau leyfi til kvöld- og helgarsölu, með þeim skilyrðum sem þeim fylgdu og bæjarráð hefur veitt skv. eldri auglýsingu um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi, falla úr gildi 31. maí 1984.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða. Gildi samþykktarinnar er háð takmörkunum sem lög nr. 45/1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Með samþykkt þessari fellur út gildi auglýsing um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi nr. 199 frá 30. apríl 1975.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1983.*

F. h. r.  
**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

5. desember

1371

Nr. 772

## REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 759 23. nóvember 1983, um bann við  
togveiðum í Þverál og Kögurgrunni.

1. gr.

Klukkan 12:00 á hádegi þann 6. desember 1983 fellur úr gildi reglugerð nr. 759 23. nóvember 1983, um bann við togveiðum í Þverál og Kögurgrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. desember 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 54 — 1983

---

Nr. 773

1372

5. desember 1983

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130  
29. janúar 1980 með síðari breytingum.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrá hitaveitunnar er taki gildi við birtingu auglýsingar þessarar: Allir taxtar gjaldskrárinnar hækki um 50%.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 774

23. nóvember 1983

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Biðskylda verður á eftirtöldum stöðum sem hér segir:

1. Umferð um **Vatnagarða** víki fyrir umferð um Sundagarða og Sægarða.
2. Umferð um **Köllunarklettsveg** víki fyrir umferð um Sundagarða.
3. Umferð um **Sundaborg** víki fyrir umferð um Vatnagarða.
4. Umferð um **afleggjara að Kleppsspítala** víki fyrir umferð um Sægarða.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. desember 1983.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. nóvember 1983.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 122/1979 um Hitaveitu Reykjavíkur.

#### 1. gr.

24. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

Nú er tenging heimæðar lokið og er þá heimæðargjald gjaldkræft. Notkunargjöld verða krafín mánaðarlega skv. nánari ákvæðum gjaldskrár, en heimilt er að láta lengri tíma líða milli gjalldaga. Við verðbreytingar á orku og fastagjöldum skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um orkunotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast „álestrarreikningar“, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast „áætlunarreikningar“.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna á u. þ. b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Notandi getur jafnan gegn greiðslu aukagjalds krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan áskilja sér og innheimta dráttarvexti, sem reiknast frá eindaga reiknings hverju sinni.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. áætlunar- eða álestrarreikningi, eða vanrækir skyldur sínar skv. reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist viðskiptamanni með þriggja daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný skv. gjaldskrá hverju sinni.

#### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur og 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1983.*

F.h.r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 451/1977 um Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

#### 1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

#### 15. gr. **Lágmarksgjald.**

Ef gjald fyrir rafmagnsnotkun um mæli nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælinn, er rafmagnsveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafmagnsveitunni heimilt að taka mælinn niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

#### 2. gr.

16. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

#### 16. gr. **Gjald fyrir raforku.**

Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá.

Notandi skal greiða rafmagnsveitunni gjald fyrir raforkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á raforku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Rafmagnsveitan má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna á u. þ. b. 12 mánaðar fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra, og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjors, miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað, eða annan stað, sem hann tiltekur.

Gjaldalagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, má rafmagnsveitan áskilja sér og innheimta vanskilavexti, sem reiknist frá eindaga reiknings hverju sinni.

#### 3. gr.

17. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

#### 17. gr. **Lokun fyrir veitu og enduropnun.**

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup verulega, má rafmagnsveitan stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist honum með þriggja daga fyrirvara.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila rafmagnsveitunni sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Rafmagnsveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við rafmagnsveituna.

Rafmagnsveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Rafmagnsveitan má stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti, sem henta þykir, með straumrofi í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss. Rafmagnsveitunni er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá aðvörun um hana.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda getur rafmagnsveitan ákveðið að opna ekki aftur, nema ekki sé lengur um vanskil eða aðrar vanefndir að ræða og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

Ef viðskiptavinur óskar eftir því, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald samkvæmt gjaldskrá fyrir það, og einnig má taka fulla leigu fyrir mæla veitunnar þann tíma, sem hún er ekki í notkun.

Enginn má rjúfa straum eða endurtengja veitu nema þeir, sem Rafmagnsveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega straumnotkun.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkæmt 24. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1983.*

F.h.r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Mosfellshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með sett sú regla um umferð í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, að á gatnamótum **Vesturlandsveg** og Langatanga skuli umferð úr Langatanga vera stöðvunarskyld við Vesturlandsveg (stans).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Lögrelustjórinn í Kjósarsýslu, 28. nóvember 1983,*

**Einar Ingimundarson.**



## AUGLÝSING

### um friðlýsingu Víghólasvæðis í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúrvernd nr. 47/1971, hefur Náttúruverndarráð, að tillögu bæjarstjórnar Kópavogs og í samráði við náttúrverndarnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Víghólasvæði í Kópavogskaupstað sem náttúruvætti.

Um mörk náttúruvættisins gilda eftirfarandi ákvæði:

Friðlýsta svæðið umhverfis Víghól afmarkast að sunnan, vestan og norðan af lóðamörkum aðliggjandi húsa og af lóðamörkum og bílastæði að austan. Mörkin fylgja hnitapunktum skv. hnitaskrá, sem fylgir með í viðauka, sbr. einnig kort bæjarverkfræðings í Kópavogi nr. 31-9/L-7 frá febrúar 1982, og eru beinar markalínur á milli hnitapunkta.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimil, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Þá er bæjarstjórn heimil, að höfðu samráði við náttúrverndarnefnd og skipulagsnefnd, að láta planta skjólgróðri, leggja gangstíga, setja upp bekki og annan búnað í þágu útvisrar á svæðinu.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Náttúruverndarnefnd Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúrverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 23. nóvember 1983.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Runólfur Þórarinsson.*

**Viðauki.****Hnitaskrá:**

NR.	X	Y
501	19837.704	14157.140
502	19815.332	14155.539
503	19814.618	14165.514
504	19726.818	14159.231
505	19728.816	14131.302
506	19737.858	14131.949
507	19746.147	14029.540
508	19874.599	14039.936
509	19876.094	14040.057
510	19873.108	14076.943
511	19843.548	14075.465

## REGLUGERÐ

### um skipun stjórnarnefndar og svæðisstjórna málefna fatlaðra.

#### 1. gr.

Sérstök nefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra og kallast hún stjórnarnefnd. Í stjórnarnefnd eiga sæti sjö menn skipaðir til fjögurra ára í senn.

Félagsmálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra skipa sinn manninn hver. Félagsmálaráðherra skipar svo fjóra menn í nefndina, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrjá samkvæmt tilnefningu Landssamtakanna Proskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands. Sá nefndarmaður sem félagsmálaráðherra skipar án tilnefningar skal vera formaður stjórnarnefndar.

Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir af sömu aðilum og aðalmenn.

#### 2. gr.

Tilnefning hinna þriggja fulltrúa Landssamtakanna Proskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands fer fram með þeim hætti sem segir í þessari grein.

Hvor samtökin fyrir sig tilnefna fyrst tvo menn. Hjá félagsmálaráðuneytinu eru síðan dregin út nöfn þriggja þessara manna að viðstöddum fulltrúum samtakanna og taka þeir sæti í stjórnarnefnd sem aðalmenn en fjórði maðurinn verður fyrsti varamaður þeirra. Kemur hann til starfa í stjórnarnefndinni án tillits til þess hvor samtakanna hafa tilnefnt hann.

Pegar lokið er tilnefningu aðalmanna og fyrsta varamanns tilnefna samtökin sinn varamanninn hvor.

Pegar liðin eru tvö ár af skipunartíma stjórnarnefndar tekur fyrsti varamaður sæti í nefndinni sem aðalmaður til loka skipunartímans. Annar fulltrúi þeirra samtaka sem áttu tvo fulltrúa í nefndinni verður þá fyrsti varamaður. Verði ekki samkomulag um það hvor hinna tveggja skuli víkja skal hlutkesti ráða.

Við forföll aðalmanna skal jafnan leitast við að tryggja það að ekki séu þrír fulltrúar sömu samtaka í stjórnarnefnd samtímis.

#### 3. gr.

Landinu er skipt í átta starfssvæði hvað málefni fatlaðra varðar.

Á hverju svæði skal starfa sjö manna svæðisstjórn.

Í hverri svæðisstjórn skulu vera fræðslustjóri, héraðslæknir og fimm menn skipaðir af félagsmálaráðherra. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga og skal annar þeirra vera úr fulltrúaráði eða stjórn viðkomandi samtaka. Þrír stjórnarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssamtakanna Proskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands. Um tilnefningu og skipun þessara fulltrúa samtaka fatlaðra gildir sama regla og um tilnefningu fulltrúa þessara samtaka í stjórnarnefnd samkvæmt 2. gr.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn tvo fulltrúa, annan úr sínum hópi en hinn fulltrúa í félagsmálaráði Reykjavíkur.

Svæðisstjórn kýs sér formann. Þeir sem skipa svæðisstjórn skulu búsettir á svæðinu.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt og varamenn í stjórnarnefnd samkvæmt 2. grein.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41 23. mars 1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi 1. janúar 1984.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1983.*

**Alexander Stefánsson.**

*Margrét Margeirsdóttir.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð til rannsókna á stjórnuhlífæði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 22. nóvember 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð til rannsókna á stjórnuhlífæði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður að frumkvæði Félags áhugamanna um stjórnuhlífæði.

2. gr.

Stofnfé er framlag frá Félagi áhugamanna um stjórnuhlífæði, að fjárhæð kr. 100.000,00 — eittundraðþúsund — krónur.

3. gr.

Ennfremur leggur Félag áhugamanna um stjórnuhlífæði sjóðnum til allan tekjuafgang, sem verða kann af rekstri félagsins næstu 10 árin frá stofnun sjóðsins. Þau framlög skulu afhendast sjóðnum árlega strax eftir að reikningar félagsins fyrir næst liðið ár hafa hlotið samþykki á aðalfundi félagsins.

4. gr.

Þá tekur sjóðurinn við gjöfum, áheutum og öðrum framlögum, sem honum kunna að berast.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins samkvæmt 2. grein má aldrei skerða.

6. gr.

Tilgangurinn með stofnun sjóðsins er að skapa starfsskilyrði til rannsókna á stjórnuhlífæði m.a. með því að afla fjár til þess að eignast húsnæði fyrir starfseminna.

7. gr.

Sjóðurinn er undir sérstakri stjórn 5 manna, kosinna af stjórn Félags áhugamanna um stjórnuhlífæði. Fyrsta stjórn sjóðsins skal kosin til fimm ára, en að liðnum fullum fimm árum frá kosningu þeirrar stjórnar skal einn stjórnandi ganga úr stjórninni eftir stafrófsröð og kosning fara fram á einum stjórnarmanni á ný.

Þannig gengur einn stjórnandi úr stjórn árlega, þar til öll stjórnin hefur verið endurnýjuð, og hefst þá ný endurnýjun með því að fyrst gengur úr stjórn sá sem fyrst tók þar sæti samkvæmt fyrstu endurnýjun og síðan hver af öðrum þannig að kosinn er einn stjórnarmaður árlega. Endurkjósa má stjórnendur svo oft sem vera vill. Á aðalfundi félagsins skal einnig kjósa tvo endurskoðendur fyrir sjóðinn til eins ár í senn, og skal annar þeirra a. m. k. vera löggiltur endurskoðandi. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins heldur aðalfund árlega á tímabilinu 15. janúar til 15. febrúar, og skal hann boðaður með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara.

Á aðalfundi skal gefa skýrslu um hag sjóðsins og rekstur. Leggja fram endurskoðaða reikninga sjóðsins og skýra frá breytingum á stjórn sjóðsins, ef um þær er að ræða, og öðru sem við kemur stjórn hans og rekstri. Verkaskipting hjá sjóðstjórninni skal ákveðin á aðalfundi.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og breytingum, sem á henni kunna að vera gerðar.

## 11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari taka ekki gildi fyrir en þær hafa verið staðfestar samkvæmt 10. gr.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar, arkitekts, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum, af dómsmálaráðherra 28. nóvember 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daníelssonar og  
Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“ og er stofnaður árið 1954 af Svanhildi Ólafsdóttur Daníelssonar, konu Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er hálf húseignin Hagamelur 21 í Reykjavík (með þeim kvöðum, sem á eigninni hvíla), enn ágóða af eigninni skal verja samkvæmt tilgangi sjóðsins, sbr. 3. gr. a—c. Verði húseignin seld, telst andvirðið til stofnfjár og skal ávaxtast með sem tryggilegustum hætti.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) Að verðlauna íslenskan stærðfræðing, stjórnufræðing eða eðlisfræðing. Skal verðlaununum úthlutað án umsókna og í fyrsta sinn 31. okt. 1955, á 78 ára afmæli dr. phil. Ólafs Daníelssonar, tuttugu þúsund kr. Heita verðlaunin „Verðlaun Ólafs Daníelssonar“. Þeim má ekki skipta. Úthlutun fer fram þriðja hvert ár, í annað hvort skipti samkvæmt 3. gr. a, en í annað hvort skipti samkvæmt 3. gr. b. Úthlutunarupphæðirnar a og b eru ætíð jafnar innbyrðis. Úthlutun 1955 kallast 1. úthlutun a, en 1958 1. úthlutun b, 1961 2. úthlutun a o. s. frv.
- b) Að verðlauna teikningar íslenskra arkitekta að nýtsömum byggingum í landinu eða skipulagningu innanbæjar í Reykjavík, að undangenginni samkeppni. Heita verðlaunin „Verðlaun Sigurðar Guðmundssonar“. Stofnandi sjóðsins áskilur sér og manni sínum, meðan annars hvors þeirra nýtur við, rétt til að ákveða verkefni það, sem um ræðir í hvert sinn, en eftir þeirra dag Húsameistarafélagi Íslands. Auglýst skal um samkeppnina hálfu ári fyrir úthlutun. Leita skal tillagna dómnefndar, er Húsameistarafélag Íslands skipar samkvæmt reglugerðum félagsins um samkeppni.
- c) Eftir fyrstu úthlutun og síðan (þ. e. í fyrsta sinn árið 1961) má veita aukaverðlaun úr sjóðnum, er samtals nemi helmingi aðalverðlauna. Við úthlutun a. skal styrkja stúdent úr stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík, en við úthlutun b. skal styrk úr sjóðnum verið til verndunar þjóðminja og leita tillagna þjóðminjavarðar.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: prófessor í stærðfræði við Háskóla Íslands, rektor Menntaskólans í Reykjavík og skrifstofustjórinn í menntamálaráðuneytinu.

## 5. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um vörslu sjóðsins, birtir reikninga hans í Lögbirtingablaðinu fyrir 1. apríl ár hvert og heldur gerðabók fyrir sjóðinn.

## 6. gr.

Stofnandi sjóðsins áskilur sér rétt til þess, innan næstu 10 ára, að gera tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari, þó svo, að þær haggi í engu tilgangi sjóðsins í höfuðatriðum.

## 7. gr.

Sjóðurinn afhendist 1. apríl 1954.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### um þorskveiðibann 20.–31. desember 1983.

## 1. gr.

Á tímabilinu frá og með 20. desember til og með 31. desember 1983, eru fiskiskipum, öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerð nr. 23. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa 1983, bannaðar allar þorskveiðar.

Á sama tímabili er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

## 2. gr.

Á þeim tíma, sem þorskveiðar eru bannaðar, skv. 1. mgr. 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%.

Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum verður það, sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

## 3. gr.

Nú er afla landað innan þeirra tímamarka, sem um getur í 1. gr. og hlutfall þorsks í heildarafla reynist hærra en 15%, skal þá litið svo á, að um ólöglegan þorskafli sé að ræða og hann gerður upptækur samkvæmt 2. gr. nema í ljós komi, að fiskiskipið hafi ekki verið að veiðum á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar.

Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., enda hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

## 4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. desember 1983,*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

Jón B. Jónasson.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 250/1976, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Við 9. gr. bætist nýr töluliður er verði 10. tl. og orðist svo:

Við sölu og dreifingu matvöru, er inniheldur salt (natríumklóríð) skal geta um magn þess á umbúðum sé um luktur umbúðir að ræða.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. apríl 1984.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

Páll Sigurðsson.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1971, um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna ásamt síðari breytingum.

### 1. gr.

Ný grein er verði 12. gr. orðist svo:

Heimilt er verslunum, er fengið hafa til þess leyfi ráðherra, að fenginni umsögn eiturefnaneftndar, að flytja inn og selja efni og efnasamsetningar, sem sérstaklega eru ætlaðar til þess að gefa frá sér frítt bróm í nánar tilteknum skömmtunarbúnaði til eyðingar sýkla í baðvatni án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, samanber ákvæði reglugerðar nr. 131/1971. Skal við það miðað, að magn frís bróms í baðvatni fari aldrei yfir 4 mg/l. Með umsóknum skulu fylgja tillögur um ítarlegar merkingar íláta undir slík efni og efnasamsetningar og leiðbeiningar um notkun. Leyfishafi skal ennfremur hafa á boðstólum viðurkennda mæla ásamt leiðbeiningum á íslensku til ákvörðunar á fríu brómi í vatni.

Ef bróm er notað til eyðingar sýkla í baðvatni á opinberum sundstöðum, skal fylgjast reglulega með styrk frís bróms í vatninu, skv. fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins sbr. nánar 9. gr. reglugerðar nr. 455/1975.

### 2. gr.

Ný grein er verði 13. gr. orðist svo:

Heimilt er lögreglustjórum að nota glös undir blóðsýni, sem í hefur verið vegið 0.2 g af natríumflúoríði til þess að rotverja og segaverja sýni án þess að til kaupanna þurfi sérstakt leyfi skv. reglugerð nr. 131/1971. Varðandi merkingar, meðferð glasanna og vörslu þeirra skal hlíta fyrirmælum sem ráðuneytið setur, að höfðu samráði við eiturefnaneftnd og Lyfjaeftirlit ríkisins. Á glösunum skal þó ætíð standa skýrum störum: „Inniheldur 0.2 g natríumflúoríð.“

Í sendingum innanlands skal ætíð merkja ystu umbúðir um glös þessi þeim eiturmerkjum og varnaðarmerkjum, er eiga við um natríumflúoríð, skv. reglugerð þar að lútandi.

### 3. gr.

12. gr. verði 14. gr.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 16. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*



## AUGLÝSING

### um gjald til Almanakssjóðs.

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1984 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 1,00 kr. fyrir hvert eintak.

*Menntamálaráðuneytið, 13. desember 1983.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Árni Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

F-liður 12. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1984.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

### um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

#### I. UNDIRBÚNINGUR AÐ ÖKUPRÓFI

##### 1. gr.

Sá sem vill öðlast almenn réttindi til að stjórna vélknúnu ökutæki skal sækja um það til lögreglustjóra í heimasveit sinni. Umsókn má einnig senda lögreglustjóra í umdæmi þar sem umsækjandi dvelur, og getur hann veitt leyfi til próftöku ef sérstaklega stendur á að fengnu samþykki lögreglustjóra í heimasveit.

Umsókn skal rituð á eyðublað sem lögreglustjóri lætur í té.

##### 2. gr.

Með umsókn skal senda:

1. Tvær skýrar andlitsmyndir af umsækjanda berhöfðuðum. Stærð myndar skal vera 35×45 mm. Hún skal vera á endingargóðum ljósmyndapappír, merkja- og stimplalaus.
2. Vottorð læknis um að umsækjandi hafi sjón og heyrn eins og krafist er í 4. gr. og sé svo andlega og líkamlega hraustur sem þar greinir.
3. Vottorð löggilts ökukennara, sbr. 12. gr., um að nemandi sé hæfur til að taka próf.
4. Samþykki lögreglustjóra í heimasveit umsækjanda ef umsókn er send öðrum lögreglustjóra.

Myndir, sbr. 1. tölulið, skulu eigi vera eldri en tveggja ára, og önnur gögn, sbr. 2.-4. tölulið, ekki eldri en eins mánaðar.

Vottorð ökukennara þarf eigi að fylgja umsókn til prófs í akstri léttra bifhjóla eða dráttarvéla.

##### 3. gr.

Læknisvottorð skal ritað á eyðublað sem gert er eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins. Vottorðið skal sent lögreglustjóra í lokuðu umslagi.

##### 4. gr.

Umsækjandi skal fullnægja þessum lágmarkskröfum um heilbrigði:

- a) Sjón: Að hann hafi án gleraugna eða með gleraugum er hann venjulega notar minnst sjónskerpuna 6/12 (0,5) á betra auga, en 6/24 (0,25) á hinu. Sjónsvið skal prófa með hendinni og vera edlilegt á hvoru auga um sig.

Heimilt er að leyfa manni próftöku þótt hann sé blindur á öðru auga eða stjórnskerpa sé minni en 6/24 (0,25) á því ef hitt augað er óskemmt og með eigi minni sjónskerpun en 6/9 (0,67) með eða án gleraugna, enda hafi umsækjandi verið með skerta sjón í meira en hálf ár. Þetta gildir þó ekki um próf til aksturs leigubifreiða til mannflutninga, vörubifreiða fyrir 5 smáesta farm eða meira eða fólksbifreiða fyrir fleiri en 16 farþega.

- b) Heyrn: Að hann hafi heyrn svo góða að hann heyri án heyrnartækja orð töluð venjulegum rómi í 4 m fjarlægð.
- Standist umsækjandi heyrnarpróf með heyrnartæki sem hann notar að jafnaði er heimilt að leyfa honum próftöku, enda noti hann heyrnartækið við akstur. Ef umsækjandi óskar má þó gefa út ökuskírteini til hans með sömu skilyrðum og þegar umsækjandi stenst ekki heyrnarpróf.
- Standist umsækjandi ekki heyrnarpróf er heimilt að gefa út ökuskírteini til hans, enda sé bifreið eða bifhjól sem hann ekur búið hliðarspeglum á báðum hliðum. Eigi er þörf aukaspegla á dráttarvél.
- Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda eigi um próf til aksturs leigubifreiða til mannflutninga eða fólksflutninga fyrir fleiri en 16 farþega.
- c) Önnur líkamshreysti: Að hann geti notað báða handleggi og fætur til að stýra ökutækinu, hemla og gefa merki. Að hann sé ekki haldinn flogaveiki eða öðrum sjúkdómi sem ástæða er til að ætla að valdi meðvitundarleysi snögglega.
- Mat á líkamshreysti skal miða við að umsækjandi geti örugglega stjórnað ökutæki því sem hann vill fá leyfi til að stjórna.
- d) Andleg heilbrigði: Að andleg heilbrigði umsækjanda og andlegur þroski sé með þeim hætti að hann geti örugglega stjórnað ökutæki því sem umsókn miðast við.

#### 5. gr.

Lögreglustjóri kannar hvort réttar eru þær upplýsingar sem umsækjandi leggur fram. Hann kannar reglusemi og áreiðanleik umsækjanda og aflar þeirra upplýsinga um hann sem þörf er á, þ. á m. úr sakaskrá ríkisins.

Lögreglustjóri metur hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum til próftöku. Telji lögreglustjóri vafa á því hvort umsækjandi fullnægi kröfum um heilbrigði eða andlegan þroska skal hann fá umsögn sérfræðings um vafaatriði.

Telji lögreglustjóri áreiðanleik, samviskusemi eða reglusemi umsækjanda vafasama samkvæmt framlögðum gögnum eða öðrum upplýsingum skal hann því aðeins veita heimild til próftöku að umferðaröryggi verði ekki talin sérstök hætta búið þótt umsækjandi fái ökuskírteini. Eigi skal að jafnaði leyfa manni próftöku ef hann á síðastliðnum 12 mánuðum hefur hlotið refsingu fyrir ölvun nema um sé að ræða einstakt tilvik hjá manni sem að öðru leyti má telja áreiðanlegan og samviskusaman.

Fullnægi umsækjandi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, en uppfyllir önnur skilyrði til útgáfu ökuskírteinis leitar lögreglustjóri álits Bifreiðaeftirlits ríkisins. Að því búnu sendir lögreglustjóri dómsmálaráðuneytinu umsóknina til fyrirsagnar ásamt umsögn sinni og fylgiskjólum, nema nota megi bifreið með sjálfvirkri girskiptingu, sbr. a- lið 2. málgr. 25. gr. Ákveður ráðuneytið síðan hvort heimila skuli útgáfu ökuskírteinis til umsækjanda og setur nánari reglur um kennslu, próf og efni skírteinis, eftir því sem þörf krefur.

#### 6. gr.

Telji lögreglustjóri skilríki þau sem umsókn fylgja fullnægjandi sendir hann þau til prófdómanda með áritun um próftökuheimild.

## II. UM ÖKUKENNSLU.

## A. Löggiltir ökukennarar.

## 7. gr.

Rétt til að kenna undir almennt próf í akstri og meðferð bifreiða hafa þeir einir sem til þess hafa fengið löggildingu dómsmálaráðherra.

Engum má veita ökukennararéttindi nema hann:

- a) hafi náð 25 ára aldri,
- b) hafi óflekkað mannorð,
- c) hafi eigi á síðustu 5 árum gerst sekur um alvarleg eða ítrekuð brot á umferðarlögum eða alvarleg brot á áfengislögum og hafi ekki á sama tíma verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar,
- d) hafi réttindi til að aka leigubifreið til mannflutninga og hafi stundað akstur að staðaldri eigi skemur en tvö ár eftir að hann öðlaðist þau réttindi,
- e) hafi staðist sérstakt ökukennarapróf.

Ökukennararéttindi gilda í 5 ár frá útgáfudegi. Endurnýja má ökukennararéttindi, enda uppfylli umsækjandi skilyrði samkvæmt liðum b-d. Að jafnaði skal ekki endurnýja ökukennararéttindi án nýs prófs ef meira en ár er liðið frá því löggilding féll úr gildi.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum ef ástæða er til. Skal það ávallt gert ef brott fellur skilyrði til að öðlast ökukennararéttindi svó og ef veruleg brögð verða að því að ökukennari veiti öikumannaefnum sem eigi standast próf kennsluvottorð eða ef ökukennari fer ekki eftir reglum sem settar eru um ökukennslu.

Ákvæði greinar þessarar um sviptingu ökukennararéttinda gilda einnig um þá sem fengið hafa ótímabundin ökukennararéttindi samkvæmt eldri reglum.

## 8. gr.

Próf fyrir þá sem vilja öðlast ökukennararéttindi skal halda í Reykjavík. Próf skulu haldin árlega, að jafnaði í apríl mánuði. Umsóknir um ökukennarapróf skulu sendar Bifreiðaæftirliti ríkisins fyrir 1. mars, og skulu umsækjendur:

- a) hafa náð 24 ára aldri,
- b) hafa réttindi til aksturs leigubifreiða til mannflutninga,
- c) uppfylla skilyrði samkvæmt 2. málsg. 7. gr., liðum b og c.

Áður en próf er haldið skal prófnefnd efna til námskeiðs til undirbúnings ökukennaraprófi, og skulu námsgreinar vera:

- a) Umferðarlög og reglugerðir.
- b) Bifreiðatækni, sbr. 16. gr. a-m.
- c) Umferðaröryggisfræði.
- d) Sálfræði.
- e) Kennslufræði.
- f) Skyndihjálp.
- g) Æfingaakstur.

Kennsla á námskeiði skal vera fræðileg og verkleg, og skulu kennslustundir vera eigi færri en 80. Prófnefnd skiptir fræðilegri kennslu milli kennslugreina og verklegri kennslu milli æfingaaksturs kennaraefnis, æfingaaksturs þegar kennarinn er í hlutverki nemanda og æfingaaksturskennslu með raunverulegan nemanda í akstri. Fyrir þátttöku í námskeiði skal greiða kennslugjald er prófnefnd ákveður þannig að það hrökkvi til greiðslu kostnaðar. Kennslugjaldið greiðist fyrirfram.

**Endurprentað blað.**

## 9. gr.

Prófgreinar við ökukennarapróf eru:

- a) Umferðarlög og reglugerðir.
- b) Bifreiðatækni.
- c) Önnur efni sem kennd eru á námskeiði til undirbúnings ökukennaraprófi.
- d) Ökukennsla. Skal próftaki kosta ökutæki til prófsins.

Próf samkvæmt liðum a-c er skriflegt, og skal próftaki fá 2 klst. til prófs í hverri prófgrein. Próf samkvæmt lið d er verklegt.

Við prófið skal gefa einkunnir í heilum tölum frá 1-10. Til þess að standast próf þarf próftaki að fá minnst 6 fyrir hverja prófgrein. Prófnefnd lætur próftaka er stenst próf í té prófskirteini.

## 10. gr.

Kennsla í akstri bifhjóla má aðeins fara fram undir stjórn og umsjón löggilts ökukennara, sbr. 7. gr., sem til þess hefur fengið sérstaka löggildingu dómsmálaráðherra. Engum má veita slík réttindi nema hann hafi réttindi til að aka bifhjóli og hafi staðist próf hjá bifreiðaeftirlitsmanni í ökukennslu og meðferð bifhjóla.

**B. Kennslubifreiðir og bifhjól.**

## 11. gr.

Eigi má nota bifreið eða bifhjól til ökukennslu fyrr en Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt ökutækið. Framan og aftan á kennslubifreið skulu vera spjöld sem á er letrað „Kennslubifreið“. Óheimilt er að nota spjöldin þegar bifreiðin er notuð til annars en ökukennslu. Bifreiðaeftirlit ríkisins ræður gerð kennsluspjalda og hefur sölu þeirra með höndum.

Bifreið sem viðurkennd er til kennslu fyrir almennt bifreiðastjórápróf skal þannig gerð að bil milli öxla hennar sé a. m. k. 2,10 m, og að hún sé annað hvort a. m. k. 3,80 m að lengd og 1,45 m á breidd eða að eigin þyngd hennar sé a. m. k. 700 kg.

Í kennslubifreið skal ennfremur vera eftirfarandi búnaður og skal vera unnt að taka búnað samkvæmt a- og b- liðum úr sambandi eða ganga þannig frá að eigi stafi hætta af þegar bifreiðin er eigi notuð sem kennslubifreið:

- a) Sérstakur hemlafetill fyrir ökukennara.
- b) Sérstakur tengslisfetill fyrir ökukennara.
- c) Sérstakur búnaður fyrir ökukennara til að gefa með hljóðmerki.
- d) Baksýnispegill inni í bifreið og á hægri hlið, þannig komið fyrir að ökukennari geti notað þá.
- e) Bifreið með sjálfvirkri girskiptingu skal búin skiptistöng, þannig komið fyrir að ökukennari geti notað hana.

**C. Kennsla í akstri bifreiða og bifhjóla.**

## 12. gr.

Ökukennslu skal miða við að nemandi geti staðist próf samkvæmt IV. kafla. Til að tryggja samræmda ökukennslu skal Bifreiðaeftirlit ríkisins í samráði við Ökukennarafélag Íslands gera námsskrá til leiðbeiningar fyrir ökukennara.

Æfingaakstur má ekki fara fram á vegum þar sem umferð er mikil fyrr en nemandi hefur náð þeirri leikni í akstri að eigi stafi sérstök hætta af. Ökukennsla skal fara fram á vegum bæði í þéttbýli og utan þess.

Að lokinni kennslu lætur ökukennari nemanda í té kennsluvottorð þar sem greina skal hvernig kennslu var háttað, þ. á m. hvenær og í hve margar klukkustundir kennt hafi verið í

þéttbýli og utan þess. Kennsluvottorð skal ritað á eyðublað sem gert er eftir fyrir mælum dómismálaráðuneytisins.

Gjald fyrir öukennslu skal ekki vera hærra en nemur gjaldi að degi til fyrir leigubifreiðir á þeim stað sem kennslan fer fram að viðbættu 25% álagi.

#### **D. Kennsla í meðferð og stjórn leigubifreiða til mannflutninga og vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira.**

##### 13. gr.

Námskeið fyrir þá sem öðlast vilja réttindi til að stjórna leigubifreiðum til mannflutninga og vörubifreiðum fyrir 5 smálesta farm eða meira skal halda í Reykjavík og á öðrum stöðum þar sem ástæða þykir til. Dómismálaráðherra skipar forstöðumann námskeiðanna. Forstöðumaður ræður umsjónarmann með samþykki dómismálaráðuneytisins svo og stundakennara.

##### 14. gr.

Umsóknir um þátttöku í námskeiði skal senda Bifreiðaeftirliti ríkisins.

Þátttökuskilyrði eru að umsækjandi:

- a) hafi náð 19 ára aldri,
- b) hafi haft réttindi til bifreiðaaksturs í a. m. k. 6 mánuði,
- c) hafi ekki á undanföllum 12 mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfisviptingar, gerst brotlegur við ákvæði um neyslu eða meðferð áfengra drykkja, eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti,
- d) hafi óflekkað mannorð, ef um er að ræða réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Umsókn skal fylgja læknisvottorð samkvæmt 2. tölulíð 2. gr. Umsækjandi skal sanna að hann uppfylli skilyrði b-liðar með því að framvísa ökuskírteini.

Leita skal álits viðkomandi lögreglustjóra, sbr. 1. gr., á því hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum til þátttöku í námskeiði.

##### 15. gr.

Kennslustundir á námskeiði skulu vera 180—200 samkvæmt stundaskrá er forstöðumaður semur. Fyrir þátttöku í námskeiði skal greiða kennslugjald er forstöðumaður ákveður. Kennslugjald skal ákveða tvisvar á ári, í janúar og í september, og skal miða við að það hrökkvi fyrir meðalkostnaði á mann á hverjum tíma. Kennslugjald greiðist fyrirfram. Heimilt er að skipta gjaldinu þannig að þátttakandi greiði helming við innritun og helming áður en próf fer fram.

##### 16. gr.

Kennsla á námskeiði skal vera verkleg og fræðileg.

Kennslan skal einkum fjalla um:

- a) Hvernig þau tæki vinna sem stjórnað er úr sæti bifreiðastjóra og hvernig skuli beita þeim.
- b) Rafkerfi.
- c) Kælivatnskerfi.
- d) Smurningskerfi.
- e) Eldsneytiskerfi.
- f) Gerð og vinnu vélar að öðru leyti.
- g) Tengsli, gírkassi og mismunadrif.
- h) Hemlakerfi.
- i) Stýrisbúnað.
- j) Tengibúnað.
- k) Viðgerðir á algengum smábilunum.

- l) Hvað gera skuli er vanda ber að höndum, svo sem ef eldur kemur upp í bifreið eða slys verður.
- m) Réttan umbúnað á farmi.
- n) Umferðarlög og reglur samkvæmt þeim.
- o) Reglur um leigubifreiðar.
- p) Góða aksturshætti, og skal hluti kennslunnar vera í formi akstursæfinga.

#### 17. gr.

Skylt er nemanda að hlýða reglum sem forstöðumaður setur til að stuðla að reglu og aga á námskeiði, að viðlagðri brottvísun ef nemandi lætur eigi skipast við áminningu.

Forstöðumaður skal setja reglur um lágmarks tímasókn, svo og reglur um hvenær próftaki má endurtaka próf hafi hann ekki staðist það að loknu námskeiði.

Forstöðumaður getur undanþegið nemanda frá tímasókn í einstökum námsgreinum eða þeim öllum ef sannað er að hann hafi sérmenntun í þeim. Slík umsókn skal lögð fram jafnhliða umsókn um þátttöku í námskeiði, og skal henni fylgja vottorð er sanni að umsækjandi sé fær um að ganga undir próf án þess að taka þátt í námskeiði, svo sem að hann hafi lokið sveinsprófi í bifvélavirkjun, prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða prófi frá námskeiði í slyshjálpi eða að hann hafi hlotið svipaða undirbúningsmenntun sem prófnefnd tekur gilda, eða nefndin telur hann færan um að ganga undir próf vegna sérkunnáttu hans eða hæfni.

#### E. Æfingaakstur á léttum bifhjólum.

##### 18. gr.

Nám í akstri léttara bifhjóla má fara fram án kennara. Æfingaakstur má ekki fara fram fyrr en fengin hefur verið til hans heimild lögreglustjóra.

Akstursheimild skal vera skrifleg, og skal ökumaður hafa hana með sér meðan á æfingaakstri stendur. Akstursheimild skal ekki gefa út fyrr en umsækjandi hefur náð 15 ára aldri, og ekki fyrr en 14 dögum áður en próf skal þreytt. Lögreglustjóri getur ákveðið hvar æfingaakstur má fara fram.

Áður en lögreglustjóri gefur út heimild til æfingaaksturs skal umsækjandi sanna að hann hafi næga þekkingu á umferðarreglum, og skal lögreglustjóri að jafnaði krefjast þess að umsækjandi taki þátt í námskeiði í umferðarreglum, akstri og meðferð léttara bifhjóla.

#### F. Æfingaakstur á dráttarvélum.

##### 19. gr.

Nám í akstri dráttarvéla skal fara fram undir eftirliti manns sem leyfi hefur til að stjórna dráttarvél á alfaravegi. Námi skal hagað þannig að eigi stafi sérstök hættu af.

### III. PRÓFDÓMENDUR

##### 20. gr.

Bifreiðaeftirlitsmenn eru prófdómendur við almennt bifreiðastjórapróf og próf í akstri bifhjóla. Dómsmálaráðherra getur löggilt aðra hæfa menn til prófdómendastarfa.

Prófdómendur mega ekki stunda ökukennslu.

##### 21. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna prófnefnd við próf í meðferð og stjórn leigubifreiða til mannfutninga og vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira. Skal forstöðumaður námskeiða samkvæmt 13. gr. vera formaður hennar. Annar hinna skal hafa sérþekkingu í vélfræði en hinn skal vera bifreiðaeftirlitsmaður. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun prófnefndar.

Forstöðumanni er heimilt að ráða sérfræðinga til prófdómendastarfa í einstökum greinum. Formaður prófnefndar skiptir verkum með nefndarmönnum þannig að einn prófdómandi dæmi með kennara í hverri prófgrein, en í prófakstri skulu vera tveir prófdómendur.

Prófdómendur við próf í akstri félksbifreiða fyrir fleiri en 16 farþega skulu vera tveir bifreiðaeftirlitsmenn sem forstöðumaður bifreiðaeftirlitsins kveður til.

#### 22. gr.

Bifreiðaeftirlitsmenn eða aðrir sem lögreglustjórar telja til þess hæfa eru prófdómendur við próf í akstri léttra bifhjóla.

Lögreglustjórar fela bifreiðaeftirlitsmönnum eða öðrum þeim sem hafa bifreiðastjóra-réttindi og reynslu í akstri dráttarvéla að vera prófdómendur við próf í akstri dráttarvéla.

#### 23. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna prófnefnd til að annast ökukennarapróf og ákveður þóknun hennar. Skal forstöðumaður námskeiða samkvæmt 13. gr. vera formaður hennar. Annar hinna skal vera lögfræðingur en hinn skal vera bifreiðaeftirlitsmaður.

### IV. ÖKUPRÓF

#### A. Almenn bifreiðastjórpróf.

#### 24. gr.

Pegar prófdómandi hefur borist umsókn um próftöku samkvæmt 6. gr. ákveður hann hvenær próf skuli haldið. Skal það gert svo fljótt sem ástæður leyfa. Aksturspróf skal ekki fara fram fyrr en umsækjandi hefur náð 17 ára aldri nema sérstaklega standi á og lögreglustjóri heimilar.

Umsækjanda ber að gefa sig fram til prófs áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því lögreglustjóri áritaði próftökuheimild. Gefi umsækjandi sig ekki fram innan þess tíma verður hann ekki prófaður nema að fenginni nýrri áritun lögreglustjóra.

Komi umsækjandi eigi til prófs á tilsettum tíma ber honum að greiða prófgjald að nýju vilji hann reyna próf nema hann sanni gild forföll.

#### 25. gr.

Við próf skal nota viðurkennda kennslubifreið sem ekki er með sjálfvirkri girskiptingu, sbr. þó 2. málsg., og próftaki leggur til. Bifreiðin skal eigi vera merkt eða auðkennd á annan hátt sem kennslubifreið.

Nota má kennslubifreið með sjálfvirkri girskiptingu:

- a) ef próftaki fullnægir ekki almennum kröfum um líkamshreysti og getur ekki með góðu móti ekið bifreið án slíks búnaðar. Skulu ökuréttindi þá takmörkuð við þannig bifreið,
- b) ef próftaki hefur áður fengið útgefin réttindi til aksturs bifreiðar.

#### 26. gr.

Almennt bifreiðastjórpróf skiptist í þrjá hluta:

- a) Skriflegt próf. Geti próftaki eigi með góðu móti tjáð sig á skriflegu prófi má prófdómandi heimila honum að taka hliðstætt próf munnlega.
- b) Munnlegt próf.
- c) Aksturspróf.

Skriflega prófið skal taka fyrst. Standist próftaki það ekki má hann ekki reyna við seinni prófin, en reyna má hann við próf að nýju að viku liðinni. Skriflega prófið má endurtaka tvisvar.



Standist próftaki ekki munnlega prófið skal hann ekki fara í akstursprófið, en reyna má hann við próf að nýju að viku liðinni.

Komi fram í akstursprófi að þekkingu próftaka í þeim efnum sem skriflega prófið fjallar um sé mjög áfátt skal vísa próftaka til skriflegs prófs að nýju.

Standist próftaki ekki akstursprófið má hann reyna við það að nýju að viku liðinni.

Að loknu hverju prófi tilkynnir prófdómandi próftaka hvort hann hafi staðist próf. Óski próftaki sem ekki hefur staðist próf að fá að vita ástæðu þess skal það upplýst.

Hafi próftaki ekki staðist próf samkvæmt framansögðu má hann ekki reyna við próf að nýju fyrr en að fenginni nýrri próftökuheimild. Skal slík heimild ekki veitt fyrr en að tveimur vikum liðnum nema sérstök ástæða mæli með, og liggi fyrir nýtt kennsluvottorð.

#### 27. gr.

Í skriflegu prófi skal spyrja um atriði er varða umferðarlöggjöf, bifreiðina og skyndihjálp.

Sá hluti prófsins er fjallar um umferðarlög og reglugerðir skal einkum beinast að:

- a) Gildissviði umferðarlaga.
- b) Merkingu orða í umferðarlögum.
- c) Gerð og búnaði ökutækja.
- d) Skráningu ökutækja og eftirliti með þeim.
- e) Ákvæðum um ökumenn, ábyrgð þeirra og skyldur.
- f) Umferðarreglum og góðum akstursháttum.
- g) Umferðarstjórn, umferðarmerkjum, umferðarljósum og merkingum á yfirborði vega.
- h) Fébótaábyrgð og váttryggingu.
- i) Refsingum og öðrum viðurlögum.
- j) Undirbúningi að ökuprófi

Sá hluti prófsins er fjallar um bifreiðina skal einkum beinast að:

- a) Gerð stjórnækja.
- b) Hirðu stjórnækja.
- c) Skilgreiningu á bilun stjórnækja.
- d) Stöðvunarvegalegd (viðbragðs- og hendlunarvegalegd) og hvað hefur áhrif á stöðvunarvegalegd.
- e) Bruna- og sprengihættu af uppgufun eldfimra efna.
- f) Hvað beri að gera til að komast hjá óþarfa hávaða í akstri með réttum akstursháttum og meðferð og viðhaldi ökutækis.
- g) Akstri í roki, rigningu, hríð, myrkri, snjó, lausamöl og hálfu.
- h) Hættu á kolsýrlingseitrun.

Sá hluti prófsins er fjallar um skyndihjálp skal einkum beinast að slyshjálp í umferðinni.

Próftaki fær allt að 45 mínútum til þess að leysa úr verkefnum.

#### Um 28. gr.

Skriflega prófið missir gildi ef munnlega prófið er ekki tekið innan tveggja mánaða. Þó má láta það gilda allt að þremur mánuðum ef próftaki hefur ekki staðist aksturspróf.

#### 29. gr.

Í munnlegu prófi skal spyrja um atriði úr tveimur af eftirfarandi liðum:

- a) Mælaborð: Spurt skal um mæla og ljós í mælaborði, hvað hver mælir sýnir og hvaða upplýsingar hann gefur. Á sama hátt skal spyrja um ljósmerki. Spurt skal um hvern rofa, hvernig honum er beitt, fyrir hvað rofinn er, og í hvaða tilfellum rofinn er notaður.

- b) Öryggisbúnaður og stjórnþæki: Spurt skal um notkun öryggisbúnaðar og gerð hans og hvernig ganga megi úr skugga um ástand hans á einfaldan hátt. Þess sama skal spyrja varðandi stjórnþæki.
- c) Hreyfill og hirðing hans: Spurt skal um gang hreyfilsins, fyrir hverju hreyfill gengur, hvers hann þarf með til að ganga óskemmdur, og hvernig olía er mæld í botnskálinni. Spurt skal um gangsetningu, einnig í köldu veðri.
- d) Vagninn: Spurt skal um helsta ljósabúnað, útlit bifreiðar og útsýn úr bifreið, og hvaða hlutum beri að leggja mesta áherslu á að halda hreinum.

## 30. gr.

Tilgangur munnlegs prófs er að komast að raun um hvort próftaki hafi þá þekkingu á gerð og búnaði bifreiða að hann geti haldið bifreið þannig við að ekki verði um óeðlilegar bilanir að ræða sem auka verulega rekstrarkostnað bifreiðar eða gera hana óörugga í akstri. Einnig að hann geti fundið galla eða bilanir er fram kunna að koma og verulegu máli skipta um öryggi. Eigi ber að leggja áherslu á tæknileg heiti einstakra hluta eða smíðalag bifreiða.

## 31. gr.

Að loknu munnlegu prófi leiðbeinir prófdómami próftaka um tilhögun akstursprófs. Við aksturspróf skal prófdómami sitja við hlið próftaka. Prófdómami skal því aðeins hafa afskipti af stjórn bifreiðar að umferðaröryggi krefjist. Hann skal eftir því sem unnt er láta próftaka afskiptalaus, en fylgjast vel með akstursháttum hans, gæta að hvort hann fer eftir umferðarreglum og hvort hann ekur eðlilega miðað við aðstæður. Nauðsynlegar ábendingar og fyrirmæli ber prófdómami að gefa greinilega og í tæka tíð þannig að próftaka gefist ráðrúm til að skilja þær og framkvæma. Eigi má prófdómami gefa fyrirmæli sem leiða myndu til umferðarbrotu ef hlýtt væri.

## 32. gr.

Í akstursprófi ber prófdómami að aðgæta sérstaklega eftirfarandi:

- a) Hvort próftaki ræsir hreyfil rétt og hvort hann misnotar vélarafli, hvort hann sýnir vagninum nægilega tillitssemi, t. d. á vondum vegi, hvort hann notar ökuljós réttilega, spennir öryggisbelti og stillir þau rétt, notar rúðusprautu og rúðupurrkur eins og með þarf, svo og annan búnað til að halda rúðum hreinum og móðulausum eða til að tryggja góða útsýn.
- b) Aksturslag próftaka, hvort hann heldur sig á réttum vegarhelmingi og réttri akrein. Eins ber að gæta að hvort próftaki ekur hæfilega nærri vegamótum þegar hann nemur staðar vegna umferðarmerkja eða ljósa og hvernig hann dregur úr hraða.
- c) Hvernig próftaki velur akrein með tilliti til hraða, umferðar og áframhaldandi aksturs.
- d) Hvort próftaki ekur á löglegum hraða og hæfilega hratt eftir aðstæðum.
- e) Viðbragðsflyti próftaka í akstri og við að taka af stað og stöðva bifreið. Próftaki skal stöðva bifreið snögglega eftir beiðni prófdómami.
- f) Próftaki skal reyndur í akstri aftur á bak, ýmist upp eða niður brekku.
- g) Próftaki skal reyndur í akstri aftur á bak og akstri áfram inn í stæði. Aðgæta ber hvernig gengur að koma bifreið í stæði, og hvernig bifreið er lagt. Próftaki skal segja til um hvort bifreið er löglega lagt og sé svo ekki hvers vegna.
- h) Prófdómami fylgist með öryggi próftaka, hvort hann heldur bifreið stöðugri á vegi og þá einkum þegar skipt er um gangstig, skipt er um akrein eða þegar próftaki þarf sérstaklega að líta eftir annarri umferð. Einnig skal prófdómami aðgæta hve öruggur próftaki er þegar hann ekur inn í umferðaræð eða yfir vegamót.
- i) Hvernig próftaki gengur frá bifreið í brekku, tekur af stað og lætur hana renna í gang.
- j) Hvort próftaki virðir forgang umferðar, umferðarmerki og umferðarljós.

- k) Hvort próftaki gefur stefnumerki, hvort merkin eru gefin í tíma og í samræmi við stefnubreytingu og hvort stefnumerkjagjöf er hætt þegar hún á ekki lengur við.
- l) Hvernig próftaki heldur um stýri og sömuleiðis setu próftaka undir því. Hvoru tveggja ber að aðgæta í beygjum og í beinum akstri.
- m) Hvort próftaki sýnir aðgæslu í akstri. Sérstaklega skal þetta athugað þar sem barna er von eða annarra sem ekki geta gætt sín nægilega vel í umferðinni.
- Munnlegt próf og aksturspróf skal ekki standa skemur en 45 mínútur. Hætta ber þó prófi fyrir ef ljóst er að próftaki mun ekki standast prófið.

## 33. gr.

Aksturspróf skal ávallt halda á vegum, bæði í þéttbýli og utan þess. Skal prófið fara fram á þeim tíma og á þeim vegum að verulega reyni á ökuhæfni próftaka.

Ekki skal halda aksturspróf annars staðar en þar sem hvað flestar gerðir umferðarmerkja eru og einhverjar yfirborðsmerkingar eru á vegum.

**B. Próf í akstri bifhjóla.**

## 34. gr.

Hinn fræðilegi hluti prófsins skal vera í samræmi við reglur um almennt bifreiðastjóra-próf, eftir því sem við á. Próftaki skal ennfremur gera grein fyrir þeim mun sem er á því að stýra og hemla bifhjóli eftir því hvort ekið er með farþega eða ekki. Hann skal einnig gera grein fyrir notkun handhemils.

Aksturspróf skal halda þar sem prófdómandi getur fylgst með akstrinum. Því prófi skal haga á sama hátt og prófi bifreiðastjóra með þeim breytingum sem leiða af eðli ökutækjanna.

**C. Próf í meðferð og stjórn leigubifreiða til mannflutninga og vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira.**

## 35. gr.

Að loknu námskeiði samkvæmt 13. gr. skal halda próf.

Próf er fræðilegt og verklegt. Fræðilega prófið er skriflegt, en akstursprófið verklegt að öðru leyti en því að próftaki gerir stutta grein fyrir stjórn- og öryggistækjum bifreiðar í byrjun prófsins. Geti próftaki eigi með góðu móti tjáð sig á skriflegu prófi má prófnefnd heimila honum að taka hliðstætt próf munnlega.

Við próf skal gefa einkunnir fyrir:

- Þekkingu á aflvélum bifreiða, rafmagns-, kælivatns-, eldsneytis- og smurningskerfum þeirra, svo og orsökum gangtruflana og viðhaldi og hirðu hreyfla.
- Þekkingu á aflfærslutækjum bifreiða, svo sem tengsli, girkassa, mismunadrifi og tengibúnaði. Ennfremur hemlum og stýrisbúnaði og viðhaldi og hirðu undirvagns.
- Þekkingu á umferðarlögum og reglugerðum samkvæmt þeim og góðum akstursháttum.
- Skyndihjálp og hvað gera skuli ef sérstök vandkvæði ber að höndum.
- Prófakstur: Við prófið skal nota vörubifreið fyrir 5 smálesta farm eða meira, og skal hver próftaki prófaður í minnst eina klukkustund við mismunandi aðstæður svo glögg komi fram hæfni hans og leikni í bifreiðastjórn. Ef próftaki óskar má prófa á 6—8 manna bifreið. Veitir prófið þá ekki réttindi til aksturs stærri bifreiða.

Við prófið skal gefa einkunnir í heilum tölum frá 1—10. Lægsta meðaleinkunn sem þarf til að standast próf er 6 og má einkunn í þeim greinum sem um ræðir í liðum c og e hvorum fyrir sig ekki vera lægri.

## 36. gr.

Próftaki skal mæta stundvíslega á tilteknum stað til prófs og má ekki án leyfis víkja þaðan meðan prófið stendur yfir.

Gangi próftaki frá prófi vegna sjúkleika og sanni síðar með læknisvottorði að hann hafi haft gild forföll má prófa hann í því sem eftir var svo fljótt sem við verður komið, þó eigi síðar en innan sex mánaða. Er þá fullgildur sá hluti prófsins sem lokið var þegar próftaki forfallaðist.

Próftaki sem staðist hefur próf fær prófskírteini. Nota skal tvær gerðir prófskírteina, annað fyrir þá sem taka próf á vörubifreið, en hitt fyrir þá sem taka prófið á 6—8 manna bifreiða. Ekki skal afhenda prófskírteini fyrr en skírteinishafi hefur náð 20 ára aldri.

Halda skal skrá um þá sem sækja námskeið samkvæmt 13. gr. Þar skal færa upplýsingar um hvert námskeið, nöfn próftaka og fæðingardag, einkunnir og hver réttindi próf veitir. Skráin skal geymd í vörslu Bifreiðaeftirlits ríkisins. Jafnframt skal senda lögreglustjóra sem í hlut á nöfn þeirra sem staðist hafa próf.

**D. Próf í akstri fólksbifreiða fyrir fleiri en 16 farþega.**

## 37. gr.

Til að öðlast ökuskírteini til aksturs fólksbifreiða fyrir fleiri en 16 farþega skal ljúka sérstöku prófi. Skilyrði til próftöku er að umsækjandi hafi réttindi til aksturs leigubifreiða til mannlutninga og vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira.

Próf skulu haldin í Reykjavík og á Akureyri tvisvar á ári, og skulu umsóknir um próftöku sendar Bifreiðaeftirliti ríkisins fyrir 1. apríl eða 1. september. Umsókn skal fylgja læknisvottorð. Umsækjandi skal sanna að hann hafi fullnægjandi ökuréttindi með því að framvísa ökuskírteini. Leita skal álits viðkomandi lögreglustjóra, sbr. 1. gr., á því hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum til próftöku.

Próftaki greiði fyrirfram kostnað við próf.

## 38. gr.

Prófa skal aksturshæfni og þekkingu á sérreglum um gerð og búnað almenningsbifreiða og skipulag fólksflutninga með bifreiðum. Aksturspróf skal fara fram á vegum í þéttbýli þar sem umferð er mikil og utan þéttbýlis við mismunandi aðstæður. Við prófið skal nota bifreið sem flutt getur 40 farþega eða fleiri. Skal prófakstur standa yfir í a. m. k. 1 klst.

Við próf þetta skal ekki gefa einkunnir heldur aðeins meta hvort próftaki sé hæfur eða ekki. Próftaki sem staðist hefur próf fær vottorð prófdómenda. Jafnframt skal senda lögreglustjóra sem í hlut á nöfn þeirra sem staðist hafa próf.

**E. Próf í akstri léttra bifhjóla.**

## 39. gr.

Reyna skal aksturskunnáttu próftaka, þekkingu hans á umferðarreglum og hæfileika að öðru leyti til að aka léttu bifhjóli.

**F. Próf í akstri dráttarvéla.**

## 40. gr.

Reyna skal aksturskunnáttu próftaka, þekkingu hans á umferðarreglum og hæfileika að öðru leyti til að aka dráttarvél. Skal próftaki gera grein fyrir þeim sérstöku hættum sem fylgja notkun dráttarvéla, m. a. vegna gerðar þeirra og notkunarmöguleika.

## V. ÖKUSKÍRTEINI.

### A. Útgáfa ökuskírteina.

#### 41. gr.

Að loknu prófi endursendir prófdómandi lögreglustjóra prófgögn með áritun um hvort próftaki hafi staðist próf.

Komist prófdómandi að því við próf að andlegri eða líkamlegri hreysti próftaka sé að einhverju áfátt skal hann geta þess í tilkynningu til lögreglustjóra hvort sem próftaki hefur staðist próf eða ekki.

Hafi próftaki staðist próf, og hann uppfyllir að öðru leyti skilyrði til að fá ökuréttindi veitir lögreglustjóri honum ökuskírteini. Sé ökuskírteini veitt með sérstökum skilyrðum skulu þau skráð á skírteinið.

#### 42. gr.

Ökuskírteini eru tvenns konar, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi.

Fullnaðarskírteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini þeirra sem náð hafa 60 ára aldri og ökuskírteini er heimila akstur leigubifreiða til mannflutninga og vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira skulu þó gilda í 5 ár.

Ökuskírteini fyrir þann sem orðinn er 70 ára má gefa út til skemmri tíma svo og jafnan þegar vafi er um reglusemi umsækjanda eða ökuhæfni. Sama gildir þegar ætla má að andlegt eða líkamlegt atgervi umsækjanda breytist að mun á næstu 5 árum.

### B. Form og efni ökuskírteina.

#### 43. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur lögreglustjórum í té eyðublöð fyrir ökuskírteini.

Í ökuskírteini skal greina:

1. Númer skírteinis.
2. Nafn, fæðingardag og heimili skírteinishafa.
3. Nafnnúmer skírteinishafa.
4. Útgáfudag og gildistíma skírteinis.
5. Útgáfustað skírteinis.
6. Hver réttindi skírteini veitir.
7. Takmarkanir og skilyrði ef um þau er að ræða.
8. Hvar og hvenær skírteini er fyrst útgefið.

Í skírteini skal vera mynd af skírteinishafa, stimpluð af lögreglustjóra.

#### 44. gr.

Sérstaka heimild til aksturs dráttarvéla og léttra bifhjóla skal rita á eyðublöð fyrir ökuskírteini, þannig: „Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél“ eða: „Skírteinishafi hefur heimild til að stýra léttu bifhjóli“ eða: „Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og léttu bifhjóli“. Um gildistíma þessara skírteina fer eftir reglum um fullnaðarskírteini.

Sá sem heimild hefur til aksturs bifreiða hefur og heimild til aksturs dráttarvéla. Sá sem heimild hefur til aksturs bifhjóla hefur og heimild til aksturs léttra bifhjóla.

#### 45. gr.

Sá sem hefur ökuskírteini og óskar eftir því að öðlast aukin ökuréttindi skal senda lögreglustjóra, sbr. 1. gr., umsókn ásamt gögnum, sbr. 2. gr. Skal umsókn rituð á eyðublað sem lögreglustjóri lætur í té.

Lögreglustjóri kannar hvort skilyrði eru fyrir hendi og vísar umsækjanda í próf, sbr. 5. og 6. gr. Hafi umsækjandi þegar lokið prófi samkvæmt 35. eða 38. gr. og framvísar prófskírteini er ekki þörf á kennsluvottorði eða læknisvottorði.

Séu fyrir hendi skilyrði til að veita umsækjanda aukin ökuréttindi gefur lögreglustjóri út nýtt ökuskírteini í stað hins fyrra er gildir frá útgáfudegi þess. Um gildistíma fer eftir ákvæðum 42. gr.

### C. Endurnýjun ökuskírteina.

46. gr.

Sá sem óskar eftir að fá útgefið fullnaðarskírteini eða að fá ökuskírteini endurnýjað skal senda lögreglustjóra, sbr. 1. gr., umsókn ásamt 2 myndum og læknisvottorði, sbr. 2. gr. Umsókn skal rituð á eyðublað sem lögreglustjóri lætur í té. Með umsókn skal afhenda ökuskírteini það sem óskast endurnýjað.

Áður en fullnaðarskírteini er gefið út skal lögreglustjóri kanna sérstaklega öikumannsferil hlutaðeiganda. Ef hlutaðeigandi hefur lent í umferðarslysnum eða umferðaróhöppum og kenna má vankunnáttu, vanhæfni, vítaverðum akstursháttum eða öðrum brotum gegn ákvæðum umferðarlaga má eigi gefa út fullnaðarskírteini nema hann hafi staðist próf að nýju í umferðarreglum og akstri bifreiða. Lögreglustjóri getur og krafist þess að lagt sé fram vottorð trúnaðarsérfræðings um líkamlega og andlega heilbrigði og andlegan þroska hlutaðeigandi, sbr. 4. gr.

Áður en ökuskírteini er endurnýjað kannar lögreglustjóri hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum til að fá ökuréttindi, sbr. 5. gr. Lögreglustjóri getur krafist þess að umsækjandi gangi undir bifreiðastjórapróf að nýju. Skal það að jafnaði gert ef meira en eitt ár er liðið frá því að ökuréttindi umsækjanda féllu niður, svo og þegar umsækjandi hefur eigi stjórnað bifreið síðasta árið áður en endurnýjunar er óskað.

Hið nýja ökuskírteini sem bera skal hið upphaflega númer gildir frá útgáfudegi þess.

### D. Samrit ökuskírteina.

47. gr.

Hafi ökuskírteini glatast eða skemmt má gefa út samrit þess er veitir sömu réttindi og hið fyrra skírteini og til jafnlangs tíma. Eigi þarf þá að leggja fram ný vottorð, en rannsaka skal hvort viðkomandi hafi enn rétt til að stýra ökutæki. Hafi ökuskírteini glatast skal viðkomandi gefa um það skýrslu til lögreglustjóra. Skemmt ökuskírteini skal afhent lögreglustjóra ef samrits er beiðst. Finnist glatað ökuskírteini skal því tafarlaust skilað til lögreglustjóra.

### E. Afturköllun ökuskírteina og svipting.

48. gr.

Lögreglustjóri getur hvenær sem er afturkallað ökuskírteini ef skírteinishafi uppfyllir ekki lengur skilyrði til að öðlast það. Lögreglustjóri getur sett það skilyrði fyrir endur afhendingu skírteinis að lögð séu fram gögn sem hann tekur gild, svo sem læknisvottorð. Hann getur og ef ástæða þykir til krafist þess að umsækjandi gangi undir bifreiðastjórapróf að nýju.

Ef vanþekking skírteinishafa á umferðarreglum er aðalástæða afturköllunar getur lögreglustjóri veitt honum kost á að leysa sig frá prófi með því að taka þátt í stuttu námskeiði í umferðarreglum. Námskeið þessi skulu haldin á vegum lögreglustjóra.

49. gr.

Skírteinishafi sem sviptur er ökuleyfi skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt. Sama gildir þegar ökuskírteini er afturkallað.

Sé ákvörðun tekin um sviptingu eða afturköllun ökuskírteinis sem annars staðar var útgefið skal þegar senda skírteinið til þess lögreglustjóra sem gaf það út. Sé ökuskírteini glatað eða það verður ekki afhent af öðrum ástæðum skal ákvörðunin ásamt tilgreindri ástæðu þegar tilkynnt viðkomandi lögreglustjóra.

50. gr.

Lögreglustjóri getur krafist þess að sá sem fær ökuskírteini afhent að nýju að loknum sviptingartíma skuli ganga undir bifreiðastjórpróf að nýju. Skal það að jafnaði gert ef svipting hefur staðið lengur en eitt ár.

#### F. Erlend ökuskírteini.

51. gr.

Sá sem dvelur hér á landi um stundarsakir og hefur eigi íslenskt ökuskírteini má stjórna ökutæki hér eins og í heimalandi sínu í allt að eitt ár frá því hann kom til landsins, enda hafi hann erlent ökuskírteini eða alþjóðlegt ökuskírteini, gefið út í samræmi við ákvæði alþjóðasamnings sem Ísland er aðili að.

Erlent ökuskírteini veitir þó ekki heimild til aksturs bifreiðar eða bifhjóls nema skírteinishafi hafi náð 17 ára aldri eða til aksturs bifreiðar sem skráð er hér á landi og notuð er til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

52. gr.

Heimilt er lögreglustjóra, sbr. 1. gr., að gefa út íslenskt ökuskírteini til þess sem hefur erlent ökuskírteini og sest hefur að hér á landi án þess að viðkomandi gangi undir ökuþróf, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum til að öðlast íslenskt ökuskírteini. Umsókn skal fylgja hið erlenda ökuskírteini ásamt ljósmyndum og læknisvottorði, sbr. 2. gr. Lögreglustjóri kannar hvort skilyrði eru fyrir hendi. Telji hann hæfni umsækjanda vafasama skal ekki gefa út ökuskírteini nema umsækjandi standist bifreiðastjórpróf.

Hið íslenska ökuskírteini skal að jafnaði veita sömu réttindi og hið erlenda, eftir því sem við á, þó ekki réttindi til aksturs bifreiða sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

#### VI. SKRÁ UM ÖKUSKÍRTEINI

53. gr.

Við hvert lögreglustjóraembætti skal halda skrá um veitt ökuskírteini. Skrá þessi skal færð í spjöld sem dómsmálaráðuneytið lætur gera og raðað í stafrófsröð. Auk þess skal bókfæra útgáfu ökuskírteina í tímaröð og greina þar full nöfn skírteinishafa og númer ökuskírteina.

Á spjaldskrá skal greina:

1. Númer skírteinis.
2. Nafn, fæðingardag og heimili skírteinishafa.
3. Nafnnúmer skírteinishafa.
4. Útgáfudag og gildistíma skírteinis.
5. Útgáfustað skírteinis.
6. Hver réttindi veitt eru.
7. Takmarkanir og skilyrði ef um þau er að ræða.
8. Hvar og hvenær skírteini er fyrst útgefið.
9. Útgáfu samrita og endurnýjana og dagsetningar þeirra.
10. Sviptingu eða afturköllun ökuleyfis. Flytja skal öll spjöld í sérstaka skrá meðan ökuleyfissvipting eða afturköllun varir.
11. Annað það er máli skiptir.

Í skrána skal festa mynd skírteinishafa, sams konar og í ökuskírteini hans og tekinni á sama tíma.

Fylgiskjöl með umsóknum um ökuskírteini skal geyma við embætti þar sem ökuskírteini var gefið út. Sama gildir um endurnýjanir. Fylgiskjöllum skal raða í tímaröð.

## 54. gr.

Taka skal spjöld af aðalspjaldskrá og raða á aukaskrá eftir sömu reglum, ef:

1. Skírteinishafi er látinn.
2. Skírteinishafi hefur verið sviptur ökuleyfi ævilangt.
3. Liðin eru 5 ár frá því ökuréttindi féllu úr gildi.

## 55. gr.

Pegar lögreglustjóri endurnýjar ökuskírteini sem upphaflega var gefið út í öðru umdæmi, gefur út samrit eða veitir aukin réttindi skal hann tilkynna það bréflega lögreglustjóra þeim sem upphaflega gaf skírteinið út, og getur hann þá breytingarinnar á spjaldskrá sinni.

## VII. GILDISTAKA

## 56. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968 öðlast gildi 1. febrúar 1984. Ákvæði 3. másl. 3. máslgr. 7. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en 1. október 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., sbr. reglugerðir nr. 163 29. júlí 1965, nr. 186, 24. ágúst 1966 og nr. 285 28. september 1973.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**REGLUGERÐ****um gjöld fyrir einkaleyfi o. fl.**

## 1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	kr.
a) Umsóknargjald .....	890,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923 .....	3 500,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4) .....	200,00
d) Forgangsréttarskjal .....	370,00

## 2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann .....	270,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá .....	185,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi .....	370,00



## 3. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	kr.
Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans .....	2 900,00
Fyrir næstu fimm ár leyfistímans .....	11 000,00
Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans .....	22 000,00

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa nr. 643, 26. nóvember 1982 og reglugerð um einkaleyfisgjöld nr. 787, 28. desember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Gunnar Guttormsson.*

**REGLUGERÐ****um gjöld fyrir vörumerki o. fl.**

## 1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	1 550,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	350,00

## 2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	1 550,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	350,00

## 3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:	kr.
a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	2 600,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	350,00

## 4. gr.

Önnur gjöld eru:	kr.
a) Innritun í vörumerkjaskrá .....	270,00
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá .....	185,00
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athuginin nær til .....	185,00

## 5. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrir en merkið hefur verið skráð.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 635, 26. nóvember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

---

*Gunnar Guttormsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 12. desember 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

Stofnfé minningarsjóðsins er gkr. 250 000.

Heimili Minningarsjóðsins er Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur Minningarsjóðsins er að efla leiklist á Íslandi með því fyrst og fremst að veita íslenskum leiklistarmönnum styrki til framhaldsnáms erlendis.

Ekki er hægt að sækja um styrki úr Minningarsjóðnum, heldur veitir sjóðsstjórnin árlega einum eða fleiri leiklistarmönnum styrki úr sjóðnum eftir eigin mati og skal styrkveiting fara fram að afloknu leikári við aðstæður, sem sjóðsstjórnin telur heppilegar til eflingar sjóðnum og til aukins skilnings á gildi leiklistar á Íslandi.

Sjóðsstjórninni er heimilt að fella niður styrkveitingu einstök ár.

3. gr.

Höfuðstól Minningarsjóðsins, eins og hann er og verður á hverjum tíma, má aldrei skerða. Sjóðsstjórninni heimilast að úthluta styrkjum skv. 2. gr., sem samsvarar tveim þriðju hlutum raunvaxta, en einn þriðji hluti leggist við höfuðstólinn. Þetta styrkjahlutfall má hækka, ef meiri hluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

4. gr.

Eignir Minningarsjóðsins eru stofnfé hans, gkr. 250 000, svo og þær gjafir og framlög og aðrar tekjur sem honum hafa borist og sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Heimilt er sjóðsstjórninni að gera menn eða fyrirtæki að styrktarmeðlimum hans gegn vissu gjaldi árlega, sem sjóðsstjórnin ákveður hverju sinni.

Eignir Minningarsjóðsins skulu að svo miklu leyti, sem því verður við komið, hljóða á nafn Minningarsjóðsins.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir Minningarsjóðsins, hvorttveggja hinn íslenska hluta hans og hinn danska. Íslenska hluta sjóðsins skal ávaxta í verðtryggðum skuldabréfum, spariskirteinum ríkissjóðs eða með öðrum álíka hætti, sem sjóðsstjórnin öll er sammála um að telja megi jafn örugga. Danska hluta sjóðsins skal ávaxta í tryggum veðskuldabréfum eða á annan jafn tryggan hátt og leita í því efni ráðlegginga banka.

## 5. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar fimm manna sjóðsstjórn. Samkvæmt ósk stofnanda sjóðsins tóku þessir menn sæti í fyrstu sjóðsstjórninni:

Porsteinn Ö. Stephensen, leikari, formaður.

Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóri, ritari.

Torfi Hjartarson, tollstjóri, gjaldkeri.

Í stjórninni skulu framvegis vera til viðbótar tveir niðjar frú Stefaníu Guðmundsdóttur og hafa niðjar hennar valið til þess:

Geir Borg, forstjóra, og

Stefaníu Scheving Thorsteinsson, frú.

Hver stjórnarnefndarmaður tilnefnir varamann fyrir sig, sem taka skal sæti í sjóðsstjórninni í fjarveru aðalmanns eða forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í sjóðsstjórninni er hann fer úr stjórninni, og tilnefnir þá nýjan varamann, og svo koll af kolli.

Tilnefning sjóðsstjórnarmanns gildir ævilangt. Þó getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr sjóðsstjórninni, ef því þykir ástæða til þess vegna ósæmilegrar framkomu hans eða verknáðar.

Fari svo einhvern tíma að stjórn sjóðsins sé ekki fullskipuð, skal sjóðsstjórnin, sem eftir situr, velja nýjan aðalmann og ræður þá meirihluti atkvæða. Ef atkvæði falla jöfn, skal hlutkesti ráða.

Verkskipting stjórnarnefndarmanna skal endurskoðuð á tveggja ára fresti. Við kjör formanns, sem skal vera leikari eða leiklistarmaður, eftir því sem við verður komið, ræður einfaldur meiri hluti. Ef atkvæði falla jöfn, skal hlutkesti ráða. Á sama hátt skal kjósa ritara og gjaldkera. Fyrsta þess háttar kjör skal fara fram fljótlega eftir næstu sjóðsúthlutun og skal sama viðmiðun gilda á tveggja ára fresti framvegis.

Sjóðsstjórnarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín en útlagðan kostnað fyrir störf í þágu minningarsjóðsins geta þeir fengið endurgreiddan af fé hans.

Sjóðsstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðarbók og skráir þar einnig allar ákvarðanir um styrkveitingar og annað, sem hún ræðir um og ákvarðar varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans.

Ályktanir sjóðsstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn, ef meirihluti sjóðsstjórnarmanna er sammála um þær.

## 6. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur og útborganir af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og færður inn í fundargerðarbókina.

## 7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi hans samkvæmt 2. gr. má þó aldrei breyta.

Með skipulagsskrá þessari er skipulagsskráin dagsett 18. mars 1965 fallin úr gildi.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Hafnarhreppi.

#### 1. gr.

Félagsmálanefnd Hafnarhrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Hafnarhreppi í umboði hreppsnefndar Hafnarhrepps.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálpar er:

1. Að veita hjálp á heimilum um stundarsakir þegar þess er þörf vegna sjúkdóms eða af öðrum ástæðum, sem metnar eru gildar sbr. lög nr. 10/1952.
2. Að veita hjálp vegna veikinda barns eða fullorðinna, er þeir sem veita heimilinu forstöðu eru bundnir af atvinnu utan heimilis og skulu aðstæður metnar hverju sinni sbr. lög nr. 10/1952.
3. Að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum sbr. lög nr. 10/1952 og reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.
4. Aðstoð við öryrkja og fatlaða sem búa einir og aðstoð við foreldra með fötluð börn.
5. Önnur tilfelli sem metin eru hverju sinni.

#### 3. gr.

Félagsmálanefnd Hafnarhrepps ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

#### 4. gr.

Félagsmálanefndinni ber að ganga úr skugga um að starfslið sem heimilishjálpar stundar á hennar vegum sé hæft til starfsins og skal gefa því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína og hæfni til starfans.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps ákveður launakjör starfsfólks heimilishjálparinnar. Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem þeir veita aðstoð. Starfsmenn geta fyllstu þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

#### 6. gr.

Fyrir heimilishjálpar og heimilisþjónustu skal greitt eftir gjaldskrá er hreppsnefnd setur að fengnum tillögum frá samstarfsnefndinni. Þeir aldraðir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri skulu undanþegnir greiðsluskyldu. Félagsmálanefnd er heimilt að fengnu samþykki hreppsnefndar að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálpar eða fella niður greiðslur þegar sérstakar ástæður eru til slíkrar ívilnunar.

#### 7. gr.

Sveitarsjóður Hafnarhrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu sem heimilishjálparin kaupir.

#### 8. gr.

Skrifstofa Hafnarhrepps annast reikningsskil og fjárreiður heimilishjálparinnar og skulu reikningar endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Hafnarhrepps.

Reglugerð þessi sem hreppsnefnd Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 653 um heimilishjálp í Hafnarhreppi frá 30. október 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. desember 1983 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar að því er tekur til landnotkunar á staðgreinireit nr. 1. 7. 3. 1. þ. e. sunnan Hamrahlíðar og vestan Stigahlíðar í Reykjavík þannig að áður ráðgert stofnana- og útivistarsvæði verði að hluta íbúðasvæði.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi Norður-Seláss í Reykjavík.**

Samkvæmt 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 7. desember 1983 staðfest breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi Norður-Seláss.

Deiliskipulag fyrir Árbæ-Selás sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 21. ágúst 1970 er jafnframt felld úr gildi að því er tekur til Norður-Seláss.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Jóns Bjarnasonar, formanns sóknarnefndar Kálfatjarnarsóknar, um niðurfellingu á staðfestri skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Kortssonar.**

Af því tilefni tekur ráðuneytið fram að það getur fallist á að skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Kortssonar, sem staðfest var og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 208. 22. október 1952 verði felld niður, enda verði fjármunir sjóðsins látnir renna í orgelsjóð Kálfatjarnarkirkju, þar sem talið verður að sú ráðstöfun samrýmist ákvæðum 3. gr. skipulagsskrárinnar.

27. desember 1983

Nr. 795

## REGLUGERÐ

### um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

#### 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

#### 2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 0,45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

#### 3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	24 655	3000—3199	33 108
2000—2199	26 062	3200—3399	34 516
2200—2399	27 474	3400—3599	35 927
2400—2599	28 950	3600—3799	37 335
2600—2799	30 289	3800—3999	38 746
2800—2999	31 697		

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	32 051	3000—3199	43 040
2000—2199	33 881	3200—3399	44 871
2200—2399	35 715	3400—3599	46 706
2400—2599	37 635	3600—3799	48 535
2600—2799	39 376	3800—3999	50 370
2800—2999	41 207		

- c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	1,32	15,0—15,9	2,81
5,0— 5,9	1,41	16,0—16,9	3,04
6,0— 6,9	1,52	17,0—17,9	2,26
7,0— 7,9	1,60	18,0—18,9	3,46
8,0— 8,9	1,67	19,0—19,9	3,72
9,0— 9,9	1,74	20,0—20,9	3,92
10,0—10,9	1,85	21,0—21,9	4,14
11,0—11,9	1,92	22,0—22,9	4,40
12,0—12,9	2,16	23,0—23,9	4,61
13,0—13,9	2,36	24,0—24,9	4,82
14,0—14,9	2,61	25,0—25,9	5,06

- Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna, eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa staflíðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem á sér stað vegna sérleyfisferða, skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamálaeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.
- d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 1,32 kr. Greiða skal 1/2 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi öikumælismánaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt öikumæli eða fast árgjald.
- Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt öikumælismánaði bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að öikumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.
- e. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar fyrir 25 000 km akstur á einu álmanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsíglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umræðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h., gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

#### 4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýttist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða, en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á ökumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

#### 5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

- a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
- b. Þeir sanni með vottorði hlutadeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa staflíðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðs árs eru hærri en tekjur vísitölubús.

#### 6. gr.

Gjaldldagi skatts, sem um ræðir í a- og b-liðum 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmarkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heilan mánuð þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjaldldaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c- og d-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjaldldagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október, en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.



Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts samkvæmt öikumælum og álestri öikumæla víasat til reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a- og b-liðum 3. gr. að rétttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmarki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

#### 7. gr.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

#### 8. gr.

Viðurlög ef gjöld skv. a- og b-liðum 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og váttryggingariðgjald öikumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmarki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrir en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmarki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og váttryggingariðgjald öikumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

#### 9. gr.

Viðurlög skv. c- og d-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit að öikumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar viðurlög sem nema þungaskatti af allt að 10 000 km akstri á mánuði, þó aldrei minna en sem nemur 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Viðurlög miðast við c- og d-liði 3. gr. eftir því sem við á og innheimtast eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur öikumælis að öikumælir eða öikumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun öikumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla samkvæmt framan-sögðu varðar sektum allt að 5 000 kr. auk viðurlaga samkvæmt reglugerð þessari nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja öikumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmarki hennar til geymslu uns öikumælir hefur verið settur í bifreiðina.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmarki til geymslu svo sem að framan segir.

## 10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c- og d-lið 3. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja viðurlög á eiganda eða umráðamann bifreiðar, er nemi 45 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 4. mgr. 6. gr. í allt að 30 daga, eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrir.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar öikumæla. Að öðru leyti er niðurfelling sekta samkvæmt þessari grein óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Ef taka þarf öikumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan öikumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðast við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið.

## 11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín sem orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

## 12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri. Bensingjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur.

## 13. gr.

Eftirlitsmönnum með öikumælum er heimilt að stöva bifreiðar, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari, í því skyni að kanna hvort fyrirmæli reglugerðar þessarar og reglugerðar nr. 62/1977 um öikumæla með síðari breytingum séu haldin.

## 14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 og lög nr. 78 31. desember 1977 um

breyting á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1983. Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. c-lið 3. gr., tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álestrartímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1984. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 775/1982 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. svo og reglugerð nr. 346/1983 um breyting á henni.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Lárus Ögmundsson.*

## REGLUGERÐ

### um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:	kr.
1. Áfrýjunarleyfi	525
2. Nóvaleyfi	525
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	265
4. Lögskilnaðarleyfi	525
5. Ættleiðingarleyfi	265
6. Leyfisbréf til heildsölu	25 800
7. Leyfisbréf til umboðssölu	12 960
8. Leyfisbréf til smásölu	6 360
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	5 280
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	265
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	5 280
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	2 640
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	1 860
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	265
15. Leyfi til tækifærisveitinga	285
16. a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur	6 720
b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	11 520
c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tveggja ára	22 440
17. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	295
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	500
18. Iðju- og iðnaðarleyfi	2 640
19. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	3 840
20. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	745
21. Leyfi til að stunda almennar lækningar	745
22. Leyfi til að stunda sér-lækningar	3 840
23. Leyfi til að stunda tannlækningar	745
24. Sérfræðileyfi til tannlækninga	3 840
25. Leyfi til fasteignasölu	1 275
26. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	145
27. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	70
28. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	265

	kr.
29. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum .....	265
30. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977 .....	3 840
31. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9 gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi .....	1 275
32. Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl. ....	265
33. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977 .....	265
34. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977 .....	70
35. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977 .....	525
38. Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum .....	265

## 2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18—66 ára) .....	265
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra .....	145
3. Ökuskírteini bifreiðastjóra .....	145
4. Skírteini til aksturs bifhjóls .....	145
5. Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar .....	265
6. Ökuskírteini, alþjóðlegt .....	265
7. Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt .....	265
8. Meistarabréf .....	1 275
9. Sveinsbréf .....	265
10. Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br.rúml., hvert skírteini .....	145
11. Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml., hvert skírteini .....	410
12. Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini .....	525
13. Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini .....	145
14. Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini .....	265
15. Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini .....	410
16. Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini .....	525
17. Flugnema- og svifflugmannsskírteini .....	145
18. Einkaflugmannsskírteini .....	265
19. Atvinnuflugmannsskírteini, III. fl. ....	410
20. Atvinnuflugmannsskírteini, II. fl. ....	750
21. Atvinnuflugmannsskírteini, I. fl. ....	1 275
22. Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns-, flugumsjónarmanns- og flugumferðarstjóraskírteini .....	750
23. Skírteini til kvikmyndasýninga	
a) staðbundin skírteini .....	145
b) sveinsskírteini .....	145
c) meistaraskírteini .....	265
24. Naglabyssuskírteini .....	145
25. Skírteini fyrir suðumenn .....	145

## 3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Skráning samvinnufélags	1 860
2. Skráning útibús	960
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	1 250
4. Skráning firma eins manns	750
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	1 275
6. Skráning breytinga á eldri skráningu	205
7. Tilkynning um prókúru, sérstök	205
8. Afturköllun prókúru	145
9. Skráning bifreiðar, nýskráning	890
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	445
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	890
12. Skráning eigendaskipta að bifreið	445
13. Skráning bifhjóls, nýskráning	445
14. Skráning bifhjóls, umskráning	220
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	220
16. Skráning og umskráning léttis bifhjóls	220
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	220
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls	220
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	220
20. Skráning og umskráning dráttarvélar	220
21. Skráning eigendaskipta að dráttarvél	220
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	445
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum	445
24. Skráning loftfars til atvinnuflugs	1 360
25. Skráning loftfars til einkaflugs	560
26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	560
27. Skráning kaupmála	265

## 4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast 70 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarkspunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 460 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 640 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

## 5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og flutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 7,60 kr. af hverri nettórúmllest skipsins. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftast en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

## 6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 8,65 kr. af hverri nettórúmllest skipsins er það tekur höfn héraðs. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

## 7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

	kr.
1. Löggilding manns um ævitið (dómtúlkar, skjalapýðendur, endurskoðendur o. fl.) .....	1 275
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) .....	265

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

## 8. gr.

	kr.
1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða .....	205
2. Fyrir löggildingu leiðarabókar eða véladagbókar .....	145
3. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann .....	145
4. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð) .....	35
5. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna .....	46
6. Fyrir veðbókarvottorð .....	70
7. Fyrir önnur embættisvottorð .....	46
8. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann .....	20

## 9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

	kr.
Fyrir vélritaða síðu .....	20
Hluti úr síðu telst heil síða.	
Lægstu ritlaun eru .....	46

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, 5,40 kr. af hverri síðu.

## 10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

## 11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

## 12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79/23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 773/1982.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## AUGLÝSING

um vörur sem heimilt er að flytja út án útflutningsleyfa.

### 1. gr.

Samkvæmt heimild í 8. gr. rg. nr. 519/1979 um skipan gjaldeyris og viðskiptamála hefur viðskiptaráðuneytið ákveðið að útflutningur á vörum, sem flokkast undir eftirtalin númer íslensku tollskrárinnar, verði undanþeginn leyfi ráðuneytisins:

15.04  
17.04  
18.06  
19.07 — 19.08  
20.05 — 20.07  
21.02 — 22.10  
25.01 — 40.16  
41.02 — 99.06

Ákvæði 1. mgr. nær einungis til innlendra iðnaðarvara en ekki til iðnaðarvara, sem eru endurútfluttar.

### 2. gr.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1984.

*Viðskiptaráðuneytið, 22. desember 1983.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Pórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1984 o. fl.

### 1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1984. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí.

### 2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 12,6% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1983.

### 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1984 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

### 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög á milli árana 1982 og 1983 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1983 sé meira en 25% lægri en tekjuskattstofn hans var á tekjuárinu 1982 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 50%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á

að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1984 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

Árni Kolbeinsson.

## REGLUGERÐ

### fyrir Hitaveitu Hveragerðis.

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1.1. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Hveragerðishrepps.

##### 1.2. Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps fer með stjórn Hitaveitu Hveragerðis og skipar 5 manna nefnd fyrir hitaveitu og vatnsveitu. Þegar þörf þykir á að mati hreppsnefndar skal skipaður sérstakur hitaveitustjóri.

##### 1.3. Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Hveragerðis hefur innan hreppsmarkanna einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni, með þeim takmörkunum, sem um getur í 2. og 7. grein samnings landbúnaðar-ráðuneytisins og hreppsnefndar Hveragerðis frá 16. maí 1952 um not jarðhita í Hveragerðis-hreppi og síðustu málsgrein þessarar greinar. Þó getur hreppsnefnd heimilað einstaklingum eða félögum að annast byggingu og rekstur fjarhitunarkerfis á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

##### 1.4. Utanhússlagnir.

Hreppsnefnd lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiaðar og heimæðar inn í hús, sbr. þó 1. mgr. liðar 1.3.



#### 1.5. Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum inn í hús nema notaður sé forhitari utanhúss, þá að honum. Húseiganda er óheimilt að hylja þessar lagnir eða gera þær óaðgengilegar til eftirlits eða viðgerða.

#### 1.6. Afnot varmaorku.

Sú varmaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa. Nú kann að koma fram ósk um að nota varmaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hreppsnefndar.

#### 1.7. Nýting heits vatns.

Nýting heita vatnsins skal vera slík að hitastig notaðs vatns (frárennslisvatns) frá gróðurhúsum og öðrum húsum skal ekki fara yfir 45°C (gráður á celsíus).

Til að tryggja góða varmanýtni í gróðurhúsum skulu röralengdir minnst vera sem samsvarar 1.7 m af 2" röri á fermetra gróðurhúss. Aðeins eitt útrennsli skal vera frá hverri gróðrarstöð og innsiglaður útrennsli Loki þar á.

Einnig skal vera innsiglað framhjálaup við útrennsli lokann og mega aðeins starfsmenn hitaveitunnar rjúfa þetta innsigli.

#### 1.8. Bótaskylda hitaveitu.

Hitaveitan er ekki bótaskyld, þótt notendur verði fyrir tjóni vegna ófullnægjandi varmaflutnings og eigi heldur vegna rafmagnstruflana, breytinga á borholum og hverum eða öðrum óviðráðanlegum orsökum. Þá er hitaveitan ekki bótaskyld, þótt tjón verði á mönnum, munum eða eignum af heitu vatni eða gufu frá varmalögnum innanhúss enda þótt kerfið hafi staðist nauðsynlega þrýstiprófun hitaveitunnar, og er sú prófun gerð á ábyrgð húseiganda.

#### 1.9. Takmörkun varmanotkunar.

Hitaveitan getur fyrirskipað takmörkun á varmanotkun ef hún telur það nauðsynlegt, eða lokað varmaæð vegna hreinsana eða viðgerða. Full varmagjöld ber að greiða, þótt notandi hafi orðið fyrir lokun af því tagi, er um ræðir í 1. mgr.

#### 1.10. Umsóknir.

Nú hyggst húseigandi leggja hitakerfi í hús sitt eða gera breytingu á eldra kerfi, og skal hann þá með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til skrifstofu hitaveitunnar. Umsókn skal rita á eyðublað, sem skrifstofan lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans. Umsókn skal fylgja uppdráttur gerður af sérfróðum manni af hitakerfi því, sem tengja skal hitaveitunni.

#### 1.11. Uppdrættir.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan pappír og þannig frágengnir, að ekki máist letur við geymslu. Stærð skal vera DIN A2 (42,0 × 59,4 cm) eða margfeldi af þeirri stærð. Lagnir skulu sýndar á rúmteikningu með jöfnum einingum á árum í mælikvarða 1:50 eða 1:100, en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20, 1:10, 1:5 eða stærri.

Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag við tengingu hitaveitu. Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, ofnum, loftristum og tengingum þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef byggingarfulltrúi telur nauðsynlegt, getur hann krafist útreikninga.

### 1.12. Samþykkt uppdráttá.

Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita tvö eintök hans. Annað eintakið varðveitir hann í skjalasafni hreppsins, en hitt eintakið afhendist umsækjanda. Meistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, skal áður en það hefst, rita nafn sitt á eintak það sem geymt er í skrifstofu hitaveitu. Með áritun tekur byggingarfulltrúi enda ábyrgð á að unnt sé að framkvæmda viðkomandi verk eða því að kerfi sé rétt útreiknað.

### 1.13. Meistarar.

Meistari sá, sem tekur að sér verk samkvæmt reglugerð þessari, ber ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að vera sett og samþykktá uppdrætti.

### 1.14. Eftirlit.

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar hitalagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af hitaveitunni. Álíti eftirlitsmaður hitaveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

### 1.15. Eftirlitsmaður.

Eftirlitsmaður hitaveitu skal, meðan á verki stendur hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innan húss og utan.

### 1.16. Dælur.

Óheimilt er að tengja dælur við heimæðar nema skriflegt leyfi byggingarfulltrúa sé fyrir hendi, og þannig frá dælu gengið að ekki valdi óþægindum.

### 1.17. Gjaldskrá.

Hreppsnefnd setur hitaveitunni gjaldskrá.

## 2. SÉRÁKVÆÐI

### 2.1. Efni og frágangur.

Um allar lagnir ofna og frágang þeirra, gilda ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem þau eiga við (sjá sérstaklega 8. kafla).

### 2.2. Forhitarar fyrir ofna- og neysluvatn.

Um forhitara gilda ákvæði í 8. kafla byggingarreglugerðar og ákvæði Í.ST 67. Forhitara skal staðsetja í sérstökum klefum sem séu minnst 1,0 m<sup>2</sup> að flatarmáli og með minnst 1,80 m lofthæð. Gufuhitaðir forhitarar skulu aldrei staðsettir inn í íbúðarhúsum, nema þeir séu í rakaheldum klefa, sem ekki sé innangengt í. Í forhitarklefa skal vera niðurfali í gólfi.

### 2.3. Refsiákvæði.

Um brot á reglugerð þessari gilda ákvæði í IX. kafla byggingarreglugerðar.

## ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

Eigendur þeirra gróðurhúsa sem fullnægja ekki ákvæðum í grein 1.7. fá frest til 1. maí 1984 til að sameina frárennsli frá gróðrarstöð sinni svo aðeins verði 1 útrennsli með framhjáhlupi.

Ákvæði í grein 1.7. um að hitastig frárennslisvatns verði 45°C skal koma til framkvæmda ekki síðar en 1. júní 1984, en þangað til verður leyft að hitastig frárennslisvatns verði 55°C. Ákvæði í grein 1.7. um lágmarksröramagn í gróðurhúsum skal vera fullnægt ekki síðar en 31. des. 1984.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 135/1962 um Hitaveitu Hveragerðis.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## REGLUGERÐ

### um bann við ofbeldiskvikmyndum.

#### 1. gr.

Skoðun kvikmynda skv. 2. gr. laga nr. 33 frá 23. mars 1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum fer fram í Reykjavík, nema leyfð hafi verið skoðun annars staðar skv. 58. gr. 5. mgr. laga nr. 53/1966. Þeim, sem flytur kvikmynd inn eða hyggst selja kvikmynd, dreifa henni eða sýna hana ber að koma myndinni til skoðunarmanna nema skoðunarmenn þessir hafi áður skoðað myndina og lýst því, að hún brjóti ekki gegn 1. gr. laga nr. 33/1983. Skoðunarmenn geta krafist tollskjala, ef þeir telja ástæðu til.

#### 2. gr.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal kveðja hinn þriðja til og ræður þá meirihluti skoðunarmanna.

Gefa skal skriflegt vottorð um, að skoðun hafi farið fram og að skoðunarmenn telji kvikmyndina ekki brjóta gegn 1. gr. laga nr. 33/1983. Hið skoðaða eintak skal merkt.

Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar en menntamálaráðherra er heimilt að ákveða, að tiltekin mynd skuli skoðuð af skoðunarmönnum kvikmynda eftir VI. kafla laga nr. 53/1966. Hafa þeir þá úrskurðarvald um það, hvort myndin brjóti gegn 1. gr. laga nr. 33/1983.

#### 3. gr.

Fyrir skoðun eftir lögum nr. 33/1983 og reglugerð þessari skal greiða 100 krónur í ríkissjóð nema gjald sé greitt eftir 58. gr. 7. mgr. laga nr. 53/1966.

#### 4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu eftir 4. gr. laga nr. 33/1983.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 33/1983, öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1987 nema annað verði síðar ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1983.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Knútur Hallsson.*

## AUGLÝSING

### um útgáfu sérstaks blaðs vegna vörumerkja og einkaleyfa.

Frá ársbyrjun 1984 verða auglýsingar og aðrar tilkynningar er varða vörumerki og einkaleyfi birtar í sérstöku blaði sem gefið verður út á vegum iðnaðarráðuneytisins. Jafnframt verður hætt að birta auglýsingar um þessi efni í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum.

Ákvörðun þessi er tekin með skírskotun til 20. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 19. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. desember 1983.*

F. h. r.  
Páll Flygenring.

\_\_\_\_\_  
Gunnar Guttormsson.

28. desember 1983

Nr. 802

## REGLUGERÐ

### um dómsmálajöld o. fl.

#### I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

##### 1. gr.

Dómsmálajöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A. Fyrir héraðsdómi:	kr.
1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu .....	30,0
2. Gjald fyrir þingfestingu .....	240,0
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann) .....	50,0
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls .....	75,00
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann) .....	75,00
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða .....	60,00
7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar .....	290,00
8. Gjald fyrir sjóferðarpróf .....	580,00
B. Fyrir Hæstarétti:	kr.
1. Gjald fyrir útgáfu stefnu .....	45,00
2. Gjald fyrir þingfestingu .....	390,00
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann) .....	75,00
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls .....	100,00
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann) .....	100,00
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða .....	80,00
7. Útivistargjald .....	390,00

##### 2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

## 3. gr.

Fyrir fúgetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

	kr.
1. Kyrrsetning á manni .....	290,00
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga:	
2. Útburður manns af jörð eða húsi .....	290,00
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða .....	290,00
4. Aðrar fúgetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs .....	290,00
Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.	

## 4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 100,00 kr.

## 5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 100,00 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 290,00 kr. fyrir árangurslaust uppboð.
3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 290,00 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 200,00 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 200,00 kr.

## 6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 85,00 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 120,00 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brott nám lögræðissviptingar.

## 7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

	kr.
1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir) stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir .....	100,00
2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrá .....	150,00
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga .....	100,00
4. Dráttur í happdrætti .....	390,00
5. Útdráttur skuldabréfa .....	200,00

**II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968.**

## 8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Almennt bifreiðastjórapróf .....	320,00
2. Próf í akstri bifhjóla .....	240,00
3. Próf í akstri léttra bifhjóla .....	80,00
4. Próf í akstri dráttarvéla .....	160,00
5. Ökukennarapróf .....	1 200,00

## 9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Leyfi til að stýra léttu bifhjóli .....	50,00
2. Leyfi til að stýra dráttarvél .....	50,00
3. Lögginging ökukennara .....	200,00

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

## 10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða 950,00 kr.

## 11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða 1 400,00 kr. á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu 100,00 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

**III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.**

## 12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað .....	200,00
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna .....	100,00
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979 .....	50,00

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsg. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

## 13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

## 14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1984.  
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 781 28. desember 1982 um dómsmálagjöld o. fl.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## SAMÞYKKT

### um takmörkun hundahalds í Kirkjubæjarhreppi.

#### 1. gr.

Hundahald í Kirkjubæjarhreppi sæti eftirfarandi takmörkunum, að undanskildum smalahundum á lögbýlum:

- a. Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á hreppsskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds afhenta merkta plötu til þess að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt.
- b. Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi, þannig að tryggingin taki til alls tjóns sem hundur kann að valda án allra óeðlilegra skilyrða að mati hreppsnefndar.
- c. Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa nema minkahunda, dýrhunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í taumi úti við í fylgd með manni, er hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þótt í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
- d. Hundeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjórn berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.
- e. Til að standa straum af kostnaði hreppsins við skráningu og eftirlit með hundum í hreppnum, skal hver hundeigandi, aðrir en eigendur hunda á lögbýli, greiða árlegt gjald til hreppssjóðs. Upphæð gjaldsins sem greiðist fyrirfram við skráningu hunds til n.k. júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn skal ákveðið í gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestir. Heimilt er að ákveða gjald lægra fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda og sporhunda og af hundum sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu váttryggingagjalds skv. b lið, váttryggingaskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll skilríki er máli skipta skv. gildandi lögum um hundahald svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.
- f. Sé hundeigandi undir 16 ára aldri verði honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans skv. samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þar um.

#### 2. gr.

Fyrir minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiriháttar brot hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Kirkjubæjarhreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðar ákveður hvað gert skuli við hundinn.

#### 3. gr.

Hundum úr nærliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni svo og aðrir ómerktir flækingshundar skuli teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og/ eða vitjar hundsins ekki innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga

viðkomandi hundi. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra eigi innan eins sólarhrings og svara til saka um brot á samþykkt þessari sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundi án frekari fyrirvara.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim ber, vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1983.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

**REGLUGERÐ**  
**um skoðunargjald ökutækja.**

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls sem færa ber til almennrar skoðunar ber eiganda að greiða 175,00 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun léttra bifhjóla skal greiða 75,00 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 öðlast gildi 1. janúar 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 783 28. desember 1982 um skoðunargjald ökutækja.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*



## REGLUR

### um almenna skoðun ökutækja.

#### 1. gr.

Ökutæki skráð hér á landi skal færa til almennrar skoðunar samkvæmt því sem segir í reglum þessum, þannig að ganga megi úr skugga um hvort þau séu í lögmæltu ástandi.

#### 2. gr.

Eftirtalin ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun, frá og með næsta ári eftir skráningu.

- a. Bifreiðir til annarra nota en fólksflutninga.
- b. Bifreiðir, er flytja mega 8 farþega eða fleiri.
- c. Leigubifreiðir til mannflutninga.
- d. Bifreiðir, sem atlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án ökumanns.
- e. Kennslubifreiðir.
- f. Lögreglu-, sjúkra- og björgunarbifreiðir.
- g. Létt bifhjól.
- h. Tengi- og festivagna, sem eru meira en 1500 kg að leyfðri heildarþyngd.

#### 3. gr.

Aðrar bifreiðir en greinir í 2. gr., svo og bifhjól, skal skoða árlega almennri skoðun frá og með þriðja ári eftir að bifreiðin eða bifhjólið var skráð nýtt fyrsta sinni.

#### 4. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvenær ökutæki, sem skráð eru í umdæmi hans, skuli færð til almennrar skoðunar samkvæmt reglum þessum, og er eiganda (umráðamanni) þá skylt að færa ökutækið til skoðunar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 18. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 98 22. maí 1970 um skráningu og skoðun léttra bifhjóla svo og orðið „ársfjórðungslega“ í 1. másl. 3. gr. reglna nr. 127 25. júlí 1960 um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

21. desember 1983

1425

Nr. 806

## REGLUGERÐ um Vatnsveitu Grindavíkur.

### 1. gr.

Vatnsveita Grindavíkur er eign Grindavíkurbæjar og er rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

### 2. gr.

Bygginganefnd er ráðgefandi um stjórn vatnsveitunnar.  
Forstöðumaður tæknideildar annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

### 3. gr.

Vatnsveita Grindavíkur hefur einkarétt á sölu vatns í Grindavík og nýtingu vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota sbr. 1. gr.

Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu, og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til bygginganefndar þar að lútandi. Bygginganefnd setur skilyrði fyrir þess konar vatnsöflun og ákveður greiðslu fyrir þau.

### 4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með hvers konar jarðraski eða mannvirkjagerð og skal þess gætt, að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu, afrennslisefna eða annarra óhreininda, sem valdið getur tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

### 5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum vantsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni tjón, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

### 6. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag næst eigi.

## 7. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- og heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotum, getur vatnsveitan sett skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé að kostnaður við lögnina fáiist endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notenda eða með því að gjöld fyrir vatnsnot verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum. Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

Engum einstaklingi eða fyrirtæki er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra.

## 8. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að lóðamörkum.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Allar vatnsæðar frá lóðamörkum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsáðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vidd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús að þau séu fohheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

## 9. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituæð eða gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsóknir skulu ritaðar á eyðublöð sem fást hjá tæknideild kaupstaðarins.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

Með umsókn fylgi uppdráttur í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu bæjarstjórnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað. Álíti vatnsveitan nauðsyn á að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari, sá er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

#### 10. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða reglna, settra samkvæmt henni, eða ef brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Ennfremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

#### 11. gr.

Byggingafulltrúi skal hafa eftirlit með því að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar vatnsæðar má hylja fyrir en þær hafa verið viðurkenndar af byggingafulltrúa.

Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn veitunnar við prófunina.

Álíti byggingafulltrúi, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, sem settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

#### 12. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í sambandi við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjaldþaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

## 13. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað af þessu greiðir eigandi.

## 14. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum. Forstöðumaður getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn, og til þess að tryggja neytendum vatns, sem annars kynnu að verða útundan, vatnsnot vissan tíma í senn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi eigi krafist lækkunar á gjaldi sínu.

Vatnsveitan getur lokað fyrir vatn í öllum bænum eða nokkrum hluta hans til hreinsunar eða viðgerða á vatnsgeymum og vatnsæðum.

Framangreindar aðgerðir skulu ætíð auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er.

## 15. gr.

Þeir sem óska að fá vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar til afnota um stundasakir, skulu bera allan kostnað af bráðabirgðavatnslögnum í sambandi við slíka vatnsnotkun. Heimilt er vatnsveitunni að loka fyrir vatnsæðar, sem þannig eru gerðar, að hætta geti verið á, að í þeim frjósi vatn.

## 16. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, án leyfis vatnsveitunnar. Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi ekki óþægindum. Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

## 17. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni, vatnsveituæð eða heimæð.

## 18. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eigu vatnsveitunnar.

## 19. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist vatnsskattur samkvæmt fasteignamatssverði lóðarinnar.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða, samkvæmt mældri notkun, og ákveður bæjarstjórn, að fengnum tillögum bygginganefndar gjald fyrir hvern m<sup>3</sup>.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 4. mgr. segir, og skal þá bæjarstjórn, að fengnum tillögum bygginganefndar ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun bæjarstjórnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

#### 20. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

#### 21. gr.

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 19. gr.) sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald er bæjarstjórn ákveður að fengnum tillögum bygginganefndar.

Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttáð, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

#### 22. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

#### 23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 210 fyrir vatnsveitu í Grindavík frá 31. desember 1958.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

## fyrir Vatnsveitu Grindavíkur.

### 1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Grindavíkur skal greiða árlegan vatnsskatt, og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist vatnsskattur samkvæmt fasteignamati lóðarinnar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarstjórn skattinn að fengnum tillögum bygginganefndar.

### 2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal auk hins almenna vatnsskatts greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því ekki við komið, ákveður bygginganefnd aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

### 3. gr.

Af öllum fasteignum sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,15% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 500,00 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Grindavíkur. Af öllum húsum í Grindavík, sem svo er ástatt um, sem getur í 7. gr. reglugerðar, skal greiða tengigjald kr. 10 000,00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 3 000,00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Þó skulu hús, sem eru 350 m<sup>3</sup> eða minni teljast ein íbúð. Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 20 000,00 fyrir hverja tengingu. Gjöld þessi eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, er reglugerð þessi öðlast gildi, og skulu breytast eftir henni á þriggja mánaða fresti.

Aukavatnsskattur sem greiddur er skv. 2. gr. skal vera kr. 3,00 á hvern m<sup>3</sup> vatns við gildistöku þessarar reglugerðar og gildir fyrir næstkomandi ár. Eftir það breytist aukavatnsskatturinn í samræmi við hækkun fasteignamats.

### 4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

### 5. gr.

Gjald fyrir almenn vatnsnot samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar miðast við fasteignamat 31. desember 1983 og skal breytast í samræmi við breytingar á því hverju sinni.

### 6. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum, er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Grindavík.

#### 1. gr.

Grindavíkurbær hefur einn heimild til að leggja holræsi í Grindavík, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

#### 2. gr.

Þar sem bæjarfélagið hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því í aðalæð.

#### 3. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum. Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það er máli skiptir í sambandi við það.

#### 4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald eins og það er á hverjum tíma þegar tenging er framkvæmanleg.

Tengigjald þetta skal vera kr. 15 000,00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 5 000,00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Þó skulu hús, sem eru 350 m<sup>3</sup> eða minni, teljast ein íbúð.

Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjald vera kr. 30 000,00 fyrir hverja tengingu. Gjöld þessi eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, er reglugerð þessi öðlast gildi og skulu breytast eftir henni á þriggja mánaða fresti.

Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið hefur verið greitt eða um það hefur verið samið.

Þá skal og hver húseigandi greiða árlega holræsagjald í bæjarsjóð er nemi 0,1% af fasteignamataverði húsa og lóða, þó aldrei lægra en kr. 500 000. Lágmarksgjald þetta skal endurskoða 1. janúar ár hvert og breytast í sama hlutfalli og fasteignamat í Grindavík.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.



## 5. gr.

Gjöld af fasteignum skv. reglugerð þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni gjaldskyldu eign, án tillits til eigendaskipta. Gjöldin njóta lögveðs í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnssdóttir.*

## AUGLÝSING

### um lyfjastaðla á Íslandi.

## 1. gr.

Enska útgáfa evrópsku lyfjaskrárinnar, Pharmacopoeia Europaea, gildir hér á landi. Endurskoðun hennar er hafin. Nýjar og endurskoðaðar forskriftir 1. og 2. hluta endurútgáfunnar (fasiccules) öðluðust gildi 1. janúar 1983, en 3. og 4. öðlast endanlega gildi 1. janúar 1985, en notkun þeirra er heimil frá 1. janúar 1984.

Gildistaka annarra hluta endurútgáfunnar mun birt síðar.

## 2. gr.

Skrá og staðlar fyrir hráefni í lyf, sem greindir eru í gildandi dönskum lyfjastöðlum (DLS: Danske Lægemedelstandarder), eru í gildi.

Ákvæði um framleiðslu lyfja og staðlar fyrir lyfjaform og lyf í dönskum lyfjastöðlum (DLS) eru í gildi.

Skrá yfir staðla fyrir líffræðilegar mælingar í dönskum lyfjastöðlum (DLS) er í gildi.

## 3. gr.

Forskriftir (mónógrafiur) norrænu lyfjaskrárinnar (Ph.Nord 63), danska lyfseðlasafnsins (DD 63), danska apótekarafélagsins (DAK 63), ásamt viðaukum, sem ekki hafa verið felldar úr gildi, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 334/1979, verða áfram í gildi, uns annað verður ákveðið.

## 4. gr.

Auglýsing nr. 189/1981 með sama heiti fellur hér með úr gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1983.*

F.h.r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

## REGLUGERÐ

### um takmörkun leigubifreiða í Vestmannaeyjum og ráðstöfun atvinnuleyfa.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Vestmannaeyjum skal miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja, þannig að ein bifreið komi á hverja 1000 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

##### 2. gr.

Engin bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Vestmannaeyjum, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Vestmannaeyjum og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri þar.

##### 3. gr.

Bifreiðastjórum skal skylt að hlíta þeim reglum er settar kunna að verða því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

#### II. KAFLI

##### Úthlutun atvinnuleyfa.

##### 4. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 1. desember ár hvert. Umsókn skal senda stjórn stéttarfélags bifreiðastjóra.

Umsókninni skal fylgja:

- a) Vottorð frá bifreiðastöð um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
- b) Sakavottorð.

Sé til þess talin ástæða, er heimilt að krefjast til sönnunar starfstíma staðfest vottorð skattstofu um launalið viðeigandi skattframtala.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengsta starfsaldur hefur gengur fyrir nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu í Vestmannaeyjum.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að víkja frá meginreglu þessarar greinar í sérstökum undantekningartilfellum.

##### 5. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal tilnefna annan þeirra af stjórn stéttarfélags leigubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum, en hinn skipar ráðherra án tilnefningar. Tilnefningin er til 3ja ára í senn. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af úthlutunarmönnum.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Engum má úthluta fleirum en einu atvinnuleyfi.

Úthlutunarmönnum er skylt að líta eftir að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjótí leyfshafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

#### 6. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur allt að fullu starfi og sækji um inngöngu í stéttarfélag leigubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í e-lið 13. gr. halda óskertum réttindum sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

Óski forseti Íslands eða ráðherrar að ráða leyfshafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, halda þeir bílstjórar óskertum rétti sínum þótt þeir stundi ekki akstur leigubifreiðar sem aðalstarf.

### III. KAFLI

#### Nýting leyfis.

#### 7. gr.

Leyfshafi skal hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Vestmannaeyjum.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis hefur borist frá stéttarfélagi leigubifreiðastjóra.

Nú hættir leyfshafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt, og síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Skal leyfshafi tilkynna þetta til bifreiðastöðvar þeirrar, sem hann hafði afgreiðslu hjá.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi í 3 ár eða lengur og segja upp leyfi sínu, hafa forgangsrétt til þess á næstu tveimur árum, enda hafi leyfið legið inni minnst 4 mánuði, og þeir skuldlausir við viðkomandi bifreiðastöð. Þeir leyfshafar, sem ekki segja upp leyfinu sjálfir, hafa ekki forgangsrétt.

Leyfshafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt til annarra, þar með talið að selja það, leigja eða lána o. s. frv. Geti leyfshafi ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu ber honum að segja því strax upp.

Ef öllum skilyrðum fyrir afnotarétt leyfisins er ekki fullnægt, er úthlutunarmönnum heimilt að afturkalla það.

#### 8. gr.

Ef leyfshafi rekur bifreið sem hann ekki á sjálfur hefur hann fyrirgert atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar.

#### 9. gr.

Leyfshafi, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreiðar til mannflutninga gegn gjaldtöku, getur hvorki fengið né haldið atvinnuleyfi sínu, leggst það sjálfkrafa inn meðan á réttindamissinum stendur. Leyfshafi skal eiga kost á því að fá atvinnuleyfi til afnota aftur á sama hátt og hann hafði fyrir réttindamissinn, jafnskjótt og hann endurheimtir tilskilin réttindi að nýju.

Brjótí leyfshafi eitthvað það af sér að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfshafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að segja leyfshafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skiptið.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skráðar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

## 10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig. Vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum er einnig óheimil, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

Undanþágu skal veita að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

- a) Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis, þar sem fram kemur skilgreining á sjúkdómi hans.
- b) Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í 3 ár frá andláti hans. Tilkynna skal niðurfellingu slíks leyfis með 6 mánaða fyrirvara.
- c) Purfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum skal leyfa honum að aka sjálfum sem svarar 4 klst. á sólarhring, en hafa að öðru leyti ökumann, sem ekki hefur atvinnuleyfi. Undanþágubeiðni samkvæmt þessum lið skal studd með vottorði þess læknis, er leyfishafi hefur verið í meðferð hjá, um að endurhæfing sé honum nauðsynleg um takmarkaðan tíma.
- d) Sams konar undanþágu og gildir við endurhæfingu skal veita ellilífeyrisþega, enda leggi hann fram vottorð læknis um verulega skerta starfsorku.
- e) Skipta má orlofstíma í fernt. Undanþágu þessa skal einungis veita ef leyfishafi er að fara í orlof og er honum óheimilt að ráða sig í önnur störf eða aka í atvinnuskyni meðan undanþágan varir.

## 11. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum. Þó getur samgönguráðuneytið ákveðið í samráði við stjórn stéttarfélags bifreiðastjóra, verði tilfinnanlegur skortur leigubifreiða í bænum, að út verði gefnar tímabundnar undanþágur frá greindu banni eftir reglum sem ráðuneytið þá setur.

Einnig er stjórn stéttarfélags leigubifreiðastjóra heimilt að veita undanþágu í eftirgreindum tilvikum:

- a) Purfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum, enda leggi hann fram yfirlýsingu frá lækni um að endurhæfing sé honum nauðsynleg um takmarkaðan tíma.
- b) Heimila má launþega að aka í atvinnuleyfi vinnuveitanda síns annarri bifreið en vinnuveitanda, sé um að ræða stöðvun vegna bilunar.

## 12. gr.

Úthlutunarmenn skera úr deilumálum í sambandi við reglugerð þessa. Úrskurðum þeirra má vísa til samgönguráðuneytisins.

## 13. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu skv. 13. gr.:

- a) Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis.
- b) Ef leyfishafi er að vinna í þágu stéttarfélags bifreiðastjóra, bifreiðastöðvar þeirra, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem viðkomandi stéttarfélag bifreiðastjóra á aðild að.
- c) Stéttarfélag bifreiðastjóra skal heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 5 vikum árlega, enda lýsi leyfishafi því yfir að hann sé að fara í orlof.
- d) Stéttarfélagi bifreiðastjóra er heimilt að veita leyfishöfum heimild til að aka fyrir sig um helgar og á stórhátíðum.
- e) Ef leyfishafi er sannanlega að vinna í þágu bifreiðastjórafélagsins eða bifreiðastöðvar þeirrar, sem reglugerð þessi nær til.
- f) Ef leyfishafar geta ekki sinnt eftirspurn á mesta annatíma við eðlilegar aðstæður, skal á tímabilinu 1. nóvember til 1. apríl leyfa vaktaskipti um helgar. Undanþága þessi er háð því skilyrði, að úthlutunarmenn og stjórn bifreiðastjórafélagsins samþykki hana og setji nánari

reglur um framkvæmd hennar. Þess skal vandlega gætt, að ekki séu leyfð fleiri vaktaskipti en nauðsyn ber til.

g) Þeir leyfishafar sem hafa til þess sérstakt leyfi (útgerðarleyfi) mega láta aka í þeim leyfum, þótt viðkomandi hafi ekki atvinnuleyfi.

h) Leyfishafi, sem hefur leyfi til að hafa launþega á bifreið sinni, hefur heimild til að leggja launþega til aðra bifreið, meðan hans eigin bifreið er til viðgerðar vegna bilunar, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina.

Þeir leyfishafar sem vilja notfæra sér undanþágur, sem í þessari grein felast skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum undirrituðum af stöðvarstjóra viðkomandi bifreiðastöðvar um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Leyfishafi ber fulla ábyrgð á því, að undanþágan sé ekki misnotuð, enda getur slík misnotkun varðað missi atvinnuleyfis um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, sé um ítrekuð brot að ræða.

Úthlutunarmenn veita undanþágur eftir að hafa gengið úr skugga um að fullnægt sé framangreindum skilyrðum. Skal leyfið vera skriflegt, tímabundið og tekið fram hvað í því felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur og sýna úthlutunarmönnum, ef þeir æskja þess. Ekki má veita undanþágu til atvinnuleyfis, sem úthlutunarmenn hafa stöðvað.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 22. desember 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 313 13. maí 1983 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 594 8. ágúst 1983 um breyting á henni.**

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín .....	100
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar .....	120
3. Íslenskar áfengistegundir .....	340
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a. ....	500

## B. Tóbak:

1. Reyktóbak .....	300 kr/tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar .....	320 kr/200 stk.
3. Smávindlingar .....	40 kr/10 stk.
Meðalstærð .....	180 kr/25 stk.
Vindlar, aðrir .....	220 kr/25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tolyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1967 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollefirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1983.*

F. h. r.

**Björn Hafsteinsson.**

*Skúli Bjarnason.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar.

#### 1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarráð skattinn.

#### 2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

#### 3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,325 af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 250 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 1 á hvern m<sup>3</sup> vatns. Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun bæjarráðs.

## 4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld.

## 5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

	kr.
Ø 20—32 mm .....	200
Ø 40 mm .....	300
Ø 50 mm .....	500
Ø 80 mm .....	1 000
Ø 100 mm .....	1 500

## 6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

## 7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema vatnsskattur, miðist við byggingarvísitölu 100 stig í desember 1982 og skulu þau breytast í samræmi við hana.

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

## 8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar nr. 536 21. desember 1979.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

## fyrir Ólafsvíkurkaupstað.

### I. KAFLI

#### Um reglu og velsæmi á almannafæri.

##### 1. gr.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi, torg, bryggjur og brýr eða önnur svæði ætluð til almennrar umferðar, eða til almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvelli, afgreiðslusvæði bifreiða og flugvalla. Um hvers konar samkomuhús, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur og aðra þá staði, sem almenningur hefir aðgang að, gilda ákvæði samþykktar þessarar, eftir því sem við á.

##### 2. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast þar saman, svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir vegfarendur.

##### 3. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar sem þjónusta fer fram, skulu menn raða sér svo, að þeir, sem fyrstir koma, fái afgreiðslu fyrst. Við slík tækifæri skal öllum skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu eða umsjónarmanns svo haldið verði uppi góðri reglu.

##### 4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, hafa í frammi hávaða, klæðast eða hegða sér þannig að valdi ónæði, misbjóði almennu velsæmi eða raski allsherjarreglu.

##### 5. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða síma eða aðhafast neitt, sem valdið getur ónæði eða ótta.

##### 6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, bogum eða öðrum skotvopnum á almannafæri. Þar má heldur eigi kveikja í neins konar eldfimur efnun. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á og skulu þá leyfin bundin við sérstök svæði. Sinubruni skal með öllu bannaður eftir 1. maí ár hvert. Öll meðferð eða notkun hvers konar hvellsprengja er bönnuð. Nauðsynlegar sprengingar vegna gerðar mannvirkja má aðeins framkvæma með sérstöku leyfi lögreglustjóra, og bera þá stjórnandi verksins, og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir.

##### 7. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregla krefst þess.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða á fatnaði eða limum við slíka aðstoð, en lögreglustjóri á aðgang að þeim sem tjóni veldur. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.



## II. KAFLI

### Um útivist barna o. fl.

#### 8. gr.

Börnum og unglingum eru bannaðar óþarfa ferðir út á bryggjur og í skip, sem við þær liggja, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20.00 á tímabilinu frá 1. sept. til 1. maí og eigi seinna en til kl. 22.00 á tímabilinu frá 1. maí til 1. sept. nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Börn 12, 13 og 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22.00 á tímabilinu frá 1. sept. til 1. maí og eigi seinna en kl. 23.00 á tímabilinu frá 1. maí til 1. sept., nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir að löglegum útivistartíma lýkur, önnur en heimkeyrsla, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20.00, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið, að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

Údráttur úr ákvæðum þessarar greinar skal festur upp á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

## III. KAFLI

### Umferðarreglur.

#### A. Almenn ákvæði.

#### 9. gr.

Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og hestvagna og umferð ríðandi manna, eftir því sem við á.

Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagni.

Ökutæki fatlaðra önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttar, þar sem aðstæður leyfa.

#### 10. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi öðrum, sem búa eða eru staddir við umferðarleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við gangbrautir, svo og skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópögungum skólabarna og öðrum leyfðum hópögungum.

## 11. gr.

Vegfarendum er skylt að fara eftir fyrirmælum og merkjum lögreglu, sem hún notar við umferðarstjórn, svo og umferðarmerkjum, sem lögregluþyrirvöld og vegamálastjórn setja samkvæmt heimild í lögum. Skylt er að stöðva samstundis ef lögregla gefur merki um það. Bannað er að skemma eða nema á brott umferðarmerki. Hver sá sem veldur því, eða verður þess var, að umferðarmerki laskast eða færast úr stað, skal lagfæra merkið tafarlaust, svo sem unnt er og tilkynna síðan um það til lögreglunnar.

## 12. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess, eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Farþega má aðeins flytja í farartæki, ef það er leyft samkvæmt lögum og þess getið í skoðunarvottorði. Farþega má aldrei flytja á léttu bifhjól.

Sleða-, skíða- eða rennibrautir má eigi gera á alfararvegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða truflun fyrir umferð geti hlotist af, nema á vegum eða götum, sem merktar eru leikgötur að fengnu leyfi lögreglustjóra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar gagnvart börnum og þar mega ekki aðrir fara með ökutæki, en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra.

## 13. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim á neinn hátt, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta brunaboða, nema til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafleiðslur eða síma.

## 14. gr.

Eigi má, án leyfis lögreglunnar, skilja eftir eða geyma á alfararvegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri slíka bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka hluti út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni sem unnt er. Ef talið er að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur með viðurkenndum viðvörðunarkerkjum. Á ljósátíma skal merkja greinilega með ólituðum ljósum hve langt hluturinn eða tækið nær inn á veginn. Þetta gildir einnig um vegagerðar- og byggingarefni. Enginn má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt þar sem það getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu. Þeim, sem verður valdur að því að slíkt fellur á veg, ber skilyrðislaust skylda til að hreinsa það, er niður hefur fallið, þegar í stað.

## 15. gr.

Enga atvinnu má reka á almannaferi, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð, nema til komi sérstakt leyfi lögreglustjóra. Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannaferi. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannaferi aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með óþum, köllum eða söng frá náttmálum til dagmála. Á almannaferi má eigi vinna neina þá vinnu, sem hindrar umferð eða gerir hana hættulega. Sjá þó 17. gr.

## 16. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í hýbýli hans í söluerindum. Auk þess getur lögregla bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, er hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

## 17. gr.

Enginn má grafa í gangstéttir, götur, vegi eða torg, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi yfirvalda og samþykki lögreglustjóra. Heimilt skal að taka gjald fyrir slík leyfi. Skal sá er raski hefir valdið setja í samt lag aftur þar, sem raskað var og halda því við í þrjá mánuði eftir að umbótum hefir verið lokið og þær samþykktar af þeim, sem leyfi hefir gefið. Þegar slík verk eru unnin skal þess ætíð gætt, að þau taki sem skemmstan tíma, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð séu vegfarendur aðvaraðir um farartálmann með greinilegum aðvörunarmerkjum. Frá því að dimma tekur að kvöldi, þar til birtir að morgni skulu slíkir farartálmar greinilega merktir með ljósum. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem honum þykir þurfa, til að afstýra hættu. Ef verk dregst úr hófi fram, eftir að það er hafið, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja raskið í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

## 18. gr.

Þar sem hús eru byggð, gert er við þau eða þau rifin, skal þess ávallt gætt, ef það er á eða í nálægð við almannaferi, að af verkinu stafi ekki hætta eða að það tálmi umferð. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða verktaka, skylt að ganga svo frá á staðnum að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af. Til að afstýra hættu getur lögreglustjóri fyrirskipað sérstakan umbúnað svo sem girðingar um hættusvæðið. Slíkan umbúnað skal fjarlægja samstundis, ef lögreglan krefst þess. Sérstakrar varúðar skal gætt við byggingarverk, vegna opinna grunna, sem vatn safnast í, járnabindingar og vinnupalla. Hús í byggingu skulu ætíð lokuð, svo ekki sé greiður aðgangur í þau fyrir óviðkomandi.

## 19. gr.

Nú er hús eða mannvirki svo hrörlegt, að hætt er við, að það, eða einhver hluti þess falli, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og lagt fyrir eiganda þess að endurbæta það, innan tiltekins tíma, til þess að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir á kostnað eiganda, sem hann telur nauðsynlegar, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Þessi ákvæði ná einnig til þess ef steinvegg eða trévegg, eða öðru slíku liggur við hruni eða falli.

## 20. gr.

Pallar, stóðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við byggingar og viðgerðir á mannvirkjum, skal vera nægilega traustur, og þeir sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Slíkir pallar skulu að utanverðu vera með 20 cm brík að minnsta kosti og handriði í brjósthæð, lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða, eða annars á húsum, skulu vera nægilega traustir og kjálkar þannig útbúnir að neðan, að ekki sé hætta á að þeir falli. Slíkir stigar skulu felldir, þegar þeir eru ekki í notkun. Þar sem umbúnaður, sem hér á undan er getið, er notaður á almannaferi, skal gæta ýtrustu varúðar. Brot á grein þessari er á ábyrgð þess, sem verkið annast, byggingarstjóra eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð verkeiganda.

## 21. gr.

Vindur, áhöld og umbúnaður þess, sem notaður er til þess að hefja upp, eða renna niður varningi eða öðru, á eða við almannafæri, skal vera nægilega traust og þeir, sem nota tækin, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

## 22. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum, skal svo um búið, sem mælt er fyrir í byggingarsamþykkt.

*B. Ákvæði um akstur og ökutæki.*

## 23. gr.

Þar sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

## 24. gr.

Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum hægra megin á vegi eða akbraut, eftir því sem við verður komið og þörf er á, vegna annarrar umferðar.

Þar sem útsýni er slæmt, svo sem í beygjum, við hæðarbrúnir, eða ef skyggni er slæmt, skal ávallt aka við hægri brún vegar eða akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er. Skyllt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega er þeir beygja á vegi, eða aka frá vegarbrún, að það valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða móti koma.

Ekki má snúa ökutækjum á vegi eða aka þeim afturábak, nema unnt sé að gera það án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

Gæta skal þess, þegar stórar bifreiðir eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær.

## 25. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefir hinn á hægri hönd. Sá sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur, sem að honum liggur, er við vegamótin merktur biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum. Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inná eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skyllt er að nema staðar þegar ekki er fullkomið útsýni yfir veginn.

Þar sem sett hefir verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skylt að sýna ýtrustu varúð og víkja fyrir umferð frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki.

Þeir sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstéttar, skulu víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inná.

Ökumönnum ber að draga úr hraða, eða nema staðar, ef nauðsyn krefur, vegna gangandi vegfarenda á merktum gangbrautum.

## 26. gr.

Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur, né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutækinu og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefir útsýni yfir.

Þegar bleyta er á vegum skal aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 35 km miðað við klukkustund.

Um ökuhraða utan þéttbýlis gilda ákvæði 50. gr. umferðarlaga.

#### 27. gr.

Óheimilt er að efna til akstursíþróttá án leyfis lögreglustjóra og bæjarstjórnar.

Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra.

Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

#### 28. gr.

Ökutæki má ekki stöðva eða leggja þannig, að það valdi öðrum vegfarendum óþarfa hættu eða óþægindum. Leggja ber ökutæki utan vegar, ef aðstæður leyfa, en annars við brún akbrautar og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við hægri brún akbrautar, miðað við akstursstefnu. Þar sem einstefnuakstur er getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.

Flytja ber bílað ökutæki tafarlaust af akbrautum. Þegar ökumaður yfirgefur ökutæki, skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa, né óviðkomandi flutt það úr stað.

Þess skal vandlega gætt, þegar dyr ökutækis eru opnaðar, að það valdi eigi hættu eða óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og er fólk fer í eða úr ökutæki.

#### 29. gr.

Þegar hætta er á ferðum, skal ökumaður gefa hljóðmerki, ljósmerki, eða aðrar bendingar, til þess að vekja athygli vegfarenda á hættunni. Slíkar bendingar skal ætíð gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, og bannað er að gefa þær að nauðsynjalausu.

Skylt er að gefa merki um breytta akstursteffu, þegar þörf er á, til leiðbeiningar fyrir aðra umferð. Merkin skal gefa með stefnuljósum á þeim ökutækjum, sem hafa skulu þau tæki. Annars skulu þau gefin með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því sem við á, eða á annan greinilegan, ótvíræðan hátt.

Ökumaður, sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða, skal gefa þeim, sem á eftir koma, greinilega merki um þá ætlan sína. Skal það gert með hémalljósmarki á þeim ökutækjum, sem hafa skulu hémalljós, en annars með því að rétt upp hönd, eða á annan greinilegan og ótvíræðan hátt.

Ökumanni er skylt að hætta merkjabendingum, þegar þær eiga ekki lengur við.

Ökumanni er skylt að gæta þess vandlega, áður en merki er gefið, að breyting á akstursstefnu eða hraða, valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

#### 30. gr.

Ljósatími ökutækja skal vera frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálftrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Ákvæði um ljósatíma gilda einnig í þoku, dimmvirði, snjókomu, steypiskúrum, ef ryk er á vegum, eða ef skyggni er takmarkað af einhverjum öðrum orsökum.

Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað nægir að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er á eftir fer. Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vel lýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef ökutæki, sem hefir stöðuljósabúnað, er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósátíma, skal það hafa tendruð stöðuljós. Önnur ökutæki, sem þannig eru skilin eftir, skulu greinilega auðkennd með glitaugum af viðurkenndri gerð að framan og aftan.

### 31. gr.

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram, til hliðar eða aftur, né hindri notkun stjórnækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun. Ökumanni er skylt, áður en hann ekur af stað, að hreinsa móðu, hrím, eða annað slíkt af rúðum ökutækisins, ljóskerum og númeraspjöldum og gæta þess að halda þessu hreinu, meðan á akstri stendur.

Ganga skal svo frá farmi að hann raskist ekki né valdi óþrifnaði eða óparfa hávaða. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og valdi eigi skemmdum.

Ef farmur, eða hluti farms, fellur á veg, skal ökumanni skylt að þrifa slíkt upp þegar í stað.

Ef farmur nær aftur, fram eða út fyrir ökutæki, skal gæta sérstakrar varúðar. Þá skal til viðvörunar festa greinilegt merki á ystu brún farmsins.

Ákvæði umferðarlaga gilda að öðru leyti um hámarksbreidd og -hæð ökutækis og farms.

### C. Sérreglur um bifhjól.

#### 32. gr.

Eigi má aka tveim bifhjólum eða fleiri samhliða á sömu akbraut.

Ökumaður bifhjóls skal leiða það, þegar farið er yfir gangstéttar og gangstíga.

Þegar bifhjól er skilið eftir á almannafæri, skal því læst með lás og þannig gengið frá því, að eigi sé hætta á að það falli, þótt við það sé komið.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálma við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði, eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

### D. Sérreglur um reiðhjól.

#### 33. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa aðra eða báðar hendur á stýri og báða fætur á fótstígum. Honum er óheimilt að hanga aftaní öðrum ökutækjum á ferð, svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveim eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.

Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.

Ekki má skilja reiðhjól eftir á almannafæri, nema því sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hættu eða truflun fyrir umferð.

Barni yngra en sjö ára er óheimilt að aka reiðhjóli á almannafæri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem er orðinn sautján ára, flytja barn yngra en sjö ára á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búíð, að því stafi ekki hættu af hjólteinunum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólínu og gefið umferðarmerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.

Reglur þessar gilda einnig fyrir létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum og ekki má flytja á því farþega. Ákvæði 32. gr. um notkun hlífðarhjálma gildir einnig fyrir ökumann léttis bifhjóls.

*E. Umferð gangandi vegfarenda.*

34. gr.

Gangandi vegfarendur skulu nota gangstéttar og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á hægri hluta stéttar eða stígs og víkja til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim framhjá sér á vinstri hönd, er frammúr ganga.

Ef ekki er gangstétt eða gangstígur meðfram vegi, skulu menn að jafnaði ganga á vinstri vegabrún, og aldrei fleiri en tveir samhliða.

Þar sem merkt gangbraut er yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut, skulu menn ávallt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

*F. Umferð ríðandi manna og hestvagna.*

35. gr.

Í þéttbýli skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegar eða götu. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa framfyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Í þéttbýli má aldrei ríða hraðar en á hægu brokki. Þar mega aldrei ríða tveir menn eða fleiri samhliða og einn maður ríðandi má aldrei teyma fleiri en einn lausan hest. Hópfærðir ríðandi manna í þéttbýli eru háðar leyfi lögreglustjóra.

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn, einhesta, ríða samhliða, né ríðandi maður teyma fleiri en tvö laus hross. Má þá enginn annar ríða samhliða honum.

Taglhnýting hesta er bönnuð á vegum. Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórna hverjum vagni. Utan þéttbýlis má einn maður stjórna tveim vögnum.

Bannað er að skilja eftir lausa hesta á vegi eða fyrir vagni eða sleða. Um akstur hestvagna gilda almenn ákvæði umferðarlaga.

*G. Um rekstur búfjár.*

36. gr.

Óheimilt er að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Utan þéttbýlis má reka slíka búfjánhópa eftir vegum, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn, skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar. Þá getur lögreglustjóri auglýst umferðartafir á einstökum vegum vegna reksturs sauðfjár.

## IV. KAFLI

**Um búfjárhald o. fl.**

37. gr.

Ef gripir ganga lausir í þéttbýli sem er afgirt gripeldri girðingu, er skylt að handsama þá og koma þeim í geymslu á kostnað eiganda. Tjón, sem slíkir gripir valda á eignum manna skal að fullu bætt úr hendi eiganda gripanna, og skal vera heimilt að selja gripina til greiðslu kostnaðar við handsömun og geymslu og til lúkningar skadabóta. Bæjarstjórn, skal hafa til reiðu vörslumann og forsvaranlegt geymslupláss fyrir slíka lausa grip.

Ef sannað er að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni skal, í samráði við lögreglu, gera ráðstafanir, sem duga, til að koma í veg fyrir slíkt. Skal þá heimilt að lóga slíkum grip, ef með þarf.

## 38. gr.

Allt hundahald í þéttbýli er bannað, nema til sérþarfa og að fenginni undanþágu frá lögreglustjóra.

Hundar, sem ráðast á menn, eða elta skepnur út um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og -ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, skal handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja daga og greiði áfallinn kostnað, skal lóga slíkum dýrum, ef enginn vill hirða þau. Hundar sem ítrekað ganga lausir í þéttbýli, skulu aflífaðir.

## V. KAFLI

**Ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.**

## 39. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Ólafsvíkurkaupstað eins og þau eru nú eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfjár síns, geitpenings, nautgripa, hrossa, annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum eða matjurtagörðum annarra. Eigandi eða umráðamaður gripa, sem tjóni valda, skal bæta slíkt ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð.

## VI. KAFLI

**Um friðun almenningseigna.**

## 40. gr.

Mannvirki eða hlutir, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði, sem starfræktur er í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal hann tilkynna það þegar í stað lögreglu og hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að trufla eða tálma starfsemi lögreglu, slökkviliðs, hjálparveita, eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

## 41. gr.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrudgarða manna eða einstakar plöntur, hvort sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir eða upp þær.

## 42. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði fugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notfæra sér hagabeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

## VII. KAFLI

**Almenn ákvæði um hreinlæti og umgengi.**

## 43. gr.

Heilbrigðisnefnd Ólafsvíkurlæknishéraðs skal hafa eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda, eða síðar kunna að verða settar.



## 44. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þriflega um áningastaði sína og tjaldstaði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn. Gler má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

## 45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

## 46. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki eða ár, hafnir innan hafnargarða, né fjörur, neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

## 47. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, sem óðaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Allri atvinnustarfsemi skal haga þannig að gufa, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum.

## 48. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt að aðrar skepnur sjái ekki til. Sláturstaður skal hreinsaður strax að slátrun lokinni. Bannað er að láta hund komast á blóðvöll, þegar slátrað er. Brot á þessu ákvæði er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landeiganda. Að öðru leyti vísast til laga nr. 30/1966 um slátrun og búnað sláturhúsa o. fl.

## 49. gr.

Í þéttbýli er bannað að setja upp girðingar úr gaddavír eða öðru slíku, sem getur valdið vegfarendum hættu eða óþægindum.

Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum, portum og öðrum umráðasvæðum sínum og hafa slíkt hreint og vel um gengið á hverjum tíma. Bannað er að hafa þakjárn, spýtnarusl eða annað slíkt, sem fokið getur laust úti. Bera eigendur ábyrgð á tjóni eða meiðslum sem af því geta hlotist. Þá ber landeigendum skylda til að taka upp lélegar girðingar, nælonnet og drásur á almannafæri.

## 50. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, að banna óþarfar samgöngur við skip, sem í höfn eru.

## 51. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað umferð ökutækja um bryggju og hafnarsvæði, eftir því sem þurfa þykir.

## 52. gr.

Lögreglustjóri getur, í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og bólvirki og ferðir út í skip og báta í höfn, ef þurfa þykir.

## VIII. KAFLI

**Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.**

## 53. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur setja upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem sveitarstjórn hefur látið, eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef þurfa þykir.

## 54. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum eða öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað sveitarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöng og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með leyfi hlutadeigandi húsráðanda. Slíkar auglýsingar verða þó að vera innan velsæmismarka.

## 55. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutadeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka þær eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósauglýsingar og aðrar lýsingar, sem valdið geta hættu eða óþægindum fyrir umferð.

## IX. KAFLI

**Um gisti- og veitingahús, samkomustaði og almennar skemmtanir.**

## 56. gr.

Allir gisti- og veitingastaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku leyfi og eftirliti lögreglustjóra, enda sé gætt ákvæða heilbrigðissamþykkt, svo sem þær eru á hverjum tíma. Lögreglu skal heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn. Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 57. gr.

Hverjum sem hefur veitinga- og gistisölu á hendi, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem brýtur í bága við almennt velsæmi og góða reglu.

Á veitinga- og gististöðum má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða taka þátt í áhættuspili.

## 58. gr.

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

## 59. gr.

Skemmtanir sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi eigi hún að standa lengur en til kl. 23.30. Að öðru leyti gildir ákvæði reglugerðar um löggæslu á skemmtunum, eins og hún er nú eða síðar kann að verða.

## 60. gr.

Óheimilt er að starfrækja knattborð, spílakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfi sem gildir í 1 ár í senn.

Bæjarstjórn setur reglur um rekstur slíkra leiktækja.

## 61. gr.

Sérhver, sem sjúkling hefur á heimili sínu, getur farið fram á að bannað sé að halda almennar samkomur, sem háreysti geta valdið nærri húsi hans, ef hinum sjúka getur stafað hættu af ónæðinu.

## 62. gr.

Kvikmyndahús má ekki starfrækja nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir slík leyfi sem greiða skal í bæjarsjóð. Lögreglustjóri getur veitt leyfi, til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið til bæjarsjóðs.

## 63. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi hvort sem það eru kvikmyndir eða skuggamyndir, getur lögreglustjóri bannað sýningu þeirra. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft slæm áhrif eða valdið ótta.

## X. KAFLI

**Um staðgildi samþykktarinnar, refsingar, kostnað o. fl.**

## 64. gr.

Samþykkt þessi gildir í lögsagnarumdæmi Ólafsvíkurkaupstaðar.

## 65. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætta opinberra mála. Brot skulu varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Sektir álagðar samkvæmt samþykktinni renna í ríkissjóð.

## 66. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir, til að hindra að aðgerðarleysi valdi tjóni. Allan kostnað, sem leiðir af aðgerðum lögreglustjóra, til að hindra brot á samþykktinni, greiðir hinn seki.

## 67. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykktinni, sem eigi verður greiddur af einstökum mönnum, skal greiða úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsvíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

## I. KAFLI

### Um reglu og velsæmi á almannafæri.

#### 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Menn mega ekki þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði er almenningur fer um eða ætlað er til almennings afnota.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa og annars staðar þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig að sá, er fyrir kemur, fái fyrir aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

#### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á eða hafa hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttarlag, sem getur raskað allsherjarreglu, eða ónáða þá er um fara eða nálægt búa.

#### 4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að sem raskar næturró manna að óþörfu og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að sem veldur ónæði.

#### 5. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað má ekki renna sér á sledum eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki sem hindra umferð. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð um göturnar.

#### 6. gr.

Eigi má skjóta af byssum né nokkurs konar skotvopnum í þéttbýli nema á sérstökum æfingasvæðum sem lögreglustjóri samþykkir. Lögreglustjóri getur ákveðið um lengri eða skemmri tíma að engin skot skuli leyfð í Siglufirði innan línu sem hugsast dregin úr Vogarskeri í Selvíkurnef. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri.

#### 7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, vera áberandi ölváður eða með því að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

## 8. gr.

Lögreglustjóra og lögreglu er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

Pegar svo stendur á er hverjum skylt að svara lögreglunni afdráttarlaust er hún spyr um erindi hans og metur hún þá hvort erindi sé svo brýnt að umferðarleyfi verði veitt.

## 9. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum lögmætum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til geta lögreglumenn krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða mann sem viðstaddur er en aðstoðarmenn eiga heimtingu á fullum bótum fyrir það tjón sem þeir þá kunna að bíða á fatnaði eða limum.

## II. KAFLI

**Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.**

## 10. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra eða umsjónarmanns vatnsveitunnar.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins nema þurfi til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

## 11. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára eða eldri heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

## 12. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, lóðum, í garðhliðum eða á stöðum þar sem inn er gengið í hús eða á lóðir, án leyfis hlutadeigandi húsráðanda, né fara inn í híbýli í söluerindum.

## 13. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu ef talið er að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa. Notkun vélsleða á götum bæjarins er háð leyfi lögreglu.

## 14. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að láta flytja burtu og setja á stað þann, sem hverju sinni er ætlaður brotajárni og málmúrgangi, bifreiðir sem standa án skráningarnúmera á götum bæjarins, almennum bifreiðastæðum eða á opnum svæðum. Tilkynna skal eiganda eða umráðamanni um flutninginn, ef vitað er hver hann er, og skal hann bera kostnað af flutningnum.

## 15. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfssala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

## 16. gr.

Eigi má kasta á almannafæri né í fjörur hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi eða öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir jarðefni, gler, plast, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilmæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði.

Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka að þetta berist inn á lóðina.

Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist af lóð hans á lóð annars manns.

## 17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra enda setji hann aftur í samt lag það sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmi sé að og sem minnstri hættu valdi og ætíð skal þess gætt að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum hætti. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri aðrar þær ráðstafanir er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram eftir að byrjað er á því getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að framkvæma.

## 18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifid og byggt upp að nokkru leyti er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt þegar húsagerðin er svo langt komin að því verður við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn og er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu að ekki stafi hættu, óþrifnaður eða óþrýði af.

## 19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir. Lausir stigar skulu ætíð felldir þegar ekki er verið að nota þá.

## 20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við að það eða einhver hluti þess hrynji eða járn fjúki af þaki og veggjum, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu.

Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinveggur, tréveggur eða önnur girðing er komin að hruni eða falli.

21. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla almenningseignum né eignum einstaklinga.

22. gr.

Enginn má skemma girðingar né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarda, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

### III. KAFLI

#### Um umferð á götum o. fl.

23. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir umferðarlögum og reglum sem settar eru samkvæmt þeim nema þar sem annað er ákveðið.

24. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla í hóf svo að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð og má ökuhraði í þéttbýli aldrei vera meiri en 35 km miðað við klukkustund.

25. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að flutningatæki séu þannig gerð að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, fermingu eða affermingu skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

26. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð bifreiða innan bæjar að næturlagi.

### IV. KAFLI

#### Um alifugla, gripi og fénað.

27. gr.

Hænsni eða aðra fugla má ekki hafa nema þeir séu í afgirtu svæði eða tryggri vörslu svo að þeir geti ekki gert óskunda.

28. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má ekki láta ganga lausan í kaupstaðnum nema hann sé í öruggri girðingu sem lögreglan tekur gilda svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

29. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í kaupstaðnum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal handsama. Einnig mega þeir sem fyrir ágangi verða láta handsama ágangsfénað en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust.

Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans og fóðrun og annan kostnað sem af slíku leiðir og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða ef ekki er vitað um eiganda innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón er búpeningurinn hefur valdið. Ef ætla má að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í kaupstaðnum skal lögreglunni skylt að sjá svo um að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda en lógað ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar aftur til kaupstaðarins.

Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum ef rekja má ágang búfjárins til vanrækslu þeirra.

30. gr.

Flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, skulu lögreglumenn aflífa.

31. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum gildandi fjallskilareglugerðar eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

32. gr.

Að öðru leyti en fram er tekið í samþykkt þessari skulu gilda um búfénað ákvæði sem sett verða í sérstakri reglugerð um búfjárhald í landi Siglufjarðar.

## V. KAFLI

### Um hundahald.

33. gr.

Hundahald er bannað í Siglufirði nema með leyfi bæjarstjórnar samkvæmt samþykkt um hundahald í Siglufirði, sbr. Stjórnartíðindi B 594/1980.

34. gr.

Við minni háttar brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað sem leiðir af brotinu. Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða skal lögreglustjóri krefjast þess við bæjarstjórn að leyfið verði afturkallað. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

## VI. KAFLI

### Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

35. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef á þarf að halda.

36. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.



37. gr.

Hlutadeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

## VII. KAFLI

### Um samkomur, knattborðs- og leiktækjastofur og almennar skemmtanir.

38. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar, og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Hafa skal nægilegt starfsfólk og dyragæslu eftir því er lögreglan telur nauðsynlegt til þess að halda uppi reglu og þrifalegri umgengni.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

39. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki, hlutaveltu, dansleiki, myndasýningar, samsöngva eða aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, nema með leyfi lögreglustjóra.

40. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsing og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörðun.

41. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstökum unglingskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalda eða skemmtanahalda um lengri eða skemmri tíma. Hvers konar þjónusta að börn og unglinga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin.

42. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið ef hann álitur ástæðu til. Unglingar undir 16 ára mega ekki koma á knattborðsstofu og er á ábyrgð knattborðsstofuhafa ef út af er brugðið.

43. gr.

Enginn má reka spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur sett ákveðin skilyrði fyrir leyfisveitingu og skal tilgreina fyrir hvað langan tíma leyfið gildir hverju sinni. Aðeins má veita slíkt leyfi þeim, er reka tæki þessi í húsakynnum, sem uppfylla ákvæði í reglugerðum og samþykktum um brunavarnir og

brunamál og um heilbrigði og hollustuhætti. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða þeim skilyrðum, er bæjarstjórn kann að setja, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu enda hafi hann ekki látið segjast við aðvörun.

44. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi bæjarstjórnar og lögreglustjóra og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem bæjarstjórn tiltekur í samræmi við gildandi reglur.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga.

## VIII. KAFLI

### Um almennf hreinlæti, þrifnað o. fl.

45. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð sem megnan óþef leggur af.

46. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skyld er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að lóðunum sé haldið hreinum og snyrtilegum.

47. gr.

Lifrabræðslu, síldarbræðslu, spikbræðslu eða verksmiðjuíðnað má ekki setja á stofn á lóð bæjarins nema þar sem heilbrigðisnefndin til vísar.

Atvinna þessi, svo og síldarverkun öll, skal standa undir sérstakri umsjón heilbrigðisnefndarinnar og eru þeir, sem þessa atvinnu reka, skyldir til þess að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar sem lúta að því að allur þrifnaður sé viðhafður og allri hættu afstýrt.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

48. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

49. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum er lögreglustjóri gerir til að hindra brot á samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða úr ríkissjóði, sé brotamaður eigi fær um það.

50. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 74 20. mars 1945, sbr. samþykkt nr. 256 8. september 1972.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

### 1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 0,70 fyrir hvert kg en lágmarksgjald er kr. 700.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 4 200, að viðbættum kr. 0,09 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanna og dagpeningar samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

### 2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skrifleg próf kr.	Verkleg próf kr.
Einkaflugmaður .....	280	280
Atvinnuflugmaður I og II .....	420	560
Atvinnuflugmaður III, fyrir hverja námsgrein .....	70	420
Blindflugsréttindi .....	420	560
Flugkennararéttindi .....	350	420
Flugumsjónarmaður .....	350	

- 2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðist kr. 140.

### Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verkleg prófskírteini flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar, Reykjavíkurflogvelli. Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 475 12. ágúst 1982 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 21. desember 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um sektargerðir lögreglumanna.

#### 1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, er gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr því hámarki, sem ákveðið er í 3. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktá, er varða umferð.

#### 2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt reglugerð þessari nær til. Í skránni skal tilgreind sektarupphæð fyrir hverja tegund brots. Skal sökunautur eiga þess kost að kynna sér skrána, er hann greiðir sekt. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 4. gr.

#### 3. gr.

Nú verður lögreglumaður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkvæmt 1. gr. og má lögreglumaður þá gefa honum kost á að greiða sekt fyrir brot sitt í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Framlengja má frestinn og ítreka sektarboð. Fallist sökunautur á þessi málalok og greiði sektina innan tiltekins tíma verður eigi frekar aðhafst í máli hans.

Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður þá dómari, ríkissaksóknari eða lögreglustjóri, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

#### 4. gr.

Þegar lögreglumaður hefur ákveðið að nota heimild sína samkv. 1. gr., skal hann afhenda sökunaut eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brotið. Á tilkynningareyðublaðinu skal tekið fram í stuttu máli fyrir hvaða brot kært er, þar sem m. a. skal koma fram, hvar og hvenær brot var framið og greint frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu sektar í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Ennfremur skal þar greina, hvert sekt renni. Tilkynning um ítrekun sektarboðs skal send sökunaut í pósti eða með öðrum jafntryggum hætti.

#### 5. gr.

Samþykki sökunautur sektarákvörðun lögreglumanns, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningareyðublað það, sem um ræðir í 4. gr., og skilar því til lögreglustjóra ásamt sektargreiðslunni. Nú greiðist sekt ekki innan tilskilins frests og skal þá senda kærú til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt.

#### 6. gr.

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

#### 7. gr.

Dómsmálaráðuneyti lætur lögreglustjórum í té tilkynningareyðublað, sbr. 4. gr. Skulu þau vera tölusett í framhaldandi töluröð.

Kostnaður við eyðublað og annað, sem sérstaklega leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist úr ríkissjóði.

## 8. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir eyðublöð, sem afhent eru lögreglumönnum.

Á afrit sektargerðar skal færa innborgunardag sektar. Ef sektargerð er felld úr gildi, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða kæra er send dómara, sbr. 5. gr., skal rita athugasemd um það á afritið.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 48 5. febrúar 1982 um sektargerðir lögreglumanna.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir afnot flugvalla.

#### 1. Gildissvið.

- 1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.
- 1.2 Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í Flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.
- 1.3 Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot þeirra flugvalla þar sem áætlunarflug er stundað. Skrá yfir þá flugvelli er birt í Flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

#### 2. Lendingargjald.

- 2.1 Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sbr. 1.2, skal greiða gjald samsvarandi 4,80 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.
- 2.2 Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í innanlandsflugi á flugvöllum, sbr. gr. 1.3, skal greiða kr. 8,00 fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.
- 2.3 Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýsts þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til útkalls samkv. kjarasamningi flugvallastarfsmanna í 10. lfl., þó ekki ef um er að ræða tímabil dagvinnu, kl. 08.00—17.00 virka daga.

#### 3. Stæðisgjald.

- 3.1 Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 24 klst.
- 3.2 Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi 1,20 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.

#### 4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

- 4.1 Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.
- 4.2 Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 4.3 Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- 4.4 Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
- 4.5 Eins-hreyfils loftför í innanlandsflugi, sem ekki hafa skráð fleiri en fjögur sæti.
- 4.6 Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.
- 4.7 Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingargjöld, þegar sérstaklega stendur á.

#### 5. Þjónustugjald.

Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.

- 5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

#### 6. Eldsneytisgjald.

- 6.1 Af öllu eldsneyti, sem ætlað er til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugmálastjórn gjald sem hér segir:

- a) Flugbensín kr. 0,060 á hvern lítra.
- b) Potuelsneyti kr. 0,045 á hvern lítra.

- 6.2 Gjald þetta greiðir hlutaðeigandi olúfélag mánaðarlega til flugmálastjórnar.

#### 7. Flugskýlisgjald.

- 7.1 Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga loftfarsins:

- a) Innanlandsflug: Kr. 8,00 fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. 120,00 á mánuði.
- b) Millilandaflug: Samsvarandi 3,10 Bandaríkjadöllum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

- 7.2 Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1, miðast við óupphitað flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.

- 7.3 Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

#### 8. Almenn ákvæði.

- 8.1 Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess og eins og hann er skráður í lofthæfiskírteinid.

- 8.2 Gjöld sem ekki eru staðgreidd verða innheimt með útsendingu reikninga eða giróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða giróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga skal flugmálastjórn innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti.

**9. Gildistaka.**

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1984, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 686 22. desember 1981 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 21. desember 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**AUGLÝSING****um veitingu leyfis til áætlunarflugs.**

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands hf. leyfi til reglubundins flugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum.

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Akureyri — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Höfn — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Egilsstaðir — Höfn — Fagurhólmsmýri — Kirkjubæjarklaustur — Reykjavík — Kirkjubæjarklaustur — Fagurhólmsmýri — Höfn — Egilsstaðir.

Leyfi þetta gildir frá 1. janúar 1984 til 31. desember 1984.

*Samgönguráðuneytið, 27. desember 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**AUGLÝSING****um umferð á Akranesi.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðalaga nr. 40/1968, er hér með sett sú regla um umferð á Akranesi, að biðskylda verði á Miðbæ gagnvart Kalmannsbraut.

*Lögreglustjórinn á Akranesi, 22. desember 1983.*

**Björgvin Bjarnason.**

**BÆJANÖFN O. FL.**

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1983:

**Gullbringusýsla:**

**Nesbú** á smábýli (alifuglabú) í landi Hlöðuness, Vatnsleysustrandarhreppi.

**Borgarfjarðarsýsla:**

**Móar** á smábýli (iðnaðarbýli) í landi Heyness, Innri-Akraneshreppi.

**Laxeyri** á smábýli í landi Stóra-Áss, Hálsahreppi.

**Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:**

**Hrútsholt II** á nýbýli í landi Hrútsholts, Eyjahreppi.

**Bolungarvík:**

**Minni-Hlíð** á smábúi (alifuglabúi) í landi eyðijarðarinnar Minni-Hlíðar, Bolungarvík.

**Strandasýsla:**

**Víkurbú** á loðdýraræktarbýli í landi eyðijarðarinnar Skeljavíkur, Hólmavíkurhreppi.

**Austur-Húnavatnssýsla:**

**Sölvatunga** á iðnaðarbýli í landi Finnstungu, Bólstaðarhlíðahreppi.

**Skagafjarðarsýsla:**

**Langhús** á sameinuðum jörðunum Langhúsum og Dæli, Haganeshreppi. Jafnframt var nafnið Dæli fellt niður.

**Stekkjargborg** á nýbýli í landi Páfastaða, Staðahreppi.

**Eyjafjarðarsýsla:**

**Dýrholt** á loðdýraræktarbýli í landi Sökku, Svarfaðardalshreppi.

**Brekkulækur** á nýbýli í landi Syðri-Varðgjár, Öngulstaðahreppi.

**Norður-Múlasýsla:**

**Öxl** á nýbýli í landi Syðri-Víkur, Vopnafjarðahreppi.

**Hjarðarhvoll** á sameinuðum jörðunum Hjarðarhvoli og Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi. Jafnframt var nafnið Kóreksstaðagerði fellt niður.

**Suður-Múlasýsla:**

**Eyri** á sameinuðum jörðunum Eyri I og Eyri II, Fáskrúðsfjarðahreppi. Jafnframt voru nöfnin Eyri I og Eyri II felld niður.

**Austur-Skaftafellssýsla:**

**Klettabrekka** á nýbýli í landi Árnanes, Nesjahreppi.



**Rangárvallasýsla:****Norðurbær II** á þjónustubýli í landi Gunnarsholts, Rangárvallahreppi.**Brekkugerði** á þjónustubýli í landi Gunnarsholts, Rangárvallahreppi.**Vestmannaeyjar:****Snæfell** á smábýli (refabúi) í landi Lyngfells, Vestmannaeyjum.**Árnessýsla:****Böðmódsstaðir IV** á garðyrkjubýli í landi Böðmódsstaða I, Laugardalshreppi.**Þórustaðir II** á nýbýli í landi Þórustaða, Ölfushreppi.**Hrauntún** á þjónustubýli í landi Þorleifskots, Hraungerðishreppi.**Stóra-Sandvík V** á þjónustubýli í landi Stóru-Sandvíkur I, Sandvíkurhreppi.**Stóra-Sandvík VI** á þjónustubýli í landi Stóru-Sandvíkur I, Sandvíkurhreppi.**Súluholt III** á smábýli í landi Súluholts, Villingaholtshreppi.

*Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1983.*

F. h. r.

**Runólfur Þórarinsson.**

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148  
18. mars 1982.

### 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,40% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 425,00 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr., skal vera kr. 1,25 á hver m<sup>3</sup> vatns, eða sem hér segir samkvæmt áætlaðri notkun:

- a) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldneytissölur, skal greiða kr. 5 000,00 á ári fyrir vatnsnotin.
- b) Vatnsorkunotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun, kr. 1,25.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 0,75 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 3,25 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 1,75 fyrir útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu, eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 5,00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 6,25 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 7,50 fyrir hverja smálest af vatni eða hluta úr smálest. Lágmarksgjald til fiskiskipa er kr. 125,00 og annarra skipa kr. 250,00. Vatn til skipa skal staðgreiða, nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.
- h) Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en heimiliséla, s. s. kælikerfa, þvottavéla o. s. frv., skal greiða með kr. 1,25 á hverja smálest, eftir vatnsmæli, eða samsvarandi eftir hámarksheimli. Heimilt er veitunefnd að semja um þessi not við hlutaðeigendur.
- i) Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun veitunefndar. Jafnan skal stuðst við mælingu vatnsnota við ákvörðun þeirra til gjalds, ef aðstæður leyfa, en varanleg, stór notkun skal seld eftir hámarksrennsli og notkunartíma, eftir því sem hægt er. Getur veitunefnd sett þar um nánari reglur, ef þurfa þykir.

## 2. gr.

## 5. gr. orðist svo:

Veitunefnd getur ákveðið, að notkun vatns skuli mæld samkvæmt vatnsmæli. Skal vatnsveitan þá láta notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleigan fyrir hvern mæli sem hér segir:

	kr.
20–32 mm .....	250,00
40 mm .....	350,00
50 mm .....	863,00
80 mm .....	1 750,00
100 mm .....	2 125,00

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1983.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUR****um orlof kennara og skólustjóra við framhaldsskóla.**

## 1. gr.

**Um orlofsúmsókn.**

Umsókn um orlof skal vera á eyðublaði, sem menntamálaráðuneytið lætur gera. Umsókn um orlof á næsta skólaári sendist ráðuneytinu fyrir 1. nóvember. Í umsókn skal taka fram eftirfarandi:

- Tilgreina skal menntastofnun og námsgrein eða námsgreinar þegar er um að ræða reglulegt nám. Sé ekki um reglulegt nám að ræða, heldur styttri námskeið eða annars konar námsdvöl, skal gera ítarlega grein fyrir tilhögun námsins.
- Hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til fararinnar frá öðrum en menntamálaráðuneytinu.
- Hvort umsækjandi hefur áður fengið orlof eða styrk frá menntamálaráðuneytinu eða fyrir milligöngu þess.
- Hvort umsækjandi hefur áður sótt um orlof, en ekki fengið.
- Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur skipta máli.

## 2. gr.

**Skilyrði fyrir veitingu orlofs.**

- Umsækjandi sem æskir orlofs, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum:
- Hafa gegnt kennaraembætti í 10 ár samtals, miðað við fullt starf, til að fá orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum. Ekki skiptir máli á hvaða skólástigi viðkomandi hefur kennt.  
Gegni kennari tímabundinni námsstjórn á vegum menntamálaráðuneytisins telst sá tími jafngilda starfstíma við kennslu.
  - Hafa gegnt kennaraembætti í 5 ár samtals, miðað við fullt starf, til að fá allt að hálfu orlofi með föstum embættislaunum.
  - Sá sem gegnir eða hefur gegnt hlutastöðu, þó eigi minna en hálfu starfi, þann árafjölda sem tilskilinn er í a- og b-liðum (10 ár og 5 ár), á rétt á að sækja um orlof. Ef orlof er veitt verða launin á orlofstímanum í hlutfalli við starfstímalengd, annars vegar miðað við fullt starf í 10 ár (a-liður), hins vegar miðað við fullt starf í 5 ár (b-liður).
  - Umsækjandi skuldbindur sig til að starfa að skólamálum eða kennslu á vegum ríkisins a. m. k. þrjú ár að orlofi loknu.
  - Innan 6 mánaða frá því að orlofi lauk skal orlofsþegi senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana síðar, og hefur ráðuneytið til þess fulla heimild.
- Enginn getur á starfsævi sinni fengið hærrí fjárhæð í orlofslaun en nemur tveggja ára embættislaunum enda sé ekki öðruvísi kveðið á í lögum um viðkomandi skólaföfnun.

## 3. gr.

**Afgreiðsla umsókna.**

Stefnt skal að því að afgreiðsla orlofsumsókna vegna næsta skólaárs fari fram fyrir lok desembermánaðar ár hvert.

## 4. gr.

**Orlof í sérstöku skyni.**

Menntamálaráðuneytið getur auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig sérstakt, tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða styrkja.

Umsækjendur um slík orlof og/eða styrki skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem tilgreind eru í 2. gr., liðum b—e.

## 5. gr.

**Um styrki veitta af orlofsfé.**

Ef fé er veitt til í fjárlögum getur ráðuneytið veitt styrki þeim sem orlof hafa fengið. Umsóknir um slíka styrki skulu hafa borist ráðuneytinu fyrir 15. mars, og skal þar greina ástæður fyrir umsókninni, t. d. kostnað vegna ferðalaga, skólagjöld, húsnæðiskostnað o. fl. Menntamálaráðuneytið lýkur afgreiðslu þeirra styrkumsókna fyrir 15. apríl.

## 6. gr.

**Um missi orlofsfjár eða endurgreiðslu.**

- Vanræki orlofsþegi að skila skýrslu um nám sitt og starf á orlofstímanum sbr. 2. gr., e-lið, og/eða hafi orlofi ekki verið varið eins og lög og reglugerð mæla fyrir um, getur það varðað launamissi fyrir orlofstímabilið, svo og endurgreiðslu styrkja. Ef menntamálaráðuneytið ákveður að endurheimta laun og/eða styrk orlofsþega, skal krafa um það gerð innan 1½ árs frá lokum orlofstímabils.
- Nú hættir orlofsþegi störfum að kennslu eða öðrum skólamálum áður en 3 ár eru liðin frá lokum orlofs og án þess að knýjandi ástæður sé fyrir hendi og getur þá menntamálaráðu-

neytið krafist endurgreiðslu á orlofslaunum og/eða styrkjum í hlutfalli við, hve lengi orlofsþeginn hefur starfað að orlofi loknu. Áður en ákvæði þessu er beitt, leitar ráðuneytið eftir rökstuddri greinargerð orlofsþega um ástæður fyrir því að hann hætti störfum og einnig skal leita umsagnar nefndar þeirrar er starfar samkvæmt 7. gr. þessarar reglugerðar.

Réttur ráðuneytisins til endurheimtu fyrnist á einu ári frá því að ráðuneytinu var tilkynnt um brottför úr starfi.

Ef kennari sem veitt hefur verið orlof hættir við að nýta orlofið eftir að lokið er tilkynningarfresti sem ráðuneytið setur og gildum forföllum að mati ráðuneytisins er ekki til að dreifa, getur það varðað hann missi orlofsréttar allt að fimm næstu árum.

#### 7. gr.

##### Um úthlutun orlofs og styrkja.

Fimm manna nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, geri tillögur til ráðuneytisins um úthlutun orlofs og styrkja. Nefndin skal þannig skipuð: Tveir skipaðir af ráðuneytinu án tilnefningar og skal annar jafnframt vera formaður nefndarinnar, tveir skulu skipaðir skv. tilnefningu Hins íslenska kennarafélags og einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands úr hópi kennara sem kenna á framhaldsskólastigi. Skipunartímabil nefndarinnar eru 4 ár. Nefndin skal m. a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

- a) Hvers konar nám umsækjendur hyggist stunda og hversu það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild. Orlof skal einungis veitt til náms sem tengist kennsluviði umsækjanda eða öðrum greinum sem hann kann að hafa kennsluréttindi í, sbr. þó 4. gr.
- b) Hvort umsækjandi hafi áður lagt fram fullgilda orlofsúmsókn, en ekki fengið eða getað notað sér orlofið.
- c) Nefndin metur í hverju einstöku tilfelli, hvort starfsaldur skuli ráða röð annars jafngildra úmsókna. Enn fremur hvort tekið skuli tillit til stundakennslu sem viðkomandi kann að hafa innt af hendi áður en hann hlaut fastráðningu.
- d) Stefnt skal að því að orlof dreifist eðlilega milli skólastofnana.
- e) Nú sækja hjón, sem bæði fullnægja orlofsskilyrðum, um orlof samtímis samkvæmt 2. gr., a-, b- eða c-liðum. Má þá veita báðum orlof, enda meti ráðuneytið gild rökin fyrir því að bæði hljóti orlof samtímis.

#### 8. gr.

##### Yfirlitsskýrsla um orlofsveitingar.

Að loknu hverju orlofsári gerir menntamálaráðuneytið skýrslu um orlofsveitingar og skulu þar m. a. koma fram eftirfarandi upplýsingar um orlofsþega:

- a) Nafn, starfsaldur við kennslu og vinnustaður.
- b) Lengd orlofs.
- c) Áður fengið orlof.
- d) Hvar og hvernig orlofinu var háttað.
- e) Tölulegar upplýsingar um heildarfjárveitingu til orlofs og styrkja, svo og fjöldi orlofsúmsókna á orlofsárinu.

#### 9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1983.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Árni Gunnarsson.*

## SAMÞYKKT

### fyrir veiðifélagið í Fróðárhreppi, Snæfellsnessýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Tunguóss, Fróðárhreppi. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Holtsá og Hrisá og sameiginlegum ósi þeirra, en þær eru Mávahlíð, Tröð, Fagrahlíð, Kötluholt, Tunga, Efri-Hrisar, Neðri-Hrisar og Þorgilsstaðir.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.  
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfundur skal halda í mars- eða aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Ósár og Miðdalsvatns.

1. Félagið heitir Veiðifélag Bolungarvíkur. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Ósá og Miðdalsvatni, en þær eru Ós, Hóll, Geirastaðir, Miðdalur, Hanhóll og Gil.
3. Verkefni félags er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að rádstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfundur skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

frá Vörumerkjaskrárritara, Reykjavík.

I. Vörumerki, skrásett árið 1983.

---

Skrás. 1983, nr. 1.

Skráningard. 14. mars 1983.

T 85/1982.

Tilkynnt 26. febrúar 1982, kl. 14:40

# Nordisk

Eigandi: NORDISK

Nordisk Insulinlaboratorium, Niels Steensenvej 1, 2820 Gentofte, Danmörku.

Umboðsm: Sigurjónsson & Thor sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Vörur: Allar vörur í 10. flokki, þar með taldar færanlegar innsprautunardælar til lækninga.

Flokkur: 10.

---

Skrás. 1983, nr. 2.

Skráningard. 14. mars 1983.

T 363/1982

Tilkynnt 6. september 1982, kl. 10:30

BAL A VERSAILLES

Eigandi: Parfums Jean Desprez, société anonyme, 44 rue de la Croix, Nanterre, Frakklandi.

Umboðsm: G.H. Sigurgeirsson, P.O. Box 1337, 121 Reykjavík.

Vörur: Ilmvörur, ilmólíur, snyrtivörur, hárvatn, tannhriðivörur, sápuvörur.

Flokkur: 3.

---

Skrás. 1983, nr. 3.

Skráningard. 14. mars 1983.

T 350/1982

Tilkynnt 30. ágúst 1982, kl. 11:00

SWEET TREET

Eigandi: SanShoe Trading Corp., 470 Park Avenue South, New York, New York 10016, Bandaríkjunum.

Umboðsm: Faktor Company, Reykjavík.



Vörur: Skófatnaður og fatnaður, þar á meðal hattar, hanskar, belti, sokkabuxur, treflar, jakkar, blússur, skyrtur, bolir, peysur, kjólar, náttföt, náttkjólar, undirfatnaður, sundfatnaður, buxur, gallabuxur, stuttbuxur, pils og sokkar.

Flokkur: 25.

**Skrás. 1983, nr. 4.****Skráningard. 14. mars 1983.**

T 368/1982

Tilkynnt 7. september 1982, kl. 14:00

## MISS UNIVERSE

Eigandi: MISS UNIVERSE, INC., 640 Fifth Avenue, New York, New York 10019, Bandaríkjunum.

Umboðsm: Sigurjónsson & Thor sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.


Vörur/  
þjónusta: Allar vörur og þjónusta í flokkum: 3, 9, 14, 16, 20, 24, 25, 26, 27, 28, 35 og 41.

Flokkar: 3, 9, 14, 16, 20, 24, 25, 26, 27, 28, 35 og 41.

**Skrás. 1983, nr. 5.****Skráningard. 14. mars 1983.**

T 369/1982

Tilkynnt 8. september 1982, kl. 15:00



Eigandi: Union Carbide Corporation, (A corporation organized under the laws of the State of New York), Old Ridgebury Road, Danbury, Connecticut, Bandaríkjunum.

Umboðsm: Björn Árnason, Árni Björnsson, P.O. Box 1034, Reykjavík.

Vörur: Þurrar rafhlöður og aðrar rafhlöður.

Flokkur: 9.

Merkið er skráð í litum.

**Skrás. 1983, nr. 6.**

T 370/1982

**Skráningard. 14. mars 1983.**

Tilkynnt 8. september 1982, kl. 15:00



Eigandi: Union Carbide Corporation, (A corporation organized under the laws of the state of New York), Old Ridgebury Road, Danbury Connecticut, Bandaríkjunum.

Umboðsm: Björn Árnason, Árni Björnsson, P.O. Box 1034, Reykjavík

Vörur: Þurrar rafhlöður og aðrar rafhlöður.

Flokkur: 9.  
Merkið er skráð í litum.

**Skrás. 1983, nr. 7.**

T 371/1982

ANGEL

**Skráningard. 14. mars 1983.**

Tilkynnt 9. september 1982, kl. 11:45

Eigandi: EMI Records Limited, Blyth Road, Hayes, Middlesex, Englandi.

Umboðsm: Sigurjónsson & Thor sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Vörur: Hljóð- og myndsegulbandsupptöku- og endurspilunartæki og áhöld; hlutar og búnaður fyrir þessi tæki í 9. fl.; hljóð- og myndsegulbandsplötur í formi diska og banda í 9. fl.

Flokkur: 9.

**Skrás. 1983, nr. 8.**

T 372/1982

**Skráningard. 14. mars 1983.**

Tilkynnt 9. september 1982, kl. 11:45

Eigandi: Viacom International Inc., 1211 Avenue of the Americas, New York, New York, Bandaríkjunum.

Umboðsm: Sigurjónsson & Thor sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur/  
þjónusta: 9. fl. Hljóð- og myndefni, einkum grammófónsplötur, segulbönd, kasettur, myndseguldiskar og kasettur. 41. fl. Þjónusta í sambandi við framleiðslu og dreifingu á fræðslu- og skemmtiefni fyrir sjónvarp, hljóð- og myndefni, einkum grammófónsplötum, segulböndum, filmum og kasettum; myndseguldiskar og kasettur.

Flokkar: 9 og 41.

---

**Skrás. 1983, nr. 9.**

**Skráningard. 14. mars 1983.**

T 373/1982

Tilkynnt 10. september 1982, kl. 13:30

### BYGGUNG

Eigandi: Byggingarsamvinnufélag ungs fólks, Mávahlíð 6, Reykjavík.  
Þjónusta: Byggingarstarfsemi og viðgerðir.  
Flokkur: 37.

---

**Skrás. 1983, nr. 10.**

**Skráningard. 14. mars 1983.**

T 374/1982

Tilkynnt 13. september 1982, kl. 10:30

### PENOL

Eigandi: Aktieselskabet Chr. Olsen Holding, Emdrupvej 28 A, 2100 Kaupmannahöfn Ø, Danmörku.  
Umboðsm: Sigurjónsson & Thor sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur: Allar vörur í 16. flokki.  
Flokkur: 16.

---

**Skrás. 1983, nr. 11.**

**Skráningard. 14. mars 1983.**

T 376/1982

Tilkynnt 14. september 1982, kl. 11:30

### AQUASEAL

Eigandi: BP Aquaseal Limited, Kingsnorth, Hoo Rochester, Kent ME3 9ND, Englandi.  
Umboðsm: Faktor Company, Reykjavík.  
Vörur: 1. fl. Efnavörur til nota í iðnaði, efnablöndur til lóðunar sem notaðar eru í iðnaði.  
2. fl. Málning, gljåkvoða (fernis), lakk, ryðvarnarefni og fúavarnarefni.  
17. fl. Plast í þynnum, plötum og stöngum til iðnaðarnota, efni til pökkunar, uppstoppunar eða útfyllingar; einangrunarefni.  
19. fl. Byggingarefni, efni til götubyggingar, asfalt, olíumöl, bik, jarðbik og malbik.

Flokkar: 1,2,17,19.

---

**Skrás. 1983, nr. 12.****Skráningard. 14. mars 1983.**

T 375/1982

Tilkynnt 13. september 1982, kl. 10:30

## ARKIPELAG

Eigandi: AB Gustavsberg, 134 00 Gustavsberg, Svíþjóð.  
 Umboðsm: Sigurjónsson & Thor sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: 11. fl. Efni og búnaður fyrir lagnir fyrir ljós, hita, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftræstingu og vatn, svo og lagnir í hreinlætisskyni.  
 20. fl. Speglar.  
 21. fl. Lítil heimilisáhöld og -ílát (þó ekki úr góðmálmi né húðuð með góðmálmi); greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; Áhöld og efni til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur, ekki taldar í öðrum flokkum.

Flokkar: 11, 20 og 21.

**Skrás. 1983, nr. 13.****Skráningard. 14. mars 1983.**

T 380/1982

Tilkynnt 16. september 1982, kl. 11:45



Eigandi: Anna L. Björgvinsdóttir, Skipholti 52, Reykjavík.  
 Vörur: Allar vörur í 18. og 25. flokki.  
 Flokkar: 18 og 25.

**Skrás. 1983, nr. 14.****Skráningard. 14. mars 1983.**

T 387/1982

Tilkynnt 17. september 1982, kl. 14:20

## MEPTID

Eigandi: American Home Products Corporation, 685 Third Avenue, New York, New York, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm: Sigurjónsson & Thor sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Lyf og lyfjablöndur í 5. flokki.  
 Flokkur: 5.

**Skrás. 1983, nr. 15.****Skráningard. 14. mars 1983.**

T 388/1982

Tilkynnt 20. september 1982, kl. 10:00



Eigandi: Fiskiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki.

Vörur/  
þjónusta: 29. fl. Hvers konar sjávarafurðir.  
35. fl. Viðskipti.  
Flokkar: 29 og 35.  
Merkið er skráð í öllum litum.

---

**Skrás. 1983, nr. 16.****Skráningard. 14. mars 1983.**

T 389/1982

Tilkynnt 20. september 1982, kl. 11:50

**JEAN-LOUIS SCHERRER**

Eigandi: JEAN-LOUIS SCHERRER S.A., 51, avenue Montaigne, París (Seine), Frakklandi.  
Umboðsm: G.H. Sigurgeirsson, P.O. Box 1337, 121 Reykjavík.  
